Föstudaginn, 1. dag júlímánaðar 1853, var alþingi Íslendinga sett í Reykjavík. Áður en þingið var sett, var guðsþjónusta haldin í dómkirkju bæjarins, og prédikaði prófessor P. Pétursson, dr. theol. og ridd. af dbr., og lagði út af Kól. 3., 17.

Auk konúngsfulltrúa, herra amtmanns *P. Melsteðs,* ridd. af dannebr. og dannebrogsm., og skrifara hans, voru þessir alþingismenn viðstaddir:

A. *Konúngkjörnir:*

1. *Þórður Sveinbjarnarson,* konferenzráð og jústitiarius í yfirdóminum.
2. *J. P. Havstein,* amtmaður í norður- og austur-amtinu.
3. *H. G. Thordersen,* biskup yfir Íslandi.
4. *Þórður Jónassen,* jústizráð, assessor í yfirdóminum.
5. *P. Pétursson*, dr. og prófessor, forstöðumaður prestaskólans.

B. *Þjóðkjörnir:*

1. *Jón Guðmundsson,* lögfræðingur, frá Reykjavík, fyrir Skaptafellssýslu.
2. *Páll Sigurðsson,* hreppstjóri, frá Árkvörn, fyrir Rángárvallasýslu.
3. *Magnús Andrèsson,* hreppstjóri, frá Syðra-Lángholti, fyrir Árnessýslu.
4. *Guðmundur Brandsson,* hreppstjóri, frá Landakoti, fyrir Gullbríngu- og Kjósar-sýslu.
5. *Jón Thorstensen,* jústizráð, landlæknir, fyrir Reykjavíkurbæ.
6. Sèra *Hannes Stephensen,* prófastur, fyrir Borgarfjarðarsýslu.
7. *Jón Sigurðsson,* hreppstjóri, frá Tandraseli, fyrir Mýra- og Hnappadals-sýslu.
8. Sèra *E. Ó. Kúld,* aðstoðarprestur í Flatey, fyrir Snæfellsnessýslu (varaþingmaður).

9. Sèra *Guðmundur Einarsson*, prestur á Kvennabrekku, fyrir Dalasýslu.
10. Sèra *Ólafur Sivertsen*, prófastur og prestur í Flatey, fyrir Barðastrandarsýslu.
11. *Jón Sigurðsson*, arkívsekritèri frá Kaupmannahöfn, fyrir Ísafjarðarsýslu.
12. *Ásgeir Einarsson*, bóndi á Kollafjarðarnesi, fyrir Strandasýslu.
13. *M. R. Ólsen*, umboðsmaður á Þingeyrum, fyrir Húnavatnssýslu (varaþingmaður).
14. *Jón Samsonsson*, bóndi, frá Keldudal, fyrir Skagafjarðarsýslu.
15. *Stefán Jónsson*, umboðsmaður, frá Reistará, fyrir Eyjafjarðarsýslu.
16. Sèra *Jón Kristjánsson*, prestur, frá Yzta-Felli, fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.
17. *Jón Jónsson*, hreppstjóri, frá Múnkaþverá, fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Hinn 6. konúngkjörni þingmaður, Þórður Guðmundsson, kammerráð, sýslumaður í Árnessýslu, var ekki á fundinum. Sömuleiðis voru hinir þjóðkjörnu þingmenn úr Norður- og Suður-Múlasýslum ókomnir. Fyrir Vestmannaeyjar getur enginn þingmaður mætt, því að þar *verður* ekki kosið.

Konúngsfulltrúinn setti þingið með svo látandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn, ástkæru landar!

Áður en vèr, sem hingað erum kallaðir af konúnginum, eður valdir af þjóðinni, tökum til samvinnu þeirrar, er fyrir oss liggur, álít eg skyldu mína, að ávarpa yður með fáeinum orðum.

Síðan alþingi seinast kom saman 1849 (því þetta þing má álíta sem framhald af þeim 3 þingum, er á undan eru geingin), hefur ei all-lítil breytíng orðið til hins betra í ríki og löndum konúngs vors. Þá var mikill hluti ríkisins í uppreistarmanna og fjandmanna hendi, og um aðra hluti þess sveimuðu óvinaherflokkar. En síðan hefur Dönum tekizt með slíkri hreysti, er áunnið hefur þeim verðskuldaða virðíngu meðal norðurálfuþjóðanna, að reka óvini sína af höndum sèr; og nú er svo komið, að konúngur vor hefur náð aptur veldi sínu í öllum sínum erfðalöndum

Af því hætt þótti við því orðið, að karlleggur sá, sem kominn er af Friðriki konúngi hinum 3., og sem nú, síðan einvaldsstjórnin byrjaði, setið hefur mann eptir mann að ríkjum í Danalöndum, mundi bráðum undir lok líða, hefur vor allra-mildasti konúngur, af umhyggju fyrir velferð þegna sinna, og í þeim tilgángi, að allt ríkið gæti saman haldizt, gjört þá ráðstöfun, að ríkið allt skyldi gánga í erfðir til *Prinds Christjans* af Glücksborg, nær karlleggur Friðriks þriðja er undir lok liðinn. Þessi ráðstöfun konúngsins hefur feingið samþykki allra stórveldanna í norðurálfunni, og flestra annara ríkja, og þjóðin hefur henni einnig vel tekið, og á hana fallizt í einu hljóði; því *Prinds Christjan,* sem í kvennlegginn er kominn af Friðriki konúngi 5., og er giptur systurdóttur Kristjáns konúngs áttunda, er danskur að sinnislagi, og velþokkaður af þjóðinni, af því hann á stríðsárunum, þegar svo margir brugðust, var konúnginum og þjóðinni trúr. Þar á móti er annað atriði, viðvíkjandi breytíngu hinna gömlu konúngserfða, hvar um stjórninni og nokkrum hluta hins danska ríkisþíngs ekki enn þá hefur getað komið saman, nefnilega, hvort nú skuli strax taka úr lögum ríkiserfðirnar í kvennlegginn, eða ekki. En vonandi er, að um þetta atriði muni síðar einíng á komast.

Þegar ríkiserfðamálið er til lykta leitt, mun bráðum ný stjórnarskipun verða samin fyrir allt ríkið, er nákvæmar samteingi alla þess parta, því nú sem stendur er þannig háttað, að veldi konúngs vort er takmarkað í hinu eiginlega Danmerkurríki við löggjafarvald það, sem ríkisþíngið hefur, en í hertogadæmunum er hann einvaldur. Þegar þessi almenna stjórnarskipun ríkisins er komin í lag, mun að líkindum verða tekið til nákvæmari yfirvegunar, hvernig stjórnarskipun vors elskaða föðurlands á beztan hátt verði fyrir komið.

Frumvörp þau, sem eg af stjórnarinnar hendi hef að leggja fyrir yður í þetta sinn, heiðruðu alþíngismenn! eru hvorki mörg, nè, hvað þau flestu af þeim áhrærir, yfirgripsmikil; en á meðal þeirra er þó eitt, nefnilega jarðamatsmálið, sem er einkanlega vandasamt og margbrotið; og ef því á vel fyrir að koma, eður ef það á að geta til góðra lykta leiðzt, þá mun ei af veita, þó allir þíngsins beztu kraptar leggist á eitt, til að nota þann undirbúníng, sem fyrir hendi er, og þann grundvöll, sem þegar er lagður, og sem í mörgu mun þurfa lagfæríngar við, svo vel,

að viðunandi undirstaða, án meiri kostnaðar fyrir landið, verði fundin, til að byggja þar á góð og sanngjörn skattgjaldslög.

Eg fulltreysti því, að alþingi með einingu, áhuga og sameinuðum kröptum muni vinna þannig að þeim málefnum, er hèr koma til umræðu, að afdrif þeirra verði sem heilladrjúgust fyrir land og lýð, fyrir alda og óborna.

Hvað stöðu sjálfs mín hèr á þinginu snertir, til hverrar eg, mèr óvænt og lítt undirbúinn, hef kallaður verið, þá játa eg einlæglega, að mig vantar bæði þekkingu, reynslu og krapta, til að standa svo í henni, sem vera ber, sèr í lagi þegar eg lít í huganum til þeirra manna, sem hèr hafa áður í líkum sporum staðið; en eins og eg er mèr þess meðvitandi, að eg hef einlægan vilja, til að leita þess, sem eptir minni beztu sannfæringu er rèttast og sannast í hverju málefni og heillavænlegast fyrir föðurlandið, eins vænti eg, að hinir heiðruðu alþingismenn bæði muni virða mèr til vorkunar ófullkomleika minn, og taka vægt á því, er mèr kann yfir að sjást, en laga svo störf sín, að það litla, sem eg kann að geta til lagt þeim til eflíngar, verði að sem beztum notum.

Og í þessu trausti, og með hugann hafinn til h a n s, sem styrkir sèrhvert gott og hreinskilið áform, lýsi eg nú, í vors allra-mildasta konúngs nafni, því yfir, að

ALÞÍNGI ER SETT.

Að ræðulokum svaraði einn þíngmanna:

Leingi lifi konúngur vor, Friðrik hinn sjöundi, og tóku þíngmenn undir það í einu hljóði.

Konúngsfulltrúi: Eg vil nú eptir alþíngistilskipuninni, 47. gr., skora á hina heiðruðu þíngmenn, að koma fram með mótmæli þau, er einhver þeirra kynni að hafa móti kosníngum þíngmanna.

J. Sigurðsson, arkívsekr.: Þar eð eg hef heyrt, að nokkur vafi mundi vera um kosníngu varaþíngmanns Húnvetníinga, leyfi eg mèr að bera fram þá ósk, að þíngmenn mættu fá að vita, hvernig á þessari kosníngu stæði.

Konúngsfulltrúi: Eg vil kveðja hinn heiðraða þíngmann Skaptfellínga, til að bóka þær umræður, er verða kunna um kosníngarnar, meðan eg stýri þíngstörfunum og forseti ei er valinn; annars er eg þessu máli ekki svo kunnugur, að eg geti

vel skýrt frá því, og væri því bezt, að varaþingmaðurinn, sem hèr er viðstaddur, vildi gjöra það.

R. M. Ólsen: Eg skal með mestu ánægju gjöra grein fyrir, hvernig mig minnir að til geingi með kosníngar í Húnavatnssýslu. Í allri sýslunni voru 147 kjósendur, og af þeim mættu einar fimmtán sálir á kjörþínginu, og þóttu mönnum það einhverjar hinar vestu heimtur, hvar læknir Skaptason fèkk flest (mig minnir 12) atkvæði, og prófastur sèra Jón Jónsson í Steinnesi þar næst, en hann skoraðist strax undan, að vera varafulltrúi, vegna heilsubrests og embættisanna; var þá strax kosinn varafulltrúi, og bar eg þá gæfu til, að öðlast flest atkvæði. Hèr ætla eg ei að meta, hvort þetta viðvik kjörstjórnarinnar hafi verið lögmætt; en mèr sýnist það liggja í augum uppi, að þó það ekki væru lög, að kjósa *strax,* þegar svona stendur á, þá *mættu* og *ættu* það að vera lög, því það sparar mikla fyrirhöfn og talsverðan kostnað.

Hvað mèr sjálfum við víkur, fann eg það strax 1844, að eg aldrei gæti orðið minni ástkæru fósturjörðu að liði sem þíngmaður, því þar til hef eg einga hæfilegleika; en þar á móti get eg ei sagt, að fjárhagur minn sè svo aumur, að eg þurfi mèr og mínum til viðurværis þá skildinga, er eg hèr gæti nurlað mèr sem þíngmaður. Mætti eg leysast hèðan og halda heim til minna elskuðu Húnvetníinga, ynni eg tvennt með því, fyrst: að spara ættjörðu minni þíngpeninga, án hverra eg get lifað góðu lífi, og þar næst, að veita búi mínu forstöðu, því þar til er eg betur kjörinn, þar eð eg hef meiri hæfilegleika til að vera bóndi á Þíngeyrum, en þíngmaður hèr í þíngsalnum, eins og eg líka vona, að eg með bústjórn minni geti meir gagnazt þjóðfèlaginu, en með þíngsetunni.

Guðmundur Brandsson: Mèr er óljóst af ræðum þíngmanna, sem orðnar eru, hvað því muni valdið hafa, að hinn kosni aðalþíngmaður Húnavatnssýslu getur ekki mætt á þessu þíngi, hvort kríngumstæðum hans er svo varið, að hann má ekki missa sig heiman að til þess, eða aðrar tálmanir hindra þetta. Eg heyri sagt, að varafulltrúinn hafi ekki tekið á móti kosníngu, og að þá hafi ný kosníng fram farið, sem nú er verið að dæma um hvort gilda skuli eða ekki; en það væri þó víst fýsilegt að vita, hvers vegna hinn kosni þíngmaður getur ekki verið hèr í þetta sinn, því einginn skýrir frá, að hann hafi

neitað kosníngunni, svo þar til verða þá að vera einhverjar aðrar orsakir, en sjálfs hans viljaleysi, að verða vel við tiltrú og óskum kjósanda sinna.

Konúngsfulltrúi: Eg veit ekkert það í lögum, er gjöri kosníngu varaþíngmannsins frá Húnavatnssýslu ógilda; þvert á móti álít eg það rètt, að kjörstjórnin, þegar hinn kosni varafulltrúi, eptir að atkvæði voru greidd og auglýst á kjörþínginu, lýsti því yfir, að hann gæti ekki tekið á móti kosníngunni sem varaþíngmaður, strax þar á þínginu lèt velja annan varaþíngmann; því einúngis með því, að láta kjósa 2 menn fyrir kjördæmið, nl. alþíngismann og varaþíngmann, fullnægði hún að öllu skyldum sínum eptir löggjöfinni; og það hnekkir að mínu áliti ekkert gildi varaþíngmanns-kosníngarinnar, þó hann, eins og á stóð, væri valinn sèr í lagi, þar bókstafnum í kosníngarlögunum ekki varð beinlínis fylgt, og það því síður, sem margir skynsamir menn eru þeirrar meiníngar, að, þótt kosníngarlög vor ekki gjöri ráð fyrir slíkum kosníngarmáta, sè það þó hentugra og meira tryggjandi, að velja alþíngismanninn sèr og varaþíngmanninn sèr.

Jón Guðmundsson: Hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði fyrir skemmstu, að ekki væri neitt það í alþíngislögunum, sem gjörði kosníngu varafulltrúans, sem hèr ræðir um, ónýta, og að vísu mun það ekki liggja beinlínis í alþíngistilskipuninni. En til er samt kanselíbref eitt (eg man ekki dagsetníngu á því), sem skýrir þetta svo, að þó varafulltrúinn skorist undan, að þiggja kosníngu, þá þurfi ekki að kjósa upp aptur; var það og ekki gjört hèr í haust, t. d. hvorki í Reykjavík nè í Gullbríngusýslu, og eg man, að kjörstjórinn skírskotaði, því til styrkíngar, til þessa kanselíbrèfs í auglýsíngu sinni um kosníngina; að sönnu liggur nú ekki það beinlínis í kanselíbrèfinu, að kosníngin skuli vera ónýt, ef kosið yrði um aptur fyrir undanskorun varafulltrúa, þó að það segi, að ekki þurfi þess vegna að kjósa upp aptur; en svo mikið er samt ljóst, að kosníng þessa nýja varafulltrúa var öldúngis óþörf.

J. P. Havstein: Eg verð að vera sömu meiníngar, og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi, um kosníngu varaþíngmanns Húnvetníinga, að hún er að minni ætlun lögleg. Eg bið þíngið að yfirvega, hvernig fara mundi eptir þess skoðun, ef bæði fulltrúi og varafulltrúi skorast undan kosníngu á sama kjörfundi.

Konúngsfulltrúi bað menn greiða atkvæði um það, hvort varaþingmaður Húnvetninga væri rètt kosinn eða ei.

R. M. Ólsen: Orð mín eru ætíð barnaleg; eg vona þingið ætlist ei til, að eg gefi atkvæði um gildi mitt sem varaþingmaður Húnvetninga?

Konúngsfulltrúi: Nei; því það væri að gefa atkvæði í eigin sök.

Síðan voru atkvæði greidd, og voru 7 með, en 11 móti kosníngunni.

G. Einarsson: Eg leyfi mèr að geta þess, að eg sat, eins og fáeinir fleiri, í hvorttveggja skipti, bæði þegar atkvæði voru greidd með og á móti kosníngu varaþíngmanns Húnvetníngа; því eg fyrir mitt leyti þykist ekkert atkvæði geta greitt í þessu máli, fyr en að eg fræðist enn betur um, hvernig á málinu stendur.

J. P. Havstein: Orsökin til, að þíngmaður Húnvetníngа mætir hèr ekki, er sú, að eg, sem amtmaður hans, hef bannað honum, að vera svo leingi fjærverandi frá umdæmi því, sem hann á að gegna sem læknir, og það bann á þíngið ekki með að ónýta.

Konúngsfulltrúi: Amtmaðurinn í norður- og austur-amtinu skýrði mèr brèflega frá, að hann hefði sèð sig neyddan til, að banna alþíngismanni Húnvetníngа, lækni J. Skaptasyni, að fara híngað á þíng, og eiga þíngsetu hèr í sumar. Þetta varð eg að álíta sem löglega hindrun, þar eð eg ei gat annað álitið, en að læknirinn væri skyldur að hlýða yfirboðara sínum; eg kallaði því varaþíngmann Húnvetníngа til alþíngis; og seinna hef eg feingið brèf frá lækni J. Skaptasyni, hvar í hann tjáist ekki geta komið til alþíngis í sumar, þar hann álíti sèr skylt, að hlýða amtmanni sínum. Það kemur ekki alþíngi við, að fella eður ónýta yfirvaldsins úrskurð, og eg get því ekki skotið því til þíngsins atkvæða, hvort forföll alþíngismannsins frá Húnavatnssýslu sèu gild eða ekki. Sè nokkur ekki ánægður með úrskurð amtmannsins í þessu tilliti, verður hann ei öðruvísi áfríaður, en að bera sig upp um hann við hlutaðeigandi stjórnarherra. En skyldi nokkur alþíngismaður vera þeirrar meiníngar, að hèr sè einstökum mönnum órèttur gjör, verður hann að fara með það eptir alþíngistilskipuninni, 77. gr.

J. Sigurðsson, arkivs.: Eg ætlaði, að ekki mundi þurfa, að gjöra sèrstaka uppástúngu um þetta mál; það eina, sem eg óskaði að

fá að vita, er það, hvernig staðið hafi á kosníngunni, og á því, að sjálfur þíngmaðurinn fyrir Húnavatnssýslu, læknir Jósef Skaptason, mætir ekki á þínginu, þó hann sè hèr í bænum. Og þegar þetta er nú amtmanninum að kenna, eins og hann hefur nú þegar sjálfur sagt, þá vildi eg, að þíngið feingi að vita orsakir og ástæður til þess, svo sem t. a. m. að læknirinn má ferðast híngað, en þó ekki vera á þíngi, hvort honum hefur verið skipað, að vera heima, skilmálalaust, og án þess að eiga kost á, að bjóða mann fyrir sig, o. s. frv. Þetta sýnist mèr þíngið geta krafizt að fá skýrslur um, þegar talað er um þíngmann og komu hans til þings eða fjærveru, og eg sè ekki, með hverjum ástæðum hinn háttvirti amtmaður getur neitað þínginu um þessar skýrslur.

J. P. Havstein: Eg skal gjöra mínum yfirboðurum grein fyrir mínum gjörðum, en hèr legg eg einga skýrslu fram fyrir þeim.

J. Sigurðsson, arkivsekr.: Það getur þó varla verið mjög ísjárvert fyrir amtmanninn, að segja ástæður fyrir því, sem hann hefur gjört í þessu efni; eg held jafnvel, að alþíngistilskipunin sjálf í 12. gr. gefi ástæðu til að vænta þess; því þar sem konúngur segir þar, að hann ætlist jafnvel til, að embættismenn ekki nema í ýtrustu nauðsyn neiti kosníngum, þá er auðsætt, að það hlýtur einnig að vera skylda hinna yfirboðnu embættismanna, að lètta svo undir með þeim, sem undir þá eru gefnir, að þeir geti gegnt þessari köllun sinni. Ef þessu færi fram, að hver amtmaður og biskupinn tæki upp á ástæðulaust, að skipa hverjum manni, sem þeir ættu yfir að segja, eins bændum og öðrum, að sitja heima, þá gæti farið svo, að amtmennirnir einir kæmi til þíngs, allir konúngkjörnir, og hefðu þeir þá tækifæri til, að neita hver öðrum um ástæður sínar.

J. P. Havstein: Eg held mèr til þess, sem eg hef áður sagt um þetta mál; því eg veit ekki til, að þíngið eigi neitt með að heimta ástæður fyrir yfirvalda-úrskurðum, eða fella þá.

Konúngsfulltrúi: Það mun aldrei til þess koma, að amtmenn banni bændum hèr á landi, að taka á móti kosníngum til alþíngis eða koma á þíng; en öðru máli skiptir það um embættismenn, fyrir hverjum opt kann svo á að standa, að þeir ekki megi yfirgefa embætti sín. En slíkir embættismenn eiga þá tregðulaust að hlýða yfirboðurum sínum; því annars getur eingin stjórn eða góð regla staðizt; hvar á móti þeir

hlutaðeigendur, er óánægðir kunna að verða með slíka úrskurði, verða að bera sig upp um þá á æðri stöðum.

J. Sigurðsson, arkivsekr.: Eg er fullkomlega samdóma þeirri reglu, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi nú setti fram, um að nauðsyn væri, að undirgefnir embættismenn hlýði yfirmönnum sínum, en eg verð að geta þess, að læknir Jósef Skaptason er ekki embættismaður; því ef hann hefði verið það, þá hefði hann þurft að fá leyfi stiptamtmanns til að mæta. Það hefur heldur aldrei verið ætlun mín, að þínginu bæri að leggja ályktun á úrskurð amtmannsins; en eg álít nauðsynlegt, að fá fullkomna upplýsíng um málið á allar síður, og því ætla eg amtmann ekki hafa nokkurn rètt til að neita; fáist ekki þessi upplýsíng, þá verður þíngmönnum málið allt óljóst, og þeir geta þá ekki annað en greitt atkvæði móti varaþíngmanninum, þó ekki sè annað móti kosníngunni en lítilfjörleg formvilla.

J. P. Havstein: Þessa átti eg sízt von frá alþíngismanni Ísfirðínga. Jósef Skaptason er með konúngsúrskurði settur til þess, að gegna öllum læknisstörfum í Húnavatnssýslu og nokkrum hluta Skagafjarðarsýslu, hvar af flýtur, að hann hefur allar sömu skyldur á herðum, sem aðrir opinberir læknar. Að öðru leyti skýt eg því til þíngsins sjálfs, að meta innihald ræðu þíngmanns þess, er talaði, en *excipera* frá þessu *foro* með öllu.

J. Sigurðsson, arkivsekr.: Eg verð að ítreka það aptur, að læknir Jósef Skaptason er ekki embættismaður, og eg ætla það sè fullar ástæður til, að mótmæla og sporna við því, að hinir yfirboðnu embættismenn taki upp á að bægja þeim mönnum frá að gegna köllun sinni til þíngs af þeim ástæðum, sem þeir geta ekki síðan verið þekktir að skýra frá.

Undir eins og eg greiði atkvæði móti gildi kosníngar varaþíngmannsins úr Húnavatnssýslu, þá hlýt eg að lýsa því yfir, að eg ábyrgist amtmanninum í norður- og austur- amtinu, þó Húnavatnssýsla þar fyrir verði þíngmannslaus, því það er honum einum að kenna en eingum öðrum.

Ásgeir Einarsson: Mèr virðast töluverðir formgallar á kosníngu varaþíngmannsins frá Húnavatnssýslu; því menn hafa almennt skilið svo alþíngistilskipunina, að ekki ætti að kjósa á ný, meðan einn alþíngismaður eða varaþíngmaður væri til. Þannig vissi eg, að herra assessor Jón Pètursson, þegar hann var sýslumaður minn í Strandasýslu, áleit ekki þörf, að kjósa vara-

þingmann í Strandasýslu, meðan eg væri óhindraður sem alþingismaður, og sama meiníng heyri eg að hafi verið hèr í Reykjavík við seinustu kosníngar, og því einginn varaþíngmaður valinn, þegar sá kosni tók ekki mót kosníngunni. Mèr virðist því fljótlega hafi verið valinn á ný varaþíngmaður Húnvetníinga, og held eg, að sá fyr valdi hefði áður átt að vera búinn að fá kjörbrèfið, sem kosníngarstjórar munu skyldugir að gefa út, samkvæmt 12. og 46. greinum í alþingistilskipuninni. Ekki hefur neinn heldur vitað um bann mót alþingismanninum til þíngsetu *þá*, og hef eg enda heyrt, að sá setti amtmaður í norðuramtinu hafi ekki bannað alþingismanni Húnvetníinga ferðina. Eg get því ekki eptir framan sögðu álitið kosníngu varaþíngmanns Húnvetníinga fullkomlega löglega eða formlega, þó það mætti álítast frjálslegt, að þíngið gjörði hana gilda með atkvæði sínu, ef einginn væri þíngmaður fyrir sýsluna. Þessar athugasemdir vildi eg gjöra, áður en eg gæfi atkvæði.

G. Einarsson: Eg vil fyrir hvern mun ekki missa varaþíngmann Húnvetníinga Ólsen úr þínginu, en get samt, eptir sannfæríngu minni, ekki álitið hann rètt kosinn að lögum. Hèr að auki er það athugandi við þetta mál, að þó að þetta þíng tæki varaþíngmann Húnvetníinga gildan og góðan, þá verður það óvíst, hvort hin síðari þíng taka hann gildan; en sömu forföll eður önnur geta komið fyrir þíngmanninn sjálfan fyrir næsta þíng. Húnvetníingar þurfa því að hafa eitthvað áreiðanlegt fyrir sèr, svo að þeir geti hagað sèr eptir því í þessu máli, og komið því svo fyrir eptir ástæðum, að sýslan verði ekki þíngmannslaus í annað skipti, fyrir þær orsakir, sem í mannavaldi stendur að ráða bót á.

Jón hreppstjóri *Sigurðsson:* Eg hef lagt þá þýðíngu í alþingistilskipunina og sèr í lagi 8. greinina, að ný kosníng eða auka-kosníng eigi þá einúngis að fara fram, þegar hvorki er til þíngmaður nè varaþíngmaður, svo að horfir til, að alþingissæti verði autt, og má slíkt sjá af því, að þó sjálfur alþingismaðurinn forfallist eða deyi, þá skeður eingin aukakosníng, þegar varamaður er til; því þykir mèr þessi aukakosníng í Húnavatnssýslu nokkuð undarleg (þó varamaðurinn afsakaði sig), meðan alþingismaðurinn sjálfur var til staðar, og að öllu leyti óforfallaður, og því gaf eg atkvæði mitt á móti lögformi þessarar aukakosníngar. En að hinu leyti mundi eg vera fús á, að halda heldur þessum umtalaða varaþíngmanni í þínginu (þar nú

er ekki kostur á þeim rètta alþingismanni), heldur en alþingissæti Húnvetninga sè autt, ef spursmálið væri lagt svoleiðis fyrir þingið, og eg þá ætti nú þann kosningarrètt.

Konúngsfulltrúi: Þetta skiptir öllu öðru máli; því þó kanselíið hafi álitið svo, að ei þyrfti nýja kosningarfundi að kalla saman til kosninga, þó annaðhvort fulltrúi eða varafulltrúi dæi eða geingi úr leik á annan hátt, þá er þó ekkert í lögum móti því, að kosníng fulltrúa eða varafulltrúa fari fram upp aptur á sama þinginu, þegar annarhvor þeirra, sem þá var valinn, strax geingur úr leik. Að öðru leyti skal eg í tilliti til þess, sem einn hinna heiðruðu þingmanna fram færði, geta þess, að atkvæði það, sem þingið nú greiðir um þetta málefni, öldúngis ekki skuldbindur í minnsta máta hin eptirfylgjandi þing. En að öðru leyti þykir mèr mjög illa til takast, ef þingsins atkvæði skyldu falla svo, að þingið missti duglegan þingmann, og eitthvað hið fólkríkasta og að mörgu merkilegasta kjördæmi í landinu yrði fulltrúalaust á þessu þingi.

Lèt þá konúngsfulltrúi, vegna þess að honum þótti hin fyrri atkvæðagreiðsla óglögg, aptur greiða atkvæði um það, hvort varaþingmaður Húnvetninga væri rètt kosinn eða ekki, og urðu nú 10 með, en 11 móti. Vèk þá varafulltrúinn þegar af þinginu.

G. Einarsson: Eg vil leyfa mèr, að fara þess á leit við hinn háttvirta konúngsfulltrúa, hvort þess sè enginn kostur, að þingið geti leyft varaþingmanni Húnvetninga setu á þinginu í þetta skipti, þó að það vegna lítilfjörlegs formgalla á kosníngunni hafi álitið hann ekki rètt kosinn að lögum eptir ströngasta skilníngi. Mèr sýnist þetta svo sanngjarnt. Húnvetníngar hafa og líka kosið hann sjálfir í *raun og veru,* þó að þeir hafi ekki kosið hann rètt að *forminu til,* eptir áliti þingsins (Samanber Alþ. t. 1845, bls. 8-9).

Konúngsfulltrúi: Þetta getur öldúngis ekki átt sèr stað; því þann þingmann, sem þingið einu sinni með atkvæðafjölda hefur álitið ekki að vera rètt kosinn, getur það ómögulega kjörið inn í sama þing aptur.

J. P. Havstein: Eg vil spyrja, hvort allir þingmenn sèu búnir að leggja fram kjörbrèf sín.

Konúngsfulltrúi: Eg skal nú því næst skýra þinginu frá, að eg fyrir mitt leyti ekki hef nein mótmæli að fram færa gegn kosníngum alþingismanna, er allir hafa sýnt mèr kjörbrèf sín,

að undan teknum alþingismanni frá Mýra- og Hnappadals-sýslu sem gleymt hefur kjörbrèfi sínu; en eg get, sem hlutaðeigandi amtmaður, eptir kjörbókum tèðrar sýslu vitnað um, að hann er rètt kosinn. Enn fremur skal eg skýra þinginu frá, að alþingismaðurinn frá Snæfellsnessýslu, fyrrum aðstoðarprestur Fr. Eggertsson á Akureyjum, hefur lýst því yfir, að hann ýmsra hindrana vegna geti ei komið til alþingis, og tilkynnt það varafulltrúanum, aðstoðarpresti E. Kúld í Flatey, sem hingað er nú kominn, og er til staðar á þinginu. Sömuleiðis hefur einn af þeim konúngkjörnu alþingismönnum, kammerráð og sýslumaður Þ. Guðmundsson á Hjálmholti, í brèfi, er eg meðtók hèr á þinginu í dag, tilkynnt mèr, að hann vegna búfærslu, heimilisanna og embættisstarfa ekki geti verið hèr til staðar á þinginu í sumar, og mun eg því, svo fljótt sem skeð getur, kalla hinn konúngkjörna varaþingmann, land- og bæjar-fógeta V. Finsen til þingsetu í stað hins frávikna.

Jón hreppstjóri *Sigurðsson*: Eg hef líka við höndina köllunarbrèfið frá stiptamtmanni.

Konúngsfulltrúi skoraði því næst á hinn elzta þingmann, konferenzráð Þ. Sveinbjörnsson, að láta kjósa forseta.

Konferenzráð Þ. Sveinbjörnsson bað þá amtmann J. P. Havstein og jústizráð Þ. Jónassen, að rita upp atkvæði við forsetavalið.

Voru síðan atkvæði greidd, og var *Jón Sigurðsson,* arkívsekritèri, kosinn með 12 atkvæðum (H. Stephensen próf. fèkk 7, en biskup H. G. Thordersen 1 atkv.).

Jón Sigurðsson, arkívsekritèri, tók þá forsæti, þakkaði þingmönnum fyrir það traust, er þeir bæru til sín og mælti: Eg tekst á hendur, að gegna þessari vandasömu skipun þingsins í þeirri von, að allir hinir háttvirtu þingmenn muni vilja aðstoða mig, og dæma vægilega um, hvað mèr kann að yfirsjást, og í því trausti, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi að sínu leyti gjöri allt, hvað í hans valdi stendur, til þess, að samvinna vor allra gæti farið sem bezt og skipulegast fram, og orðið heilladrjúg fyrir land og lýð.

Síðan kvaddi hann menn til, að velja varaforseta, og var þá kosinn *Hannes Stephensen,* prófastur, með 18 atkvæðum (amtm. J. P. Havstein og jústizráð Jónassen feingu sitt atkvæðið hvor).

H. Stephensen þakkaði þinginu fyrir traust það, er það bæri

til sín, og kvaðst því fúsari á, að taka móti kosníngunni, sem hann ætlaði, að sín mundi ei við þurfa á þessu þíngi.

Forseti bað menn að velja tvo þíngskrifara, eins og siður væri til, og voru þá valdir *Guðmundur Einarsson,* prestur, með 14, og *Vilhjálmur Finsen,* land-og bæjar-fógeti, með 12 atkvæðum

Konúngsfulltrúi afhenti því næst forseta til útbýtíngar meðal alþíngismanna *konúnglega auglýsíngu til alþíngis um árángur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástúngum á fundinum 1849,* og er hún svo hljóðandi:

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, sendum Voru trúa alþíngi kveðju guðs og Vora!

Ánægjusamlegt hefur Oss verið, að sjá það af störfum alþíngismanna Vorra árið 1849, hve dyggilega þeir hafa kappkostað, að efla gagn Vort og landsins.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur þíngsins um lagafrumvörp þau, sem undir það voru borin, og önnur álitsmál þess og uppástúngur, og munum Vèr nú skýra frá, hvað í þeim efnum hefur verið af ráðið:

I.

Þessar rèttarbætur hafa birtar verið um þau mál, er Vort trúa alþíngi hefur sent Oss tillögur um:

1.) 20. júní 1849, tilskipun um veiði á Íslandi.
2.) 28. september 1849, lög um kosníngar til þjóðfundar þess á Íslandi, sem heitið er í konúngsbrèfi 23. sept. 1848.
3.) 18. ágúst 1850, opið brèf um, hvenær manntalsþíng skal halda í Norður-Múlasýslu.
4.) 25. september 1850, tilskipun um nokkrar breytíngar á erfðalögunum á Íslandi.
5.) 2. apríl 1853, opið brèf, er breytir opnu brèfi, dagsettu 4. dag maímánaðar 1778, um rekarètt á Íslandi.

Á rèttarbótum þessum getur alþíngi sèð, að athugasemdir þíngmanna við frumvörp þau, er undir það voru borin, hafa verið grandgæfilega íhugaðar, og frumvörpin löguð eptir þeim, skýrð og aukin.

Þar að auki er Suður- og Norður- Þingeyjarsýslu aptur steypt saman eptir tillögum Vors trúa alþingis, en á hinn bóginn hefur Oss, eins og þinginu, þótt ísjárvert, að veita samþykki Vort til, að Mýra og Borgarfjarðar sýslum yrði steypt saman. Þingið hafði við sama tækifæri látið í ljósi þá ósk, að takmörkum Vestfirðingafjórðungs yrði ekki haggað, og höfum Vèr fallizt á það.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, er Vort trúa alþingi hefur sent Oss, birtum vèr alþingismönnum:

1) Eptir þegnlegri bæn alþingis, um rýmkað verzlunarfrelsi handa Íslandi, var frumvarp um það efni borið undir þjóðfundinn í Reykjavík 1851, og að því búnu samið nýtt frumvarp, og borið undir ríkisþingið, sem seinna er slitið, og er þetta nýja frumvarp í aðalatriðunum lagað eptir tillögum alþingis og hins áður nefnda þjóðfundar.

   En það, sem alþingi hefur líka beðið um, at nokkur ný kauptún verði tekin upp á Íslandi, eður að minnsta kosti leyft að hafna sig og verzla á nokkrum tilteknum stöðum, þar sem ekki eru löggild kauptún, þá varð það ekki tekið til greina eptir fyrirkomulagi því, sem hinni islenzku verzlun er ætlað eptir frumvarpinu.

   Þó er leyfi það, er gefið er áður, til að sigla til Krossvíkur á Akranesi til verzlunar, með úrskurði Vorum 2. marz þ. á. endurnýjað um 2 ár.

2) Vèr höfum veitt alþingi bæn sína, að embættismenn og ekkjur þeirra greiði gjöld til jafnaðarsjóðanna, og er þetta birt í opnu brèfi 8. júnímán. 1851.

3) Þar sem alþingi hefur beðið um, að alþingiskostnaðinum yrði jafnað niður betur og sanngjarnar en áður, er um þetta birt opið brèf 2. marz þ. á.

4) Vèr höfum ekki fundið nægar ástæður til að fallast á þá þegnlegu beiðni Vors trúa alþingis, að samið verði lagafrumvarp, er á kveði, að skrifa skuli upp, og rita í bækur, sem til þess sèu gjörðar, landamerki allra jarða á Íslandi.

5) Vort trúa alþingi hefur beðið um, að breytíng væri gjörð á aðferð þeirri, sem höfð er við samníngu verðlagsskránna á Íslandi. En með því Oss hafa ekki virzt ástæður þær fullgildar, sem færðar eru til fyrir nauðsyn og nytsemi

þess, að breyta aðferð þeirri, sem nú er höfð og vel hefur reynzt, skulu reglur þær, sem til eru teknar í konúnglegum úrskurði, dags. 16. dag júlímán. 1817, og tilskipun s. d., um árlegar verðlagsskrár á Íslandi, gilda eins og að undanförnu. Þó hefur hlutaðeigandi yfirvöldum á Íslandi verið boðið, að auglýsa fyrir alþýðu, að ætíð skuli byggja verðlagið í skýrslum þeim, er verðlagsskrárnar á ári hverju eru gjörðar eptir, á því verði, sem vörurnar hafa haft, þegar þær hafa verið borgaðar með peningum.

6) Eptir þegnlegri bæn Vors trúa alþingis, um breyting á tíundargjaldi til prests og kirkju, er birt opið brèf, dags. 18. d. marzmán. þ. á., og er þar farið eptir tillögum þingsins.

7) Eins og Vèr kunngjörðum Voru trúa alþingi í auglýsing Vorri, dags. 19. d. maímán. 1849, að Vèr, eptir því sem á stóð, gætum ekki orðið við þegnlegri bæn alþingis, sem haldið var 1847, að íslenzkan á lögum þeim, sem sett eru á Íslandi, yrði staðfest með undirskript Vorri, eins höfum Vèr heldur ekki getað veitt alþingi bænheyrslu, er það á ný 1849 beiddist hins sama.

8) Þar sem alþingið hefur beðizt, að íslenzka verði eingaungu við höfð í öllum embættisstörfum og embættisbrèfum á Íslandi, hefur ekki þótt ástæða til, að gjöra neina nýbreyting í því efni.

9) Út af beiðni alþingis um, að tilskipun, dagsett 29. d. maímán. 1744, um helgidaga-hald, tilskipun, dags. 27. d. maímán. 1746, um húsvitjun, tilskipun 3. d. júnímán. sama ár um húsaga, og tilskipun sama dag um hitt og þetta í hjúskaparmálefnum, o. s. frv., verði endurskoðaðar og lagfærðar, hafa allir amtmenn á Íslandi og biskupinn verið beðnir um tillögur sínar.

Um hina fyrst nefndu tilskipun lutu tillögur þessara embættismanna að öllu samtöldu að því, að hún væri úrelt, og þyrfti að semja nýja tilskipun um sunnu-og helgidaga-hald, og að breyta ætti tilskipun, dags. 26. d. marzmán. 1845., fyrir Danmörku þannig, að hún gæti átt við á Íslandi. Samkvæmt þessu hefur nú verið samið frumvarp til tilskipunar um það efni, sem lagt verður fyrir alþingi, er halda á í sumar. Aptur á móti voru flestir embættismennirnir á Íslandi á eitt sáttir, að tilskipun, dags. 27. d. maím. 1746, um húsvitjun, og fyrri hluti tilskipunar

3. d. júnímán. 1746 um húsaga, eður kaflinn um barnauppeldi, eigi enn, þegar á allt er litið, vel við, og að þessi lagaboð ættu því að standa óbreytt fyrst um sinn, og er því endurskoðun á þeim látin bíða. Um ákvarðanir þær, sem eru í hinni síðast nefndu tilskipun, um húsaga, þá höfðu reyndar yfirvöldin á Íslandi látið í ljósi, að þær ættu ekki við þennan tíma, og öll þörf væri á nýju lagaboði um þetta efni. En það, sem þarf til undirbúnings á þvílíku lagaboði, hefur ekki enn getað feingizt; en aptur hefur mál þetta þó ekki virzt svo yfirgripsmikið, að þörf væri á að setja nefnd, til að búa það undir (eins og sumir höfðu farið fram á), og það yrði líka of mikill kostnaður.

Tilskipun 3. d. júním. 1746, um hitt og þetta í hjúskaparmálefnum, o. s. frv., þótti því síður þörf á að endurskoða, sem tilskipun þessa má álíta orðna ógilda með seinni lagaboðum, að minnsta kosti þegar undan er skilin 15. grein hennar.

Til staðfestíngar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefur verið um getið, höfum Vèr sent yður þessa auglýsíng Vora, og heitum Voru trúa alþíngi hylli Vorri og konúnglegri mildi.

Gefið í höll Vorri Friðriksborg, 23. dag maímánaðar 1853.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

Því næst lagði konúngsfulltrúi fram fyrir þíngið:

1. *Frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík.*

2. *Frumvarp til tilskipunar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.*

3. *Frumvarp til opins brèfs um fjölgun þíngstaða í Árnessýslu;* öll með prentuðum ástæðum.

4. *Konúnglegt álitsmál um jarðamatið.*

Skriflega útleggíngu af þar að lútandi konúngsúrskurði las konúngsfulltrúi upp, og afhenti síðan forseta. Þessi úrskurður er þannig hljóðandi:

Ráðherra innanríkismálefnanna hefur 21. d. þ. m. þegnsamlegast borið það fram fyrir konúng, að jarðamat það, sem gjört hefur verið á Íslandi, yrði lagt undir álit alþíngis, og hefur konúngi 23. d. þ. m. mildilegast þóknazt að úrskurða þannig:

að konúngsfulltrúa á alþíngi þessa árs verði allramildilegast boðið, að leggja fyrir alþíngi jarðamatsmálefnið, ásamt öllum skjölum og skilríkjum, er

að því lúta, og skora á það, að íhuga nákvæmlega bæði aðalatriði það, sem talað er um í skýrslu ráðherrans, og það er við þurfa þykir, til að greiða málefni þetta betur, og koma því fyrir haganlega.

Enn fremur kvaðst konúngsfulltrúi mundi á næsta fundi leggja fyrir þingið þær almennu tilskipanir, sem út eru komnar fyrir Danmörku árin 1847—52, í því skyni, að þingið segi álit sitt um, hverjar af þeim eigi að fá gildi á Íslandi, og með hverjum breytíngum.

Forseti kvað nú ei fleira fyrir hendi í þetta sinn, en á morgun yrðu, ef til vill, nefndir kosnar í málefnin. Ákvað hann þá fund næsta dag kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

---

2. júlí — annar fundur.

Forseti: Samkvæmt því, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi skýrði frá hèr á þínginu í gær, hefur hinn konúngkjörni þíngmaður, kammerráð Þ. Guðmundsson, afsakað sig frá þíngsetu; hefur því konúngsfulltrúi í hans stað kallað hinn konúngkjörna varaþíngmann land- og bæjar-fógeta *V. Finsen,* og er hann nú kominn hèr á þíng í dag.

Eptir alþíngistilskipuninni, 53. gr., má konúngsfulltrúi taka þíngskrifurunum aðstoðarmenn; eg leyfi mèr því, eptir undirlagi því, sem okkar á milli er gjört, að mælast til þíngsins vegna, að teknir verði tveir aukaskrifarar.

Konúngsfulltrúi: Eptir tilmælum forseta hef eg kvatt 2 menn til aukaskrifara, *cand.* M. Grímsson, og *cand. philos.* Th. Thorstensen, og eru þeir hèr til staðar á þínginu í dag.

Enn fremur skal eg, eptir því sem eg drap á í gær, leggja fyrir þíngið þær almennu tilskipanir, sem út eru komnar fyrir Danmörku á árunum 1847 — 52, í því skyni, að þíngið segi álit sitt um, hverjar af þessum tilskipunum og lagaboðum eigi að fá gildi á Íslandi, og með hvaða breytíngum, og skal eg, til að skýra þetta málefni, birta þínginu innihald brèfs frá ráðherra dómsmálanna, dags. 23. maím. þ. á., svo hljóðandi:

Með úrskurði konúngs frá 10. nóv. 1843 er það gjört konúngsfulltrúanum á alþíngi að skyldu, í sèrhvert skipti, er þíngið kemur saman, að leggja fyrir það þær seinast útkomnu

almennu tilskipanir fyrir Danmörku, sem ekki með sèrstöku lagafrumvarpi er ætlazt til að gjörðar verði gildandi fyrir Ísland, og að skora á þingið um, að segja álit sitt, bæði um það, hverjar af nefndum tilskipunum gjörast skuli gildandi fyrir Ísland, og eins um það, hvaða breytíngar á þeim kynnu virðast að vera nauðsynlegar.

Af tilskipunum þeim, sem út eru komnar á árunum 1847—1852, hefur dómsmála-stjórnarherrann sèr í lagi til greint eptirgreindar tilskipanir sem þær, er allareiðu mættu álitast gildandi hèr á landi, án þess þær væru hèr innleiddar með sèrstöku lagaboði, nefnilega:

1. Opið brèf frá 17. febr. 1847, áhrærandi málsfærslulaun málsfærslumannanna við hæsta rètt í jústizmálum þeim, er þeir færa sem verjendur.
2. Lög frá 5. apríl 1850, um aðgáng útlendra Gyðínga, til að dvelja hèr í ríkinu.
3. Lög frá 25. apríl 1850, um að auglýsíngar í *Altonaer Mercur* sèu af teknar.
4. Lög frá 29. desember s. ár, um það, hvernig beita skuli ýmiss konar tegundum hegníngar-erfiðis.
5. Lög frá 3. janúar 1851, um prentfrelsið.

Af tilskipunum þeim, sem út hafa komið á nefndu tímabili, meinti dómsmála-stjórnarherrann, að sèr í lagi mundi geta orðið spursmál um, hvort ei ætti að lögleiða á Íslandi eptirfylgjandi lagaboð, sem út hafa komið gegnum fjárhirzlustjórn ríkisins *(Finantsministeriet)*, nefnilega: lög frá 30. júní 1850, um ávísun embættislauna og greiðslu þeirra fyrir fram; eptirlaunalögin frá 5. janúar 1851, og lög af sama *dato* um skuldbindíngu embættismanna til að leggja í ekkjukassa.

Dómsmála-stjórnarherrann hefur því skrifazt á við fèhirði ríkisins hèr um, og hefur hann að sönnu ei verið á móti því, að nefnd lög yrðu send konúngsfulltrúanum á alþíngi, til þess þau yrðu lögð fyrir þíngið, en þó þar hjá látið í ljósi, að eins og þessi lög nú þegar eru geíngin í gildi fyrir embættismennina á Íslandi, svo munu þau og framvegis verða látin gilda fyrir þá, hvort sem þau eru lögð fyrir alþíngi ellegar ekki.

Hvað hin fyrst nefndu lagaboð áhrærir, hefur dómsmálastjórnarherrann bætt því við, *að* ef lagaboðið nr. 1 væri löggilt á Íslandi, mundi vera rèttast, að geta þess, að konúngsbrèf frá 21. desember 1831 mundi verða að heimfæra til þeirra þar í

umgetnu málsfærslulauna til hæsta-réttar málsfærslumannanna, sem verjanda í íslenzkum jústizmálum; *að* það að sönnu ræður að líkindum, að lagaboðið nr. 2 nú sem stendur ekki eigi við á Íslandi, en það muni þó geta að borið, þegar íslenzka verzlunin er orðin frjáls; samt *að* það mundi eiga vel við, ef lagaboðið nr. 5 um prentfrelsið, yrði lögleitt á Íslandi, að breyta þess 11. grein, eins og skeð er í frumvarpi því, með hverju tèð lagaboð er lögleitt á Færeyjum.

Loksins getur stjórnarherranu þess, að það sè undir alþingi sjálfu komið, að taka til yfirvegunar, hvort nokkur önnur, en þau ofan áminnstu, af þeim almennu lagaboðum, er út hafa komið á ofan nefndu tímabili, ættu að öðlast lagagildi á Íslandi.

Konúngsfulltrúinn kvaðst mundu afhenda nefnd þeirri, er kosin yrði í þetta álitsmál, tilskipanir þær og lög, sem honum væru til handa komnar frá dómsmála-stjórnarherranum, og eins frumvarpið um, að lögleiða prentfrelsislögin og fleiri tilskipanir á Færeyjum.

Forseti: Það liggur þá fyrst fyrir, að kjósa nefndir, til að yfirvega frumvörp þau og konúngleg álitsmál, sem konúngsfulltrúi lagði fyrir þingið í gær. Bið eg þá, að fyrst verði kosin nefnd í *frumvarp til tilskipunar um sunnu-og helgidaga-hald á Íslandi,* og vildi eg mælast til, að einhver þingmanna stingi upp á, hversu marga menn muni þurfa í hana.

Biskup *H. G. Thordersen*: Í þessu máli finnst mèr ekki vera komið eins mikið undir mannfjöldanum, eins og undir því, að þeir sèu vel valdir, og held eg því það sè nóg, að þeir sèu 3, og virðist mèr það vel fallið, að þeir sèu ekki einúngis geistlegir, heldur til að mynda 1 geistlegur, 1 lagamaður og 1 bóndi, eða ef 5 væru, þá 2 geistlegir, og 2 lagamenn og 1 bóndi; eg tek þetta fram fyrir fram einúngis til þess, að láta meiníngu mína í ljósi.

Ásgeir Einarsson, E. Kúld og fleiri mæltu fram með 5 manna nefnd, þar málið væri svo yfirgripsmikið; og þar eð einginn mælti á móti því, bað forseti þíngmenn, að gánga til atkvæða, og voru þessir valdir:

Hannes Stephensen með *16 atkv.*
Jónassen, St. Jónsson og *P. Pètursson,* hver með *15* —
og *H. G. Thordersen* með *10* —

Eptir að forseti var búinn að lesa upp atkvæðin, kvað

hann næst, að kjósa nefnd, til að yfirvega *„frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík“*, og mæltist til, að einhver stýngi upp á, hvað marga mundi þurfa í hana.

Hannes prof. *Stephensen* stakk upp á 3 manna nefnd, og mælti einginn móti því. Lèt þá forseti gánga til atkvæða, og voru þessir kosnir:

H. G. Thordersen með 17 *atkv.*,
V. Finsen — 15 —,
og *E. Kúld* — 11 —.

Forseti las þá upp atkvæðin, og bað menn þá, að kjósa menn í nefnd, til að yfirvega *„frumvarp til opins brèfs um fjölgun þingstaða í Árnessýslu“*, og óskaði, að einhver vildi stínga upp á, hvað marga skyldi í hana kjósa.

H. Stephensen stakk upp á 3 mönnum, og þar eð einginn mælti móti því, þá voru atkvæði greidd og þessir kosnir:

Konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson* og *M.* bóndi *Andrèsson*, hvor . . . með 19 *atkv.*,
og *Páll Sigurðsson* bóndi — 14 —.

Forseti bað menn því næst velja menn í nefnd, til að yfirvega *„konúnglegt álitsmál um jarðamatið á Íslandi“*, og einhvern að stínga upp á, hvað marga skyldi kjósa í hana.

Jón Guðmundsson: Þetta er svo áríðandi mál og yfirgripsmikið mál, að eg held eigi, að í nefndina megi kjósa færri en 9 menn, því hèr er mikið undir kunnugleika komið.

Biskup var sömu meiníngar um þetta, og er einginn mælti móti 9 manna nefnd, lèt forseti greiða atkvæði, og voru þessir kosnir:

Havstein . . . . . með 20 *atkv.*,
Jón Guðmundsson . . . . — 19 —,
J. Jónsson á Múnkaþverá . — 18 —,
Ó. Sívertsen og *Sveinbjörnsson* með 17 atkv. hvor,
Ásgeir Einarsson, Guðmundur Brandsson, J. Samsonsson . . . . . með 15 atkv. hver,
og *M. Andrèsson* . . . . . — 14 —.

Forseti las upp atkvæðin, og bað menn velja nefnd, til að yfirvega *„konúnglegt álitsmál um innleiðslu hinna dönsku lagaboða“*, sem konúngsfulltrúinn hafði minnzt á í gær, og ýtarlegar útlistað nú fyrir skemmstu.

Var þá stúngið upp á 5 manna nefnd, og er einginn mælti á móti því, lèt forseti greiða atkvæði, og voru þessir kosnir:

Jónassen . . . . með 17 atkvæðum,
Havstein . . . . — 16 ——,
Jón Guðmundsson og *Jón Sigurðsson* í Tandraseli, hvor . . . . . með 15 atkv.,
og sèra *Jón Kristjánsson* með 12 atkvæðum.

Forseti las upp atkvæðin, og kvað þá liggja næst, að velja 2 menn, til að vera ritstjóra alþingistíðindanna, eins og síður hefði verið áður hèr á þingunum.

Voru þá atkvæði greidd, og voru valdir þeir:
P. Pètursson með 20 atkvæðum,
og *Jón Guðmundsson* — 19 ——.

Forseti las upp atkvæðin, og lýsti því yfir, að nú væri ekki fleira fyrir hendi að gjöra í dag. Bað hann þingmenn, að láta sig sem fyrst fá bænarskrár þær, sem þeir hefðu til þessa alþingis, með afskriptum handa konúngsfulltrúa. Kvaðst hann þá vona, að á morgun gæti hann fest upp dagskrá til mánudags, en þá mundi þingbókin og verða komin í lag, svo hún yrði þá lesin upp, þó það yrði ekki í þetta sinn.

Fundi slitið.

---

4. júlí — þriðji fundur.

Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði tekið 2 aukaskrifara utan þings, til að skrifa þingbækurnar, og ætti önnur þeirra að leggjast við skjalasafn þingsins, en hin að sendast út, og að skrifurum þessum yrði borgað eptir arkatali. Hann bað því næst þingskrifarana, að lesa upp gjörðabókina frá 1. og 2. fundi, og las G. prestur Einarsson hana upp, og var hún samþykkt.

Forseti tjáði því næst þinginu frá, að hann hefði feingið hjá konúngsfulltrúanum nokkur *exemplör* af ýmsum tilskipunum, þeim sem nefndar eru í hinni konúnglegu auglýsingu, og látið leggja fram hjá hverjum þingmanni 1 *exemplar* af hverri. Þessi lagaboð eru: tilskip., dags. 20. júní 1849, um veiði á Íslandi; opið brèf, dags. 18. ágúst 1850, um hvenær manntalsþing skal halda í Norður-Múlasýslu; tilskip. dags. 25. sept 1850, um nokkrar breytíngar á erfðalögunum á Íslandi; opið brèf, dags. 2. apríl 1853, um reka á Íslandi; auglýsíng, dags. 4. marz 1853, um siglíngar til Krossvíkur á Akranesi; opið brèf, dags.

8. júní 1851 um skyldu embættismanna og ekkna þeirra, að gjalda til jafnaðarsjóðanna; opið brèf, dags. 2. marz 1853, er á kveður nákvæmari greiðslu alþingiskostnaðarins; opið brèf, dags. 18. marz 1853, er á kveður nákvæmar tíundargjald til prests og kirkju á Íslandi; af kosníngarlögunum 28. sept. 1849 sagðist hann ekki hafa feingið svo mörg *exemplör*, að þeim gæti orðið býtt út milli þíngmanna, þar eð stiptamtið hefði ekkert eptir af þessu lagaboði.

Hann gat þess, að bænarskrár þær, sem til sín væru komnar, væru lagðar fram á lestrarsalnum, og að hann hefði sett nokkrar þeirra á dagskrána, svo því yrði lokið af, að velja í nefndir, til að íhuga þær, og las upp yfirlit yfir þær 28 bænarskrár, sem inn til hans þá voru komnar, og er það svo látandi:

1. Bænarskrá frá Þíngvallafundinum, að alþíngi gángi hlíðarlaust eptir skýrum og greinilegum reikníngi, *a)* yfir alþíngiskostnað og greiðslu hans, og *b)* yfir inn- og út-gjöld jafnaðarsjóðsins í suðuramtinu þau árin, sem reikníngur hefur ekki gefinn verið.
2. Bænarskrá frá sama fundi, að alþíngi skori á stjórnina, að flýta fyrir frumvarpi til frjálslegrar sveitastjórnar hèr á landi.
3. Bænarskrá frá sama fundi, að alþíngi krefjist, að fá skýlausan reikníng prentsmiðju landsins, og sjá svo um, að hún komist í það horf, sem þínginu þykir hentugast framvegis.
4. Bænarskrá frá sama fundi, að alþíngi skori fast á stjórnina, að bót fáist sem fyrst á skattgjaldslögum vorum.
5. Bænarskrá frá sama fundi, að alþíngi beri þá bæn fram fyrir konúnginn, að hann veiti oss frjálsari kosníngarlög, en vèr eigum nú að að búa, einkum í sömu stefnu og þau, er alþíngið samdi 1849 og konúngur þá samþykkti.
6. Bænarskrá frá sama fundi, að alþíngi skori á konúnginn, að hann minnist sem fyrst rèttinda vorra og heityrða sinna í brèfi sínu af 23. septembr. 1848, og gjöri oss á þann hátt, sem alþíngi getur álitið haganlegastan fyrir land vort, hluttakandi í stjórnarbót þeirri, sem hann gefur samþegnum vorum.
7. Bænarskrá frá sama fundi, að alþíngi kosti alls kapps um, að fá að vita, hvort konúngsfulltrúinn á þjóðfundinum, forsetinn og hinir aðrir konúngkjörnu hafi gefið nokkurt álit um tilhögun stjórnarinnar hjá oss eptirleiðis eða ekki, og

ef þvílikt álit hafi verið gefið, þá að sjá svo um, að sem fyrst verði gefinn kostur á, að sjá það á prenti.

8. Bænarskrá frá fundinum á Kollabúðum, með 41 nöfnum, að alþingi semji bænarskrá til konúngs um, að hann sem fyrst veiti oss frjálsa verzlun, samkvæmt því, er beðið var um á þjóðþinginu 1851.
9. Bænarskrá frá sama fundi, með 41 nöfnum, að alþingi biðji konúng um, að staðfesta með undirskript sinni útleggíngu þeirra lagaboða og nýmæla, er löggildast eiga hèr á landi.
10. Bænarskrá frá sama fundi, samþykkt af 78 þíngmönnum, að þeir biðja alþingi, að beiðast þess af stjórninni, að hún veiti oss Íslendíngum þá stjórnarskipun, er meiri hluti nefndarinnar á þjóðþinginu 1851 stakk upp á, með þeim breytíngum, sem alþingi nú stíngur upp á.
11. Bænarskrá frá fundinum á Kollabúðum, samþykkt af öllum fundarmönnum í einu hljóði, að alþingi sendi konúngi bænarskrá um, að alþingistollur verði greiddur af fleirum gjaldstofnum, en nú er tekið af, og reikníngar yfir alþingistollinn auglýstir á hverju ári.
12. Bænarskrá frá Ísfirðíngum af Kollabúðafundi, með 9 nöfnum, um, að tilskipun 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, megi standa með öllu óbreytt.
13. Bænarskrá frá fundi á Þórnesi, með 20 undir skrifuðum nöfnum, að senda konúngi bænarskrá um, að frumvarp til laga um sveitastjórn á landi hèr verði lagt fyrir alþíngi hið fyrsta, og að þar í verði skipað, að á hverju vorhreppskilaþíngi sèu kosnir nokkrir menn, eptir sveitarstærð, til aðstoðar við sveitarstjórana.
14. Bænarskrá frá sama fundi, með 20 nöfnum, að alþingi fylgi því fram við konúng, að sett verði hið fyrsta skeð getur bráðabyrgðarlög um lausafjárskatt, svo að skatturinn byrjaði strax á 1 hndr., og yxi þaðan að einhverri vissri tiltölu, eptir því sem tíundin hækkaði.
15. Bænarskrá frá Mýrasýslu, með 33 nöfnum, að alþingi annaðhvort semji frumvarp, eða biðji um frumvarp frá stjórninni, um kaupgjaldsbækur handa hjúum.
16. Bænarskrá frá sýslufundi í Árnessýslu, með 44 nöfnum, að alþingi beri þá bæn fram fyrir konúng, að hann láti búa til, og sem allra-fyrst leggja fyrir alþingi, frumvarp til laga um sveitastjórn á Íslandi.

17. Bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu, með 11 nöfnum, að ef hið nýja jarðamat verði fellt á alþingi, þá verði fyrst um sinn jafnað jarðahundraðatalið þar í sýslu eptir hinni seinustu virðingu, svo að hundraðatala sýslunnar stæði óbreytt, svo sem nú.
18. Bænarskrá úr Norður-Þingeyjarsýslu, með 53 nöfnum, að alþingi útvegi leyfi konúngs til þess, að prentsmiðjan á Akureyri megi prenta allar andlegar bækur með sama rètti og hin sunnlenzka hefur haft; sömuleiðis, að allri stjórn og tilhögun á prentsmiðju landsins verði hrundið í það lag, að hún geti staðið í fullum skilum, og undanfarnir reikningar hennar sýndir á prenti.
19. Bænarskrá úr Snæfellsnessýslu, með 31 nöfnum, að alþingi biðji konúng um, að allur selur sè friðaður kring um allt land fyrir byssuskotum, eða í hið minnsta á öllum þeim víkum, fjörðum og flóum landsins, frá yztu annesjum, hvar varplönd, nótna- eða uppidráps-selveiði er eða getur verið; og til vara, að allur látur- og út-selur sè friðaður fyrir byssuskotum, þó skjóta megi farsel, hvar eigi er of nálægt nótna- eða uppidráps-veiði eptir veiðilagatilskipuninni.
20. Bænarskrá úr Dalasýslu, með 28 nöfnum, með sama niðurlagi og hin næst fyrirfarandi.
21. Bænarskrá úr Skagafjarðarsýslu, með 23 nöfnum úr Viðvíkur, Hóla og Akra hreppi, að alþingi leiti konúnglegs samþykkis til, að hreppstjórarnir megi framvegis njóta undanþágu frá fátækra-gjaldi, sem þeim var veitt með konúngsbr. 21. júlí 1808, en svipt af þeim með konúngsúrskurði 14. apríl 1819; eða að hverjum hreppstjóra yrði veitt í launaskyni 50—90 álnir af auka-útsvörum búanda.
22. Bænarskrá úr sömu sýslu, með 87 nöfnum úr ýmsum hreppum sýslunnar, með sömu uppástúngu.
23. Bænarskrá úr sömu sýslu, með 87 nöfnum úr ýmsum hreppum sýslunnar, að alþingi sendi konúngi bænarskrá, að prentsmiðjan á Akureyri fái að njóta að nokkru leyti rèttinda hinnar gömlu Hóla-prentsmiðju, og ödlist jafnrètti í öllum greinum við prentsmiðjuna í Reykjavík.
24. Bænarskrá úr Mýrasýslu, með 41 nöfnum, með sömu uppástúngu, viðvíkjandi friðun á sel, eins og nr. 19 og 20 hèr fyrir framan.
25. Bænarskrá úr Skagafjarðarsýslu, með 61 nöfnum úr Skefil-

staða, Sauðár og Staðar-hreppum, að alþingi biðji konúng, að setja nefnd, til að semja frumvarp, sem síðan verði lagt fyrir alþingi, 1, til lagaboða um húsagann, húsmenn, lausamenn og vinnuhjú hèr á landi; 2, til lagaboðs um hèraða og sveita hagfellda og skipulega innbyrðis stjórnsemi.

26. Bænarskrá úr sömu sýslu, með 25 nöfnum, með sömu uppástúngu.

27. Bænarskrá úr sömu sýslu, með 23 nöfnum úr Viðvíkur, Hóla og Akra hreppum, að alþingi sendi konúngi bænarskrá um, 1, að kosníngarlögin frá 28. sept. 1849 verði lögleidd með þeim breytíngum, sem alþingi stíngur upp á; 2, að alþingi verði haldið á Þíngvöllum sem fyrst; 3, að dagpeníngar þíngmanna, 3 rbd., verði mildilegast niður færðir til 2 rbd.; 4, að kirknajarðir og timburhús í verzlunarstöðum greiði alþíngistoll; 5, að atkvæði þíngmanna í hverju máli verði greidd með nafni, og þannig prentað í alþingistíðindunum.

28. Bænarskrá úr sömu sýslu, með 45 nöfnum úr ýmsum hreppum sýslunnar, með sömu uppástúngum og hin næsta á undan.

Hann sagðist vænta þess, að þíngmenn hefðu kynnt sèr bænarskrárnar á lestrarsalnum, og að þær yrðu færðar inn í þíngtíðindin.

Síðan tók forseti fram bænarskrá um verzlunarmálið frá fundinum á Kollabúðum (nr. 8), og spurði þíngmenn, hver þeirra vildi gjöra hana að uppástúngu sinni, svo nefnd yrði kosin í málinu.

Jón Guðmundsson: Ef ekki aðrir, þá gjöri eg hana að minni uppástúngu.

Forseti las upp bænarskrána svo látandi:

Heiðruðu alþíngismenn og fulltrúar Íslendínga!

Það hefur þegar leingi verið samhuga bæn og vilji þjóðarinnar, að rýmkað væri um verzlunarlög Íslands, og fór seinast bænarskrá um það efni frá þjóðþínginu 1851 til stjórnarinnar, og hafði hún lagt frumvarp til verzlunarlaga Íslands fyrir ríkisdaginn í vetur; en þar eð þessu er enn ei leingra komið, þá biðjum vèr yður, heiðruðu alþíngismenn Íslendínga! enn á ný þegnsamlegast að ánýja þá samhuga ósk og bón allra Íslendínga við stjórnina, að hún sem fyrst leysi af oss hin fornu bönd, er helzt til leingi hafa legið á verzluninni, og biðjum

yður því, á alþingi í sumar að semja þegnsamlega bænarskrá til vors allra-mildasta konúngs, um, að hann sem fyrst veiti oss *frjálsa verzlun,* samkvæmt því, er beðið var um á þjóðþinginu 1851.

Guð sè með yður öllum!

Ritað á frjálsum fundi að Kollabúðaeyrum 21. d. júním. 1853.

Síðan afhenti hann hana Jóni Guðmundssyni. Hann gat þess, að þingmenn mundu hafa sèr hugfast, að hèr væri einúngis að tala um, hvort nefnd ætti að setja í málunum, eður ekki.

Konúngsfulltrúi: Það kynni að sönnu að virðast miður nauðsynlegt, að senda nú konúngi nýja bænarskrá um verzlunarfrelsi fyrir Ísland, þar eð stjórnin og þingið eru sammála um þetta efni, og þar eð það er alkunnugt, að stjórnin á næst liðnum vetri hefur lagt fyrir ríkisþingið í Danmörku frumvarp til verzlunarlaga fyrir Ísland, sem í öllum höfuðatriðum er samkvæmt uppástúngu þeirri, er kom frá þjóðfundinum 1851; og það er því líka miður tilhlýðilegt, hvernig bænarskráin frá Þíngvallafundinum er orðuð í niðurlagi sínu. En samt sem áður vil eg ei vera því mótfallinn, að málefni þetta verði nú tekið til yfirvegunar hèr á þinginu, og nefnd kosin í því; því eg hef heyrt það með rökum, þó eg hafi í embættisskyni ekkert um það feingið, að frumvarp það, sem lagt var fyrir ríkisþingið, hafi mætt töluverðri mótspyrnu og mótmælum erlendis, og gæti það vel verið, að sumt af því, sem farið er á flot í mótmælum þessum, væri ei Íslandi alls kostar hentugt; og ímynda eg mèr því, að stjórninni mundi ei vera það ógeðfellt, þó að mótmæli þessi væru tekin til yfirvegunar hèr á þinginu, og hún gæti feingið að heyra álit alþingis um þau, áður en málinu er til lykta ráðið.

Jón Guðmundsson: Mèr er ánægja að því, að konúngsfulltrúinn stefndi ræðu sinni í líka átt, og eg vildi benda. Það eru einmitt líka þessi mótmæli og samtök danskra eða útlenzkra kaupmanna, sem ættu ekki að eins að hvetja alþingi til, að endurnýja þessa bæn sína, heldur einnig til þess, að sýna, hvað þau sèu miður holl, og hrekja þau. Með fram hefur og þingið tækifæri til, að votta gleði sína yfir því, og viðurkenna, hversu stjórnin hefur fallizt á tillögur þjóðfundarins og hinna undanförnu alþinga í verzlunarmálinu. Í tilliti til Þingvalla-bænarskráarinnar er eg á sama máli og hinn háttvirti konúngsfulltrúi, að mèr þykir niðurlag hennar miður heppilega orðað. Hvað tölu

nefndarmanna í þessu máli snertir, álít eg, að 3 manna nefnd muni nægja; því hèr er ekki að ræða um neitt nýtt mál, eða undir búa það frá stofni, heldur að eins, að skýra nákvæmar einstök atriði þess.

Jón hreppst. *Sigurðsson:* Skyldi þingið ekki geta fallizt á, að senda ávarp um þetta til stjórnarinnar í einu hljóði, án þess að kjósa nefnd, því sú aðferð kynni að tefja minna fyrir þinginu, sem nóg hefur að starfa, en mál þetta kunnugt og margútrætt áður hèr á þingum.

Forseti: Þó ávarp væri sent, þyrfti samt að kjósa til þess nefnd; en það er undir nefndarmönnum komið, hvort þeim þykir nauðsynlegt, að taka fram viss atriði í þessu máli í nefndaráliti sínu.

þ. Jónassen: En hafa menn þá mótmælin? því annars verður þeim ekki svarað; ef maður á að geta rekið þau, þá þarf maður að hafa þau og þekkja.

Jón Guðmundsson: Þó maður ekki hafi beinlínis mótmælin hjá sèr, vita menn þó, að þau hafa komið fram; því danskir kaupmenn hafa alls ekki borið það af sèr, sem er komið fram í dönskum blöðum um samtök þeirra og mótmæli.

Forseti: Þar eð einginn mælir á móti nefnd, og stúngið hefur verið upp á 3 manna nefnd, bið eg þingmenn að kjósa 3 menn í nefnd, til að íhuga þetta mál.

þ. Sveinbjörnsson: Eg fyrir mitt leyti verð að biðja þingið, að hlífa þeim, sem eru í þessari umfángsmiklu nefnd um jarðamatið, því ef maður á að eyða kröptum sínum til margs annnars, kynni eitthvað að brenna við; við, sem erum í þessari nefnd, höfum nóg á okkar könnu.

Því næst var geingið til atkvæða, og urðu þeir kosnir:

H. prófastur *Stephensen*	með	17 atkv.
P. amtmaður *Havstein*	—	15 —
og *J.* lögfræðíngur *Guðmundsson*	—	12 —

og las forseti atkvæðin upp.

Forseti: Þá er næst að taka málefni þau, er við koma sveitastjórn, og eru komnar 7 bænarskrár, sem þar að lúta. Eg leyfi mèr að spyrja hina háttvirtu þingmenn, hvort nokkur þeirra vill gjöra það málefni að sinni uppástúngu, svo þingmenn geti látið í ljósi ætlun sína um, hvort kjósa skuli nefnd í það eða ekki.

H. Stephensen: Eg er fús til, að gjöra þetta málefni að minni uppástúngu.

Afhenti þá forseti honum allar bænarskrár þær, sem að sveitastjórn lutu.

H. Stephensen: Bænarskrárnar fara ekki allar í eina stefnu, og sumar af þeim fara í fleiri efni, en sveitastjórnina eina. Eg vil því gjöra bænarskrána frá Þingvöllum að undirlagi málefnis þessa.

Forseti: Má ske hinir háttvirtu þingmenn vilji þá láta í ljósi meiníngar sínar um aðalatriðin í þessu máli, og ef þeir mæla með, að nefnd verði sett, þá jafnframt, hvað marga muni þurfa í hana.

M. Andrèsson: Mèr þykir þetta mál svo miklu varða, að eg sting upp á, að nefnd verði kosin í það, og ætla eg eigi færri nægja í hana en 5 menn.

H. G. Thordersen: Eg má að vísu játa það, að eg hef ekki lesið bænarskrár þessar, en sveitastjórnin hefur jafnan legið mèr, og liggur mèr enn, mjög á hjarta. Og þar eð mèr virðist málefni þetta eitthvert hið mikilvægasta mál, þá mæli eg með því í krapti, að í það verði kosin nefnd, og efalaust 5 manna nefnd.

P. Pètursson: Eg er í þessu á sama máli og hinn virðulegi þingmaður Árnesínga, og leyfi eg mèr að bæta því einu þar við, að mèr finnst, að það, að svo margar bænarskrár eru, víðs vegar að úr landinu, komnar hingað um þetta efni, sè ljósastur vottur þess, hversu almennt tilfinníng manna fyrir þessu málefni sè vöknuð. Eg ætla og ekki, að í þessa nefnd muni veita af að kjósa 5 menn, og það því síður, sem bænarskrárnar fara nokkuð sín í hverja átt. Eg álít það og í alla staði tilhlýðilegt, að þingið veki athygli stjórnarinnar á þessu máli, þar sem sveitastjórn hèr hlýtur að verða sèrstaklega löguð eptir hinu sèrstaklega ásigkomulagi lands þessa og landsháttum, svo það er varla ætlandi, að stjórnin geti lagt frumvarp til hennar fyrir alþingi, nema þingið sè áður búið að gefa henni einhverja leiðbeiníngu til þess. En varúðarvert þykir mèr það þó fyrir nefndina, að fara mjög lángt út í málefni þetta, eða gjöra það mjög margbrotið og flókið, því þá er, ef til vill, hætt við, að stjórnin geti ekki tekið uppástúngur þingsins til greina, eða rímað þær saman við þá tilhögun, sem verða kann á stjórn landsins yfir höfuð. Verði þar á móti mál þetta ekki tekið

hèr fyrir á þessu þíngi, þá er eg hræddur um, að af því kunni að leiða, að nokkur dráttur verði á þess konar frumvarpi frá stjórninni, að minnsta kosti þángað til Danir eru búnir að koma sinni eigin sveitastjórn í lag, og koma á nýjum sveitastjórnarlögum hjá sèr, og má þá búast við, að þeir sníði frumvarpið til hinnar íslenzku sveitastjórnar meira þar eptir, en hèr kynni að eiga við, eða vera hentugt.

Ó. Sivertsen: Þegar menn líta til þess, að holt er heima hvað, og að bezt verði við komið, að byrja frá því minna til hins meira í flestum efnahag manna, þá er því fremur mælandi með nefnd í máli þessu, sem hèr sýnist, að byrjunin geti orðið undirbúningur, og að hèr sè umvarðandi, að byrjunin komi heiman að frá oss, en ekki frá annari þjóð, sem miklu miður þekkir landshagi vora og sveitakjör, en vèr sjálfir ættum að geta þekkt. En þó verð eg að álíta mál þetta svo vandamikið, að eg tel mjög umvarðandi, að vel takist að velja í nefnd þessa, og hversu vel sem það tekst, vil eg þó hreifa því, að allir hinir heiðruðu þíngmenn vildu aðstoða nefndina með góðum ráðum og athugasemdum, sem þeir kynnu að hafa annaðhvort í huga eða hendi. Eg mæli því með, að í nefnd þessa veljist ei færri en 5 menn.

H. G. Thordersen: Það þarf í raun og veru ekki að ræða mikið um þetta mál, en þó vil eg minnast á það, að eg ætla bezt, að málefni þetta byrji sem einfaldlegast og íslenzkulegast, sem unnt er. Það hefur jafnan vakað fyrir mèr um það, að eins og bænin geingur út frá hjartanu, eins geingi þetta mál út frá heimilunum. Eg vil því hvetja þíngmenn til, að velja þá menn í nefnd í þetta mál, sem mest eru íslenzkulegir, og óska, að drottinn hjálpi þeim, til að leysa starfa sinn sem bezt af hendi.

Ásgeir Einarsson: Mig minnir, að áður hafi verið stúngið upp á því á alþíngi, að stjórnin sendi híngað sveitastjórnarfrumvarp, og mælti eg á móti því af þeirri ástæðu, að opt hefur verið kvartað yfir því, að lög vor ættu hèr illa við, af því þau væru sprottin af útlendri rót, enda sagði konúngsfulltrúinn, sem þá var, *Bardenfleth,* að af sveitastjórnarlögum Dana mundi lítið dæmi verða dregið, sem hèr ætti við. Fellur mèr því vel meiníng sú, er nú hreifir sèr hèr hjá hinum konúngkjörnu þíngmönnum í þessu falli.

En hvað það snertir, er hinn heiðraði þíngmaður Barðstrend-

inga sagði, að bezt væri að byrja neðan að, þá gaf það mèr þá hugvekju, að þegar þingið semdi uppástúngu til sveitastjórnarlaga, þyrfti það að hafa í huga yfirstjórn þá, sem væri yfir sveitastjórninni, svo ekki yrði þreingt of mjög að sanngjörnum aðgjörðum sveitastjórnarinnar.

Árið 1847 minnir mig að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi, sem nú er, gæti þess, að hann hefði í huga, að leggja fram sveitastjórnarfrumvarp, og gæti verið, að hann hefði eitthvað hugsað um það mál síðar, og væri hann vís til, að leiðbeina nú nefnd í þessu máli, ef hún væri kosin.

G. Brandsson: Ef mig minnir rètt, þá taka bænarskrárnar ekki fram galla þá, sem nú eru á sveitastjórn hèr í landi, nè heldur, hverjar bætur þar ættu við, og hefði það þó án efa orðið til mikils gagns fyrir þingið, og ekki held eg, að sá finni mikið til, sem ekki getur sagt frá því, hvernig eða hvar hann er veikur. En þeir, sem bænarskrárnar hafa samið, ætla má ske þinginu að ráða úr þessu. Þó er það nokkuð efasamt; því í sumum bænarskránum er þess beðizt, að þingið biðji stjórnina eingaungu að búa til ný sveitastjórnarlög, en aptur fara aðrar fram á nokkuð annað, og þessu áþekkar hafa mèr heyrzt ræður þingmanna þeirra, sem talað hafa um þetta. En ef að nú þingið skyti þessu til stjórnarinnar, þá væri það viðurkenning um, að þjóðin gæti ekki sjálf úr því ráðið, og játaði sig þar með lítt hæfa, til að taka þátt í löggjöf sinni. Eg minnist þess líka, að herra biskupinn sagði, að bezt væri, að stjórnarbót vor byrjaði á hinu lægsta stigi, og held eg þá, að hún ætti að byrja á hússtjórninni; því mèr finnst hún vera undirstaða sveitastjórnarinnar.

H. G. Thordersen: Hússtjórn og sveitastjórn eru sameinaðar.

G. Brandsson: Það getur verið; en þó hugsaði eg, að hússtjórnin lægi nær hverjum einstökum manni.

Jón Jónsson: Hafi eg tekið rètt eptir orðum þingmannsins frá Strandasýslu, þá skilst mèr, að hèr á þingi áður fyrri hefði komið í umræður frumvarp til sveitastjórnarlaga, og ef það, sem mèr svo skildist, hefði verið frá einum hinum helzta manni í landinu, þætti mèr miklu varða, hvað um það liði, og það feingist að sjást, ef kostur væri á því, og vildi eg óska, að konúngsfulltrúinn, sem eitthvað mun þekkja til þess, skýrði þinginu frá, hvort það er til, eða hvar að finna.

Konúngsfulltrúi: Í tilliti til þess, er hinir heiðruðu þingmenn frá Stranda- og Þingeyjar-sýslu áðan lètu í ljósi, skal eg geta þess, að eg á alþingi 1847 lèt þá meiníngu í ljósi, að æskilegt væri, að betri sveitastjórn kæmist á hèr hjá oss á Íslandi, en nú á sèr stað, og að hún væri grundvölluð á frjálsari lögum, en nú gilda; en samt mun eg varla, eptir því sem mig til minnir, hafa lofað því, að semja frumvarp til sveitastjórnar, enda var málefni þetta þá ekki svo lángt á leið komið, og síðan hafa tímarnir og kríngumstæðurnar hindrað mig frá því. Eg get ei annað, en verið þeim heiðruðu þíngmönnum, sem áður hafa talað, samdóma í því, að undirstaða til sveitastjórnarlaga verði að leggjast hèr í landi, og að slík undirstaða, hentuglegast muni verða til búin af þeim mönnum, sem gjörkunnugir eru sveitalífinu hèr á landi, og nákvæmlega þekkja, hvernig því til hagar. Þar eg nú tel það víst, að nefnd muni verða sett í málinu, skal eg með ánægju gefa henni allar þær upplýsíngar og leiðbeiníngar, sem eg er fær um.

P. Pètursson: Eg verð að leyfa mèr að taka það fram, svo menn misskilji ekki orð mín áðan, að eg meinti ekki, að þíngið skyldi búa til frumvarp til sveitastjórnar, til að leggja fyrir stjórnina, heldur að eins, að það gefi henni leiðbeiníngu, eins og þíngið hefur og fyrri gjört í ýmsum málum. Viðvíkjandi því, sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að bænarskrár þær, sem til þíngsins eru komnar um þetta efni, á kvæðu ekkert víst um verkahríng sveitastjórnarinnar, eða fyrirkomulag það, er menn helzt kysu henni komið í, þá vil eg geta þess, að það er vant að vera svo, að tilfinníng þarfarinnar er í fyrstunni óljós, að menn finna opt og tíðum til þess, að eitthvað þarf endurbótar við, áður en þeir sjá, hvernig endurbótinni eigi að vera háttað, eins og eg líka vel get ímyndað mèr, að þeir, sem tekið hafa þátt í þessum bænarskrám, hafi hugsað, að þeir kynnu að binda hendur þíngsins, ef þeir færu nákvæmlega að til taka fyrirkomulag og verkahríng, þeirrar sveitastjórnar, er þeir beiddu; og verð eg þó um leið að geta þess, að, eptir sem mig minnir, tala þó sumar bænarskrárnar um nokkuð víst, til að mynda tölu sveitarstjóra eptir víðlendi og hreppsbúafjölda, svo sem 5 eða 7.

J. Samsonsson: Þeir, sem sömdu og undirskrifuðu bænarskrána úr Skagafjarðarsýslu um sveitastjórn, bæði nú og líka árið 1847, ætluðust til og óskuðu þess, að alþíngi út veldi ann-

aðhvort af sínum eigin flokki eða öðrum löglærðum mönnum í landinu, þessu máli vel vaxna menn, sem gætu síðan gefið stjórninni hagkvæmar bendíngar um, hvernig sveitastjórnin ætti hèr að vera.

Páll Sigurðsson: Eg vil geta þess, að líkt stóð og á í Rángárvallasýslu. Nauðsynin, til að bæta sveitastjórnina, var að allra meiníngu brýn, en þó að menn treystu sèr þá ekki til þess, að koma fram með beinar uppástúngur á jafnstuttum tíma, því málefni þetta væri svo umfángsmikið og vandskoðað, því það væri fyrsta undirstaða góðrar landstjórnar, þá álitu menn þó rèttast, að fela alþíngi það. Líka varð og nokkur ágreiníngur, hvort alþíngi gjörði ekki bezt í, að velja ýmsa menn út um landið til að yfirvega mál þetta, sem væri svo vandskoðað, heldur en að senda nú þegar bæn frá sèr um það til konúngs; hèldu margir, að hentara mundi og affarabetra, að fresta, ef til vildi, málinu en flýta.

Á. Einarsson: Árið 1847 kom eg híngað með bænarskrá frá Strandasýslu, um betrun á kjörum hreppstjóra, og mælti hinn háttvirti konúngsfulltrúi (sem þá var konúngkjörinn þíngmaður) móti bænarskránni af þeirri ástæðu, að hann hefði í huga, að bera upp sveitastjórnar-frumvarp.

J. hreppst. *Sigurðsson:* Eg er á sama máli um þetta, og þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu, að mèr virðist það vera mikill galli á bænarskránum, að þær nefna ekki gallana á þeirri sveitastjórn, sem nú er. Annars held eg með tilliti til hreppstjórnarinnar, þá sè minna kvartað yfir henni nú en áður, þá 4 og 5 hreppstjórar voru í hverri sveit, og víst mundi sveitastjórnin nú þurfa að vera öðruvísi löguð, en sú var, og hygg eg, að nákvæma menn þurfi að velja í þessa nefnd, er geti fundið upp hentugar reglur stjórninni til leiðarvísis, þar henni mundi annars verða óþægilegt að gjöra frumvarp, svo hentugt verði, og mæli eg með 5 manna nefnd.

P. Pétursson: Eg vil leyfa mèr að geta þess, að, hvað hreppstjórana sjálfa snertir, þá hef eg ekki á móti sveitastjórn þeirri, sem nú er; og eg tel það víst, að til þessarar stöðu muni jafnan veljast duglegir menn, en eg hygg, að það sè til sannindamerkis um, að bæði þeir og aðrir finna, hversu erfið sýsla þeirra og ónóg stjórn þeirra er, að eg veit til þess, að í sumum sveitum kveðja hreppstjórar með sèr til ráða og aðstoðar beztu

mennina og hyggnustu, og sumstaðar hafa menn búið sèr til eins konar sveitastjórnarreglur.

P. Sigurðsson: Það, sem hinn háttvirti konúngkjörni þingmaður nú mælti, á sèr og stað á sumum stöðum í Rángárvallasýslu, að hreppstjórar eru farnir að taka beztu bændur til ráðaneytis, og hefur það þótt öllu betur fara; að minnsta kosti hafa sveitarmenn verið ánægðari með þessa tilhögun.

M. Andrèsson: Hvað þetta sveitastjórnarmálefni snertir, vaka fyrir huga mínum þau orð, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi, sem nú er, mælti á þinginu 1847; því þau styrkja þá meiníngu mína, að þörf sè á breytíngu; hann nefnilega sagði, að alla sveitastjórn þyrfti að bæta frá rótum, og að hreppstjórum væri of vaxið einum, að jafna niður aukaútsvarið, sem væri þýngsta útgjald bænda; væri því mesta þörf á, að þeir hefðu aðstoðarmenn, valda eptir frjálsum grundvallarreglum. En þörf þessi eykst þó árlega, því svo að segja eykst á ári hverju það, sem heimtað er af hreppstjórum, og skýrslur þær fjölga mjög, sem þeim er ætlað að gefa yfirboðurum sínum um ýmislegt.

Jón hreppst. *Sigurðsson:* Eg vildi koma í veg fyrir, að þíngmenn skildu mig svo, að eg hèldi mjög fast með einvaldri hreppstjórn; því fyrir laungu er á komin sú regla í Mýrasýslu, að nokkrir menn eru kosnir til tíundarskipta með hreppstjóranum, og var það fyrst eptir ákvörðun amtmanns Bjarna Þorsteinssonar, en það ímynda eg mèr, að sú nýja ímyndaða sveitastjórn þurfi að hafa 1 forstöðumann, er gángist fyrir framkvæmdum, og beri ábyrgðina.

Jón Jónsson: Í norður- og austur-umdæminu er fyrir tilhlutun amtmannsins komin á sú regla, að hreppsbúar velja hina helztu og hyggnustu menn í hverjum hrepp, til að jafna niður aukatillögum með hreppstjóranum á haustum, og er sú venja orðin innleidd í flestum eða jafnvel öllum sýslum umdæmisins.

G. Brandsson: Eg þekki og suma, sem hafa tekið upp á þessu, án þess amtmaður eða sýslumaður hafi hvatt til þess eða skorizt í það, og svo held eg það sè víða hvar í suðuramtinu; að betur fari nú en áður, dreg eg ekki í efa, jafnvel þó finna megi dæmi að hinu gagnstæða, og víst er um það, að bændum er þetta gèðfeldara, sjálfsagt meiri hluta þeirra, enda ætti þeim ekki að vera það of gott, þegar það miklu fremur bætir en spillir.

J. P. Havstein: Eg leyfi mèr að geta þess, að í norður- og austur-amtinu eru hreppstjórar æfinlega valdir á manntalsþingum.

Jón Guðmundsson: Eg leyfi mèr að geta þess, að mèr finnst, að ræður þingmanna sèu nú farnar að fjarlægjast nokkuð efnið; því hèr er það að eins umtalsefnið, hvort kjósa eigi nefnd eða ekki.

St. Jónsson: Eg kannast við, að í norður- og austur-amtinu er mönnum gefinn kostur á, að kjósa menn með hreppstjóra til aukaútsvars-niðurjöfnunar, og ef það er ekki gjört, er það af því, að bændur ekki skeyta um það eða álíta þess þörf. En eg held, að menn ættu þó að fara fram á sveitarstjórn í frjálslegu formi, því það væri merkilegt, ef menn vildu hafa *hana* eina einokaða á þessum tímum. (Hlátur.)

Páll Sigurðsson: Eg man ekki eptir því, að amtmaðurinn í suðuramtinu hafi nokkurn tíma þar gefið tækifæri til slíkrar sveitastjórnar, opinberar auglýsingar eða reglur, sem miðuðu til þeirrar frjálslegu sveitastjórnar, sem frá var sagt í norður- og austur-amtinu.

H. Stephensen: Það veit eg þó, að víða í suðuramtinu taka hreppstjórar sèr hjálparmenn, til að semja tíundarskýrslurnar, og þykir svo betur fara en áður, og alstaðar í Borgarfjarðarsýslu eru hreppstjórar kosnir af hreppsbændum.

Forseti kvaðst ætla, að inngángsumræðum um þetta mál væri nú lokið, fyrst einginn stæði framar upp, og bað menn því, að kjósa 5 manna nefnd í þetta sveitastjórnarmál, þar eð einginn mælti á móti, að kosin yrði 5 manna nefnd í málið.

Þingmenn greiddu þar næst atkvæði, og voru kosnir þeir:

H. Stephensen, prófastur,	með . .	17	atkvæðum,
St. Jónsson, umboðsmaður,	— . .	16	—,
P. Pètursson, prófessor,	— . .	15	—,
J. Guðmundsson, lögfræðingur,	— . .	11	—,
J. P. Havstein, amtmaður,	— . .	10	—.

Síðan las forseti upp atkvæðin.

Forseti: Þá liggur næst fyrir bænarskrá frá Þorskafjarðarfundinum, sem er hið þriðja mál á dagskránni, en nr. 9 á yfirlitsblaðinu; hún fer fram á, að konúngur undirskrifi íslenzka textann. Hver af hinum háttvirtu þingmönnum vill gjöra þessa bænarskrá að uppástúngu sinni?

Páll Sigurðsson: Eg vil það; því það er mín og hvers

Íslendings sannfæring, að konúngur eigi að undirskrifa þau lög, sem hann skipar oss að hlýða.

Þ. Jónassen: Þingið hefur tvívegis, eins og kunnugt er, farið þess á leit, að konúngur staðfesti með undirskript íslenzka textann af þeim fyrir Ísland útgefnu lagaboðum, og það er líka alkunnugt, að sú bæn ekki hefur getað öðlazt bænheyrslu. Að fara sömu bæninni nú aptur á flot, virðist mèr því bæði tilgángslaust og heldur ekki tilhlýðilegt, þar sem þingið fyrir fáum dögum, í auglýsíngu stjórnarinnar til alþingis, hefur feingið fulla vissu um það, að bæn þessi ekki geti feingið áheyrslu, og er það mitt álit, að einga nefnd eigi að setja í þessu máli, þar sem það er hægt að sjá fyrir, að það yrði árángurslaust, eins og að undanförnu.

Páll Sigurðsson: Það eru eingar ástæður gefnar fyrir afsvarinu, og mèr sýnist, að maður ætti þó að minnsta kosti að geta feingið að vita þær.

Konúngsfulltrúi: Í tilliti til þessarar bænarskráar verð eg að vera á sama máli og hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, er áðan mælti. Sem konúngkjörinn þíngmaður á alþíngi 1847 mælti eg að vísu fram með líkri bænarskrá, vegna þess, að eg áleit það sanngjarnt, að þjóðin feingi lög þau, er hún á eptir að breyta, á sínu eigin máli, og sömu meiníngar er eg enn þá. Hins vegar er eg viss um, að einhverjar óumflýjanlegar tálmanir hljóta að vera máli þessu til fyrirstöðu, því annars mundi konúngur vor, er gjarnan uppfyllir allar sanngjarnar óskir vorar Íslendínga, þegar hafa veitt oss þessa bæn. Og þegar nú konúngur hefur tvisvar neitað oss um þessa bæn, og nú seinast í þeirri auglýsíngu til þíngsins, er þeim heiðruðu þíngmönnum hefur nýlega verið afhent, vil eg hafa því skotið, ekki einúngis til yfirvegunar, heldur og einnig til tilfinníngar hinna heiðruðu alþíngismanna, hvort það muni með öllu vera tilhlýðilegt, að ítreka nú þessa bæn aptur. Eg get því ei annað, en ráðið því heiðraða þíngi frá því, að kjósa nefnd, eða senda bænarskrá í þessu máli.

P. Pètursson: Eg ætla einúngis að láta þíngmenn heyra ástæður fyrir því, að eg verð að greiða atkvæði móti því, að nefnd verði sett í þessu máli. Það er að vísu eðlilegt, að Íslendíngar æski þess, að fá undirskript konúngs, og það get eg ekki láð þeim; en mèr sýnist leiða af stjórnartilhögun Dana, að þetta er að svo stöddu ómögulegt, því á meðan málefnin

heyra undir marga ráðgjafa, sem eiga að ábyrgjast gjörðir sínar, er ekki von, að þeir vilji standa inni fyrir réttri útleggíngu á lagaboðum, sem gildi eiga að fá hèr á landi; því til þess þyrftu þeir að vera íslenzkir, eða að minnsta kosti að skilja íslenzku. Mèr virðist því, að undirskript konúngs undir íslenzkuna á lagaboðum verði að réttu lagi að vera afleiðíng breytíngar á stjórnartilhögun þeirri, sem nú er, en geti ekki verið undanfari hennar, og að stjórninni sè því, meðan svo er ástatt, ómögulegt, að verða við þessari bæn alþíngis.

Páll Sigurðsson: Mèr finnst það ekki vera hættulegt, að ítreka bæn sína: því opt biðja börn elskulegan föður optar en einu sinni eða tvisvar um sama hlut; en það er innst í sannfæríngu minni, að við eigum enn þá einu sinni að ítreka bæn vora; því eg get aldrei skilið í því, að nokkur stjórn geti heimtað, að þegnarnir hlýðnist þeim lögum, er þeir ekki skilja, og það er nokkurn veginn víst, að full virðíng laganna getur aldrei þróazt með þeirri tilhögun, sem nú er; en meðan hún næst ekki, þarf eingan að undra, þó þau sèu laklega haldin.

Jón Guðmundsson: Eg fellst reyndar öldúngis á það, sem konúngsfulltrúinn sagði; en eg fyrir mitt leyti álít, að við höfum fyrir okkur vafalausan rètt, og að við þannig vel getum ítrekað bæn vora. Eg skil aldrei, að nokkur konúngur geti hugsazt, sem ekki sè fær um, að skilja þegnana, og að þegnarnir skilji hann, sem ekki sè fær um, að setja þegnum sínum, hverjir sem þeir eru, og hvaða túngu sem þeir tala, traust lög og með fullu helgi. Það er ekki sem rèttast, að berja við *konúnginum* í þessu máli; það er ekki *hann,* heldur eingaungu hinir *dönsku ráðherrar hans,* sem eru þessari beiðni vorri til fyrirstöðu, og það er óráð, að vilja ekki biðja konúnginn um það, sem vèr eigum á vafalausan rètt. Vèr vitum t. d., að Friðrik 7. gaf okkur konúngsúrskurð 23. sept. 1848, með þeim ráðherrum, sem *þá* sátu að völdum, og að hinn sami allramildasti konúngur sendi okkur líka auglýsínguna af 12. maí 1852, með undirskript þeirra ráðgjafa, sem *þá* rèðu; en þó kemur eingum Íslendíng til hugar, að eigna þetta konúnginum eða hviklyndi eða brigðlyndi hans. Hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður, sem talaði fyrir skemmstu, sagði, að með þessari bæn væri farið fram á það, sem ekki gæti feingizt, nema fyrir undanfarna stjórnarbreytíngu þá, að konúngur tæki sèr til ráðaneytis íslenzkan ráðgjafa, en eg veit ekki betur, en hèr sèu

komnar til þingsins bænarskrár um, að rita ávarp í stefnu, sem miðaði til þeirrar stjórnarbreytíngar, og þá má þetta mál verða því til stuðnings. Að öðru leyti sting eg upp á, að 3 menn verði valdir í nefnd, til að íhuga þetta málefni.

Ásgeir Einarsson: Eg ætlaði áðan að geta þess, að það, sem hinn 2. konúngkjörni þingmaður andlegu stèttarinnar áðan mælti, líklega hefur vakað fyrir stjórninni, þegar hún neitaði okkur bænheyrslu. En ef það eru ráðgjafarnir, og ekki konúngurinn sjálfur, sem standa þessari bæn vorri í vegi, þá mun bezt, að fara með það eins og stórgrýttan veg, og reyna að ryðja þeim steininum úr vegi, sem mest stendur okkur fyrir því, að við fáum bænheyrsluna, og held eg, að bezt væri í því tilliti, að fram fylgja þeirri ósk, er áður hefur enda hreift sèr hjá Íslendíngum, að íslenzkur ráðherra væri með, sem hefði ábyrgð gjörða sinna fyrir Íslendíngum, og getur verið, að sú stefna væri eins tiltækileg í þessu máli, eins og að vera einlægt að höggva ofan í sama farið með þessa opt þverneituðu bæn.

Jón Kristjánsson: Eg fyrir mitt leyti álít, að við höfum einga orsök til, að hætta við bæn vora; því vèr eigum að biðja og ekki að þreytast, og einhvern tíma kunnum við má ske að fá bænheyrslu.

Magnús Andrèsson: Mèr fyrir mitt leyti finnst því brýnni nauðsyn fyrir okkur, að öðlast bænheyrslu á þessu, sem hinn 2. konúngkjörni þingmaður andlegu stèttarinnar sagði, að ráðgjafarnir mundu ekki treysta sèr til, að undirskrifa íslenzka textann, því þeim muninum háskalegra er fyrir okkur, að reiða okkur á lögin.

P. Pètursson: Eg held þó, að óhætt sè fyrir okkur í þessu tilliti, að reiða okkur á þau, því við eigum mann ytra, sem hefur ábyrgð á gjörðum sínum fyrir stjórnarherrunum, og þess vegna líka á þessu; að öðru leyti hef eg ekki haft á móti þessari bæn af því mèr þyki hún ekki eðlileg, heldur af hinu, að eg sè ekki, hvernig hún geti feingið áheyrslu, eptir því sem nú er ástatt.

J. hreppst. *Sigurðsson:* Vèr höfum rekið okkur á það, að útleggíngin er ekki ætíð rètt. Eg man 2 lagaboð, sem íslenzki og danski textinn mismuna í; það er aukatekjureglug., 41. gr., þar sem talað er um, hvað beri fyrir uppboðshald, og

2) breytingin á fátækra-reglugjörðinni, þar sem árstalið á danska og íslenzka textanum skakkar um heilt ár.

Guðm. Einarsson: Eg verð að mæla fastlega fram með því, að nefnd verði kosin í þessu máli, því að málefni þetta er svo djúpt gróðursett í hjörtum allra sannra Íslendinga, að þeir geta ekki hætt að biðja hvað eptir annað, þó þeir fái afsvar á afsvar ofan.

Mèr virðist líka minni torveldni vera hèr á, en úr henni er gjört; því sè það satt, sem hinn konúngkjörni andlegrar stèttar maður, er fyrir skemmstu talaði, sagði, að konúngur hefði þann mann við skrifstofu hinna íslenzku málefna, sem hefði ábyrgð, þá gæti hann haft ábyrgð á þessu, eins og öðrum málefnum. Þess ber og að geta, að í tíð Kristjáns konúngs 7. (ef eg man rètt) komu út tilskipanir bæði á íslenzku og dönsku, staðfestar með undirskript konúngs undir íslenzka textann, og hafi þá ekki þótt vandhæfi á, að staðfesta hin íslenzku lagaboð með konúngsins nafni og innsigli, þá get eg ekki ímyndað mèr, að nú geti verið nokkrir verulegir meinbugir á því.

Páll Sigurðsson: Mèr sýnist, að Íslendingar geti ekki haft lögin í þeirri virðingu, sem vera ber, allt svo leingi konúngur staðfestir ekki lögin á íslenzku með nafni sjálfs sín; því Dana-stjórn getur ekki heimtað það, að allir Íslendingar fari að læra dönsku, því mèr sýnist, að Íslendingar ættu fremur kröfu á, að stjórnarmenn Dana skildu íslenzka túngu, meðan þeir vilja ráða stjórn á landi voru.

Forseti: Ef einginn mælir móti 3 manna nefnd, bið eg þingmenn, að kjósa 3 í nefnd í þessu máli.

Síðan var geingið til atkvæða, og feingu þeir:

J. lögfræðingur *Guðmundsson* 12 atkv.,
Páll bóndi *Sigurðsson* 8 —,
en þeir *H.* prófastur *Stephensen*, *G.* prestur *Einarsson*, og *Á.* bóndi *Einarsson* 5 atkvæði hver;

varð þá nokkur meiningamunur um, hvort fylgja skyldi 48. gr. alþingistilskipunarinnar, eða hinni 65. gr., með tilliti til, hvort ⅓ atkvæða þyrfti í nefndarkosníngum eða ekki; vildi forsetinn ætla, að hin fyrri greinin ætti að vera reglan, en konúngsfulltrúinn og fleiri af hinum löglærðu mönnum mæltu fyrir hinn síðara, sem og hafði áður verið tíðkað á þíngum hèr; lèt forseti þá, samkvæmt 65. grein alþingistilskipunarinnar, aldur ráða með

þeim þremur, og varð þá sèra Hannes Stephensen 3. nefndarmaður.

Forseti: Þá er næst að taka til yfirvegunar bænarskár viðvíkjandi veiðilögunum, og eru þær 4, og lúta þær allar að breytingu á veiðilögunum. Hver hinna háttvirtu þingmanna vill gjöra bænarskrá þessa að uppástúngu sinni?

E. Kúld: Ef enginn annar vill það, þá er eg ekki ófús á, að gjöra það.

Forseti: Kann ske þingmaðurinn vilji láta í ljósi meiníngu sína um, hvort hann álítur nefnd ætti að kjósast, og skýra í stuttu máli frá innihaldi bænarskráarinnar.

E. Kúld: Kann ske eg megi lesa upp eina bænarskrána af þessum 4.

Forseti: Já.

E. Kúld las upp bænarskrána frá Snæfellsnessýslu, og er hún þannig:

Það er orðið sannað af reynslunni, að veiðilagatilskipunin frá 20. júní 1849 ekki er einhlít, til að útiloka óheimil selaskot of nærri varpeyjum, selalögnum og látrum, því ómögulegt er, að vaka yfir því, hvar firðir milli landa og eyja eru yfir mílu breiðir, að ekki sè skotið, án þess þó, að lögreglustjórnin geti sannað óverknaðinn á hinn seka of nærri löndum, og þó það væri mögulegt, sem ekki er, verður selaskotveiðin samt aldrei nema selveiði í nótum, látrum eða í lögnum, og allri skutulveiði til tjóns og eyðileggingar, en engum til gagns, nema einstaklingum um tíma, meðan selur allur ekki er gjör-eyðilagður og burt fældur frá landi, og geta allir því nærri, hvort selur frá lögnum aldrei muni synda út yfir hálfrar mílu takmarkið, og þá væri honum dauðinn vís, og hinum styggð sú, er fælir hann með öllu frá lögnunum, auk þess, þegar ísalög vilja til, að þá flýr selurinn undan ísnum og í færi út um auðan sjó við skotmanninn. Selaskot á far- og gangdar-sel allan höldum vèr líka mjög skaðleg, því lítið veiðist af honum með byssu, en einnig það er reynslan líka búin að fullsanna, að hans not eru mikil, og getur vaxið lángtum meira, hvar ekki eru brúkuð skot, en að öðru leyti vel hagar til að veiða hann í nótum og með skutli. Vèr erum því fastir á því, að það sè með öllu rètt og nauðsynlegt, sem farið var fram á á alþingi 1847 af einum á þingi og fleirum í nefndum, að því er heyrt höfum, að allur selur hèr við land, að viðbættum farsel, sè með öllu friðaður fyrir

byssuskotum öllum. Og án þess að fara hèr um fleiri orðum, eða færa til fleiri röksemdir fyrir nauðsyninni, sem bæði má ýtarlega lesa í alþingistíðindunum 1847, og fleiri þingmenn næsta alþingis munu nákvæmar skýrt geta, þá dirfumst vèr, að skora á hið heiðraða alþingi 1853, að það sendi bænarskrá til konúngs, og fari þar fram á:

að allur selur sè friðaður kríng um allt land fyrir byssuskotum, eða í hið minnsta á öllum þeim víkum, fjörðum og flóum landsins, frá yztu ann-nesjum, hvar varplönd, nótna- eða uppidráps-selveiði er eða getur verið.

Og til vara:

Allur látur- og út-selur sè friðaður fyrir byssuskotum, þó megi skjóta farsel, hvar ei er of nálægt nótna- eða uppidráps-veiði eptir veiðilaga tilskipuninni.

Ritað í Snæfellsnessýslu í aprílmán. 1853.

Eg get þess að sönnu, að önnur bænarskrá, sem er úr Ísafjarðarsýslu, biður um, að veiðilögin standi. Það mun nú máske sumum þykja undarlegt, að þar sem veiðilaga-tilskipun 20. júní 1849 er svo nýlega gefin út, að menn nú strax fari að biðjast breytíngar á henni; eg skal því geta þess, að í nefndri tilsk. 15. gr. er þannig til tekið: „Eingínn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum“. Nú hagar allvíða á Breiðafirði svo til, að ekki er nema míla sumstaðar milli látra eða lagna, og víða lángt um minna; þegar nú selaskotamennirnir fara á þessar stöðvar, þá mun ekki hægt að sanna, að þeir skreppi ei inn fyrir hálfrar mílu takmörkin; en þar að auki er það, að hvar helzt sem skotið er, fær selurinn mikla styggð af skotunum.

Eg vil og geta þess, að ef leyft er, að skjóta á farselinn, mun ei uggvænt, að hinum selakynjunum verði hætta búin af skotamönnunum; þess utan tel eg það víst, að mikið meira, og víðar en nú er, mætti veiða með skutli og í nótum af farselnum, væri hann ei styggður með skotunum.

Eg get því ei annað, en mælt fastlega með, að nefnd sè kosin í þetta mál.

H. Stephensen: Það kann að sýnast undarlegt og hviklyndislegt, að biðja um umbreytíngu á 4 ára gömlu lagaboði, en eg álít það enn, eins og áður, að látur- og út-selurinn eigi að vera undir sömu vernd, eins og æðarfuglinn, því það er

sannfæring mín, að almennari sèu not hans í landi hèr, og fullt svo arðsöm, sem æðarvarpanna; en farselinn vil eg fyrir mitt leyti ekki hafa undir sömu lögum, og er eg því hèr um bil samdóma þingmanninum frá Snæfellsnessýslu.

Að öðru leyti álít eg, að nefnd ætti að kjósa í mál þetta.

G. Einarsson: Hver sem gætir þess, að á alþingi sitja ófullkomnir menn, sem hvorki geta þekkt allra þarfir, nè heldur ráðið bót á öllum misfellum, hann getur ekki með sanngirni brugðið þinginu um hviklyndi, þó að það sjái í lagaboði einhverju, sem nýlega er út komið, einhver missmíði, er breytíngar þurfa, og ráði því til, að við þau sè gjört; það er líka miklum mun betra, að sjá misfellurnar, þá lagaboðið er komið út, en að geta girt fyrir þær allar við samníngu þess.

En hvað um þetta er, þá gjörir það ókunnugleiki hins heiðraða þíngmanns, er síðast mælti, þá er hann vill hafa far- eða gengdar-selinn undan skilinn friðuninni, þá er hann vill þó friða látur- og út-selinn; því að væri látur- og út-selurinn friðaður, en gengdarselurinn ekki, þá mundu selskytturnar fara ferða sinna, til að skjóta farselinn, en mundu varla geta setið á sèr að senda hinum skeyti, væri hann í færi, með því líka að illt mun vera, að aðgreina í flýti, hvers kynferðis selurinn er, sem í skotmál kemur, og geta þar af málssóknir risið.

Eg verð annars að mæla með því, að nefnd sè í málið kosin, og að hún fylgi því fram, að allur selur verði friðaður um Breiðafjörð, og aðra þá firði landsins, þar sem látur- og út-selur hefst við að staðaldri og kæpir.

E. Kúld: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að úr Mýra- og Dala-sýslu eru samhljóða bænarskrár, og vottar það, að víðar en á Breiðafirði þykir friðun á sel næsta nauðsynleg, því Mýrasýsla nær alls ekki vestur til Breiðafjarðar.

Jón hreppstjóri *Sigurðsson:* Sumstaðar held eg að það þó væri skaði, ef bannað væri að skjóta selinn, svo sem til dæmis hèr á Suðurlandi, þar sem ekki eru lagnir, en einstakir heppnir skotmenn geta feingið stór höpp.

Páll Sigurðsson: Veiðilögin eru að vísu góð, einkum ef þau væru á íslenzku; en viðvíkjandi selaskotunum verð eg að geta þess, að það stendur svo á fyrir mestöllu Suðurlandi, hvar sjáarströndin er slèttur sandur, en eingar víkur, að þar eru hvorki brúkaðar nótlagnir eða uppidráp, og verður varla við komið, utan kann ske austur í Hornafirði, sem mèr er ekki

fullkunnugt, en hins vegar hafa einstakir menn á Suðurlandi nokkurt gagn af selaskotum, og sè eg einga ástæðu til, að meina þeim það; en vilji uppástúngumaður bera fram þá uppástúngu, að Breiðifjörður eða kann ske víkur allar á Vestfjörðum verði friðaðar fyrir selaskotum, þá veit eg ekki, hvort eg verð því mótfallinn.

J. Jónsson: Það virðist mèr of mikil og ósanngjörn takmörkun á selaveiðinni, ef í þeim plázum landsins við sjóarsíðurnar, hvar eingri látra- eða nótna-veiði verður við komið, ellegar hvar hún ekki er brúkuð, og ekki eru heldur varppláz of nærri, skyldi nú eiga að fara að banna alla farsela-veiði með skotum, og landsmönnum þannig vera bægt frá þeim hagnaði, sem þeir þannig gætu notið, og einginn hefði þá annars gagn af.

E. Kúld: Eg skal nú ei leingja umræðurnar um þetta mál, en leyfi mèr einúngis að geta þess, í tilliti til þess, er þíngmennirnir úr Rángárvalla- og Þíngeyjar-sýslu áðan sögðu, að takmörkin mættu ekki vera svo þraung í þessu tilliti, að í tilsk. 20. júní 1849, 15. gr., er æðarfugl friðaður um allt land; því þess vegna ætla eg að nefnd tilskip. banni æðarfugladrápið, að menn hafi álitið það tjón verða af drápi æðarfuglsins fyrir varplöndin, að í eingan stað væri veiði æðarfuglsins tilvinnandi, og sýnist mèr ekki betur, en sama regla gæti einnig átt sèr stað um selinn.

Jón Jónsson: Mèr finnst miklu skipta um æðarfugla eða farsela dráp, og það vera aldeilis sitt hvað í eðli sínu; því æðarfuglinn má að miklu leyti heita taminn, og vissir menn eða varpeigendur ala hann að nokkru leyti upp, og yfir höfuð á hann heima í landinu; farselurinn þar á móti er aðkomugestur úr fjarlægum höfum, og hefur hèr eingan varanlegan samastað; það væri því að minni meiníngu mjög ósanngjarnt, að takmarka landsmenn meir en komið er í þeirri veiði.

Forseti: Jafnvel þó eg vilji sem minnst grípa fyrir ræður þíngmanna, skal eg þó geta þess, að hèr er spurníngin einúngis um, hvort nefnd skuli kjósa eður ekki, svo maður verður að varast að fara út í smásálma.

Á Einarsson: Þegar veiðilaga tilsk. var búin til, voru margir þíngmenn víst ókunnugir þessu máli, því einginn studdi mál Breiðfirðínga, að því leyti snerti að fullkomna látraselafriðun, nema þíngmaður Borgfirðínga og eg. Að öðru leyti álít

eg, að nefnd eigi að kjósa í þetta mál, því að minnsta kosti Breiðafjörður ætti að verða friðaður.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg verð einnig að mæla fram með, að nefnd verði kosin í þessu máli, því fyrir Mýrum stendur svo á, að víða er bæði uppidráp og nótlagnir, og þyrfti eins að friða þar, eins og á Breiðafirði, þó það kann ske ætti ekki við, að friða sel fyrir skotum yfir allt land.

Jón Jónsson: Það er eingan veginn meining mín, þó eg vekji þessar mótbárur móti farseladrápi með skotum, að eg ætli að mæla móti nefndarkosningu í málinu, eða koma í bága við hagnað Vestfirðinga; því hjá þeim hagar líklega svo-leiðis til, eins og þeir skýra frá; en eg vil ekki láta breytinguna ná til þeirra sjópláza, hvar eingin hætta er búin látraveiði eða vörpum, þó farselur sè skotinn, þegar svo ber undir, og vil eg gjarnan mæla fram með nefndarkosningunni, svo þeim við Breiðafjörð, eða víðar þar á Vestfjörðum, ekki verði bægt frá algjörlegri friðun selveiða fyrir skotum.

Forseti: Þar eð nokkur ágreiningur hefur komið fram, hvort nefnd skuli kjósa eða eigi, þá bið eg þingmenn, að ganga til atkvæða um það.

Síðan var ályktað, að nefnd skyldi kjósa, með 17 atkvæðum á móti 4.

Forseti bað því næst einhvern þingmanna að stinga upp á, hvað marga mundi þurfa í nefndina.

H. Stephensen: Eg álít, að nægja muni að kjósa 3 menn.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

Konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson* fèkk 12 atkvæði,

Ó. prófastur *Sivertsen* . . . — 12 —,

og *J.* hreppstjóri *Jónsson* . . . — 9 —.

Því næst las forseti upp atkvæðin.

Forseti: Næst liggur þá, að taka fyrir bænarskrá frá Kollabúðafundinum (nr. 11) viðvíkjandi alþingistollinum. Eg leyfi mèr að spyrja, hvort nokkur hinna heiðruðu þingmanna vill gjöra hana að sinni uppástúngu.

Ó. Sivertsen kvaðst skyldu gjöra það, og tók hann við bænarskránni af forseta.

Forseti bað því næst þingmann Barðstrendínga, að skýra þingmönnum frá efni bænarskráarinnar, svo þeim yrði hún svo ljós, að þeir gætu sèð, hvað þeir vildu gjöra við hana.

Ó. Sivertsen skýrði fyrst frá innihaldi og ástæðum bænarskrárinnar, og las síðan upp niðurlagsatriði hennar svo hljóðandi:

Oss þykir því mesta nauðsyn á vera, að fjölga gjaldstofnum, og leyfum vèr oss því, að skora á hið heiðraða alþingi, að semja bænarskrá til konúngs og beiðast þegnsamlegast, að hans hátign mildilegast gjöri að lögum, að kostnaður til alþingis greiðist:

1. af öllum verbúðatollum sem af fasteign, að svo miklu leyti arðurinn fellur til landsdrottins, en ei til leiguliða;
2. af öllum vörubyrgða- og verzlunar-húsum, samt íveruhúsum af trjávið og steini, þeim, sem leigð eru öðrum af eigendum, og þeir ei sjálfir nota og búa í, gjaldist hið hálfa, sem af fasteign;
3. verzlunarfulltrúar og þjónar þeirra, sem taka að minnsta kosti 100 rbd. á ári, gjaldi af þessum launum sínum að eins hálfum $\frac{1}{10}$ af lögleigu launanna;
4. af þiljuskipaafla, bæði landsmanna og þeirra útlendra skipa, sem leggja afla sinn hèr á land að sumrinu, gjaldist 2 skildíngar af hverjum 100 þorskum, og jafnmikið af hverri tunnu af hákallslifur, sem á land kemur, eptir að 50 hndr. af þorski eða 50 tunnur lifrar, eða hvorttveggja til samans, fyrst er aflað; því af þessu skal alls ekkert greiðast;
5. af launum allra embættismanna, lægri og æðri, gjaldist $\frac{1}{20}$ af lögleigu launaupphæðarinnar, að frátekinum nafnbótaskatti og húsaleigu, og því, sem lagt er í ekkjusjóðinn;
6. að á fasteignina í landinu án undantekníngar og á lausagózið, eptir þeim lögum, er nú gilda, sè lagt það, er hèr á brestur til greiðslu alþíngiskostnaðarins;
7. að reikníngur yfir alþíngiskostnaðinn, útgjöld og inngjöld sè greinilega frá skýrð í landsins tímaritum ár hvert.

Á frjálsum fundi að Kollabúðaeyrum, 23. júní 1853.

Forseti: Eg vil geta þess, að frá Þíngvallafundinum er og ein bænarskrá, sem lýtur að alþíngiskostnaðarskýrslunum, að þær fáist prentaðar, en mèr þótti þó ekki rètt, að láta hana fylgja þessari.

Jón hreppstjóri *Sigurðsson:* Eg verð fyrir mitt leyti að ráða frá umræðum um þetta mál; því mèr virðist það vera of skylt skattalögunum til þess, að það verði hèr rætt til nokkurs gagns eða hlítar, svo umræðurnar um bráðabyrgðalög í þessu yrðu rètt til að tefja þíngið, og baka nýjan og óþarfan kostnað; því

eg hef nú ímyndað mèr, að þá skattgjaldslögin væru á komin, mundi verða hentugast, að taka alþingisgjaldið úr opinberum sjóði, því einlægt verður það ójafnt og óvinsælt, meðan það er lagt á með sèrstökum tolli.

Ó. Sivertsen: Það er þó athugandi hèr við, að minni hluti manna er jarðeigandi, í samanburði við þá, sem ekki eru það, og öllum á þó alþingi jafnt að gagna. Menn eru eingan veginn eins ánægðir með kosníngarlög til alþingis, eins og til þjóðfundarins, þar sem kosníngarrèttur og kjörgeingi var miklu rýmra, og það vildu efalaust mjög margir, að viðlíka rýmt gæti orðið um kosníngarrètt til þings þessa og þá, og gjaldskylduna til alþingis að sínu leyti eins. Eg vil því skjóta til atkvæða þingsins, hvort ei sè hæfilegt, að kjósa nefnd í þetta mál núna, því vera má, að lángt þyki að bíða nýrra skattgjaldslaga, og með þeim breytíngar á alþingistollinum.

M. Andrèsson: Það ætla eg sè orðum aukið, að alþýða sè mjög óánægð með þá gjaldstofna, sem alþingistollur nú hvílir á; þvert á móti finnst mönnum tilhlýðilegt, að hann sè goldinn af fasteignunni, meðan fasteignin ræður kosníngarrètti og kjörgeingi manna, og þegar menn nú vita, að skattgjaldslögin eru á leiðinni, sem gjöra munu breytíngu á þessum tolli eins og öðrum, þá yrði breytíng á alþingisgjaldstofninum, ef væri nú farið að aðhyllast það, sem bænarskráin fer fram á, aldrei nema óverukák og einhver hègómaskapur. (Gott! gott!)

G. Brandsson: Eg er mikið efins í, að umræður um þetta mál svari þeim kostnaði, sem til þeirra kynni að eyðast frá öðrum störfum hèr á þínginu, og vil eg því heldur ráða til, að þeim sè hætt hið fyrsta. Mèr þykir líklegt, að einhverja reki minni til, hversu málefni þessu reiddi af hèr á þínginu 1849; alþingistíðindi þess árs bera þess ljósastan vott, og ef farið yrði nú að eyða öðrum eins tíma og þá til líkra umræðna, og allt dytti svo ofan í sjálft sig aptur, þá þætti mèr takast mjög óheppilega, og þó það nú feingist, sem bænarskrá þessi fer fram á, eða nokkuð af því að minnsta kosti, þá er vandsèð, hvað mikill yrði ávinníngurinn, þegar á það væri litið, hvað mikill tími og þó undir eins peníngar eyddust, til að koma þessu á fastan fót. Hver dagur, sem við sitjum hèr, kostar þjóðina mikið, og að fara að leggja út í mál með eins óvissum árángri, og þetta er, tel eg mikið vandhæfi. Eg segi þetta

ekki af því, að mèr þyki alþingistollurinn vera sem jafnaðarlegast lagður á menn, heldur af hinu, að reynslan er búin að sýna, að erviðlega hefur tekizt, að dreifa honum yfir á fleiri gjaldstofna. Að öðru leyti skírskota eg til þess, sem þingmaður Árnesinga sagði næst á undan.

St. Jónsson: Þegar rætt var um það hèr á þingi, að leggja skyldi alþingisgjaldið á fasteignina, þá vakti það ei helzt fyrir mönnum, að fasteignin rèði kosningum manna til þingsins, heldur hitt, að fasteignin hefur að undanförnu haft minni útgjöld, en annað fè í landinu, og það var aðalástæðan fyrir því, að leggja alþingiskostnaðinn á fasteignina, en hitt ekki, þó jarðeigendur hafi kosningarrètt; því það hefði verið ósanngjarnt.

Á. Einarsson: Bænarskrá þessi og opna brèfið af 2. marz 1853 rekast hèr hvort á annað; því brèfið kostaði víst of mikið til þess, að annað lagaboð komi strax í þess stað, eins og líka stjórninni mun þykja það ísjárvert, strax aptur að gefa nýtt lagaboð um þetta efni.

Á Þorskafjarðarfundinum voru sumir, sem hèldu, að það mundi hèr um bil vinnast upp, kostnaðurinn, sem flyti af umræðum þessa lagaboðs, og ábatinn, sem af því flyti.

Konúngsfulltrúi: Eg vil einnig ráða þinginu frá, að kjósa nefnd í þessu málefni, eða taka það fyrir til meðferðar; því hvorki er bænarskráin til þingsins svo löguð, að neitt verði á henni byggt, og ei heldur mun þingið, með öllum þeim miklu störfum, sem það nú þegar hefur tekizt á hendur, geta komizt yfir, að semja nokkurn veginn viðunanlegt frumvarp um þetta málefni.

Forseti leitaði því næst atkvæða um, hvort kjósa skyldi nefnd í þessu máli, og urðu öll atkvæði gegn því, nema 1.

Forseti kvað þá liggja næst bænarskrá viðvíkjandi skattalögunum (nr. 4 og 14), og leitaði eptir, hvort nokkur þingmanna vildi gjöra það að sinni uppástúngu.

H. Stephensen kvaðst skyldu gjöra það, og afhenti þá forseti honum bænarskrárnar.

H. Stephensen: Það er almennt viðurkennt, að skattalögin síðan 1280 sèu öldúngis hætt að eiga við, ef þau annars nokkurn tíma hafa átt hèr við; allir gjaldþegnarnir finna sárt til ójafnaðar þess, er þau bjóða, og allir hinir lögfróðu kalla þau ránglát og óhæfileg. Þess vegna má enginn furða sig á,

þó beðið sè um breytíngu á þeim, jafnvel bráðabyrgðabreytíngu, þó ekki sè meira, þángað til skattalögin nýju, sem menn vænta sèr alls góðs af, koma, sem eg get ímyndað mèr að vera kunni enn nokkuð að bíða. Eg vona því, að þíngið kjósi nefnd í þetta mál, þar eð það snertir hin almennustu rèttindi hèr á landi.

Konúngsfulltrúi: Eg vil fastlega ráða þínginu til, að fella þessa bænarskrá, ekki af því, að vor nú gildandi skattgjaldslög sèu hagkvæm, því það er almennt viðurkennt, að þau eru það ekki, jafnvel þó það megi telja þeim það til gildis, að gjöld þau, sem eptir þeim greiðast, ekki sèu þjóðinni þúngbær, heldur af því, að nú er verið að undir búa þann stofn á hverjum ný og almenn skattgjaldslög eiga að byggjast, og þegar svo á stendur, er ekki ráðlegt, að fara svo að segja að káka við skattgjaldslögin. Ef uppástúngan frá þínginu ætti að verða nokkuð annað en tóm ósk um, að fá ný lög um lausafjárskatt til bráðabyrgða, þá mundi það verða örðugra og taka meiri tíma, en þíngið nú á kost á að verja til þess konar málefnis. Það er því ráðlegast og í alla staði tilhlýðilegast, eptir því sem nú á stendur, að láta skattgjaldslögin bíða, þángað til verkefni það, þeim til undirbúnings, sem stjórnin hefur feingið þínginu til yfirvegunar, er af hendi leyst, hvar eptir þá má vænta, að frumvarp til almennra skattgjaldslaga verði lagt fyrir þíngið.

H. prófastur *Stephensen:* Ef konúngsfulltrúi gæti vissað mig um, hve nær þessi skattgjaldslög mundu verða búin, þá skyldi eg ekki tala eitt orð um bænarskrár þær, sem hèr ræðir um. Mèr finnst grundvöllurinn fyrir þeim svo skammt á leið kominn, að eg er hræddur um, að hann hrynji, áður en á hann verður byggt. Sá, sem er sjúkur, hann óskar gjarnan linunar, þó hann vænti ekki albata, og eins virðist mèr vera háttað um þetta mál, þar sem skattgjaldslögin eiga að líkindum svo lángt í land enn þá. Í annari bænarskránni er stúngið upp á, að skatturinn hækki eptir hundraðatölu, og virðist mèr, að sú uppástúnga gæti orðið til bráðabyrgða. En eg vil óska, að einhver þíngmanna styrki með mèr bænarskrár þessar.

G. Einarsson: Mèr finnst það vera mesti kvillinn, svo eg haldi áfram líkíngu hins heiðraða þíngmanns, sem síðast talaði, í skattalögunum, þar sem er s k a t t u r i n n, sem kallaður er, og allir þekkja. Eg veit til þess, að ein bænarskrá frá

Þórnesfundinum fer fram á bráðabyrgðalög viðvíkjandi skattinum, og þau ættu að komast á, þó ekki væri annað, því eg held, að alþýða hafi nógu leingi stunið undir þessu ósanngjarna þýngslameini, og að það sè bæði nauðsyn og skylda, að lètta því af henni hið fyrsta, hvað sem svo öðru líður, sem enginn veit hvað lángt er að bíða, þar til bótin fæst, og því mæli eg kröptuglega fram með nefnd í þessu máli.

P. Sigurðsson: Allri alþýðu manna þykir mestu varða um bráðabyrgða-umbót á skattinum, sem allir, bæði alþýða og embættismenn, eru samhljóða um að sè mjög ósanngjarnlega á lagður; en tíundin er og verður ætíð miklu náttúrlegar álögð, og því vil eg leggja til, að þingið taki hana til yfirvegunar.

Jón hreppstjóri *Sigurðsson*: Það vita allir, hvað skatturinn er ósanngjarn; en ekki ætla eg, að alþingi geti búið til nein skattalög, heldur að eins, ef þingið vildi senda konúngi hæverska bæn, að hvata skattalöggjöfinni.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó eg ekki vilji í þetta sinn, meðan einúngis er spurníng um, hvort kjósa eigi nefnd í málinu, leingja þingræðurnar, eða fara lángt út í efni málsins, vil eg þó benda þingmönnum til þess atriðis í annari bænarskránni, af hverri það er ljóst, að sú skattalagfæríng, sem um er beðið, einúngis á að vera í því innifalin, að lausafjárskatturinn verði með meiri jöfnuði ákvarðaður, og líklegt er, að í bænarskránni sè einnig til ætlazt, að hinn nýi lausafjárskattur skuli vera hèr um bil viðlíka hár í sýslu hverri, eins og gamli skatturinn var; en að finna þetta, er enginn hægðarleikur, og þarf mikinn undirbúníng, og að því mun ekki verða unnið, svo vel fari, nema af embættismönnum þeim, sem hafa skattgjaldsbækurnar og önnur þar að lútandi skilríki undir höndum.

J. Guðmundsson: Ef nefnd yrði kosin í þessu máli, þá er um *þrennt* ætlunarverk hennar að ræða, en það er, að búa til fullkomin *skattgjaldslög, bráðabyrgðalög,* eða þá að eins, að *herða á stjórninni, til að búa til skattgjaldslög.* Hið *fyrsta* virðist mèr öldúngis ógjörníngur fyrir þingið, en hitt *tvennt* væri að vísu heldur vinníngur, ef þess væri þörf. En það er ekki, að minni ætlun. Stjórnin er að flýta skattgjaldsmálinu, því hún hefur lagt fyrir þetta þíng hina fyrstu og verulegustu undirstöðu undir það, en það er jarðamatið; og undir eins og þingið vinnur að því máli af alefli, þá vinnur það af alefli að undirbúníngi skattgjaldslaganna. Bæði aðgjörðir hennar við jarðamatsmálið

og verzlunarmálið sýna það, að hún hefur hug á, að endurbæta skattgjaldslögin. Eg get því ekki annað, en ráðið frá því, að nefnd verði kosin.

H. Stephensen: Það er að vísu nokkur huggun, að þetta alþingi á að taka að sèr jarðamatið, eins og þingmaður Skaptfellinga benti á, en hann getur líklega ekki gefið vissu um, að neitt vit fáist nokkurn tíma úr því, sem, að minnsta kosti að minni ætlun, ekkert vit er í frá botni.

Jón Guðmundsson: Vera kann, að þessu þingi auðnist ekki, að koma viti í jarðamatið, en vonandi er, að það geti komið því á vitlegri stefnu.

St. Jónsson: Ef ekkert vit hefur verið í jarðamatinu frá botni, þá er ekki við að búast, að neitt vit verði í skattgjaldslögum, sem þar á eru byggð.

J. Kristjánsson: Það má eg fyrir mitt leyti játa, að mèr finnst jarðamatið vera einhvers konar óskapnaður, en úr honum á nú þingið líklega að skapa eitthvað verulegt.

Forseti bað nú þingmenn að greiða atkvæði um, hvort kjósa skyldi nefnd eða ekki, og urðu 18 móti en 3 atkvæði með nefnd.

Forseti afhenti því næst bænarskrá eina (nr. 17) viðvíkjandi jarðamatinu amtmanni Havstein, sem formanni þeirrar nefndar, er í það mál var kosin.

Að því búnu gat hann þeirra bænarskráa, er hann hefði þegar feingið, auk þeirra, er hann gat um í byrjun fundarins, og las upp yfirlit yfir þær, en þær voru þessar:

Nr. 29. Bænarskrá frá Suður-Þingeyjarsýslu, með 154 nöfnum, að alþingi biðji um, að kosníngarlögin frá 28. septemb. 1849 verði lögtekin fyrir alþingi eptirleiðis, þó svo, að þjóðkjörnir þingmenn verði ekki fleiri en 36, og að hver maður 25 ára gamall fái kosníngarrètt.

— 30. Bænarskrá frá sömu sýslu, með 165 nöfnum, að alþingi ítreki bænarskrá sína frá 2. ágúst 1847 um, að konúngur setji hèr eptir á Íslandi lög einúngis á voru máli, staðfest með innsigli og nafni hans sjálfs, og nafni þess ráðherra, sem hann setur yfir hin íslenzku mál.

— 31. Bænarskrá frá sömu sýslu, með 155 nöfnum, að alþingi sendi konúngi bænarskrá um, *a)* að prentsmiðjan á Akureyri fái að prenta allar bækur án undantekníngar, sem geta út breitt dýrð guðs og kristilega og þarflega upplýsíngu; — *b)* að stjórn og fyrirkomulagi prentsmiðj-

unnar í Reykjavík verði hrundið í það lag, að hún standi í fullum skilum við alla hlutaðeigendur.

Nr. 32. Bænarskrá frá sömu sýslu, með 157 nöfnum, að alþingi biðji konúng um, að stofna hèr á landi búnaðarskóla, og verja til þess ávöxtum hinna fornu klaustraeigna.

— 33. Bænarskrá frá sömu sýslu, með 165 nöfnum, um að alþingi gæti í smáu sem stóru allra rèttinda vorra eptir konúngsbrèfi 23. september 1848, og biðji konúng, að burt taka frá oss reiði þá, sem yfir oss er lýst með konúnglegri auglýsingu 12. maí 1852 fyrir ábyrgðarráðgjafa *P. G. Bang*.

— 34. Bænarskrá frá sömu sýslu, með 157 nöfnum, að alþingi sendi konúngi bænarskrá um, að vèr fáum haganlega sveitastjórn og sýslustjórn, til að stjórna og ráða öllum sveitarmálefnum vorum, og loksins landstjórn í alþingi voru, til að eiga þángað seinasta málskot allra slíkra mála.

— 35. Bænarskrá úr Rángárvallasýslu, samþykkt á sýslufundi að Stórólfshvoli af 37 fundarmönnum úr öllum hreppum sýslunnar, að alþingi vilji bera fram fyrir konúng uppástúngur um breytíngar í aukatekjureglugjörð 10. september 1830.

— 36. Bænarskrá úr Gullbríngusýslu, um að alþingi biðji um, að 26. grein húsaga-tilskipunarinnar frá 3. júní 1746 verði ítrekuð með nýju lagaboði, í sama anda og sama tilgángi, en nokkuð öðru formi, og einkum, að lögboðnar verði vitnisburðarbækur handa bæði hjúum og húsbændum.

— 37. Bænarskrá frá Þíngvallafundinum til alþíngis, að koma því til leiðar, að allar jarðir og fasteignir á landinu hafi jafna tíundarskyldu.

— 38. Bænarskrá frá sama fundi til alþíngis, að minna stjórnina enn einu sinni skörulega á nauðsyn vora og rètt til verzlunarfrelsis.

— 39. Bænarskrá frá Barðastrandarsýslu, með 28 nöfnum, um friðun á öllum sel, þar sem æðarvarp er eða selveiði.

— 40. Bænarskrá frá Skagafjarðarsýslu, með 21 nöfnum úr Viðvíkur, Hóla og Akra hreppum, að prentsmiðjan á Akureyri megi öðlast jafnrètti í öllum greinum við Suðurlandsprentsmiðjuna í Reykjavík.

Sagði hann, að þær yrðu síðar teknar fyrir, en væru nú lagðar á

lestrarsalinn. Bað hann þá nefndirnar, að gefa sèr nöfn formanna þeirra, og gat um, hvað gjöra skyldi á morgun.

Fundi slitið.

---

5. júlí — fjórði fundur.

Eptir að forseti hafði sett fundinn, var gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: 2 hinna konúngkjörnu þíngmanna, amtmaður Havstein og jústizráð Jónassen, hafa tilkynnt mèr, að þeir gætu ekki mætt hèr á þínginu í dag, og því eru þeir hèr ekki.

Eg gat þess í gær, að eg vonaði, að eg gæti í dag skýrt þíngmönnum frá prentun alþíngistíðindanna, og get eg þess nú, að upp á brèf það, sem eg hafði ritað forstöðumönnum prentsmiðjunnar hèr að lútandi, fèkk eg aptur brèf frá þeim í gær, og er það svo hljóðandi:

„Þèr hafið í brèfi af 2. þ. m. spurt yður fyrir um það, hvort alþíngistíðindin og annað, sem til stendur að prentað verði í þíngsins þarfir, fáist prentað í prentsmiðju landsins, samt um það, með hverjum skilmálum prentunin fáist.

Í tilefni hèr af skulum vèr ei láta dragast að svara, að sè upplag alþíngistíðindanna ákveðið til 1000 *exempl.*, og handritið í góðri reglu, þá mun prentun þeirra fást móti 14 rbdd. fyrir hverja örk, en verði upplagið 800 *exempl.*, þá mun prentunarkostnaðurinn verða 13½ rbd. fyrir hverja örk. Annað smávegis, er prentað kynni verða, mun sæta líkum kjörum. Pappírinn getur prentsmiðjan nú selt fyrir 41 rbd. hvern *balla*.

Íslands stiptamtshúsi og Laugarnesi þann 4. júlí 1853.

J. D. Trampe. H. G. Thordersen.

Til

forsetans á alþíngi".

Af þessu brèfi geta þíngmenn sèð, að prentsmiðjustjórnin selur nú bæði pappír og prentun við nokkuð lægra verði, en fyr hefur verið, þar sem prentunarkostnaður á örk hverri er nú settur á 14 rbdd., í staðinn fyrir 16 rbdd., og hver *balli* pappírs á 41 rbd., í staðinn fyrir 50 rbdd. áður. Eg hef gjört mèr áætlun um, hvað mikill kostnaðarmunur verða mundi eptir þessu á 8 og 10 hundraða upplagi, og komst eg ekki nær, en það væri hèr um bil 100 rbdd. munur. Mèr þykir því varla vert, að breyta upplags-

stærðinni, úr því hún gjörir svo lítinn mun, og með því mèr finnst nú sama ástæða vera fyrir 1000 upplaginu eins og 1847, svo álít eg það samþykkt af þinginu, ef enginn mælir móti því, og mun eg þá næst stínga upp á því við þingið, að það kjósi sèr 3 menn í nefnd, eins og að undanförnu hefur verið gjört, til þess að semja við einhvern um útsölu og útsendíngu alþingistíðindanna.

G. Brandsson: Eg get nú ómögulega skilið í því, hvað mönnum geti geingið til, að hafa upplag tíðindanna eins mikið, og það hefur áður verið, ekki betur en þau munu hafa selzt hingað til. Eg held það nægi 800 upplag, og eg held, að þó það spari ekki nema rúma 100 rbdd., þá verði landsmenn fegnir því. Það er og betra, en að peníngarnir verði eingum til liðs, og fúni niður í bókum. Eg veit og, að sumir hafa eins konar óbeit á alþingistíðindunum, eins og líka hitt, að mörg tímarit eru vön að tapa áliti sínu við árafjöldann, eða þegar fram líða stundir; en þeir, sem hafa haft útsölu tíðindanna á hendi, geta bezt sagt frá, hvað mikið er geingið út af þeim, og munu þíngmenn sumir, þeir er hèr eru nú, ekki vera því ókunnugir með öllu.

J. Jónsson: Eg ætla einúngis að geta þess, að eg gekkst fyrir því, að 20 *exx.* af þjóðfundartíðindunum komu norður í Þíngeyjarsýslu, og hafa þau legið til sölu nú um heilt ár þar í kaupstaðnum, og lèt eg festa auglýsíngu upp um, að þau væri þar að fá, en núna, áður en eg fór suður, kynnti eg mèr, hvað af þeim selzt hefði, og þá voru ein 4 *exx.* af þeim geingin út. Þetta finnst mèr vera dæmi til þess, hversu menn eru tregir til, að kaupa slíkar bækur.

J. hreppstjóri *Sigurðsson*: Eg get ekki neitað því, að mèr þykir einn 100 rbdd. munur lítill; en ætla það sparaðist ekki meira, ef upplagið væri 600, sem eg er viss um að væri fullnóg, eptir því sem þau hafa verið vön að gánga út?

H. G. Thordersen: Eg sè ekki, hvers vegna menn vilja fara að setja niður *exemplara*-tölu þá, sem áður hefur verið höfð, og sem virðist vera ákveðin sem allra-minnst. Tíðindin kunna að gánga út seinna, þó þau gjöri það ei strax, og eg verð að vera á máli hins háttvirta forseta um, að bezt sè að halda sig við þá *exemplara*-tölu, sem áður hefur verið. Ef að menn heyra umræður um þetta hèðan af á þinginu, og eg vildi óska, að þær yrðu nú ekki leingri, því mèr finnst nóg

komið, þá lítur það svo út, sem þingið efist um, að það hafi það álit úti um landið, sem því í rann og réttri veru ber. Og eg veit sannarlega ekki, hvaða ástæðu vèr höfum til, að halda það um landa vora, og þó svo væri, þá ættum vèr þó að hafa tilhlýðilegt álit á sjálfum oss; vèr ættum ekki sjálfir að gleyma þeirri virðingu, sem vèr erum skyldugir til að hafa fyrir oss, að minnsta kosti eptir því hugarfari og ásetníngi, sem vèr, hver í sínu lagi, hljótum að koma með hèr á þíng, nefnilega, að vinna það gagn fósturjörðu vorri, sem oss er unnt. Og eg segi fyrir mig, að eg hef aldrei haft orsök til, að gruna landa mína um þetta, og hefur mèr þó aldrei verið brugðið um, að vera mikill þíngmaður. Eg hef sagt þetta til þess, að láta mitt álit í ljósi, og þó fremur *privat*, og eg vildi nærri því helzt, að þessi orð mín væru ekki bókuð.

J. hreppstjóri *Sigurðsson*: Eg held það væri ómissandi, að fá skýrslur um, hvað mikið hefur selzt af alþíngistíðindunum að undanförnu, því þá verður hægra að ætlast á um, hvað stórt upplagið þarf að vera núna.

Ó. Sivertsen: Eg ímynda mèr, að þó alþíngistíðindin gángi tregt út núna, eða seljist ekki öll í bráð, þá kunni þau að gánga betur út seinna. Eg veit til að mynda um lögþíngisbækurnar gömlu, hvaða ásókn nú er um þær, og menn kaupa þær nú dýrum dómum, og af hèr um bil 9 lestrarfèlögum, sem eg þekki til fyrir vestan, hefur að eins 1 getað feingið þær allar; sumar eru keyptar í afskriptum. Eg get vel ímyndað mèr, að eitthvað þessu líkt kunni að geta orðið með alþíngistíðindin, þó það verði ekki fyrri, en jörð er fyrir laungu gróin yfir vorum höfðum, og víst er, að nú má geyma bækur betur en áður, svo þær þurfa hvorki að fúna nè týnast svo fljótt.

G. Brandsson: Hinn heiðraða þíngmaun vantaði eitt að skýra frá í ræðu sinni, og það var, hversu mörg *exemplör* upp hefðu verið lögð í fyrstunni af lögþíngis-bókunum, sem hann mimtist á — (*Ó. Sivertsen:* Eg get það ekki, því eg veit hana ekki.). — Það hefði þó án efa gjört dæmi þíngmannsins mun fullkomnara, og má ske sannað það, sem hann vildi sanna, en með því, sem hann nú sagði, sannar hann harðla lítið; því eg get ekki af orðum hans spáð neinu um það, hvernin alþíngistíðindin muni gánga út eptirleiðis, hvað sem svo mörg *exemplör* verða lögð upp af þeim, og það mun fara um þetta eins og annað, að raunin verður ólygnust; því þó við vildum

nú skipa löndum okkar, að kaupa þau, held eg það gagnaði lítið; þeir mundu meta meira vilja sinn, en krófur annara í því tilliti, eins og líka voulegt væri.

H. G. Thordersen: Mèr finnst nú, að þessar umræður sèu orðnar full-lángar, því eg held, að það sè skylda vor, að reyna til að halda oss í áliti hjá löndum vorum. Eg hef heldur einga ástæðu til, að gjöra þeim neinar gersakir í þessum sökum.

Forseti: Eg vil þá skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort upp skuli leggja 1000 eða 800 af tiðindunum, og get þess, að sú atkvæðagreiðsla er að eins bindandi fyrir þetta þing, en ekki framvegis.

Voru þá atkvæði greidd, og urðu 14 atkvæði með 1000 upplaginu, en 3 með 800.

Forseti: Það er þá viðtekið, að upplag alþingistíðindanna skuli í þetta sinn vera 1000. Eg vil nú skjóta því til þingsins, hvort ekki sè bezt, að kjósa 3 menn í nefnd, til að semja um útsölu þeirra og útsendingu.

þ. Sveinbjörnsson: Eg vil geta þess, að sá, sem eg held líklegastan og beztan bóksölumann hèr, er nú ekki í landinu, en það er E. Jónsson, bókbindari. Hann kvað vera væntanlegur með póstskipinu í þessum mánuði, og því finnst mèr bezt, að bíða við að kjósa nefnd þessa, þángað til hann kemur, svo hún geti samið við hann, því eg efa, að Sekritèrinn vilji takast söluna á hendur.

Forseti: Nefndin getur gjört það, ef henni lízt, þó hún sè strax kosin, en það er samt á þingsins valdi, hvort það vill láta dragast að kjósa í hana.

Ó. Sivertsen: Eg vil, að í nefndina sè strax kosið, því ekki er ráð nema í tíma sè tekið; nefndin getur því heldur valið og samið það, sem bezt fer, sem hún hefur leingri undirbúníngstíma.

Forseti lèt þá greiða atkvæði, og voru kosnir þeir:

J. Guðmundsson, lögfræðíngur, . . . með 15 atkvæðum,
P. Pètursson, prófessor, ... — 12 ——,
og *þ. Sveinbjörnsson*, konferenzráð, . . — 10 ——.

Forseti: Þá kemur til inngángsumræðu málefnið um prentsmiðjuna; það eru bænarskrárnar nr. 3, 18, 23 og 40, sem að því lúta; eg vil því spyrja, hvort einginn hinna háttvirtu þingmanna vill gjöra málefni þetta að uppástúngu sinni.

Jón Jónsson: Það vil eg gjarnan gjöra.

Forseti: Má ske hinn háttvirti þingmaður vildi í stuttu máli gjöra grein fyrir aðalstefnu málsins í bænarskránum, svo þingmenn geti ákvarðað, hvort nefnd skuli setja eður ekki.

Jón Jónsson: Það eru, að mèr virðist, einkanlega 2 atriði, sem um er talað í þeim bænarskrám, sem eg hef nú tekið á móti; annað þeirra er um prentsmiðju landsins yfir höfuð, hitt um prentsmiðjuna norðlenzku.

Eg hef hèr bænarskrár frá Skagafjarðar -, frá Norður- og Suður-Þingeyjar-sýslum, og svo eina frá Þingvallafundinum; sú síðast nefnda biður um, að alþingi krefjist, að fá skýlausan reikning yfir fjárhag prentsmiðju landsins, og stjórn hennar umbætta, en lætur óumtalaða prentsmiðjuna á Norðurlandi. Bænarskráin frá Norður-Þingeyjarsýslu er henni hèr um bil samhljóða, og fer því líka fram, að allri stjórn prentsmiðjunnar sunnlenzku verði hrundið áfram til bóta, og getur hún þess jafnframt, að norðlenzka prentsmiðjan ætti að fá sömu rèttindi og einkaleyfi, sem sunnlenzka prentsmiðjan hefur, viðvíkjandi prentun á guðfræðis- og sálma-bókum.

Bænarskráin frá Skagafjarðarsýslu fer fram á, að einkaleyfi það, sem Hólaprentsmiðjan hafði, hlotnist norðlenzku prentsmiðjunni, en stjórn hinnar sunnlenzku verði hrundið í það lag, að hún standi í skilum, og þessu öllu er bænarskráin frá Suður-Þingeyjarsýslu samhljóða.

Þetta miðar allt í þá átt, að árlega sjáist reikningar prentsmiðju landsins á prenti, og stjórnin á henni verði látin taka umbótum, og norðlenzka prentsmiðjan fái burt rýmt einkaleyfum hinnar sunnlenzku, eða notið þeirra jafnt sem hún.

Að öðru leyti vil eg gjarnan heyra ræður þingmanna um þetta málefni, áður en eg tali fleira um það.

H. G. Thordersen: Eg get ekki skilið, því menn eru að eyða mörgum orðum að þessu; eg fyrir mitt leyti get eingan veginn mælt á móti nefnd í þessu máli, því mèr finnst ekki vera vert, að tala svo mikið um þetta mál á þessum fundi.

Eg, sem á að heita meðstjórnari prentsmiðjunnar hèrna, kynni má ske seinna að skýra þinginu frá ýmsu, máli þessu viðvíkjandi.

Páll Sigurðsson: Mèr fyrir mitt leyti sýnist þetta mál vera mikið mikilvægt, bæði í tilliti til prentsmiðjunnar hèrna í Reykjavík, sem er sameiginleg eign allra landsmanna, að hún gæti komizt í ákjósanlegra fyrirkomulag, en mörgum landsmönnum

þykir nú vera á henni, í tilliti til eingra eða víst ónógra reikninga opinberlega auglýstra yfir efni hennar og athafnir undanfarandi ár, og eins hvað áhrærir þá nýju prentsmiðju Norðlendínga, sem öllum landsmönnum ætti að vera mjög annt um að gæti þrifizt og tekið framförum, og álít eg sjálfsagt, að kjósa nefnd, og sting upp á 5 manna nefnd í mál þetta.

Jón Guðmundsson: Einu vil eg hreifa viðvíkjandi nefndarkosníngu í þetta mál, en það er, að í 1 eða 2 bænarskránum er beðið um skýran reikníng yfir fjárhag prentsmiðju landsins. Eg álít það ótilhlýðilegt með öllu, ef nefndin, sem kosin yrði, skyldi gjöra þetta atriði að álitsmáli, fyr en hún hefði reynt til að miðla málum, og útvega þessa reikníngа hèr þegar. Eg treysti því og, að hinn 1. konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar, sem hèr er viðstaddur, og eins hinn háttvirti konúngsfulltrúi gjöri sitt til, að þessi hin umbeðna skýrsla og greinilegir reikníngar feingist, og eg leyfi mèr að skora á báða þá herra, að segja nú þegar, hvort nefndin muni ekki geta átt víst, að fá þá; því ef svo er, þá get eg ekki fallizt á, að nefndinni sè ætlað, að taka þetta atriði bænarskráarinnar til meðferðar, eða að þíngið gjöri það að umtals-efni í álitsskjali til konúngsins.

Konúngsfulltrúi: Mitt álit um þetta málefni er sama, sem hins heiðraða þíngmanns, sem nú settist; eg get ekki álitið það tilhlýðilegt, að þíngið sendi konúngi bænarskrá í þeirri stefnu, sem Þíngvallafundurinn fór fram á; þar á móti álít eg það betur hlýða, að nefnd sú, sem sett verður til að yfirvega bænarskrárnar áhrærandi prentsmiðju landsins, móti hverrar kosníngu eg ekki vil mæla, leiti þeirra upplýsínga, áhrærandi fjárhag prentsmiðjunnar, sem hún þurfa þykist, hjá stjórnendum hennar, sem fúslega munu veita slíkar upplýsíngar. En varla mun til þess að hugsa, að rèttindi þau, sem prentsmiðja landsins hefur, eður nokkur hluti þeirra, muni verða frá henni tekin, og lögð til prentsmiðju fyrir norðan; því þetta stríðir beinlínis móti því konúnglega leyfisbrèfi, með hverju prentsmiðjan fyrir norðan er stofnsett, og sem mig minnir að sè dagsett 14. apr. 1852, í hverju það með berum orðum er tekið fram, að stiptun þessi einkis geti feingið að njóta af þeim einkarèttindum, er áður til heyrðu hinni fyrri Hólaprentsmiðju, en nú til heyra prentsmiðju landsins, og í hverjum vel að merkja Norðlendíngafjórðúngur á sinn hluta. Væru þessi einkarèttindi tekin frá prentsmiðjunni,

mundi það líka gjöra henni lítt mögulegt að standast, og ef hún yrði seld, mundi það rýra verð hennar.

H. G. Thordersen: Mèr þótti mjög vænt um, að þessu máli var þannig hreift, viðvíkjandi reikníngum prentsmiðjunnar, þar sem mèr er skylt málið, að því leyti sem eg er annar forstöðumaður hennar. Eg skal og að mínu leyti gjöra allt, sem eg get, og gefa allar þær upplýsíngar, sem mèr er unnt, viðvíkjandi reikníngum prentsmiðjunnar, og hinu sama er mèr óhult að lofa fyrir hönd meðstjórnara míns.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Var það ekki meiníng bænarskráarinnar, að það yrði gjört að skyldu, að auglýsa reikníngа prentsmiðju landsins á prenti ætíð hèr eptir, án þess að vera að krefja stiptsyfirvöldin um þá áföllnu reikníngа? Mèr finnst, að þess þyrfti þó; því ekki má vita, hvort vèr eigum ætíð þá menn í forstjórn hennar framvegis, sem eins bregðast vel undir það, og þeir, sem nú eru, gjöra.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist rèttast, að láta nefndina ráða því, hverjar af þeim uppástúngum, sem bænarskrárnar innihalda, hún vill taka til greina.

G. Brandsson: Eg get ekki sèð, að þessa þurfi við, sem þíngmaðurinn frá Mýrasýslu mælti; því ef prentsmiðjan yrði einstaks manns eign, eins og farið er fram á í einhverri bænarskránni, að mig minnir, þá tæki hann reikníngа hennar að sèr, og þeir kæmu ekki öðrum við. Eg vil því, að nefndinni sè falið þetta öldúngis á vald, samkvæmt því sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi stakk upp á.

Forseti kvaddi þíngmenn þá til að kjósa nefnd í málinu, og voru kosnir þeir:

H. Stephensen, prófastur, með 17 atkvæðum,
P. Pètursson, prófessor, og *J. Jónsson*, hreppst., hvor með . . . . . 15 atkv.,
J. Guðmundsson, með 14 —,
og *Ó. Sivertsen*, prófastur, — 12 —.

Forseti: Því næst koma til inngángsumræðu bænarskrárnar viðvíkjandi breytíngu á kosníngarlögunum: nr. 5, frá Þíngvallafundinum, nr. 27, nr. 28 og nr. 29. Hver vill gjöra málefni þetta að uppástúngu sinni?

Jón Guðmundsson: Eg skal gjöra það.

Forseti: Kann ske hinn háttvirti þíngmaður í stuttu máli vildi skýra frá því, sem bænarskráin fer fram á.

Jón Guðmundsson: Bænarskrárnar um þetta efni eru 4; 2 af þeim eru úr Skagafjarðarsýslu, 1 frá Þingeyjarsýslu, og 1 frá Þingvallafundinum. Þessi síðasta fer því fram í niðurlaginu, að alþingi biðji konúng:

„Að hann veiti oss frjálsari kosníngarlög, en vèr eigum nú að að búa, einkum í sömu stefnu og þau, er alþingið samdi 1849, og konúngur þá samþykkti".

Önnur þeirra frá Skagafjarðarsýslu hefur 5 niðurlags-atriði, er svo hljóða:

1, Að kosníngarlögin frá 23. september 1848 mættu mildilega lögleiðast hèr á landi, samkvæmt þeirri þegnsamlegri uppástúngu, sem alþingi mætti þóknast í þar að lútandi tilliti að gjöra, svo þjóð vor mætti fá að velja eptir þeim kosníngarlögum, er þannig væri fallizt á, fulltrúa sína til þeirra alþínga, sem framvegis kynnu fyrst um sinn haldin verða.

2, Að alþingi vort mætti framvegis haldast á sínum gamla stað, Þíngvöllum, hið allra-fyrsta, sem því kynni verða við komið.

3, Að þau í 79. gr. alþingistilskipunarinnar frá 8. marz 1843 ákveðnu 3 rbdd. daglegu laun til sèrhvers þíngmanns mættu mildilegast verða niður færð til 2 rbdd. daglega.

4, Að hvorki verði hlíft kirknajörðum, auk sjálfra heimagarðanna, sem kirkjurnar standa á, nè heldur timburhúsum á verzlunarstöðum, einkum þeim, sem leigð eru til annara, við sanngjarnlegri greiðslu alþingistollsins eptir tiltölu.

5, Að þau atkvæði, sem þíngmennirnir gefa í sèrhverju umvarðandi þjóðmálefni, mættu framvegis í hvert skipti greiðast með nafni sèrhvers þíngmanna fyrir sig, og síðan prentast þannig í alþingistíðindunum.

Það er auðsèð, að atriði þessi, að því fyrsta undanteknu, ekki beinlínis við koma kosníngarlögunum, og eins er með hina bænarskrána frá Skagafjarðarsýslu, sem er sama innihalds. Í bænarskránni frá Þíngeyjarsýslu er það aðaluppástúngan, að kosníngarlögin hverfi í líkt horf, og þau voru í, þegar velja átti til þjóðfundarins.

Vegna þess að bænarskrárnar frá Skagafjarðarsýslu hafa fleiri atriði, leyfi eg mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort ekki væri rèttara, að stinga upp á, að nefnd yrði seinna kosin, til að íhuga atriði þau, sem ekki eru samhljóða aðalbæninni.

Forseti: Eg sè ekki betur, en að þeim atriðum verði að

skjóta út úr, sem ekki eiginlega snerta aðalmálefnið; því það er auðsætt, að ekki tjáir að kjósa margar nefndir um eina og sömu bænarskrá; en sè önnur atriði í bænarskránni svo merkileg, að öðrum þingmönnum þætti vert, að halda þeim fram, þá stendur það í hvers þingmanns valdi, að gjöra úr því uppástúngu sèr í lagi, og bera hana upp á þingi á löglegan hátt.

Jón Guðmundsson: Mèr fannst nauðsyn, að hreifa þessu, til þess að uppástúngumaður villtist ekki á því, hvort gjöra ætti þessi atriði að sèrlegri uppástúngu, eða leggja þau undir nefndina.

Að öðru leyti legg eg til, að nefnd verði kosin í þessu máli, en álít hins vegar, að 3 manna nefnd muni nægja.

Forseti: Ef enginn mælir móti því, að þrír menn verði kosnir í þessa nefnd, þá bið eg þingmenn að gánga til atkvæða.

Síðan var geingið til atkvæða og feingu þeir:

Jón lögfræðingur *Guðmundsson* 8 atkv.,
og *H.* prófastur *Stephensen* 6 —,
en þeir *þ.* konferenzráð *Sveinbjörnsson*, *H.* biskup *Thordersen*, *J.* jústizráð *Thorstensen*, *Ásgeir* bóndi *Einarsson* og *Jón* bóndi *Samsonsson* 4 atkvæði hver,
og varð *þ. Sveinbjörnsson* sem elztur þeirra nefndarmaður.

Forseti: Nokkrar af bænarskrám þeim, er eg gat um í gær, vil eg afhenda formönnum nefndanna: nr. 30, um undirskript íslenzka textans; nr. 34, um sveita- og sýslu-stjórn; nr. 39, um friðun á sel; bænarskráin frá Þíngvallafundinum um, að jöfn tíundarskylda komist á, álít eg, ef enginn mælir móti því, að hafi fallið með bænarskránni í gær um skattalögin.

H. Stephensen: Eg er samfærður um, að bænarskrá þessi sè alls annars efnis en hinar, og verð að geta þess, að það mundi ekki vera af vegi, að tala um tíundarskylduna; því tíundin er allt annað, en 40 fiska skatturinn, og að enginn hafi andvarpað undan henni. Annars verð eg að mæla með því, að þingið yfirvegi, hvort ekki sè rètt, að kjósa nefnd, til að yfirvega málefni þetta.

Konúngsfulltrúi: Eg vil skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort þetta mál eigi að taka hèr fyrir í dag, þar það ei hefur staðið á dagskránni.

Forseti: Það var ekki meiníng mín, að mál þetta kæmi til frekari umræðu *í dag*, ef það ekki hefði fellt, um leið og bænarskránni um skattalögin var vísað frá.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg fyrir mitt leyti er samdóma hinum heiðarlega þingmanni Borgarfjarðarsýslu, og álít þetta vera annað málefni en skattalögin, og þurfi því að ræða það sèr í lagi.

Forseti: Fyrst að það er meiníng nokkurra þingmanna, að bænarskrá þessi sè ekki fallin með hinni, þá álít eg rèttast, að láta hana koma til umræðu sèr í lagi; vil eg því setja fund á morgun kl. 12, og verða þá teknar til inngángsumræðu: bænarskr. nr. 15, viðvíkjandi kaupgjaldsbókum hjúa, nr. 36, um húsaga-tilskipun, nr. 32, um búnaðarskóla, nr. 35, um aukatekjureglugjörð, og nr. 37, um jafna tíund. Þetta ætlast eg til að verði rætt um á morgun, og set það því á dagskrána.

Fundi slitið.

---

6. júlí — fimmti fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg hef meðtekið þessar bænarskrár:

Nr. 41. Bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu, með 217 nöfnum, að alþíngi sendi konúngi bænarskrá um, 1, að prentsmiðjan á Akureyri fái að prenta alls konar andlegar bækur, eða að minnsta kosti fyrst um sinn; 2, að henni sè ekki meinað, að prenta barnalærdómsbókina og messusaungsbókina; og 3, að allri stjórn og fyrirkomulagi á prentsmiðju landsins verði hrundið í það lag, að hún geti staðið í fullum skilum. Þar með er sem fylgiskjal: „Ástæður fyrir bænarskrá til alþíngis, áhrærandi prentsmiðjumálefni Norðurlands“.

— 42. Bænarskrá frá Þíngvallafundinum til alþíngis, að leggja á hagkvæm og hentug ráð til þess, að nægir peníngar geti feingizt til brúkunar í landinu.

— 43. Bænarskrá úr Norður-Þíngeyjarsýslu, með 45 nöfnum, að alþíngi sendi konúngi bænarskrá, að hann með ráði alþíngis velji sèr íslenzkan mann í ráðaneyti sitt, sem sèr í lagi sè erindsreki vor í Kaupmannahöfn, og veiti málefnum vorum fylgi sitt og tillögur við konúnginn og hina dönsku stjórnarherra.

Nr. 44. Bænarskrá úr sömu sýslu, með 50 nöfnum, að alþingi biðji konúng um, 1, að kosníngarlög til alþínganna framvegis verði löguð og ákveðin eins og kosníngarlögin frá 28. sept. 1849; og 2, að alþingistollur verði tekinn af kirkjujörðum, timburhúsum í verzlunarstöðunum, m. fl.

— 45. Bænarskrá úr Mýra- og Hnappadals- sýslum, með 150 nöfnum, að alþingi mæli með, að öllum, bæði fasta- og lausa-kaupmönnum, þeim er verzla mega hèr á landi samkvæmt uppástúngu þjóðfundarins um frjálsa verzlun, verði leyft hèr eptir að sigla upp á Straumfjörð, til að verzla þar með alls konar vörur, og að kaupa þar hverja þá vörutegund, sem sýslubúar bjóða, hvort sem vera kynni algeingar kaupstaðarvörur, kvikfènaður, sláturfè eða annað.

— 46. Bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu, með 79 nöfnum, að alþingi biðji um, að kosníngarlögin frá 28. septembr. 1849 verði gjörð gildandi við alþíngiskosníngar framvegis, þó með þeim breytíngum, sem þíngið finnur ástæðu til eptir kríngumstæðum.

— 47. Bænarskrá úr Dalasýslu, með 28 nöfnum, sem biður um, að alþíngi fylgi því fram:

1, að jarðamat það, sem fram hefur farið á Íslandi 1849, verði sem öldúngis óþènanlegt látið niður falla, svo að stjórnin ekki á því byggi nokkurt hundraðatal eða jarðadýrleika í landinu; einnig að ekkert jarðamat verði hèr eptir látið fram fara, af líkum ástæðum, eða af þeim, er hafa hèr brúkaðar verið undir jarðamötum á þessari og næstliðinni öld; en þar á móti,

2, að árlega verði allar jarðir í landinu án undantekníngar, ásamt lausafènu, af þeirra ábúendum, og þeim, er þær nota, fram taldar á hreppaskilum til tíundar, og að hundraðatal þeirra þá innskrifist í hreppsbókina og landsbústjórnartöflurnar í sveit hverri, er fari eptir jarðanna árlegum leigumála, hver helzt hann er eða verður, þannig, að það verði talið 1 hndr. í jörðu, sem gefur af sèr í ársleigu jafnmikinn og jafngildan eyri þeim, sem venjulega goldinn er og goldizt hefur að lögum eptir kýr- eða ásauðarhundraðið, og að hundraðatal jarða fari æfinlega eptir þeirra leigumála, á þann hátt, að þegar tíund eptir nafni sínu tekur $\frac{1}{10}$ leig-

unnar, þá samsvari hún í réttu hlutfalli $\frac{1}{10}$ höfuðstólsins; með öðrum orðum, að það verði ætíð 2 hlutir jafnir, allt eptir því sem tíðkaðist í arilstíð við tíundartöku af lausa- og fasta-gózi í landinu;

3, að á öllum þeim jörðum, hvar eigandinn eða embættismaður, sem jörðina hefur að léni, sjálfur býr, og hvar afgjald jarðarinnar verður ekki fundið eptir löglegum leigusamníngi, þá fari hundraðatal jarðarinnar, meðan svo stendur, eptir landskuldargjaldi því, er jarðabókin af 1760 ákveður, hafi þar eingin lögleg breyting á orðið;

4, að öll innstæðu-kúgildi jarða, eins og kirkna-kúgildi, tíundist án undantekníngar, og án tillits til, hverjum þau til heyra, og að sérhver lúki lögboðnar tíundir af því hann á, hvort sem er í fasta- eða lausa-gózi, er honum ávöxt færir, eða semji við þann, sem hefur hinn tíundarbæra höfuðstól að brúkun og eptirgjaldi, um útsvörun tíundanna, eins og við gekkst í fornöld, og ljóst þykir vera af löggjöf Danakonúngs frá 20. apríl 1619;

5, að allt framtal á jörðum, og þeirra innstæðu-kúgildum, hvort sem eru eignar-, umsjónar- eða umráða-manna, verði grundvallað á skriflegum leigusamníngum, undirskrifuðum af landsdrottnum, eða réttum umráðamönnum jarðanna og kúgildanna, og leiguliðum, undir eiðstilboð um þeirra trúverðugleika og í góðra manna nærveru; þar sem andlegrar eða veraldlegrar stéttar yfirvald að embættisvaldi sínu út gæfi leigusamníninginn, þykir nægilegt, að hann einúngis sé af þessu undirskrifaður og innsiglaður. Einnig að allir slíkir samníngar verði árlega á hreppaskilafundi framvísaðir sveitarforstjórum í sveit hverri, af þeim áteiknaðir og leiguliða afhentir á staðnum, að innskrifuðu framtali hans á jörð, innstæðu-kúgildum og öðrum tíundarbærum höfuðstól;

6, þegar að leigusamníngarnir yrðu ekki einhverra gildra orsaka vegna framvísaðir, t. a. m. að leiguliði væri ekki nálægur á hreppaskilum eða þvíumlíkt, en sveitarforstjórum væri að öðru leyti fullkunnugt um, að ábúandaskipti hefðu eingin orðið á jörðunni, né leigumálinn þar tekið breytíngu frá hinu fyrra ári, að þá væri jörðin með kúgildunum innskrifuð í hið sama hundraðatal, sem hún hafði á hinum næst á undan höldnu hreppaskilum; en þar sem að sveitar-

forstjórar ekki hefðu nokkra slíka vissu með nálægum mönnum, þá væri látið fara um hundraðatal jarðarinnar eptir hinu gamla landskuldargjaldi samkvæmt jarðabókinni 1760.

Nr. 48. Bænarskrá úr Barðastrandarsýslu, með 11 nöfnum, með sömu uppástúngu.

Bænarskrár þessar verða lagðar á lestrarsalinn, og sumar þeirra síðan afhentar nefndunum, sem kosnar eru, til að íhuga þau mál, sem þær bera fram.

Því næst liggur fyrir, að taka til inngángsumræðu bænarskrárnar *um hússtjórnarlög*; þær eru á yfirlitslistanum nr. 15, 36, 25 og 26; þær tvær síðustu eru yfirgripsmestar, en hinar eru nokkuð sérstaklegra efnis, þar sem nr. 15 er um kaupgjaldsbækur hjúa, en nr. 36 um vitnisburðarbækur hjúa og húsbænda, og endurskoðun húsagatilskipunarinnar 3. júní 1746, en allar lúta þó að þeirri aðalgrein, að bæta hússtjórnarlögin.

Vill nokkur hinna heiðruðu þingmanna gjöra málefni þetta að uppástúngu sinni?

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg vil gjöra bænarskrána, nr. 15, frá Mýrasýslu, um kaupgjaldsbækur hjúa, að minni uppástúngu.

Forseti: Jafnvel þó mér virðist bænarskrárnar úr Mýra- og Gullbríngu-sýslu vera nokkuð sérstaklegs eðlis, eins og eg þegar gat um, setti eg þær þó á dagskrána saman með hinum 2, og gefur bænarskráin úr Skagafjarðarsýslu einkum tilefni til þess; en eg hugsaði, að ef nefnd yrði kosin í málinu, gæti hún þó einnig tekið þessar bænarskrár til íhugunar.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Bænarskráin frá Mýrasýslu æskir þess í raun og veru, að málefnið um réttindi og skyldur húsbænda, hjúa og lausamanna, verði algjörlega tekið fyrir af þinginu, ef það nú hefði tíma og tækifæri til þess, og vantaði ekki undirbúníng þar til, og hún minnist bæði á frumvarp það, er fram var lagt á embættismannafundinum 1839 af amtmanni B. Thórarensen, og þá merkilegu alþingissamþykkt frá 1722; en þar málefni þetta er mjög áríðandi og yfirgripsmikið, þá hafa menn víst hugsað, að alþingi nú yrði ekki við búið, að taka slíkt vandamál fyrir, og því gjörir bænarskráin þetta eina áríðandi atriði: „hvort hjú skyldist til að eiga kaupgjaldsbók“, að sinni beinni uppástúngu; eg er því sannfærður um, að þessi bænarskrá má færast inn undir sama málefni, og takast til sömu nefndar, og hinar bænarskrárnar, eins og sá háttvirti forseti hefur ætlazt til.

Guðm. Brandsson: Ef forseti vill leyfa mèr að lesa upp bænarskrána frá Gullbríngusýslu, vil eg gjarnan gjöra það, jafnvel þó hún hafi legið til eptirsjónar á lestrarsalnum; því eg hef orðið þess áskynja af nokkrum þíngmönnum, að þeir muni ekki hafa kynnt sèr hana til fullnustu, en vilji þó vita aðalinnihald hennar og ástæður. Það þarf ekki að verða að slíku mikil tímatöf.

Forseti: Eg vil ekki vera því mótfallinn, að þíngmaðurinn lesi bænarskrána upp, því síður, sem eg veit, að sumir af þíngmönnum hafa varla tækifæri til, að lesa allar bænarskrár, þó þær liggi á lestrarsalnum; en þó áskil eg jafnframt, að það sè á ritstjóranna valdi, hvort bænarskráin samt sem áður verði sett í tíðindin.

G. Brandsson las síðan upp bænarskrána og mælti: Eg þykist vita, að búnstjórnarritið, sem vitnað er til í bænarskránni, muni vera flestum þíngmönnum kunnugt. Þar er þess meðal annars getið, í ritgjörð þeirri, sem höndlar um húsmstjórnina á Íslandi, hvort gagn verða mætti að vitnisburðarbókum fyrir hjú, því þær gætu fyrst og fremst þènað til þess, að hin miður vönduðu hjúin þar af kynnu að leiðrèttast, og hin betri uppörfast, til að taka sèr því meira fram í því, sem gott væri. Líka er þess getið, til hverrar hægðar þetta væri, þegar grennslast yrði eptir og ákveða, hvar sá eða sú ætti framfærisrètt, og líka gæti þetta orðið hægðarauki og jafnvel peníngasparnaður í ýmsum sakamálum; en í áminnstri ritgjörð er því hreift, að tilskipun fyrir Danmörku 5. sept. 1832 yrði hèr lögleidd með breytíngum þeim, sem hèr ættu við, og af uppástúngum þessum í áminnstri ritgjörð er bænarskrá sú, sem eg nýskeð las, að nokkru leyti sprottin.

Mèr þykir annars liklegt, að góður rómur verði gefinn að þessu máli, einkum þar menn fyr og seinna hafa kvartað yfir húsagaleysi voru og þar af leiðandi margri óreglu; því það er almennt viðurkennt, að sá, sem ekki hafi lært að hlýða, kunni ekki heldur að stjórna, og mun hvorttveggja brenna við hjá okkur; en eins og bænarskráin tekur fram, hèldu menn, að alþíngi hefði ekki í þetta sinn tíma til, að bæta alla húsagatilskipunina frá rótum, enda þó þess væri öll þörf, og þess vegna tók hún fram þetta einstaka atriði. Eg fyrir mitt leyti álít nú sjálfsagt, að nefnd verði kosin til að íhuga þetta áríðandi málefni.

P. Pèturssson: Að minnsta kosti er eg þó óráðinn í því, að gefa atkvæði mitt fyrir því; því þó eg sè sannfærður um, að löggjöfin um húsagann þurfi endurbótar við, þá efast eg um, að þetta þing fái tíma til, að fara lángt fram í það mál, sem er svo yfirgripsmikið og vandasamt, að það þarf rækilegan undirbúning. Að vísu hljóðar bænarskráin um vitnisburðarbækur handa hjúum um sèrstaklegt atriði þessa máls, en eg veit ekki betur, en að 26. gr. í tilskip. 3. júní 1746, sem einmitt lögbýður slíka vitnisburði fyrir hvert hjú, gildi enn þá, þó henni sè ekki hlýtt, og sè eg því ekki nauðsyn til, að biðja um nýja staðfestíngu á gildandi lagaboðum.

G. Brandsson: Bænarskráin biður ekki um, að löggilda að nýju óbreytta 26. gr. nefndrar tilskipunar, heldur um hitt, að hún verði endurnýjuð í sama anda, en nokkuð öðru formi; því þó vitnisburðir væru gefnir eptir henni, voru þeir gjarnast skrifaðir á laus blöð, sem auðveldlega gátu týnzt, og var því lítilla upplýsínga af þeim að leita, að ótöldum öðrum göllum, sem opt munu hafa við þá loðað; en hèr er farið fram á það, að tèðir vitnisburðir verði skrifaðir í bækur, sem löggiltar sèu af hlutaðeigandi yfirvaldi, og sem hjúin sèu jafnan skyldug til að bera með sèr, hvert sem þau fara vistferlum, eða hvar þau dvelja á annan hátt, og ætla eg öllum sè auðsær sá mismunur, sem er á þessari uppástúngu og áður nefndri grein.

E. Kúld: Að því leyti sem bænarskrárnar fara fram á vitnisburðarbækur hjúa og endurskoðun húsagatilskipunarinnar, þá álít eg málefnið mikils umvert og mjög svo áríðandi; en í tilliti til þess, sem bænarskráin úr Mýrasýslu (nr. 15) fer fram á, að gjört verði hèr að lögum „gjaldbækur vinnuhjúa“, álít eg hana ótímabæran burð, sem á lángt í land til að verða fullaldra; því þó eg játi, að menntun og upplýsíng þjóðarinnar sè á miklum framfaravegi, ætla eg samt, að menntun hjúa yfir höfuð að tala standi ei, enn sem stendur, á þeim fótum, að af þessum gjaldbókum geti leitt nokkur veruleg not eða gagn, meðan eingir alþýðuskólar eru á stofn settir í landinu, bændum og bóndaefnum til menntunar. Eg fyrir mitt leyti álít lángt um betur eiga við, að alþíngi núna fari þess á flot við stjórnina, að hún leggi fyrir næsta alþíngi frumvarp til tilskipunar um skyldur húsbænda og hjúa, líkt og amtmaður Bjarni heitinn Thórarensen fór fram á á embættismannafundinum, og gætu þá vitnisburðarbækurnar einnig tekizt fram í þeirri löggjöf.

G. Einarsson: Eg fyrir mitt leyti er samdóma þingmanninum, er síðast mælti, og álít eg, að forseti hafi gjört öldúngis rètt, að sameina bænarskrárnar frá Mýra- og Gullbríngu-sýslu, og eg vil taka að mèr allar bænarskrárnar, svo að nefnd geti orðið kosin í málinu. Allir hljóta að álíta, að húsaginn á landi voru er öldúngis gjörfallinn og þarf viðreisnar við, og sèst það ljósast á því, að hvatir koma alstaðar að úr landinu því efni viðvíkjandi, og er því brýn nauðsyn á, að mál þetta sè nákvæmlega tekið til yfirvegunar og stjórninni bent á hin helztu atriði, er oss Íslendíngum þættu mest umvarðandi í því efni; því eins og nærri má geta, verður það hollast, að vèr leggjum sjálfir grundvöllinn til laga vorra, þegar vèr eigum kost á því.

Á. Einarsson: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður úr Snæfellsnessýslu nýlega mælti, að hann áleit, að alþíngi ætti að biðja stjórnina um frumvarp viðvíkjandi húsagastjórninni, þá verð eg að geta þess, að þíngið vildi ekki í fyrra dag biðja stjórnina um frumvarp til sveita-stjórnar, nema henni væri gefin bending um það frá þínginu, hvernin menn hèldu að hún ætti helzt að vera, og sýnist mèr líkt standa á, hvað þessu máli viðvíkur; en eg fyrir mitt leyti er þó á því, að nefnd verði kosin í þessu máli

E. Kúld: Eg hugsaði mèr, að ef þíngið bæði stjórnina um frumvarp þessu viðvíkjandi, þá ætti það um leið að drepa á aðalatriði þau, sem það helzt óskar sèr að verði einkum tekin til greina; annars álít eg fyrir mitt leyti, að setja ætti nefnd í þessu máli.

J. hreppstjóri *Sigurðsson*: Þó bænarskráin frá Mýrasýslu sè nokkuð sèrstakleg, þá er hún þó sama eðlis og hinar, og einkum lík þeirri frá Gullbríngusýslu, sem biður um vitnisburðarbækur hjúa. Annars vil eg með fæstu orðum leyfa mèr að taka fram þá kosti, er uppástúnga bænarskráarinnar ber með sèr, nefnilega, að ef hvert hjú hefur sína kaupgjaldsbók, þá hverfur sá misgrunur, sem legið hefur á því, þegar hjú, sem leingi hafa verið í einni vist, annaðhvort fara í burtu mjög fátæk, eða þurfa kríngumstæða vegna að leita fátækrastyrks; þykir þá annaðhvort hljóta að vera, að húsbændurnir hafi haft skyldurnar af hjúinu, eða að hjúið hafi verið óspilunarsamt, en þá sker kaupgjaldsbókin úr. Annar kostur þessarar bókar er sá, að þegar menn verða þurfandi, og leita þarf að sveitarátthögum þeirra, eða málaferli koma fyrir, eins og þíngmaður-

inn frá Gullbríngusýslu drap á, þá þarf ekki að búa undir þessa fólks sjálfs sögusögn um veru þess og vitnisburð; bókin leiðir allt slíkt í ljós, hvert hjúin hafa borizt um landið, og hvað leingi dvalið á hverjum stað; annars vona eg, að mál þetta allt yfir höfuð sè svo mikilvægt, að sjálfsagt verði kosin nefnd í það.

J. P. Havstein: Þó eg ekki vilji mótmæla nefnd í þessu máli, verð eg samt að geta þess, að eg veit til, að íslenzka stjórnardeildin í Kaupmannahöfn muni ætla að leggja frumvarp fyrir þíngið seinna þessu máli viðvíkjandi.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Skyldi ekki allt geta verið sama bókin, sem hjúið ætti, svo að hún bæri fyrst með sèr kaupgjaldið hjá húsbændunum, og svo vitnisburðinn, þegar það færi frá honum.

G. Brandsson: Eg fyrir mitt leyti er á því, eins og líka eg heyri að hinir háttvirtu þíngmenn eru, að bænarskrár þær allar, sem komnar eru til þíngsins, viðvíkjandi málefni þessu, verði saman og hjá sömu nefndinni, sem eg sjálfsagt álít að verði kosin í þessu máli; henni sezt þá í sjálfsvald, að hvað miklu eða litlu leyti hún tekur til greina þær ýmsu sèrstaklegu uppástúngur, sem þær hafa meðferðis, og viss er eg um, að landsmönnum þykir vænt um að heyra og sjá, hversu góður rómur er gefinn málefni þessu hèr á þínginu, og óska eg því, að úrslit þess gæti orðið haganlegt og happasælt.

P. Pètursson: Eptir þeirri stefnu, sem málið nú hefur feingið við umræður þíngmanna, gef eg atkvæði mitt fyrir því, að nefnd verði sett í því.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Skyldi ekki vera nóg, að velja 3, þar þíngið er fámennt, en nóg er að starfa, og stjórnin er farin að hugsa fyrir málinu.

P. Pètursson: Eg álít það veiti ekki jafnvel af 7 mönnum, ef nefndin ætti að gefa sig við öðru, en sèrstökum atriðum þessa máls, sem þó að líkindum naumast verður tími til á þessu þíngi.

Forseti: Sú upplýsíng, sem hinn annar konúngkjörni þíngmaður hefur gefið, að stjórnin hafi í hyggju að búa til lagafrumvarp um þetta mál, virðist mèr vera mikil ástæða til þess, að nefnd verði kosin í málinu; því stjórninni mundi án efa vera kært, að fá nokkrar bendíngar frá þínginu í svo mikilvægu máli.

P. Pèturssson: Eg sting upp á 5 manna nefnd, og bið forseta að skjóta því til atkvæða.

Síðan var atkvæða leitað, og var sú uppástúnga samþykkt með 14 atkvæðum.

Síðan var kosið til nefndar, og urðu þeir fyrir kosníngu:

P. Pèturssson	með 14 atkvæðum,
G. Brandsson	— 13 ——,
J. P. Havstein	— 11 ——,

en af þeim 3: *þ. Sveinbjörnssyni, þ. Jónassen* og *E. Kúld*, er allir höfðu jafnmörg atkvæði, urðu 2 þeir fyrstu nefndarmenn, þar þeir voru elztir.

Forseti: Þá er næst að taka bænarskrána nr. 37, frá Þíngeyjarsýslu, viðvíkjandi búnaðarskóla, til inngángsumræðu. Hinn heiðraði fulltrúi Suður-Þíngeyjarsýslu er án efa flutníngsmaður bænarskrár þessarar, og kynni hann vilja skýra þíngmönnum frá innihaldi hennar.

J. Kristjánsson: Eg skal taka bænarskrána að mèr, sem flutníngsmaður hennar. (Var honum þá afhent bænarskráin.)

Það, sem þessi bænarskrá fer á flot, er það, að alþíngi biðji konúnginn, að stofna búnaðarskóla hèr á landi. Það vakti fyrir biðjendunum, að velmegunin sè hin eina lind, sem næri hið andlega líf hverrar þjóðar, og að hún svo opt og einatt geti allt í einu gjörþornað hjá oss, þar sem mikill hluti landsins er óyrktur vegna vankunnáttu og vanþekkíngar manna á búnaðarháttum. Þeir horfa og fram á það, hversu bæði sveitastjórn og verzlun hafa verið óhaganlegar fyrir þetta land, og styður það allt að velmegunarleysi voru. Nú þótti biðjendunum, sem úr þessu mætti ráða, þó einúngis með því móti með fram, að stjórnin rètti oss sína styrku hönd, til þess að stofnsetja hèr búnaðarskóla. En þar sem bænarskráin minnist á hin fornu klaustragóz, þá er það einúngis bendíng, þar eð mörgum virtist þeirra eiginlegi tilgángur vera fallinn í gleymsku, og þessi brúkun fjárins liggja nær honum, en mörg önnur, þar sem þetta yrði að almennings-gagni. Eg skal nú ekki fara um þetta fleirum orðum, því eg verð að ætla, að þíngið sè á þeirri ætlun, eins og þeir, sem þessa bænarskrá rituðu, að velmegunin sè undirstaða þjóðlífsins; allir þekkja að minnsta kosti hinn forna sannleika: *„bóndi er bústólpi, bú er landstólpi"*, og það er undirstöðuatriði þessarar bænarkrár, en velmegunin getur ekki orðið almenn, nema búnaðarskól-

arnir verði stofnaðir; því er þeirra þörf. Það er og sannfæring mín, að góð stjórn muni vera fús til, að bæta úr þessari nauðsyn vorri, sem hèr er farið fram á, og eg treysti því einnig, að hana vanti hvorki vizku nè mátt til þess. Eg hlýt því að mæla fastlega fram með því, að í þetta mál verði kosin nefnd hèr á þínginu, og eg vona, að þingmenn sèu á því með mèr.

M. Andrèsson: Mèr er það óljóst, í hversu rúmri merkingu hèr á að taka þetta nafn „búnaðarskóli“, og hvert aðalaugnamið hans ætti að vera. Ef það skyldi vera það, að kenna oss bændunum að búa, þá játa eg, að þess er mikil þörf; því ekki erum vèr svo lærðir í því, sem skyldi. En hvort oss yrði í því mikill hagur, enn sem komið er, þó farið væri af stjórnarinnar hálfu, að stofna hjá oss bændaskóla, efast eg um, meðan menn eru ekki leingra komnir með lyst og laungun til hins sama, sem þarf að koma innan að frá sjálfum oss, og sá lærdómur, sem sprettur af þeirri rót, getur þó víst orðið að nokkru liði, og þá kynni síðar sú tíð að koma, að búnaðarskóli gæti orðið oss að sönnum notum.

Jón Kristjánsson: Fyrir biðjendunum vakti það, að í þessum búnaðarskóla yrði allt það kennt, sem hver bóndi þarf að nema, til þess að geta staðið vel í stöðu sinni, bæði í andlegu og veraldlegu tilliti, svo að menn læri t. a. m. að rækta jörð sína og fá hana til að bera ávöxt, og hirða fènaðinn, því þar á byggist öll velmegun í landinu, og því að eins geta einnig bændurnir staðið í skilum við allar stèttir.

Konúngsfulltrúi: Eg vil af alhuga óska, að landsmenn geti öðlazt meiri þekkíngu og uppfræðíngu í búskaparefnum, en þeir nú hafa, og komið á legg búnaðarskóla. En þar sem bænarskráin fer fram á, að til þessarar stofnunar skuli verja klaustraeignunum eða afgjaldi þeirra, þá hlýtur nefnd sú, sem þetta mál verður falið til íhugunar, að benda á aðra hjálp og önnur meðöl en klaustraeignirnar; allt afgjald af klaustraeignum geingur í þarfir landsins og fer í landssjóðinn, og þó stjórnin af öllum huga vilji styðja búnaðarskóla, mun hún þó aldrei fallast á, að klaustraeignirnar verði teknar til svo sèrstaklegrar stofnunar. Þó ætla eg mèr eingan veginn að mæla á móti, að nefnd sè kosin í málinu, en skýt því til vilja þingmanna.

Ó. Sivertsen: Hvað klaustraeignunum viðvíkur, er eg á sama máli og hinn háttvirti konúngsfulltrúi, að eg held varla,

að þær verði teknar til þess fyrirtækis, sem bænarskráin fer fram á, að svo komnu máli. En þegar menn líta til þess áhuga, sem nú um hin síðustu 5 til 10 ár er vaknaður meðal landsbúa á búnaði öllum og búnaðarháttum, þá virðist mèr það vera líkt, og þegar fátæks manns barn lángar til, að komast til menntunar, en getur það ekki án styrks, þá biður það foreldra sína að hjálpa sèr, og reynslan hefur einatt sýnt það, að opt hafa fátækir foreldrar þá getað að dugað börnum sínum svo vel, að þau hafa komizt fram. Eins sýnist mèr nú ástatt fyrir oss; áhuginn og laungunin er vöknuð, og úr því menn geta ekki sjálfir komið sèr áfram, þá virðist mèr rètt, að fara eins að, og eg þegar tók dæmi upp á, og eins og eg veit mörgum fátækling hafa heppnazt, að komast þannig til menntunar, eins efast eg ekki um, að oss geti og heppnazt, að fá þá búnaðarmenntun, með líkri aðferð, eða með styrk stjórnarinnar, sem oss lángar svo mjög til, og það því heldur, sem vèr eigum náðugari og mildari landsföður. Sjálfir erum vèr ekki einhlítir oss í þessu, bæði vegna fátæktar og samtakaleysis. En þó klaustraeignunum sè sleppt að sinni, þá efast eg ekki um, að stjórnin sjái einhverja aðra útvegi, og ef konúngur og landsmenn hjálpast að, þá verður hlutfallið eins og milli föður og barna, og þá vinnst án efa nokkuð. Eg verð því sterklega að mæla fram með því, að nefnd verði kosin í þessu máli.

P. Sigurðsson: Mèr er það ekki vel ljóst, hvort bænarskráin fer fram á nema einn búnaðarskóla fyrir allt landið. Eg held, að þörf væri á sínum í hverri sýslu, eða að minnsta kosti sínum í hverjum fjórðúngi, svo þeir yrðu fjórir alls. Eg held, að vèr ættum sjálfir að byrja, og skjóta fyrst saman til þess konar skóla, en mèr virðist og, að vèr séum komnir of skammt á leið til þess enn. Eg vil ekki neita því, að áhugi manna í búnaðarefnum er vaknaður og kominn á framfaraveg, og eptir því sem hann þróast, sem eg vona að verði, þá hugsa eg, að stjórnin yrði fús til að styrkja oss.

Jón Kristjánsson: Þeir, sem bænarskrána sömdu, ætluðu raunar til, að þessir búnaðarskólar yrðu ekki færri en 1 í hverjum fjórðúngi, eða eptir því sem þörfin útheimtir, jafnvel þó þetta sè ekki tekið beinlínis fram í bænarskránni sjálfri.

G. Brandsson: Eg er nú á því, eins og hèr var vikið á fyrir skemmstu í öðru máli, nefnil. sveitastjórnarmálinu, að það mundi ætíð verða oss drjúgast, sem kæmi innan að frá sjálfum

oss. Eins held eg sè um þetta. En eg held líka, að hinn almenni andi sè ekki svo vel vaknaður enn, að vèr sèum einu sinni hæfir til, að taka á móti slíkum skóla, hvað þá að stofna hann. Eg skírskota annars til þess, sem þingmaður Árnesinga mælti áðan um þetta efni. Bæði hann og eg munum hafa reynt, hversu örðugt veitt hefur, að fá menn, til að stofna smáfèlög sín í milli, hvort heldur vera hafa átt til jarðabóta, verzlunar, eða hvers annars, og sè því svona varið í því minna, held eg það verði líkt í því meira, og mjög óvíst tel eg það, hvað margir yrðu til að senda börn sín í þennan skóla, eða hvað á honum yrði grætt, meðan menn eru ekki betur undir hann búnir, en almennt mun vera. Það hefur laungum verið talað um það, að ekki dygði að sletta því í menn, sem hvergi ætti við, og þeir væru ekki til búnir að taka á móti, og ætla eg reynslan hafi samsinnt þessu hingað til, og líkt mun verða hèr eptir. Eitt er og alkunnugt, að stjórnin hefur sómalega hjálpað þeim mönnum, sem hèðan hafa siglt, til að nema jarðyrkju, en þegar þeir koma hingað aptur, hafa þeir flestir hætt öllum tökum, í stað þess að reyna til að stofna skóla hèr hjá oss, eða kenna búnaðarfræði út frá sèr, og sýnir það meðal annars, hversu vèr erum skammt á veg komnir með þetta, og að nokkru leyti óhæfir fyrir allt slíkt enn. Yrði nú stjórnin þess vör, að vèr samhuga og af alefli legðumst á eitt með fyrirtæki þetta, tel eg hana vísa til, að hlynna að því, og væri það þá ný hvöt fyrir okkur, til að halda sem bezt áfram með stofnun þessa.

E. Kúld: Eg vil leyfa mèr að minnast á það, er hinn heiðraði þingmaður úr Gullbringusýslu mælti, að menn væru hèr enn ekki færir um, að taka á móti búnaðarskólum. Eg þekki til nokkuð fyrir vestan, og eptir því finnst mèr hans ætlun í alla staði raung; því eg er með öllu fullviss um, að Vestfirðingar tæki tveim höndum móti slíkri stofnun. Hitt er satt, að menn eru hèr ekki einfærir um, að koma slíkum stofnunum upp hjá sèr, og þurfa hjálpar við til þess frá stjórninni. Eg neita því ekki heldur, að eg ætla, að samtaka-andinn sè enn ekki kominn nógu lángt á leið hjá oss til þess, að ráðast í þess konar fyrirtæki, þó einhver vildi það. Það getur og verið að stjórnin hafi ekki nóg fè á reiðum höndum, til að stofna slíkan skóla einsaman, en hún ætti þó að geta styrkt til þess; en þegar stjórnin leggst á eitt með þjóðinni, og þjóðin með stjórninni, tel eg víst, að þvílíkri stofnun mætti á koma, og

verð eg því að mæla fram með því, að nefnd verði kosin í þetta mál.

G. Einarsson: Eg verð og fastlega að mæla með nefnd í þetta mál, því hún getur þó altènd sýnt það, ef allir hinir helztu menn mæla fram með þessu við stjórnina, að landsmenn lángar til, að fá sèr bændaskóla, og mèr finnst nauðsyn til, að hann verði stofnaður sem fyrst. Þessi bændaskóli yrði eins og sálin í þjóðinni; hann yrði eins og uppspretta, sem margar smálindir rynnu frá víðs vegar út um hið ófrjófa land. Eg álít því betri einn skóla en eingan, því mennirnir úr honum dreifðust víðs vegar út um landið. En hvað hinum einstöku mönnum viðvíkur, sem lært hafa í Danmörku, þá er það og verður jafnan einstaklegra, sem þeir geta áorkað, heldur en skólinn mundi gjöra. Það væri sjálfsagt mjög æskilegt, að hver fjórðúngur gæti stofnað slíka skóla hjá sèr, en eg er hræddur um, að á því verði margar torfærur, og þess muni lángt að bíða, að landsmenn geti byrjað á því sjálfir að fyrra bragði. En hèr er eitt ráð til, að mèr sýnist, og það er, að stjórnin og þjóðin leggist báðar á eitt, og komi sèr saman í þessu mikilvæga málefni, og eg get alls ekki vantreyst því, að þá takist, ef tveir vilja. Eg gef því atkvæði fyrir nefnd í málinu.

G. Brandsson: Eg hef aldrei verið á móti því, að nefnd yrði kosin í málið, en hitt var eg hræddur um, að búnaðarskólinn gæti, ef til vill, enn ekki orðið oss að notum. En þar sem hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga kvartaði um samtakaleysi vort, þá þykir mèr það mjög merkilegt, ef stjórnin á að vekja oss til samtaka, þegar vèr treystum oss ekki til þess sjálfir.

M. Andrèsson: Eg er að vísu enn sem fyr á þeirri ætlun, að sá verði búnaðarskólinn oss happasælastur, sem kemur frá sjálfum oss, hvað sem um það er, að stjórnin stofni hjá oss einn eða fleiri slíka skóla. Það er þá gott að taka því, ef hún bæði getur og vill gjöra það. En til þess að mál þetta verði ýtarlega skoðað, mæli eg með því, að nefnd verði kosin í því.

P. Sigurðsson: Eg er á sama máli um þetta, og hinn heiðraði þíngmaður, sem síðast mælti, að eg mæli fram með nefnd í málinu, og vil, að það yrði sem bezt og ýtarlegast skoðað frá öllum hliðum og sjónarmiðum.

E. Kúld: Þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu hefur víst misskilið mig áðan, því mín meiníng var sú, að þjóðin gæti

ekki af eigin rammleik komið upp hjá sèr búnaðarskólum, en ekki var það meiníngin í orðum mínum, að samtakaleysið eitt væri því einúngis til fyrirstöðu. Að minnsta kosti þekki eg svo mikið til um Vesturland, að eg má fullyrða, að þetta, sem nú hef eg sagt, eigi sèr þar stað.

G. Einarsson: Menn hafa rætt um það hèr, að það mundi verða affarabezt fyrir land og lýð, sem kæmi innan að eða frá voru eigin hjarta. En hvar er nú hjarta landsins, ef það er ekki alþíngi, þar sem mannval landsins er komið saman úr öllum hèruðum þess. Mèr fyrir mitt leyti finnst, að það, sem hèðan kemur, verði að hafa mikil áhrif á landsmenn sjálfa, og því held eg, að umræður þær, sem nú eru þegar orðnar um þetta mál, muni heldur en ekki hvata áhuga manna á því uppi í sveitunum.

M. Andrèsson: Eg er má ske þessu máli fullt eins, ef ei fremur mörgum öðrum, kunnugur, og eg veit, að hjá almenníngi er nú farinn að vakna sá andi, að hugsa eitthvað um sjálfan sig, eins í þessu efni og öðru; að minnsta kosti veit eg, að svo er í því byggðarlagi, sem eg er í. Og þó eg sè fyrir mitt leyti á því, að vèr ættum sjálfir að byrja á slíkum skólastofnunum, sem hèr ræðir um, þá þykir mèr þó eins æskilegt, ef stjórnin vildi hjálpa oss nokkuð.

Á. Einarsson: Ef mig minnir rètt, þá skutu imbúar suðuramtsins fyrst saman talsverðu fè sjálfir, þegar húss- og bústjórnar-fèlagið var stofnað á Suðurlandi. En þegar stjórnin sá svo eindreginn *vilja* landsmanna, styrkti hún *hann* og með fègjöfum. Aðalmótspyrnan gegn skóla þeim, sem hèr ræðir um, er, að mèr virðist, fèleysi, líkt og orðið hefur til fyrirstöðu samkynja uppástúngu, sem bæði í fyrravor og nú var rædd á hèraðsfundum Vestfirðínga, og skal eg gefa nefnd þeirri, er kosin kann að verða, skýrslur um uppástúngur þær, er upp hafa verið bornar, enda þótt sumir hafi kallað þær *gífurlegar*. Þeim hæstvirta konúngsfulltrúa er mál það líka nokkuð kunnugt, og hefur gefið því góðan róm; eg hef líka bent til aðferðar, er mèr fannst við eiga, í skýrslu, er eg sendi honum í vetur. Eg er nú á þeirri skoðun, að æskilegast væri og rèttast, að þetta byrjaði innan að, frá landsbúum sjálfum, en mèr virðist þó nefnd þeirri, sem líklega verður kosin í þessu máli, gefast einmitt *nú* tækifæri til, að bera þessa nauðsyn vora upp fyrir stjórnina, eða vekja máls á því, og ef nefndin

verður kosin, þá lofa eg, að ljá henni uppástúnguna að vestan, sem eg drap nýlega á, ef henni kynni að verða nokkurt lið að henni. Hvað kennslu Íslendínga, sem farið hafa til Danmerkur, til að læra búnaðarfræði, snertir, þá játa eg, að stjórnin hefur styrkt þá vel; en ef mig minnir rètt, þá er sá styrkur tekinn að nokkru leyti af vissum sjóði, sem mig minnir að einstakur maður í Danmörku hafi stofnað handa Íslandi, Grænlandi og Færeyjum, og mun þessa getið í ársskýrslu landbústjórnar-fèlagsins. En ekki er mèr það kunnugt, hvort efnahag þess sjóðs er svo varið, að nú yrði til hans tekið, þó stjórnin vildi það. Þar sem þess var getið hèr á þínginu, að þeir, sem lært hefðu í Danmörku búnaðarfræði, ynnu hèr svo lítið að henni, þegar hingað væru komnir aptur, þá er þess að gæta, að vèr megum ekki eins og setja þá út á klaka, þegar þeir koma aptur, eins og hingað til hefur verið gjört. Þess vegna mæli eg af alefli fram með því, að nefnd verði sett í þessu máli, jafnvel þó eg verði að játa það, að mèr þykir bænarskráin ekki nærri því svo vel úr garði gjörð, sem eg hefði óskað.

G. Brandsson: En viðtökur þær, sem hinir áminnstu jarðyrkjumenn vorir fá, þegar þeir koma út hingað, eru einmitt sönnun fyrir því, hversu mikils þeir eru metnir og lærdómur þeirra, og hverju menn hèr vilja kosta til, að hafa sem bezt gagn af hvorutveggja, og sýnir þetta eitt meðal annars, hversu vel vèr erum búnir undir búnaðarskólastofnun þá, sem verið er um að tala.

Forseti: Eptir þeim umræðum, sem hèr eru orðnar, álít eg, að þingmenn vilji láta kjósa nefnd í þetta mál, og vil eg því biðja einhvern hinna heiðruðu þingmanna, að stínga upp á því, hvað marga skuli kjósa í hana.

J. Kristjánsson: Eg held, að nóg sè að kjósa 3 menn í þessa nefnd.

E. Kúld: Af því mál þetta er svo vandasamt, og að minni hyggju umfángsmikið, en mikilsvarðandi fyrir alla Íslendínga, alda og óborna, stíng eg upp á 5 manna nefnd í málinu.

Forseti: Eg vil þá biðja þingmenn, að greiða atkvæði um, hvort í þetta málefni skuli kjósa 3 eða 5 manna nefnd.

Var þá með atkvæðafjölda ákveðið, að kjósa skyldi 3 manna nefnd í þetta málefni. Bað þá forseti þingmenn að velja í nefndina, og voru kjörnir:

J. Kristjánsson, prestur, með 15 atkvæðum,

E. Kúld, prestur, með 8 atkv., og
Ásgeir Einarsson, bóndi, — 7 —.

Forseti: Þá er næst að taka til umræðu bænarskrá frá Rángárvallasýslu, um breytíngu á aukatekjureglugjörðinni.

P. Sigurðsson: Bænarskrá þessi, jafnvel þó hún taki einkum fram 3 atriði, þá ber hún þó með sèr ósk og vilja fundar þess, er yfirvegaði reglugjörðina og samdi bænarskrá þessa, að þíngið tæki aukatekjureglugjörðina gjörvalla undir nákvæma skoðun, og gjörði þá umbreytíngu á henni, sem bezt sýndist eiga við á þessum tímum; því það má segja, að hún sè ekki samgjörn, þar sem hún ákveður laun til sýslumanna fyrir skipti búa, sem þeir tíðast gjöra heima hjá sèr. Líka ber það við, að annar skiptaráðandi leggur útgipt á búið, eptir 68. grein, en annar ekki, þó bæði skiptin sèu jafn-einföld. Að lesa upp skjöl á þíngi, hvar sýslumaður verður að vera til staðar hvort sem er, sýnist lítil fyrirhöfn, og hvað uppboð áhrærir, þá sýnast þau líka ríflega tiltekin. Um innheimtulaun hefur hún einga ljósa ákvörðun, og því orsakar það stundum ágreiníng, og því óska eg, að nefnd sè kosin í mál þetta.

Þ. Jónassen: Auk þess að blærinn á bænarskránni, sem nú var borin upp frá Rángárvallasýslu, er allur annar, en óskandi væri, ber hún þess ljóst vitni, að þeir menn, sem hafa samið hana, hvorki hafa hugsað sig til hlítar inn í málið, nè kynnt sèr nægilega þess kríngumstæður. Þannig segir bænarskráin, ef mig minnir rètt, að aukatekjureglugjörðin frá 1830 sè samin af þeim mönnum, sem eptir á hafi átt að taka eptir henni tekjurnar, og gefur hún með þeim orðum til kynna, að þeir sem fjallað hafi um málið, hafi fremur hlynnt að sjálfum sèr en almenníngi, og einkum litið á sinn eigin hag. En nú er það vitanlegt, að frumvarpið til aukatekjureglugjörðarinnar frá 1830 var búið til af stiptamtmanninum okkar, sem þá var, og af amtmönnunum og landsyfirrèttinum, og þessir menn hafa eingar tekjur að heimta eptir aukatekjureglugjörðinni. Þá talar bænarskráin um embættisverk embættis- og sýslu-manna hèr á landi, eins og þeim fylgi einginn vandi, fyrirhöfn eða ábyrgð, og að minnsta kosti lángt um minni en í Danmörku, og þetta fullyrðir bænarskráin, þrátt fyrir það, þó það liggi í augum uppi, að sömu embættisverk og embættisgjörðir, sem gjörðar eru eptir sömu eða líkum lögum, hljóta að vera jafn-vandasöm og fyrirhafnarmikil, hvort heldur þau fara fram í Danmörku

eða á Íslandi, og mèr liggur enda við að halda, að sýslumenn vorir og undirdómarar eigi fullt svo vandasama, ef ekki vandasamari, stöðu hèr, en hèraðsfógetar og undirdómarinn í Danmörku, og leyfi eg mèr í því tilliti að benda á vegleiðslu þá, sem þeir í einka- eða *civil*- málum eiga að láta hlutaðeigandi málspörtum í tè; því þeir, sem þekkja til, hvað slík vegleiðsla þýðir, og ætlazt er til hún skuli þýða, hljóta að játa, að henni er mikill vandi samfara, en við þennan vanda eru undirdómarar í Danmörku að miklu leyti lausir.

Hvað þar næst sjálfa aukatekjureglugjörðina frá 1830 snertir, er satt bezt að segja, að hún er ekki ósanngjörn eða nærgaungul hlutaðeigendum; borgunin eptir henni er miklu minni, en eptir reglugjörð þeirri, sem gildir fyrir Danmörku, og ýmist þriðjúngi eða helmíngi lægri; einúngis er borgunin fyrir skipti og uppboð jafnhá. Eg sè nú heldur ekki, hver munur getur verið á þessu hèr og í Danmörku, eða hver ástæða gæti hugsazt til þess, að skiptalaunin á 100 rbdd. búi á Íslandi, eigi að vera hálfu minni en í Danmörku, eða uppboðslaun af 100 rbdd. minni hèr en þar. Þess ber og, hvað skiptalaunin snertir, að gæta, að í Danmörku eru víðast hvar skiptaskrifarar, og að borgun fyrir skiptabrèf er þar miklu tíðari en hèr, hvar menn í því tilliti eru miklu sjálfráðari.

Borgun fyrir kaupbrèfa-þínglestur er hèr hálfu minni en í Danmörku, og eru yfir höfuð enn mikið fá kaupbrèf, sem hèr eru lesin á þíngum; þessi borgun getur því ekki orðið neinum manni tilfinnanleg, enda ætla eg það og fjærri fara, að almenníngur hèr á landi sè óánægður með, eða uni illa við opt nefndrar reglugjörðar ákvarðanir, og hún er einnig, hvað borgun fyrir embættisverk snertir, mjög svo sanngjörn.

Það getur vel verið, að það kunni að líta svo út, eins og borgunin í þeim atriðum, sem bænarskráin talar um, sè meiri, en verkinu, sem borgað er, í fljótu bragði virðist samboðið, en það er aðgætandi, að borgun fyrir aukaverk sýslumanna, sèr í lagi við skipti og uppboð, ekki er eiginlega miðuð við fyrirhöfnina frá sýslumannsins hálfu, eða við það, hvað leingi hann er að verkinu, heldur er ætlazt til, að sú fremur ríflega borgun, sem hann fær fyrir þessi verk sín, bæti honum upp þau verk, sem hann fær lakar borguð, og verður ekki að þessu fundið.

Eg lít þannig fyrir mitt leyti svo á þetta mál, að það sè nýr vottur þess, hvað menn stundum geta verið hèr smámuna-

samir við embættismenn sína, og nærfærnir um hvert fiskvirðið. Að þessu leyti er þessi bænarskrá násvipuð þeirri, sem í fyrradag var borin upp frá Þorskafjarðarfundinum, en hún var líka felld af þinginu. Eg mæli því fyrir mitt leyti á móti því, að þessi bænarskrá verði tekin til nokkurra greina, eða nefnd kosin til að íhuga hana.

P. Sigurðsson: Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti konúngkjörni þingmaður, er síðast talaði, minntist á smámunasemi, þá held eg, að alþýðu muni ekki meira um, að gjalda það smáa, en embættismennina, að sjá af því. Það vita líka allir, að hreppstjórarnir skrifa upp flest öll bú, og því held eg, að skiptalaun sýslumanna sèu allt eins ósanngjarnlega há, þegar það er borið saman við fyrirhöfnina, að skipta út úr skiptastokknum milli erfingja, og hins vegar litið eptir því, hvað mikil laun reglugjörðin ákveður fyrir uppskript og virðíngu búa; en að fastar embættistekjur sýslumanna, víst í öllum betri sýslum, sèu nú sem stendur svo ríflegar, að há borgun aukaverka þurfi ekki til uppbótar þeim, því þessir embættismenn eru hvað bezt launaðir eptir tiltölu.

Þ. Jónassen: Eg held, að sú yrði niðurstaðan af endurskoðun aukatekjureglugjörðarinnar, að borgunin fyrir embættisverk yrði hækkuð, og það mundi mönnum þykja lítill ávinníngur.

J. Guðmundsson: Eg get ekki neitað því, að eg hef orðið var við nokkra óánægju yfir reglugjörð þessari, sem hèr er verið að tala um, einkum út af 68. gr. hennar, þar sem með hana er fylgt sinni reglu í hverjum stað, nærri því eptir hvers eins viðkomanda geðþótta og útleggíngu á henni. Hvað því viðvíkur, hver hafi búið þessa reglugjörð til, þá finnst mèr það minnstu skipta, hvort það eru amtmennirnir og yfirrètturinn eða ekki, því hèr kemur mest undir því, að hún sè sanngjörn og rètt; þó held eg, að eg geti sýnt eiginhandarrit einhvers undirdómara, er sýni, að hann hafi verið kvaddur til að semja frumvarp til aukatekjureglugjörðarinnar, og það með, að tillögum hans hafi ekki verið alstaðar gaumur gefinn. Hvað skiptalaununum viðvíkur, þá máttu þau að vísu virðast áður nokkuð há, eptir því hvað lítið hèr er haft fyrir að skipta búum yfir höfuð að tala, en nú verða þau varla álitin of há, þar sem sýslumönnum eru nú lögð á herðar fjárforráð ómyndugra, eptir tilsk. 1847, sem bæði er vandamikið verk og áríðandi fyrir alla, og hefur mikla ábyrgð í för með sèr, en fyrir það er þeim

eingin sèrstök borgun ætluð. Þessi mikla og áríðandi og vandasama skylda er þeim að vísu lögð á herðar síðar, en aukatekjureglugjörðin frá 1830 kom út, með hinum nýju lögum um fjárforráð ómyndugra, svo þó skiptalaunin kunni í fyrstu að hafa mátt virðast vel ríflég, þá ætla eg, að þau sèu nú alls ekki of há, heldur sèu sýslumenn vel að þeim komnir, síðan þessi ábyrgð og umsvif bættust þar á, og ef þeir leysa þau verk svo vel og dyggilega af hendi, sem lögin ætlast til. Eg álít því, að sú óánægja, sem risin er af þessu atriði meðal almennings, sè sprottin af nokkrum misskilningi; en þessi óánægja á sèr stað, og er, sem sagt, nokkuð almenn, og vil eg því mæla með, að nefnd sè kosin í málið, því nefndin hefur æfinlega frjálsar hendur með, að komast að þeirri niðurstöðu, sem henni líkar bezt, og þar eptir þingið sjálft.

Þ. Jónassen: Eg held, eins og eg hef áður sagt, að það megi fullyrða, að það sè eingin óánægja, og allrasízt hjá almenningi, út af aukatekjureglugjörðinni, nema ef til vill út af 68. gr. hennar, því eg hef tekið eptir því, að hún er sumstaðar misjafnt skilin og heimfærð af hlutaðeigendum.

P. Sigurðsson: Mesta óánægjan hjá almenningi held eg sè um þessi skiptalaun, því allir vita nú, hvað þau eru há, og það er þó opt og tíðum ekki eyktarverk, að skipta búi hjá flestu bændafólki, einkum þegar erfingjar eru fáir; líka eru skiptalaun jafnhá, þó búið eigi að svara miklum skuldum, og virðist það vera töluverður ójöfnuður.

Þ. Jónassen: Skiptalaunin koma jafnt niður, því þau fara einúngis eptir upphæð búsins, sem skipt er, og hèr er því eingin ástæða til umkvörtunar yfir ósanngirni í þessu efni.

M. Andrèsson: Hvað skiptalaunin áhrærir, verður það ekki varið, að menn eru ekki ánægðir með þau, einkum í því tilliti, að þau eru tekin af öllum skuldum; því svo *getur* að borið, og það kemur *opt* fyrir, að mikil skiptalaun eru tekin af sárfátækum erfingjum, þegar búið, sem þó má ske er mörg hundruð dalir, gengur allt í skuldir; svo líka óttast eg fyrir, að hin háu skiptalaun orsaki það, að misbrúkað, eða rèttara sagt of brúkað, verði leyfi það, sem hin nýja erfðalöggjöf 25. sept. 1850, 18. gr., veitir ekklum og ekkjum, að sitja í óskiptu búi, því svo getur á staðið, að slíkt sè mjög háskalegt fyrir hin ómyndugu börn, hvað eigur þeirra snertir.

Konúngsfulltrúi: Hið heiðraða þing hefur nú þegar tekið

að sèr svo mörg vandasöm og yfirgripsmikil málefni til meðferðar, að mèr þykir mjög tvísýnt, hvort það muni fá tíma til, að afljúka þeim öllum; eg vil því biðja þingið vel að yfirvega, hvort nauðsyn muni vera, að setja nefnd í þessu máli. Eg verð að vera þeim heiðraða konúngkjörna þingmanni, er áðan talaði, öldúngis samdóma í því, að eingin brýn nauðsyn beri til, að breyta aukatekjureglugjörðinni, og að bænarskrá sú, sem til þingsins er komin um það efni, sè öll frá upphafi til enda byggð á raungum hugmyndum. Það er mèr einnig kunnugt, að álitsskjöl þau, sem stjórnin lagði til grundvallar, þegar búin var til aukatekjureglugjörðin, voru samin af amtmönnum og dómendum landsyfirrèttarins, og það er mèr einnig kunnugt, að sá maður, er samið hefur aukatekjureglugjörðina, og sem þá var konúngsins helzti ráðanautur í löggjafarefnum, og nú er ríkisins æðsti ráðgjafi, endurbætti mikið frumvörpin hèðan, bæði með því, að gjöra aukatekjureglugjörðina einfaldari, og með því, að minka allvíða gjöldin sjálf, sem hèr voru áður vanalega tekin eptir aukatekjureglugjörðinni fyrir Noreg af 1788. Hinn heiðraði þingmaður Árnesínga hreifði því, að óviðkunnanlegt væri, að skiptalaun væru tekin af skuldum, en þar við er það aðgætandi, að jafnaðarlegast hafa skiptaráðendur mest ómak og umstáng fyrir þeim búum, sem mestar skuldir hvíla á. Bænarskráin fer því fram, að borgun fyrir þinglýsíngar sè of há; en þar við er aðgætandi, að sýslumenn hafa mikið ómak með að halda kaupbrèfa- og veðskulda-bækur, og sèr í lagi með að halda nákvæm registur yfir þær. Eg vil því, þegar svona stendur á, ráða þínginu frá, að taka þetta mál til yfirvegunar, eða setja nefnd í því.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg verð að vera á sömu meiníngu og hinn háttvirti konúngsfulltrúi, hinn 4. konúngkjörni þingmaður og þingmaður Árnesínga um þetta mál, og eg gef atkvæði gegn því, að nefnd verði kosin í það; því eg verð að álíta bænarskrá þessa sprottna af misskilníngi. Þeir, sem hana rituðu, hafa auðsjáanlega metið verkið út af fyrir sig, en ekki aðgætt þá ábyrgð, sem því fylgir, eins og þingmaður Skaptfellínga tók fram fyrir skemmstu. Eg vil halda, að alþíngi sè ekki einu sinni fært um, að vega þessa ábyrgð, eg vil segja *ansvar*, sem þessum starfa sýslumannsins fylgir. En hvað óánægju manna með aukatekjureglugjörðina áhrærir, þá verð eg að ætla, að hún sè nýuppkomin; svo mikið er víst, að þau 12 ár, sem

eg var sýslumaður, varð eg hennar aldrei var. Eg mæli því móti nefnd í þetta mál, einkum þar sem þingið hefur nú feingið svo mörg mál og yfirgripsmikil, að líklegt er, að það hafi nóg að gjöra samt.

P. Sigurðsson: Sem flutníngsmaður bænarskráarinnar verð eg þá að óska, að hinn háttvirti forseti láti þingið skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skuli kjósa í málefni þetta eða ekki.

Á. Einarsson: Mèr finnst það vera ísjárvert, að bæta nú þessu málefni á þingið, þar sem þegar eru svo margar nefndir kosnar, og mörg mál tekin fyrir. Eg veit til, að vafi hefur stundum orðið um skilníng á ýmsu í aukatekjureglugjörðinni, en bæði hefur hún skýrzt smátt og smátt, og svo er ekki um svo mikið að gjöra í því efni, að til sè vinnandi nú þegar að kjósa nefnd þess vegna í málið. Hvað aðalinnihald bænarskráarinnar áhrærir, þá verða líklega ólíkar meiníngar um það, hvort lækka eigi aukatekjur sýslumanna. Þegar rætt var um „frumvarp til erfðatilskipunarinnar af 25. septemb. 1850“ hèr á þíngi 1849, sagði konúngsfulltrúinn, að skiptalaunin væru ekki einúngis ákveðin, sem endurgjald fyrir starfa embættismannsins, heldur að þau skyldu ríflca laun sýslumannsins (alþingist. 1849, bls. 780). Nú getur verið, að þeir, sem búa í sýslum þeim, hvar sýslumenn eru vel launaðir, vilji lækka laun þeirra, og líti ekki til þess, að beztu embættismennirnir dragast þángað optast, en í hinum sýslunum loða sjaldan leingi nema þeir lakari, er ekki eiga annars úrkosti, geta þeir þá, er vanir eru góðu yfirvaldi, varla getið því nærri, hvað mikið illt leiðir af því, þegar öðruvísi er. Eg er því á þeirri meiníngu, að menn ættu ekki að horfa í, að launa embættismönnum heldur vel en illa, því þess heldur mega menn vonast eptir að fá þá menn til embætta, er með skyldurækt og samvizkusemi ræki embætti sitt. Auk þessa þykir mèr uppástúngur bænarskráarinnar svo einstaklegar, og enda smásmuglegar, að vart mun svara kostnaði, að kjósa nefnd, og er eg því mótfallinn.

G. Brandsson: Það mun mega segja eins um þessa aukatekjureglugjörð og margt annað, að sínum augum lítur hver á silfrið. Eg neita því ekki, að mönnum hafi þótt hún þurfa umbóta í sumum greinum, og að borgun fyrir aukaverk sýslumanna þætti sumstaðar of hátt ákveðin, einkum skiptalaunin. En nokkrir þíngmenn hafa nú sýnt fram á, að því gjaldi mætti færa margt til rèttlætíngar, og finnst mèr það, er þeir

hafa þar um sagt, vera á góðum rökum byggt. En eg hef líka heyrt suma tala um, að borgun í áminnstri reglugjörð væri sumstaðar ákveðin of lítil, svo sem fyrir uppskriptir búa, stefnubirtíngar, og fyrir ýmsar ferðir eptir vegaleingd, og það getur verið eitthvað fleira, sem eg man ekki. En bænarskrá sú, sem nú er umræðuefnið, hreifir ekkert við þessu, og þar sem það verður ekki annað, en álitið eins konar kák og tímaeyðsla, að fara nú að hreifa við og umbreyta einúngis þeim 3 atriðum, sem hún tekur fram í reglugjörðinni, þá álít eg betra, að fresta málefni þessu í þetta sinn, því eg held það þyrfti rækilegra undirbúnings, en nú er orðið, og þess vegna vil eg ekki mæla fram með því, að nefnd verði sett.

St. Jónsson: Jafnvel þó reglugjörð sú, sem hèr ræðir um, kunni í ýmsu að vera nokkuð óheppileg, þá virðist mèr, að eptir bænarskránni verði eingin bót á því ráðin, og ekkert gjört við hana nema kák. Hvað því viðvíkur, að of mikil skiptalaun sèu á skuldabúum, þá veit eg til, að sýslumaður á opt og tíðum örðugast og vest með að skipta þeim. En þar fyrir er eingin ástæða til, að taka meira af þeim fyrir það; því það kemur fyrir hvern sýslumann, að skipta fleirum búum, og þá verður hvert að bæta annað upp. Þetta hverfur og nokkuð, ef, sem líklegt þykir, að færri búum verður að skipta hèr eptir en hingað til, vegna frjálsræðis þess, sem hin nýja erfðalöggjöf veitir í þeim efnum. Eg er þess vegna á því, að sleppa bænarskránni í þetta sinn.

J. hreppstjóri *Sigurðsson*: Eg hef ekki heyrt neina sèrlega óánægju yfir aukatekjunum, ef þær ættu að vera borgun út af fyrir sig fyrir aukaverkin. En þegar menn gæta að því, að sýslumenn sitja við góð og há embættis-fastalaun, þá þykir mönnum óþarfi, að vera að borga þeim hvert handarvikið sèr á parti. Aukatekjureglugjörðin þarf víða að aðgætast, ef hún er á annað borð tekin fyrir. En það er varla svo megn óánægja yfir henni hjá alþýðu, að brýn nauðsyn beri til, að taka hana fyrir á þessu þíngi, sem horfir til að verða önnum kafið, og mæli eg því ekki með nefnd í því máli.

Forseti leitaði þá atkvæða þíngsins um, hvort taka skyldi bænarskrá þessa til nefndar, og var hún felld með 19 atkvæðum gegn 2.

Forseti: Eg legg því næst fram fyrir þíngið bænarskrá frá Þíngvallafundinum, sem er hið fjórða mál á dagskránni, en nr. 37

á yfirlitsblaði bænarskránna; eg get má ske álitið hinn háttvirta varaforseta sem flutníngsmann þessarar bænarskrár.

H. Stephensen: Eg gjöri að vísu ráð fyrir, að hinir heiðruðu þíngmenn hafi kynnt sèr bænarskrá þessa á lestrarstofunni, en væri nokkur sá, sem ekki hefði lesið hana, svo stutt sem hún er, þá vil eg biðja hinn háttvirta forseta að leyfa mèr að lesa hana upp. Hún er svolátandi:

Af því að allur ójöfnuður, í hverju sem er, á ekki að hafa nokkurn stað, og af því allar undanþágur og einkaleyfi yfir höfuð eru jafnan skaðlegar og óvinsælar, og af því þetta á sèr stað með tíundarskyldu fasteigna hèr á landi, þar sem sumar eru bundnar tíundarskyldum til allra, aðrar til sumra, og nokkrar til eingra stètta, þá leyfum vèr oss að biðja alþíngi, að koma því til leiðar:

að allar jarðir og fasteignir á landinu hafi jafna tíundarskyldu.

Á almennum Þíngvallafundi 29. júní 1853.

Bænarskrá þessi grundvallast, sem hinum heiðruðu þíngmönnum nú er ljóst, á hinu gamla sannmæli, „að allur er jöfnuðurinn góður“.

Það er mönnum kunnugt, að sumar fasteignir í landi voru hafa að undanförnu verið fríar fyrir tíundarskyldu; eru það konúngs jarðir, klaustra, kirkna og stóla.

Meðan hinir geistlegu sátu að völdum hèr á landi, þágu þeir jarðir þær, er þeir höfðu á höndum, undan tíundarskyldunni, en sú tíð er nú, hamíngjunni sè lof, liðin, og ætti því góz það að leggjast aptur undir svo sanngjarna skyldu.

Því hefur verið hreift áður fyrrum á þíngum hèr, að tíund stólsjarðanna væri raung, og svipti jarðir þessar einka-rèttindum þeim, sem þeim væru löglega unnin, fyrst þær voru seldar með tíundafrelsi; en síðan eru nú liðnir þegar 3 fjórðu partar aldar, og er góz þetta gegnum marga knèrunna, og með sölum og erfðum, komið lángt frá þeim, sem keyptu það í fyrstu; því virðist mèr rètt og sanngjarnt, að nema burtu þessa ósanngjörnu undanþágu. Eitt er atriði í máli þessu, sem gjörir undanþágu þessa hvað helzt óþolandi, að sín eru lög, ekki að eins í amti hverju, heldur jafnvel í sýslu og hreppi hverjum. Eg þekki t. a. m. sýslu þá, í hverri hálfri eingri tíund er svarað af stólsjörðum, en í hinum helmíngnum þar á

móti einni tíund; í öðrum sýslum mun 2 tíundum svarað, og má ske í einhverri 3.

Eg hef heyrt þá mótbáru, að von sè þegar á jarðamatinu, og því sè bænarskrá þessi ótímabær, þar eð ekki eigi að leggja tíund á jarðir þessar, fyr en jarðamatið er komið í kríng.

Eg bið þingmenn að yfirvega vel þetta málefni, og óska eg, að nefnd verði sett.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Það væri alþýðu víst sönn gleði og ánægja, að heyra því máli hreift, að jöfnuður yrði sem mestur, og ónáttúrlegar undanþágur hverfi sem flestar, því eg hef opt heyrt talað um, hvað undarlegt það væri, að allar jarðir gætu ekki búið undir sömu tíundarskyldum, og að bóndinn, sem býr á bændaeign, verði að hafa verri kjör, og standa undir þyngri byrði, en sá, sem býr á kirkju- eða konúngs-jörð, eins og báðar jarðirnar sèu ekki jafnt veraldlegar. Eg mæli því fastlega fram með nefnd í þessu máli.

G. Einarsson: Því verður ekki neitað, að það er í alla staði sanngjarnt, að allar jarðir verði bundnar einni og sömu tíundarskyldu, og eingar undanþágur í því skyni, en allt um það, þegar eg lít til þess, að skattamálinu nú var vísað frá fyrir skemmstu, einmitt fyrir þá skuld, að skuldsetníngin væri í vændum, og rèttast þótti þá, að öllu þar að lútandi væri kippt í liðinn undir eins, þegar eg lít þess, að það eru nokkrar jarðir hèr á landi, sem alls ekkert hundraðatal er á, og hverjar þyrfti þó að meta til hundraða, áður en tíund yrði á þær lögð, til hvers eg sè þó ekki tækilegt ráð í fljótu áliti, þá get eg ekki fyrir mitt leyti mælt fram með því, að þessu máli verði hreift hèr á þingi að svo komnu.

H. Stephensen: Hinn heiðraði þingmaður, er nú settist niður, vill af þeim rökum ekki mæla með nefnd, af því hann segist ætla, að það muni ekki að notum koma, en eg ætla, að manni beri að gjöra rètt, og fylgja sannfæríngu sinni.

Það er lítilfjörleg ástæða, að sumar af jörðum þessum sèu ekki skuldsettar, og munu það helzt preststsetrin í *beneficiis;* stólajarðirnar eru það víst allar; en 1839 gáfu prestar allir, eptir kröfu biskups, lýsíngu á bújörðum sínum, og miðuðu þær, sem ómetnar voru, við aðrar jarðir með líkum gæðum í sömu sveit.

Þó bænarskráin um jöfnuð í skattagjaldi fèlli í gær, er

þetta allt annað mál, og á ekkert skylt við hitt; þau þurfa því ekki að falla hvort með öðru.

M. Andrèsson: Það sama, sem þingmaðurinn úr Dalasýslu sagði, vakti einnig fyrir mèr; eg verð að geta þess, að mensaljarðirnar munu ekki almennt vera skuldsettar, að minnsta kosti eru einúngis 3 það í allri Árnessýslu. Eg fyrir mitt leyti get ekki verið samdóma þeim, sem vilja láta fara að tínnda jarðirnar; því eg álít ekki vera kominn tíma til þess enn þá. Meðan allmargar þeirra hafa, að því leyti eg til veit, ekkert hundraðatal, hvernig á þá að tíunda þær? Grundvöllur þess svo kallaða hundraðatals, sem nú við geingst á Skálholtsstólsjörðum, var líka naumast svo góður, að tíund væri á honum byggjandi. Þegar átti að fara að selja þær 1788, eða nálægt því, voru þær lagðar í hundruð einúngis eptir því, sem þá var af þeim goldið, hvernig sem á því stóð; voru þá allar kvaðir, mannslán, hestalán og dagsverk gjörð að álnum og hundruðum, svo kúgun biskupanna, hverri þeir beittu mest við þá stólslandsetana, sem næstir þeim voru, er sú góða undirstaða jarðadýrleikans, og ætti að byggja á henni tíund, held eg, að niðurlagssetníngu bænarskráarinnar yrði ekki gjörð fullnusta, þar sem stendur: „allur er jöfnuðurinn góður"; í það minnsta er hann í Árnessýslu ekki betri en svo, að 2 hundruð í allmörgum stólsjörðum eru ekki meira verð, en 1 hundrað í bændaeignum. Eg fyrir mitt leyti er mótfallinn því, að nefnd verði kosin í málinu.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Mèr hefur heyrzt á ræðum sumra þingmanna, að þeir væntu bráðum eptir, að jarðamatið kæmi fljúgandi með hundraðatöluna á jarðirnar, en eg hef hvorki sèð nè heyrt því hreift, að tíundarundanþágan á kirkna-, klaustra- og konúngs-jörðunum yrði burt numin fyrir það.

Eg held þetta sè allt annað mál, en jarðamatið eða skattamálið, og eg held, að þessi jafnaðar- uppástúnga sè ekkert of tímanlega upp borin, og mundi það eingu spilla, þó menn væru búnir að fá vonina í bænheyrslu um hana, þegar jarðarhundraðatalan kæmi út, því þá þyrfti ekki að gjöra það í seinna verkinu, sem búið væri í hinu fyrra.

Jón Guðmundsson: Eg er að vísu á sama máli og þingmaðurinn, er seinast mælti; en það er sitt hvað, að meta jarðirnar upp, og að nema burtu ójöfnuðinn á tíundarskyldu þeirra. Skattanefndin vildi, að tíund væri goldin til prests, kirkju og

fátækra, og eg gjöri helzt ráð fyrir, að sú sama verði niðurstaðan síðar, þó skattalögunum verði breytt; því álít eg, að þessi jöfnuður á tíundarskyldu fasteignanna þurfi alls ekki að bíða eptir jöfnuði skattgjaldanna, heldur megi og eigi að gánga af á undan; því tíund og skattur er og verður sitt hvað. Einkaleyfi þau og undanþágur frá tíundarskyldu sumra fasteigna, sem nú eiga sèr stað, og sem að eins eiga að styðjast við venjuna, og hafa ekki neina lagaheimild fyrir sèr, heldur eiga að rekja uppruna sinn til yfirgángs og sjálfræðis höfuðsmanna og umboðsmanna konúngs á fyrri öldunum, þessar undanþágur og einkaleyfi, segi eg, sem svona eru undirkomnar, á sem fyrst að nema í burtu.

Þau jarðagóz, sem nú sem stendur eru álitin undan þegin tíundarskyldunni að nokkru eður öllu, eru 1) prestagózin, 2) klaustragózin og Hólagózið, og 3) Skálholtsgózið. Skattalaganefndin komst um árið að þeirri niðurstöðu, að ekki mundi mega svipta hið forna Skálholtsgóz tíundarfrelsi því, sem því væri helgað og staðfest með fornum og nýjum ályktunum; tíundarfrelsi þessa góz er og miklu ríkara og vafaminna, en tíundarfrelsi hinna gózanna, sem eg nefndi. Að vísu ætlaði lögrèttan, á dögum Brynjólfs biskups, að dæma Skálholtstólsgózið til tíundarskyldunnar, eins og öll önnur góz og jarðir; en biskup gekk þá sjálfur fram fyrir dóminn, skírskotaði til erindisbrèfs síns um, að hann ætti að vernda og við halda rèttindum gózins, eins og þau verið hefðu að fornu, og bannaði lögrèttunni að dæma dóm þennan; lèt þá lögrèttan undan, og lagði málið undir konúngsúrskurð, sem þó aldrei kom í ljós. En þegar gózið var selt 1785, var beinlínis tekið fram, að tíundarfrelsi þess skyldi haldast. Þannnig er rèttur Skálholtsgózins til tíundarfrelsis betur grundvallaður, en Hólagózins og klaustragózanna og kirknanna. Kristján konúngur 4. uppálagði nefnilega höfuðsmönnunum, með hinu svo nefnda Rípurbrèfi, að þeir skyldu greiða tíundina til allra, af öllum slotum konúngs og görðum, til þess að gefa landslýðnum þar með gott eptirdæmi, og Friðrik konúngur 2. bauð með tilskipun einni frá 1575, að greiða skyldi tíund hverjum presti af öllum jörðum og hverri kirkju, þar sem jörðin væri, nema heimajörðum klaustranna, kirknanna og stólsins; og margir alþíngisdómar geingu þar eptir frá því seint á 16. öld og fram eptir 17. öldinni, sem skírskotuðu til Rípurbrèfsins og tilskip. 1575, og

skylduðu *allar* jarðir til tíundar til prests og fátækra, nema heimajarðir kirknanna og klaustranna. Svona er undanþága þessara góza frá tíundarskyldunni grundvölluð; hún er þvert á móti bæði skýlausum lögum og óröskuðum dómum. Þannig var og Hólagózið ekki undan þegið tíundarskyldunni, þegar það var selt um aldamótin, eins og var um Skálholtsgózið 1785. En það eru ekki að eins þessi eldri lög og dómar, sem staðfesta tíundarskyldu, að minnsta kosti klaustrajarðanna, því með konúngsúrskurði 1787, 13. júní, er umboðsmönnum konúngs yfir hinu forna Viðeyjarklaustri í Gullbríngusýslu og konúngsjörðunum í Mosfellssveit boðið, að greiða úr umboðssjóðnum fulla tíund af þessu gózi til allra presta, kirkna og snauðra manna, eptir hundraðatali jarðanna, og skuli það tíundargjald ekki lenda á leiguliðunum.

En það er ekki þar með búið, að undanþága þessara einstöku góza frá hinni almennu tíundarskyldu er þvert í móti eldri og nýrri lögum og dómum; hún er og sín með hverju móti í hinum ýmsu hèruðum, því af kirkju- og klaustur-jörðum eru sumstaðar teknar 2, sumstaðar einúngis 1 tíund, en af Þykkvabæjar- og Kirkjubæjar-klausturjörðum í Skaptafellssýslu er ekki goldin *nein tíund* til *neinna stètta,* og eg að minnsta kosti misskildi þá næsta illa stöðu mína hèr á þíngi, ef eg legði ekki það liðsyrði prestum og kirkjum og fátækum þar í sýslu, að ekki væru þeir leingur sviptir sínum vafalausa rètti til tíundarinnar af þessum gózum þvert í móti eldri og yngri lögum, og því legg eg eindregið til, að nefnd verði kosin.

H. Stephensen: Í tilliti til þess, er þíngmaðurinn úr Árnessýslu sagði, að ógjörníngur væri, að leggja tíund á jarðirnar, sem væru svo hátt settar til hundraðatals í jarðabók þeirri af 1788, að hann sagði, eg meina það muni hafa verið 1783, þá spyr eg hann, hvort það muni vera sú jarðabók yfir jarðir þessar; eg ætla, að margar þeirra muni hafa allt annað hundraðatal, sem nefnt registur á þær lagði, og skírskota eg í þessu efni til hins heiðraða þíngmanns Skaptfellínga, hvort ekki geti hann gefið þínginu hèr um neina upplýsíngu.

St. Jónsson: Menn segja, að hèr á Suðurlandi sè sumstaðar eingin tíund, en fyrir norðan eru alstaðar 4 tíundir á bændaeignum; á klaustrajörðunum eru þær 2; á sjálfum klaustrunum og *beneficeruðu* gózi eru þar eingar tíundir. Eg ímynda mèr, að þíngið mundi fá óþökk hjá mörgum, ef það breytti tíundinni

eins og sumir vilja, því það er þá sjálfsagt, að menn gánga t. d. ljúfara að þeirri jörð, sem einúngis hefur 2 tíundir, heldur en hinni, sem hefur 4. Stólsjarðirnar eru annars tíundardýrari en aðrar jarðir, því þær eru metnar hærra að sínu leyti.

Að öðru leyti mæli eg á móti nefnd í þessu máli, og einkum undir núverandi kríngumstæðum.

M. Andrèsson: Þíngmaður Borgfirðínga talaði um aðra jarðabók; en ef tíunda ætti jarðirnar, hvernig á þá að fara að því, ef hún er ekki til, eða einginn veit, hvar hún er? Ræða þíngmannsins úr Skaptafellssýslu, þar sem hann minntist á, að á sumum jörðum væru 4 tíundir, sannfærði mig ekki um annað, en að ójöfnuður væri til, og það vissi eg áður, og yfir honum er eg líka óánægður, eins og margir eru, og þess vildi eg óska, að hvert einasta kot á Íslandi væri tíundað, þó samt ekki fyr, en betri jöfnuður er kominn á þann tíundar-stofn; einn ójöfnuður verður trauðlega bættur með því, að annar verri komi í staðinn.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg get ekki verið samdóma þíngmanninum úr Borgarfjarðarsýslu, að það veiti nokkra heimild, til að breyta tíundinni á einni jörð, þó hún hafi geingið gegnum svo marga, eins og það víst heldur ekki er rètt, að svipta erfingjana einkaleyfi því, sem fylgt hefur jörðinni. Annars vildi eg gjarnan óska, að allar jarðir hefðu 4 tíundir að greiða, en nú getur það víst ekki orðið.

Þegar eg var sýslumaður í Árnessýslu, og vildi láta tíunda þau kúgildi, sem fylgdu með stólsjörðunum, mætti eg mótmælum af hinum mestu mönnum landsins, og þá held eg það yrði núna, ef það ætti að gjöra það yfir allt land. (*M. Andrèsson*: og sú kúgilda-tíund er nú aptur úrelt). Viðvíkjandi klaustra- og Skálholts-gózinu er eg samdóma þíngmanni Eyfirðínga, að ekki sè farandi fram á, að gjöra breytíngu á leiguskilmálunum.

Eg mæli fastlega á móti því, að nefnd verði kosin, til að íhuga þessa bænarskrá, sem eg nærri því vil segja að gjarnan mætti brenna.

G. Brandsson: Þíngmaðurinn frá Mýrasýslu talaði á þá leið, að sá jöfnuður, sem hèr er verið að tala um, gæti verið hentugur undirbúníngur undir þá væntanlegu skattabreytíngu, og ef sú væri meiníng þeirra, er bænarskrána sömdu, held eg það gæti vel sameinast skoðunarmáta þíngmannsins frá Árnes-

sýslu; en flutníngsmaður bænarskráarinnar getur nú bezt sagt frá því, hvort þessi hafi verið meiníngin, jafnvel þó eg þykist hafa getað ráðið það af orðum hans, að hún muni ekki hafa verið það eingaungu.

H. Stephensen: Það var eingan veginn tilgángur bænarskráarinnar, að bíða eptir jarðamatinu, enda er það hið sama, ef það er satt, sem hinn 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að erfíngjar sviptust ólöglega keyptu einkaleyfi, hvort jarðamatið kemst í kríng á morgun, eða fyrst eptir 200 ár; því rètturinn er hinn sami um aldur og æfi. Hvað því að öðru leyti viðvíkur, er hann sagði um stólsjarða-kúgilda-tíundina í Árnessýslu, þá var það eðlilegt, þó henni geingi illa að komast á, ef hún var á ólögum byggð. Tilskip. 1834 um tíundarfrelsi allra jarðakúgilda, hvar til þófið um kúgildatíund stólsjarðanna gaf tilefni, gjörði loks enda á prætunni, svo það er ekki úrelt, eins og hinn virðulegi þíngmaður Árnesínga sagði.

J. hreppstjóri *Sigurðsson*: Það er æfinlega að búast við mótmælum, þegar talað er um, að svipta menn einhverjum einkarèttindum, sem þeir hafa haft, þó það hafi verið ónáttúrleg rèttindi og órèttar undanþágur, en það tjáir ekki, að setja það fyrir sig, því það er skylda alþíngis, að biðja breytíngar á óhentugum lögum, og laga það, sem órèttilega hefur við geingizt.

Páll Sigurðsson: Eg hef heyrt á sumum þeim mönnum, sem hèr eru eigendur jarða þeirra, er seldar voru undan Skálholtsstól, að þeim þætti það rèttvíst, að tíundarskyldan lægi jafnt á öllum jörðum í landinu. Það verður og hver maður að játa, sem ber nokkra virðíngu fyrir sanngirni og jöfnuði. En hvað viðvíkur rèttindum þeim, að Skálholtsgózið hafi af stjórninni verið selt með tíundarfríheitum, og því sè það einkaleyfi, sem ekki megi hreifa við, þá leiði eg hjá mèr, að segja neitt um gildi þess nú, en það þori eg að fullyrða, að megi ekki hræra við þessum rèttindum núna, þá missa þau ekki gildi fyrir það, þó jarðamatið verði klárað, og því get eg ekki sèð, að þessi rèttindi ættu að standa því í vègi, að sem sanngjarnlegast verði jafnað niður öllum álögum á gjaldþegna; en það kann að verða spursmál, hvort þeir, sem keyptu, ættu ekki rètt til endurgjalds fyrir leyfi þessi.

St. Jónsson: Að því leyti menn álíta það ránglæti, að taka ekki tíund af öllum jörðum, þá held eg hvert ránglætið reki sig á annað, því með þeim skilmálum hafa menn tekið

jarðirnar, að tíunda þær eins og nú stendur á, og því virðist mèr bezt að halda því.

M. Andrèsson: Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga hefur ekki enn nú í sínum mörgu ræðum bent á, hvernig setja eigi hundraðatal á jarðir þær, sem einga skuldsetníngu hafa; það væri þó æskilegt, að hann vildi gjöra það.

H. Stephensen: Eg gat þess áðan, að prestarnir gáfu biskupi *St. Jónssyni* 1839, í brauðaskýrslum sínum, upplýsíngu um ábýlisjarðir sínar, gæði þeirra og stærð í samanburði við aðrar í sömu sveit. Meðan þíngmenn nú eru að fella bænarskrá þessa með atkvæðum sínum, væri vel, að Gissur gamli lypti upp höfði sínu í sal þessum.

M. Andrèsson: Eg vil ekki reingja það, að sumir prestar má ske hafi í brauðalýsíngum 1839 jafnað ábýlisjörðum sjálfra sín við einhverja nálæga jörð í sveitinni; þó nú svo hafi verið, þá er það veik ástæða til, að meta eptir því jörðina, og svo munu þeir varla hafa jafnað öllum kirkju-jörðunum saman við aðrar jarðir, og víst var það ekki í minni sveit, hvar þó liggja 13 mensaljarðir, og svo ætla eg hafi verið víðar.

H. Stephensen: Eg verð þó að gjöra þíngmanninn varan við, að mikið af gózi hèr í landi mun skuldsett eptir lýsíngu og sögusögn ábúanda eða eiganda; en hvað öðru mensalgózi viðvíkur, þá er að minni hyggju afgjaldið sá eini rètti mælikvarði, og eg þori að fullvissa þíngmenn um, að mensalgózið á Íslandi muni vera leigt.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Það mundi vera óhætt, þó nefnd yrði kosin í þessu máli, og gjörð bænarskrá um þetta efni; því eptir því sem geingið hefur, þá er ekki víst, að bænheyrslan eða lög um þetta efni kæmu svo fljúgandi fljótt, að þau tækju af mönnum fornan rètt, með því að verða á undan jarðamatsmálinu.

Þó aldrei yrði vísað á vissari mælikvarða til skuldsetníngar á hundraðalausu jarðirnar, sem þíngmaður Árnesínga talar um, þá er það vonin um jarðamatið nýja fyrir framtíðina, sem þíngið er nú að undir búa.

M. Andrèsson: Mèr fyrir mitt leyti þykir það bágt, að stjórnin hefur ekki feingið sömu hugmyndina, eins og þíngmaður Borgfirðínga, þegar hún lagði fyrir jarðamatið. Þá hefðu ekki jarðamatsmenn komizt í ráðaleysi, ef afgjald jarðanna væri einhlítur mælikvarði.

Ásgeir Einarsson: „R è t t i n d i“ og „j a f n r è t t i“ eru 2 falleg orð, en nú er eins og þau ætli að fara að rekast á.

R è t t i n d u m ættum vèr Íslendíngar aldrei að gleyma; j a f n r è t t i ætti aldrei að taka f o r n r è t t i n d i frá neinum; það hefur nýlega kippt fótunum undan frelsinu hjá voldugri þjóð; það lítur svo út, sem þíngið greini á um, hvort kjósa eigi nefnd í þessu máli, þar sumir vilja halda í rèttindi þessi, sem fylgja þessum fornu stólseignum, en sumir aptur láta jafnrèttið sitja í fyrirrúmi. Þíngmaður Borgfirðínga hefur ekki sýnt, hvernig tíunda eigi hið ómetna *beneficeraða* jarðagóz; en að fara að senda bænarskrá um þetta til stjórnarinnar, sýnist mèr vera óráð, því mèr sýnist það óvíst, hvort stjórnin muni verða fljótari með þetta málefni en mannslána-málefnið.

H. Stephensen: Hvort ætla sè nú eldra, tíund eða tíundarfrelsi? Fyrst að hinn heiðraði þíngmaður frá Strandasýslu elskar svo mjög hin fornu rèttindi, þá sè eg ekki betur, en hann sè einmitt á mínu máli; en því fór hann þá ekki hóti leingra? því þau rèttindi eru enn eldri, að af öllum jörðum voru tíundir teknar; það lètu Íslendíngar þá að orðum hins góða biskups, að tíunda fè allt, fast og laust.

Hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga gat þess og nýlega, að eg hefði enn ekki leiðbeint mönnum, hvernig komizt yrði að dýrleika prestsetranna, og þó hef eg einmitt tvisvarsinnum bent á þetta atriði með skýrslum prestanna 1839.

Á. Einarsson: Eg þekki raunar til að minnsta kosti nokkurra af þessum prestaskýrslum 1839, og álít eg þær ekki svo áreiðanlegar, að á þeim verði mjög mikið byggt, þó eg ekki vilji meira fara út í þetta mál, sem svo mikið er búið að ræða um. En hvað fornu rèttindunum viðvíkur, þá hefur sá konúngkjörni þíngmaður veraldlegu stèttarinnar, og þíngmaður Skaptfellínga skýrt frá, hvernin tíundarfrelsið á Skálholtsjörðunum er orðið að rèttindum.

Jón Guðmundsson: Mèr þykir það merkilegt, að heyra nú talað um þessi vandkvæði á því, að skuldsetja nokkrar jarðir. Eg veit ekki betur, en stjórnin hafi sjálf sýnt oss aðferðina til þess, því með konúnglegum úrskurði, eða rèttara sagt rentukammerbrèfi, er 10 eða 12 álna landskuld tekin jöfn 1 hundraði, og eru þeir margir, sem búa við það, þar sem hundraðatölu vantar á jarðirnar. Og því mundi ekki mega hafa þessa reglu, eins nú og áður? Þíngmaður Eyfirðínga sagði,

að það væri ójöfnuður, að leggja nú tíund á þá menn, sem áður væru tíundarfríir. Þetta er öldúngis satt, en ójöfnuðurinn hverfur, ef tíundin er lögð á við næstu ábúandaskipti, og með því er eingum, að minni ætlun, neinn órèttur gjör.

H. Stephensen: Eg skírskotaði áðan til þíngmanns Skaptfellínga, hvort ekki mundi önnur jarðabók, hvar í Skálholtsstólsgóz væri öðruvísi skuldsett, og líkar öðrum bændaeignum.

J. Guðmundsson: Eg man það eigi öldúngis með vissu, en mig minnir, að þær sèu frá 1760 og 1696.

M. Andrèsson: Eg hef sèð jarðabókina frá 1760, og þar er eingin skuldsetníng eða hundraðatal á Skálholtsjörðum, og víst hefur ekkert annað hundraðatal verið við haft á þeim, síðan þær voru seldar, en það, sem þá var sett á þær, og eg tel mjög óvíst, að farið væri að grafa upp annað eldra, þó það kunni að vera til, sem mèr er óljóst, þó fara ætti að tíunda þær.

H. Stephensen: Eg skal sanna það, að í jarðabókunum eru stólsjarðirnar einnig skuldsettar, í það minnsta sumstaðar.

Jón Samsonsson: Það er mèr kunnugt, að í Skagafjarðarsýslu munu þeir menn, sem búa á klausturjörðum, og hafa tekið þær með byggíngarbrèfi til æfilángrar ábúðar, ef þeir brjóta ei ábúðarskilmála, nauðuglega láta af hendi rèttindi þau, sem þessum jörðum fylgt hafa, í undanþágu að greiða fleiri en 2 tíundir, eins og á stólsjörðunum.

Mèr finnst annars, að umræða þessa máls hafi allareiðu gefið nægilegt efni til þess, ef uppástúnga þessi vinnur hèr sigur á þínginu, að á annað þíng hèr á eptir komi alvarlegar bænarskrár um það, að hver tíundi eign sína sjálfur, eins og við gekkst hèr fyrrum í landinu.

Forseti lèt síðan gánga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa í mál þetta, og var með 14 atkvæðum gegn 7 ákvarðað, að einga nefnd skyldi kjósa.

Hann gat þess síðan, að þar eð ekki væru fleiri mál, sem ræða átti að þessu sinni, væri störfum fundarins lokið í dag, og sagði jafnframt, að þar eð svo margar nefndir væru þegar kosnar, og þær þyrftu tíma til, að koma sèr fyrir, þá áleit hann, að einginn mundi fundur geta orðið á morgun, og kvaðst þá mundi semja dagskrá til næsta fundar, sem yrði á föstudaginn kl. 12.

Fundi slitið.

8. júlí — sjötti fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hef síðan á seinasta fundi meðtekið 2 bænarskrár til þingsins; *önnur þeirra,* nr. 49 á yfirlitsblaðinu, er frá Norður-Þingeyjarsýslu, með 44 nöfnum, að alþingi vilji hugleiða, hvort ekki hæfi í ávarpi til konúngs, „að láta honum í ljósi raun og undrun hinnar íslenzku þjóðar yfir því, að hún ekki fær að njóta hinna sérstöku og fornu þjóðréttinda í stjórn sinni, sem hún eptir uppruna sínum og þjóðerni þykist eiga skilið"; og enn fremur biðja þeir þingið, ef stjórnarmálefni Íslands kemur til umræðu af konúngs hendi, „að gæta nákvæmlega í því tilliti réttinda vorra, og gefa ekki eptir af þeim að þessu sinni". *Hin bænarskráin* er frá Strandarhrepp í Gullbringusýslu, að þingið útvegi konúnglegt lagaboð um, „að gjaftollur í Gullbringusýslu verði hér eptir goldinn eptir sömu reglum, og annarstaðar (o: af ½ hndr. lausafjár tíundbæru 1 fiskur, af 1 hndr. 2 fiskar, af 2 hndr. 3 fiskar, af 3 hndr. 4 fiskar, af 4 hndr. 5 fiskar, af 5—9 hndr. 10 fiskar, af 10—19 hndr. 12 fiskar, af 20 hndr. og þar yfir 20 fiskar); sömuleiðis að manntalsfiskar verði af teknir í Gullbringusýslu".

Bænarskrár þessar skulu verða lagðar á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sér þær, áður en þær verða teknar til umræðu. Þar næst skal eg leyfa mér að afhenda formönnum nefndanna þessar bænarskrár, eptir því sem mér finnst heyra til:

Nr. 41, úr Eyjafjarðarsýslu, um prentsmiðjuna, með fylgiskjali.

Afhent formanni nefndarinnar í prentsmiðjumálinu, H. prófasti Stephensen.

Nr. 44, úr Norður-Þingeyjarsýslu, um kosningarlög til alþingissetu og alþingistoll.

Afhent formanni nefndarinnar í kosningarlagamálinu, lögfræðingi Jóni Guðmundssyni.

Nr. 45, úr Mýrasýslu, um verzlun á Straumfirði.

Afhent formanni nefndarinnar í verzlunarmálinu, prófasti H. Stephensen.

Nr. 46, úr Eyjafjarðarsýslu, um kosningarlögin.

Afhent formanni nefndarinnar í kosningarlagamálinu, lögfræðingi Jóni Guðmundssyni.

Nr. 47 og 48, úr Dala- og Barðastrandar-sýslu, um jarðamatið.

Afhentar formanni nefndarinnar í jarðamatsmálinu, amtmanni J. P. Havstein.

Þá liggur fyrir, að taka bænarskrána nr. 1, frá Þingvallafundinum, til umræðu og nefndarkosníngar eða annarar ráðstöfunar; hún biður um:

að alþingi gángi hlíðarlaust eptir skýrslum og greinilegum reikníngi:

a) yfir alþingiskostnað og greiðslu hans, og

b) yfir inn- og út-gjöld jafnaðarsjóðsins í suðuramtinu þau árin, sem reikníngur hefur ekki gefinn verið.

Eg veit ekki, hver hinna heiðruðu þíngmanna vill taka að sèr þessa bænarskrá til flutnings.

Jón Guðmundsson: Eg skal gjöra þessa bænarskrá að minni uppástúngu. Niðurlag hennar er ekki annað en það, sem hinn háttvirti forseti las upp.

Eg þarf varla að skýra frá undirrót þessa máls, og hvað helzt muni hafa knúð beiðendur. Í blöðunum hafa komið út nokkrar skýrslur um, hvað mikið náðst hefur saman fyrir niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins, fyrst 1848—1849, og 1849—50; þær eru auglýstar í Nýtíðindum 30. janúar 1852; og það blað var, eins og kunnugt er, álitið að kæmi út að tilhlutun stiptsyfirvaldanna og fyrir opinberan styrk. Í sama blaði, 2. júní, kom út skýrsla um, hvað mikið hefði komið inn fyrir niðurjöfnunina 1850—1851. Það var nú að vísu dáindis-gott, að fá skýrslur um, hvað mikið þannig væri greitt *þessi* árin, en menn feingu ekkert að vita um, hvað mikið stæði eptir ógoldið, þó að reikníngur yfir allan þann kostnað, sem leiddi af alþínginu 1845, 47 og 49, væri prentaður í alþíngistíðindunum 1847, 1849, og í þjóðfundartíðindunum.

En í Nýtíðindunum kom nú aptur út 28. júní 1852 yfirlit yfir alþíngiskostnaðinn, og eptir því voru þá ógoldnir 3,927 rbdd. 93 skk. Þetta yfirlit er grundvallað bæði á því, sem skýrt er frá um alþíngiskostnaðinn í alþíngistíðindunum, og á skýrslunum í Nýtíðindum, sem eg nefndi áðan, um, hvað inn væri komið upp í kostnaðinn; en aptur er þar ekki getið, hvorki hvað mikið hafi kvittazt fyrir niðurjöfnunina orðið 1852 (því auk þjóðfundarkostnaðar- endurgjaldsins, sem krafizt var með umburðarbrèfi stiptamtmanns 10. nóv. 1851, var einnig skipað að

jafna niður að auki 2,000 rbdd. upp í hinn eldri alþingiskostnað), nè andvirðisins fyrir alþingistíðindin 1849. Þess vegna álitu menn, að nauðsyn væri, að fá að vita, því stiptamtmaður 18. október 1852 lagði 2 skildínga alþingistoll á hvern dal jarðargjaldanna, og það þótti nokkuð iskyggilegt, að gjaldþegnarnir skyldu ekki fá skýra grein fyrir því, sem þeir voru búnir að greiða, og hvað mikið skarð það hjyggi í það, sem eptir stóð; því var farið að hreifa þessu máli, og skora á stiptamtmann um það í blöðunum. Þá kemur í *Íngólfi* 8. (sem líka álízt að standa í sambandi við stiptsyfirvöldin, og að þau veiti honum opinberan styrk), til sönnunar fyrir því, að stiptamtmaðurinn hefði ekki skipað, að jafna of miklu niður með brèfi sínu 18. okt. 1852, skýrsla frá *landfógetanum*, sem segir, að ógreiddir sèu 18. okt. 1852, ekki 3,927 rbdd., heldur 4,422 rbdd., og það þótti næsta óskiljanlegt, að svona skyldi, 3 mánuðum seinna, vera slíkur munur á upphæðinni, svo að 3 mánuðum seinna sýndust eptirstöðvar kostnaðarins nálægt 1000 rbdd. meiri, en var eptir skýrslunni í Nýtíðindum; því fæstir mundu gæta þess, að þessi landfógeta- skýrsla í Íngólfi gat ekki annars en þess, sem óborgað væri inn í jarðabókarsjóðinn 18. okt. 1852, en ekki hins, hvað miklu væri ójafnað niður á landsbúa, og það var þó einmitt þetta, sem menn vildu fá að vita, og spursmálið einkanlega var um. En þó var það hvað merkilegast, þegar 9. blaðið sagði í grein einni, að þetta yfirlit í Nýtíð. 28. júní (sú einasta skýrsla, sem hefur verið út gefin um þetta mál með skýrum rökum), að stiptamtmaður hefði ekki gefið sjálfur það yfirlit.

J. P. Havstein: Eg verð að skora á forseta, að hann sjái um, að miskliðir blaðamanna ekki slæðist inn í alþingissalinn, og verð eg einnig að álíta, að allt þetta málefni sè þinginu óviðkomandi.

Forseti: Það, sem þingmaðurinn hingað til hefur sagt, er ekki þessu máli óviðkomandi, heldur einmitt til að skýra fyrir þinginu, hvernig á því stendur, og hvorki konúngsfulltrúinn nè aðrir hafa talað á móti því.

J. P. Havstein: Eg veit ekki til, að það sè nein beinlínis uppástúnga um þetta málefni.

Forseti: Uppástúngan liggur fyrir, og eg finn sem forseti einga ástæðu til, að taka orðið frá þingmanninum.

J. Guðmundsson: Svona er nú málefni þessu varið, að það er mikill vafi á, hvað ógoldið sè í raun og veru, og hvaða

rètt eða ástæður stiptamtmaðurinn hafi haft, til að jafna niður á landsbúa jafnmiklu, og hann gjörði með umburðarbrèfi 18. okt. 1852; því yfirlitið 28. júní virðist í öllu tilliti á rökum byggt um það, sem það nær yfir, en þar er vel að merkja ekki getið, eins og eg drap á áðan, hvorki þess, sem kom inn fyrir niðurjöfnunina 1852, sem varð á endanum 1 sk. af hverjum dal jarðargjaldanna, og mun þannig eptir því, sem náðist upp hin undanförnu ár, hafa numið rúmum 1300 rbdd., og heldur ekki andvirðis alþingistíðindanna 1849.

Hitt atriðið í bænarskránni er ekki eins kunnugt; menn vita einúngis, að jafnaðarsjóður suðuramtsins er til, og að árlega er borgað til hans, því eingir reikníngar fyrir honum hafa verið auglýstir á prenti, víst um undanfarin 3 ár.

Mèr sýnist því næst, að þíngið ætti að snúa athygli sinu að, hvað ráða eigi af um þetta mál, því það eru eingin fádæmi, að menn biðji reikníngsskapar á því, sem menn borga. Það er stiptamtmaðurinn einn, sem hefur afskipti af alþíngiskostnaðar-niðurjöfnuninni; hann á einn að jafna honum niður, einginn annar á að rannsaka það, hvorki utan-lands nè innan. Amtmaðurinn í suðuramtinu hefur einn umdæmi yfir jafnaðarsjóðnum, og það er ekki láandi, þó menn vilji vita, hvað ógreitt sè af alþíngiskostnaðinum, eða þó innbúar suðuramtsins óski að fá að vita, hvernig fè því er varið, sem árlega er goldið jafnaðarsjóðnum hèr, eins og hinir amtmennirnir gjöra, sem láta út gánga á prent reikníng yfir jafnaðarsjóði þeirra.

Þíngið, segi eg, á nú að íhuga, hvort það vill kjósa nefnd í þessu máli eða ekki. Ef það velur menn í nefnd, og sendir stjórninni álitsskjal sitt, þá er það nokkurs konar klögun yfir stiptamtmanninum; en sú aðferð þykir mèr að minnsta kosti nokkuð ómild og ískyggileg, einkum svona fyrst í stað, á meðan ekki er út sèð um, nema með annari aðferð megi ná því, sem til er ætlazt. Þess vegna ræð eg heldur til, að hið heiðraða þing leggi nú þegar ályktun á málið orðaða svona:

Þíngið ályktar, að vísa bænarskránni til stiptamtmannsins, og skora á hann, *að auglýsa sem fyrst á prenti* og svo hèr eptir árlega:

1. greinilegan reikníng yfir hinn undanfarna alþíngiskostnað, og yfir, hvað mikið stóð eptir af honum *ókrafið 18. okt. 1852,* og hvað mikið ætti nú að standa eptir; og að stiptamt-

maður sendi hèr eptir hverju alþíngi greinilegan reikníng yfir þennan kostnað og eptirstöðvar hans;

2. greinilegan reikníng yfir *jafnaðarsjóð suðuramtsins* fyrir þau árin, sem enginn reikníngur hefur út geingið.

Eg vil að endíngu geta þess, að ef þíngið ekki fellst á, að skorað verði þannig á stiptamtmanninn, og honum sendar bænarskrárnar, þá álít eg ekki, að með þeirri atkvæðagreiðslu sè út gjört um, að ekki eigi heldur að setja nefnd í málið, heldur standi nefndarkosníng opin fyrir, eins eptir sem áður.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg fyrir mitt leyti álít, að þetta komi alls ekki þínginu við, því það er þó einúngis ráðgefandi, og ef það ætti að fara að draga embættismenn svona til ansvars fyrir gjörðir sínar, veit eg ekki, hvar það gæti lent að endíngu.

Þ. Jónassen: Eg hlýt að vera hinnar sömu meiníngar og hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, sem nú mælti, að bænarskrá sú, sem hèr er umtalsefni eigi til eingra greina að koma. Það hefur nefnilega áður komið til umræðu á alþíngi, að mál umboðslegs eðlis lægju fyrir utan verkahríng þíngsins, og eg veit ekki betur, en að þíngið hafi aðhyllzt þessa skoðun; en hafi èg í þessu rètt að mæla, flýtur þar af, að það mál, sem hèr ræðir um, ekki ber undir þíngið, enda gæti það leitt til mikilla vandræða, ef þíngið tæki inn undir sinn verkahríng yfirvaldsgjörðir og athafnir, og það er ekki hægt að sjá eða segja fyrir, hvað af slíku mundi leiða, ef yfirvöld ættu að geta kallazt af þínginu, sem, eins og allir vita, einúngis er ráðgefandi, til reikníngsskapar fyrir gjörðir sínar, og það er því mikillar varúðar vert, að fara því á flot. Eg segi þetta ekki í þeirri veru, að mèr þyki það ekki æskilegt, að alþíngiskostnaðarreikníngarnir sèu auglýstir almenníngi, heldur af því, að mèr þykir aðferðin, sem hèr er við höfð, til að fá reikníngana auglýsta, öldúngis raung. Stiptamtmaðurinn er líka búinn að sýna það í verkinu, að hann ætlar að láta þann umrædda þíngkostnaðar-reikníng birtast á prenti, undir eins og hann fær því við komið; það votta skýrslur þær, sem hann þegar hefur látið prenta í Nýjum-tíðindum viðvíkjandi þessum kostnaði, að hann ætlar ekki að stínga reikníngum þessum undir stól, en það vita allir, að margt getur verið því til fyrirstöðu, að reikníngar þessir birtist eins snemma og óskandi væri. Hvað jafnaðarsjóðsreikníngana snertir, er athugandi, að þeir eru sendir utanlands, og

rannsakaðir þar, og ráðið til lykta, en meðan það er ekki búið, getur amtmaðurinn ekki látið prenta þá, þar sem það er undir hælinn lagt, hvort ekki verði breyting í reikníngnum, svo einhverju þurfi að bæta við eða að fella úr. Þetta liggur í augum uppi, og eins það, að endurskoðun reikninganna útheimtir eptir kríngumstæðunum leingri tíma, og eg ætla það megi fullyrða, að reikníngurinn ekki verði prentaður fyr en 2 árum eptir; eg trúi til að mynda það sè ekki búið að *decidera* eður að ráða til lykta suðuramtsins jafnaðarsjóðsreikníngum fyrir seinustu 2 árin, og hvernig getur þá verið búið að auglýsa þá á prenti. Það er alkunnugt, að bæði með jafnaðarsjóðsins og alþíngiskostnaðar reikníngunum er höfð nákvæm eptirsjón erlendis, svo ekki er hin minnsta ástæða til að vefeingja, að ekki komi allt til greina. Sýslumenn taka alþíngiskostnaðinn inn í sýslureikníngа sína, er þeir senda stjórninni, og í jarðabókarreikníngunum er tilgreint, hvað inn sè komið í alþíngiskostnað af hverri sýslu, og er þannig öll vissa fyrir, að allt komi til skila. Eg ítreka það aptur, að það að vísu sè æskilegt, að alþíngi feingi í hvert skipti, sem það er haldið, skýrslu um alþíngiskostnaðinn fyrir næst liðið þíng, hvað mikið væri borgað af honum, og hvað eptir stæði ógoldið, og það vona eg líka eptirleiðis komist á, en að skora á stiptamtmanninn, eins og hèr er gjört, álít eg óréttt og ótilhlýðilegt, og tek það aptur fram, að ef bænarskránni yrði framgeingt, leiddi þar af, að það mætti heimta, að hver embættismaður stæði hvert sinn reikníng, enda hreppstjórar. Það er í eðli sínu, að þíngið ekki láti þraungva um verkahríng sinn, en það á líka vandlega að gæta þess, að það ekki fari út fyrir hann; og þetta síðara álít eg þíngið gjöri, ef það aðhyllist bænarskrána; eg vil því fyrir mitt leyti hvorki taka bænarskrána til greina, nè skora, eins og upp á hefur verið stúngið, á stiptamtmanninn, út af þeim umræddu reikníngum, í því umræður þær, sem um þetta mál eru orðnar, eru nægilegar til þess, að fá það fram, sem til er ætlazt, og það hefur, að mig minnir, áður hèr á þínginu, í einstökum málum, þótt nægja.

Konúngsfulltrúi: Það var mèr kært að heyra, að flutníngsmaður bænarskráarinnar ei áleit það hlýða, að senda konúngi bænarskrá um þetta efni; en eg vona þá líka, að hinn heiðraði þíngmaður falli frá því, er hann hreifði við, að gjöra skyldi, nl. að kjósa nefnd í málið, ef ályktun sú, sem hann stakk upp á að þíngið skyldi fallast á, ekki skyldi fá þess

samþykki; því skyldi nefnd verða kosin í þessu máli, þá mundi það leiða til þess, að bænarskrá yrði send konúngi áhrærandi þetta málefni, en allir sjá, hversu óhæfilegt það mundi vera, ef þingið skyldi biðja konúng um, að heimta af einum embættismanni sínum, að gefa alþingi þær skýrslur, er hèr greinir um. Hvað áhrærir ályktun þá, sem flutníngsmaðurinn hefur stúngið upp á, og eptir hverri þingið skyldi senda stiptamtmanni þær bænarskrár, sem því hafa verið sendar og nú liggja fyrir hendi, þá verð eg innilega að ráða þinginu frá, og það sín sjálfs vegna, að fella slíkan úrskurð; því ef þingið gjörir það, fer það út fyrir þau takmörk, sem löggjöfin hefur sett því, og stofnar sèr þar með í þann vanda, sem ei er hægt að sjá út fyrir. Meðan þingið stendur á laganna grundvelli, hefur það fastan grundvöll að standa á, en fari það út fyrir laganna takmörk, grefur það sjálft þennan grundvöll undan fótum sèr, og stendur á sandi, sem fýkur burt undan fótum þess; og hver sá, sem ræður þinginu til, að gánga þannig út yfir rètt takmörk, leiðir það út á hálan ís, hvar fall og hætta er búin.

Hvað nú reikníngana yfir jafnaðarsjóðina áhrærir, þá hafa þeir fyrir vesturamtið nú leingi verið gefnir út á prenti, og birtir svo alþýðu, og sama regla var áður við höfð í suðuramtinu, á meðan eg þekkti þar til; en hvort hún hefur við geingizt í norður- og austur-amtinu, er mèr ókunnugt. En það veit eg, að allir jafnaðarsjóðanna reikníngar eru frá ömtunum árlega sendir stjórninni, sem lætur nákvæmlega endurskoða þá, og fellir að lyktum úrskurð um það, sem að þeim er að finna, og eg ímynda mèr, að sami framgángsmáti sè brúkaður í tilliti til reikníganna fyrir alþíngistollinn; að minnsta kosti er mèr það kunnugt, að sýslumönnum er skipað, að til greina upphæð alþíngistollsins í sýslureikníngum sínum, sem sendir eru stjórninni, og gjöra þar grein fyrir, að hann sè greiddur til jarðabókarsjóðsins.

Eg óska þíngsins vegna, ef það ei öldúngis fellir þær bænarskrár, sem hèr ræðir um, hvað eg álít rèttast vera, að það finni eitthvað annað form, til að leiða sök þessa til lykta, er sýni, að það ei tekur sèr neinn rètt, til að krefja embættismenn til reikníngsskapar á þann hátt, sem bænarskrárnar og flutníngsmaðurinn hafa farið fram á.

J. Guðmundsson: Eg hef ekki mikið að svara konúngs-

fulltrúanum og hinum 2 löglærðu mönnum, er nýlega töluðu, en eg veit þó ekki betur, en að alþingisreikningarnir sèu alls ekki skoðaðir eða rannsakaðir utanlands, heldur sè það ætlað stiptamtmanni einum.

Hinn 4. konúngkjörni þingmaður sagði áðan, að þannig gætu líka hreppstjóra-reikningar orðið skoðaðir, en þar um verð eg að svara honum því, sem honum er víst fullkunnugt, að hreppstjórum er skipað með lögum, að auglýsa sveitareikningana, þar sem fátækra-reglug. leggur fyrir, að þeir reikningar skuli liggja til sýnis öllum hreppsbúum um 14 daga.

Þ. Jónassen: Eg meinti af alþingi.

Jón Guðmundsson: Það er ekki alþingi, sem biður um þetta, en það er almenningur, sem biður um, að fá að vita, hvað hann hefur borgað, og hvað hann á að borga.

Ef þingið fellst ekki á, að skora á stiptamtmann, eins og eg hef stúngið upp á, þá tek eg það enn fram, að eg álít, að þinginu sè allt um það á sjálfs-valdi, að kjósa nefnd í málið.

V. Finsen: Eg verð að mótmæla því, að reikningarnir sèu alls ekki skoðaðir erlendis, eins og flutningsmaður bænarskráarinnar sagði. Hinir einstöku reikningar eru reyndar ekki rannsakaðir, en endurskoðunar-skrifstofan í hinni íslenzku stjórnardeild hefur nákvæmt eptirlit með, hvað inn er borgað af alþingiskostnaðinum, og sèst það meðal annars af skýrslu þeirri frá landfógetanum frá 18. okt. 1852, sem hinn heiðraði flutningsmaður skírskotaði til.

Að öðru leyti er eg einnig á þeirri meiningu, að mál þetta heyri ekki undir þingið, og að það sè ekki rètt gjört af þinginu, að taka það fyrir.

Jón Guðmundsson: Það kann að vera, að rannsóknarreikningsstofan í Kaupmannahöfn gæti að, hvort summur sýslumanna samsvara þeim, sem landfógetinn hefur fært til í jarðabókarsjóðs-reikningunum, en annað gjörir hún þó ekki; og þegar eptirlitið er ekki í öðru fólgið en þessu, þá getur enginn maður nefnt það rannsókn *(Revision)* reikninganna; því til þess útheimtist, að fylgiskjölin væru send með, en svo mikið er að minnsta kosti víst, að rannsóknarskrifstofunni eru ekki send nein fylgiskjöl um niðurjöfnun og greiðslu alþingiskostnaðarins.

Þ. Jónassen: Mèr virðist þó ekki betur, en að öll æskileg vissa sè feingin, þó að fylgiskjölin sèu ekki send með, þegar upphæð kostnaðarins er til greind bæði í sýslu- og jarðabókar-

sjóðs-reikníngunum, svo allt verði borið saman. Hèr getur ekki verið spursmál um það, hvort alþíngiskostnaðurinn út um landið hafi verið rètt reiknaður af einstöku jörð eða ekki, heldur að eins um það, sem borgað er inn í jarðabókarsjóðinn af sýslunum. Það er í eðli sínu, þó stiptamtmaður ekki geti þannig haldið vörð á því, að alþíngiskostnaðurinn sè alstaðar rètt reiknaður, að einstöku misfellur í þessu tilliti hafi, ef til vill, ekki átt stað; en það kemur ekki þessu máli við.

Jón Guðmundsson: Eg vil einúngis leyfa mèr að geta þess, að þegar stiptamtmaður seinast gjörði grein fyrir reikníngunum, gat hann þess ekki, hvað mikið gjaldþegnarnir væru *ókrafðir um,* og það er þó það, sem þeir helzt vilja vita, og einúngis þurfa að vita, því spursmálið er alls ekki um, hvað *sýslumenn* borga inn í jarðabókarsjóðinn af alþíngistollinum, eða hvað stendur eptir hjá þeim, en einúngis um, hvað *gjaldþegnarnir* eiga ógoldið. Þess vegna var og þessi skýrsla frá landfógetanum í Íngólfi 8. alls eingin upplýsíng, og alls eingin sönnun fyrir því, sem að aðalspurśmálið var og er um, nefnilega hvort gjaldþegnarnir hafi verið *ókrafðir* um svo mikið 18. okt. 1852, að ástæða væri fyrir stiptamtmann, að jafna jafnmiklu niður og hann gjörði. Gjaldþegnar geta hvort sem er ekki vitað, og þeim kemur það ekkert við, hvað borgað er af sýslumönnum, bæði með ávísunum og öðru, og á hvað miklu þeir ættu óstaðin skil við landfógetann, eins og t. d. var um þá sýslumenn, sem hvorki skiluðu aptur þjóðfundarkostnaðinum, sem þeir tóku við í fyrra, fyr en á manntalsþíngunum nú í vor, nè tóku af því og sendu landfógeta þann hlutann afgjaldsins, sem átti að vera upp í undanfarinn alþíngiskostnað.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr sýnist þegar vera búið að ræða nóg um mál þetta, og vil eg því fyrir mitt leyti helzt óska, að forseti lèti fara að gánga til atkvæða um það.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að tala fáein orð viðvíkjandi forminu í þessu máli, jafnframt í því skyni, að hinum háttvirtu þíngmönnum gæfist færi á, að taka það til greina í umræðum sínum. Eptir alþíngistilskipuninni liggur það beinast við, að vísa hverju máli, sem hèr er tekið til íhugunar eða til greina, til nefndar, og það getur verið, að það, að vísa málefninu til stiptamtmanns, eins og nú er stúngið upp á, liggi ekki beinast við eptir tilskipuninni, eða að minnsta kosti sýnist liggja nokkuð fyrir utan þá reglu, sem þínginu er sett, ef það er gjört svona

beinlínis. Væri nú nefnd sett, þá mætti setja hana, annaðhvort einúngis til að segja álit sitt um meðferð málsins, eða til þess, að semja álitsskjal til að byggja á bænarskrá til stjórnarinnar. En þó slík nefndarkosníng sè beinast eptir því, sem tilskipunin gjörir ráð fyrir, þá er það þó ekki á móti tilskipuninni, að vísa bænarskrá með ályktun þíngsins til rèttra hlutaðeiganda. Það styðst jafnvel við 49. grein tilskipunarinnar, þar sem forseta er lagt fyrir, að sjá um, að málum sè vísað til hlutaðeiganda, og er þá auðsætt, að hann má einnig bera þessa tilvísun undir þíngið. En tilvísunin getur einnig verið með tvennu móti, annaðhvort án áskorunar, eða með áskorun, og það eru hèr aptur þessi tvö atriði, sem mætti taka til greina. En þó að nú þíngið vísaði þessari bænarskrá til stiptamtmanns, hvort heldur án áskorunar eða með áskorun, þá held eg, að ekki yrði lagt í það, að þíngið í raun og veru vildi taka sèr það vald, að kalla embættismenn til reikníngsskapar. Þíngið gjörði þar með ekki annað, en að velja hið vægasta meðal, sem í þess valdi stendur, til að útvega skýrslur um það efni, sem alla alþýðu varðar. Það væri án efa bezt og hægast fyrir þíngið, að þurfa aldrei að fást neitt við þess konar málefni, sem hèr ræðir um. En þó það nú fari þessari bænarskrá fram, eða vísi henni rèttan veg, þá held eg, að þínginu verði ekki brugðið um ásælni út fyrir sinn rètt. Eg vil nú heyra, hvort nokkur hinna heiðruðu þíngmanna vill mæla með því, að vísa bænarskránni fram á leið til stipamtmanns, eða yfir höfuð, hvað ráðlegast þyki um meðferð á henni.

E. Kúld: Eg gladdist mikið af ræðu hins háttvirta forseta, því eg var orðinn hálfhræddur um, að eg ætlaði, ef til vildi, að fara einförum í máli þessu, en eg ætla, að tillögur hans hafi stefnt í sömu átt og mín meiníng var. Þeir sem áður hafa talað í þessu máli, eru allir lögfróðir menn, en, eins og þèr allir vitið, er eg það sízt af öllu. Eg skal því alls ekki dæma um rètt þíngsins í því tilliti, hversu það á með málið að fara; en eg skal samt ekki neita því, að eg heima í hèraði hef heyrt talsverða óánægju í gjaldendum alþíngiskostnaðarins út af því, að fá ei skýrslurnar yfir hann. Eg veit það að sönnu, að það muni enn hvergi vera til tekið í lögum, að þessi skylda viðvíkjandi reikníngum alþíngiskostnaðarins og jafnaðarsjóðs suðuramtsins, það er að skilja, að auglýsa þá á prenti, liggi beinlínis á stiptamtmanninum. En þó nú svo sè, að mannleg lög hafi ekki tekið þetta bókstaflega fram, er það lángt frá mèr að

ætla, og eg veit, að einginn hinna heiðruðu þingmanna muni í því tilliti ekki samsinna mèr, að stiptamtmaðurinn verði ófús á, að gjöra greiða gángskör að þessari bæn, og sízt að hann taki bæninni illa, því eg fyrir mitt leyti get ekki ætlað hinum æðsta embættismanni vorum, að geta heldur í þessu tilliti en öðru gleymt því, sem forðum var sagt, þessu nefnilega: að maður eigi að gjöra reikníng ráðsmennsku sinnar. Því þætti mèr og bezt eiga við, að þingið sendi stiptamtmanninum sjálfum þessa bænarskrá.

G. Brandsson: Eg vildi geta fræðzt um það, hvort þetta þing sem þing getur látið bænarskrána ganga þennan veg, sem nú er verið að tala um, sumsè beinlínis hèðan og til stiptamtmannsins, og hvort það er að öllu leyti samkvæmt lögum þingsins.

Forseti: Eg sem forseti hlýt áu efa að rita stiptamtmanni brèf með bænarskránni, og sè eg ekki betur, en það sè leyfilegt, ef þingið sendir honum hana, og skýra honum frá þeirri ályktun, sem þingið tekur í þessu tilliti.

G. Brandsson: Það er mèr þó nokkuð efasamt eptir 77. grein alþingistilskipunarinnar.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg hef nú virt fyrir mèr, hvort þinginu mundi til heyra, að meðhöndla þetta málefni, og er eg því að vísu samþykkur, sem sagt hefur verið hèr á þinginu af nokkrum hinum konúngkjörnu mönnum, og áður hefur verið svo álitið á hinum fyrri þingum, að mál, sem heyrðu til umboðshaldi eða reikníngum ýmsra embættismanna, hlýddu ekki til alþingis meðferðar, en það er aðgætandi, að þá hefur verið talað um umboðshald yfir sèrstökum eignum eða umboðum, fjárhöldum eða embættum í ýmsum landspörtum. En hèr finnst mèr um nokkuð annað mál að gjöra, þar sem talað er um skýrslur og reikníngа fyrir alþingisgjaldinu, mál sem áhrærir alla alþýðu, allt landið, alla þjóðina. Mèr þykir það undarlegt, ef alþingi má ekki taka það til yfirvegunar, og undarlegt, ef það mætti ekki senda stiptamtmanni bænarskrána í þessu efni, og, ef ekki áskorun, þá bón, að hann gjöri leiðrètting á reikníngum þessum, og ef hann annaðhvort ekki svarar, eða svarar þinginu ógeðfeldlega, þá meina eg, að þingið eigi rètt á, að kjósa í því nefnd síðar, og senda þar um ávarp til stjórnarinnar.

Á. Einarsson: Eg get ekki ímyndað mèr, að hèr þurfi

meira en senda stiptamtmanninum bænarskrána, því hann er án efa fús á, að gánga í fótspor þeirra manna, sem í þessu tilliti hafa orðið á undan honum. Konferenzráð, amtmaður B. Thorsteinsson gaf út ótilkvaddur, það eg til veit, í sinni tíð skýrslur og reikníngа fyrir öllum þeim sjóðum, sem hann hafði undir höndum í vesturamtinu, og þótti mönnum almennt vænt um það. Þessu hefur, síðan sá núverandi amtmaður kom, verið fylgt, þó það hafi verið nokkuð upp á annan máta; og hefur hann gjört athugasemd við eínn reikníng í jafnaðarsjóðsreikníngnum, þó amtmaðurinn hafi að líkindum ekki vitað fullkomlega, hvernin á því máli stóð, og eins getur verið um annan reikníng, er hann hefur samþykkt án athugasemda.

Það er einnig sagt, að í norðuramtinu komi sumir þess háttar reikníngar á prent; get eg því ekki annað skilið, en það nægi, að gefa stiptamtmanni bendíngu, með því að senda honum bænarskrána, og er eg þess vegna á því, að sú aðferð sé valin að þessu sinni.

P. Pèturssоn: Eg ætla ekki að þessu sinni að leingja mikið þíngræðurnar um þetta mál. Þó vil eg leyfa mèr að taka það fram, að mèr virðist, að í bænarskrá þeirri, sem hèr ræðir um, séu 2 sundurleit atriði, þar sem talað er um skýrslu um alþíngisgjald og skýrslu um jafnaðarsjóð. Það hafa ýmsar merkar raddir hèr á þínginu nú þegar tekið það fram, að þíngið ætti ekki með, að heimta eða krefja viðkomendur um skýrslur þær, sem bænarskráin fer fram á. En ef þíngið á ekki rètt á, að biðja um reikníinga og skýrslur viðvíkjandi alþíngisgjaldinu, þá finnst mèr það eins síður geta gjört það fyrir jafnaðarsjóðnum. Mèr finnst því, að annaðhvort geti þíngið ekki sent stiptamtmanninum bænarskrá þessa, eða þá að minnsta kosti ekki nema það atriðið, sem við kemur skýrslu um alþingistolls-reikníngana, því jafnaðarsjóðurinn getur ekki komið því við sem þíngi. Ef alþíngi gæti krafizt skýrslna um hann, þá gæti það og krafið hvern mann, og er bágt að sjá, til hvers það mundi leiða að lyktum, en það ætla eg, að vel mundi það geta orðið öldúngis ókljúfandi fyrir alþíngi á endanum.

H. Stephensen: Það lítur svo út, sem hinn heiðráði konúngkjörni þíngmaður, sem nú mælti, sè búinn að gleyma því, hversu alþíngistollurinn og jafnaðarsjóðurinn eru nákvæmlega sameinaðir, því hann lætur öldúngis ekki vilja senda stiptamtmanni það atriði bænarskráarinnar, sem viðvíkur jafnaðarsjóðn-

um. Það veit þó hver maður, að ¼ af alþingistollinum er tekinn úr jafnaðarsjóðnum. Að öðru leyti er eg ekki fjærri því, að það sè hvað kurteysast, að senda stiptamtmanninum bænarskrána, eins og hún er, en kjósa ekki nefnd í þetta mál. En ef hinir umbeðnu reikningar fást ekki með þessu móti, þá álít eg sjálfsagt, að fulltrúar þjóðarinnar, sem hèr eru, eigi óskertan rètt á, að heimta þá einhvern tíma síðar á annan hátt. Það væri annars mjög undarlegt nú, ef ekki mætti birta þessa einu reikninga, þegar stjórnin sjálf er þó svo fús á, að gefa mönnum skýrslur um allt þess konar frá sèr. Eg gef því mitt atkvæði fyrir því, að þingið sendi stiptamtmanninum bænarskrána.

Forseti: Ef bænarskráin er send stiptamtmanni, eins og nú hafa ýmsir farið fram á, þá má það með tvennum hætti, annaðhvort svo, að með henni fylgi eins konar formáli eða áskorun, sem þingið kæmi sèr saman um, eða þá án þess hvorstveggja, og vil eg skjóta því til atkvæða þingsins, hverja aðferðina það kýs. Eg álít sjálfsagt, að hver aðferðin, sem höfð yrði, þá mundi þingið senda bænarskrána í gegn um hendur forseta, og hann riti með henni brèf, sem skýri stiptamtmanni frá ályktun þeirri, sem þingið gjörir.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg vil leyfa mèr að spyrja, hvort þingið tapar rètti sínum, til að hreifa þessu máli að nýju, ef stiptamtmaður neitar nú skýrslunum; því mèr þykir það ríða á miklu, að eigi sè neinni loku fyrir það skotið.

Forseti: Þessi spurning krefur ekki svars að þessu sinni, því hún liggur ekki fyrir, og skal eg nú því leita atkvæða um málið. Eg hef eingan heyrt óska nefndar í málið, og því skýt eg því ekki til atkvæða, hvort nefnd skuli kjósa, en eg vil biðja þingið að greiða atkvæði um, hvort senda skuli bænarskrána til stiptamtmanns, eins og margir hafa farið fram á, og þá, hvort heldur án áskorunar, eða með áskorun. Eg leita fyrst atkvæða um það, hvort senda skuli bænarskrána stiptamtmanni án áskorunar.

Því næst lèt forseti greiða atkvæði, og urðu 12 atkvæði gegn 7 með því, að senda bænarskrána til stiptamtmanns á þennan hátt.

Forseti: Þá er næst að taka til inngángsumræðu bænarskrá frá Þingvöllum, nr. 42, viðvíkjandi því, að alþingi leggi á ráð við peningaskorti þeim, sem er í landinu. Eg vil spyrja,

hver hinna heiðruðu þingmanna vilji gjöra hana að sinni uppástúngu.

J. Thorstensen: Eg skal gjöra það.

Var þá jústizráði, dr. Thorstensen, afhent bænarskráin.

J. Thorstensen: Eg leyfi mèr að biðja hið heiðraða alþíngi um, að bíða mætti einn eða tvo daga með að kjósa nefnd í þetta málefni, af því eg hef í huga, að leggja fyrir þíngið bænarskrá og uppástúngu um, að *þjóðsjóður (Bank)* verði stofnaður hèr í landi, sem ætti að vera íslenzkur, og grundvallaður á jarðagózi í landinu sjálfu. En uppástúngu þessa á dönsku máli fèkk eg fyrst í dag, og þarf eg því að láta snúa henni á íslenzku, svo eg get ekki afhent forseta hana, fyr en kann ske á morgun. Að öðru leyti finnst mèr viðurkvæmilegt, að bænarskrá þessi frá Þíngvallafundinum sè samfara uppástúngunni um þjóðsjóðinn, þar eð það miðar hvorttveggja til þess, að koma í veg fyrir peníngaleysi í landinu.

Forseti: Eg get ekki sèð, að þó uppástúnga sú, sem hinn heiðraði þíngmaður gat um, sè í vændum, þá þurfi að fresta, að kjósa nefnd í þessa bænarskrá; það má eins vísa þeirri uppástúngu til nefndar þessarar seinna.

Enginn tók þá til máls af þíngmönnum, og tók forseti til máls: Þó enginn þíngmanna hafi haft neitt móti því, að nefnd væri kosin í þetta mál, þá vil eg samt biðja þíngið, að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa. Var það samþykkt með nær því öllum atkvæðum.

H. Stephensen: Eg ætla, að 3 manna nefnd sè nóg.

Þ. Jónassen: Mál þetta er svo vandasamt og flestir ókunnugir því, sem hèr er aðalatriðið í, að eg leyfi mèr að stínga upp á 5 manna nefnd.

H. Stephensen: Ef flestir eru málinu ókunnugir, þá gjörir mannfjöldinn ekki mikla bót. Kunnugleikinn er þá víst hjá fáum, og þeir fáu eru þá eins góðir og þeir mörgu, eða jafnvel betri.

P. Pètursson: Eg verð að mæla með 5 manna nefnd í þetta mál, því mèr virðist það bæði vandasamt og yfirgripsmikið.

Forseti lèt því næst greiða atkvæði um, hvað marga skyldi kjósa í nefndina, og urðu flest atkvæði með 3 manna nefnd. Því næst voru í nefndina kosnir þeir:

Jústizráð, dr. *J. Thorstensen* með 18 atkvæðum,

—— *Þ. Jónassen* — 14 ——,

J. Guðmundsson og *V. Finsen* feingu sín 7 atkvæði hvor, og varð því lögfræðingur *J. Guðmundsson* 3. nefndarmaður, þar hann var eldri.

Forseti gat þess, að konferenzráð Þ. Sveinbjörnsson hefði nú skýrt sèr frá, að hann væri kosinn formaður fyrir nefndinni um breytíngu á tilskipun 20. júní 1849 (um veiðilögin).

H. G. Thordersen: Eg skal leyfa mèr að tilkynna forseta, að eg er kosinn formaður fyrir nefndinni í málefninu „um barnaskólastofnun í Reykjavík", og er nefndin búin að eiga með sèr einn fund. Nú þó að 3 menn sèu í nefndinni, en málefnið, sem hún á að yfirvega, að eins í 2 greinum, þykir oss þar þó æðimargir hnútar á, og þykjumst ekki einfærir með það. Vèr ætlum því að biðja um aðstoðarmenn tvo, samkvæmt því leyfi, sem alþingistilskipunin gefur, og kjósum vèr oss þá konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson* og jústizráð *Thorstensen*. Höfum vèr talað um það við þá áður, og eru þeir ekki ófúsir á, að gánga í nefndina með oss.

Forseti: Ef enginn mælir á móti þessu, þá er það samkvæmt alþingistilskipuninni (65. gr.) leyft.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg hef ekkert á móti þessu að mínu leyti, ef eg gæti styrkt nefndina nokkuð, að gjöra það, ef eg þarf ekki að gánga í hana sem nefndarmaður, eða með þeim skyldum, sem á hverjum nefndarmanni hvíla.

Forseti: Hver, sem tekinn er í nefnd, verður og að hafa þær sömu skyldur og hver annar nefndarmaður, og frá því get eg ekki fríað hinn háttvirta þingmann.

Þ. Jónassen tilkynnti forseta, að hann væri kosinn formaður fyrir nefndina, er skoða ætti hin dönsku lagaboð, sem fyrir þingið hefðu verið lögð.

Forseti: Fyrst enginn hinna heiðruðu þingmanna mælir móti bæn nefndarinnar í barnaskólamálinu, þá álít eg þá konferenzráð Þ. Sveinbjörnsson og jústizráð Thorstensen sem meðlimi þessarar nefndar.

Og með því nú er ekki fleira að starfa í dag, þá segi eg fundi slitið, og lýsi því yfir, að á morgun vil eg fundur byrji kl. 12 f. m., og verða þá teknar til inngángsumræðu bænarskrárnar nr. 6, 7, 10, 33, 43, 49 viðvíkjandi stjórnarmálinu, og skal eg auglýsa dagskrána nú í eptirmiddag.

Fundi slitið.

---

9. júlí — sjöundi fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal þá leyfa mèr að geta þess, að eg hef enn meðtekið 2 bænarskrár, aðra úr Kjósar- og Kjalarneshreppum, viðvíkjandi því, að í Kjalarnesþingi verði stofnaður jarðyrkjuskóli af *Thorchilii* skólasjóð, og að greinileg skýrsla um fjárhag hans verði sem fyrst auglýst á prenti. Hin bænarskráin er úr Húnavatnssýslu, viðvíkjandi erfðafestu. Báðar þessar bænarskrár verða nú lagðar á lestrarsalinn, til þess að hinir heiðruðu þingmenn geti kynnt sèr þær, og síðan teknar til umræðu á fundi.

Eptir dagskránni liggur nú fyrst fyrir, að taka til inngángsumræðu bænarskrár nokkrar, viðvíkjandi ávarpi eða bænarskrá til konúngs um stjórnarbót. Sumar af bænarskrám þessum fara fram á, að þingið riti konúngi ávarp, en sumar þar á móti, að þingið sendi konúngi bænarskrá. Ávarp er nú, eins og þingmönnum er kunnugt, allt annað en bænarskrá; formið á meðferð þess er miklu styttra, og gefur ekki tækifæri til að ræða eins ýtarlega hvert atriði málsins, eins og gjöra má í bænarskránni, þar eð öll meðferð á henni er eins og á hverju frumvarpi, nl. tvær umræður og atkvæðagreiðsla. Bænarskrár þær, sem hèr eru fram lagðar, eru nú að vísu nokkuð ólíkar hver annari, eins og þær fara og sumar leingra, en sumar styttra, inn í málefnið sjálft, og eru misyfirgripsmiklar. En vegna þess að þær lúta þó allar að stjórnarskipun hèr á landi, hefur mèr þótt rèttast, að láta þær fylgjast að, því eg ætlaði, að ef þingið setur nefnd í málið, þá geti hún tekið þær til greina, eins og henni þykir bezt vera. Ein af bænarskrám þessum er frá Þingvallafundinum (það er bænarskráin nr. 7), og er hún einstaklegra eðlis en hinar, því hún fer því fram, að alþingi útvegi skýrslur þær og tillögur, sem konúngsfulltrúi og hinir konúngkjörnu þingmenn á þjóðfundinum kynnu að hafa gefið stjórninni eptir fundarslitin, ef þær eru annars nokkrar. Eg lèt þessa bænarskrá samt fylgja hèr með, því eg hèlt, að nefndin, sem kosin kynni að verða í málið, og síðan þingið við umræðu málsins, mundi hèr geta leitað þeirra upplýsínga allra, sem feingizt gætu hjá konúngsfulltrúa, samkvæmt 69. grein í

alþingistilskip. Eg hef nú stuttlega skýrt hinum heiðruðu þingmönnum frá því, hvers vegna eg hef látið allar þessar bænarskrár fylgjast að, og skal eg þá leyfa mèr að spyrja að, hver af þingmönnum vilji taka þær þannig sameinaðar að sèr, svo eg geti afhent honum þær.

Jón Jónsson: Ef einginn hinna heiðruðu þingmanna vill verða til að taka þetta mál að sèr, þá er eg fús til að gjöra það, og er það með fram þess vegna, að það er mèr að því leyti skylt, sem eg er flutníngsmaður tveggja af bænarskrám þeim, sem hèr ræðir um.

Því næst voru bænarskrárnar afhentar þingmanninum.

Jón Jónsson: Eg vil biðja þingið að leyfa mèr að lesa upp einhverja af hinum styttri af bænarskrám þessum, t. a. m. þá frá Þingvallafundinum.

þ. Jónassen: Má maður ekki fá að heyra bænarskrána úr Norður- Þingeyjarsýslu?

Jón Jónsson: Ef forseti og þingið hefur ekki neitt á móti því, þá skal eg gjarnan lesa hana upp.

Bænarskrá þessi fer fram á tvennt, það annað, hvort ekki hæfi, að senda konúngi vorum ávarp viðvíkjandi stjórnarbót hèr á landi, og hitt, að ef stjórnin hreifi þessu máli hèr á þínginu, að þingmenn gæti vel að því, að gefa ekki eptir af rèttindum þeim, sem þjóð vor á með rèttu. Eg gjöri nú ráð fyrir, að þetta síðara atriði í bænarskránni sè nú sjálfkellt, þar sem stjórnin hreifir ekki málinu á þessu þingi.

Með því einginn mælti í móti upplestri bænarskráarinnar las þingmaðurinn hana nú upp.

þ. Sveinbjörnsson: Má maður nú ekki næst fá að heyra bænarskrána frá Suður- Þingeyjarsýslu?

J. Jónsson: Ef þingið hefur ekki móti því, þá er eg fús á, að lesa hana. En eg vil fyrst leyfa mèr að tala nokkur orð viðvíkjandi bænarskránni, sem eg las nú þegar. Eg hef að vísu ekki mikið til að tala fyrir henni, en eg vil geta þess, að auglýsíng konúngs frá 12. maí 1852 er auðsjáanlega orsök til bænarskrár þessarar. Eg veit það víst, að hvorki biðjendurnir nè aðrir Íslendíngar hafa viljandi ætlað að gefa neina orsök til sundrúngar konúngsveldisins danska, eins og hin áminnsta auglýsíng konúngs sýnist benda til. Þessi grunur eða ályktun konúngsins, sem biðjendurnir hafa tekið sèr svo mjög nærri, einmitt vegna þess þeir vissu sig svo saklausa af þessu,

er það, sem hefur knúð þá til, að biðja alþingi nú að reyna til, að rýma burt úr huga og hjarta konúngsins þeirri ætlun, að vèr Íslendíngar höfum nokkurn tíma haft þann ásetníng, að sundra veldi hans, því það getur mönnum eingan veginn skilizt, að aðferð og tillögur landsmanna í hèruðunum eður álit meira hluta nefndarinnar í stjórnar-fyrirkomulags-málefninu sumarið 1851 hafi farið neinu því fram, sem gæti leitt til sundrúngar á heilu ríki, og allra-sízt því, sem áður hefði staðið á nokkrum föstum fótum. Þetta er tilgángur bænarskráarinnar, og hafa biðjendur falið þínginu á hendur, að finna þá aðferð til þess, sem því þætti eiga bezt við. Eg ætla nú ekki að fara fleirum orðum um þessa bænarskrá, heldur snúa mèr að þeirri úr Suður-Þíngeyjarsýslu, sem eg hef þó víst ekki verið flutníngsmaður að.

Eptir að þíngmaðurinn var með samþykki þíngsins búinn að lesa þessa bænarskrá upp, mælti hann:

Þessi bænarskrá stefnir hèr um bil að sama og hin. Biðjendunum þykir heit konúngs vors frá 23. sept. 1848 ekki vera uppfyllt enn, og það er uppfylling þess, sem þeir óska eptir; því þeir ímynda sèr, að hin konúnglega auglýsíng 12. maí 1852 hafi þó ekki upphafið það, og aldeilis ekki með beinlínis orðum.

Þá er hèr næst bænarskrá frá Þíngvallafundinum, og fer hún í líka stefnu, og sú frá Suður-Þíngeyjarsýslu.

Þíngmaðurinn las bænarskrána upp með samþykki þíngsins, og er hún svo hljóðandi:

Endaleysa, í hverju málefni sem er, þykir vera og er skaðleg; endaleysa í stjórnarmálum (eins og raun varð á við þjóðfundarslitin) er hið háskalegasta fyrir land og lýð; af þessari ástæðu leyfum vèr oss að biðja alþíngi vort, að skora á konúnginn:

> að hann minnist sem fyrst rèttinda vorra og heityrða sinna í brèfi sínu af 23. sept. 1848, og gjöri oss á þann hátt, sem alþíngi getur álitið haganlegastan fyrir land vort, hluttakandi í stjórnarbót þeirri, sem hann gefur samþegnum vorum.
>
> Á almennum Þíngvallafundi 29. júní 1853.

Þá er enn hin 4. bænarskrá frá Kollabúðafundinum; er hún með 78 undirskriptum og staðfest af 2 sýslumönnum. Hún fer fram á það sama og hinar tvær síðast nefndu, nefni-

lega, að konúngur efni heit það, sem hann hefur gefið oss frá 23. sept.

Þíngmaðurinn las og þessa bænarskrá upp með samþykki þíngsins. Síðan tók hann fram hina 5. bænarskrá frá Norður-Þíngeyjarsýslu, og las hana upp með samþykki þíngsins og mælti síðan:

Bænarskrá þessi stefnir að einu atriði, eins og hinir háttvirtu þíngmenn hafa nú heyrt. Hún lýsir því, að Íslendíngar sèu búnir að missa traust á dönskum mönnum, til að flytja fram erindi sín fyrir stjórnina, eða vera milligaungumenn milli vor og konúngs. Þetta vantraust kemur án efa af tvennu; því öðru, að menn geta ekki ætlazt til, að danskir menn sèu högum vorum og landsháttum svo kunnir, sem þeir þyrftu, og því hinu, að þeir sitja opt svo skamma stund að embættum, sem ráðherrar, að ekki þykir til þess ætlandi, að þeir geti tekið neinu ástfóstri við oss, eða borið vor mál eins rækilega fram við konúng, eins og sinna eigin landa. Af þessum orsökum biðja þeir, sem ritað hafa bænarskrána, um, að konúngur taki sèr íslenzkan mann fyrir ráðgjafa.

Hin 6. bænarskráin er frá Þíngvallafundinum, og er hún enn sèrstaklegra eðlis en hinar, og virðist fremur vera sprottin af þjóðfundarslitunum 1851.

Eptir að þíngmaðurinn var með leyfi þíngsins búinn að lesa þessa bænarskrá upp, mælti hann:

Ósk sú, sem hèr er borin fram, er harla mikilvæg, þar sem um er að gjöra, að fá skýrslur og tillögur hinna merkustu manna, sem landið á, viðvíkjandi stjórnartilhögun vorri, ef þær á annað borð eru nokkrar. Ef að þessar tillögur feingjust, þá má vel vera, að vèr komumst í skilníng um það, sem vèr híngað til höfum átt svo bágt með að skilja, en það er, að vèr höfum hlaupið á oss, eða vikið frá því, sem rètt og sómasamlegt er, í uppástúngum vorum um stjórnarskipun Íslands, sem meiri hluti nefndarinnar fór fram á í áliti sínu á þjóðfundinum.

Hvað málinu yfir höfuð viðvíkur, þá virðist mèr það svo vaxið, að hinn háttvirti forseti hafi gjört rètt í því, að taka allar þessar bænarskrár saman. Eg vil og fremur óska, að þíngið sendi konúngi bænarskrá í máli þessu, en ávarp, og því mæli eg fastlega fram með nefnd í því, og ekki minna en 5 manna nefnd. Það væri nú æskilegt, ef hinir heiðruðu þíngmenn vildu láta í ljósi meiníngar sínar um mál þetta.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta að, í hvaða sambandi þessi bænarskrá frá Þingvallafundinum, sem síðast var lesin upp, stendur við hinar bænarskrárnar um stjórnarskipun hèr á landi. Eg sè ekki betur, en hún snerti að eins oss, konúngsfulltrúa og hina konúngkjörnu þingmenn, sem voru á þjóðfundinum, þar sem hún einúngis biður um skýrslur eða tillögur þær, sem vèr hefðum gefið stjórninni. Eg verð því að biðja forseta að gefa mèr upplýsíngar um þetta.

Forseti: Eg skýrði þínginu áðan frá þeim ástæðum, sem eg hafði til þess, að láta þessa bænarskrá fylgja hinum. Eg hugsaði, að þó hún væri að eins um eitt atriði, þá væri það atriði þess eðlis, að tækifæri mundi gefast til undir meðferð málsins, að fá upplýsíngar um það, eins og ráð er gjört fyrir í 69. gr. alþíngistilskipunarinnar, að þíngmenn leiti upplýsíngar hjá konúngsfulltrúa, einkanlega við undirbúníngsumræðu málanna. Þetta er *mín* meiníng, eins og eg sagði áðan, en það er á þíngsins valdi, hvort það vill að skilja þessa bænarskrá frá hinum, og hafa aðra aðferð með það mál.

Þ. Sveinbjörnsson: Þetta getur mèr raunar skilizt, en það er þó aðgætandi, að nú er annar konúngsfulltrúi, en áður var á þjóðfundinum. Eg sè ekki betur, en að þetta ávarp, eða hvað eg á að kalla það, frá Þingvallafundinum, hafi skotizt inn á meðal þessara bænarskráa, eins og það vildi fela sig.

Forseti: Hinn heiðraði 1. konúngkjörni þíngmaður getur sèð það sjálfur, að mèr getur ekki geingið neitt til að fela þetta ávarp; eg hef skýrt þínginu, hvers vegna eg lèt það fylgja þessum bænarskrám, en þíngið ræður því, hvort það vill fallast á það eða ekki.

H. Stephensen: Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði áðan, að hjá konúngsfulltrúanum, sem nú er, gæti þíngið ekki feingið hinar umtöluðu upplýsíngar (*Þ. Sveinbjörnsson*: Það hef eg aldrei sagt). En eg held þó, að honum muni vera það mál svo kunnugt, að hann gæti sagt þínginu, hvort nokkrar skýrslur eða tillögur hafi verið sendar stjórninni frá mönnum þeim, sem hèr er verið að tala um, og þá einnig, hvernig þær hafi verið lagaðar. Eg held og, að konúngsfulltrúi sè sá maður hèr á þíngum, sem þíngið megi halda sèr til og ætla að hafi allar þær upplýsíngar í höndum, sem stjórnin getur og vill gefa.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg held, að konúngsfulltrúi, sem nú er, geti ekki gefið neinar upplýsíngar í þessu máli, nema eins og konúngkjörinn þíngmaður á þjóðfundinum; frá stjórninni hefur hann víst eingin slík skilríki, því hvar ekkert slíkt er, þaðan verður ekkert feingið.

H. Stephensen: Eg er því má ske ekki eins kunnugur, hvernig hann er útgjörður, eins og hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður.

Þ. Sveinbjörnsson: Það er þá bezt, að halda sèr til konúngsfulltrúa, sem nú er, viðvíkjandi þessum upplýsíngum.

H. Stephensen: Mín meining er sú, að konúngsfulltrúi muni í því tilliti gjöra það, sem í hans valdi stendur; að minnsta kosti treysti eg honum til þess.

Forseti: Það er hvorki, að eg þurfi að taka svari hins háttvirta konúngsfulltrúa, nè ætli að gjöra það, þó eg láti þá ætlun mína í ljósi, að hann muni þá svara spurníngum þíngmanna, er honum þykir hentur tími til. Annars vil eg biðja hina heiðruðu þíngmenn, ef þeir eru mèr ekki samdóma í, að taka bænarskrá þessa saman við hinar, að skera úr því máli nú strax, svo umræðan geti heldur orðið um aðalefni þessa máls, en að hún dragist frá því út í hin einstöku atriði, því málið er hèr einúngis tekið til inngángsumræðu.

Konúngsfulltrúi: Það er þíngmönnum kunnugt, að eg hingað til hef ei leingt þíngræðurnar við inngángsumræður; því eg álít það bezt hlýða, að fara ei lángt inn í efnið, meðan einúngis er verið að ræða um, hvort setja skuli nefnd í málið eða ekki; en í þetta sinn kemst eg þó ekki hjá, bæði vegna þeirra orða, sem fallið hafa hèr á þínginu, og líka af því, hvernig bænarskrár þær til þíngsins, er nú liggja fyrir hendi, eru lagaðar, að fara nú um málefnið nokkuð fleiri orðum, en eg annars mundi gjört hafa.

Eg sný mèr þá fyrst til bænarskráarinnar nr. 6, frá Þíngvallafundinum. Þessa bænarskrá vildi eg helzt ráða til að leggja til grundvallar fyrir meðferð málsins hèr á þínginu, ef nefnd verður í því sett, því hún er samin í almennum og yfirgripsmiklum orðatiltækjum, og biður einúngis um, „að konúngur vor vildi upp á haganlegastan hátt gjöra oss hluttakandi í þeirri stjórnarbót, er hann hefur veitt öðrum þegnum sínum“. Hvað bænarskrána nr. 7 áhrærir, í hverri beðið er um, að konúngsfulltrúi, forseti og hinir konúngkjörnu þíngmenn á þjóðfundin-

um 1851 verði krafðir um, að skýra frá, hvort þeir hafi gefið stjórninni nokkurt álit um stjórnarskipunina hjá oss eður ekki, og ef þeir hafi gefið það, að það þá verði auglýst á prenti, þá er eg þeirrar meiningar, að hinn háttvirti forseti hafi gjört öldúngis rètt í, að láta hana slæðast með hinum bænarskránum; því þó hún sè sèrstaklegs eðlis, þá lýtur hún þó að nokkru leyti að stjórnarskipunarmálinu. Að öðru leyti vil eg innilega ráða þínginu frá, að taka innihald þessarar bænarskráar til yfirvegunar; því það er með öllu ótilhlýðilegt og ósamkvæmt öllum viðteknum reglum, ef þingið vildi þraungva sèr inn millum konúngsins og fulltrúa hans, og krefjast þess, að fá að sjá tillögur þær, er hann sent hafi konúngi sínum, á prenti; þetta væri það sama, eins og ef önnur þíng vildu heimta, að fá að sjá tillögur þær auglýstar á prenti, sem stjórnarherrarnir senda konúngi um það, hvernig ráða skuli málunum til lykta; en slíku hefur aldrei verið farið á flot í nokkru landi, og hafi nokkur heimildarlaust skýrt frá nokkru af slíkum tillögum, hefur það ætið þótt illa og óhreinlega gjört. En að svo miklu leyti sem þingið skyldi fara því á flot, að krefjast þess, að fá að sjá þær tillögur forseta og hinna konúngkjörnu þingmanna á þjóðfundinum, sem hefðu átt að vera konúnginum sendar, þá mundi slík krafa virðast stjórninni ekki einúngis ótilhlýðileg, heldur einnig fjarstæð öllum sanni; því eg skal, og það í því skyni, að við halda þeirri einíngu, sem hefur átt sèr stað á þessu þíngi, og sem eg vona að verði framvegis, lýsa því hèr yfir fyrir þingmönnum, að eg hef eingan bókstaf skrifað stjórninni um stjórnarskipunarmálið, eða í því skyni, að leggja nokkuð til þess, hvernig því skyldi fyrir koma; og eg er einnig viss um, að þeir hinir heiðruðu konúngkjörnu þingmenn, er sátu á þjóðfundinum, hafa ekki heldur gjört það; því annars hefðu bæði þeir og eg lesið illa og skilið illa niðurlag hinnar 44. gr. í alþingistilskipuninni, sem fyrir skipar, að einginn annar skuli vera milligaungumaður milli konúngs og alþingis, en konúngsfulltrúinn. Að öðru leyti vil eg geta þess, að afdrif alþingismálefnanna ei svo mjög eru komin undir tillögum konúngsfulltrúans, eins og undir tillögum ríkisstjórnarráðsins, sem nákvæmlega yfirvegar slík málefni, og upp á sína ábyrgð ræður konúngi til, hvernig þeim skuli til lykta ráða. Að lyktum skal eg bæta því við, að mèr er ókunnugt, hverjar uppástúngur

konúngsfulltrúinn á þjóðfundinum hefur sent stjórninni, og eg álít mèr óviðkomandi, að grennslast eptir því.

Hvað bænarskrána nr. 10, frá Kollabúðafundinum, sem fer því á flot, að biðja konúng um þá stjórnarskipun, er meiri hluti nefndarinnar stakk upp á á þjóðfundinum 1851, snertir, þá verð eg einnig að ráða þinginu frá, að taka þessa bænarskrá að þessu leyti til greina; því konúngur vor hefur í auglýsíngu sinni frá 12. maí 1852 hátíðlega lýst því yfir, að slík uppástúnga mundi verða Íslandi sjálfu til óhamíngju, og að hann mundi aldrei leyfa þá sundrúngu á ríkinu, sem mundi leiða af því, ef uppástúngu nefndarinnar yrði fylgt, og þessi skoðun stjórnarinnar mun ei hverfa, þó ráðgjafi sá, er með konúngi hefur ritað nafn sitt undir auglýsínguna frá 12. maí 1852, sè vikinn frá völdum.

Bænarskrárnar nr. 33 og 49, frá Þíngeyjarsýslum, álít eg ei þörf að ræða um, því þó þær sèu nógu fjölorðar, eru þær þó í raun og veru mjög efnislitlar, og eg vil eptir láta það nefndinni, að leita að því, hvort hún getur fundið í þeim nokkurt atriði, sem notandi er.

Að svo miklu leyti sem bænarskráin frá nyrðra kjördæmi Þíngeyjarsýslu, nr. 43, fer fram á það, að biðja konúng um, að hann með ráði alþíngis velji sèr íslenzkan mann til ráðaneytis, skal eg geta þess, að það heyrir alstaðar og í öllum ríkjum til konúngsins forrèttinda *(Prærogativer)*, að velja sèr þá menn í stjórnarráð sitt, er honum þykir bezt henta, án þess að þjóðþíng, hvort þau hafa löggjafarvald eða ekki, hafi eður geti haft þar af nokkur beinlínis afskipti, og því væri það á móti öllu rèttu formi, ef alþíngi að þessu leyti skyldi gefa bænarskrá þessari nokkurn gaum.

Hvað nú málinu sjálfu, er hèr ræðir um, viðvíkur, þá kynni það að vísu að virðast svo, sem rèttara væri, eins og nú á stendur, að slá því á frest fyrst um sinn, að senda konúngi nokkra bænarskrá um það; bæði vegna þess, að konúngur í auglýs. 12. maí 1852 hefur álitið það rèttast, að slá þessu málefni á frest fyrst um sinn, og líka af því, að það mun virðast hentast, að leiða ekki til lykta málefnið um stjórnarskipun Íslands, fyr en búið er að koma fyrir stjórnartilhögun alls ríkisins; og skal eg í þessu tilliti benda þínginu til þess, að konúngur vor muni ei ráða málefninu um stjórnarskipun Íslands til lykta, eður gefa út um það lagaboð, fyr en hann hefur ent loforð það, er hann

allramildilegast hefur gefið í brèfi sínu frá 23. sept. 1848; því í auglýsingunni frá 12. maí 1852 er með berum orðum getið um, „að leggja fram og leita álits um lagafrumvarp um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins“. En samt sem áður, þar eð bæði stjórnin, alþingi og þjóðin eru á einu máli um það, að sú tilhögun, sem nú er á um löggjafarvaldið á Íslandi, ei geti staðizt til leingdar, vil eg ei vera því mótfallinn, að nefnd verði sett í máli þessu, því stjórninni mundi án efa koma það vel, ef þingið gæti gefið henni einhverjar góðar bendíngar um það, hvernig þessu máli um stöðu Íslands í ríkinu yrði bezt og haganlegast ráðið til lykta; eg vil einnig ráða þínginu til, eins og hinn háttvirti forseti og fleiri þingmenn þegar hafa bent á, að meðhöndla málið í bænarskráar-formi, svo það upp á lögskipaðan hátt geti orðið tvisvar sinnum rætt, hvar á mót það í öllu tilliti mundi verða miður tiltækilegt, að senda konúngi ávarp um svo mikilvægt og margbrotið málefni. Og væri nú mikið undir því komið, að vel tækist að velja menn í nefndina, og til hennar yrðu kjörnir hinir beztu menn, er þingið á völ á. Eg skal með ánægju veita nefndinni það litla lið, sem í mínu valdi stendur, og af öllu megni stuðla til þess, að bæði upástúngur nefndarinnar til þingsins og tillögur þingsins til konúngsins gætu orðið sem happasælastar og heilladrjúgastar fyrir vort elskaða föðurland.

H. Stephensen: Það gleður mig, að heyra fullvissu þá, sem konúngsfulltrúinn hefur gefið, þó það ángri mig jafnframt, að slíkar skýrslur málsins eru ekki til; því eg veit það, að af eingu getur ekkert orðið. Að öðru leyti ætla eg ekki að fara að ræða málefnið frekara; það munu hinir aðrir þingmenn gjöra.

Þ. Sveinbjörnsson: Að því leyti eg er einn hinna konúngkjörnu þingmanna, sem á þjóðfundinum sátu, vil eg lýsa því yfir fyrir þínginu, að eg eptir þjóðfundarslitin 1851 hef alls ekki verið á neinum fundi eða stefnu um tilkomandi stjórnartilhögun Íslands, eða neitt ritað, sem þar að getur lotið; álit mitt um það mál sèst í þjóðfundartíðindunum bls. 517 - 525, og annað hef eg ekki ritað eða látið rita um það,

Á. Einarsson: Það verður ætíð sannleikur, sem stendur í versinu gamla: „Hann, er sannleika fylgir fast, feilar sèr ekki í ljósi“. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður var fljótur til, að forsvara sig fyrir því, að hafa verið nokkuð viðriðinn að senda konúngi eða stjórninni aðra uppástúngu um stjórnar-

fyrirkomulag Íslands, en ágreiningsatkvæði það, sem hann hafði samið í nefndinni á þjóðfundinum. Þetta hlýtur öllum að vera í augum uppi; því hvernig gat hann farið að senda aðra uppástúngu á bak við þingið rètt í sömu andránni, er hinni hefði verið í nokkru gagnstæð, því hann hefði hlotið við það að missa álit hjá stjórninni í því máli. Það er því óþarfi fyrir hann, að forsvara sig fyrir þessu. Hinir aðrir konúngkjörnu þingmenn, sem ekki voru í áminnstri nefnd, höfðu minna tækifæri til, að láta álit sitt í ljósi um málið, en menn hafa varla haft vissu fyrir því, er þeir hafa í þessu tilliti gjört, enda þó það frèttist með þingmönnum, er seinna fóru hèðan, að þeir hefðu haldið einhvern fund, og er þeim hægt að forsvara sig, ef þeir hafa eingar uppástúngur á honum samið, því þá geta þær hvergi verið eða komið fram.

P. Pètursson: Eg vil leyfa mèr að geta þess, að eg hvorki hef haft tækifæri til, að senda stjórninni nokkrar uppástúngur um stjórnarskipun hèr eptirleiðis, nè heldur verið kvaddur til ráðaneytis, til að segja álit mitt um þetta mál, eptir að þjóðfundinum var slitið. Hvað máli þessu að öðru leyti viðvíkur, þegar það kom til umræðu á þjóðfundinum, þá var mèr næst, að fallast á uppástúngu minna hlutans í nefndinni, eins og þingmenn þá víst hafa heyrt á mèr.

E. Kúld: Það getur vel verið, að margur ætli, og eg held það sjálfur, að eg hætti mèr út á hálan ís, þegar eg stend upp að tala fáein orð um þetta mál, og einkum þegar menn gæta þess, að eg er má ske máli þessu ekki til hlítar kunnugur frá upphafi, þar sem eg ekki stóð í þeim sporum á þjóðfundinum, sem eg á nú að standa. En eg verð þó að játa, að þessi bænarskrá er ekki í öllu tilliti svo orðuð, sem eg hefði kosið; eg vil samt ekkert segja um það, hversu þingið á með hana að fara; því það er ætlun mín, að þjóðþingið sáluga komi ekki beinlínis þessu þingi við; því þetta þing getur aldrei álitizt eins og sprottið af því, eða eiga ætt sína að rekja til þjóðfundarins. Eg játa það, að ekki virðist mèr sanngjarnt, að vèr Íslendíngar skulum ei fá uppfyllt fyrirheitið um stjórnarlögun okkar, úr því stjórnarbreyting er komin á í Danmörku; eg skoða nefnilega Dani og Íslendínga sem börn sama föðursins; nú ef Danir eiga að fá stjórnarlögunina, og við ekki, þá væri það að álíta, sem börnin ættu ekki sama barnarèttinn hjá föðurnum; en eg verð samt að játa, að eg er ekki svo trúarsterk-

ur, að eg geti vænt þessarar breytíngar á stjórnarháttum vorum, meðan stjórnarmálefni Dana eru ekki komin í betra horf, en enn þá eru þau; en jafnvel þó þessu sè svona varið, er það samt meiníng mín, að eigi sè spillt þessum málum vorum fyrir það, þó þeim væri eitthvað hreift á þessu þíngi; því vil eg fyrir mitt leyti mæla með, að þíngið gjöri það heldur með bænarskrá, en „*Adresse*“ eða ávarps-formi einúngis, og í þessu tilliti mun eg gefa atkvæði mitt með því, að nefnd sè kosin í málið. Ef mig minnir rètt, benti líka *Örsted* á Hróarskeldu-þínginu á, að betra væri, að láta þessleiðis koma fram sem bænarskrá, en sem ávarp.

St. Jónsson: Eg fyrir mitt leyti verð að vera með því, að nefnd sè kosin í þessu máli, og að bænarskrá sè síðan send stjórninni, en ekki ávarp. Að sönnu var frá 1. alþíngi sent ávarp til konúngs, en það var þakklætis-ávarp fyrir gjöf alþíngis og átti þá vel við, en nú getur það ekki verið í þeirri stefnu, og mun því eiga ver við. Það er má ske álitið of snemmt, að byrja á þessu núna, en almenníngur álítur þó, að loforð konúngs 23. september 1848 sè enn þá óuppfyllt, og vonar uppfyllíngar á því. Eg álít því, sem sagt, að bænarskrá, en ekki ávarp, eigi að sendast máli þessu viðvíkjandi.

Jón Guðmundsson: Mèr skilst af ræðum þíngmanna, að fleirum muni hafa fundizt eins og mèr, að ræða hins hæstvirta konúngsfulltrúa hafi gjört allar frekari umræður um þetta málefni óþarfar.

Mèr fyrir mitt leyti fullnægði þessi ræða yfir höfuð að tala, og fèll hún vel í geð, og því eru það að eins fáar athugasemdir við hana, sem eg vildi mega leyfa mèr. Konúngsfulltrúinn sagði meðal annars, að ísjárvert væri, að fara fram á, að *ráða* konúnginum til, að hann tæki sèr íslenzkan ráðgjafa, því það væri eitt af forrèttindum konúngsins, að mega velja sèr ráðgjafa.

Forseti: Þíngmaður Skaptfellínga hefur víst ekki skilið konúngsfulltrúann rètt, því hann mun einkum hafa haft tillit til þeirra orða, sem í bænarskránni standa: „m e ð r á ð i a l þ í n g i s“.

Konúngsfulltrúi: Já, það var einmitt það, sem eg tók fram, og byggði á þessi orð mín, að það var beinlínis tekið fram í bænarskránni, að þessi íslenzki ráðgjafi væri kosinn „með ráði alþíngis“.

Jón Guðmundsson: Já, þá fellst eg á það, sem konúngsfulltrúi sagði um þetta.

Hann sagði líka, að stjórninni mundi koma vel, að fá tillögur og bendíngar alþíngis viðvíkjandi stjórnarmálum vorum. En ef ósk þjóðarinnar á að takast til greina, þá held eg ekki sèu tvískiptar meiníngar manna um það, heldur sè það álitið hið fyrsta og helzta undirstöðu-atriði í stjórnarbót vorri, og eigi að styðjast við almenna ósk landsmanna, að við fáum íslenzkan ráðgjafa, sem beri einn fram mál vor fyrir konúnginn, og ráði þeim til lykta með honum. Það gladdi mig, að heyra, að konúngsfulltrúinn áleit ekki heityrði konúngs í brèfinu af 23. sept. 1848 vera apturkölluð með auglýsíngunni 12. maí 1852; því eg hef að mínu leyti verið óbifanlega hinnar sömu meiníngar; en við þetta finnst mèr að eins athugandi, að í auglýsíngunni 1852 segir að eins, að konúngur ætli sèr ekki að breyta að neinu stjórnartilhögun hèr á landi, nema því sè fyrst skotið til alþíngis; en í konúngsbrèfinu er heitið, „að konúngur, til að koma stjórnarbótinni á hèr í landi, kalli saman sèrdeilis fund landsmanna“.

Að öðru leyti munu allir þíngmenn, og einkum nefndin, sem verður kosin, kunna hinum háttvirta konúngsfulltrúa þakkir fyrir, að hann hèt að aðstoða nefndina, sem eg líka legg til að verði kosin, og að hún eigi að semja bænarskrá, en ekki ávarp; er eg og þeirrar meiníngar, að ekki veiti af, að 5 menn sèu kosnir í hana.

P. Pètursson: Í tilliti til þess, sem þíngmaður Skaptfellínga sagði, verð eg að geta þess, að í auglýsíngu konúngs frá 23. sept. 1848 er einúngis sagt, að ekkert skuli verða ákvarðað um stjórnartilhögun Íslands, fyrri en það sè borið undir „en Forſamling i Landet ſelv“ eða þíng í landinu sjálfu, og er orðið „þíng“ svo óákveðið, að það getur bæði skilizt um alþíngi og aðra samkomu eða þíng, sem halda eigi í landinu.

Á. Einarsson: Eg sè, að ekki þarf að tala um málið sjálft, eptir þeirri stefnu, er það tekur nú, en eg vil einúngis geta þess, í tilliti til þess, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, að hann vildi vara nefndina við, að leggja ekki bænarskrá frá Þorskafjarðarfundinum til grundvallar, að bænarskráin kom á fundinn frá Ísafjarðarsýslu, og hafði fundurinn ekki tíma til, að ræða hana, enda minnir mig, að í henni standi: „með þeim *breytíngum*, er alþíngi virðast nauðsynlegar“.

Forseti: Fyrst ekki fleiri þingmanna taka til máls, vil eg skjóta til atkvæða þeirra, hvort nefnd skuli setja í þetta mál eður ekki, og ef enginn er á móti, að 5 sèu valdir, eins og stúngið hefur verið upp á, bið eg þingmenn að velja 5 manna nefnd í þetta mál.

Að því búnu lèt forseti greiða atkvæði um, hvort nefnd skyldi kjósa eða ekki, og urðu 20 atkvæði með því gegn 1.

Síðan var geingið til atkvæða um nefndarmenn, og feingu þeir:

Jón lögfræðingur *Guðmundsson*	14	atkv.,
H. prófastur *Stephensen*	12	—,
P. prófessor *Pètursson*	12	—,
Þ. konferenzráð *Sveinbjörnsson*	10	—,
og *V.* landfógeti *Finsen*	8	—.

Forseti las síðan upp, hverjir kosnir væru, og gat þess, að þar eð ekki væri annað um að ræða í dag, þá vildi hann að eins birta þingmönnum, að enginn fundur gæti orðið á mánudaginn, þar eð *synodus* þá yrði haldinn, en að dagskráin til þriðjudags skyldi verða auglýst á mánudaginn.

Fundi slitið.

---

12. júlí — áttundi fundur.

Allir á fundi, nema hinn 4. konúngkjörni þingmaður, assessor Þ. Jónassen, og þingmaður Skaptfellínga, lögfræðingur Jón Guðmundsson, sem báðir höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Gjörðabók frá síðasta fundi var upp lesin og samþykkt.

Forseti: Síðan seinasti fundur var haldinn, hef eg meðtekið bænarskrá frá nokkrum bændum í Þingvallasveit, sem fer því fram, að alþingi útvegi Þingvallasveitar- mönnum leyfi til, að hafa þingstað sèr á Þingvöllum, með þeim kosti, að þeir haldi sjálfir þar við þinghúsi sínu.

Til mín hefur síðan einnig komið uppástúnga um „veðbánka fyrir Ísland“. Bænarskrá þessi og uppástúnga hafa legið á lestrarstofunni, og eru þingmenn líklega búnir að kynna sèr þær; vil eg því afhenda bænarskrána úr Þingvallasveit herra konferenzráði Þ. Sveinbjörnssyni, sem formanni nefndarinnar um „þingstaði í Árnessýslu“, en uppástúnguna um bánkann jústizráði Thorstensen, sem er formaður í nefnd þeirri, sem sett er í málinu um „peningaskort í landinu“.

Eg hef látið taka 2 afskriptir af bænarskránni frá búendum í Kjalarnes- og Kjósar-hrepp „viðvíkjandi Thorchilii sjóðnum“, og afhendi eg aðra þeirra biskupi Thordersen, formanni í nefndinni um „stofnun barnaskóla í Reykjavík“, en hina sèra Jóni Kristjánssyni, sem formanni nefndarinnar um „búnaðarskóla“.

Þá liggur fyrir, að taka til undirbúningsumræðu nefndarálit um „frumvarp til tilskipunar um sunnu- og helgidaga- hald á Íslandi“, og vona eg þingmenn hafi meðtekið prentaða frumvarpið með breytingum nefndarinnar, sem eg hef látið prenta til samanburðar við hið konúnglega frumvarp, þar eð ekki var kostur á, að fá hvorttveggja prentað, bæði nefndarálitið og það, á svo stuttum tíma.

Má ske framsögumaður nefndarinnar, prófastur H. Stephensen, vildi lesa upp nefndarálitið.

Framsögumaður las það síðan upp, og er það svo látandi:

Hið heiðraða alþingi hefur þann 2. dag þessa mánaðar kosið oss í nefnd, og falið oss að segja álit vort um „konúnglegt frumvarp til tilskipunar um sunnudaga- og helgidaga- hald á Íslandi“, og leyfum vèr oss að segja um það álit vort á þessa leið:

Tilskipunin frá 29. maí 1744 um helgihald hvíldardagsins, sem má ske aldrei hafi þótt hin viðunanlegasta hèr á landi, eða fullkomlega eiga við hugsunarhátt og ástand manna hèr, virtist að fullum 100 árum liðnum orðin úrelt og óbrúkanleg; komu því til alþingis 1847 bænarskrár um endurbót þessarar og annara tilskipana frá sama tímabili. Alþingi fann, hversu endurbótin var nauðsynleg, og rèð af, að senda konúngi þegnsamlega bæn um endurskoðun nefndrar tilskipunar.

Eptir ráðstöfun stjórnarinnar hafa margir hinir helztu embættismenn í landinu skráð álit sitt um þetta málefni, og hefur þeim hart nær öllum komið saman um, að hin gamla tilskipunin (29. maí 1744) verði ekki svo endurbætt og lögð, að hún geti svarað til hugsunarháttar og þarfar þessara tíma, en stúngið upp á, að tilskipunin um helgihald sunnudaga og helgidaga fyrir Danmörku frá 26. marz 1845 yrði lögð eptir þörfum og ásigkomulagi Íslands, og síðan lögleidd. Samkvæmt þessu hefur stjórnin lagt fyrir þing þetta frumvarp það, sem oss ber nú að segja álit vort um.

Það er samhuga álit vort um frumvarp þetta, að það frá

upphafi til enda lýsi guðræknis- og frjálslyndis- anda, og hikum vèr því ekki við, að ráða alþíngi til, að aðhyllast frumvarpið, og beiðast þess, að það verði gjört að lögum, með breytíngum þeim, sem sèrstakt ásigkomulag lands þessa útheimtir, og munum vèr nú með sem fæstum orðum, að oss er unnt, geta breytínga þeirra, er vèr ætlum gjöra eigi við frumvarpið. Það lýsir sèr í frumvarpinu öllu, að löggjöfin, hvar á það er byggt, er gefin einkum staðabúum, og helzt innbúar hinna stærri staðanna hafðir fyrir augum, og þaðan eru og flestar þær breytíngar runnar, sem vèr ætlum gjöra þurfi, og stíngum nú upp á.

Við 1. grein.

Oss finnst sú ákvörðun góð, að öll ónauðsynleg vinna skuli vera bönnuð hina helgu daga frá morgni til einnar stundar eptir nón, og úr þessu banni viljum vèr ekki sè dregið með orðunum: „einkum um messutímann“, heldur skulu undanþágur þær, sem 2. grein inniheldur, vera það einasta, sem dregur úr þessu banni. „Allar skemmtanir“ höfum vèr viljað úr fella, af því oss finnst „skemmtun“ innibinda að eins siðsamar og saklausar athafnir. Þess vegna höfum vèr breytt orðaskipuninni, að orðið „hætta“ gefur til kynna verknað, sem á undan er geingin, en það úti loka orðin í greininni: „frá morgni dags“, o. s. frv.

Við 2. grein.

Vinna sú, er svo mikill skarkali fylgi, að hún trufli guðræknis- hugarfar manna, er eingin oss kunn hèr, og sízt utanbæjar-vinna; því viljum vèr bæði þessa vegna og fyrir orðfærisins sakir hafa þá orðaskipun í upphafi greinarinnar, sem segir í orðabreytíngum aptan við nefndarálitið. Fyrir „heimilisstörf“ viljum vèr setja „búverk“, sem innibindur að eins þau verk, sem af því fljóta, að menn halda bú og búfènað. Fyrir setníguna frá: „að nota — votviðra“, þykir oss því betur fara að hafa: „að bjarga heyi og hirða, þegar nauðsyn krefur“, að hvorki viljum vèr, að leyft sè að þurka vott hey á þeim tíma sunnudags, nè bannað að bjarga því fyrir öðrum voða, en þeim, sem af votviðrum orsakast, t. a. m. af stormum eða sjóar- og vatnaflóðum. Að öðru leyti viljum vèr taka grein þessa með lítilli orðabreytíngu, er oss virðist bæta mál á henni, og færa hana nær háttum lands þessa, án þess að raska innihaldi hennar.

Við 3. grein.

Grein þessa viljum vèr taka með orðabreytíngu þeirri, sem oss virðist nauðsynleg, án þess hún raski meiníngunni.

Við 4. grein.

Þessa grein viljum vèr einnig taka með orðabreytíngu þeirri, sem hagar háttum vorum.

Við 5. grein.

Öll þessi grein virðist oss löguð eptir háttum Danmerkur og bæjarlífsins þar, svo að margt í henni hljóti að úr fellast, og hitt að breytast; vèr viljum því taka hana þannig stytta og breytta:

„Öll ósiðsamleg hegðun, háreysti og drykkjulæti sèu stránglega bönnuð á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, einkum undir húslestri í heimahúsum og við alla kirkjufundi, og skulu hreppstjórar og meðhjálparar gæta þessa vandlega, og taka þá menn höndum, sem við kirkju brjóta hèr á móti“.

Við 6. grein.

Grein þessa viljum vèr taka eins og hún er, nema úr fella orðið „skjala- skrifara- störfum“.

Við 7. grein.

Þessari grein viljum vèr halda með nokkurri orðabreytíngu í niðurlagi hennar.

Við 8. grein.

Grein þessa viljum vèr úr fella, sem landi þessu óviðkomandi, í hið minnsta enn sem komið er.

Við 9. grein.

Þessa grein viljum vèr taka alla með nokkurri orðabreytíngu í fyrra hluta hennar, sem ekki raskar meiníngunni.

Við 10., 11. og 12. grein.

Þessar 3 greinir viljum vèr taka óbreyttar.

Við 13. grein.

Þessa grein viljum vèr taka með nokkurri orðabreytíngu.

Við 14. grein.

Grein þessa viljum vèr taka óbreytta.

Við 15. grein.

Þessa grein viljum vèr taka með lítilli orðabreytíngu.

Við 16. grein.

Þessa grein viljum vèr einnig taka með lítilli orðabreytíngu, og ætlum rètt, að bæta því við niðurlag hennar, að ekki

sè óskandi, að löggjöfinni um fátækra-hlut úr helgidaga-veiðum sè breytt.

Orðabreytingar:

Í 1. grein: Í staðinn fyrir orðin: „skal öll — messutímann“, standi: „skal einga ónauðsynlega vinnu vinna frá morgni til einnar stundar eptir nón“.

Í 2. grein: „Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, skal einginn vinna þá vinnu neina, sem trufli aðra í guðrækilegum hugleiðíngum þeirra“. Fyrir „heimilisstörfum“ sè sett „búverkum“; fyrir orðin: „að nota — votviðra“, sè sett: „að bjarga heyi og hirða, þegar nauðsyn krefur“; fyrir orðin: „fiskimönnum — sjósóknum“, sè sett: „Heimilt skal og fiskimönnum og öðrum veiðimönnum á þessum tíma, að bjarga veiðiskap sínum og veiðarfærum; einnig skal þeim leyft, þegar mikið liggur við, t. a. m. í fiskileysisárum, eða þá ógæftir hamla mjög sjósóknum“. Fyrir: „Ferma má“ og til enda sè sett: „Svo má og ferma og afferma önnur skip og halda áfram sjóferðum, þegar sæta þarf góðu veðri og leiði; þó skal ekki slíkt gjöra um sjálfan messutímann, nema brýn nauðsyn beri til“.

3. grein: Frá byrjun — „búðum lokað“ sè sett: „Á sunnudögum og öðrum helgum dögum, á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, skal búðum verzlunarmanna og annara sölumanna loka, og hvorki kaup nè sala fram fara“.

4. grein sè þannig orðuð: „Gestgjafar eða aðrir veitíngamenn mega ekki á sunnudögum nè öðrum helgum, fyr en einni stundu eptir nón, veita neinum drykkjur, eða leyfa spil í húsum sínum, en veita mega þeir mat eða þess konar hressíngu, þó fyr sè“.

7. grein: Fyrir orðin: „að það getur ekki tafið — neinni óreglu“, komi: „að hann getur hvorki hindrað kirkjuferð nè valdið nokkurri óreglu“; fyrir niðurlagið frá: „Sè ekki þetta leyfi“ og til enda sè sett: „Sè þetta leyfi ekki feingið, má ekkert slíkt fundarhald boða“.

9. greinar fyrri hluti orðist þannig: „Kvöldin fyrir sunnudaga og aðra helgidaga skal öllum dansleikum og almennum skemmtunum lokið einni stundu fyrir lágnætti. Í páskaviku og hinn almenna bænadag, og kvöldin fyrir frá miðaptni, skal slíkt alls ekki aðhafast“; fyrir „kóngsbæna-dag“ setjist: „hinn almenna bænadag“

Í 13. grein: Fyrir: „sè nokkur í vafa — leyft það“, sè sett: „sè nokkur í vafa um rèttan skilning á einhverju í henni, þá leiti hann um það álits þessara embættismanna“.

Í 15. grein: Fyrir: „þá sannfæring — í nyt“, setjist: „kirkjurækni“.

Í 16. grein: Fyrir: „á annan glæpskufullan hátt“, sè sett: „með einhverri óhæfu“. Við niðurlag greinarinnar bætist: „Þar á móti er ekki úr lögum tekinn rèttur fátækra til hlutar úr helgidaga-veiðum, sem ákveðinn er í reglugjörð 8. janúar 1834, VI., 4.

Með þessum breytingum leyfum vèr oss að ráða hinu heiðraða alþingi, að taka frumvarp þetta, og beiðast, að það verði gjört að lögum.

Reykjavík, þann 9. dag júlímán. 1853.

H. Stephensen *Þ. Jónassen.* *St. Jónsson.* *P. Pètursson.*

framsögumaður. *H. G. Thordersen.*

(Fylgiskjal til þessa nefndarálits).

Frumvarp
til
tilskipunar um sunnudaga- og helgidaga-hald á Íslandi, lagað eptir uppástúngum nefndarinnar.

§ 1.

Á sunnudögum og öllum öðrum dögum, sem eptir lögum þeim, er nú gilda, á að halda heilaga, skal *einga ónauðsynlega vinnu vinna* frá morgni *til* einnar stundar eptir nón, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem til eru teknar í tilskipun þessari.

§ 2.

Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., skal eingum vinna þá vinnu neina, sem trufli aðra í guðrækilegum hugleiðingum þeirra. En eins og vinna sú, er lýtur að búverkum, eða sem menn stundum geta þurft við, sèr eða öðrum til bjargar, er undan þegin áður nefndu banni, eins skal það ekki heldur bannað, að bjarga heyi og hirða, þegar nauðsyn krefur. Heimilt skal og fiskimönnum og öðrum veiðimönnum á þessum tíma, að bjarga veiðiskap sínum og veiðarfærum; einnig skal þeim leyft, þegar mikið liggur við, t. a. m. í fiskileysisárum, eða þá ógæftir hamla mjög sjósóknum, að róa til fiskjar, leggja net og lóðir. Mala má og í mylnum á þessum tímum. Farmönnum, er neyðast til að leita til hafnar, skal og leyft að ferma

og afferma og bæta skip sín, og má veita þeim hjálp þá, sem þeir þurfa til þess. Svo má og ferma og afferma önnur skip, og halda áfram sjóferðum, þegar sæta þarf góðu veðri og leiði, en þó skal ekki slíkt gjöra um sjálfan messutímann, nema brýn nauðsyn beri til.

§ 3.

Á sunnudögum og öðrum helgum dögum, á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., skal búðum verzlunarmanna og annara sölumanna loka, og hvorki kaup nè sala fram fara. Þó skal lyfsölum heimilt á öllum tímum dags, að selja læknisdóma; það skal og allt undan skilið, sem þarf til aðhjúkrunar sjúkum mönnum, eða þegar svo stendur á, að einhver þarf skjótrar hjálpar við, samkvæmt reglu þeirri, sem til er tekin í 2. gr.

§ 4.

Gestgjafar eða aðrir veitíngamenn mega ekki á sunnudögum eða öðrum helgum, fyrri en einni stundu eptir nón, veita mönnum drykkjur eða leyfa spil í húsum sínum; en veita mega þeir mat eða þess konar hressíngu, þó fyr sè.

§ 5.

Öll ósiðsamleg hegðun, háreysti og drykkjulæti sèu stranglega bönnuð á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., einkum undir húslestri í heimahúsum og við alla kirkjufundi, og skulu hreppstjórar og meðhjálparar gæta þessa vandlega, og handtaka þá menn við kirkjur, sem hèr á móti brjóta.

§ 6.

Ekki skal þíng halda á drottinsdögum eða helgum dögum, enda þó komið sè fram yfir þann tíma, sem til er tekinn í 1. gr., eða gegna fógetastörfum, halda skiptifundi, uppboðsþíng, eða gegna nokkrum öðrum dómstörfum; þó er það undan skilið, þegar svo stendur á, þegar dómstörf eða önnur alþýðleg störf verða ekki dregin að skaðlausu fyrir áríðandi málefni.

Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á sunnu- eða helgi-dögum, nema brýn nauðsyn beri til, og þess sè því krafizt af rètti þeim eða því yfirvaldi, sem stefna lætur, og skal þó ekki stefna lesin, meðan á messu stendur.

§ 7.

Ekki skal heldur halda sveitarfundi eður aðra almenna fundi nema á rúmhelgum dögum; þó mega sveitarstjórar halda aukafundi eptir messulok á sunnudögum og helgidögum, þegar á liggur og hentugleikar sóknarprestsins leyfa. Beri svo við, að

þeim, sem hlut eiga að máli, liggi mikið á, að einhver almennur fundur sè haldinn á sunnudögum eða helgidögum eptir fjórðu stund, og fundinum er svo háttað, að hann getur hvorki hindrað kirkjuferð nè valdið nokkurri óreglu, þá mega lögreglumenn leyfa, að hann sè haldinn á þeim tíma. Sè þetta leyfi ekki feingið, má ekkert slíkt fundarhald boða.

§ 8.

Kvöldið fyrir sunnudaga og aðra helgidaga skal öllum dansleikum og almennum skemmtunum lokið einni stundu fyrir lágnætti. Í páskaviku og hinn almenna bænadag og kvöldin fyrir frá miðaptni má slíkt alls ekki að hafast. Allan bænadaginn mega menn eingum óþarfa-störfum gegna. Slík störf og allar skemmtanir á almennum skemmtistöðum skulu einnig bannaðar fyrsta dag í hinum þremur stórhátíðum.

§ 9.

Fèbótum skal það sæta, ef brotið er móti þessari tilskipun Vorri, og skulu þær vera í fyrsta skipti 32 sk. til 10 rbd., annað skipti 1 - 20 rbd., þriðja skipti 5 - 40 rbd. Verði nokkur optar brotlegur, skal herða á hinum ákveðnu fjársektum. Bætur þessar ná til allra, sem taka þátt í brotinu, svo sök verði gefin á, hvort sem þeir sjálfir brjóta móti lagaboðinu, eða koma öðrum til að gjöra það; en þegar sektin er ákveðin, skal farið epir því, hvað hver hefur til unnið, t. a. m. sá, sem hefur ólöglegar veitíngar á sunnudögum eða helgidögum, fær harðari hegníngu en gestirnir. Þar að auk skulu gestgjafar þeir auk sektarinnar gjalda jafnmikið fè, og þeir hafa ábatazt við lagabrotið, og þegar þeir brjóta í þriðja skipti, skulu þeir einnig missa rètt til, að hafa atvinnuveg þann, er þeir þannig hafa ránglega með farið.

§ 10.

Fjársektirnar skal gjalda í fátækrasjóð, og geti hlutaðeigandi ekki goldið þær, skal fara eptir fyrirmælum tilskipunar dags. 24. dag janúarmán. 1838, 9. gr.

§ 11.

Ef að brotið lýsir sèrlegum mótþróa eða augljósri fyrirlitníng fyrir kristilegri siðsemi, má annaðhvort hækka fjársektina fram yfir það, sem til er tekið í 9. gr., eða, eptir því sem á stendur, dæma hinn brotlega í fángelsi til vatns og brauðs hegningar í Reykjavíkur - þínghá, og til vandarhaggarefsíngar annarstaðar á landinu.

§ 12.

Embættismenn þeir, er lögreglu eiga að gæta, eiga vandlega og hyggilega að sjá um, að fylgt sè reglum þeim, sem eru í þessari tilskipun Vorri. Sè nokkur í vafa um rèttan skilníng á einhverju í henni, þá leiti hann um það álits þessara embættismanna. Virðist lögreglustjóranum, að brot á móti tilskipuninni hafi komið af fyrirgefanlegum misskilníngi, skal hann að eins vara hann við, og, ef þörf er á, gefa út auglýsíngu mönnum til leiðbeiníngar og viðvörunar, og tjáir ekki upp frá því að afsaka sig með þekkingarleysi eða misskilníngi.

§ 13.

Allar sakir um brot á móti tilskipun þessari skal fara með og dæma eins og lögreglumál. Þegar brotið er ekki meira en svo, að bætur liggi við, má amtmaður skera úr málinu samkvæmt tilskipun dags. 24. dag janúarmán. 1838, 10. gr.

§ 14.

Prestar skulu á hvern þann hátt, sem við á, stuðla til, að breytt sè eptir þessari tilskipun Vorri, og reyna til með viðvörun og áminníngum, að aptra mönnum frá, að brjóta móti tilskipuninni, og einkum láta sèr vera annt um, að innræta mönnum kirkjurækni; þeir skulu einnig við og við, og að minnsta kosti einu sinni á ári, ýtarlega brýna fyrir söfnuðinum, hve áríðandi það sè, að sækja opt kirkju með guðrækilegu hugarfari. Prófastur og biskupinn skulu einnig, bæði á embættisferðum og endranær, reyna að komast eptir, hvort þessari tilskipun Vorri er gegnt.

§ 15.

Þessar framantöldu ákvarðanir gilda ekki um þá, sem sýna þjónum kirkjunnar ósóma og ofbeldi, eður með einhverri óhæfu trufla helgi kirkjunnar, og skulu þeir sæta refsíngum eptir fyrirmælum og aðalreglum laga þeirra, sem um það gilda. En það, sem í tilskipun dags. 29. dag maímán. 1744 er ákveðið um drottinsdaga og annara helgidaga hald, og ákvarðanir þær, sem þar eru um refsíngar fyrir helgidagabrot, skal nú tekið úr lögum. Þar á móti er ekki tekinn úr lögum rèttur fátækra til hlutar úr helgidaga-veiðum, sem ákveðinn er í reglugjörð 8. janúar 1834, VI., 4.

Framsögumaður: Eg legg nefndarálit þetta frá mèr án nokkurra orða, því eg álít nefndinni hafi tekizt svo vel, að eingin mótmæli muni koma fram á móti því; en skyldi svo ó-

líklega fara, þá vil eg reyna, að gjöra grein fyrir frumvarpi nefndarinnar og áliti hennar.

Forseti: Áður en lagt er út í umræðuna um þetta mál, sting eg upp á, að frumvarpinu sè skipt í kafla, og rætt þannig: 1.—2. gr.; 3.—5. gr.; 6.—9. gr.; 10.—12. gr.; 13.—16. grein; ef þingmenn eru mèr samdóma í því, þá bið eg þá, að taka 1. og 2. grein til umræðu.

Jón Jónsson: Mèr sýnist nauðsynlegt, að ekki sè rígbundið, að ræða frumvarpið í flokkum, því greinir þær, sem seinna koma, geta gripið inn í hinar fyrri, og verður maður þá kann ske að tala um þær saman.

Forseti: Ef þingmönnum sýnist, að hafa kaflana stærri, þá stendur það í þeirra valdi; eg hèlt þeim þætti frumvarpið með þessari skiptingu skilmerkilegra og hægra viðfángs.

þ. Sveinbjörnsson: Framsögumaður segir, að frumvarp stjórnarinnar sè byggt á frjálslegri og guðrækilegri skoðun, en nefndin hefur tekið burtu nokkuð af því, sem frjálslegt var, og stjórnarfrumvarpið í 1. gr. til tekur: „einkum um messutíma“, en þessi orð vil eg hún taki aptur upp í frumvarp sitt, og áskil eg mèr um það viðauka- atkvæði.

Viðvíkjandi 2. grein verð eg að geta þess, að eg get eingan veginn verið nefndinni samdóma í því, sem hún hefur bætt við 15. gr. um, að fátækir fái hlut úr helgidaga- veiðum; það má kann ske segja, að eg grípi of lángt fram eptir, með því að tala um þetta hèr, en eg vil síðar sýna fram á, að það á vel við þessa grein. Uppruni til þess, að fátækir fái hlut úr helgidaga- veiði, er orðinn svo gamall, að ef hann er ekki 800 ára, þá eru þó að minnsta kosti meira en 5 aldir síðan það var ákveðið; þá var eingin regluleg fátækra-stjórn hèr á landi, en fátækir lifðu mest og bezt á þeim svo nefndu matgjöfum, og þar sem þær ekki hrukku til, urðu þeir að gánga um sveitina, til að biðja um viðurværi; nú er fátækra- stjórnin þar á móti á allgóðum fæti, og fátækir þurfa því fátækra-aflans að líkindum ekki með. Að öðru leyti kemur líka niðurjöfnun fátækrahlutarins af helgidaga-veiðum mjög ójafnt á. Þannig er ekkert tekið af þiljuskipum, hversu mikið sem þau fiska á sunnueða helgi- dögum, ekkert af því, sem kann að koma í fiskinet á sunnudögum, eins og líka í Gullbríngusýslu er tekinn 1 hlutur af skipi eptir konúngsbrèfi af 28. apríl 1830, meðan annarstaðar er tekinn $\frac{1}{5}$ partur af aflanum. Af því mèr þykir þessi fá-

tækra-hluti af helgidagaveiði yfir höfuð óþarfur og óþolandi, og sèr í lagi af þeim afla, sem í hallæris- eða fiskileysis-árum fæst á sunnu- eða helgi-dögum, svo eg tek mèr einnig viðauka-atkvæði við 2. grein, á þá leið, sem eg nú hef talað.

Framsögumaður: Viðvíkjandi mótmælum hins 1. konúngkjörna þíngmanns vil eg að eins geta þess, að nefndinni fannst sá blær ætti að vera á allri tilskipuninni, að hún væri frjálsleg, og helgirækni væri við höfð, en henni fannst, að þessi orð í 1. grein, sem úr felld eru, lètu þennan blæ hverfa, því það er eins og það stæði í stjórnarfrumvarpinu, að það mætti að vísu ekki hafa ónauðsynlega vinnu um hönd allan helgidaginn, en hún væri þó ekki bönnuð nema um sjálfan messutímann.

Nefndin gat heldur ekki ætlað, að guðræknisandinn endilega kæmi yfir mann kl. 12, en ekki áður. Þar sem hinn konúngkjörni þíngmaður er að amast við því, að fátækir fái hlut úr helgidagaveiðum, þá er það að vísu satt, að þess er ekki eins mikil þörf og áður, fyrir 600 eða 800 árum, en fátæktin hèr á landi er eldri en 800 ára, og nógir fátæklíngar eru til að njóta hlutarins úr helgidagaveiðinni. Því átti nefndin líka að fara að hagga við löggjöf, sem stendur enn, að fara að umbreyta því, sem ekki er lagt fyrir þíngið, og sem það ekki hefur neina köllun til að hreifa við? Hún minnist því líka einúngis á reglugjörðina 8. janúar 1834, sem lagaboð það, er enn þá gildi hèr á landi.

Eg játa, að betri fátækra-stjórn er nú hèr, en áður var, en bótar þarf hún þó víst líka, og það er einmitt nú komið fram á þíngi þessu, og ekki álít eg það rètt, að svipta fátæka hjálp þeirri, sem þeir hafa af þessu, og nógur tími er líka til þess, þegar maður getur sèð þeim borgið á annan hátt. Þar sem hinn 1. konúngkjörni þíngmaður minntist á ójöfnuðinn í niðurjöfnun fátækra-hlutarins, þá held eg mismunurinn sè ekki svo mikill, því eptir tiltölu verða útlátin jöfn, hvort skipið er stórt eða lítið. Að öðru leyti held eg hvorki viðauka-atkvæði hins konúngkjörna þíngmanns eigi við, nè heldur, að það sè nokkurt tilefni til þess.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg álít eins mikið tilefni fyrir mig til þess, að stínga upp á, að nefndin taki þessi orð: „einkum um messutímann“, inn í frumvarp sitt, eins og hún hefur til að fella þau úr, og tek eg mèr því þau 2 viðauka-atkvæði, sem eg áðan gat um hver væru.

G. Brandsson: Mèr sýnist mega tala um veiðihlut fátækra í tvennu lagi, nefnilega *færahlut* og *netaveiði,* og held eg, að skoða megi þá seinni, eins og bjargað væri feingnum afla.

Framsögumaður: Eg vil spyrja hinn háttvirta forseta, hvort þetta kemur frumvarpinu við; og hvorki eg nè nefndin hefur víst ætlazt til þess.

Forseti: Eg skildi þingmanninn frá Gullbríngusýslu svo, sem hann talaði þetta viðvíkjandi kaflanum í 2. grein: „heimilt skal og ... leggja net og lóðir".

Að öðru leyti vil eg biðja hina háttvirtu þingmenn að gæta þess, að það er hið konúnglega frumvarp, sem verið er að ræða um, og hitt frumvarpið er einúngis þingmönnum til hliðsjónar við umræðurnar.

G. Brandsson: Það var einnig samkvæmt 2. grein stjórnarfrumvarpsins, sem eg áðan minntist á, þar sem í því er talað um, að mönnum sè heimilt, að bjarga veiðiskap sínum og veiðitólum eða veiðarfærum; en mèr finnst ærinn munur á því, að róa á helgum degi með færi, og afla fiskjar á aungla, eða að greiða fisk úr netum, sem leingi hafa legið, og ekki hefur gefið að vitja um; eg get ekki álitið það öðruvísi, en að bjarga veiði sinni og veiðarfærum undan skemmdum, að hirða um hvorttveggja, og eg get varla skilið í, að fátækir geti átt nokkra heimtíngu til hlutar þar af. Stjórnarfrumvarpið, sem nú liggur fyrir okkur, nefnir ekki heldur fátækra-hlut af róðrum þeim og afla, sem það gefur leyfi til; það mætti enda sýnast hart, þegar fiskileysi eða ógæftir hefðu lángsamlega bægt mönnum frá, að leita sèr bjargar af sjónum, að mega þá ekki gjöra það, nema á því lægi sú kvöð, að gjalda af aflanum fimmta partinn; eg set t. a. m. að margir fátæklíngar tækju sig saman á 1 skip á helgum degi, til þess að reyna með þessu móti að forða sèr og sínum frá húngri, og jafnframt hafa viðleitni á, að verða sem minnst öðrum sveitarbúum til þýngsla, þá ætti eptir því, sem nefndin nú hefur stúngið upp á, að fara að klípa fimmtúng úr þessum afla þeirra, og yrði það þá má ske mest til þess, að hinir efnabetri bændur í hreppnum þyrftu að leggja minna til sveitar. En væru það nú hinir efnabetri, sem feingju áminnstan afla á helgidögum, þá sjá allir, að efni þeirra yrðu nokkuð að vaxa við það, og mundu þá hreppstjórarnir muna eytir því, þegar þeir jöfnuðu niður aukaútsvörunum.

Hver sveit verður að annast sína fátæku, hvort sem þar fæst nokkur helgidagahlutur eða einginn, og eg álít því mjög varúðarvert, að leggja þessa auka-kvöð á dugnað og framtakssemi einstakra manna.

P. Pètursson: Eg vil einúngis leyfa mèr að gjöra eina athugasemd viðvíkjandi fátækra-hlut úr helgidagaveiðum eptir reglugjörð 8. janúar 1834, að það er nefnilega í álitsskjali nefndarinnar fyrst minnzt á hana í 15. gr., og ætti þetta því alls ekki að koma til umræðu, fyr en þingmenn eru búnir að ræða stjórnarfrumvarpið að 13. gr., eptir því sem forseti skipti því í kafla. Reglugjörðin 8. janúar 1834 er enn þá gildandi, svo þó þingmenn geti skafið út viðauka þann, sem nefndin gjörði við 15. grein frumvarpsins, þá geta þeir þó ekki upphafið lagaboðið, sem heldur ekki er lagt fyrir þingið.

Forseti: Eg vil leiða athygli þingmanna að því, að hinn 1. konúngkjörni þingmaður hefur tekið viðauka-atkvæði sitt við aðra grein frumvarpsins, og þar eð það getur einnig átt þar við, get eg ekki bannað umræðu um það hèr.

P. Pètursson: Eg skil fullkomlega, að hinn háttvirti konúngkjörni þingmaður var í rètti sínum, þegar hann tók sèr viðauka-atkvæði þetta, en hitt skilst mèr ekki, hvernig á að koma því inn í aðra grein frumvarpsins.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg verð með fæstum orðum að láta meiníngu mína í ljósi um þetta málefni, og þykir mèr frumvarpið, og sèrdeilis með þeirri breytíngu, sem nefndin hefur gjört, lýsa mikið náttúrlega guðræknisanda, og hygg eg því, að um málefni þetta þurfi ekki að verða miklar umræður. Breytíngaratkvæði hins 1. konúngkjörna þingmanns við 1. grein, að setja inn aptur orðin: „einkum um messutímann," get eg ekki fallizt á, því eg er öldúngis samdóma hinum heiðraða framsögumanni, að allur dagurinn frá morgni til einnar stundar eptir nón, jafnt messutíminn sem hinn tíminn, eigi helgur að haldast. Um hitt viðauka-atkvæði hins háttvirta konúngkjörna þingmanns við 2. grein er eg í nokkrum vafa, hvort þínginu komi við, að ræða slíkt, þar frumvarpið sjálft nefnir ekkert þennan fátækra-hlut; eg álít sjálfsagt, að hin eldri lög um það efni hefðu staðið óröskuð, ef nefndin hefði ekkert áhrært það, en hún hefur nú hnýtt, að hún meinar, tryggjandi ákvörðun um það efni aptan við álit sitt, sem eg gæti helzt trúað að kynni nú að verða til að leingja umræðurnar, og skal eg nú

ekkert segja um það atriði, fyr en það kemur í umræður þingmanna.

G. Brandsson: Það er strax í annari grein frumvarpsins tekið fram: „en þó skal ekki slíkt gjöra um sjálfan messutímann, nema brýn nauðsyn beri til“, og þessi orð standa einnig í nefndarálitinu. Nú sýnist mèr, að ef það, sem þar er talað um, er einmitt bundið við messutímann í annari grein, þá megi líka gjöra það í 1. grein. Það er sjálfsagt, að sjóferðir þær, sem talað er um í niðurlagi 2. greinar, mega álítast einhverjar þær nauðsynlegustu, og átti þess vegna ekki illa við, að taka þær sèrstaklega fram, því það er ómögulegt, að til greina það allt, sem nauðsynin getur knúð mann til við ýmsar kríngumstæður, og verður það að vera nokkuð komið undir hvers eins tilfinníngu og samvizkusemi.

H. G. Thordersen: Nefndin áleit, að 1. grein gilti sem aðalákvörðun fyrir helgidagahaldi, og yfirhöfuð fyrir allt frumvarpið, en að 2. grein væri eins og undantekníng. Mèr sýnist annars vera einúngis um að gjöra, að sunnudagurinn sè annaðhvort heilagur eða ekki, og heilagur á hann að vera frá morgni dags, og þángað til klukkan er 4; þegar maður hefur eitthvað fyrir stafni, sem er alveg nauðsynlegt, til dæmis ferðalög og þessleiðis, þá álít eg það sjálfsagt sem undantekníngu frá höfuðreglunni, sem stendur í 1. gr., og einga misbrúkun á hvíldardeginum.

G. Einarsson: Eg er að öllu leyti samhljóða í aðalstefnunni hinum háæruverðuga konúngkjörna þíngmanni, er nú settist niður; en eg verð að játa það, að þó að frumvarp það, sem hèr ræðir um, hafi tekið miklum bótum við meðferð nefndarinnar, þá er það ekki eins gott, og eg vildi óskað hafa; það hvílir enn nú yfir frumvarpinu, þó að nefndarbreytíngarnar sèu teknar í það, dönskulegur blær, og honum verður ekki út rýmt, nema heilum greinum sè breytt að mestu eða öllu. Menn verða og svo að gæta þess, þegar á að fara að gefa út lög fyrir Ísland í þeirri grein, sem hèr ræðir um, að þeir verða þá að setja sig inn í íslenzka lífið og hugsunarháttinn, reyna til að finna hin rèttu takmörkin milli hins leyfilega og óleyfilega í öllum greinum, flokka svo þessar sèrstöku greinir undir almennar reglur með sem fæstum undantekníngum, binda síðan reglurnar við algeing orð í málinu, þau er sem sízt megi vefeingja, eða fara í kríng um, er menn kalla. Þessari aðalreglu, er eg hygg vera nærri

lagi, finnst mèr ekki hafa verið nægur gaumur gefinn, hvorki við frumvarps- sammínguna nè endurlögun þess, og vil eg nú leyfa mèr að benda á það í 1. og 2. gr. hins endurlagaða frumvarps, sem nú er umtalsefni.

Orðið „*nú*“ virðist eiga að falla burt; þýðing þess takmarkar um of, ef til vill, gildi lagaboðsins; „*frá morgni*“ er of rúmt orðatiltæki, og öll þessi setníng ekki í íslenzkum anda; helgin á að haldast, að minni ætlun, frá miðjum morgni til miðaptans, og þessi dagsmörk eiga að takast fram með berum orðum; orðin: „*ónauðsynlega vinnu*“, þykir mèr ekki eiga vel við í sambandi því, er þau standa við enda greinarinnar, einkum orðin: „*nákvæmari ákvarðanir*“; því í fljótu áliti virðist sem fara eigi að gjöra nákvæmari ákvarðanir í ónauðsynlegu vinnunni. Þessari 1. gr. virðist mèr því að breyta þurfi að orðfærinu algjörlega, og að taka efni hennar skýrar fram, og áskil eg mèr því breytíngaratkvæði við hana, eins og nú hef eg sagt.

Hvað 2. gr. viðvíkur, þá virðist mèr, að hún þurfi og svo að umsteypast að orðfærinu, og atriði hennar að takast betur fram, t. a. m. orðið „*búverk*“ er of þraungrar þýðíngar; orðin: „*geta — bjargar*“, eru annaðhvort svo þraungrar þýðíngar, að einginn getur eptir þeim breytt, eða svo rúmrar, að undir þau getur heimfærzt allur fjöldi þeirra verka, sem geta kallazt manni til bjargar, en mega þó að skaðlausu bíða um helgitímann. Orðið „*óyæftir*“ er of rúmt að þýðíngu, standi það í þessu sambandi í lagaboði; því þá verða sjóróðrar í veiðistöðum alltíðir. „*Mala í mylnum*“ kalla eg eiga ekki við, o. s. frv. Eg áskil mèr því breytíngaratkvæði við þessa grein, samkvæmt því, sem eg hef nú sagt.

St. Jónsson: Það er ljóst af ræðum þíngmanna, að þá hefur ágreint nokkuð um orðið: „*einkum um messutímann*“, sem stendur í 1. gr. frumvarpsins. Nefndinni þótti sjálfsagt, að fella þessi orð úr vegna þess, að framar í sömu grein er öll ónauðsynleg vinna bönnuð, og henni sýndist, að þegar þetta hvorttveggja væri borið saman, þá yrði meiníngin hèr um bil sú, að ónauðsynleg vinna væri að vísu bönnuð á sunnu- og helgi-dögum, en þó mættu menn vinna dálítið af ónauðsynlegri vinnu. Hvað því viðvíkur, sem hinn heiðraði þíngmaður frá Dalasýslu mælti áðan, að í straungum skilníngi væri eingin ónauðsynleg vinna til, þá fer svo fjærri því, að eg sè á sama máli um það, að eg held að sum vinna sè ekki einúngis *ó-*

nauðsynleg, heldur, ef til vill, *skaðleg*. Hvað nú fátækra-hlutinn snertir, þá hefur því verið hreift, að tala hèr eigi um hann, og er eg líka á því, og sleppi svo að tala um hann, fyr en að þeirri grein kemur.

Framsögumaður: Ræður þær, sem orðnar eru um þetta mál, sýna það, að menn hafa þótzt finna töluverða galla, bæði á frumvarpi stjórnarinnar, og eins á bótum þeim, sem nefndin þóttist hafa gjört við það. Einkum hefur þó hinn háttvirti þingmaður frá Dalasýslu gjört mest að þessu, og hann fer fram á svo stórkostlegar breytingar, að nefndinni hefur aldrei dottið í hug, að hún ætti nè mætti fara fram á slíkt. Eptir því, sem mig minnir, var það að heyra á ræðu hans, að hann vildi byggja fyrir það, að hvorki yrði of þraungt nè of rúmt um vinnuleyfið. En eg held, að honum hafi ekki heppnazt þetta betur en nefndinni. Eg skal í því tilliti að eins minnast á orðið „*hversdagsleg vinna*“ hjá honum. Eg veit ekki með vissu, hvað þingmaðurinn kallar hversdagslega vinnu, hvort það er sú vinna, sem einatt kemur fyrir á hverjum degi, eða sú vinna, sem að eins kemur fyrir svo sem einu sinni eða tvisvar á ári, t. a. m. fara í skóg og gjöra til kola, eins og sveitabændur gjöra, að minnsta kosti víða sunnanlands, eða þá eins og hjá sjóarmönnunum þau verk, er þykja hvað sóðalegust, og koma fyrir 1 eða 2 daga á hverju ári. Eg ímynda mèr raunar, að þingmaðurinn hafi víst ekki meint til þessara verka, en eg veit þá ekki, hvort hann ætlast til, að orðið „*hversdagslegur*“ sè hèr í sömu merkingu og það er almennt haft, eða einúngis um rúmhelga daga. En hvort sem er, held eg, að þetta orð sè hjá honum allt eins óákveðið og reikandi, og það eingu síður, en „*ónauðsynleg*“, sem nefndin hafði haft. Þá er hinn sami heiðraði þingmaður einnig að amast við orðunum: „*er nú gilda*“, sem einnig standa í 1. gr. frumvarpsins, og nefndin sá einga ástæðu til að fella burt. Það er þó auðvitað, löggjöfin er gefin fyrir þann tíma, sem nú er, og þetta „*nú*“ bendir jafnan á yfirstandandi tíma, svo eg ætla þetta orð spilli hèr eingu til. Hinum sama heiðraða þingmanni er og harðla illa við orðatiltækið: „*ónauðsynleg vinna*“, sem stendur í fyr nefndri grein, og er það þó opt haft í íslenzku máli, og það í barnalærdómskverinu, svo þetta ætti hver maður bezt að skilja, þar sem prestarnir útlista fyrir hverju barni, hvað í því liggur. Það er nefnilega sú vinna, sem komast má hjá, og er þetta svo

ljóst, að eg hygg það nægi. Það þótti mèr og merkilegt í ræðu þessa heiðraða þingmanns, er hann skildi ekki orðið „*búverk*“, nema að eins um matseljustörf, þar sem „búverk“ bindur þó án efa í sèr öll þau verk, sem beinlínis leiðir af því, að hafa bú, eða búa, t. a. m. hirða penìng, mjalta hann, o. s. frv. En „*heimilisverk*“, sem hann vill setja í staðinn fyrir þetta, er svo yfirgripsmikið, að það tekur yfir öll þau verk og vinnu, sem gjöra þarf á hverju helzt heimili. Eg vìla alls ekki fyrir mèr eptir uppástúngu þingmannsins, að skipa vinnumanni mínum á páskadagsmorguninn, að fara út í mýri og rista torf, eða eitthvað þvílíkt. „*Heimilisverk*“ er því miklu ótakmarkaðra orð, en „*búverk*“.

G. Einarsson: Það, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði nú, er sprottið af misskilníngi milli okkar; því hann heimfærir orð mín undir þann hugsunarhátt, sem ríkir í nefndarálitinu, en ekki undir þann hugsunarhátt, sem liggur til grundvallar fyrir breytíngaratkvæði mínu.

H. G Thordersen: Það er áríðandi fyrir nefndina, að þingmaðurinn skýri henni frá því, í hverju þessi hans sèrstaklegi hugsunarháttur er fólginn, því þá gæti hún, ef til vill, haft mikið gagn af því. En hvað því viðvíkur, er hann vill setja „*hversdagsleg vinna*“ í staðinn fyrir „*ónauðsynleg*“, þá held eg, að eins mætti gjöra sèr rellu út af því, eins og þessu. „*Ónauðsynlegur*“ er og beinlínis í mótsetníngu við „*nauðsynlegur*“, og ef hann fellir orðið „*ónauðsynlegur*“ úr, þá má hann ekki vel halda orðinu „*nauðsynlegur*“, sem hann þó hefur opt brúkað í ræðum sínum. Það er annars rótfest í meðvitund Íslendínga, hvað meint er með ónauðsynlegri vinnu, eins og hinn heiðraði framsögumaður nýlega tók fram, enda skýra og prestarnir það á hverju ári fyrir hinum uppvaxandi lýð, jafnótt og hann er uppfræddur í kristindóminum. Eg get því alls ekki skilið í, að þessi breytíng þíngmannsins sè í nokkru tilliti betri, en það, sem nefndin hafði sett

G. Einarsson: Eg skal í fám orðum skýra það, er hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður mæltist nú til, eptir því sem mèr er unnt. Sunnu- og helgi-dagarnir *eiga* að vera *sannir* hvíldardagar frá hversdagslegum störfum, og þetta er aðalreglan. En af því þetta er ómögulegt sökum mannlegra nauðsynja, þá hlýtur nauðsyn hèr að brjóta lög, og þess vegna eru það einmitt nauðsynjaverkin, sem leyfileg eiga að vera á sunnu- og helgi-dögum. Og þessi nauðsynjaverk álít eg bezt að sèu flokkuð

og innibundin í sem einskorðuðustum, ljósustum og yfirgripsmestum orðatiltækjum, og eg ætlaðist svo til, að breytingaratkvæði mitt væri svo lagað; en vera kann, að mèr hafi mistekizt með það.

H. G. Thordersen: Þingmaðurinn vill rýma orðinu: „*ónauðsynleg vinna*“, burt úr frumvarpinu, og brúkar þó sjálfur „*nauðsynleg vinna*“. Mèr þykir þetta undarlegt, því eg veit ekki, hvaða orð hann vill þá hafa í mótsetningu við „*nauðsynlegur*“, þegar „*ónauðsynlegur*“ er sleppt,

G. Einarsson: Eg talaði ekki mjög mikið um þessi orð: „*ónauðsynleg vinna*“, en kann ske það fari betur og verði síður að ágreinings-efni, ef eg sleppti út úr breytingaratkvæði mínu orðinu: „*hversdagsleg vinna*“, og setti aptur: „*eingin störf*“.

H. G. Thordersen: Eg held, að það bæti ekki mikið um, því á hverjum stað og tíma hafa menn þó einhver störf; búverk, matreiðsla, og hvað sem er, eru störf, og ef allt slíkt væri bannað, þá veit eg sannarlega ekki, hvað eptir yrði leyfilegt.

G. Einarsson: Hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður kemst enn ekki rètt niður á hugsuninni í breytíngaratkvæði mínu, og mun það hafa valdið því í þetta skipti, að annaðhvort hef eg talað of stutt, eða hann ekki hugsað nógu lángt.

H. G. Thordersen: Hin síðari tilgáta hins heiðraða þíngmanns er líkast til hin rètta, nefnilega að eg hafi ekki hugsað nógu lángt.

E. Kúld: Eg er nú á því, að með lítilli breytíngu frá því, sem er í nefndarálitinu, mætti halda báðum greinum þeim í frumvarpinu, sem hèr ræðir um, en þó með nokkrum breytíngum, og skal eg í því skyni leyfa mèr að áskilja mèr breytíngar-atkvæði við 2. gr. í frumvarpi nefndarinnar einhvern veginn á þessa leið: „En eins og vinna sú, er lýtur að bústörfum þeim, er menn þurfa sèr eða öðrum til bjargar, og eingan veginn má fresta, er undan þegin nefndu banni, skal það og leyft, að bjarga heyi og hirða, ef brýn nauðsyn krefur“. „Mala má og í mylnum á þessum tíma“ sè fellt úr. „Farmönnum, er neyðast til að leita til hafnar, skal og leyft að afferma skip sín, ef þau þarf að bæta, og má þá veita þeim hjálp þá, sem þeir til þess þurfa“. Í staðinn fyrir: „*en þó skal ekki*“, verði sett: „*en þó skal ekkert*“, og fyrir: „*brýn nauðsyn*“, verði sett „*brýnasta nauðsyn*“.

Hvað orðatiltækinu: „*ónauðsynleg vinna*“, í 1. gr. snertir, þá finnst mèr það vel rúmt, því margt mun mega fá sèr til að

vinna, sem ekki verði svo hægt að sanna að sè ónauðsynlegt eða óþarfi, en eg skoða 1. gr. sem bannandi, en aðra gr. sem undantekníngu frá banninu í 1. gr., og því mætti kann ske halda orðinu *„ónauðsynleg“* í 1. gr., ef í 2. gr. er sett orðin: *„og eingan veginn má fresta“*.

Mèr þykir og vert, að leyfinu til að mala í mylnum sè sleppt, því mèr þykir það einmitt vera eitt af því, sem ekki ætti að þurfa að vera nauðsynlegt.

Eins þykir mèr það og of leyft, að *ferma* megi skip á helgum degi, en það er allt annað, þó þau megi afferma, ef þau þarf að bæta. En eg skal ekki orðleingja þetta meir, heldur að eins áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis í þá stefnu, sem eg hef nú sagt.

P. Sigurðsson: Eg verð að álíta það örðugt, ef ekki með öllu ómögulegt, að gefa slíkar nákvæmar og einskorðaðar reglur fyrir því, hvernig hver og einn skuli haga sèr á heimili sínu, eins og þíngmaður Dalasýslu virðist fara fram á. Eg fyrir mitt leyti felli mig vel við þessar 2 greinir nefndarinnar með breytíngum þeim, sem hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður áðan stakk upp á. En hin niðurskipunin er að minni meiníngu ókljúfandi; því að ætla sèr að flokka og raða niður öllum heimilisstörfum manna, yrði ærin fyrirhöfn, þar sem þau eru svo mörg og margbrotin, og ýmsum kríngumstæðum bundin, svo að það sem í eitt sinn er nauðsynlegt, getur í annað sinn verið öldúngis ónauðsynlegt; því fari lögin í smá-atvikum þeim, er hèr ræðir um, að fyrir skipa ákveðnar reglur, þá er það orsök til þess, að reglur þær verði opt yfirtroðnar og misbrúkaðar á margvíslegan hátt.

E. Kúld: Það var einmitt af því, eins og hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga nú sagði, að það, sem í einn svipinn er nauðsynlegt, verður undir öðrum kríngumstæðum ónauðsynlegt, sem eg fór fram á, að gjöra breytíngu þá við 2. gr, er eg áskildi mèr rètt til áðan.

G. Brandsson: Það var einkum þrennt, sem hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga kunni allra-lakast við hjá nefndinni, nefnilega að *mala mætti í mylnum, ferma skip,* og *ferðast sjóleiðis* á helgum dögum. Hvað nú því viðvíkur, að mala í mylnum, þá held eg, að það geti opt verið brýn nauðsyn, því eg álít vindinn og vatnið fyrir mylnuna og malarann, eins og byrinn fyrir skipið og sjómanninn; þegar t. a. m. logn hafa leingi

til", og álít eg slík einstök dæmi, sem þessi nýnefndu, gætu heyrt einmitt þar undir.

Framsögumaður: Mèr er það öldúngis óskiljanlegt, hvernig hinn heiðraði þingmaður frá Dalasýslu fer að því, að lesa stjórnarfrumvarpið eða nefndarálitið, þar sem svo lítur út, sem honum finnist, að í þeim liggi, að eingin skip megi ferma, önnur en kaupskip eða haffær skip. Nefndin þóttist þó hafa skýrt þetta til hlítar, þar sem hún bætti við orðkorninu *„önnur",* því þar í felast öll skip, smá og stór. Dæmið, sem hinn heiðraði þingmaður Rángvellínga kom með, var að mínu áliti mikið gott og átti hèr ágætlega við, til að sýna nauðsyn þessa leyfis, jafnvel þó hinum 2 þingmönnum, er síðast mæltu, líkaði það ekki sem bezt. En þar sem hinn háttvirti varaþingmaður frá Snæfellsnessýslu vill ekki leyfa, að *malað sè í mylnum,* þá mundi slíkt bann þykja skrítið og nokkuð hjákátlegt; því eg veit ekki þann stað nè það land, sem banni vatni og vindi, að vinna á helgum degi, og eg held varla, að það geti nè þurfi að trufla neitt helgihaldið. Sá eini tími, sem ekki má mala í mylnum, er, að mig minnir, í Kaupmannahöfn einúngis á hinn almennilega bænadag. En hvað pössun mylnanna snertir, þá er það starf mjög áreynslulítið og hóglátt, svo það getur varla heitið vinna. Ekki sè eg heldur neitt gagn í því að setja *„brýnasta"* fyrir *„brýn",* eða hver ætti þá að skera úr, hvað sè *brýnt, brýnna* eða *brýnast?* Mèr finnst *brýnn* hèr nógu ljóst og ákveðið, og eins og fela hitt hvorttveggja í sèr.

G. Brandsson: Eg held, að hinn heiðraði þingmaður úr Dalasýslu hafi misskilið mig áðan, þar sem hann hèlt eg væri eingaungu að tala um skip þau, sem neyddust til að hleypa hèr inn á hafnir; því eg meinti til allra skipa, stórra og smárra, frá hafskipinu niður að tveggja manna farinu, og sè eg ekki, að niðurlag greinar þeirrar, sem verið er að tala um, gjöri hèr í neina undantekníngu.

J. Kristjánsson: Eptir ræðum þeim, sem hèr eru nú orðnar, sè eg alls ekki neina nauðsyn til, að taka burtu orðin: *„ónauðsynleg vinna",* sem í frumvarpinu standa, og sem einmitt fela í sèr þá vinnu, sem hjá má komast þann dag, nè nein bót mundi í vera, að breyta þeim á þá leið, sem upp á hefur verið stúngið, því aðaltilgángur helginnar er þó ekki vinnuleysi.

E. Kúld: Hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti framsögu-

til", og álít eg slík einstök dæmi, sem þessi nýnefndu, gætu heyrt einmitt þar undir.

Framsögumaður: Mèr er það öldúngis óskiljanlegt, hvernig hinn heiðraði þíngmaður frá Dalasýslu fer að því, að lesa stjórnarfrumvarpið eða nefndarálitið, þar sem svo lítur út, sem honum finnist, að í þeim liggi, að eingin skip megi ferma, önnur en kaupskip eða haffær skip. Nefndin þóttist þó hafa skýrt þetta til hlítar, þar sem hún bætti við orðkorninu *„önnur"*, því þar í felast öll skip, smá og stór. Dæmið, sem hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga kom með, var að mínu áliti mikið gott og átti hèr ágætlega við, til að sýna nauðsyn þessa leyfis, jafnvel þó hinum 2 þíngmönnum, er síðast mæltu, líkaði það ekki sem bezt. En þar sem hinn háttvirti varaþíngmaður frá Snæfellsnessýslu vill ekki leyfa, að *malað sè í mylnum*, þá mundi slíkt bann þykja skrítið og nokkuð hjákátlegt; því eg veit ekki þann stað nè það land, sem banni vatni og vindi, að vinna á helgum degi, og eg held varla, að það geti nè þurfi að trufla neitt helgihaldið. Sá eini tími, sem ekki má mala í mylnum, er, að mig minnir, í Kaupmannahöfn einúngis á hinn almennilega bænadag. En hvað pössun mylnanna snertir, þá er það starf mjög áreynslulítið og hóglátt, svo það getur varla heitið vinna. Ekki sè eg heldur neitt gagn í því að setja *„brýnasta"* fyrir *„brýn"*, eða hver ætti þá að skera úr, hvað sè *brýnt, brýnna* eða *brýnast?* Mèr finnst *brýnn* hèr nógu ljóst og ákveðið, og eins og fela hitt hvorttveggja í sèr.

G. Brandsson: Eg held, að hinn heiðraði þíngmaður úr Dalasýslu hafi misskilið mig áðan, þar sem hann hèlt eg væri eingaungu að tala um skip þau, sem neyddust til að hleypa hèr inn á hafnir; því eg meinti til allra skipa, stórra og smárra, frá hafskipinu niður að tveggja manna farinu, og sè eg ekki, að niðurlag greinar þeirrar, sem verið er að tala um, gjöri hèr í neina undantekníngu.

J. Kristjánsson: Eptir ræðum þeim, sem hèr eru nú orðnar, sè eg alls ekki neina nauðsyn til, að taka burtu orðin: *„ónauðsynleg vinna"*, sem í frumvarpinu standa, og sem einmitt fela í sèr þá vinnu, sem hjá má komast þann dag, nè nein bót mundi í vera, að breyta þeim á þá leið, sem upp á hefur verið stúngið, því aðaltilgángur helginnar er þó ekki vinnuleysi.

E. Kúld: Hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti framsögu-

maður áðan spurði að, hver skera ætti úr, hvað væri *brýnt, brýnna* eða *brýnast,* þá virðist mèr, sem nefndin hafi sjálf gjört ráð fyrir því í 12. gr. í frumvarpi sínu, og vil eg því ekki fara um það fleirum orðum. En um hitt efast eg, hvort landar vorir muni, ef til vill, ekki geta hitt upp á því, að kalla handkvarnir sínar einnig mylnur með tímanum, og álitu þess utan kynlegt, að leyfa mylnum að mala, en ekki handkvörnum með.

Framsögumaður: Eg verð að játa það, að eg hef aldrei nokkurn tíma heyrt handkvarnir kallaðar mylnur, og eg get ekki spáð í þá eyðu, hvort menn muni hèr nokkurn tíma hitta upp á, að kalla þær svo, með því eg hef einga ástæðu eða líkindi til þess.

G. Einarsson: Eg álít það eigi ekki við í lagaboði þessu, að leyfa mölurum að vera að mala, á meðan á helginni stendur. Eg get ekki álitið það sanna nauðsyn, en það eru þó talsverð umsvif í því fólgin, að gæta kvarnarinnar. Að öðru leyti mun við þessa umræðu sem optar rætast hið fornkveðna: „Svo er margt sinnið, sem maðurinn er". Eg fyrir mitt leyti hygg, að eins gott sè, að láta sitja við hina gömlu löggjöf fyrst um sinn, eins og að koma ekki með betri löggjöf, en eg ímynda mèr, eptir nefndarálitinu og umræðum manna, að þessi muni verða.

Á. Einarsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta framsögumann að því, hvað gamlar þessar vind- eða vatnsmylnur muni vera, eða hvort menn muni hafa þekkt þær, þegar mylnusteinn er fyrst nefndur í bifliunni, því það gæti má ske orðið þessu máli til upplýsingar, þegar verið er að tala um handkvarnirnar.

G. Brandsson: Hvort sem menn svo tala um mölun í mylnum eða handkvörnum, þá held eg megi heimfæra hvorttveggja undir nauðsynja-vinnu, því opt getur svo á staðið, að þess þurfi með. Einnig ætla eg þetta öldúngis samkvæmt uppástúngu eða orðabreytingu nefndarinnar í 2. gr. frumvarpsins, þar sem hún talar um vinnu þá, sem lýtur að búverkum.

H. G. Thordersen: Mèr þykir það æði-smásmuglegt, að vera að hlaupa í þessi dæmi um handkvarnirnar, og eg held, að umræðurnar græði lítið á því, að þeim sè fjölgað. Að öðru leyti veit eg dæmi þess, að það getur opt orðið nauðsyn, að mala í kvörn eða mylnu, þó á helgum degi sè.

J. hreppstjóri *Sigurðsson*: Það fer af allur vafinn, allur

ágreiníngur og misklíðir hverfa einmitt við þetta eina orð, sem stendur í annari grein: „þegar nauðsyn krefur“. Verkin, sem verið er að tala um að leyfileg sèu, mega ekki framkvæmast, utan þegar nauðsyn krefur, en orðið „*nauðsyn*“ er öllum svo kunnugt og eiginlegt, að um slíkt þarf varla að leingja tvílræður, og það er forn og ný venja, að nauðsyninni eru ekki lög sett.

Ekki veit eg, hverja forsök hinn heiðraði þíngmaður frá Dalasýslu hefur getað fundið til þess, að vilja fella úr 1. gr. orðin: „nú gilda“, nema hann ímyndi sèr, að helgidögum verði hèr síðan fjölgað, og þess yrði þá ekki gætt, að draga þá daga inn undir þetta lögmál, en eg gjöri mèr í grun, að ef svo færi, mundi fljótt verða gætt að því, að láta þá helgidaga verða eins rèttháa og þá nú gildandi, og vil eg því láta orðin: „nú gilda“, óhöggvuð standa.

G. Einarsson: Eg legg mig ekki í neina orðakeppni út af orðinu „*nú*“ í 1. gr., en sú er þó meiníng mín, að hæfilegra sè í lagaboði, að hafa fá orð og lagleg, en óþarfan orðafjölda.

Á. Einarsson: Í lagalegum skilníngi held eg að það sè talsverður munur á „*nú gildandi*“ og „*gildandi lögum*“. Eptir því, sem þetta er orðað hèr í 1. gr., þá held eg, að það sè ómögulegt, að breyta hinni tilvitnuðu grein í fátækra-reglugjörðinni, sem þó kynni einhvern tíma að þykja nauðsynlegt. Eg sè því, einga bót í, að orðið „*nú*“ standi hèr, og ekkert á móti því, að það sè fellt úr.

P. Pètursson: Eg er nú samdóma hinum heiðraða þíngmanni úr Dalasýslu í því, að sunnudagurinn eigi að vera og sè í raun og veru *algjörlega heilagur*. En sunnudeginum er eins varið og hverjum öðrum helgum hlut, að þegar hann kemst í samband við tímann, verður hann að laga sig eptir tímanum. Það vantaði ekki, að tilskip. 29. maí 1744 væri nógu straung, en hitt var það, að hún gat ekki lagað sig eptir landsháttum þeim, sem hèr eru, nè eptir tímanum. Það er tvennt, sem við þessa löggjöf þarf að hafa sèr hugfast, það, að hvorki sè helgi sunnudagsins sleppt, nè heldur haldið svo heimskulega stránglega, að hún verði ómöguleg. Þetta er nú haft fyrir augum, bæði í frumvarpi stjórnarinnar og eins í álitsskjali nefndarinnar. Nefndinni þótti því eingin þörf á, að breyta anda nè stefnu frumvarpsins, heldur að eins þeim greinum eða orðum, sem henni þóttu þar miður hentug fyrir oss. Hvað nauðsynina snertir, þá má aldrei taka *nauð-*

syn í löggjöf svo strángt, að ekki þurfi að miða hana við kringumstæðurnar; yrði því breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu framgeingt, að sleppa skuli orðinu „ónauðsynlega“ í 1. gr. svoleiðis, að einga vinnu megi vinna á helgum degi, nema þá, sem til er tekin í 2. gr., þá er eg hræddur um, að undanþágurnar í 2. gr. yrðu æði-margar, og að ekki mundi veita af heilli bók, til að rita þær í. Þá mætti hvorki lesa nè skrifa, hvorki víkja hendi nè fæti á helgum dögum, nema í þeim tilfellum, sem leyfð væru í 2. gr.; en það mun verða bágt, að flokka öll þessi tilfelli, svo vel fari, eða það geti orðið frambærilegt í löggjöf um þetta efni.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður frá Dalasýslu sagði um það, að hið konúnglega frumvarp með breytíngum nefndarinnar væri eingu betra en hin forna löggjöf, skal eg að eins leyfa mèr að geta þess, að mèr þykir það nokkuð undarlegt, því eg ætla, að fjöldi þeirra embættismanna, sem þetta hefur verið borið undir, hafi sagt, að tilskipunin frá 29. maí 1744 sè óhæfileg og óbætanleg. En fyrst hinum heiðraða þíngmanni þykir hún samt betri, en þau umræddu frumvörp, þá vil eg ráða honum til, að taka sèr það breytíngaratkvæði, að þetta frumvarp verði fellt, en hitt aptur tekið, sem honum þykir vera svo miklu betra.

G. Einarsson: Hvað því viðvíkur, er hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að eptir mínu breytíngaratkvæði mætti hvorki lesa nè skrifa, þá er nefndaruppástúngan í því tilliti eingu skárri, því að í straungum skilníngi leyfir hún hvorki að lesa nè skrifa; því að lestur og skript geta svo sjaldan sem aldrei heimfærzt undir þær athafnir, er hún telur heimilar og leyfilegar. Og viðvíkjandi því, er hinn háttvirti framsögumaður sagði, að eg gjörði vel í, eptir mínum skoðunarmáta, að bera upp það breytíngaratkvæði, að gamla helgidagatilskipunin stæði í gildi, en frumvarp þetta fèlli, þá er ekki ómögulegt, að eg verði á báðum áttum með það, ef mèr þykir óvænlega á horfast fyrir sabbatshelginni. Að öðru leyti eru orðnar of lángar umræður um einstök orð, sem tekin hafa verið fyrir, án þess að líta til sambandsins, er þau standa í, og eg vil biðja þíngmenn þess, áður en þeir gjörast að öllu leyti frá hverfir breytíngaratkvæði mínu, um hvað eg ætla nú ekki framar að ræða að þessu sinni, að þeir íhugi þá hugsunina, er liggur í því, og rannsaki þær almennu reglur, sem í því felast.

P. Pètursson: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg ætla, að það sè tómur misskilníngur milli mín og hins heiðraða þíngmanns úr Dalasýslu um orðin „*nauðsynlegur*“ og „*ónauðsynlegur*“. Ef bannið væri svo strángt, að hvorki mætti lesa nè skrifa, þá held eg, að það kæmi sèr á stundum all-illa. Eg set, að væri eg prestur, og það er eg, og hefði einhverra hluta vegna ekki getað lokið við ræðuna mína á laugardagskvöldið, þá væri það æði-hart að geingið, ef eg mætti ekki ljúka við ræðuna á sunnudagsmorguninn, því það væri þá orðið að nauðsyn fyrir mig, jafnvel þó sú nauðsyn væri, ef til vill, sjálfum mèr að kenna.

G. Einarsson: Það er einmitt mín meiníng, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður nú mælti, að það væri tómur misskilníngur milli okkar, og það er ekki nema til þess að tefja tímann, að reyna til að eyða honum að sinni.

P. Pètursson: En ef hinn háttvirti þíngmaður fer því fram, að sleppa úr orðunum „*ónauðsynleg vinna*“, sem í frumvarpinu stendur, þá leiðir einmitt þetta af því, sem eg hef áður sagt.

G. Einarsson: Eg ordleingi ekki framar þetta mál, en bið þíngmenn að eins, að íhuga þó nákvæmlega breytíngaratkvæði mitt, áður en þeir gjörast því með öllu mótfallnir.

Jón Jónsson: Eg vildi leyfa mèr að minnast þess, að mèr virðist, að nokkrir af þíngmönnum hafi misskilið tilgáng þíngmannsins úr Dalasýslu, með að fella burt í frumvarpinu orðin: „ónauðsynleg vinna“, því það sýnist, eins og strax á eptir í greininni sè verið að draga úr almenna banninu á þessari ónauðsynlegu vinnu, með orðunum: „þó með nákvæmari ákvörðunum“, og hef eg skilið þíngmanninn svo, að hann vilji tryggja það, að ekki sè um of dregið úr banni ónauðsynlegrar vinnu.

Framsögumaður: Það, sem undir flestum kríngumstæðum er ónauðsynleg vinna, getur á stundum orðið einmitt nauðsynleg vinna, og því er ekki hægt, að gjöra þá flokkaskipun, sem hinn heiðraði þíngmaður frá Dalasýslu fer fram á. Annars held eg, að það sè ekki til nokkurs gagns, að vera að leingja umræðurnar um breytíngaratkvæði hans í þetta sinn. Eg má að minnsta kosti játa þann gáfnaskort, að eg hef lítið gagn af því, þó eg heyri snöggvast lesna upp jafnlánga klausu og það er.

Konúngsfulltrúi: Þar eð hin heiðraða nefnd hefur ráðið þínginu til, að fallast á frumvarp stjórnarinnar óbreytt í öllum

þess verulegu atriðum og aðalinnihaldi, en einúngis ráðið til, að gjöra nokkra breytíngu á þess orðaskipun, skal eg ekki leingja þíngræðurnar nú, meðan þessi umræða fer fram, sèr í lagi þar eingin atkvæðagreiðsla fram fer strax að henni endaðri. Eg skal einúngis benda nefndinni til þess, hvort það muni vera öldúngis nauðsynlegt, að fella úr orðin: „*allar skemmtanir*“, í frumvarpsins 1. gr., þar þessum sömu orðum þó er haldið í niðurlaginu á frumvarpsins 9. gr. Eg get ei heldur skilið, að orðin: „*einkum um messutímann*“, dragi nokkurt afl úr boðum frumvarpsins, er lúta að verndun helgidagahaldsins; og eg get því ekki sèð, að það sè nein nauðsyn til, að fella þessi orð úr 1. gr., og það því síður, sem í niðurlagi 2. gr. fyrir kemur sú ákvörðun, að sýslanir þær, sem þar eru leyfðar á sunnudögum, skuli þó ekki fram fara um messutímann, nema brýn nauðsyn beri til. Nefndin hefur í 2. gr. bætt því við, að halda megi áfram sjóferðum á helgidögum, þegar sæta þarf góðu leiði, og eg skal ekki vera þessari uppástúngu mótfallinn, því mèr virðist hún styðjast við góðar ástæður; en eg vil þá benda til þess, að það opt er eins áríðandi fyrir skip, er leingi hafa beðið byrjar, að mega byrja ferð sína á sunnudögum.

Hvað fátækra-hlut af helgidagaveiðum snertir, þá held eg rèttast, að fella burtu uppástúngu nefndarinnar þar um í enda frumvarpsins, þar það er efalaust, að hin eldri lagaboð um það efni standa óbreytt, þó ekkert væri þar á minnzt í þeirri tilskipun, til hverrar frumvarpið liggur fyrir oss. En verði þessari uppástúngu nefndarinnar haldið, er það nauðsynlegt, að einskorða hana nákvæmar, þar fleiri lagaboð eru til um fátækra-hlut af helgidagaveiðum, en sú tilvitnaða grein úr fátækra-reglugjörðinni.

Framsögumaður: Bendíngar þær, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nú gaf nefndinni, tek eg fyrir hennar hönd með þökkum. En eg leyfi mèr einúngis að geta þess, að nefndinni fannst orðið „*skemmtanir*“, sem í frumvarpinu stendur, eptir eðli sínu binda þær einar athafnir í sèr, sem óhæfilegt sè að banna. Þar undir heyrir til að mynda, að taka sèr bók í hönd og lesa, og er það opt meira en saklaus skemmtun, þar sem margur guðhræddur maður hefur einmitt mesta skemmtun af því, að líta í einhverja andlega bók, og sjá það allir, hversu óhæfilegt væri, að banna slíkt. Það er og aðgætandi, að upp til sveita eru mjög fáar skemmtanir til, og alls eingar almennar

skemmtanir. En þær skemmtanir, sem taldar eru í 9. gr., eru allt annars eðlis, og því þótti nefndinni þörf á, að banna þær, og til greina þær um leið, t. a. m. dansfundi og þess konar. En ef allar skemmtanir væru án undantekníngar bannaðar, þá færi svo, að hvorki mætti skrifa nè lesa. En hvað orðatiltækinu: „*einkum um messutímann*“, viðvíkur, þá verður það eptir sambandinu í kríng hèr um bil eins og sagt væri, að þó ónauðsynleg vinna sè bönnuð, þurfi menn þó helzt að gæta þess um messutímann, en ekki eins endrarnær. Hvað ferðalögin snertir, þá held eg það sè optast nær meiri þörf á, að halda byrjaðri ferð áfram, en byrja nýja ferð. Þetta liggur og í huga manna hèr, því fáir byrja hèr ferð á helgum degi, og þá sjaldan fyr, en eptir messu eða húslestur.

Konúngsfulltrúi: Það getur opt verið eins áríðandi, að sleppa ei góðu færi til að byrja lánga sjóferð, og þar að auki er í daglegu máli opt kveðið svo að orði, að sá, er lokið hefur lángri sjóferð áleiðis, og haft lánga viðdvöl þar, er hann endaði leiðina áfram, *byrji* ferðina til baka aptur. Hvað viðvíkur orðunum: „*allar skemmtanir*“, í 1. og 9. gr., þá tel eg það efalaust, að þau á báðum stöðunum hafi sömu þýðíngu, og lúti einúngis að því, er menn kalla „opinberar skemmtanir“.

Framsögumaður: Eptir því sem eg hef vanizt og hef vit á, þá kalla menn ekki ferðinni lokið fyr, en maður kemur heim til sín aptur, og ekki kalla menn það, að byrja nýja ferð, þó menn eins og leggi upp úr áfángastað, eða taki sig upp til heimferðar, eins og dæmi hins hæstvirta konúngsfulltrúa hljóðar upp á.

Konúngsfulltrúi: Vilji menn ekki láta það heita, að byrja ferð, þegar skip, er geingið hafa heila vertíð í einu sjóplázi, fara þaðan heimleiðis aptur, skal eg þó geta þess, að hèr á Íslandi eiga heima skip, er stundum fara hèðan til Danmerkur, og það er efalaust, að þau þá þó byrja ferð sína.

P. Pètursson: Hvað þá ósamhljóðun snertir, sem hinum hæstvirta konúngsfulltrúa virðist vera í því hjá nefndinni, er hún sleppti orðinu „*skemmtanir*“ úr 1 gr. frumvarpsins, en hèlt því þó í 9. gr., vil eg leyfa mèr að geta þess, að í 9. gr. er einmitt talað um opinberar skemmtanir, en í 1. gr. alla skemmtun yfir höfuð. Þar að auki fannst og nefndinni „*skemmtun*“ ekki fela það í sèr, sem danska orðið „Forlystelse“, sem stendur í tilskipuninni fyrir Danmörku, um helgidagahald, frá 1845, því

svo eg taki eitthvað til dæmis, þá get eg kallað það *skemmtun*, ef eg les eður skrifa mèr til skemmtunar, en þetta get eg naumast kallað „Forlystelse", og þótti þá betra, að sleppa orðinu úr, en halda því, þegar það átti ekki við, eptir meiningu löggjafans. En viðvíkjandi því, er nefndin vildi leyfa mönnum, að halda ferð áfram, vil eg geta þess, að það er einnig leyft í helgidagatilskipuninni frá 1744, þó það sè þar um ferðir á landi o: ofan af fjöllum til byggða, og þótti nefndinni ekki þörf á, að banna það, með fram vegna þess, er framsögumaður áðan gat um, að Íslendíngum er ekki gjarnt til, að byrja ferð á helgum degi, allra-sízt fyr en þá eptir messu eða húslestur. Það var því álit nefndarinnar, að í þessu efni ætti ekki að beita meiri strángleika, en tilskip. frá 29 maí 1744 hafði gjört.

Konúngsfulltrúi: Af þeim orðum, sem fallið hafa, skal eg leyfa mèr að henda hinu heiðraða þíngi til þess, að eintómar orðabreytíngar í frumvörpum þeim, sem fyrir þíngið eru lögð, eru mjög vandhæfar og varúðarverðar; því hið fyrsta frumvarp til laganna er samið á dönsku og síðan út lagt á íslenzku, og sú íslenzka þýðíng lögð fyrir þíngið, og seinast er breytíngum þeim, sem þíngið stíngur upp á að gjöra skuli við frumvarpið, aptur snúið á dönsku, og þá getur töluverður ruglíngur og vafi á komizt, þegar um eintómar orðabreytíngar er að gjöra. Eg skal, í tilliti til umræðanna, sem fram hafa farið, geta þess, að í danska textanum er brúkað orðið „Forlystelser", þar sem orðið „*skemmtanir*" fyrir kemur í frumvarpsins 1. og 9. gr.

G. Brandsson: Eg hef skilið nefndarinnar uppástúngu þannig, að útlend skip, sem tekin eru á leigu með útlendum mönnum á, væru á ferðinni frá því þau færu heiman að, og til þess þau kæmu heim aptur, svo þó þau stöldruðu hèr við, annaðhvort til að ferma eða afferma, væri ferð þeirra ekki lokið fyrir það, því dvöl þeirra hèr gæti ekki orðið álitin öðruvísi, en eins og þegar lestamenn staldra við í áfángastöðum.

H. G. Thordersen: Mèr finnst verra, að vera að leiða tvíræð orð inn í frumvarpið, en þó stjórninni sè erfitt að setja sig inn í orðabreytíngu, sem kynni að vera gjörð á frumvarpi hennar; stjórninni á heldur ekki að vera of vaxið, að skilja orðabreytíngarnar, einkum þegar hún hefur íslenzkan mann, sem farið getur í gegnum þær; en þínginu er verðugt, að láta vera gott mál á lagaboðum þeim, sem út koma fyrir Ísland. Eg á-

lit, að ekkert ósæmilegt eða óleyfilegt liggi í orðinu „*skemmtanir*“, heldur t. d. eins og framsögumaður sagði, að lesa í bók eða annað því um líkt.

Hjartalag mitt bendir mèr að vísu til þess, að sunnudagurinn sè og eigi að vera heilagur, en eg er ekki svo, að eg vilji vera strángur, þar sem ómögulegt er að koma því við, eða framkvæma neitt með því; því lög skulum vèr hafa, til þess að hlýða þeim, en ekki yfirtroða.

P. Pètursson: Eins og eg áðan mælti, finnst mèr, að til skemmtana megi telja, að lesa í bók, en það getur ekki samsvarað danska orðinu „Forlystelse“, sem stendur í dönsku tilskip. frá 1845, og nefndin varð því annaðhvort að koma með nýtt orð, eða þá alveg sleppa því úr.

Á. Einarsson: Eg er ekki samfærðari um neitt annað en það, að Íslendingum þykir víst orðnar fulldýrar umræðurnar um skemmtanirnar, þegar þeir eru búnir að lesa alþingistíðindin (Hlátur) viðvíkjandi því; eg ætla því ekki að leingja ræðurnar um það, en eg vildi fá upplýsingu um það hjá nefndinni, hvað hún meinar með orðunum í 2. grein: „*bjarga veiðiskap sínum og veiðarfærum*“; vildi eg einúngis geta þess, að ef vöðuselur kemur í nót á helgum degi, hvort ekki má taka hann úr henni að ósekju; þetta hef eg skilið svo, að það væri að „bjarga veiðiskap sínum“, eins og eg skil það, að „bjarga veiðarfærum“, þegar maður sækir fiskilóðir eða fiskinet á helgum degi, ef þau hafa ekki náðst daginn áður fyrir veðri eða brimi; það er líka aðgætandi um vöðusela-næturnar, að þær verða ekki upp teknar á laugardaga, og lagðar á mánudaga, án mesta skaða við veiðina; því þetta verður ekki gjört nema í hægviðri og brimleysu, og kann þá að missast margra daga veiði. Eg álít því þetta umtalaða það nauðsynjaverk, er ætti að vera fullkomlega leyfilegt.

Framsögumaður: Þessleiðis dæmi talaði nefndin ekki um; eg að minnsta kosti meinti einúngis þann afla, sem í land væri kominn, að bjarga honum frá fordjörfun, að gjöra að honum, svo hann ekki ónýttist, og að öðru leyti að sjá fyrir, að hann ekki skemmdist.

Hinir aðrir nefndarmenn láta kann ske meiníngu sína í ljósi um þetta.

Á. Einarsson: Mèr finnst umtalið um *fátækra-hlutinn* verða að koma inn í þessa grein, því eg vil láta tala um hann,

svo einginn ágreiníngur geti orðið um það síðar, þá lagaboðið væri út komið.

Í Jónsbók, Rekabálki X. kap., er nákvæmlega til tekið, úr hverju fátækir eigi hlut; en í reglugjörðinni 8. janúar 1834, 14. gr. 4. atriði, er einúngis til tekið, hvað fátækum beri af aflanum, en það er einúngis af alls konar veiði, er skeður á helgidögum, á bátum, hvort heldur þeir reiðast út með færum og aunglum eða með netum; en hvar á hreppstjórinn að fá reglur, til að hafa fyrir sèr, þegar hann færi að taka fátækra-hlut af vöðuselaveiði eða annari veiði, er ekki stendur í fátækra-reglug., á helgidag, það er að segja í nótum? Sama er að segja um helgidaga-hlut úr hákallaveiði af skipum þeim, er liggja úti á hafi á sunnudegi, eins og þilfarsskipin, sem eingan hlut greiða; því fyrir utan það, sem ómögulegt væri að sanna, hvað mikil veiði þessi væri, þá er það hin mesta ósanngirni, ef opnu skipin yrðu harðar úti í þessu en þilfarsskipin, er liggja á sama svæði. Eg skírskota í þessu til konúngsfulltrúa, hvort ekki hefur einhvern tíma fyrir stuttu komið til hans fyrirspurn um þessa seinast áminnstu helgidaga-veiði, og amts-úrskurður fallið svo, að skip þessi ættu ekki að láta fátækra-hlutinn, þar þau yrðu að álítast sem útilegu- eða þilfarsskip í þessu falli; annars ætla eg ekki að fara fleiri orðum um þetta, fyr en aðrir þíngmenn fara að ræða það. Hvað því viðvíkur, að ekki yrði komið inn í frumvarp þetta breytíngu um fátækra-hlutinn, án sèrstakrar uppástúngu, þá get eg þess, að á alþíngi 1849, þegar rætt var um erfðalögin, og borið upp breytíngaratkvæði um, að sýslumenn feingju eingin skiptalaun af búum þeim, er þeir ekki skiptu, hèlt einn löglærður maður, að það breytíngaratkvæði yrði ekki tekið til greina, og gæti ekki átt við, nema með því, að þá yrði að umbreyta aukatekjureglugjörðinni af 10. sept.; en erfðalögin komu út með breytíngu þeirri, er breytíngaratkvæðið fór fram á; og þó halda menn eptir þessa reynslu, að ekki megi gjöra breytíngu á fátækra-hlutnum eða af taka hann með viðauka-atkvæði, er þíngið fèllist á, en nefndinni þótti þó mega hnýta aptan við álit sitt því, er stendur í reglug. af 8. janúar 1834 um fátækra-hlutinn.

Framsögumaður: Eg iðrast sannarlega eptir, að eg lèt nokkurn tíma koma yfir varir mínar þau orð, sem minnsta tilefni gæfu til, að sunnudaga-veiðin kæmi til umtals, því eg held, að umræðan um það sè senn orðin eins dýr og „*skemmtanirn-*

ar“ — *(Á. Einarsson*: Það er líka um nokkuð að tala, þar sem fátækra-hluturinn er.) —; en nefndin tók þetta til, þar eð fleiri atkvæði voru fyrir því, að hlutarins væri getið.

Það er ekki múlkt fyrir vanbrúkun hvíldardagsins, að fátækir fá hlut, en það er gjöf þeim til hjálpar; að öðru leyti má gjarnan fella það úr frumvarpinu fyrir mèr, en mèr finnst rángt, að hafa lángar umræður um það, og vera að vitna til hinna löglærðu, sem á alþíngi eru.

St. Jónsson: Eg hef víst átt nokkurn hlut að því, að viðauka þessum var bætt við, því eg áleit, að sumir af alþýðu kynnu að halda, að þessi löggjöf upphefði hin eldri lög um fátækra-hlutinn, ef ekki væri minnzt á það; sessunautur minn hefur líka sýnt, að það var ekki að óþörfu tekið fram í nefndarálitinu. Í reglugjörð 8. janúar 1834 er talað um fátækra-hlut, eins og líka í Rekabálks 10. kap., og máske víðar, þó eg ekki muni það; einhver kynni að halda, að það væri ekki leingur gildandi, ef það ekki væri tekið fram nú. Ef til væri nú tekið, að gjalda ætti hlut af hvaða veiði, sem á land kemur á sunnudegi, þá þarf maður ekki að vera í neinum vafa; en ísjárvert virðist mèr, að takmarka svo mjög veiðileyfið á sunnudögum, að ekki megi til að m. reka marsvín á land eða draga fyrir síld eða ná hval, þegar þessi höpp bera að landi á helgum degi; því vera má, að menn algjörlega missi af veiðinni fyrir undandrátt til annars dags.

Þetta á kann ske ekki sem bezt við, þar sem það nú stendur í nefndarálitinu, en það er líka hægt, að setja það annarstaðar; en að það standi þar, er þó altènd til þess, að menn sjá, að það gildir enn þá, en er ekki upphafið með þessu lagaboði.

Þ. Sveinbjörnsson: Þíngmaður úr Eyjafjarðarsýslu hefur svo sem geingizt við faðerni viðaukans við 15. grein, og hann heldur sú skoðun sè vakandi fyrir almenníngi, að helgidagahluturinn sè samfara helgidagatilskipuninni, en því heldur sýnist mèr breytíngaratkvæði mitt vel geta komizt inn í 2. grein frumvarpsins.

Framsögumaður: Í löggjöfinni 29. maí 1744 er ekki drepið á þetta, og þessi tilskipun, sem er einúngis um helgihald hvíldardagsins, hefur víst ekki myndugleika til, að fara að skipta sèr af löggjöfinni um skipti á helgidagaveiðum, og það er fyrir utan umdæmi þíngsins.

Á. Einarsson: Nefndin þóttist þó hafa leyfi til, að taka það upp í nefndarálit sitt.

Framsögumaður: Það getur verið, að margir, sem eignast þessa tilskipun, eigi ekki Jónsbók eða fátækra-reglugjörðina, og þá geta þeir þó séð, að fátækir eiga að fá hlut úr helgidagaveiðinni.

St. Jónsson: Það hefur sinn hvern skilninginn á þessu, að mèr virðist, og það jafnvel lögfróðu mennirnir, svo eg get ekki iðrazt eptir, að eg kom fram með það, til þess að taka af allan vafa, því það þarf að vera fast-ákveðið.

Á. Einarsson: Framsögumaður sagði, að þeir hefðu ekki altènd Jónsbók eða reglugjörðina, sem eignast kynnu þessa tilskipun, en eg skil ekki í, eptir hverju hreppstjórarnir eiga að taka fátækra-hlut, nema eptir reglugjörðinni.

Framsögumaður: Það er ekki ætlunarverk þingsins, að gæta þess, að lögunum sè hlýtt.

Forseti: Umræðurnar um þessar tvær greinir frumvarpsins hafa nú orðið svo langar í dag, að eg verð að bera það undir hina háttvirtu þingmenn, hvort halda eigi umræðunum fram leingra í dag, þar eð aukaskrifararnir geta ekki verið búnir með þingbókina í tækan tíma, þegar fundirnir eru mjög langir, eða ef haldnir væru fundir tvisvar á dag. Eg álít betra, að hafa stutta fundi og daglega, svo þingbókin verði ekki aptur úr. Ef einginn hinna háttvirtu þingmanna mælir á móti þessu, þá mun eg slíta fundi í dag, en boða aptur fund á morgun kl. 12, til að halda áfram þessum umræðum.

H. Stephensen: Eg er samdóma hinum háttvirta forseta í því, að betra sè að hafa fundina stutta, og líka kynnu nefndarhöld að truflast við það, ef kallað væri til fundar nú eptir miðjan dag.

E. Kúld: Eg skal leyfa mèr að geta þess við hinn háttvirta forseta, að nefndin í bændaskólamálinu hefur fyrst um sinn kosið mig fyrir formann; eg skal og geta þess, að nefndin hefur átt með sèr einn fund, og þegar hún hafði tekið málefni þetta til yfirvegunar, fannst henni margur sá steinn liggja á veginum til þess takmarks, er hún vildi að stefna, að hún treystist ei til, að velta þeim burtu, sízt svona fámenn, og því leyfi eg mèr að bera þá bæn fyrir hið heiðraða alþingi, að í nefndina verði bætt 2 mönnum, og eg mætti í hennar nafni nefna þá 2 menn,

er við helzt vildum fá okkur til aðstoðar, nefnil. konferenzráð Þ. Sveinbjörnsson og umboðsmann St. Jónsson.

Forseti: Þá eru þessir menn réttir nefndarmenn í búnaðarskóla-málinu, ef enginn mælir á móti, og er sjálfsagt, að þeir eru það með sama rétti og sömu skyldum eins og aðrir, þeir sem áður voru kosnir í nefndina.

Lögfræðingur J. Guðmundsson hefur skriflega tilkynnt mèr, að hann sè kosinn formaður í kosningarlaga-nefndinni.

Fundi slitið.

---

13. júlí — níundi fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Skaptfellinga, lögfræðingur Jón Guðmundsson, sem tilkynnt hafði forseta forföll sín. Gjörðabók frá síðasta fundi var upp lesin og samþykkt.

Forseti: Þá er að byrja framhald af umræðunni um hið konúnglega „frumvarp til tilskipunar um sunnu- og helgi-dagahald á Íslandi", og liggur þá næst fyrir 3.—5. grein, eptir þeirri skiptingu, sem eg gjörði í gær; en þar eð sumir þingmanna hafa óskað, að kaflarnir væru leingri, vil eg, ef enginn þeirra mælir á móti því, stínga upp á, að ræddur sè í einu kaflinn 3. — 9. grein frumvarpsins.

Framsögumaður: Eg sem framsögumaður nefndarinnar hef ekkert á móti því, þar eg álít, að það má ske kunni að flýta umræðunum.

Forseti: Þá bið eg þingmenn að taka til umræðu 3. — 9. grein stjórnarfrumvarpsins.

Framsögumaður: Það væri má ske ekki af vegi, að lesa upp greinir þessar.

Forseti: Þegar þingmenn hafa bæði frumvarp stjórnarinnar og nefndarinnar prentað fyrir sèr, sýnist ekki brýna nauðsyn bera til þess, en þar fyrir má gjöra það, ef þingmenn óska.

Margir: Ekki eg.

Forseti: Greinir þær, sem nú á að taka til umræðu, eru þá 3. — 9. grein í stjórnarfrumvarpinu, en 3. — 8. grein í frumvarpi nefndarinnar.

G. Einarsson: Samkvæmt breytingaratkvæðum þeim, er eg tók mèr í gær við 1. og 2. grein, verð eg að halda sömu stefnu áfram, og áskilja mèr viðauka-atkvæði við 3. gr. á þá

leið: „þó skal leyft, að verzla úr því nón er komið, þá tíma árs, sem mest er verzlunar-aðsókn í kaupstöðum“.

Við 4. grein eru 2 atriði, sem eg vildi taka fram, annað er það, að mèr þykir vanta það í greinina, að veitíngamenn megi ekki leyfa drykkjur í húsum sínum; hitt er það, að eg hygg það ekki vera úr vegi, þó að menn geti þess í greininni um leið, að ekki sè drykjusvall leyfilegt á helgum dögum; áskil eg mèr því breytíngar- og viðauka-atkvæði við þessa grein á þá leið, sem eg hef nú bent á. Í 7. gr. verður að standa „eptir nón“, samkvæmt minni hugsun, og geymi eg mèr rètt til, að breyta á þá leið. Sama er að segja um orðið „*lágnætti*“; fyrir það vil eg standi „*miðnætti*“, en að orðunum: „*einni stundu*“, sè sleppt.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Þegar minnzt er á 8. grein nefndarálitsins, þá vildi eg gjöra við hana litla athugasemd.

Forseti: Eg verð að ítreka það, sem eg hef áður getið um, að það er konúngsfrumvarpið, sem á að vera grundvöllur umræðunnar, því nefndarálitið eða frumvarp nefndarinnar er geingið út frá því.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg gjöri það líka, því nefndarálitið er í þessu samhljóða frumvarpinu, og þá get eg ekki neitað því, að mèr þykir það hvorttveggja fremur óglöggt, þar sem stendur í frumvarpi nefndarinnar „í páskaviku“, því það er ekki til tekið, hvort það er vikan fyrir páskana, eða vikan, sem páskarnir eru í, eða hvort það er þá öll vikan, eða einhver einn dagurinn í henni.

Framsögumaður: Páskavikan er talin frá pálmasunnudegi til næsta laugardags.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Það mun þá vera vikan frá aðfaranótt pálmasunnudags til þess páskadagur byrjar.

Framsögumaður: Það er vikan frá miðaptni pálmasunnudags til miðaptans á laugardaginn fyrir páska.

M. Andrèsson: Mèr er ekki fullkomlega ljós 8. grein frumvarps nefndarinnar, sem er 9. grein stjórnarfrumvarpsins, og bið eg því þíngmenn að fræða mig á því; þíngtíðindin geta síðar meir upplýst þá, sem eins stendur á fyrir og mèr. Eg veit ekki, hvað mörg kvöld í páskavikunni eru heilög; ef það eru öll kvöldin í allri vikunni, þá er það líka partur úr öllum dögunum.

Bænadagurinn sýnist að eigi að haldast helgur allan dag-

inn eptir frumvarpinu og nefndarálitinu, en áður hefur hann einúngis verið helgur haldinn frá miðaptni á fimmtudaginn til miðaptans á kóngsbænadaginn, og eg get til fært því til sönnunar það dæmi, að menn, sem koma af sjó á fimmtudag um miðaptansbil í þeim verstöðum, hvar aldrei er farið á sjó á helgum dögum, fara opt aptur á sjó um sama leyti á föstudaginn. Viðvíkjandi því, sem í 9. grein stendur: „allan bænadaginn mega menn eingum óþarfa-störfum gegna“, þá held eg, að margir taki það svo, að það séu einúngis þau störf, sem aldrei þurfi að vinna.

Framsögumaður: Eg vil biðja hina löglærðu hèr á þíngi að upplýsa menn um, hvað lángan þeir álíta kóngsbænadaginn sjálfan.

Að öðru leyti vil eg sem framsögumaður nefndarinnar láta þá meiníngu hennar í ljósi, að hún áleit páskavikuna byrja kvöldið fyrir pálmasunnudag, og enda laugardagskvöldið fyrir páskadaginn — *(M. Andrèsson*: gott) —; annars er það viðtekið, að við álítum daginn hafa 24 tíma, og þetta veit eg er eða hefur verið einnig í Danmörku, að bænadagshelgin byrjaði klukkan 6 daginn fyrir. Það hefði víst ekki verið óþarft, að halda því fram, sem nefndin ætlaði, að brúka orðið „*dimbilvika*“, þar sem „páskavika“ stendur, því umræðurnar hefðu þá kann ske ekki orðið eins lángar um þetta eina orð.

G. Brandsson: Eg get ekki litið svo á þriðju grein í stjórnarfrumvarpi þessu, að eg ekki skoði hana í nokkurs konar sambandi við aðra grein þess, sem rædd var í gær; því mèr finnst vera einhver ósamkvæmni milli þeirra. Í hinni fyrri stendur, að ferma megi og afferma skip á helgidögum, þar sem sú síðari segir, að kaupmenn megi ekki hafa sölubúðir sínar opnar; mèr sýnist þó, að þetta verði að vera í nokkurn veginn sambandi hvort við annað, og eg skil ekki vel, hvernin skip verða fermd og affermd í kaupstöðum, án þess að opna sölubúðir um leið.

Framsögumaður: Skoðun nefndarinnar var, að það þyrfti ekki endilega að vera samferða, að ferma og afferma skip, og að verzla. Flestir, sem verzla, eru búnir að taka vörurnar í kaupstaðnum fyrir sunnudaginn, og eins er með það, að sjófarendur munu sjaldan geyma það, sem þeir hafa tekið út, í sölubúðunum, heldur í geymsluhúsunum, svo ekki þarf þess vegna að opna búðirnar á helgidögum, en það var meining nefndarinnar, að þá skyldi alls eingin sala fram fara.

G. Brandsson: Eg áleit, að nefndin hefði átt að bæta inn í: „nema nauðsyn krefji“, á eptir þessum orðum í 3. grein: „og hvorki kaup nè sala fram fara“; því mèr þykir það samkvæmt því, sem stendur í annari grein, þar sem talað er um einstöku undantekníngar frá aðalreglunni. En þar sem hinn heiðraði framsögumaður talaði um, að flestir mundu taka út vörur sínar fyrir sunnudaginn, og koma þeim fyrir í geymsluhúsum kaupmanna, þá getur þetta vel verið satt í tilliti til innlendra sjóferðamanna; en eigi nú að ferma eða afferma útlend skip, verður talsvert öðru máli að gegna.

M. Andrèsson: Þrátt fyrir ræðu framsögumannsins, er eg litlu nær um, hve nær helgi bænadagsins byrjar eða endar, og þarf eg því að fá betri útskýríngu um, hvort hún byrjar kl. 6 á fimmtudaginn og endar um sama leyti á föstudaginn, ellegar takmörk hennar eru ömur.

Framsögumaður: Mèr er ekki unnt, að útlista þetta betur, og verð eg því að halda mèr til hinna löglærðu á þínginu, sem þar um vildu láta meiníngu sína í ljósi. Eins og við látum daginn ná yfir 24 tíma, þannig skilja Danir með „*Etmaal*“ einnig 24 tíma.

M. Andrèsson: Mèr þykir það fullángt, og þarf ekki upplýsingu frá löglærðum mönnum um *það*, heldur einúngis um það, hve nær helgin byrjar og endar, og ef löghelgi bænadagsins er frá kl. 6 á fimmtudaginn til þess kl. 6 eptir miðdag á föstudaginn, þá tek eg mèr það breytíngaratkvæði við 9. gr. stjórnarfrumvarpsins, að eptir orðin: „allan kóngsbænadag“ sè sett: „nefnilega frá miðjum aptni á fimmtudaginn til miðaptans á föstudaginn, skal eingínn“, o. s. frv.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Bæði nefndarálitið og hið konúnglega frumvarp hefur tekið jafnsíðis fram páskavikuna, kóngsbænadaginn og hinn 1. dag í hinum 3 stórhátíðum í árinu. Eptir útleggíngu framsögumanns, þá á páskavikan að byrja á miðaptni á laugardagskvöldið fyrir pálma; það mun nú mörgum þykja skrítin nýjúng, ef öll vinna skal vera bönnuð alla vikuna, og allir dagarnir í henni eiga nú að verða jafnheilagir, sem kóngsbænadagurinn og 1. dagurinn í stórhátíðum.

V. Finsen: Eg verð að stínga upp á, að 3. grein frumvarpsins verði takmörkuð, hvað sölu í verzlunarbúðum snertir.

Eins og getið er í ástæðunum til frumvarpsins, er það venja hèr í Reykjavík, að hafa sölubúðir lokaðar allan sunnudaginn,

og ætti nú að gjöra frumvarpið að lögum, þá yrði það hèr í Reykjavík linun á því ástandi, sem hèr við geingst, og held eg það yrði til mikils skaða. Þannig er líka á Englandi, að þar eru allar búðir lokaðar hvíldardaginn; það yrði, að eg held, niðurstaðan hèr, að ef búðir væru opnar á sunnudögum, þá mundi margur reyna að fá sèr í staupinu, og óeirðir og svall þannig rísa af því; reynslan hefur líka sýnt, meðan búðirnar voru opnar á sunnudögum, að þá komu hingað margir menn úr næstu sveitum einúngis til að gleðja sig í búðunum, sem nú ekki á sèr stað. Eg get ekki fallizt á það, sem nefndin hefur gjört, þegar hún sleppti úr orðinu: „skjala-skrifara-störfum“ í 6. grein. Störf þessi eru að nokkru leyti lík skrifstofustörfum embættismanna; stundum er skjalaskrifarinn látinn fara til einhvers manns, til að leggja fyrir hann spurníngar, stundum þarf hann að birta stefnur, krefja menn um borgun af *Vexel*- brèfum, o. fl. þessleiðis, og sè eg ekki neinn mun á þessum tilfellum, sem eg nefndi, og þeim, sem nefndin minnist á.

Jón Jónsson: Mèr finnst það fara betur í málinu, að hafa „fyrra dag“ í stað „1. dags í hverri stórhátíð“, og áskil eg mèr því breytíngaratkvæði á þá leið.

Framsögumaður: Þetta held eg nefndinni hafi alls ekki komið til hugar, því við segjum 3. í jólum, 3. í páskum og hvítasunnu, og því álít eg það rèttmæli enn þá. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði hins konúngkjörna varaþíngmanns, að herða á banninu móti því, að sölubúðir sèu opnar á sunnudögum, þá get eg ekki gefið því meðhald; því þó því verði ekki neitað, að drykkjumenn kaupi sèr ölfaung, og neyti þeirra um of á helgidagakvöldum, þá mundi þeim hægt, að afla þeirra á laugardaga-kvöldunum, þegar þeir vissu, að búðir verzlunarmanna yrðu lokaðar alla helga daga. Það er sjálfsagt, að margir, sem eru í kaupstaðnum um helgar, koma þángað svo tímanlega á laugardögunum, að þeir geta verzlað samdægurs, en það eru líka á hinn bóginn margir lángferðamenn, sem gjarnan vilja ljúka af erindi sínu á sunnudegi eptir miðjan dag, svo þeir geti lagt á stað daginn eptir.

Eg held frumvarpið þyki líka nógu strángt, þó ekki sè hert á því frekar.

Jón Jónsson: Eg fyrir mitt leyti álít þó, að stórhátíð hver

sè einúngis 2 daga, og að það sè því ekki rètt, að taka til 3, eður í íslenzku máli að kalla *fyrsta* af tveimur.

V. Finsen: Viðvíkjandi því, sem framsögumaður sagði, þá er eg reyndar á því, að helgidagalög ættu fremur að vera frjálsleg en það gagnstæða. En lagaboð þetta hefur þó án efa þann tilgáng, að innleiða strángari hugmyndir um helgi hvíldardagsins, en áður hafa tíðkazt, og þess vegna sýnist mèr, að ekki eigi við, að innleiða linun að nokkru leyti.

Áður voru búðir hèr í bænum opnar allan daginn, en nú er því hætt, og segjast kaupmenn víst ekki græða mikið á sunnudaga-verzlun sinni; því flestir, sem þá koma inn í búðirnar, koma ekki til að verzla, heldur til að skemmta sèr. Eg get annars ekki sèð, að mikill skaði gæti verið að því, þó búðunum væri lokað allan sunnudaginn, og engin verzlun fram færi, því þegar menn vita, að ekki er verzlað á sunnudögum, þá haga menn ferðum sínum þar eptir.

Framsögumaður: Álit hins konúngkjörna varaþíngmanns er ekki byggt á eins æskilegum ástæðum, og eg helzt óskaði. Hèr fyrir land hefur ekki verið gefin út tilskipun, er þessu máli viðvíkur, síðan tilskipunin 29. maí 1744 kom út, og eg þekki heldur ekki neina sèrstaka löggjöf fyrir Reykjavík hèr að lútandi. Mèr finnst ómerkilegt, hvort kaupmaðurinn segist vilja verzla eður ekki, fyrst helgin á að vera úti kl. 4, og sýnist mèr það ekki geta gefið tilefni til, að hafa hana leingri. Viðvikjandi því, að það hafi drykkjuskap í för með sèr, ef búðir eru opnar á sunnudögunum, þá held eg kann ske þorstinn verði enn meiri daginn eptir. Við sjáum að minnsta kosti á Tyrkjum, að því leingri fastan er, því meira verður óhóf þeirra að henni lokinni, og er þó þjóðin sú af sumum talin siðsamari en aðrar.

V. Finsen: Núna sem stendur má segja, að tómthúsmenn hèr í bænum sèu yfir höfuð að tala starfsamir menn og siðsamir, en ef búðir væru opnar eptir miðjan dag, þá vendust þeir að líkindum á drykkjuskap, eins og reynslan hefur sýnt að áður var. Hin fyrri löggjöf var ekki brúkuð — (*Framsögumaður*: Hún átti að brúkast.) —; því hún þótti vera alveg óbrúkanleg.

P. Pètursson: Mèr sýnist 3. greinin í stjórnarfrumvarpinu einmitt fara meðalveginn í þessu tilliti, og það styrkir mig í þessari sannfæríngu, að 2 þíngmenn hafa nú þegar tekið sèr breytíngaratkvæði, sinn í hverja gagnstæða átt. — (*G. Brands-*

son: Hver er annar? — *P. Þórsson*: Var það ekki þingmaðurinn frá Gullbringusýslu? — *G. Brandsson*: Nei! — *P. Þórsson*: Eða að minnsta kosti talaði hann í gagnstæða átt). — Viðvíkjandi því, sem hinn 6. konúngkjörni þingmaður sagði, þá vil eg geta þess, að hafi kaupmenn, án þess að vera þar til knúðir af lögum, komið sèr saman um, ekki að verzla á sunnudögum, þá fara þeir varla til þess, þó þessi löggjöf leyfi þeim það, og það því síður, sem hinn háttvirti þingmaður sagði, að kaupmenn hefðu lítinn hagnað af sunnudaga-verzlun, því þeir munu gjöra það eina í þessu efni, sem þeir álíta sèr hagsvon að; svo í því tilliti get eg ekki sèð neina hættu við, að frumvarpið verði lögleitt, eins og það er.

Á. Einarsson: Eg held, að umræður þessar um 3. grein sèu sprottnar af ólíkum högum verzlunarstaðanna, því sumstaðar hèr á landi er ekki verzlunin nema 1 eða 2 vikur á ári, og það á sjó, og það er heldur ekki alstaðar kirkja á verzlunarstöðum, svo þó mönnum væri bannað að verzla, gætu menn ekki verið við messu.

Eg veit annars ekki, hvort er affarabetra, að hafa búðirnar lokaðar allan sunnudaginn, eða einúngis um messutímann, helzt þar sem kirkja væri á verzlunarstaðnum, því mèr finnst greinin geta orðið þeim fullþraung, er eins stendur á fyrir og hèr er greint, eins og hún er í frumvarpinu; að öðru leyti en þessu vil eg ekki stínga upp á breytíngu á greininni: „og þó einúngis ef nauðsyn krefði“; því eg vil ekki láta menn geta sagt, að eg spilli helgihalds-blæ þeim, sem hvílir yfir nefndarálitinu. En hvað ágreiníngi gagnkunnugra manna í Reykjavík viðvíkur, þá sýnist vaninn í Reykjavík leiða til þess, að gjöra lagaboðið þreingra, en til er tekið í tilskipun 26. marz 1845. En að opna búðir á sunnudögum, getur opt verið nauðsynlegt, því það mætti kann ske kallast hart, ef sá, sem missti veiðarfæri sín á laugardag, ekki gæti komizt í búð á sunnudaginn, svo hann geti róið á mánudag.

P. Sigurðsson: Eg er á sömu meiníngu og þingmaður Strandasýslu — (Hærra) —, að opt geti staðið svo á, að ferðamönnum, helzt þeim, er sækja sjóveg til verzlunar, sè nauðsynlegt, að búð fáist opnuð á sunnudegi, en þegar eg lít til leyfis þess, sem 2. grein til tekur: „þegar nauðsyn út krefur“, þá álít eg sjálfsagt, að það þurfi líka að ná til 3. greinar; en mèr þykir það ekki viðkunnanlegt, þar sem í 9. gr. stjórnarfrumvarpsins

einasta er til tekinn 1. dagur í þeim 3 stórhátíðum, að þá sèu allar skemmtanir og vinna bönnuð, en annars hátíðardags er hvergi getið; mèr finnst hann ætti að vera jafnhelgur og sunnudagurinn; hann er líka almennt haldinn það.

St. Jónsson: Munurinn er sá, að á meðan allur helgidagurinn á stórhátíðum er heilagur, er sunnudagurinn það einúngis til þess einum tíma eptir nón eptir frumvarpinu, og er auðvitað, að annar dagur stórhátíða er meintur í þeim helgidögum, sem þar er getið.

Framsögumaður: Þíngmaður Strandasýslu sagði, að ekki væri alstaðar kirkja, þar sem verzlun færi fram, en það þarf heldur ekki að vera, til þess að verzlunin geti hindrað menn frá, að sækja messu, því þeir geta þá sótt sóknarkirkju þess kauptúns.

Á. Einarsson: En ekki þarf þó að banna þeim, sem eru komnir 7 mílur að, að verzla, því þeir geta ekki sótt kirkju sína hvort eð er.

J. hreppstjóri *Sigurðsson*: Eg hef skilið framsögumann svoleiðis, að hann ætlist til, að helgin í páskavikunni skuli byrja á miðaptni kvöldið fyrir pálma. Konúngsfrumvarpið í 9. grein segir, að fyrir sunnu- og helgi-daga skuli dansleikar og skemmtanir hætta 1 stundu fyrir lágnætti.

Eg hef nú hugsað, að undir þessu sama skilyrði væri líka falinn pálmasunnudagurinn og skírdagur, og hef eg því lagt þá þýðíngu í frumvarpið, þar sem það segir, að helgin skuli byrja á miðaptni í páskaviku, að þá meini það á laugardaginn fyrir páska, og að það sè því einúngis páskadagurinn og kóngsbænadagurinn, sem sèu þetta rètthærri og byrji þetta fyrri, en aðrir helgidagar, og þykir mèr því gott, að heyra hèr um fleiri meiníngar hinna fróðu manna.

Framsögumaður: Eg vil biðja þíngmanninn að lesa nákvæmlega greinina, og taka eptir henni, og gæta vel að öllum lestrarmerkjum, sem í henni eru, og þá vona eg, að grein þessi í hinu konúnglega frumvarpi verði honum ekki of þúngskilin.

M. Andrèsson: Eg læt mèr nú nægja skýríngu þá, sem eg hef feingið yfir 8. gr. í frumvarpi nefndarinnar, sem er hin 9. í frumvarpi stjórnarinnar, nema að því leyti, sem viðvíkur bænadeginum; því ef löghelgi hans á að vara frá miðjum aptni daginn fyrir, þángað til um miðjan aptan að kvöldi hans, þá

verð eg að halda fram breytíngaratkvæði því, sem eg áskildi mèr áðan.

Framsögumaður: Eg hef áður látið í ljósi mína einfalda meiníngu um þetta. En eg skoraði nýlega á einhvern hinna heiðruðu þíngmanna, sem lögfróðir eru, að skýra þetta atriði betur fyrir þínginu, og með því að enginn hefur enn orðið til þess, þá vil eg nú aptur ítreka þessa bæn mína til þeirra.

G. Brandsson: Hinn heiðraði framsögumaður talaði á þá leið einu sinni áðan, að ef menn kæmu híngað á laugardagskvöldi í því skyni, að verzla við kaupmenn, þá lýsti það því, að þeir bæru ekki nægilega virðíngu fyrir sunnudeginum. En eg ætla, að það þurfi ekki ætíð að vera orsökin; því eg tek til, að híngað komi Mýramenn eða Borgfirðíngar, sem hafa farið að heiman snemma í vikunni, og ætlað sèr, ef til vill, að ná heim aptur á laugardaginn; en nú set eg, að þeim hafi legazt, eins og opt ber við, einkum í sjóferðum, því veður getur breytzt á stuttum tíma, eins og allir vita, og komist þeir þess vegna ekki híngað, fyr en á laugardaginn. Þegar svona stendur á, þykir mèr öll von, þó mennirnir vildu mega athafna sig hèr á sunnudaginn, og notað þá, ef til vill, leiði, sem vel getur verið að þeir annars missi, ef þeir mega ekki ljúka sèr af fyr en á mánudag. Þessir menn koma þannig híngað mót vilja sínum á laugardegi, og það er æði-hart að geingið, finnst mèr, ef þeir skulu gjalda þess. En hvað því viðvíkur, sem hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður sagði áðan, að sú regla, sem kaupmenn hefðu haft, að hafa lokaðar sölubúðir sínar á sunnudögum, hefði ekki orðið Reykjavík að neinu tjóni, þá getur það vel verið; en það er aðgætandi, að ef þetta frumvarp, sem hèr ræðir um, verður að lögum, þá á það ekki að vera fyrir Reykjavík einúngis, heldur fyrir allt landið, og það var það, sem þíngmaðurinn gleymdi að skýra frá og sýna, að þetta bann gæti ekki orðið landinu að neinu tjóni.

V. Finsen: Eg vil geta þess með tilliti til Reykjavíkur, að þetta, um lokun sölubúða á sunnudögum, hefur ekki verið tekið svo strángt híngað til, að það hafi orðið að meini ferðamönnum, sem líkt hefur staðið á fyrir, og þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu tók til dæmis, jafnvel þó aðalreglan hafi verið, að búðir væru hèr lokaðar alla helga daga. Líkt þessu mætti og nú hafa undantekníngu við aðalregluna í lagaboðinu. En viðvíkjandi því, er hinn 5. konúngkjörni þíngmaður gat um

áðan, að eins og áður hefði orðið samið um það við kaupmenn hèr, að hafa sölubúðir ei opnar á helgidögum, eins mundi það og mega takast enn, þá vil eg geta þess, að þegar þessi samníngur var gjörður, þá var hin eldri helgidaga-löggjöf gildandi, í hverri var bönnuð öll verzlun í sölubúðum á sunnudögum, og má vera, að löggjöf þessi hafi hjálpað nokkuð til þessa. Og þó að nú fá mætti alla hina skynsamari kaupmenn til þess enn, þá vil eg benda á það, að þó hinir skynsamari kaupmenn kynnu að sjá, að þeir að öllu samtöldu hafa óhag af því sjálfir, að hafa opnar búðirnar á sunnudögum, þá er þó trúlegt, að einhver þeirra kynni að verða tregur á því, eða jafnvel ófáanlegur til þess, helzt þegar það væri leyft í lögunum, að hafa sölubúðirnar opnar á sunnu- og helgi-dögum; mundu þeir þá einmitt nota lagaboð þetta sem ástæðu til, að gánga ekki að neinum samníngi; en af því er líklegast að leiða mundi drykkjuslark og ýms önnur óregla, sem hèr átti sèr stað fyrrum, áður en tekið var upp á, að hafa sölubúðirnar lokaðar. Eg verð því fastlega að mæla móti því, að þetta leyfi verði gefið, eða leitt í lög, að búðir kaupmanna megi nokkurn tíma vera opnar á helgum dögum, nema, ef til vill, þegar ýtrustu nauðsyn bæri til, að afgreiða einhvern ferðamann.

Konúngsfulltrúi: Það eru einúngis fáar athugasemdir, sem eg hef að gjöra við þann kafla frumvarpsins, sem nú er undir umræðu, og skal eg þá fyrst taka mèr tilefni af umræðum þeim, sem fram hafa farið um 9. gr., um leingd á helgi hins almenna bænadags, að það án efa er meiníng frumvarpsins, að helgi þessa dags skuli reiknast frá miðjum aptni dagsins áður, og allan bænadaginn út; því að í danska frumvarpinu kveður svo að orði, að ónauðsynja-störfum skuli hætta „hele Dagen igjennem", og eg skil ekki, að á dönsku máli sè mögulegt að segja það betur eður greinilegar, að helgin skuli vara allan daginn út eður til enda.

Eg vil þar næst skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort það eigi alls kostar vel við, að nema orðið „*almennar skemmtanir*" úr 5. gr., því það á þó án efa ekki vel við, að dansleikar t. a. m. fari fram á helgum dögum á þeirri tíð, sem 1. gr. frumvarpsins til tekur, og sèr í lagi ekki, að þeir fari fram um messutímann. Eg verð einnig að vera þeim heiðraða skrifara þíngsins, er áðan mælti, samdóma í því, að ekki hlýði vel, að fella orðið „*skjala- skrifara- störfum*" úr frumvarpsins 6. gr.

Eg ímynda mèr, að nefndin hafi helzt fellt það úr, af því hún hefur ekki getað fellt sig vel við þetta orð; en líti maður til ákvörðunarinnar sjálfrar, þá er vissulega eins mikil ástæða fyrir því, að skjala- skrifara- störf (Notarialforretninger) ekki fari fram á helgum dögum, þó það sè í skrifstofu hlutaðeigandi embættismanns, eins og t. a. m. skiptafundir, sem einnig optast nær fara þar fram. Loksins vil eg skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort það muni vera rètt, að fella úr 8. gr. frumvarpsins um, að ekki megi kenna í neinum skólum á helgum dögum um messutímann, því regla þessi er góð og tilhlýðileg í sjálfu sèr, þó fáir skólar sèu þeir á Íslandi nú sem stendur.

P. Pètursson: Hvað því viðvíkur, sem hinn heiðraði þingmaður úr Gullbringusýslu sagði nýlega, að mèr hefði áðan gleymzt, eða eg ætti eptir, að sanna það, að landsmönnum hefði ekki orðið bagi að því, þó búðir kaupmanna hefðu verið lokaðar á sunnudögum, þá má eg segja honum það, að eg hef aldrei heyrt neina kvörtun yfir því frá landsmönnum. Annars vil eg segja hinum heiðraða þingmanni það, að það heyrir mèr ekki, að sanna þetta; því það er gömul regla, sem enn stendur, að sá á að færa sönnur á mál, er hefur það. En það veit eg, að síðan þessi siður var tekinn upp í Reykjavík, þykir reglusemi hèr vera miklum mun meiri en áður, og er það einmitt þakkað því, að sölubúðir verzlunarmanna hafa verið lokaðar á sunnudögum. Eg get annars ekki skilið í, að þetta geti nokkurn tíma orðið landsmönnum til mikils baga, því þegar þeir vita, að þeir geta ekki verzlað á sunnudögunum, þá haga þeir flestir svo ferðum sínum, að þeir komist ekki í bága við það. Það er því ætlun mín, að þetta geti yfir höfuð orðið til hagnaðar; að minnsta kosti getur það vakið og glætt virðingu fyrir helgi hvildardagsins hjá mörgum manni, og forðað mörgum, sem annars kynnu að freistast til þess, frá að týna fè og viti í búðum kaupmanna á sunnudögum. Að öðru leyti get eg varla ímyndað mèr, að kaupmenn muni fremur taka upp á því, að verzla eptir klukkan 4 e. m. á sunnudögunum fyrir það, þó þeim væri leyft það í lagaboðinu, því eg ætla, að þeir hafi ekki hætt því vegna þess, að það var bannað í löggjöfinni 1744, sem fæstir þeirra munu þekkja.

Framsögumaður: Eg get ómögulega fellt mig við það, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði áðan um leingdina á bænadeginum, að hann væri frá miðjum aptni daginn fyrir til

miðnættis á föstudaginn. Í þeim degi yrðu þá 10 eyktir, eða $1\frac{1}{4}$ dags, eptir því sem vant er að leggja í dag, sem er 8 eyktir, eða 24 stundir. Viðvíkjandi 8. gr. frumvarpsins, sem nefndin vildi sleppa úr, skal eg geta þess, að nefndin vissi raunar, að eigi sakar hið yfirfljótanlega, en hún vissi og, að of mikið getur einnig skaðað. Hèr á landi er enn enginn sá skóli, sem þarf þessa banns við, og þó skólar fjölguðu, eins og menn kann ske vona nú eptir, þá held eg jafnvel, að kennararnir muni sjálfir verða fegnir, að taka sèr tóm á sunnudögunum og vera friir við kennsluna. Orsökin til þess, að nefndin sleppti úr orðinu „*skjala - skrifara - störfum*“, sem stendur í 6. gr. stjórnarfrumvarpsins, var víst bæði sú, að sumir nefndarmenn skildu það ekki til hlítar, og líka sú, að sumum þótti orð þetta svo hrínglandi í eyrum sèr, að þeim þótti það ekki hafandi í lögum. Eg er annars að mínu leyti ekkert á móti því, að orðkorninu sè kippt inn aptur, ef þingmenn vilja það endilega.

G. Brandsson: Ef að hinum háæruverðuga 5. konúngkjörna þingmanni getur ekki skilizt það, sem eg talaði áðan og færði dæmi til, af sinni eigin reynslu, skynsemi og þekkíngu, þá ætla eg mèr ekki unnt, að gjöra honum það skiljanlegt, eða geta sannfært hann um það. Eg held þó, að það muni hverjum fullljóst, að öll óeðlileg bönd á atvinnuvegum manna sèu heldur til að spilla en bæta, að eg nú ekki tali um, hversu skaðvæn þau eru í verzlunarviðskiptum og öllu, sem lýtur að því, að tálma ferðamönnum, að fara óhindruðum leiðar sinnar.

P. Pètursson: Eg vil leyfa mèr að taka það fram, hvað 8. gr. í stjórnar-frumvarpinu snertir, að allir skólar, bæði opinberir og eins einstakra manna *(privat)* skólar munu hafa sínar reglur eða reglugjörðir viðvíkjandi kennslutímanum og frítímum lærisveinanna, svo eg álít það öldúngis óþarft, að vera að ákveða nokkuð um það í almennu lagaboði.

M. Andrèsson: Hinn heiðraði framsögumaður er nú tvisvar búinn að skora á einhvern hinna lögfróðu manna, sem hèr eru á þínginu, að segja til, hvort ekki væru 24 stundir í deginum; en það var ekki sú upplýsíng, sem eg bað um, því eg veit, að dag kalla menn vanalega frá miðnætti til miðnættis. En ræða hins háttvirta konúngsfulltrúa hvatti mig til þess, að fara leingra, þar sem sagt var, að löghelgi bænadagsins varaði frá miðjum aptni kvöldinu fyrir til miðrar nætur á föstu-

daginn; það þykir mèr of lángt, og skora eg því á fleiri lögfróða menn hèr á þíngi, að skýra þetta atriði enn betur; því í almennum skilníngi er orðið „allur dagur“ tekið fyrir heilan dag frá morgni til kvölds, en ekki sem partur úr tveimur dögum.

Þ. Jónassen: Eg legg sama skilníng og hinn heiðraði framsögumaður í helgi bænadagsins, að hún nái frá miðjum aptni kvöldinu áður til miðs aptans sjálfan bænadaginn, og get því ekki verið samdóma hinum mikilsvirta konúngsfulltrúa í því, að allan bænadaginn eigi að halda helgan frá morgni til kvölds; enda minnir mig, að það standi ekki, eins og hann sagði, „allur dagurinn“ (hele Dagen) í dönsku tilskipuninni. Eg álít því bænadaginn undir sama skilyrði og aðra helgidaga.

Konúngsfulltrúi: Eg skil þó ei annað, en að þessi orð í 9. gr.: „*allan* kóngsbænadag skulu menn ekki gegna neinum óþarfa-störfum“, verði að þýða það, að helgi bænadagsins eigi að vara allan daginn út, því að í danska textanum stendur, eins og eg áður hef sagt: „hele Dagen igjennem“.

Framsögumaður: Ef sá er hèr nokkur innanhúss, sem þekkir til, hvernig geingið hefur í tilliti til helgidaganna í Danmörku, síðan tilskip. 26. marz 1845 kom út, hvort helgin hefur verið leingri en frá kl. 6 til 6, þá vildi eg biðja hann að skýra frá því; því þó eg vilji nauðugur leiða hèr inn meira af siðvenjum Dana, en minnst má, þá væri þó fróðlegt, að vita þetta, þar sem tilskipunin er nú orðin reynd hjá þeim, og á að innfærast frá þeim til vor.

Konúngsfulltrúi: Eg fæ eingan veginn skilið, að meiníng frumvarpsins geti verið önnur, en eg hef sagt; því orð frumvarpsins þau, sem eg hef til bent, eru að minni hyggju öldúngis ljós og vafalaus, og 13. gr. tilskipunarinnar frá 26. marz 1845, hvaðan 9. gr. frumvarpsins er tekin, segir og svo, að ónauðsynleg störf skuli eigi fram fara „hele Dagen igjennem“.

G. Einarsson: Það er harla leiðinlegt, að heyra, hvað menn gjöra sèr far um, að berjast fyrir orðum og þýðíngu þeirra, þegar þeir þó einmitt með umræðunum sanna og sjá fram á af þeim, að þessi orð eru þó megnum misskilníngi undirorpin. Þegar nú er auðsætt, að þessi orð eru hèr strax misskilin á þínginu, því skyldu þau hin sömu ekki verða mesta misskilníngi undirorpin, þegar þau koma fyrir í lagaboði, sem heil þjóð áað lifa eptir? Það á sjálfsagt, að mínu áliti, að taka þau hin

glöggu og ákveðnu orðin fram yfir hin óvissu og óglöggu, altènd samt, en hvað helzt, þegar um lagafrumvarp er að gjöra, sem þjóðin á, ef til vill, að lifa eptir, dæmast eptir. Vèr, sem hèr erum, ráðum þá ekki leingur, hver þýðing verður lögð í það eða það orð. Að öðru leyti er eg að öllu leyti á máli hins hæstvirta konúngsfulltrúa, bæði að því leyti, að orðin: „allan bænadaginn“, geti ekki annað þýtt, en bænadaginn myrkranna á milli, og eins að því leyti, að orðin: „almennar skemmtanir“, eigi að standa í 5. gr., og áskil eg mèr viðauka-atkvæði í þessu tilliti, ef þörf gjörist. Eins vil eg, að 8. gr. í hinu konúngl. frumvarpi standi, því menn geta ímyndað sèr, að jarðyrkjuskóli komi hèr upp, áður en lángt um líður, og þá get eg líka ímyndað mèr, að svo geti borið undir, að þessa þurfi við.

Framsögumaður: Fyrst að nú er kominn annar maður til, sem ekki þykir, að það geti staðizt í íslenzku máli, að nefna heilan dag annan tíma en þann, sem líður frá miðnætti til miðnættis, þá vil eg spyrja, hvort hèr sè nokkur sá maður á þínginu, sem ekki þekkir neitt annað kallað ár í íslenzku máli, en tímann frá 1. jan. til 1. jan. næst á eptir, sem Danir kalla „*Calender-ár*“. Eg þekki svo mörg ár hjá oss, t. a. m. kirkjuár, hjúa-ár frá 14. maí til sömu tíðar, fardaga-ár, o. s. frv. Ef menn kannast við, að þetta sè rètt, „*nema eg*“, þá er það án efa rètt, að miða og nefna dag frá vissri stundu hins fyrra dags til jafnleingdar daginn eptir, og svo verður þá líkt um fleiri tímaskipti vor. En eg vona enn eptir því, að einhver skýri frá skilníngi og brúkun Dana á tilsk. frá 1845.

G. Einarsson: Menn verða að skilja orðin, eins og þau liggja fyrir, og oss Íslendinga varðar það alls ekki, hverjar þýðíngar Danir leggja í sínar tilskipanir, þó að þær kunni að vera vorum samhljóða að efni og atriðum. Við hina mörgu ára-upptalníngu hins háttvirta framsögumanns vil eg bæta einu orði, orðinu „*sólarhríngur*“; það er brúkað um dag og nótt til samans, en ekki þekki eg þá þýðíngu í orðinu „dagur“, sem hinn heiðraði framsögumaður leggur í það.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Konúngsfrumvarpið til tekur í 1. gr., að á öllum sunnu-og löghelgum dögum skuli helgin vara þángað til einni stundu eptir nón, þá virðist mèr að megi taka til nauðsynlegra starfa. Aptur er í 9. gr. kóngsbænadagurinn tekinn strángar fram, nefnilega að hann skuli allur vera undan skilinn vinnu. Hèr er nú spursmál um, hvort hann

er allur á miðaptni eða á sólarlagi. Eg hef verið eins og framsögumaður á hinu fyrra, en nú hefur hinn háttvirti konúngsfulltrúi lagt það svo út, að það eigi að vera allur dagurinn til hátta, og læt eg mèr það þá skiljast.

V. Finsen: Eg held eg megi segja með fullkominni vissu, að í Kaupmannahöfn sè bænadagurinn allur, frá morgni til kvölds, haldinn heilagur, miklu streingilegar en nokkur annar dagur. Orðin „allur dagur“ í frumvarpinu, get eg ekki skilið öðruvísi, en um daginn frá morgni til kvölds, og að sú sè hèr meiníngin, verður enn þá ljósara af dönskunni á frumvarpinu.

Konúngsfulltrúi: Annar kaflinn í 9. gr. frumvarpsins talar meðal annars um, að dansleikar skuli hætta á miðaptni fimmtudagskvöldið fyrir kóngsbænadag; en þriðji kaflinn segir, að eingum óþarfa-störfum megi gegna „*allan kóngsbænadaginn*“.

J. Kristjánsson: Eg var og í efa um það fyrst, hvernig skilja ætti þetta atriði í 9. gr. stjórnarfrumvarpsins, en þegar eg fór betur að gæta að sambandinu, er bænadagurinn er settur í við hinar 3 stórhátíðir, þá finnst mèr hèr verða að vera meintur allur dagurinn frá morgni til kvölds. En eg get ekki neitað því, að mèr finnst þetta ekki svo ljóst, sem verða má, og því óska eg, að það verði tekið greinilegar fram.

E. Kúld: Þegar eg lít á það, að allir þíngmenn eru samhuga í því, að vilja hafa sunnudagana og þá einnig bænadaginn sem bezt helgan, þá undrast eg mikillega yfir því, að nokkrir þíngmenn, og það jafnvel andlegu stèttar mennirnir, skuli láta sèr svona njög umhugað, að klípa þennan stutta tíma, „frá miðaptni til kvölds“, af helgi bænadagsins, þar sem stjórnarfrumvarpið ætlast þó víst til, að hann sè allur helgur, frá morgni til kvölds, eptir því sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi áðan skýrði frá. En eg vil ekki leingja ræðurnar um þetta mál, því eg ætla, að þær sèu orðnar þegar fulllángar, og það svo lángar, að eg hygg þær svo dýrar orðnar landinu, að eg veit ei, hvort svarar kostnaði, að leingja þær úr því sem komið er, jafnvel þó, sem óvíst er, að þar við vinnist rúmhelgi bænadagsins frá miðaptni til kvölds.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg verð að vera á máli hins heiðraða framsögumanns, að dagur sè frá miðaptni til næsta miðaptans eptir, og hvað kóngsbænadaginn snertir, þá held eg, að hann sè fulllángur það; hann stendur samt nóg í vegi fyrir atvinnu manna, þó ekki sè við þetta bætt, og þykir mèr það undar-

legt nú, þegar verið er að tala um tálmanir fyrir atvinnuvegum, að menn þá skuli vilja efla eina þeirra. Það vita þó allir, sem til þekkja í veiðistöðum, að það er opt mikill tálmi sjómönnum, að geta ekki róið á bænadaginn, fyr en eptir miðjan aptan, hvað þá, ef þeir gætu það alls ekki heldur um kvöldið. Að minnsta kosti er þetta svona hèr á Suðurlandi. Mèr finnst annars umræður þingmanna vera orðnar líkari því, sem þeir væru að ræða gildandi lög, heldur en frumvarp. Eg vil því benda þeim á, að þetta er að eins frumvarp, sem þingið getur breytt, og ættu menn því að kosta kapps um, að breyta því samkvæmt því, er landshættir og kringumstæður vorar helzt hefðu gott af.

En fyrst eg stóð upp á annað borð, skal eg leyfa mèr að gjöra dálitla athugasemd við 5. gr. bæði í stjórnar- og nefndarfrumvarpinu, og sýnist mèr 5. gr. stjórnarfrumvarpsins fullt eins góð og tilsvarandi grein hjá nefndinni. Ef að nú þingið skyldi samt aðhyllast grein nefndarinnar, þá sýnist mèr, að í henni þurfi að gjöra dálitla orðabreytingu, því eg kann ekki við orðin: *„einkum undir húslestri í heimahúsum“;* því eg held, að hreppstjórum og meðhjálpurum sè með öllu ómögulegt og jafnvel fyrir þá ógjörlegt, að passa upp á, hvað fram fer í heimahúsum, eða hvort óregla er höfð við húslestur á bæjum. Eg vil því áskilja mèr það breytingaratkvæði við 5. gr. í frumvarpi nefndarinnar, að orðin: *„undir húslestri — og“*, falli burtu með öllu.

Framsögumaður: Það gladdi mig, að heyra, að 2 konúngkjörnir þingmenn, löglærðir, eru á sama máli og eg um leingd bænadagsins. En eg verð að spyrja að því, viðvíkjandi breytingaratkvæði hins háttvirta 1. konúngkjörna þingmanns við 5. gr. nefndarinnar, fyrst honum fèll betur við 5. gr. stjórnarfrumvarpsins, hvar var hann þar á Íslandi, sem menn fóru almennt á veiðar? Eg þekki eingan þann stað á þessu landi, sem almennar veiðar eigi sèr stað á, nema meintar sèu fiskiveiðar, og mun það ekki vera. Menn veiða hèr að sönnu fugla, en sjaldan nema einn og einn maður sèr, því þær eru ekki svo ágóðamiklar. Mèr virðist því, að þetta atriði greinarinnar hjá stjórninni eigi jafnilla við eins og hitt, er þar liggur bann við ópi og háreysti á strætum og í húsum, sem hvergi á hèr við, nema ef vera skyldi í Reykjavík. Á Akureyri á það ekki við, og er það þó næst fjölmennasti bærinn hèr á landi, því þar er enn eingin kirkja. Þá er og bann á háreysti barnanna eins

óþarft, því í Reykjavík, þar sem þess kynni helzt að virðast þörf vegna fjöldans, þar er einginn kirkjugarður hjá kirkjunni, og í sveitum á slikt sèr aldrei stað. Undir eins og messa byrjar, fara þar bæði úngir og gamlir úr kirkjugörðunum inn í kirkjurnar. Þetta hvorttveggja á því alls ekki við á Íslandi, og það vildi nefndin bæta. En vel getur verið, að henni hafi mistekizt það, þó eg megi fullyrða, að hún gjörði sitt sárasta til. Það, sem hinum 1. konúngkjörna þíngmanni er einna lakast við hjá nefndinni, er *„einkum undir húslestri“* í 5. gr. Nefndinni þótti þar eins mikil hávaða og skarkala von, eins og hvar annarstaðar, og að sú guðsþjónusta ætti þó jafnan rètt á sèr og hver önnur, og þess vegna vildi hún, að þar væri allur skarkali streingilega bannaður. En til þess ætlaði nefndin aldrei, að hreppstjórar og meðhjálparar skyldu passa það, og því lýsir greinin með orðinu: *„gæta þessa“*, þessa, sem nær liggur, því vèr segjum *„þetta“* um það, er nær liggur, en *„hitt“* um það, sem fjær liggur.

P. Pètursson: Eg get ekki betur sèð, en það, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður hafði á móti grein nefndarinnar, eigi sèr öllu fremur stað við 5. grein í frumvarpi stjórnarinnar, því þar er hreppstjórum boðið, að handtaka alla menn, sem óreglu gjöra, bæði úti og inni, og sjá það allir, hversu þetta er þeim ómögulegt. Með skilníngi hins háttvirta þíngmanns er því öllu meiri ástæða til, að misskilja stjórnarfrumvarpið hèr, en uppástúngu nefndarinnar. Nefndin vildi og komast hjá þessu, og takmarka svo handtöku manna, að hún yrði mögulег.

Jón Jónsson: Mèr virðist þessi 5. grein sýna það glöggiega, eins og margt annað í stjórnarfrumvarpinu, að það sè bæði hugsað og samið á dönsku, og eptir þeim kríngumstæðum, sem þar eru algeingar, hvar lögreglustjórn er ætið við höndina, og stjórninni hafi ekki tekizt sem bezt, að hitta á það, sem við átti hèr á landi. En mèr finnst líka, að nefndinni ekki hafi tekizt sem bezt, að ráða bót á þessu, eður laga þessa grein, eptir því sem hèr í landi á við; því þegar menn gæta að því, hvað sè *ósiðsamleg heyðun*, t. a. m. í kirkju eða undir húslestri, eins og hèr er meiníngin, og sem nefndin hefur sett í staðinn fyrir *„allar skemmtanir“*, þá má margt það álítast ósiðsemi, sem þó í sjálfu sèr er ekki mjög vítavert, t. a. m. að sofa, hlæja, gánga mjög opt út um messutímann, og fleira þess

konar. Þegar þetta er nú borið saman við skyldu hreppstjóranna og meðhjálpara, sem nefndin ætlar að leggja þeim á herðar, þá er það mjög óviðkunnanlegt; þeim er nefnilega upp á lagt, að taka þá menn höndum, sem hegða sèr ósiðsamlega um messuna, og er það mjög svo ísjárvert og yfirgripsmikið vald, ef það væri ætíð brúkað, því menn taka sjaldan til þessa ráðs, fyr en í seinustu lög. Það getur heldur ekki almennt átt sèr stað, því allir vita, að margar eru sóknir þær, sem einginn hreppstjóri býr í, og getur því ekki gætt reglu við messugjörðina. Mèr sýnist því, að hèr færi betur að setja: „*hneixlanleg hegðun*“ í staðinn fyrir: „*ósiðsamleg hegðun*“, en bæta við á eptir „*vandlega*“: „*og afstýra öllu þvíliku, að svo miklu leyti þeim er unnt*“, og láta orðið „*handtaka*“ falla burtu. Eg vil því áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis við þessa 5. gr. nefndarinnar á þá leið, sem eg sagði nú.

Ef maður ímyndar sèr, að breytíng nefndarinnar verði gjörð að lögum, þá vil eg geta þess, að í 9. gr. í nefndarfrumvarpinu, en 10. gr. í stjórnarfrumvarpinu, er sagt, að fèbótum sæti, ef reglugjörð þessari sè ekki hlýtt, og eru fèbæturnar þar ákveðnar á ýmsum stigum, og ýmislegri upphæð, og loksins eptir 11. gr. frumvarpsins, en 10. gr. nefndaruppástúngunnar, getur þessi óhlýðni má ske sætt líkamlegri refsíngu, ef svo stendur á. Eg vil nú biðja nefndina, að skýra mèr frá því, hvort hreppstjórar og meðhjálparar eigi einnig að vera dregnir undir þetta ansvar eða ekki, ef þeir skyldu hliðra sèr hjá, að handtaka menn þá, sem kynnu að gjöra sig hluttakandi í einhverri af hinum smærri ósiðsemdum, sem eg hef minnzt á.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr er það nóg, fyrst hinn heiðraða framsögumann minnti þó, að hin umtalaða grein í frumvarpi stjórnarinnar gæti náð til eða átt við í Reykjavík, því þessi reglugjörð á eins að ná yfir Reykjavík og aðra staði á landinu. Viðvíkjandi hinu öðru, sem hann sagði, get eg þess, að mèr hefur aldrei dottið í hug, að nefndin hafi ætlað hreppstjórum og meðhjálpurum að passa, hvernig til geingur í heimahúsum, og þess vegna vildi eg gjöra þá breytíngu á grein nefndarinnar, sem eg stakk upp á. Eg held og, að hver ærlegur og samvizkusamur húsbóndi láti sèr annt um, að passa það, að andaktin í heimahúsum truflist ekki.

Framsögumaður: Þíngmaðurinn frá Norður-Þíngeyjarsýslu gat ekki liðið þessa umræddu 5. gr. nefndarinnar, mest

vegna þess, að honum þótti orðin: *„ósiðsamleg hegðun"*, sem nefndin hafði, ekki nógu sterk. En það lýsir, að minni meiningu, ekki neinni siðferðislegri spillingu hjá manninum, þó hann þurfi að ganga út um messuna þurftar sinnar vegna, nè þó hann sofni; því til þess geta verið margar sèrstaklegar orsakir. Ósiðsamlegt kalla eg það eitt, sem hneixlar söfnuðinn, og því virðist mèr þetta orð eiga hèr allra bezt við, því það er ósiðsemin, sem hreppstjórar og meðhjálparar eiga að hindra við kirkjuna; en að þeir megi hafa hverja þá aðferð til þess, sem þeim þóknast, held eg ekki eigi við í almennu lagaboði; eg veit ekki lögreglulöggjöfin veiti nokkrum þjóni sínum það frelsi annarstaðar. Hreppstjórarnir eru og ekki ætið við kirkju, en þar á móti altènd meðhjálpari; því þó hinn rètti meðhjálpari komi ekki, þá er annar jafnan tekinn í hans stað, og hefur hann þá sömu skyldur og hinn; því prestur getur ekki messað meðhjálparalaust, nè gætt allrar reglu, sem þarf í kirkjunni.

Þar sem hinn sami heiðraði þingmaður fór fram í 10. gr., þá tók hann þar fyrir sig fram í umræðunni, en eg vil þó geta þess, að fèbæturnar þar leggjast á þann, sem brýtur helgihaldið, eða truflar það, en eingan veginn á lögregluþjóninn.

G. Brandsson: Hinn heiðraði þingmaður úr Snæfellsnessýslu talaði áðan um það, hversu mikið þessar umræður um kóngsbænadaginn væru nú búnar að kosta þjóðina, og vildi þess vegna ráða mönnum til, að hætta þeim, en jafnframt þótti honum ráðlegast, að klípa ekki af helgi dagsins, það er að segja, hann vildi láta hann vera helgan frá miðaptni á fimmtudaginn til þess á föstudagskvöldið. Mèr þykir nú þetta ráð ekki sem heppilegast af hyggnum búmanni; því það er eins og hinn fyrsti konúngkjörni þingmaður áðan sagði, að atvinnuvegir manna hèr þola ekki mörg óþarfa-helgihöld. Eg er því á sama máli eins og hinn háttvirti framsögumaður og margir aðrir, að kóngsbænadagurinn sè einúngis helgur haldinn frá miðaptni á fimmtudaginn til þess í sama mund daginn eptir; tíma þann, sem þá er eptir til kvöldsins, geta margir fært sèr í nyt til ýmsra athafna, sem þá má ske gætu nokkuð bætt úr kostnaði þeim, sem kvartað var yfir að áminnstar þingræður um kóngsbænadaginn hefðu í för með sèr.

P. Pètursson: Það er auðsjáanlega tilgángur löggjafans, eptir 5. gr. í frumvarpi stjórnarinnar, að ekki skuli handtaka aðra menn en þá, sem sýna lögreglustjórunum mótþróa, eða þá,

sem ekki láta vinna sig með góðu. Tilgángurinn með því, að handtaka mennina, er einúngis sá, að afstýra frekara hneixli í það eða það skipti, og finnst mèr því eingin ástæða til, að taka það úr frumvarpinu, að slíka menn megi handtaka. Eptir hinni eldri löggjöf viðvíkjandi húsvitjun og helgihaldi eru meðhjálparar og hreppstjórar skyldir til, að hjálpa prestinum til, að halda við allri siðferðislegri reglu í sveitinni, og aðstoða hann í öllu.

Jón Jónsson: Með tilliti til þess, sem hinn heiðraði framsögumaður sagði áðan, vil eg leyfa mèr að tala fáein orð. Það er nefnilega hvergi talað um það, hvað gjöra skuli við þessa handteknu menn, eða hvernig hreppstjórarnir skyldu fara með þá, hvort heldur fara með þá burtu, eða halda þeim að eins fauguðum, þar sem þeir eru komnir. Það hefði því áu efa verið betra af nefndinni að ákveða reglu fyrir þessu, undir eins og á það var minnzt í lagaboðinu, ef hreppstjórum og meðhjálpurum ekki var annars trúandi fyrir, að afstýra hneixlinu á þann mildasta eða liprasta hátt, sem þeim í hvert sinn þætti bezt eiga við, svo hèr gæti einginn efi á orðið. Mèr virðist það og hart að geingið, að hreppstjórar skuli vera skyldir til, að handtaka þann mann, sem vinnast kynni með góðu, ef hreppstjóri mætti hafa þá aðferð, sem honum litist, auk þess sem það gæti opt valdið uppnámi og meira hneixli í kirkjunni, að vera að handtaka menn um messuna, heldur en fá af þeim með góðu að víkja burtu, og vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði á þá leið, sem eg hef nú talað við þessa grein. Hvað því viðvíkur, sem hinn heiðraði framsögumaður sagði um meðhjálparana, að þeir væru ætíð við, þá varameðhjálpari, ef ei væri aðalmeðhjálparinn, þá má eg játa, að eg þekki ekki til þess, og það stand er víst ekki til fyrir norðan, þar sem eg er kunnugur; því kórdjákninn er ekki heldur ætíð meðhjálpari. Eg er því á sama máli um þessa grein, sem hinn 1. konúngkjörni þíngmaður hefur tvisvar bent á, að það og það sè meiníngin, en mèr þykir orðin aldrei of góð, til að skýra meiníngarnar, og eg get ei annað sèð, en orðin hèr sèu óljós og ónóg, svo eg vil óska þau yrðu gjörð skýrari.

Framsögumaður: 5. gr. til tekur að eins seinustu *úrræðin* — *(Jón Jónsson*: fyrstu og seinustu) —, og mèr sýnist, að lögregluþjónunum sè þar gefið svo mikið frelsi um aðferðina, sem þeir þurfa að hafa. En hvað meðhjálparana snertir, þá vil eg

geta þess, í tilliti til ræðu hins heiðraða þingmanns úr Norður-Þingeyjarsýslu, að þeir hafa nú ekki þau störf á hendi, sem meðhjálparar höfðu áður eptir hinni gömlu löggjöf. Nú eiga þeir ekki annað að starfa, en skrýða prestinn og þjóna að ýmsum þeim verkum, sem útheimtast við opinbera guðsþjónustu í kirkjunni. Hinar eldri skyldur hans eru úreltar, og eg veit því ekki, hvernig það getur nokkurn tíma borið við, að meðhjálpari sè ekki við kirkju.

Ó. Sivertsen: Eg verð að vera samdóma því, sem bæði hinn háttvirti framsögumaður og hinn háæruverðugi konúngkjörni þingmaður nú seinast töluðu, að það þurfi ei svo opt til þess að taka, sem menn vandræðast nú um, út af 5. gr. hins konúnglega frumvarps: „að taka þá höndum, sem móti brjóta“. Eg held, að messugjörð ætti aldrei að vanta meðhjálpara, þó hreppstjórinn sè ei ætíð viðstaddur. Eg veit ekki betur, en vel hafi farið, að brúka þá reglu, sem eg veit til vestanlands að tekin hefur verið upp. Prestar hafa auk hreppstjóra tekið þar 2 meðhjálpara einmitt eptir N. L. 2—9—2., 3., 4., (ef eg man rètt). Ef nú hvorugur þeirra, sem sjaldan ber við, er viðstaddur embættisgjörð, geingur skrúðadjákni eða hringjarinn í þeirra stað þann daginn, og getur þessi regla komið í veginn fyrir ýmsa ósiðsemi, háreysti og því um líkt, og bæri svo við, að þetta gæti ei hjálpað, þá segi eg fyrir mig, að eg vil heldur þau handtök, er komi hneixlunarmanninum út úr kirkjunni, sem gjörzt gæti á fáum augnablikum, en að þvílík ósiðsemi varaði þar leingi innanhúss, og að presturinn eigi framvegis til samtaka með sèr þessa menn, vil eg enn fremur áhræra, þegar kemur til að tala um hina 15. gr. hins konúnglega frumvarps.

J. hreppstjóri *Sigurðsson*: Í 5. gr. frumvarpsins stendur útþrykkilega: „*og taka þá höndum, ef á liggur*“. Þetta orð: „*ef á liggur*“, tekur nú af allan efa í þessum umræðum; en hèr er aðgætandi, að nefndin hefur útilátið það, og skyldi þingið heldur taka uppástúngur nefndarinnar en frumvarpið, þá vil eg stínga upp á því, að nefndin vildi taka aptur upp þetta orð: „*ef á liggur*“.

Áður en undirbúníngsumræðunni um þennan tiltekna kafla frumvarpsins er lokið, vil eg leyfa mèr að gjöra dálitla athugasemd við 7. gr., nefnilega, að þar er leyft, að halda sveitarfundi, þegar mikið liggur á, eptir messu á sunnudögum, en

ekki utan með leyfi lögreglumanna. En hverjir eru þessir lögreglumenn? er það sýslumaðurinn, eða er það hreppstjórinn? Ef það er sýslumaðurinn, þá mundi þetta vera blátt bann við sveitarfundum á helgidagskvöldum sumstaðar, því eg þekki svo til, að sumstaðar í sýslum er vikuferð á vetrardag í slæmum veðrum og færðum til sýslumannsins, og mundi enginn vinna það til, eða geta notið þess leyfis, og sízt ef bráð nauðsyn lægi við. En ef þessi lögreglumaður er hreppstjórinn, þá vil eg, að það sé tekið fram með skýrum og skiljanlegum orðum, því „lögreglumenn“ er ekki svo vanalegt íslenzkt orð hjá alþýðu, því það er ekki heldur svo mikið, að það sé lögreglustjóri eða lögregluþjónn. Eg tek mèr því breytingaratkvæði við þessa grein á þá leið, að það sè til nefndur hreppstjórinn.

Framsögumaður: Lögreglumenn kallast allir þeir, sem að lögreglunni þjóna, og hreppstjórarnir líka.

G. Brandsson: Það er og tekið fram í ástæðunum við 7. gr. í frumvarpi stjórnarinnar.

P. Pètursson: Hvað orðin: „*ef á liggur*“, í 5. gr. hins konúnglega frumvarps snertir, þá sleppti nefndin þeim þess vegna, að hún hèlt, að það mundi hverjum manni vera ljóst, að ekki bæri að taka til þess, að handtaka menn, fyr en í seinustu lög. En vilji þingið taka þessi orð inn aptur í greinina, þá ætla eg, að nefndin muni vera reiðubúin til þess.

Á. Einarsson: Ætla að nefndin vildi ekki orða það svona: „*ef þörf krefur*“? (*Framsögumaður*: Mèr sýnist það liggi sama í því og: „*ef áliggur*“). Fyrst eg stóð upp á annað borð, vil eg þá áskilja mèr breytingaratkvæði við 3. gr. í nefndarálitinu á þá leið, sem eg hef áður talað viðvíkjandi því, er stendur í frumvarpinu í 3. gr., að hafa búðir verzlunarmanna lokaðar allan sunnudaginn, en af því eg held, að nefndarálitið í þessari grein verði aðhyllzt, gjöri eg það viðauka-atkvæði við 3. gr.: „kaup nè sala fram fara, nema brýn nauðsyn beri til“.

Forseti: Með því að svo lítur út, sem umræðurnar um þennan kafla frumvarpsins sè nú á enda, þá vil eg þó geta þess, áður en næsti kafli er tekinn til umræðu, að betra væri má ske, að einhver þingmanna tæki sèr breytingaratkvæði viðvíkjandi löghelgisleingd bænadagsins.

M. Andrèsson: Eg er búinn að því.

Forseti: Fyrst enginn tekur nú til máls, álít eg umræðunum um þennan kafla frumvarpsins lokið, og þó að nú sè

orðið nokkuð framorðið, lízt mèr þó bezt, að taka næsta kafla þess, 10. — 16. gr., til umræðu, ef hinn háttvirti framsögumaður hefur ekkert á móti því.

Framsögumaður: Nei, það er ekkert á móti því frá minni hálfu.

V. Finsen: Nefndin hefur í 13. grein úr fellt þessi orð: „getur hann leitað álits lögreglustjóra"; mèr fyrir mitt leyti finnst þó vera dáindis-gott, að lögreglustjórinn gæti skorið úr þessleiðis vafa, og sýnist mèr því, að nefndin ætti ekki að sleppa því; þó hún vilji ekki hafa sömu orðin, þá má hafa eitthvað því líkt.

Framsögumaður: Nefndinni fannst einmitt, að hún ekki gæti fellt sig við þennan kafla 13. greinar, því talsháttur inn er nokkuð dönskulegur, og ef sá, sem efasamur er í þessu tilliti, færi til hreppstjórans, til þess að spyrja hann, hvort hann mætti gjöra hitt eða þetta, þá lítur svo út, sem hann hefði eitthvað illt fyrir stafni, og svo ætti hann eptir því, ef hann breytir samkvæmt áliti hreppstjórans, og, ef til vill, móti anda laganna, að vera sýkn saka; þess vegna breytti nefndin því svona: „þá leiti hann um það álits þessara manna"; það væri líka skrítið, ef einhver skyldi fara til hreppstjórans við hvert hryðjuverk, sem hann vildi framkvæma. Nefndinni finnst annars hreppstjórum vera gefið ærið vald í stjórnarfrumvarpinu, þar sem þeim er gjört jafnt undir höfði og „*General-Procureurer*" í Danmörku.

Konúngsfulltrúi: Frumvarpsins 13. gr. meinar án efa með orðunum: „embættismenn þeir, er lögreglu eiga að gæta", og „lögreglustjóri" seinna í greininni, sýslumenn, en ekki hreppstjóra, því í danska texta frumvarpsins stendur „De Embedsmænd, som Vi have betroet Polititilsynet", þ. e. „þeir embættismenn, sem Vèr höfum trúað fyrir tilsjón með lögreglustjórninni"; og þar sem orðið „lögreglustjóri" fyrir kemur seinna í greininni, hefur hinn danski texti frumvarpsins orðið „Politiøvrigheden".

Framsögumaður: Eg ímynda mèr líka, að þetta sè meining stjórnarfrumvarpsins, en það er brúkað allt af á ruglingi, „hreppstjórar" og „lögreglustjórar". Hreppstjórinn getur annars þagað yfir því, þó hann viti, að einhver sè brotlegur, og þá er ekki sagt, að lögreglustjórinn komist nokkurn tíma til vitneskju um það, og því þótti nefndinni gott, að því yrði breytt, svo ljós skilníngur kæmist á.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr virðist ljóst, að það lýtur mest að hreppstjóranum, því opt getur vindur og veður tálmað manni, að komast til lögreglustjórans. Þegar einhver, sem opt getur borið við, þarf til dæmis að fara hèðan úr Reykjavík upp á Kjalarnes, Akranes, eða hvert helzt sem er, á helgum degi, þá þarf hann ekki annað en spyrja bæjarfógetann, hvort nokkuð sè því til fyrirstöðu.

Framsögumaður: Eg ímynda mèr þó, að lagaboðin eigi að gilda um land allt, og opt þurfa menn að fara lángar leiðir, ef menn eiga að geta náð sýslumannsfundi.

Þ. Sveinbjörnsson: Almúgi hèr hefur þó ekki hverja grein í höfðinu, og maður getur heldur ekki heimtað það, og hann getur af eintómri samvizkusemi haldið, að margt sè bannað, sem í reyndinni ekki er það, og er þá betra, að vita rètt en hyggja rángt.

Framsögumaður: Þegar tilfellin eru svo, að það liggur í augum uppi, hvernin skilja eigi það, þá ætlast eg ekki til, að maður fari til lögreglustjórans.

J. Kristjánsson: Þegar nefndir eru embættismenn þeir, er lögreglu eiga að gæta, og aptur lögreglustjóri (í 13. gr. frumvarpsins), skilst mèr, að sè meint með fram til hreppstjóra, því í ástæðunum fyrir frumvarpinu við 7. grein er einmitt sagt „sveitarstjórn“ í staðinn fyrir „sóknarstjórn“, og „lögreglustjórn“ í staðinn fyrir „lögreglustjóri“, og eru þá hreppstjórar með taldir. En um leið, og eg nú hef staðið upp úr sæti mínu, óska eg að gjöra viðauka-atkvæði við 16. grein frumvarpsins, að hún sè öðruvísi orðuð en í nefndarálitinu, eða á þessa leið: „Þar á móti er rèttur fátækra til hlutar úr helgidaga-veiðum óskertur eptir þeim lögum, sem þar um gilda“, því um þennan rètt fátækra til hlutar úr helgidagaveiðum er til fleira í lögum en það, sem til er tekið í tilskipuninni frá 8. janúar 1834.

Þ. Jónassen: Mèr virðist 13. greinin í upphafinu, undir orðinu „lögreglustjórn“, innibinda bæði sýslumenn og hreppstjóra, enda hagar hèr svo til, að hreppstjórar hafa einnig lögreglustjórn á hendi, og er því náttúrlegt, að álykta, að stjórnin í frumvarpinu hafi haft það fyrir augum. Það yrði líka lítið úr leyfi tilskipunarinnar, ef hlutaðeigendur ættu í hvert skipti að snúa sèr með fyrirspurn sína til sýslumanns, sem opt er í miklum fjarska.

Að nefndin sleppti úr frumvarpsins 13. grein orðunum: „og ef honum — leyft það“, kom af því, að henni þótti sú á-

kvörðun, að hlutaðeigandi gæti leitað álits lögreglustjórans, þegar hann væri í vafa um réttan skilning á tilskipuninni, innibinda, að hann (lögreglustjórinn) jafnframt hefði myndugleika til, að leysa úr spurningum þeim, er þannig yrðu fyrir hann lagðar, og það virðist líka sjálfsagt.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil taka mèr breytingaratkvæði við 15. grein í nefndar-frumvarpinu, samkvæmt því, sem eg hef talað.

Framsögumaður: Nefndin hefur víst ekki á móti því, að taka inn í nefndarálitið breytingaratkvæði í þá átt, sem þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu stakk upp á.

Þ. Jónassen: Eg er einnig á því, að það sè orðað, eins og þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu kom fram með.

St. Jónsson: Mèr virðist breytingaratkvæði hins 1. konúngkjörna þingmanns vera að öllu óþarft, því þegar farið verður að gefa atkvæði um nefndarálitið, þá verður víst líka gefið atkvæði um það, hvort viðaukinn við 16. grein, um fátækra-hlutinn, skuli standa.

Á. Einarsson: Eg ætla til vonar og vara að geyma mèr rètt til þess breytingaratkvæðis, „að allir hlutir til fátækra af helgidagaveiðum verði úr lögum teknir“.

P. Pètursson: Á það að vera ný grein í frumvarpinu, eða á að teingja það við síðustu greinina?

Á. Einarsson: Það á víst bezt við þar.

Framsögumaður: Eg lèt í ljósi í gær, að það væri meining mín, og eg álít það enn, að þetta komi eingan veginn þessari löggjöf við, því eg held ekki sè neinn skyldugleiki milli helgidagahalds og fátækra-hlutar í nokkru tilliti, og að það sè fyrir utan þingsins myndugleika, að taka löggjöf til umræðu og breytingar, sem eingin uppástúnga er komin til þingsins um, hvorki frá stjórninni, þjóðinni, nè nokkrum einstökum þingmanni með skriflegu skjali og beinni uppástúngu.

Á. Einarsson: Hvorki framsögumaður nè eg getum dæmt um það; það er þingsins, að skera úr því.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr sýnist það þó standa í nokkru sambandi; því fátækir fá hlutinn því að eins, að róið sè á helgidegi, og einginn getur neitað því, að róðrar á helgidögum þó er helgidagavinna.

Ó. Sivertsen: Það má vissulega ráða af hinum laungu umræðum, sem nú, bæði í gær og í dag, eru þegar gjörðar, eins

og af nefndarálitinu sjálfu, að menn hafa mikinn áhuga á máli þessu, og ætla eg öllum megi vera kært, að svo er, því eg vona þess, að menn viðurkenni, að hið andlega lífið, sem eflir trú vora og ávexti hennar í líferni manna, á að nærast og dafna af alúðarfullu helgihaldi á hvíldardögum.

Eg ætla, að til þessarar alúðar hjálpi að vísu bezt sannguðrækilegt hugarfar hvers velþeinkjandi manns, en þar sem það vantar, eða er miður inngróið, eiga góð lög að koma til hjálpar. Þau lög þurfa að vera sem allra-ljósust og greinilegust, en ekki get eg skilið þau ávinni eins mikið með þvingun, eða því, sem matið kynni að verða ófrelsi í ýmsu veraldlegu atferli á helgidögum, eins og með sannfærandi siðgæðis-lögmáli, áfýsingum og eptirdæmum. Samtök, sem í svo mörgu eru viðurkennd nauðsynleg, eru það þá líka, til að efla hinn rètta tilgáng helgihaldsins og kirkjurækninnar; þau ættu þá líka að koma hèr fram. Því er það, eins og eg ráðgjörði í því, er eg áðan talaði, að eg leyfi mèr að gjöra það breytingaratkvæði við 15. grein hins konúnglega frumvarps, að eptir orðin: „guðrækilegu hugarfari", bætist við: „og skulu hreppstjórar og „meðhjálparar prestanna vera þeim í öllu þessu samtaka, og „veita þeim alla mögulega aðstoð.

Forseti: Þar eð ekki fleiri þingmanna taka til orða, álít eg undirbúningsumræðu þessa máls lokið.

Eg leyfi mèr að tilkynna hinum háttvirtu þingmönnum, að konferenzráð Þ. Sveinbjörnsson hefur tilkynnt mèr, að hann væri valinn formaður í nefndinni „um búnaðarskóla"; prófastur H. Stephensen, að hann væri formaður og framsögumaður nefndarinnar „um sveitarstjórn", og lögfræðingur J. Guðmundsson, að nefndin í stjórnarmálinu hafi kosið hann fyrir formann og framsögumann.

Á morgun kl. 12 álít eg að fundur geti orðið haldinn, og verður þá tekið til inngángsumræðu bænarskrá frá Gullbringusýslu (nr. 50) „um gjaftolla og manntalsfiska í Gullbringusýslu", og síðan bænarskrá (nr. 52) „um erfðafestu, einkum á klausturjörðum", svo sem eg mun leyfa mèr að boða á dagskránni.

Fundi slitið.

---

14. júlí — tíundi fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Suður- Þingeyjarsýslu, sèra Jón Kristjánsson, sem tjáð hafði forseta forföll sín.

Gjörðabók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Í dag kemur fyrst fyrir til inngángsumræðu og nefndarkosníngar, ef þinginu svo lízt, bænarskráin frá Gullbríngusýslu, sem eg gat um í gær, um gjaftoll og manntalsfiska. Þingmaður Gullbríngusýslu er víst flutníngsmaður hennar, og vil eg því biðja hann um, að skýra þinginu í stuttu máli frá innihaldi hennar.

Þingmaðurinn las bænarskrána síðan upp, og mælti:

Það var árið 1849, að bænarskrá frá Gullbríngusýslu kom hèr til þíngsins um, að manntalsfiskar væru af teknir. Þessari bænarskrá var þá hrundið með atkvæðagreiðslu, en það helzta, sem fram var fært á móti henni, var það, að hún væri í ótíma upp borin, og að stjórnarbreytíng sú, sem menn þá vonuðu eptir, mundi eiga allskammt híngað í land, og að þá mundi ný skattalöggjöf komast hèr bráðlega á fastan fót, eptir að jarðamatið væri um garð geingið, sem þá vofði yfir; því nefnd sú, sem með konúngsúrskurði af 23. apríl 1845 átti að setjast hèr, og síðar var af þáverandi konúngsfulltrúa sett með brèfi af 6. ágúst sama ár, hafði einmitt stúngið upp á, að gjald þetta með öðrum fleirum væri af numið. Menn lifðu síðan í góðri von um, að þessu mundi bráðum verða breytt til batnaðar; en eptir að frèttir fóru að berast um það, hvernin jarðamatið hefði tekizt, fóru menn aptur að hugsa, að talsverð bið gæti orðið á þessu enn, og svo hèldu þeir, að auglýsíngin af 12. maí í fyrra mundi ekki flýta málefninu; þess vegna vildu þeir reyna til enn að nýju, að fara hins sama á leit viðvíkjandi manntalsfiskunum, og í vetur, sem leið, voru margir útróðramenn frá öðrum sýslum, sem fýstu þessa mjög. Mèr var ekki ókunnugt um ráðagjörðir þessar, og rèð eg heldur til, að hverfa frá þeim að þessu sinni, þegar ekki yrði bent á neitt sanngjarnlegt gjald, sem sett yrði í staðinn, og líka sagði eg þeim, að það væru eiginlega menn úr öðrum sýslum, sem þyrftu að bera sig upp undan gjaldi þessu, jafnvel þó eg vissi líka til, að bændur hèr við sjóinn svöruðu því án endurgjalds frá þessum.

Menn komu sèr þess vegna saman um, að reyna heldur til,

að fá jafnaðan gjaftollinn, eptir því sem tíðkanlegt væri að gjalda hann í öðrum sýslum, svo, þegar eg fór núna heiman að til þingsins, var bænarskrá þessi að miklu leyti fullgjörð, eins og hún er nú, nema undirskriptirnar vantaði, og þá var þess ekki heldur í henni beðizt, að manntalsfiskarnir væru af teknir; en nú sé eg, að menn hafa geingið inn á þá skoðun aptur. Hvað nú gjaftollinum viðvíkur, þá hafa allir játað, að hann væri mjög ósanngjarn, bæði að eðli og uppruna, og má meðal annars lesa um það í riti því, er konferenzráð Bjarni Þorsteinsson samdi um skattgjald á Íslandi, og sem prentað er í Kaupmannahöfn 1819. Það sama hefur einnig skattanefnd sú viðurkennt, sem eg áðan minntist á; en mest hefur þó alla furðað á því, hvernin gjaldgreiðslu þessari er varið hèr í Gullbríngusýslu, að sá, sem tínndar 1 hundrað í lausafè, skuli gjalda jafnmikinn gjaftoll og sá, sem tíundar 9 hundruð, og eg hef hvergi heyrt nè sèð, á hverju máti þessi er byggður. Höfundar bænarskráarinnar eru nú ekki stórlátir; þeir biðja einúngis um, að þeir fái að búa undir viðlika ósanngjörnu gjaldi og stèttarbræður þeirra í öðrum sýslum, en ekki öðru lakara, og væri sannlega hart, að neita þeim um þetta. Eg þori reyndar ekki að segja, að gjaftollsfiskar fækkuðu ekki nokkuð við þessa breytíngu, en þó er mèr nær að halda, að það yrði ekki svo mikið, og líkindi væru til; því verið getur að einhverjir fátæklíngarnir, sem hefðu getað rembzt við að tíunda 1 hundrað í lausafè, hafi dregizt aptur úr með það, einmitt vegna gjaftollsins, en sem, þegar hann væri lagaður, fyndu síður orsök til þess, svo það, sem misstist, bættist aptur upp með þessu, sjálfsagt að nokkru leyti. Það er annars ætíð illt, þegar menn bera ekki tilhlýðilega virðíngu fyrir lögunum, en þeir geta það því að eins, að þeir verði sannfærðir um, að þau sèu skynsamleg og góð, en ekki til búin af handahófi, fjarlæg allri sanngirni. Eg vona því, að þíngmenn gefi því góðan róm, að þessi syndaborgun fyrri tímanna, gjaftollurinn, verði ekki lögð harðari nè öðruvísi á fátæklíngana hèrna í sýslunni, heldur en tíðkanlegt er annarstaðar.

Hvað manntalsfiskunum viðvíkur, þá má sjá í riti því, er eg minntist á, eptir konferenzráð Bjarna Þorsteinsson, hver uppruni þeirra er, sá nefnilega, að hann eins og gjaftollurinn sè ekki grundvallaður á neinum lögum heldur venju, sem síðan hafi orðið að lögum. Skattanefndin hefur sagt, að þó nokkra ástæðu kynni að mega finna fyrir því, að gjald þetta var lögleitt í fyrstu, þá

þyki henni það nú alls ekki eiga við, þar eð það leggi tilfinnanlega byrði á þá, sem sækja sjó úr fjarlægum hèruðum með miklum örðugleika og kostnaði, það tálmi mikilvægum atvinnuveg, og hafi þess vegna jafnan verið hvimleitt gjaldendum, enda sèu þeir opt síður færir um að gjalda en hinir, sem lausir eru við gjald þetta. Mönnum úr Árnes- og Rángárvalla-sýslum hefur til að mynda þótt nokkuð skrítið, að verða að gjalda manntalsfiska á Selataungum, en vera lausir við þá í Herdísarvík, hvar svo skamt er á milli, og eins þeim úr Borgarfjarðar- og Mýra-sýslum, að vera lausir við þá á Akranesi, en verða að gjalda þá á Seltjarnarnesi, og þeim hefur þótt hart, að greiða þetta til hins opinbera fyrir það þeir feingju að hafa hèr sýslu-vist um fáar vikur, og hafa sagt, að það væri viðlíka ósanngjarnt, eins og ef þeir færu að heimta af okkur áþekkt gjald fyrir það, að kaupafólk okkar sjávarmannanna dveldi hjá þeim nokkurn tíma sumarsins.

Óánægja með gjald þetta er allt af að vaxa, svo ekki horfir annað beinna við, en að sjávarbændur hèr verði að greiða manntalsfiskana úr sínum sjóði, eða vera án duglegra sjómanna ella.

Án þess nú að fara hèr um fleiri orðum, þá óska eg, að nefnd verði sett í málinu, og ætla eg 3 menn nægja. Henni verður víst í sjálfs-vald sett, hvort hún tekur til greina aðra eða báðar uppástúngurnar, og ef meiri hluta þíngmanna skyldi þykja ísjárvert, að af taka manntalsfiskana, mun eg ekki að þessu sinni setja mig harðlega þar í móti, jafnvel þó eg þykist nokkuð hafa sýnt fram á, hversu ósanngjarnt gjald þeir væru. Gjaftollinn óska eg fyrir hvern mun að fá lagaðan.

Konúngsfulltrúi: Má ske hinn háttvirti forseti vildi spyrja flutníngsmann bænarskráarinnar að, hvort hann vilji gjöra síðari hluta hennar, eður þann, sem lýtur að aftekníngu manntalsfiskanna, að sínni uppástúngu; því annars getur það málefni ekki að lögum komið til umræðu hèr á þínginu.

Forseti: Eg álít, að þíngmaðurinn sè flutníngsmaður að báðum atriðum bænarskráarinnar, og ef hann ekki vill vera það, bið eg hann að segja til þess.

G. Brandsson: Eg er flutníngsmaður bænarskráarinnar, og er þá bezt, að eg taki að mèr bæði atriði hennar.

Þ. Jónassen: Eg vil leyfa mèr að mæla fram með því, að nefnd verði kosin, til að íhuga þetta mál; því þó það í fljótu bragði kunni að virðast eins og hèr sè einúngis um smámuni

að ræða, er það ekki svo í raun og veru, þegar málið er skoðað frá þeirra sjónarmiði, sem einkum eiga hlut að því, en það eru fátæklingarnir og öreigarnir, og þá munar um hvert fiskvirðið.

Bænarskráin tekur það fram, hversu gjaftollstakan í Gullbríngusýslu er frábrugðin þeirri, sem við geingst annarstaðar í landinu. Hún fer annarstaðar eptir lausafjártíundarstofninum, og kemur miklu jafnar niður, sèr í lagi meðan tíundin ekki nær 5 hndr., en í Gullbríngusýslu er tíu fiska gjaftollur borgaður jafnmikill af 1 hndr. og 9 hndr. í lausafè, og það verður reyndar helmíngi meira, en annarstaðar er goldið, og kemur það að vísu þúngt niður á hlutaðeigendum, eins og auðráðið er, þegar það að hinu leytinu aðgætist, hversu tíundarstofninn er lítill í Gullbríngusýslu og lægri en annarstaðar, þar sem eg þekki til. Þessu til sönnunar er það, að af þeim 379 manns, sem á næstliðnu vori áttu að borga gjaftoll í Gullbríngusýslu, voru að eins 92 í skiptitíund, en 287 tíunduðu að eins 1 — 4 hndr., og flestir 2 til 3 hndr. Þessir allir borguðu því meir en helmíngi meira í gjaftoll, en annarstaðar er goldið, og í þessu kemur einmitt fram ójöfnuður sá, sem bænarskráin ræðir um, og jafnframt er full sönnun fyrir því, að þessi ójöfnuður lendir á þeim, sem fátækastir eru, og kemur í þessu tilliti ekki til greina það atriði, að afgreiðslan skoðuð út af fyrir sig er lítil, og yfir höfuð ekki hærri en 4 til 5 mörk eptir verðlagsskránni.

Það er sjálfsagt, að breytíng sú á gjaftollinum, sem bænarskráin fer á flot, rýrir nokkuð tekjurnar, sem af Gullbríngusýslu gánga í jarðabókarsjóðinn, og skerðir líka dálítið umboðslaun sýslumannsins; en eg er sannfærður um, að þetta atriði ekki verður málinu til fyrirstöðu hjá stjórninni, þegar henni er tjáð málið með þess sèrstöku kríngumstæðum. Eg hef eptir manntalsbók sýslunnar aðgætt þann mismun í tekjunum, sem leiddi af breytíngunni, og vil eg til skýríngar málinu leyfa mèr þá að geta þess, að gjaftollurinn var í vor í Gullbríngusýslu 3792 fiskar, sem eptir verðlagsskránni gjörir í peníngum 284 rbdd. 35. skk., en hefði gjaftollurinn verið tekinn eptir sömu reglu og annarstaðar, hefði hann ekki orðið nema 1741 fiskar, eða 135 rbdd. 53 skk. í peníngum, og verður þá mismunurinn 148 rbdd. 78 skk. Umboðslaun til sýslumannsins eru af fyrri upphæðinni 47 rbdd. 38 skk., en af hinni síðari 22 rbdd. 57 skk. Þessi mismunur er svo lítill, að eg álít hann geti hvorki nè eigi að koma til greina, þegar spursmál er um, að koma af einhverjum

ójöfnuði, eins og eg ætla hèr eigi sèr stað. Eg mæli því fram með nefnd í málinu.

G. Brandsson: Það gladdi mig mjög að heyra, að þessi maður, sem síðast talaði, er samdóma því, sem bænarskráin fer fram á, og álít eg það samkvæmt annari sanngirni hans, að horfa ekki í lítilvæga eigin hagsmuni, þar sem hann sèr að þeir eru rèttindum annara til fyrirstöðu, svo þegar hann er málefni þessu svona meðmæltur, treysti eg því, að aðrir verði það ekki síður.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg hef áður á þingi þessu látið í ljósi þá sannfæring mína, að mæla fastlega fram með öllum rèttinda-jöfnuði hèr á landi, nefnilega þegar talað var um tíundarskylduna á jörðunum, þar eg mælti með, að það málefni kæmist til nefndar. Eg er nú hins sama sinnis enn, þegar talað er um gjaftolls-skylduna, og þykir mèr allra-náttúrlegast, að sama regla sè með hana í Gullbringusýslu og í hinum sýslum landsins, og þykir mèr því sjálfsagt, að þingið taki mál þetta til yfirvegunar, og að nefnd verði kosin í því.

J. Guðmundsson: Um leið og eg mæli með því, að nefnd sè kosin í þetta mál, get eg þess, að einnig í Reykjavík er gjaftollurinn krafinn og goldinn með sama ójöfnuði og í Gullbringusýslu, og ef nefnd verður kosin viðvíkjandi bænarskránni frá Gullbringusýslu, þá vil eg einnig, að þetta gjaldlag í Reykjavík komist þar að, og mun eg ella bera upp um það breytingaratkvæði, þegar tími er til.

V. Finsen: Eins og hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga sagði, er gjaftollurinn goldinn í Reykjavík á sama hátt og í Gullbringusýslu, en þess er að geta, að gjald þetta er í rauninni ekki mjög þungbært hèr í bænum, vegna þess að menn gjalda hèr nærri engin önnur þinggjöld, en einmitt gjaftollinn. Hèr í bænum er enginn í skatti, mjög fáir gjalda tíund í konúngssjóð, svo allur fjöldinn geldur ekkert annað en gjaftoll og svo lögmannstoll; það er því reyndar óneitanlegt, að sami ójöfnuðurinn er á gjaldinu og í Gullbringusýslu, en menn kvarta almennt ekki yfir því. Gjaftollurinn mun gefa hèr um bil 40—50 rbdd. árlega í konúngssjóð, og yrði nú annar gjaldmáti, samkvæmt meiningu bænarskráarinnar, þá mundi upphæð þessi minka hèr um bil um helming, eða svo sem um 20—30 rbdd. — (*J. Guðmundsson*: Mikið meir). — Að öðru leyti er eg ekki mótmæltur nefnd, en eg er reyndar hræddur um, að stjórnin

kunni, ef til vill, ekki verða fús á, að breyta þessu án endurgjalds, eða fyr en almenn breyting yrði á skattgjaldslögunum.

P. Sigurðsson: Eg er öldúngis samþykkur hinum heiðraða þingmanni Skaptfellinga, er nýlega mælti, því eg álít, að bezt sè, að hafa jöfnuðinn, og að Gullbríngusýslubúar ættu að fá að gjalda gjaftoll eptir sama mælikvarða og aðrir, eins og bænarskráin biður um.

En hvað viðvíkur þessu manntalsfiskagjaldi, þá bæði má álíta þá, og er líka svo almennt álitið, víst í Rángárvallasýslu, mikið ónáttúrlegt gjald, eins og uppruni þeirra er, þar þeir, sem róa í Gullbríngusýslu, eru skyldir að lúka tolli þessum, en ekki ef þeir róa innan takmarka Árnessýslu. Það mun líka stundum við bera, að í þeim stöðum sýslu þessarar er, sjómenn sækja miður eptir að koma sèr fyrir (því til þeirra staða, þar sem bezt fiskast, sækja flestir), að innbúarnir verði þá sjálfir að svara gjaldi þessu, til að fá sjómenn, og þá getur það orðið þeim þó nokkuð tilfinnanlegt.

Þ. Jónassen: Manntalsfiska-afgjaldið virðist mèr ekki nema svo miklu, að það geti komið hèr til greina, þar sem þessi afgreiðsla venjulega ekki er nema 20 eða 22 skk. eptir verðlagsskránni.

M. Andrèsson: Þar eg verð þess ekki enn var, að skilja eigi bænarskrána frá Gullbríngusýslu að í kafla, þá vil eg minnast nokkuð á manntalsfiskinn; því þeir snerta mjög það kjördæmi, sem eg er frá. Uppruni manntalsfiskanna er þannig, að fógeti nokkur á miðri 16. öld talaði utanhèraðsmenn upp til þess, að gefa sèr nokkra fiska, á móti því, að hann yrði þeim góður á eptir; þetta tóku hinir fógetarnir upp á eptir honum, og gjörðu útróðramenn það með góðu fyrst; þar eptir færðu fógetar sig upp á skaptið, og heimtuðu manntalsfiska sem skylduskatt; þá fór greiðslan að verða með meiri tregðu. Þetta hafa líklega verið fyrstu fógetarnir; þeir eru öðruvísi orðnir nú á dögum.— (Hlátur) —. Síðan segir sagan, að lènsmaðurinn *Lárus Krúse* hafi lagt þann dóm á, að utansýslumenn þeir, er sjóinn sæktu, skyldu greiða gjald þetta. Eg held annars, að af allri greiðslu hafi þessi haft einhvern hinn mesta krabbagáng; því skipeigendur segja sjálfir til, hvað þeir sèu margir, sem greiða eiga manntalsfisk á þeirra útveg. Það hefur þar á ofan opt verið vafasamt, hvort vinnumenn embættismanna og jafnvel hreppstjóra ættu að greiða gjald þetta. Yfir höfuð er greiðslan að

öllu leyti ill, og þarf umbreytíngar við, og eg veit margir óska, að minníng manntalsfiskanna væri ekki leingur sögunni til vanvirðu. Og þannig get eg fyrir mitt leyti ekki verið á móti því, að nefnd verði kosin í þessu máli.

G. Brandsson: Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður gat þess, að það væri einúngis 21—22 skk., sem borga þyrfti fyrir hvern manntalsmann, og að það gæti því varla komið hèr til greina; en hann gáði þess ekki, að gjald þetta getur orðið talsvert, þegar einn maður þarf að borga fyrir marga, að eg nú ekki tali um, hvað þetta gæti stigið, ef sú yrði niðurstaðan, að sjávarmenn yrðu að greiða það úr eigin sjóði, því þeir, sem gjöra út marga báta eða stórskip, hafa opt marga manntalsmenn, og gæti þetta þá orðið tilfinnanleg aukakvöð á þeim; því það er eins og eg hef áður sagt, að sveitamenn geta að nokkru leyti bundið sýslubúa hèr við borð með það, að greiða fyrir þá manntalsfiskana, eða að öðru leyti fælzt frá, að róa á vegum þeirra, og gæti hvorttveggja orðið bagalegt og haft illar afleiðíngar.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Þó aldrei lendi gjald þetta á sjávarbændum, og sveitamenn gjaldi það, eins og hefur verið, þá getur það þó verið töluvert; ef bændur eiga marga vinnumenn við sjó, t. a. m. 3, hèr í Gullbríngusýslu, þá verður þó gjald þetta yfir 60 skk., og er það of mikið af einum, ef það er ónáttúrlegt og órèttvíst.

Forseti: Eg vil þá skjóta til atkvæða þíngmanna, hvort nefnd skuli kjósa í þessu máli.

Það var viðtekið með 19 atkvæðum gegn 1, að nefnd skyldi setja í málinu.

Forseti: Flutníngsmaður bænarskráarinnar frá Gullbríngusýslu hefur stúngið upp á, að 3 yrðu kosnir í nefndina, og ef enginn mælir móti því, bið eg þíngmenn að velja 3 manna nefnd, til að íhuga mál þetta.

Síðan var geingið til atkvæða, og hlutu þeir:

G. Brandsson 17 atkvæði,
Þ. Jónassen 16 —,

en *M. Andrèsson* og *Jón* hreppst. *Sigurðsson* feingu 7 atkv. hvor, og varð *M. Andrèsson*, sem eldri þeirra, nefndarmaður.

Forseti las síðan upp atkvæðin.

Forseti: Það, sem þá kemur næst til inngángsumræðu og nefndarkosníngar, ef þínginu lízt svo, er bænarskrá frá Húna-

vatnssýslu um erfðafestu. Eg veit nú ekki, hver af hinum heiðruðu þingmönnum muni vilja gjöra hana að sinni uppástúngu.

St. Jónsson: Fyrst hèr er einginn þingmaður fyrir þessa sýslu, þá er eg fús á, að taka þessa bænarskrá að mèr.

Forseti afhenti þá þingmanninum bænarskrána, og er hún svo hljóðandi:

Það er allra sameiginlegt álit, að mjög mikið ríði á því, að jarðyrkjan á Íslandi komist í betra lag, en hún er og hefur verið að undanförnu, og að hver bóndi með alúð og kostgæfni leggi fram alla krapta, til að bæta ábýlisjörð sína, sem mest honum er unnt. Einginn efast heldur leingur um það, að margslags jarðabætur geta hèr vel heppnazt, og borið ríkuglegan ávöxt, t. a. m. túnaslèttun, vatnsveitingar, maturtagarðar og fleira því um líkt, og að jarðirnar þannig með betri rækt og umhirðíngu geti fram fleytt fleiri fènaði, en þær nú fram fleyta. Nokkrir eru nú líka farnir að láta ásannast í verkinu, að þeir sèu sannfærðir um þetta, og starfa því með alúð og framtakssemi að ýmsum jarðabótum á ábýlisjörðum þeirra. En þó þessu sè nú þannig varið, er samt mestur fjöldinn af búendunum, sem ekkert vinna að jarðabótum, og er ekki framfara-von í búnaðinum, meðan þannig fer fram.

Margar munu að vísu orsakir til þess, að jarðarræktinni miðar svo seint áfram, svo sem fátækt margra og vankunnátta á því, að vinna jarðabæturnar á hagkvæmasta hátt; en þó höldum vèr, að einhver helzta orsökin sè sú nú á tímum, *að svo fáir búa á sjálfs síns eign, en þar á móti flestir á leigujörðum.* Allar jarðabætur, sem nokkru nema, kosta töluverða peninga, og er það eðlilegt, þó leiguliðar veigri sèr við, að kosta mjög miklu upp á jarðabætur á annars manns eign, þó þeir hafi feingið leyfi til, að búa á henni um einhvern ákveðinn áratíma. Og þó þeir hafi feingið jörðina til leigu upp á lífstíð, sem þó er mjög sjaldgæft, nema á þeim svo nefndu klausturjörðum, þá veit einginn, hvað lífsstundir sínar muni leingi vara, og sè hann búinn að kosta upp á jarðabætur á leigujörðinni t. d. 200 rbdd., án þess að upp skera nokkurn arð af því, þegar hann fellur frá, þá eru þeir peningar gjörsamlega tapaðir ekkju hans og erfíngjum (nema því að eins að þau megi búa og geti búið á jörðinni eptir hans dag), en ómaklega orðnir eign jarðeigandans, sem alla jafna hefur tekið fullkomið eptirgjald eptir jörðina. Ætti þar á móti ábúandinn sjálfur jörðina, sem hann býr á, þá

gæti hann með eingu öðru móti varið fjármunum sínum eins haganlega fyrir konu sína, erfingja og föðurlandið, eins og með því, að verja þeim til jarðabóta.

Vèr álítum ekki þurfa að fara fleiri orðum um þetta mikilvæga efni , þar það er nákvæmlega útlistað í „Hugvekju assessors Johnsens"; vèr viljum einúngis í tilliti til leiguliðafjöldans á móti sjálfseignarbændunum benda til þess, sem sami maður skýrir frá í jarðatali sínu, að af 7204 búendum á öllu landinu sèu 1237 sjálfseignarbændur; eptir því eru nær því $\frac{5}{6}$ af öllum búendum á landinu leiguliðar, en einúngis rúmur $\frac{1}{6}$, sem að nokkru eður öllu leyti búa á sjálfs síns eign, og er ekki von, að jarðaræktin taki nokkrum framförum, meðan svona til geingur.

Það er nú hvorttveggja, að fæstir af leiguliðunum eru svo efnaðir, að þeir gætu keypt ábýli sitt, þó þeir ættu kost á því, enda er ei heldur því að heilsa, að þeir fái ábýlisjörð sína keypta, þó þeir vildu eða gætu; því bæði er nú stjórnin orðin ófáanleg til, að selja klausturjarðirnar, í hið minnsta hèr norðanlands, enda feta líka jarðeigendur vorir nú á tímum dyggilega í hennar fótspor í þessu, og gjöra ei heldur falar jarðir sínar, jafnvel þó boðið sè í þær svo mikið verð, að renta af því sè lángtum meiri, en eptirgjaldi jarðarinnar nemur.

Þar vèr verðum nú að álíta, að sjálfseignin sè vissasta skilyrði fyrir því, að jarðarræktin taki framförum, en vèr hins vegar sjáum ei ráð til, eins og nú á stendur, að jarðeigendur geti fjölgað, þá álítum vèr það vera eina úrræðið í þessu tilliti, að erfðafesta kæmist á hèr í landi; og vèr höldum, að það gæti orðið að góðum notum, ef því efni væri haganlega fyrir komið. Með því að gjörast erfðafestubóndi ávinnur maður það, að þeir fjármunir, sem varið er til jarðabóta, tapast aldrei þeim rètta eiganda þeirra, heldur eru hans eign, hvernig sem veltist, því það árlega afgjald af jörðinni verður aldrei hækkað, hvað mikið sem jörðin batnar við jarðabæturnar. Og þó erfðafestubóndinn, einhverra orsaka vegna, neyðist til að selja jörðina, fær hann því meira andvirði fyrir hana, sem hún hefur tekið meiri bótum fyrir dugnað hans og tilkostnað. Það er ei heldur lítil hvöt fyrir erfðafestubóndann, til að stunda jarðarræktina, að hann er viss um, að erfingjar hans þurfa ekki að hrekjast frá jörðinni, svo leingi sem þeir vilja á henni búa, og jörðin er svo vel setin, að hún getur álitizt nægilegt veð fyrir því árlega afgjaldi, og getur hann því eins óhultur starfað að jarðabótum, byggíngum

og öðru, sèr og erfingjum sínum til arðs og ánægju, eins og þó hann ætti jörðina með fyllsta eignarrètti. Vèr getum því ei betur sèð, en erfðafestan hafi mikilsverða kosti fram yfir hina nú tíðkuðu leiguliða-ábúð, og geti komið hèr að góðu haldi, eins og í Danmörku.

En fæstir af Íslendingum munu hafa borið nokkurt skynbragð á erfðafestuna, þar til vor heiðraði landsyfirrèttardómari, jústizráð Þ. Jónassen, skýrði allgreinilega frá henni í öðrum árgángi Reykjavíkurpóstsins, og er því ekki að vænta, að hún sè enn þá farin að tíðkast hèr, því allar nýbreytíngar eiga mjög erfitt uppdráttar í fyrstu, meðan menn eru að kynnast þeim, og sjá af þeim heilladrjúgar afleiðíngar; en vèr vonum, að reynslan mundi bráðum sannfæra bændur um yfirburði erfðafestunnar, og gjöra þeim hana girnilega, og að jarðeigendur vorir, að minnsta kosti sumir, mundu ekki verða ófúsir á, að selja leiguliðum sínum ábúðarjarðir þeirra sem erfðafestu-bændum. Margur leiguliði gæti líka borgað einhvern lítinn part af verði jarðarinnar, sem ekki hefði ráð með að borga hana alla, þó hann ætti kost á, og haft þó nokkuð eptir, til að verja til jarðabóta.

En þó vèr þannig mælum fram með erfðafestunni, er samt auðvitað, að svo óhaganlega mætti koma henni fyrir, að hún yrði með öllu óaðgeingileg, t. d. ef eigandi jarðarinnar áskildi sèr svo hátt árlegt afgjald af jörðinni, eður svo mikla borgunarsummu, að rentan af henni og það árlega afgjald til samans lagt yrði mikið meira en venjulegt, sanngjarnlega ákveðið eptirgjald, eður ef kaupandinn ekki feingi svo frjáls umráð jarðarinnar, sem framast mætti verða.

Hvað viðvíkur borgunarupphæðinni á hinum opinberu eignum, klausturjörðunum, er þannig kynnu að verða seldar, þá virðist oss hún ætti ekki að vera meiri en svo, sem svaraði ¼ eður mest ⅓ af sanngjarnlega metnu verði allrar jarðarinnar, og að hið árlega eptirgjald ætti að verða lækkað, frá því sem nú er, eptir sömu tiltölu; samt yrði, í tilliti til hinnar árlegu afgreiðslu-upphæðar mikið að fara eptir því, hvort hið venjulega eptirgjald hennar yrði álitið sanngjarnt eður ekki, og má ætla, að umboðsmenn þessara jarða sæju um, að þær ekki feingjust keyptar, nema því að eins, að svo mikið væri boðið fyrir þær, að hið opinbera yrði skaðlaust. Í því tilliti mætti og gjöra það að reglu, til frekari fullvissu, að sýslumaður segði

álit sitt með umboðsmanninum, áður en boðið yrði samþykkt, en um þetta efni mundu jarðeigendur vorir sjálfir semja við þá landseta sína, er þeir gæfu kost á að verða erfðafestu-bændum.

Hvað umráðarètt erfðafestubóndans yfir jörðinni snertir, þá viljum vèr taka það fram, að vèr álítum það ómissandi, að hann yrði látinn vera svo frjáls og óbundinn, sem framast mætti seljandanum að skaðlausu; og vèr getum ekki sèð, að kaupandi þyrfti að vera seljanda í nokkru háður, nema í þessu þrennu: 1. að borga árlega afgreiðsluna; 2. að halda jörðinni svo vel við, að hún ætíð sè nægilegt veð fyrir afgreiðslunni; og 3. að farga ekki jörðinni nema í einu lagi. Væri kaupandinn meira bundinn, en hèr er til greint, eður ef áskilin væri nokkur þóknun við eigandaskiptin, erum vèr hræddir um, að allt slíkt mundi gjöra erfðafestuna óvinsæla og óaðgeingilega, einkum fyrst í stað.

Vèr ætlum ekki að fara fleiri orðum um þetta málefni, en felum það nú yður á vald, heiðruðu alþingismenn, fulltrúar þjóðarinnar, og biðjum yður, að taka það til nákvæmrar yfirvegunar, og af því vèr álítum, að það því að eins muni fá góðan og greiðan framgáng, að stjórnin verði því meðmælt, og greiði því veg með orði og verki, þá biðjum vèr yður, að senda konúngi vorum bænarskrá þess innihalds:

1.

a, Að hann allramildilegast gefi leyfi til, að klaustrajarðir á Íslandi, með þeim fylgjandi kúgildum, megi seljast hlutaðeigandi ábúendum sem erfðafestubændum, nær sem þeir óska, að fá þær svoleiðis keyptar, og bjóða ekki minna í árlega afgreiðslu af jörðinni, en $\frac{2}{3}$ af þeirri núverandi landsskuld og leigum, og svo mikla borgunarsummu, að rentan af henni, saman lögð við afgreiðsluna, samsvari því eptirgjaldi, sem nú er, eður menn geta sanngjarnlega vænt eptir.

b, Að amtmönnum verði veitt leyfi til, að samþykkja boð ábúandans, eptir að hann hefur feingið álit umboðsmanns jarðarinnar og sýslumannsins um það, hvort boðið væri aðgeingilegt og skaðlaust fyrir hið opinbera.

c, Að kaupandinn verði ekki í söluskilmálunum bundinn við annað en það, að borga í tækan tíma þá árlegu afgreiðslu, halda jörðinni svo vel við, að hún ætíð sè nægilegt veð fyrir afgreiðslunni, og að farga ekki jörðinni nema í einu lagi.

2.

Að hann allramildilegast með boðunarbrèfi hvetji alla jarðeigendur vora til, að selja leiguliðum þeirra, hverjum sína ábýlisjörð, upp á sama máta, þegar leiguliðarnir óska þess.

Skrifað á fundi að Miðhúsum 20. júnímánaðar 1853.

St. Jónsson: Bænarskrá þessi er nokkuð laung, enda hefur hún legið nægilegan tíma á lestrarsalnum, svo eg gjöri ráð fyrir, að hún sè þingmönnum kunnug orðin. Það, sem bænarskráin fer fram á, er, að hèr í landi verði upp tekin erfðafesta, og ætlar hún, að með því muni fleirum greiðast vegur til, að verða sjálfseignarbændur, þar sem ábúendum jarðanna gefist þá færi á, að kaupa jarðir þær, sem þeir búa á. Eg ætla ekki, að neinar sèrlegar ástæður sèu móti málefni þessu, þar sem tilgángur bænarskráarinnar er góður, og stefnir til almenníngsheilla, en eingum til skaða. Eg vil því mælast til, að þíngið láti kjósa nefnd, til að yfirvega málefni þetta, og vegna þess, að mèr sýnist það mjög mikilsvarðandi, þá leyfi eg mèr að stínga upp á 5 manna nefnd.

P. Pètursson: Það er almennt viðurkennt, að jarðarræktin sè hin helzta undirstaða allrar velmegunar hèr á landi, en undirstaða hennar sè aptur sjálfseignin. Nú eru til tveir vegir, til að fjölga sjálfseignunum, sá annar, að sem flestir eignist jarðirnar, eða að sjálfseignarbændurnir verði sem flestir, hinn, að fáeinir menn eignist sem flestar fasteignir, og sjálfseignin hefur hèr mest útbreiðzt á hinn síðar nefnda hátt, og hefur hann marga og mikla galla. Bænarskráin fer því fram, að sjálfseignin eflist með því, að sem flestir geti orðið sjálfseignarbændur, og það ætlar hún að vinnast megi með því, að fá erfðafestuna inn í landið. Erfðafestan þykir nú að vísu vera ýmsum annmörkum bundin, og það má vel vera, að svo sè; en eg hygg, að fyrir þessa annmarka megi byggja með skýrum og skilmerkilegum lögum. Sumir hafa t. a. m. óttazt fyrir því, að festan kynni að verða órýmilega há, eða þá, að hið opinbera kynni að líða skaða við jarðasöluna, ef menn ekki þættust hafa fullkomna vissu fyrir því, hvað af andvirði jarðanna yrði; en eg held að þetta mætti fyrir byggja með því, að til taka upphæð festunnar, og með því, að verð jarðanna væri ekki greitt allt, heldur að eins nokkuð af því, en hitt látið standa inni í jörðunum. Yfir höfuð þykir mèr þetta mál varða miklu, og

mæli eg þess vegna með því, að nefnd verði kosin í það, jafnvel þó þingið hafi ærin störf fyrir hendi, og tíminn sè naumur.

Á. Einarsson: Eg ætla mèr öldúngis ekki að mæla móti nefnd í þessu máli, þó eg geti ekki dulizt þess, að mèr þykir það, ef til vill, of snemma borið upp. Eg held, að það hefði legið nær, að snúa sèr að öðru, og það eru lög milli landsdrottna og leiguliða, því eg held, að hentug lög um það efni gætu gjört töluverð áhrif á jarðyrkjuna. Samt er eg meðmæltur því, að nefnd verði kosin, því hún skýrir mál þetta greinilega fyrir mönnum. Eg er og á því, að eigi muni allir verða samdóma hinum heiðraða flutníngsmanni um það, að innleiðsla erfðafestunnar hèr í landi verði eingum til skaða, en öllum til gagns. Eg held, að mörgum muni þykja það ísjárvert, að hinar opinberu fasteignir sèu seldar. En hvað því viðvíkur, er hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður sagði áðan, að sjálfseignarbændur gætu fjölgað með tvennum hætti, þá held eg, að þeir fjölgi ekki fyrir það, þó einstakir menn eignist sem flestar jarðir, eins og hann sagði, nema að því leyti, sem þær dreifast út meðal erfingja þeirra.

P. Pètursson: Eg sagði ekki, að sjálfseignarbændurnir gætu fjölgað með tvennum hætti, heldur sjálfseignirnar, og var það þó ekki sem bezt valið; en mèr datt þá ekki í hug orðið „*bændaeign*“, sem svarar til hins danska „privat Ejendom“.

Þ. Jónassen: Eg verð einnig að mæla með því, að nefnd sè kosin í þetta mál, því það er að mínu áliti mjög mikilvægt. Erfðafestubóndinn hefur að vísu ófullkominn eignarrètt, en þó þessi eignarrèttur hafi ýmsa annmarka, þá hafa þó erfðafestubændur mörg hlunnindi fram yfir leiguliða. Hvað klaustraeignum viðvíkur, getur erfðafestan, eins og nú er komið, má ske þar virzt miður nauðsynleg, síðan stjórnin er búin að rýmka svo frjálslega um rèttindi leiguliðanna á þessum jörðum, að ekkjan hefur ábúðarrètt á þeim, eptir bónda sinn látinn, og niðjar hans. Sama má og, ef til vill, segja um leiguliða á fleirum opinberra stiptana fasteignum, þar eð ábúendur þeirra hafa venjulegast þar æfifestu. En þó að ýmsir annmarkar kunni nú að vera á erfðafestunni, þá er eg á sama máli og hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður um það, að fyrir þá megi girða með skýlausum og greinilegum lögum; því það er eingin mótbára, að það muni verða farið í kring um þessi lög; það má

ætið gjöra ráð fyrir slíku af þeim, sem vilja hafa sig til þess, og svo eru lyndir.

Bænarskráin, sem hèr er umtalsefnið, ætlast, hafi eg tekið rètt eptir, til, að af jarðarverðinu skuli borga út $\frac{1}{3}$, en hitt standi í henni, og er það gjört í því skyni, að hlutaðeigendur eigi hægra með, að eignast jarðirnar. En það er annars vani, að borga meira út af jarðarverðinu, og er þá afgjaldið aptur þeim mun minna, sem meira er borgað í jörðunni. Það er mín meining, að erfðafestan, ef hún kæmist hèr á, gæti orðið til hagnaðar, bæði fyrir seljanda og kaupanda. Eg vil taka til dæmis, að jörð, sem goldnir eru af 20 rbdd., yrði seld með erfðafestu, og afgjaldið ákveðið til 10 rbdd. árlega, þá ætti kaupandinn, ef farið er eptir leigunni, að borga 250 rbdd. fyrir þessa jörð, en eg vil ætla, að hann vel geti staðið við, að borga 300 eða 350 rbdd. fyrir jörðina, og yrði þá afgjaldið til samans töluvert meira en áður, og geta þó báðir, seljandi og kaupandi, verið vel íhaldnir, og hvað sem þessu líður, má þó ætið segja erfðafestunni það til gildis, að erfðafestubóndinn, ekkja hans og börn geta með fullri vissu orðið aðnjótandi þeirrar umbótar og ræktar, sem jörðin fyrir dugnað hans og atorku hefur feingið, og liggur í þessu mikil hvöt fyrir hann, að rækta jörðina sem bezt, og að vísu miklu meiri, en væri hann leiguliði. Eg mæli því fram með nefnd í málefni þessu.

St. Jónsson: Hvað það snertir, sem þingmaðurinn úr Strandasýslu kvað nauðsyn á vera, að snúa sèr til landsdrottna og leiguliða, þá held eg það mál fallið af sjálfu sèr, þar eð eingin sèrstök uppástúnga er komin um það til þingsins — (*Á. Einarsson*: Þingmaðurinn hefur án efa misskilið mig áðan) —; en mèr þykir ísjárvert, að hrinda þessu máli, sem hèr ræðir um, og eg treysti því, að ef nefnd verður kosin, sem eg álít sjálfsagt, þá muni hún ekki hrapa að því, að hvetja til, að opinberum eignum verði fleygt burtu fyrir ráð fram, heldur fara svo með málið, sem bezt gegnir, og sem affarabezt verður almennings hag og heillum.

Konúngsfulltrúi: Þar eð eg eingan veginn hef í hyggju, að mæla móti því, að nefnd verði sett í þessu máli, heldur miklu fremur vil ráða þinginu til, að taka það til nákvæmrar yfirvegunar (því þó tíminn má ske í þetta sinn ekki vinnist til, að leiða það til lykta, þarf þó sá tími og það ómak, sem nú er brúkaður til að yfirvega og ræða það, ekki að vera gagns-

laus, ef það seinna kæmi fyrir), skal eg nú, til þess ei að leingja þíngræðurnar í þetta sinn, geyma þær athugasemdir, er eg hef við málið að gjöra, þángað til það kemur til frekari umræðu í nefndinni og á þínginu. Í tilliti til nokkurra þeirra orða, sem fallið hafa hèr á þínginu, skal eg geta þess, að því meir sem erfðafestan útbreiðist, því minna þarf á þeim lögum að halda, er snerta skyldur og rèttindi landsdrottna og leiguliða.

P. Sigurðsson: Eg er í þessu efni á sama máli og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi. Málefni þetta hefur komið til umræðu heima í hèruðum, og má segja um það eins og margt annað, að sínum augum lítur hver á silfrið, en fleiri munu þeir verða, sem þykja þessar erfðafestur varúðarverðar, og geta ekki gjört sèr ljósa hugmynd um kostina, og miklu síður um ókosti þá, er erfðafestur þessar kynnu að hafa í för með sèr. Eg mæli því fram með nefnd, svo málefnið verði nákvæmlega yfirvegað og mönnum verði það ljósara, en ekki er þar með víst, að eg ráði til, að leingra verði farið með það að þessu sinni.

H. Stephensen: Mál þetta, sem einginn gefur atkvæði móti að nefnd sè kosin í, er að mínu áliti helzt til of ókunnugt hèr á landi. Einu sinni hefur verið reynt, að koma því á gáng hèr, en það varð forgefins, og eg veit ekki til, að það hafi hjá oss verið skýrt nema einu sinni á prenti, og það er allt og sumt, sem menn hafa hèr feingið að vita því til upplýsíngar. En málið er svo mikilsvarðandi, bæði fyrir kaupendur og seljendur, svo eg ætla, að ekki megi fella það niður, heldur setja nefnd í það, og ætla eg, að eingin vanþörf sè á 5 mönnum í hana.

Á. Einarsson: Flutníngsmaður misskildi það, sem eg sagði áðan, því eg mælti einmitt fram með því, að nefnd yrði kosin í málið, og þó gjöri eg það nú miklu fremur, þegar eg er búinn að heyra ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa.

Ó. Sivertsen: Þótt eg eingan veginn fyrir mitt leyti vilji vera því mótfallinn, að nefnd sè kosin í málefni þessu, vildi eg samt sem áður vekja máls á, og leiða hugi manna að einu atriði hèr að lútandi. Eg veit til, að leiguliðar sumstaðar, sem búa vel á býlum sínum, fá að njóta æfilángt ábúðarinnar, og eins ekkjur þeirra, ef þær vilja það (samkv. N. L. 3—14—10. og 11.), og enda þótt þeir hafi ei lagt festu út fyrir ábýlið. Nú er fremur en verið hefur í landi hèr miklu kostað til jarðyrkjubóta. Til þess þurfa ábúendur að verja töluverðum fjár-

munum. Peníngar eru litlir í landinu, eins og alkunnugt er, og nógu mikið, já, meira en nógu mikið gjald ætla eg sè komið burt úr landinu eða á sundrúngu fyrir það jarðagóz, er búið er að selja, og landsmenn áttu allt sjálfir í öndverðu. Þegar eg er búinn að benda á þetta, get eg fúslega fallizt á, að 5 manna nefnd sè kosin í málinu.

Á. Einarsson: Eg vil leyfa mèr að gjöra þá athugasemd við það, er hinn heiðraði þíngmaður Barðstrendínga mælti, viðvíkjandi því, að heldur batnaði samkomulag milli lánardrottna og leiguliða, að eg þekki allt eins mörg dæmi upp á hið gagnstæða, og held, að það fari eins almennt vesnandi, eins og batnandi, eða það jafnvel fremur færist í vöxt, að jarðeigendur byggi leiguliðum sínum svo lauslega og óákveðið, að landsetar sèu sjaldan óhultir fyrir því, að þeir sèu flæmdir frá ábýlum sínum, þó vel á þeim búi, og er auðsèð, hvað þetta spillir allri jarðabótatilraun.

M. Andrèsson: Eg er í þessu öldúngis samdóma hinum heiðraða þíngmanni úr Strandasýslu, að mèr finnst samkomulag landsdrottna og leiguliða heldur færast úr lagi en í. Eg vildi raunar óska, og hef leingi óskað, að hver maður ætti sína jörð sjálfur, því það er nú sem stendur hin eina tryggíng, sem búendur geta reitt sig á, fyrir ábúðinni. En þegar eg las ritgjörðina í Reykjavíkurpóstinum um erfðafestuna, þá rak eg þar augun í eitt atriði, en það var, þegar eigandaskipti verða; en eg má þó játa, að mèr er þetta efni ekki svo ljóst enn, að eg geti vel áttað mig á því. En það sè eg, að mál þetta er svo mikilvægt, að eg legg til, að nefnd verði kosin í það, þrátt fyrir þá annmarka, sem sumir óttast að erfðafestunni fylgi; því þó nú að leyfilegt yrði, að kaupa jarðirnar til erfðafestu, þá vona eg, að þeir einir leggi út í þessi kaup, sem sjá sèr fært, að komast vel frá þeim, og þeim verður hagur að.

J. Guðmundsson: Eg er reyndar ekki á móti nefnd í þessu máli, þó eg vilji benda á það, að mèr finnst umræðurnar fara í nokkuð aðra stefnu en bænarskráin. Eg man ekki betur, en hún fari því einu fram, að konúngur gefi erfðafestuleyfi að eins á sínu gózi, eða opinberum fasteignum. En hèr er um þrenns konar fasteignir að gjöra, hin opinberu góz, kirknagózin og bændaeignajarðirnar, og getur því í þessu máli einnig og meðfram verið að ræða um þvíngunar-lögmál, nefnilega það, að konúngur gjöri öllum jarðeigendum á landinu það að skyldu,

að innleiða erfðafestu á jörðum sínum; þessu fer bænarskráin ekki fram, að eg ætla, og þó að umræður nokkurra þingmanna sýnast að hafa hnigið í þá áttina, ímynda eg mèr samt, að þingmenn verði ekki á því, að biðja um því um líkt þvíngunar-lögmál til erfðafestu; en ef erfðafestan þykir fýsileg án þess, einnig á bændaeignum, þá er henni ekkert til fyrirstöðu á þeim jörðum, því hver eigandi á frjálst, að semja um hverja þá afhendíngu eða sölu á fullkominni eign sinni, sem honum lízt.

Þar næst er að líta á nauðsyn erfðafestunnar á klaustragózunum og öðrum konúngsjörðum, sem nefndar eru. Einn af hinum háttvirtu konúngkjörnu þíngmönnum taldi henni til gildis á þessum jörðum, að fyrir hana væri jarðaræktinni og jarðabótum svo mikil framfaravon, er leiguliðinn hefði þá vissu fyrir, að afkomendur hans mættu njóta og búa að þeim jarðabótaverkum, sem hann hefði leyst af hendi. Þessi er og hin einasta verulega og góða hlið erfðafestunnar. En þessar klaustra- og konúngs-jarðir eru að minni ætlun svo mannúðlega byggðar, sem fremst má verða, og svo, að full hvöt er fyrir leiguliðana, að gjöra þeim til góða. Leiguliðinn hefur æfifestu-ábúð fyrir sig og ekkju sína, á meðan hún er ógipt, og þar til kom 1850 eða 1849 um það brèf frá ráðherranum, sem þá var, að afkomendur leiguliðans mættu njóta ábúðarrèttarins, ef hann hefði setið vel jörðina. Svona eru að minnsta kosti um klaustra-og umboðs-jarðirnar, og það skyldi þá vera, að erfðafesta gjörði nokkurt gagn og væri nauðsynleg á kirkjujörðunum. Annars held eg, að erfðafesta yfir höfuð sè mjög gagnstæð hugsunarhætti Íslendínga, einmitt vegna þess, að hún er ófullkominn eignarrèttur, en Íslendíngar vilja annaðhvort eiga hlutinn alveg eða ekki. Samt sem áður mæli eg alls ekki móti nefnd í þessu máli.

Á. Einarsson: Það var ekki meiníng mín, að alþíngi núna stíngi upp á lagaboði, til að þvínga eignarrèttindi manna. Eg vil yfir höfuð ekki skerða nein rèttindi manna, nè nokkur forn rèttindi, er staðizt geta. En hitt er ætlandi, að ef erfðafestan tækist vel, og yrði affaragóð á hinum opinberu jörðum, þá mundu bændur sjálfir leiðast af því dæmi, ef þeir sæju landinu verulegan hag við það, til að fara hinu sama fram þvíngunarlaust.

P. Pètursson: Eg efast mikið um, bæði að alþíngi mundi fara því á flot, að beita nokkru þvíngunar-lögmáli í þessu tilliti, og eins um það, að stjórnin mundi velja þessa aðferð eða

fallast á hana. Þar á móti efast eg alls ekki um hitt, að jarðeigendur mundu sjálfkrafa taka upp á því, ef þeir hefðu þau dæmi fyrir augum sèr, sem sýndu þeim, að það gæti orðið báðum hlutaðeigendum í hag. Hvað hinum opinberu fasteignum viðvíkur, þá tók hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga það fram, að erfðafestan mundi gjöra gagn á kirknajörðum, og skal eg því ekki orðleingja um það; en ásigkomulagi klaustragózins er eg ekki svo nákunnugur, að eg geti með fullkominni vissu sagt um, að hve miklu erfðafestan kunni þar að bæta; en þess hef eg orðið áskynja, að ekki eru allir ábúendur þessara jarða ánægðir með kosti þá, sem þeir hafa nú á þeim, og er því ekki óliklegt, að þeir geti eins og sjálfar jarðirnar tekið talsverðum bótum.

Þ. Jónassen: Bænarskráin fer ekki fram neinni þvingun, en ætlast einúngis til þess, að stjórnin hvetji hlutaðeigandi jarðeigendur til þess, að selja leiguliðunum ábúðarjarðir þeirra til erfðafestu. Hèr á sèr því alls eingin nauðúng stað.

St. Jónsson: Mèr datt aldrei í hug, að neinn mundi ímynda sèr, að bænarskráin færi fram á neins konar þvingun, eða grípa inn í eignarrètt manna með valdi. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga minntist á viðunanlega ábúðarkosti á klausturjörðunum, þá kannast eg að vísu við það, og þegar leyft var, að linna mætti uppboðum til festugjalds, þá var þess getið, að það þætti vel til fallið, að afkomendur góðra ábúanda nytu ábúðar framvegis eptir forfeður sína, það er að skilja, þegar ekki bjóðast betri. En ekki skil eg, hvaða mótbára fæst úr þessu gegn því, sem bænarskráin fer fram á, eða móti því, að nefnd verði kosin í því.

Á. Einarsson: Bænarskráin ætlast að vísu til eingrar þvingunar um þetta mál. En hvað á sú hvöt lángt að ná, er bænarskráin bendir til að stjórnin eigi að gefa jarðeigendum, til að selja ábúendum ábúðarjarðir þeirra til erfðafestu? En eg ætla það eigi hèr við, sem mig minnir ekki betur en hèr hafi einhvern tíma verið sagt á alþingi áður, að þar sem kisa kemst inn með klóna, þar kemst hún öll inn (*H. G. Thordersen*: já!).

Forseti: Þar eð nú taka ekki fleiri til máls, álít eg umræðunum um þetta lokið, og vil eg þá biðja hina heiðruðu þingmenn, að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa í málið.

Því næst voru atkvæði greidd, og urðu með nefnd 19 atkvæði gegn 2.

Forseti: Ef einginn mælir móti 5 manna nefnd, eins og upp á hefur verið stúngið, þá bið eg nú þíngmenn að kjósa 5 menn í þessa nefnd.

Að því búnu voru atkvæði greidd og feingu þeir:

jústizráð	*Þ. Jónassen*	15	atkvæði,
umboðsmaður	*St. Jónsson*	15	—,
lögfræðíngur	*J. Guðmundsson*	12	—,
prófessor	*P. Pètursson*	10	—,
bóndi	*Á. Einarsson*	10	—.

Forseti las þá atkvæðin upp, og ákvað fund til næsta dags kl. 12 f. m., þar eð nú væri ekki meira að starfa; kvað hann þá mundu koma til undirbúníngsumræðu nefndarálit í veiðilagamálinu, sem hann mundi boða þíngmönnum í dagskránni.

Fundi slitið.

---

15. júlí — ellefti fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Í dag liggur fyrir til undirbúníngsumræðu nefndarálit í málinu viðvíkjandi veiðilögunum og friðun selsins; framsögumaður nefndarinnar, prófastur *Ó. Sivertsen*, gjörir kann ske svo vel að lesa upp nefndarálitið, og skýra frá helztu atriðum málsins.

Framsögumaður las upp nefndarálitið svolátandi:

Hið heiðraða alþíngi hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um þær bænarskrár, er þínginu hafa verið sendar frá nokkrum hèruðum í vestur-umdæmi landsins viðvíkjandi því atriði í veiðilögunum, er áhrærir selaskotin.

Bænarskrár þessar eru 5, og eru 4 af þeim hins sama innihalds; þær eru frá Mýra- og Hnappadals-, Snæfellsness-, Dala- og Barðastrandar-sýslum. Þessar allar taka það fram, að allur selur kríng um landið sè friðaður fyrir byssuskotum, eða þó sjálfsagt á öllum víkum og fjörðum, þar sem varplönd, nótna- eða uppidráps-selveiði er; eða í hið minnsta, að allur látur- og út-selur sè þannig friðaður, þó far- eða gengdar-sel megi skjóta, þar sem ei er of nálægt nótna- eða uppidráps-selveiði, og ein þessara bænarskráa fer því á flot, að ferðafólki sèu bannaðar

umferðir kríng um selalagnasker á vissum tímum ársins, nema brýn nauðsyn við liggi. Bænarskrár þessar eru til samans undirskrifaðar af 128 mönnum. Aptur er ein bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu, undirskrifuð að eins af 9 mönnum, sem lýsir því, að heldur vilji þeir, að tilskipun 20. júní 1849 sè óbreytt, en að allur selur sè friðaður (líklega er meiníngin fyrir byssuskotum, þó þess sè ei getið) kríng um allt land, og ferðamönnum bönnuð umferð nálægt nótalögnum og uppidráps-skerjum.

Þannig er það mestallur Vestfirðíngafjórðúngur, svo að segja í einu hljóði, sem biður um friðun selsins fyrir skotum, því þó að 9 menn úr Ísafjarðarsýslu sýnist vera ósamkvæmir þeirri beiðni, þá er það ekki, þegar alls er gætt; því oss er kunnugt, að svo stóð á, að 20 menn úr Ísafjarðarsýslu sóttu Kollabúðafund seinast liðinn 21. og 22. júní, og ásamt öðrum þar á fundi ræddu um breytíngu á veiðilögunum, og vildu biðja um hana; þá kom þar fram bænarskráin, sem biður ei einasta um friðun selsins fyrir skotum, heldur líka, að bannaðar sèu ónauðsynlegar ferðir um það svæði, sem selveiði í nótum eða uppidráp er á; samt var það meir en helmíngur þessara manna, sem fèllust á bænarskrá þessa, og vara-alþíngismaður Ísfirðínga var einn þeirra, en hinir 9 vildu ekkert takmarka ferðalagsfrelsi manna, og út af þessu er risin hin umtalaða 9 manna bænarskrá, og því er hún raunar í sama anda og hinar, um friðhelgi selsins fyrir skotum.

Vèr ætlum nú, til að stytta nokkuð mál vort, að vísa til alþíngistíðindanna fyrir árið 1847, einkum bls. 279 — 283. Þar er greinilega lýst eðli og kynferði selsins, agnsemi og notum af honum, og skaðræði því, er selaskotin olla allri þeirri um lánga tíma brúkanlegu og arðsömu selveiði í nótum og með skutlum og uppidrápi, og þar sèst, að frá Barðastrandarsýslu hefur verið beðið einmitt um hið sama, sem nú er beðið um, svo að segja alstaðar frá Vestfirðíngafjórðúngi, að selurinn fríaðist frá skotum, þótt því yrði þá ei framgeingt svo haganlega, sem vèr ætlum að bezt mundi við eiga.

Hvað nú efni málsins snertir, þá þykjumst vèr vera fullsannfærðir um það, að öll selaskot á landsel og útsel eru svo að segja eins skaðleg og ógjörleg, eins og skotvopn væru höfð við búsmala manna, til að týna tölu hans, og hræða hann frá stöðvum sínum. Selakyn það, sem nú er talið, er fyrir landeigendur, þar sem nótna- og uppidráps-veiði er, sama eðlis og æði-

fuglinn, eða jafnvel ærin og kýrin í búfjárhögunum; því urtan eða móðir selsins kemur ár eptir ár með maka sínum öldúngis á einn og sama stað, og elur þar kóp sinn, þángað til hann er fullstálpaður og hún fer að venja hann undan, og hann er veiddur í nótunum. Þar sem þessi selkópaveiði er um Breiðafjörð, þá hafa nú margir þann sið, að gefa kópmóðurinni líf, þó hún flækist í nótinni, og skera heldur nótina utan af henni til skemmda, en að drepa hana; eins er gjört við útselinn, að þó kópurtan liggi hjá kópi sínum uppi á eyjum eða skerjum, þegar menn fara að sækja haustkópana, svo er henni óáreittri lofað, að bjarga sèr með hægð til sjóar, þó alhægt væri, að ná henni. Með þessum hætti er bæði landsels- og útsels-urta viss að koma árið eptir, ef hún hefur ei að öðru leyti verið hvekkjuð eða svipt lífi. Eigendur vorkópa- og haustkópa- veiðinnar meta því eins mikils, að við halda lífi kópurtunnar, eins og lífi búfènaðarins, kýrinnar og ærinnar.

Menn geta sagt, að bjargræðisvegi skotmanna sè hnekkt með bönnun selaskotanna, og það þykir illt; en ef það mætti illt þykja, þá er auðráðið, „að af tvennu illu skal taka það minna“. Svo er komið t. a. m. á Breiðafirði, að merkisbændur og búmenn, góðar skyttur, sem áður höfðu feingizt við selaskot, hafa fríviljuglega hafnað öllum skotum á sel, og þeir, sem nú eru við þá skaðlegu iðn, eru helzt tómthús- og lausa-menn, eða og verzlunarþjónar, sem liggja yfir því allan veturinn, auk þess sem gripið er til þess líka að sumrinu, og hafna þannig öllum öðrum athöfnum. Þetta eru hèr um bil 6 til 10 báta, 3 menn á hverjum, og viljum vèr nú, eptir því sem vèr höfum spurn af, gjöra þeim öllum til samans að afla 500 til 600 rbdd. um árið, þegar allra-bezt lætur. Aptur á móti getum vèr gjört ráð fyrir, að selaveiði á öllum Breiðafirði, sem aflast í nótum, á rá og með uppidrápi, nemi nærhæfis 20 falt meira arði á sama tímabili, og sèst þar af, hver veiðin er uppbyggilegri landi og lýðum.

Nú mætti má ske aptur segja, að selur sè svo margur, að ei fækki til muna, þó skotnir sèu á ári hèr um 200 selir, sem veiðast þannig, og þetta er að sönnu ei ósennilegt, ef sú fækkun væri ei ollandi öðru verra tjóni; en það er ei því líkt. Seluriun styggist ei frá stöðvum sínum, þó teknir sèu kópar hans, sízt þegar menn forðast að taka þá of únga, meðan foreldrið elskar þá hvað mest, en skotin hræða selinn með öllu burt frá vana-

stöðvum hans. Vèr tökum eitt dæmi: þar sem við eitt sker feingust árlega um 20 vorkópar í nætur, var einn vetur skotnir í grennd við lögnina 6 selir. Strax aptur var skotunum þar hætt; en í 8 ár á eptir feingust þar ei í nætur nema 4 til 6 kópar; nú aptur á öðrum 8 árum hefur kópaveiðin þar næstum því náð sèr, við það sem fyrrum var. Selaskotin eru því á sinn hátt samkynja því, er áður voru æðarfuglsskotin; þau voru ei einasta ollandi fækkun fuglsins, heldur líka fældu hann burt frá varplöndunum. Það er ei heldur því að heilsa, að selur sá veiðist allur, sem skotið er til; sumir skotnu selirnir deyja ei strax af skotinu, en æða með blóðrásinni milli nálægra sela og sökkva svo dauðir niður, og er þetta ei lítil skelfing fyrir selkynið. Aðrir skotnu selirnir, og þeir munu vera miklu fleiri, verða fyrir skothríð selamanna, en komast lifandi undan með höglin í skrokknum. Þannig eru við hin yztu útsker á Breiðafirði á seinast liðnu vori veiddir í irekstrar-nætur hèr um bil 40 selir, og fundust fjöldi skothagla í spiki og kjöti margra þeirra, þá rannsakað var.

Af þessu, sem hèr er sagt og byggt er á reynslunni, er þá auðsætt, að gagnsmunir á Breiðafirði og kring um hann, og verð þeirra mörgu jarða þar, sem hafa selveiðarhlunnindi við nótna- og uppidráps-brúkun, hlýtur æríð mjög að rýrna, ef ei eru stemmdir stigar fyrir seladrápi með byssuskotum, og erum vèr því sannarlega á þeirri meiníngu, að allur láturselur og útselur, sem hvortveggi eru staðfastar bjargræðisskepnur í sjónum víða kring um landið, eigi, eins og æðifuglinn, landsbúum til velferla, öldúngis að friðhelgast fyrir byssuskotum öllum, en vèr viljum í þetta sinn ráða til, að bannið gegn byssuskotunum á þessu selakyni nái yfir Breiðafjörð, fyrir innan línuna frá Bjargtaungum í Barðastrandarsýslu til Öndverðarness í Snæfellsnessýslu, þar eð 3 sýslur, sem að þessum firði liggja, samhuga hafa beiðzt eptir þessu banni, og þeim er mest skaðræði af því búið, ef það ekki fæst.

Um farselinn eður geingdarsel er að vísu nokkuð öðru máli að gegna, en um látur- og út-sel. Hann er ekki staðfastur hjá oss, heldur kemur hingað til lands á veturna, ærlast og elur upp kyn sitt á hinum grænlenzka hafís. Þó er það reynt orðið, að skot á hann spilla töluvert fyrir veiði hans á rá, sem fyrrum var arðmesta veiði á Ísafirði, og nú seinna töluvert arðsöm í nótum, bæði þar og í Strandasýslu, líka sumstaðar norð-

anlands. En þegar ísalög koma mikil á vetrardag, getur skeð, að nótum verði ei við komið, og þá kemst ei heldur hvalakyn það inn á firði landsins, sem menn kalla *háhyrninga,* er olla því hvað helzt, að farselurinn veiðist í nótum, því hann hræðist svo mikið þessa morðingja sína, að hann syndir þá sem næst landinu, og flækist því í næturnar.

Ekki getum vèr fundið nægа ástæðu til, að mæla fram með því, sem ein af bænarskránum fer fram á, um bann móti ónauðsynlegum umferðum við uppidrápsskerin. Vèr vitum að vísu, að útselur má eingri styggð mæta á haustdag, þegar hann kæpir eða fæðir, og fer að ala upp kópa sína, en vèr vonum, að umferðir verði síður skaðlegar, þegar bönnuð eru byssuskotin á allan sel. Ætlum vèr það víst, að einginn fjörður á landinu sè eins fjölskipaður á landi hèr af eyjum og skerjum, sem Breiðifjörður er, og vèr vitum, að þar er æðarvarp á hverri ey, og selveiði svo að segja við hvert sker, en þó nokkuð leingra á milli margra eyja og skerja, heldur en það svið, sem veiðilagatilskipunin setur selaskotamönnum; er það meining vor, að bannið gegn byssuskotum eigi einnig að ná til geingdar- eða farselsins á áður nefndu sviði. Skutulveiði er eingum þar með bönnuð; og þar eð nú allar 3 sýslurnar kring um Breiðafjörð biðja um fulla friðun selsins fyrir byssuskotum, og Barðastrandarsýsla hafði beðið um hið sama árið 1847, svo meinum vèr, að þingið nú allra-þegnsamlegast eigi að biðja hans hátign konúnginn um fullkomna friðhelgi fyrir alls háttar selaskotum á Breiðafirði til yztu annesja. Virðist oss bezt fallið, að bann þetta gegn selaskotunum auglýsist með *„opnu brèfi"* hèr um bil á þessa leið:

> Á Breiðafirði á Íslandi eru bönnuð öll byssuskot á sel fyrir innan línuna frá Bjargtaungum í Barðastrandarsýslu til Öndverðarness í Snæfellsnessýslu, undir þær sektir, sem við eru lagðar í 15. og 16. grein tilskipunarinnar 20. júní 1849; og er þessum greinum í nefndri vorri tilskipun að svo miklu leyti hèr með breytt.
>
> Alþíngi þann 12. júlí 1853.
>
> *Þ. Sveinbjörnsson.* *Ó. Sivertsen.* *Jón Jónsson.*
> formaður. framsögumaður.

Framsögumaður: Nefndarálit þetta hafði fyrir augum, að skýra málefnið svo vel, sem unnt var, um nauðsyn á friðun selsins á Breiðafirði fyrir byssuskotum. Eg vil nú ekki leggja

dóm á, hvernig það hefur tekizt, en eg held þó, að hinir háttvirtu og heiðruðu þingmenn geti séð svo mikið af því, einkum þegar líka er litið eptir þeim skýringum, sem bent er á í alþingistíðindunum 1847, að þingið fallist á uppástúngu nefndarinnar um allt selaskotabann á Breiðafirði. Nefndin hefur nú að sönnu látið það álit sitt í ljósi, að vel mundi hæfa, víðast hvar kríng um landið, bann móti skotum á látursel og útsel, en hyggur þó fyrst um sinn ekki óhæfilegt, að fresta beiðni um því líkt bann, meðan landsmenn hafa má ske annan skoðunarhátt á selaskotum, en Breiðfirðíngar hafa, og það væri, held eg, ekki af vegi, að leyfa nú Breiðfirðíngum brek sín, að eg kveði svo að orði, og láta sjá, hver árángur verður af því hjá þeim, ef þeir fá bænheyrslu, því fremur sem fleiri, er síðar vildu biðja um sama, mundu þá fá bænheyrslu líka, og enn heldur, ef sýnt yrði fram á, að Breiðfirðíngar hefðu haft gott af slíku, og eg sem einn Breiðfirðíngurinn óska þess ekki einúngis þeirra vegna, heldur vona þess staðfastlega. Eg vil nú síður enn ekki með þessari setníngu hindra það, ef einhver þíngmanna vill strax biðja með Breiðfirðíngum hins sama; því auðveldlega held eg mætti koma því við, þannig, að gjöra bænina yfirgripsmeiri, og jafnvel líka þótt þeir vildu ei vægja farselnum, eins og Breiðfirðíngar, að þar í væri breytíng gjörð á beiðni þeirra, frá því sem hinir biðja í bænarskránni til konúngsins.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Mèr heyrðist nefndarálitið geta þess, að ein bænarskráin um friðun selsins fyrir skotum hefði verið frá Mýrasýslu, en mèr virðist, að nefndin hafi síðan að öllu leyti gleymt henni.

Bænarskrár eru þó í því skyni afhentar nefndum, að þær taki þær til greina, og segi álit sitt um þær, annaðhvort hreki þær og hrindi þeim, eða fallist á þær, og mæli með þeim. Nefndin hefur gjört sèr allt far um, að útmála arðsemi selsins einúngis á Breiðafirði, og skaða þann, sem þar geti hlotizt af skotum á hann. Eg vil nú gjarnan trúa, að ábatinn af þessum heimasel þar sè mikill, þó að varla sjáist af jarðamatinu á Breiðafirði, að þessi ábatasama sela-innstæða hafi þá fylgt jörðum þar. En ef slíkur ávinníngur feingist nú, sem mælt er, með friðun selsins í þessum 3 sýslum kríng um Breiðafjörð, því má þá ekki sú 4. sýslan, sem áföst er við þessar, njóta þeirra sömu hagsmuna, þar bæði í Hnappadals- og Mýra-sýslu stendur þó eins á með selveiðar? Þar eru bæði nótlagnir og uppi-

dráp, og sýslan hefur beðið þessa sama, um friðun á selnum fyrir skotum.

Ef þingið fellst nú á það eptir ósk nefndarinnar, að biðja um þessa friðhelgi á öllum Breiðaflóa að Öndverðarnesi, þá gjöri eg það viðauka-atkvæði, að sama friðhelgi nái áfram frá Öndverðarnesi beint á Akranes-skaga.

Þ. Jónassen: Það hefur ætíð þótt miklu varða, að staðfesta væri í löggjöfinni, enda er það bundið miklum vandkvæðum, þegar ekki stendur á steini með lögin, og allt af er verið að breyta þeim. Það þurfa því að vera yfirgnæfandi ástæður fyrir hendi, þegar breyta skal lögum, sem nýlega eru komin út, eins og tilfellið er með nýju veiðilögin okkar, sem ekki eru nema 3 ára gömul, og frumvarpið til þessara laga var ýtarlega rætt og íhugað á alþingi, og tillögur þingsins teknar til greina. Eg hef ekki af nefndarálitinu getað sannfærzt um, að þær tilknýjandi ástæður eigi sèr stað, sem geti rèttlætt, að fara nú þegar að breyta veiðilögunum, einúngis fyrir 3 sýslur í vesturamtinu; því að vísu er það alkunnugt, að mikill og almennur arður er á Breiðafirði af selveiði og varpi, og, ef til vill, meiri arður, en annarstaðar hèr á landi; en mèr þykir það samt einstaklegt, að af þessu þurfi að leiða það, að einginn maður skuli mega allt árið um kríng hleypa af byssu á Breiðafirði, án þess að verða fyrir lögsókn og dómi. Eg er líka sannfærður um, að ef bænarskránni verður framgeingt, muni frá öðrum hèruðum landsins koma fram bænarskrár í sömu stefnu, t. a. m. frá Eyjafjarðarsýslu, hvar á vetrum opt er mikill arður af selaveiði, bæði með byssu og skutli, enda er það, að mèr virðist, meira, sem er með því, að friða selinn fyrir skotum kríng um allt land, en svona í einstökum sýslum.

H. Stephensen: Á alþingi 1847, þegar mál þetta kom til umræðu, var eg á sama máli og eg er enn, að friða ætti sel eins og æðarfugl, þar eð hann að sínu leyti væri eins arðsamur, og enn almennara gagn af honum. Ef nytsemdin af selveiðinni er lík og af æðarfuglinum, því á þá að gjöra henni lægra undir höfði? Þingmaður Barðstrendínga sagði, að bænarskrárnar færu fram á, að friðaður yrði selur um allt land fyrir skotum, en nefndarálitið tekur einúngis til *frá Látrabjargi* og *að Öndverðarnesi,* en Mýrasýsla, sem liggur áfast við, er ekki tekin með. Þingmaður Mýrasýslu vildi láta friða hálfa Borgarfjarðarsýslu, en hinn hrelminginn ekki; hann tók Melasveitina

undir vernd sína, en Akranesinu og Hvalfjarðarströnd sleppti hann hendinni af.

Eg er nú ekki svo gagnkunnugur í Kjósarsýslu, en eg álít þó, að líkt kunni að standa á þar, eins og fyrir vestan.

Eg held annars ekki, að Breiðfirðingum geti verið stór skaði í, þó selur sè friðaður í Rángárvalla- og Skaptfells-sýslum t. d., þar eð nefndin lofar þó, að skjóta hann, þar sem hann ekki er friðaður; eg álít því, eins og hinn 4. konúngkjörni þíngmaður, að friða eigi sel um allt land; því það er sannarlega hlægilegt, ef nokkrar sýslur biðja næsta ár um það sama, sem Breiðfirðíngar gjöra nú; því ef þörf er á, að friða nokkurstaðar, að undantekunum lögnum og látrum, þá sýnist mèr bezt, að gjöra það um allt land í einu.

Jafnvel þar, sem ekki eru nein látur, getur fullorðinn selur veiðzt, sem liggur uppi á þuru landi, til dæmis í Skaptafellssýslu, og væri skrítið, að koma þar í veg fyrir bjargræðisveginn, með því að leyfa mönnum, að styggja selinn með skotum.

Eg tek mèr því viðauka-atkvæði við nefndarálitið, að selur sè friðaður um land allt, en ef það fellur, þá að hann sè hvergi friðaður, nema þar sem tilskipunin til tekur, að fráteknum lögnum og uppidrápshólmum.

Þ. Sveinbjörnsson: Satt að segja, held eg við í nefndinni höfum ekki verið svo stórhuga, að við vildum fara að friða sel um allt land, þó að bænarskrárnar fari fram á það. Við ætluðum, að ef það minna feingist, hvar til nauðsynin var mest brýn, og í hverju tilliti feingizt gátu svo föst takmörk, sem náðu einúngis til sjálfra beiðandanna, mundi hið meira verða auðfeingnara á eptir, ef um það yrði beðið af rèttum viðkomendum. Viðvíkjandi Mýrasýslu, þá stendur öðruvísi á þar; því þar er einginn kaupstaður, og einginn drepur því sel þar að mun, nema kann ske menn, sem fara þángað frá Reykjavík. Á Breiðafirði er hann þar á móti drepinn frá fleiri kaupstöðum, sem við fjörðinn liggja. Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að selaveiði væri í Skaptafellssýslu. Þíngmaðurinn þaðan getur nú borið um það; en ekki er til neins, að vera að friða sel, þar sem hann ekki er til.

Annars þykir mèr vafasamt, að bænheyrsla fáist á þessari mikilvægu friðun selsins, og álít eg, að bezt sè í þessu tilliti, að fara ekki fram á meira, en þörf er á.

Jón Jónsson: Það eru einkanlega 2 atriði í þessu máli,

sem nefndin hafði fyrir augum, og sem eg nú vil taka fram. Henni þótti eðlilegt og raunar sjálfsagt, að taka Breiðafjörð til sem friðhelgan fyrir selaskotum, þar Breiðfirðingar bæði áður, 1847, þegar grundvöllurinn var lagður til þessarar tilskipunar, og eins nú höfðu látið meiningu sína og ósk í ljósi um, að þeir æsktu þess, svo það var þá ekki þeim að kenna, heldur þinginu, að þeir ekki feingu þessa algjörðu friðun selsins; en nefndinni þótti jafnframt iskyggilegt, að láta friðun þessa nú þegar ná leingra en yfir þær sýslur, hvaðan bænarskrár þess efnis komu, og sèr í lagi, þegar til þess er litið, að fyrir nokkrar sýslur er einginn maður, til að segja álit sitt hèr um.

H. Stephensen: Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður sagði, að það væri minni þörf á, að friða selinn í Mýrasýslu, þar einginn kaupstaður væri þar, en að menn úr Reykjavík færu þángað til að skjóta sel, en eg get ekki skilið, hvaða munur getur verið á því, hvort maðurinn, sem styggir selinn með skotum, er úr Reykjavík eða Mýrasýslu; eg er líka fullviss um, að það eru fleiri en þeir, sem flækjast úr Reykjavík, sem skjóta sel þar upp frá; því Borgfirðingar og Mýramenn gjöra sig út til þess, og seinast í vetur var maður úr Borgarfjarðarsýslu kallaður fyrir vegna selaskota á Borgarfirði.

Fyrst hinn sami þingmaður þóttist vita, að seinna mundu koma fleiri bænarskrár sama eðlis til þingsins, því vildi hann þá ekki út kljá um þær allar í einu núna?

Eg álít því rèttast, eins og eg áður sagði, að selur sè friðaður, ekki einúngis á Breiðafirði einum, heldur líka um allt land.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Hinum heiðarlega þingmanni Borgfirðínga þótti eg hafa farið of skammt með atkvæði mitt, þar eg hefði ekki tekið undir það nema hálfa sýslu hans. Þetta kann nú að hafa verið af ókunnugleika fyrir mèr, þar eg þekki ekki fyrir sunnan Akranes-skaga neinar selalagnir nè uppidráps-von, þó eg líti í kríng um allt Suðurland; vildi eg því ekki fara of lángt, til að spilla þar fyrir mönnum, sem kynnu að geta haft mikinn ábata af selaskotum. Þó kaupstaðarbúar skjóti ekki sel fyrir Mýrum, þá held eg sè sami skaðinn, þó aðrir gjöri það; það eru nógar aðrar skyttur, og menn ofan úr sveitum hafa gjörzt til, að skjökta þar, til að skjóta sel, bæði úr Borgarfjarðarsýslu og víðar.

E. Kúld: Þegar eg gjörði bænarskrána úr Snæfellsnes-sýslu að minni uppástúngu, og varð flutníngsmaður hennar hèr

á þíngi, fór eg um hana þeim orðum, að eg vildi helzt óska, að selur yrði hèr friðaður kríng um allt land, en eg held eg hafi þá líka getið þess, að eg væri hræddur við, að það kynni að mæta þeim mótspyrnum, að það yrði ófáanlegt, og þess vegna vildi eg, og vil enn, að ef hann ei fæst hvervetna friðaður, þá samt yrði allur selur friðaður fyrir skotum á Breiðafirði. Eg vildi samt helzt af öllu, að bænarskráin úr Snæfellsnessýslu væri lögð til grundvallar, að fráskildri varabæn hennar, fyrir þeirri bænarskrá, er eg vona að þíngið sendi konúngi í þessu efni.

En viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður áðan mælti, þegar hann fór þeim orðum um álit nefndarinnar, að hann af því gæti ei fundið ástæðu til að ætla, að bann móti selaskotum á Breiðafirði væri svo nauðsynlegt, að breyta þyrfti Breiðafjarðar vegna svo nýrri löggjöf, sem veiðilögin eru, þá skal eg leyfa mèr að geta þess, að eg skil ekki í, með hvaða anda, eða rèttara sagt, með hvaða augum hann, svo mikill maður og lærður, hefur lesið nefndarálitið. Nefndarálitið tekur það berlega fram, að nefndin hefur álitið að nokkru leyti eins skaðlegt, að skotinn væri selurinn á Breiðafirði, eins og ef geingið væri í búsmala bóndans í högunum, og hann drepinn niður; sè nú þetta ekki ástæða til, að friða Breiðafjörð fyrir selaskotum, verð eg fyrir mitt leyti að játa, að eg veit eigi, hvað *ástæða* er. En hvað því viðvíkur, að ekki sè ráðlegt, að breyta veiðilagatilskipuninni fyrir þá skuld, að hún sè svo nýlega gefin út, þá er það skoðun mín um hana, eins og hverja aðra löggjöf, að eg ætla, að jafnskjótt og menn sjá, að hún er ekki góð, heldur, ef til vill, skaðleg, þá eigi henni að breyta til batnaðar, hversu ný sem hún er. Eg skal enn geta þess, að eg vildi, að allur selur væri friðaður fyrir skotum kríng um allt land, en til vara ætla eg að gefa nefndinni meðmæli mitt um, að beiðast þess fyrst um sinn fyrir Breiðafjörð.

St. Jónsson: Þó að hver og einn vilji færa sèr veiðina í nyt, og óski, að lögin sèu sèr í hag, þá er það eðlilegt; en mèr finnst ekki þar fyrir gild ástæða til, að álíta veiðilögin raung, og heldur ekki gild ástæða til, að biðjast breytíngar á þeim yfir allt land; því mönnum er hætt við, að skoða þau eptir því, sem þau eru honum í hag eða óhag; það þykir því einum opt of þraungt, sem hinum þykir of rúmt, og menn geta, ef til vill, aldrei hitt á það, sem öllum er að skapi.

Viðvíkjandi því, sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður sagði, að bænarskrár mundu seinna meir má ske koma úr Eyjafirði, þá held eg ekki sè ástæða til að halda, að það verði fyrst um sinn; því þar veiða þeir bæði á byssu og skutul, eptir sem á stendur. Þó Breiðifjörður yrði friðaður, sem mikil ástæða mun vera til, þá mundi Eyfirðíngum þykja kynlegt, að banna þeim að skjóta sel, af því sagt væri hann ætti heima á Breiðafirði — (Hlátur) —. Nefndarálitið álítur, að annar eins skaði muni fljóta af selaskotum, eins og ef búsmali bóndans væri drepinn niður; en eg held, að fèð týndi þá fljótt tölunni, ef lömbin væru drepin öll, og þannig fara þó Breiðfirðíngar að, hvað selinn snertir, að þeir taka hvern þann kóp, sem þeir geta. Eg álít, að það eigi að vera leyfilegt, að drepa selinn, hvar sem hann ber að landi, eða verður náð, þó samkvæmt því, sem löggjöfin frá 20. júní 1849 til greinir.

E. Kúld: Eg held, að hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga hafi ei skilið nefndarálitið rètt, þegar það líkir selnum þar saman við búsmala bóndans. Nefndarálitið meinar þar ekki selinn á Eyjafirði, heldur á Breiðafirði. Eg fyrir mitt leyti álít, að nefndin hafi gjört heppilega samlíkíngu í þessu tilliti, að því leyti sem eg þekki til á Breiðafirði.

H. Stephensen: 2 þíngmenn hafa móti breytíngaratkvæði mínu komið fram með þær ástæður, að þessi friðun selsins eigi hvergi við, nema á Breiðafirði, eða að minnsta kosti hvergi eins vel og þar, og að það væru líkindi til, að það feingi ekki bænheyrslu hjá stjórninni. Sú einasta ástæða til þess fyrir stjórnina ætti þá líklega að vera sú, að svipta eingan frelsi því, sem hann hefur haft til að skjóta, og hvergi missa menn meira rèttar síns en á Breiðafirði, hvar aflavonin er mest með selaskotunum; en viðvíkjandi því, að veiðilagatilskipunin sè svo úng, þá er víst ekki betra að breyta henni fyrir Breiðafjörð einn, heldur en fyrir allt landið. Þíngmaður Eyfirðínga gat um, að ekki mundi vera Breiðafjarðar-mark á selnum, sem kæmi á Eyjafjörð, en eg skal sýna honum markið á selnum, þegar hann er búinn að sýna mèr mark einstakra manna á æðarfuglinum. Þó eingar bænarskrár hafi komið um þetta, nema frá nokkrum sýslum, þá álít eg það ekki neina ástæðu fyrir því, að friða einúngis Breiðafjörð; því þíngið á þó að vinna fyrir allt landið, um leið og það vinnur fyrir einstakar sýslur þess.

St. Jónsson: Í tilefni af því, sem þíngmaður Borgfirðínga

sagði, þá held eg hvorugur okkar þekki merki á fuglinum, hvorki á Eyjafirði nè annarstaðar; eg held, að fuglinn þekki betur átthaga sína sjálfur.

Það var ekki meiníng mín, að stjórnin mundi neita um bænheyrslu, en hitt hèlt eg, að þíngið mundi ekki geta komið sèr saman um, að beiðast friðunar á öllum sel kríng um allt land. Fyrir Breiðfirðínga álít eg ástæðu til að æskja selafriðunar, þar þetta er því nær sá einasti veiðivegur selsins þar, og yfirgnæfir arð þann, sem fæst af því, að skjóta hann.

E. Kúld: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga sagði, að þar sem ekki væru látur, sæi hann ekkert á móti því, að þar mætti skjóta sel, þá verð eg að geta þess, að hann átti eptir að sanna, að þar sem látur ekki eru núna, sè alstaðar ómögulegt að þau geti orðið, og einmitt bann á móti byssuskotum getur hjálpað til þess; maður verður að skoða bannið á móti skotunum, eins og stofn þann, sem færir ávöxt, en ávöxturinn (eða veiðin) kemur svo bezt, að stofninn sè ei eyðilagður.

G. Brandsson: Vani hefur það optast verið hèr á þíngi, að nefndarálitin hafa ekki farið öðru fram en því, sem bænarskrárnar biðja um, og hið sama sè eg að nefnd þessi hefur gjört sèr að aðalreglu; en núna lítur svo út, sem nokkrir sèu á því, að allt land verði friðað fyrir selaskotum, þar sem þó bænarskrárnar einúngis eru frá nokkrum hluta landsins, og þykir mèr það nokkuð ísjárvert, að taka svona heilðina í stað nokkurs hluta hennar, því það eru, eins og menn vita, einúngis nokkrir menn úr Vestfirðíngafjórðúngi, sem beðið hafa um fullkomna friðun selsins fyrir byssuskotum, og um sama hafa þeir beðið áður hèr á þíngi 1847. En úr öðrum fjórðúngum landsins hefur, að mig minnir, eingin bænarskrá komið þessa efnis, og væri því mjög varúðarvert, að fara því fram, að fornspurðum meira hluta þjóðarinnar, sem þá líkast til mundi kunna þínginu litlar þakkir fyrir, þó að þessu fyrir milligaungu þess yrði framgeingt.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Það hygg eg vera hentugust lög fyrir þjóðina og landið, að í hverju byggðarlagi megi veiða, eins og þar á bezt við. Nefndin hefur sýnt, að á Breiðafirði sè lángtum meiri arður af lögnum og uppidrápi en skotum; aptur kunna sum landspláz að vera, sem mikill arður kann að geta feingizt af sel með skotum, en einginn hinn veginn, og því skyldu menn þá ekki mega veiða selinn með þessu móti, þar sem þeir skemma ekkert fyrir öðrum?

St. Jónsson: Viðvíkjandi ræðu þingmannsins úr Snæfellsnessýslu vil eg einúngis geta þess, að hvorki eg eða aðrir búast við að þurfa, að sanna orð sín hèr á þingi, og eg tek mèr það því ekkert nærri, þó eitthvað sè sagt á þá leið.

P. Sigurðsson: Eins og mèr þykir það eðlilegt og náttúrlegt, þó Breiðfirðíngar vilji fá selinn friðaðan hjá sèr, þegar þeir álíta hann sèr eins þarflegan eins og ærnar og kýrnar, eins þykir mèr á hinn bóginn sanngjarnt, þó Sunnlendíngar óski hins gagnstæða við sínar strendur, þar sem hvergi eru, og að öllum líkindum aldrei verður komið við nótlögnum, svo teljandi sè, en einstökum mönnum getur þó orðið töluverður hagur að selaskotum; um friðun æðarfuglsins var öðru máli að gegna; að skjóta hann var lítill ávinníngur, en net voru aldrei brúkuð fyrir Suðurlandi til þeirrar veiðar. Eg held líka, að stjórnin kynni illa við, að fara kann ske að breyta 3 ára gömlu lagaboði.

Eg veit annars ekki nema Breiðfirðíngum kann ske einmitt gæti orðið hagur að því, að hèr fyrir Suðurlandi væri skotið, sè það víst, að hann fælist eins skotin og þeir segja; því þeir kynnu þannig má ske einmitt að fá þann sel, sem skotin styggja hèðan.

H. Stephensen: Þíngmanninum úr Mýrasýslu hefur fljótlega snúizt hugur, því í fyrri ræðunni sinni var hann á því, að friða ætti selinn í kríng um allt land, en í hinni seinni áleit hann, að það mætti skjóta hann, þar sem ekki væru látur, og arðsvon væri við skot. Mèr sýnist hann vera, eins og margir aðrir í þessu máli, of nærsýnir, með því þeir gæta minna að almennu en sèrstaklegu gagni selsfriðunarinnar. Þíngmaður Rángvellínga, sem nú er, mælir á móti, að selurinn sè friðaður, en þíngmaður þeirra 1847 mælti ekki á móti friðun æðarfuglsins, og þó veit þessi þíngmaður víst, hvað mörg varp- og veiðilönd þar eru.

Tillit til almenna gagnsins sýnist mèr ætti að ráða hèr mestu, og að jafnt væri látið yfir alla gánga; því undir jöfnum lögum er þó ætið bezt að búa.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Hinn heiðarlegi þíngmaður Borgfirðínga hefur hraparlega misskilið mig, þar hann segir, að eg hafi mælt með friðun selsins um allt land; eg mælti með, að sömu lög og á Breiðafirði væru annarstaðar, þar sem eins stendur á, nefnilega að lagna- og uppidráps-veiðin yfirgnæfði skotmanna-ábatann. Þíngmaður Rángvellínga tók fram,

það er eg vildi sagt hafa í tilliti til æðarfuglsins. Það gat lítil móthára verið til á móti algjörðri friðun hans hèr á landi, því arður hans er svo mestur, að hann sè lifandi; það er líttill ávinníngur, að skjóta æðarfugl, og það er munur á ábata, sem skotmaðurinn hefur við að fá 1 sel, eða eina æðikollu, því tek eg ekki saman, vegna skotmanna, bann á selaskotum og æðifuglaskotum.

G. Einarsson: Hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga komst á þá leið að orði nú fyrir skemmstu, að undir jöfnum lögum væri bezt að búa fyrir alla; þetta er að vísu satt, en þó hefur það sínar undantekníngar, og heyrir þar til meðal annars annað orðatiltæki, að samngirnin sè sæmst í öllu. Því að eins er *bezt*, að búa undir sömu lögunum fyrir alla, að eins standi á fyrir öllum; en sè ásigkomulagið ólíkt, þá verður mesta ósanngirni í því, að láta alla vera háða einu og sama lögmálinu. Þessi athugasemd virðist mèr geta heimfærzt vel upp á það mál, sem hèr er umræðuefni, og sem menn greinir töluvert á um hversu haga skuli, þar sumir vilja, að ein og sömu lögin gángi yfir allt land, en aðrir vilja, að einn tiltekinn hluti sè undan skilinn. Ætli nú skoðunin á þessu máli geti nú ekki dálitið skýrzt, með því að segja friðhelgissögu landselsins; hún þarf ekki að vera svo laung. Fyrst þá land þetta var numið, hefur selurinn sjálfsagt verið hvervetna ófriðhelgur; þá er menn fóru að þekkja nytsemi hans, tóku hlutaðeigendur að friða stöðvar hans eða látur fyrir öllum annarlegum eða ofbeldis-veiðum; þetta lètu menn sèr lynda, þar til selaskotin hófust; þá tóku menn að sjá fram á það, að nauðsynlegt væri, að friðhelgissvið landselsins yrði rýmkað, svo það varð með veiðilagatilskipuninni hálf míla frá látrum eða lögnum; síðan hafa menn enn nú fundið, að þessi löggjöf væri eingan veginn næg til, að friða selinn, og því þykir þeim brýn nauðsyn til, að láturselurinn verði gjörður að fullu og öllu friðhelgur um þá firði eða flóa, er hann hefst við á. Að menn vilja líka friðhelga láturselinn út um flóana, orsakast meðfram af ísalögunum; því þegar ísa leggur, hrekst selurinn frá sínum vanastöðvum út á flóana, og fylgir ísspaungunum, og þá eru selaskytturnar þar vakandi yfir veiðinni, eins og eðlilegt er. Til þessa tjóns af skotunum finna nú Breiðfirðíngar manna mest, og þeim er mesta vorkun, þó að þeir kvarti, og vilji ekki vera í þessu háðir sömu lögum og aðrir; og eg veit, að sèrhver, sem þekkti þann skaða, er þeir líða við

selaskotin, vorkenni þeim og taki málstað þeirra, og því þykist eg sannfærður um, að það hefur beinlínis verið ókunnugleiki hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns, sem hefur valdið orðum þeim, er hann áðan talaði viðvíkjandi þessu máli. Það er full-sannað hèr í dag, að láturseladráp á Breiðafirði er jafn-skaðlegt og fènaðardráp á fjall-lendum. Það verður að vera nú ljóst öllum þíngmönnum, að Breiðfirðínga nauðsynjar mjög um, að láturselurinn sè friðaður, og þess vegna mun eg gefa nefndarálitinu fúslega atkvæði mitt; en af því eg veit, að eins og Breiðfirðínga nauðsynjar um friðhelgi selsins, eins nauðsynjar alla landsmenn, þar sem látur eru, að selaveiði sè hjá þeim friðuð. Af þessari skoðun og íhugun þíngræðanna í dag, tek eg mèr á þá lund breytíngaratkvæði við uppástúngu nefndarinnar, *„að allur látur- og út-selur verði friðaður kríng um allt land á þeim fjörðum, til yztu útnesja, þar sem tíðkast selaveiði í nótum, með írekstri eða uppidrápi.*

H. Stephensen: Mèr sýnist þó þíngmaður Dalasýslu hafa nokkuð rýmri skoðun á þessu máli en margir aðrir; því sumir held eg sèu farnir að reikna á fíngrunum hið nytsama, sem hver sýsla hafi af því, að selurinn megi skjótast; því margir vilja einúngis láta sýslurnar við Breiðafjörð verða friðaðar, og draga línu frá Látrabjargi og að Öndverðarnesi, jafnvel þó sú lína falli lángt úti í sjó; aðrir óska, að skot verði leyfð í sinni sýslu, en það er þó aðgætandi, eins og þíngmaður Snæfellsnessýslu sagði, að þar sem látur ekki eru núna, gætu þau kann ske með tímanum orðið, ef skot væru bönnuð, því selaveiðin gæti þá vaxið, eins og æðarvarpið vex við friðun fuglsins.

Fyrir Árnes-, Rángárvalla- og Skaptafells-sýslum er kann ske ekki veiða von, en þar gagna víst skotin heldur ekki stórt.

Eg bið því þíngmenn að íhuga, að taka ekki það sèrstaklega fram yfir hið almenna, eða meta gagn einstakra sýslna meir, en heill alls landsins.

St. Jónsson: Það hefur verið tekið hèr á þínginu í dag, eins og tvennt samkynja, um sel og æðarfugl. Menn ætla nefnilega, að æðarfuglinn haldi þar við, sem hann verpir ár eptir ár, og það held eg sè rètt; því það má að nokkru leyti álíta hann eins og heima-alinn á Íslandi. Þar á móti held eg um selinn, að hann komi annarstaðar að híngað til lands, og ekki nema látraselurinn haldi sèr fremur að þeim stöðum, sem hann er kæptur

á, en annarstaðar, vegna þess, að minnst af allri þeirri mergð, sem hingað að landi kemur af sel, er kæpt hèr við land, þá er eg á þeirri meiníngu, að það sè ekki rètt, að banna öllum mönnum hèr á landi að skjóta sel, af hverri tegund sem er, vegna einstakra manna, þegar hinir geta ekki fært sèr hann í nyt á annan veg.

J. Guðmundsson: Eg verð að vera nefndinni og hinum 1. konúngkjörna þíngmanni samdóma í því, að það sè mjög ísjárvert, að fara nú að breyta 2 eða 3 ára gamalli löggjöf, sem hèðan er geingin út frá þínginu sjálfu; að stínga nú upp á verulegri aðalbreytíngu á þessari eða annari löggjöf ekki eptir leingri tíma, og án þess að ber og brýn nauðsyn knýi, eykur naumast vinsældir eða hylli, hvorki þínginu nè lögunum sjálfum.

Viðvíkjandi því, sem einn þíngmanna skírskotaði áðan til mín um, hvernig til hagaði selaveiðum í Skaptafellssýslum, þá er eg því plázi vel kunnugur, og finn mèr skylt eptir stöðu minni hèr á þíngi, að skýra frá, hvernig þar hagar til, og skal eg í leiðinni fara yfir svæðið í Rángárvallasýslu, frá Þjórsá og austur að Jökulsá á Sólheimasandi, því það er mèr einnig vel kunnugt. Í Þjórsár-útfallinu er all-arðsöm selveiði með nótlögnum, og má ske fyrir „stöðvar“, sem nefndar eru þar eystra. En aptur á svæðinu frá Þjórsá og austur að Kúðafljóti, sem er 5 til 6 þíngmannaleiðir, getur víst hvergi komizt á lagnaveiði eða stöðvaveiði, sem Skaptfellíngar nefna, nema ef vera skyldi eitthvert lítilræði í Holtsós. Á svæðinu frá Kúðafljóti austur að Lónsheiði, sem skilur Múlasýslu og Skaptafellssýslu, leggst selur hèr og hvar upp í ósana, leggst með fram þeim og kæpir, og er það hinn eini arður, sem Skaptfellíngar hafa af honum, ef þeir geta þá stöku sinnum veitt hann, bæði með því, að taka stöðvar í ósmynninu fyrir framan, og svo með fram með því, að draga fyrir hann nætur, um leið og hann er styggður upp; hefur og víða orðið að þessu góður arður. En legði menn sig þar í sýslu í mörgum sveitum jafn-mikið eptir skotum og í Kleifahrepp eða á Síðunni (en varla eru neinstaðar tíðkuð byssuskot, nema í þeim eina hrepp), þá mundi brátt fara þar annarstaðar um þessa veiði, eins og farið hefur í Skaptárósi, að selur er lagztur þar frá, og mætti þar þó vera samkynja veiði og í öðrum ósum, ef selurinn væri ekki fældur með skotum, enda er hennar og getið í máldögum Kirkjubæjarklausturs. En alla slíka staði álít eg megi friða fyrir skotum, eptir 15. gr. veiði-

laganna, því þar segir: *„vilji nokkur taka upp nýja staði til selveiða og friða þá“;* og er auðráðið, að þessir *„nýju staðir“* eru alls ekki bundnir við látur eða lagnir, eptir því sem þessi orð merkja víðast á landinu. Að minnsta kosti hef eg einhvern tíma tekið þetta svo um Skaptárós, og eg veit ekki, nema þar sè nú komin á friðhelg selveiði. En um hitt efast eg mikillega, hvort rètt sè nú eða gjörlegt, að friða allan sel um land allt. Það er mèr mikið vafasamt, hvort t. d. væri rètt eða gjörandi, að meina gjörvallri Rángárvallasýslu, og þeim parti Skaptafellssýslu, sem er fyrir vestan Kúðafljót, þar sem hvergi geta átt sèr stað þeir staðir eða látur, þar sem selveiði megi friða, eða lögnum eða stöðvum koma við, að meina hèraðsbúum á öllu þessu svæði, að skjóta seli, sem slæðast þar upp á sandana. Fyrir austan Lónsheiði, og á öllu því svæði, sem Múlasýslurnar ná yfir, veit eg ekki hvað við tekur eða hvernig til hagar. En því ísjárverðara þykir mèr það fyrir þingið, að friða nú selinn fyrir öllu landi, sem hèr er eingum fulltrúi á þingi fyrir Múlasýslur, og eg held nefndin hafi gjört rètt, þegar hún takmarkaði friðun þessa við Breiðafjörð, því þaðan eru komnar fram verulegar og auðskiljanlegar ástæður, sem eru auðskiljanlega grundvallaðar á því, hvað erfið er gæzlan á, að ekki sè skotinn selur nær látrum, en í hálfrar mílu fjarlægð, eins og lögin taka til; og einmitt þess vegna fellst eg og á breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns úr Mýrasýslu.

M. Andrèsson: Eg vil nú ekki leingja til muna þingræðurnar um selinn; því af eigin reynslu er eg selaveiði ókunnugur. Það hefur leingi heyrzt, að selveiðin á Breiðafirði væri arðsöm, jafnvel meir en hvar annarstaðar á landinu, og ræður hinna heiðruðu þingmanna hafa nú skýrt það enn betur fyrir mèr, að svo muni vera. En hvað því viðvíkur, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga talaði um, að bezt mundi vera, að friða allan selinn fyrir skotum í kring um land allt, þá held eg, að þekking hans hljóti að vera yfirgripsmeiri og djúpsærri en allra annara manna, ef hann getur ábyrgzt, að þetta muni vera rèttast eða bezt. Eg fyrir mitt leyti hallast fremur að nefndarálitinu og ræðu hins háttvirta 1. konúngkjörna þingmanns.

J. P. Havstein: Eg vona, að þingið greiði ekki í þetta sinn atkvæði fyrir því, að selurinn verði friðaður í kríng um land allt, því eg ímynda mèr, að það gefi ekki atkvæði fyrir

því, sem ekki er beðið um, að minnsta kosti ekki úr þremur fjórðúngum landsins.

H. Stephensen: Bænarskrár þær, sem inn eru komnar, eru þó allar á því, að selurinn verði friðaður í kring um allt landið, og það hefur hèr verið látið nægja áður fyrri, ef mig minnir rètt, að þegar svo stendur á, sè bænarorð skránna gjört að aðaluppástúngu, en álit nefndarinnar að vara-uppástúngu, ef hin fellur fyrir atkvæðum þíngsins, og að málefni sèu tekin til greina, þó bæn um þau komi ekki úr öllum fjórðúngum landsins. Þíngmaður Skaptfellínga sagði, að það væri ekki fagurt, að breyta svo nýrri löggjöf, og þó kvaðst hann vera á máli nefndarinnar, sem einmitt vill breyta hinni nýju löggjöf, og gefur um leið tilefni til bráðra breytínga síðar. Þíngmaður Árnesínga var og með dylgjur um það, að eg væri ekki kunnugur landinu, og það getur vel verið, að hann sè það betur. Eg byggði og ekki orð mín á því einúngis, heldur bæði á ræðum þíngmanna sjálfra og á því, er bænarskrárnar fara fram á, og eg ætla líka, að bezt sè, að allir sèu undir sömu lögum.

G. Brandsson: Hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga talaði á þá leið, að hann vildi helzt, að allir væru undir sömu lögum. En eg vil þó benda á það viðvíkjandi þessu, að eg veit til þess, að sèrstakleg lög hafa verið gefin hèr á landi fyrir sèrstakleg hèruð, t. a. m. um hreppskilaþíng og manntalsþíng, o. fl., og nú liggur eitt slíkt mál fyrir, um þíngstaði í einni sýslu. Þessi þíngmaður veit það líka, eins vel og eg, að mönnum úr Vestfirðíngafjórðúngi hefur þótt alþíngi vera haldið of snemma sumars, sökum þess, að fulltrúum þaðan væri sá tími bagalegur mjög að missa frá verzlunarstörfum þeirra, aptur hafa Sunnlendíngar unað þessu vel, því þar hefur staðið nokkuð öðruvísi á. Vestfirðíngar hafa amazt við hreppskilaþíngum á vorin, sem þeim væru mjög óhagfeld sökum ýmsra útrèttínga viðvíkjandi bjargræðisvegum þeirra. Sunnlendíngum þar á mót hafa þótt þau vera ákveðin á hentugum tíma.

Það er mönnum kunnugt, að hèr í Gullbríngusýslu hafa verið gefnar út sèrstakar ákvarðanir um netabrúkun, ekki fyrir alla sýsluna, heldur nokkurn hluta hennar, t. a. m. Keflavík, Njarðvíkur og Voga, og hefur þetta þá sjálfsagt þótt eiga þar bezt við. Eg sè því ekkert á móti því, að sèrstök lög sèu gefin eins nú og endrarnær fyrir einstök hèruð, þar sem nauðsyn ber til. Að öðru leyti vil eg leyfa mèr að spyrja að því, hvort skot á

eitthvað annað en selinn, t. a. m. teistu eða svartfugl, muni ekki fæla hann eins mikið, eins og skot á selinn sjálfan, eða þá eins mikið og hvert annað skot, sem ekki hæfir selinn, þó honum hefði verið ætlað það.

Framsögumaður: Breiðfirðingar hafa tekið eptir því, að selur styggist ekki, þó skotið sè á önnur dýr, þegar hans kyn mætir ekki árásum. Það er merkilegt greindarræði *(Instinct)*, sem dýrunum er gefið. Þegar æðarfuglinn er algjörlega friðaður frá áreitni mannanna, eins og nú á að vera um allt land, þá hræðir það hann ekkert, þó áreittir sèu aðrir óvinir hans, heldur er að sjá, eins og hann verði feginn, þegar menn hrekja frá honum dýr þau eða fugla, sem ásækja hann, t. a. m. örn, svartbak, kjóa, hrafna, og hann hreifist ekki af hreiðri, þó skotið sè hjá honum á þessa óvini hans. Þessa vegna færir hann sig og sem næst mannabyggðum, eða þeim stöðvum, sem hann mætir minnstri árás á. Sama er um selinn; hann er rólegur við látur sín, þó skotið sè, eða skarkali við hafður, á aðrar skepnur. En þegar hann fer að reyna áreitni á eigið kyn sitt, þá flýr hann burt frá stöðvum sínum; og svo hvimstyggur verður hann, að ef hann heyrir skot á landi, þó lángt sè frá honum, æðir hann á haf út, og veit eg til, að þetta hefur sèzt við það tækifæri, að byssu var skotið til marks á kauptúni nokkru. Að selur allur fari víða kríng um land og milli landa, held eg sè ei rètt skoðað; það er farselurinn að eins, sem það mun gjöra; því er hann og kallaður *farselur, geingdarselur, vöðuselur*. Eg bið menn gæta þess, að forfeður vorir strax í öndverðu hèr á landi hafa vel aðgætt eðlisháttu náttúrunnar, þó minni væri þá menntun manna en núna í náttúruvísindum. Þetta sýna mörg nöfn, sem þeir hafa gefið; þar á meðal *landselur, láturselur*. Þeir kenndu selinn nefnilega við heimkynni hans, og eg meina, að til sè nafnið *heimaselur* um þetta kyn annarstaðar, t. a. m. í Grænlandi. Vèr höfum einnig til hjá oss nafnið *búselur*. Eg held því, að hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga þurfi ekki að hræðast fyrir, að selur frá honum dragist burtu vestur á Breiðafjörð, eins og vèr, Breiðfirðingar, skulum ekki bera neinn kvíðboga fyrir því, að vèr missum selinn þaðan til hans, einkum ef vèr feingjum næði til, að gjöra hann hagvanan hjá oss. Eg held því, að nefndin hafi gjört rètt í því, að láta þíngið ráða, hversu mikið það vill takmarka selaskotin annarstaðar, en þar, sem nú er þegar á vikið í nefndarálit-

inu og af þingmanni Mýra- og Hnappadals-sýslu. Eg vil gjarnan gánga inn á nefndarálitið útvíðkað, vilji þingið fallast á þá skoðun; þó get eg þess, að mèr þykir athugavert fyrir þingið, að menn vantar hèr fulltrúa frá Múlasýslum, og má ske nægan kunnugleika um selveiði þar, og álit manna á selaskotum í þeim hèruðum.

H. Stephensen: Eg vona og bið þingmenn að muna það, að eg hef aldrei beðið um það lagaboð eða þau lög fyrir Borgarfjarðarsýslu, sem ekki megi ná yfir allt landið. Hvorki eg, sem fulltrúi Borgfirðinga, nè sjálfir þeir óskum undanþágu undan almennu lagaboði, sem allir mega ekki njóta, ef þeir vilja. Og tek eg þetta fram, einkum viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu sagði áðan, að sèrstök lagaboð fyrir eina og eina sýslu gætu opt verið mjög haganleg og góð.

St. Jónsson: Eg meinti, að útselur og farselur kæmu hingað frá öðrum höfum eða löndum, sèr í lagi frá Grænlandi, en þar á móti meinti eg aldrei til látursels, og því get eg ekki betur sèð, en hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga hafi misskilið mig, eða misheyrzt, hvað eg talaði.

J. Kristjánsson: Eg játa það, að mèr finnst það mjög ógeðfellt fyrir þingið, að það sè aptur og aptur að fjalla um sömu löggjöfina, og eg álít það löggjöfinni sjálfri skaðlegt. En af tvennu illu skyldi maður taka það minna. Ef það verður að álitum þingsins, að fá breytingu á veiðilögunum í þá átt, sem nefndarálitið fer fram á, þá sýnist mèr betur fara, að selurinn sè friðaður umhverfis allt land; því eg get ímyndað mèr, ef öðruvísi væri, þá kynni látra- eða land-selur að leita þaðan, sem hann hefur minni friðun, og þángað, sem friðunin er algjör. Samt get eg eingan veginn fundið þá líkingu, sem um hefur verið rætt, milli friðunar æðarfugls og selsins, fyrir því, að það er einmitt óskylt hjá varpeigendum og þeim, sem selalátur eiga, að hinir hæna að sèr fuglinn, til að vernda hann, og mundi enginn banna samkynja veiði, en þessir vilja hafa selinn friðaðan til þess, að drepa hann, en meina öðrum drápið.

G. Brandsson: Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga hefur víst misskilið mig áðan. Eg sagði, að sèrstök lagaboð væru nauðsynleg, þegar svo stæði á, en eg meinti aldrei, að gefa þyrfti sín lög fyrir hverja sýslu, þegar sömu lögin gætu átt vel við þær allar. En viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga mælti, að selurinn fældist ekki, þó skotið væri

á óvini hans, t. d. teistuna, þá verð eg að gjöra þá athugasemd, að eg skil ekki í því, að teistan sè neinn voðagestur fyrir selinn, svo hann þess vegna, eins og þingmanninum fórust orð, þurfi að fagna yfir því, að hún sè drepin.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Mèr þótti vænt um að heyra, að hinn heiðraði framsögumaður vildi aðhyllast breytingaratkvæði mitt, og vona eg, að aðrir þingmenn verði þá á sama máli, því eg hef sýnt, að fyrir Mýrum stendur eins á og á Breiðafirði, að ábatinn er lángtum meiri af lögnum og uppidrápi en skotum. Ekki get eg skilið Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að í atkvæði mínu, því ef skjóta mætti selinn sunnan til við Borgarfjörð, mundi mönnum vestan til við hann verða stór skaði búinn að skothríð Borgfirðinga, eins og fyr hefur hent sig, og fleiri, er þar færu þá að selaskotum. En gjarnan vildi eg tilstanda, að skjóta mætti selinn fyrir sunnan Akranesskaga og hèr í Gullbringusýslu, svo mönnum hèr fyrirmunaðist ekki sá ávinningur. Eg get líka ímyndað mèr, að ef skotbann væri lagt á sel um allt land, að bænarskrár kynnu fljótt að koma um það, að breyta aptur þeim lögum, frá þeim hèruðum, sem ekki geta veitt selinn utan með skotum. Vil eg því ekki fara leingra með friðhelgunina, en um hefur verið beðið, á meðan ekki kemur kvörtun um þetta frá fleirum sýslum. Annars er eg samþykkur þingmanninum frá Gullbringusýslu, að opt sè þarfleg sèrstök laga-ákvörðun í ýmsum landsplázum, og því meina eg, að löggjöfin hafi svo til sett, að sinn þingmaður skyldi vera úr hverri sýslu, svo upplýsíngar geti feingizt frá öllum plázum um þarfir og ástand þess. Eg man líka til þess, að sèrstakt lagaboð fèkkst fyrir Mýrasýslu, og konúnglegt frumvarp er núna lagt fyrir þíngið um sèrstaka ákvörðun fyrir Árnessýslu.

P. Sigurðsson: Þíngmanni Borgfirðínga þótti það undarlegt, að eg skyldi mæla móti friðun selsins, þar sá fyrri fulltrúi Rángárvallasýslu hefði mælt með því 1847, að æðarfuglinn væri friðaður, og hèlt hann, að eg mundi ekki hafa þau brjóstgæði við dýrin sem hann. En það er aðgætandi, að hèr ræðir fyrst og fremst um tvo menn, sem geta því haft ólíka skoðun á sama máli; en það er samt eins líklegt, að skoðun okkar hefði ekki orðið svo fráleit með friðun æðarfuglsins; og þar næst er hèr um tvær ólíkar dýrategundir að gjöra. Eg sè og ekki, hvernig það þurfi að vera ósamkvæmt sjálfu sèr, þó eg mæli ekki

algjörðri friðun selsins fyrir því, þó þingmaður Rángvellinga hafi áður mælt með friðun æðarfugls, eða þó eg sè ekki eins brjóstgóður við selinn, gráan og grimman, og þingmaður Borgfirðinga. Mèr þykir að vísu nokkuð ísjárvert, að fara nú að biðja um breytingu á nýju lagaboði, hvar í selur er friðaður í nótlögnum og kríng um þær; en þar innbúar Breiðafjarðar hafa almennt óskað þess, og fært ástæður fyrir, þá gef eg nefndarálitinu atkvæði mitt.

H. Stephensen: Hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyínga sagðist í raun og veru vera mèr samdóma í því, að friða selinn kring um land allt, þó hann gæti ekki alveg fellt sig við mína skoðun á þessu máli. Ástæða hans var sú, að menn friðuðu æðarfuglinn til þess, að hafa hann lifandi, en selinn til að drepa hann. En varpeigandi tekur þó margt eggið frá fuglinum, og með því er óteljandi fjöldi fugla drepinn. Eg sè því ekki annað, en friðunartilgángur sels og æðarfugls sè mjög svipaður, þó menn hafi sína drápsaðferð við hvort af dýrum þessum; því það er öldúngis eðlilegt, úr því þau eru svo ólík hvort öðru, og eingin er arðsvon af sel, nema með dauða hans. Hinn heiðraði þingmaður úr Mýrasýslu vill endilega friða selinn í Borgarfjarðarsýslu; en eg er því öldúngis mótfallinn, og það munu allir Borgfirðíngar vera með mèr, nema því að eins, að selurinn verði þá friðaður alstaðar í kríng um landið. En fyrst þingmaðurinn heldur þessu svo fast fram, þá þyrfti hann víst að til taka nákvæmlega víst svæði, hvar það endaði að sunnanverðu, hvort það væri við Akranes-skaga eða hvar, en eg þykist skilja, að varnarlína hans muni eiga að byrja við öndvert nes, þó hún kunni þá að lenda á Þormóðsskeri, og þar er dágott uppidráp. Við vitum báðir, að fjörðurinn er svo mjór fyrir innan Mela, að löggjöfin friðar hann sjálf, og því geta Borgfirðíngar fyrirgefið þingmanninum það, þó hann taki hann undir sína vernd í atkvæði sínu.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil geta þess, að eg fyrir mitt leyti er ekkert móti almennri friðun selsins. Oss, sem í nefndinni vorum, gekk ekki annað til, með að fara því ekki fram, en það, að vèr þóttumst ekki vissir í, hvort landsmenn mundu vilja það yfir höfuð. En svæði það, sem í nefndarálitinu er til tekið, er svo einkennilegt, og á í þessu tilliti, sem hèr ræðir um, án efa ekki sinn líka nokkurstaðar í kríng um landið, og því þótti oss vel mega friða selinn þar, þó það yrði ekki víðar gjört, því þar er hann svo arðmikill. Þingmaður Borgfirðinga undraðist

yfir því , hvað nefndin hefði dregið línuna utarlega, en ef mig minnir rètt, þá eru selalátur rètt fyrir innan hana Barðastrandarsýslu megin — *(Ó. Sivertsen*: Það er víst.) —, og vildi eg mælast til, að þingið feingi upplýsingu um það hjá þeim, sem betur þekkja til þar vestra.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Eg er mjög viljugur, að setja viss takmörk fyrir Mýrum á friðhelgi selsins, og óska eg þá, að allur selur sè friðhelgur fyrir skotum innan sjónhendingarlínunnar beint frá Öndverðarnesi, eða fremstu tá Snæfellsness, á Skipaskagatá á Akranesi, og mun eg standa eins vel að ábyrgð fyrir skaðanum við Þormóðssker, eins og fulltrúi Borgfirðinga fyrir óánægju kjörbúa sinna yfir slíku lagaboði.

Framsögumaður: Það heyri eg, að sumir álíta allt annað að friða sel og friða æðarfugl fyrir byssuskotum. Mèr þykir það vorkun í fljótu bragði, því þeir hugsa ei leingra fram, en svona: æðarfuglinn úngar út og verður gamall og er allur látinn lifa, en selkóparnir eru veiddir. En eg bið menn að gæta þess, er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga sagði fyrir skömmu. Menn lesa æðarfuglseggin saman, og snæða þau. En það er ekki einúngis þetta, og skal eg leyfa mèr að bæta hèr annari athugasemd við. Þó æðurin komist frá hreiðri sínu með 3, 4, 5 eða fleiri únga lifandi, ætla eg, að óhætt sè að segja, að milli Mikjálsmessu og veturnótta sèu ekki fleiri eptir af úngum æðanna en svo, að svari 1 með hverri, ef það er þá svo mikið. Ollir það því nokkuð, að úngar þessir eru svo veikfeldir, og týna þannig tölunni, en verstir eru þó flugvargarnir í því, að olla dauða únganna; svartbakurinn svelgir í kok sín fleiri únga í senn, og hefur þá fyrir einka-fæðu handa sèr og úngum sínum, ef honum er leyft, að ala þá upp. Eg voga því að segja, að ekki er meiri fjölgun að sínu leyti á æðarfuglinum en selnum, því margur kópur kemst undan, þó kópaveiði sè við höfð, þar sem selurinn náir að kæpa í friði; og hef eg nýtt dæmi fyrir mèr á Breiðafirði, að frá einni ey hafa seinast liðið vor veiðzt því nær 50 selir í írekstrarnætur, og var eingin kópurta þar á meðal, en flest allt 1 og 2 ára gamlir kópar. Selaveiði í nótum og með írekstri hefur leingi við geingizt vestanlands, og eingin forn dæmi hef eg heyrt, að menn hafi kvartað af því um fækkun selsins. Jarðabók Árna Magnússonar, sem fór um Breiðafjörð ár 1702, ef eg man rètt, ætla eg muni geta þess, ef hún inniheldur sama, og eg hef til uppskrifað úr henni um Flateyjar-

hrepp, að þá sögðu búendur þar sjálfir til meiri selveiði, en nú gefst þar, og munu þeir víst ei hafa ofhermt, en þá voru heldur eingin selaskot. Þegar selurinn eldist meira, en áður var getið, og hann giptir sig og æxlar sig, ætla eg hann, allt eins og æðarfuglinn, haldi þá við á uppeldissvæði sínu. Eg vona þá, að hinum heiðruðu þingmönnum geti skilizt, að selurinn eigi að friðast eins og æðarfuglinn, og sjái sanngirnina, sem í nefndarálitinu er um það efni, eins og í föðurlandslegri ræðu hins áður nefnda þingmanns Borgfirðinga, og þó menn þá að þessu sinni geti ei fallizt á, að biðja um þetta fyrir allt land, skil eg ei menn geti verið svo fráhverfir velferð bræðra sinna fyrir vestan land, að vera mótfallnir því, er þeir með fullri sannfæringu, og eg vona fullu viti, biðja sameiginlega um.

H. Stephensen: Fáir af þeim, sem rætt hafa mál þetta, hafa fallizt á mína uppástúngu. Þingmaður Rángvellínga bregður mèr um brjóstgæði við selinn, þar sem hann sè þó grimmara dýr en fuglinn, og mun mèr það ekki verða að brigzli. En eg veit ekki, hvort selurinn er að sínu leyti grimmari en fuglinn hans; því þó selurinn ráðist á hina stærri fiska, þá held eg, að fuglinn fari eins að við síldina, eða þau hin smærri dýrin, sem hann getur ráðið við.

E. Kúld: Eg þóttist hafa mælt með því, að selurinn væri friðaður í kring um allt landið, og gleður það mig, að þingmaður Suður-Þingeyínga er á mínu máli. Eg held, að það sparist þó ærinn kostnaður við það; eg vona nefnilega, að við biðjum núna um, að friða Breiðafjörð fyrir selaskotum, eptir því sem nefndin hefur farið fram á, og ef það fæst, þá komist menn annarstaðar á landi hèr til þeirrar sannleikans viðurkenníngar, að þess konar friðun selsins sè viðar nauðsynleg, en á Breiðafirði, og fari að senda alþínginu eptirleiðis bænarskrár um það efni; en ef nú er beðið um algjörða friðun selsins, þá þarf ekki að eyða tíma til þess máls eptirleiðis á þíngunum, nè rita um það fleiri bænarskrár, en nú er búið. Bænarskráin frá Snæfellíngum fer og þessu fram, og eg vil geta þess, að nefndin hefur lagt hana til grundvallar fyrir áliti sínu.

G Brandsson: Eg hef ekki tekið orð hins heiðraða þíngmanns úr Borgarfjarðarsýslu fyrir vott um brjóstgæði hans við selinn — *(H. Stephensen*: Það var þíngmaður Rángvellínga, sem gjörði það; en eg held, að þessi ræða eigi hèr ekki við)—. Það var skoðun mín, en ekki þíngmannsins úr Rángárvallasýslu,

sem eg vildi láta í ljósi — heldur álít eg, að þessi þingmaður haldi það verða affarasælt fyrir þjóðina, ef því yrði framgeingt, sem hann er að berjast fyrir; en þeir, sem fara hinu gagnstæða fram, get eg líka til að gjöri það í góðri meiníngu, enda þó skoðanir hans og þeirra á málefninu sèu töluvert mismunandi.

P. Sigurðsson: Eg verð þó að vera á sama máli og áður, að eg held, að selurinn, sè miklu grimmara dýr en æðarfuglinn (Hlátur). Hann ekki einasta rífur silúng, lax, þorsk til bana, hann hefur líka að sögn orðið mönnum að skaða, og þau dýr mega þó rèttilega kallast grimm.

Á. Einarsson: Það er ekki furða, þó menn hafi sótt þetta mál með áhuga, því það er mjög mikilsvert. Eg álít það einga smámuni, ef á einni jörð væri selveiðin 100 rbdd. virði, og stofninum af slíkum ávexti eytt með látraselaskotum. En eg efast ekki heldur um það, að þingmönnum muni vera kunnug 59. gr. í alþingistilskipuninni, og menn bindi sig ekki of mjög við litinn hag einstakra hèraða, þegar um svo almennt málefni er að gjöra, eins og þetta er. Breiðfirðingar hafa bæði fyr og síðar sýnt það með gildum rökum, hversu þeim er mikilsvarðandi, að fá þessa bæn sína uppfyllta. En það er eitt atriði, sem virðist hèr ekki vera nægilega sundur klofið, en það var það, er þingmaður Skaptfellinga fór að skýra frá um Skaptárós, að veiðilögin sjálf friðuðu hann. En það er þó ekki nema ½ míla frá landi, sem þau friða — *(J. Guðmundsson*: Það er nóg). — Hèr er nú ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að fara fram uppástúngu nefndarinnar um, að Breiðifjörður verði friðaður, eða þá halda sèr til uppástúngu þingmanns Borgfirðinga, eða þingmannsins frá Dalasýslu. En þó bænarskrárnar sèu svo óvíða frá hèruðum landsins komnar nú, þekkja þingmenn þó svo víða til, hvað haganlegra væri fyrir *landið* í þessu efni, ef ekki yrði komið við undantekníngum. Að bænarskrá kom ekki um þetta mál frá Strandasýslu nú í þetta sinn, kom til af því, að menn ætluðu að ræða um það á Þorskafjarðarfundi, en margir, sem ætluðu að fara, hindruðust frá því. Þó hef eg uppástúngu frá manni í Strandasýslu um þetta mál, sem því er vel kunnugur, og sýndi eg nefndinni uppástúnguna; er uppástúngan lík þeirri, er kom til alþingis 1845 frá Strandasýslu; því þar vill reynslan sýna, að látraselafriðun sú, er veiðilögin gjöra, er öldúngis ónóg. Verði nú uppástúngur þeirra, þingmannanna frá Borgarfjarðar- og Dala-sýslu, felldar, en uppástúnga þingmannsins frá

Mýrasýslu samþykkt auk nefndarálitsins, geymi eg mèr rètt til, að bera upp það viðauka-atkvæði, „að allur landselur sè friðhelgur fyrir byssuskotum á öllum Húnaflóa, á milli Horns og Skagatáar. En hver, sem skotið hefur vöðusel eða annan farsel, sè skyldugur, að sýna hann 2 vitnisfærum mönnum, sem sömuu fyrir því, að ekki sè skotinn landselur; en tregðist skotmaður við, að gjöra þetta, sektist sem sá, er látrasel hefur skotið".

G. Brandsson: Eg skil ekki, hvar innvitnun þingmannsins úr Strandasýslu í 59. gr. í alþingistilskipuninni á við. Eg get að minnsta kosti ekki ætlað neinum þingmanni, að hann gæti ekki almennings-hagsmuna, fyrir eins hèraðs hagnaði. Annað mál er það, þó meiningar manna verði nokkuð sundurleitar, og þarf eingum að gánga illt til þess; þeir geta eins fyrir því farið eptir samvizku sinnar sannfæringu, eins og boðið er í hinni áminnstu grein alþingistilskipunarinnar, sem hann vitnaði til.

Á. Einarsson: Þingmaðurinn hefur misskilið mig; því eg vildi einúngis, að menn hrifsuðu ekki einstöku hèruð út úr, þegar það skipti litlu, t. a. m. þó í öllu hèraðinu yrðu fáeinir kópar skotnir, þegar á hinn bóginn er um almennings-heill að gjöra.

G. Brandsson: Eg held nú, að nefndin hafi einmitt farið hinn rètta meðalveg í máli þessu; en það er þó merkilegt, að ein bænarskráin frá Kollabúðafundinum fer fram á, að veiðilögin standi óhögguð, eins og þau eru nú, og afbiður þess vegna meiri friðun selsins, en í þeim er til tekin.

Á. Einarsson: Hèr skiptir mestu um, að selurinn verði friðaður á Breiðafirði, því þar er lángmest þörfin á því og mest hagsvon af því.

E. Kúld: Það gladdi mig, að hinn heiðraði þingmaður frá Strandasýslu tók ekki Breiðafjörð með í breytingaratkvæði því, sem hann áskildi sèr. En hvað gagnstæðu bænarskrána frá þeim 11 Ísfirðingum á Kollabúðafundi snertir, læt eg þess getið, að oddviti hennar mun hafa verið selaskotmaður.

P. Sigurðsson: Eg verð að þakka þingmanninum frá Strandasýslu fyrir innvitnunina í 59. gr. alþingistilskipunarinnar; en þar til vil eg svara honum því, að það er gömul og góð lífsregla, sem hann líka víst mun kannast við, er segir: „ef þú ert í vafa, hvort gjöra skuli eður ekki, þá láttu það ógjört". En eg verð að játa það, að eg veit ekki, hvort algjörð friðun selsins muni vera þarfleg á þeim stöðum, sem eg þekki ekk-

ert til, svo sem á Norður- og Austur-landi, en austur með strönd Sunnlendingafjórðungs álít eg hana óþarfa.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Eg hef fylgt sannfæringu minni, með að vilja friða selinn fyrir skotum einúngis þar, sem meiri ábatavon er að honum með annars konar veiði, og aptur að friða hann ekki þar, sem hann næðist ekki með öðru móti, en skotum, því svoleiðis held eg að flestir hefðu gagn af honum, og selveiðin yrði með því móti yfir höfuð mest við landið.

Forseti: Með því nú tekur enginn til máls, verð eg að álita undirbúningsumræðunni um þetta mál lokið. Eg skal leyfa mèr að geta þess, að hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður hefur tilkynnt mèr, að hann væri valinn formaður í hússtjórnarmálinu. Eg skal og leyfa mèr að ákveða fund á morgun kl. 12 f. m., og verður þá nefndarálit um ítrekun á bæn um undirskript konúngs undir íslenzkuna á lögunum tekið til undirbúningsumræðu, eins og eg skal í dag tilkynna á dagskránni.

Fundi slitið.

---

16. júlí — tólfti fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eptir dagskránni liggur nú fyrir, að taka til undirbúningsumræðu málefnið um undirskript konúngs undir íslenzkuna á lagaboðunum, eptir bænarskránum nr. 9 og nr. 30. Má ske hinn háttvirti framsögumaður vilji lesa nefndarálitið upp.

Nefndarálitið var því næst afhent framsögumanni nefndarinnar, lögfræðingi J: Guðmundssyni, og las hann það upp svo hljóðandi:

Hið heiðraða þing hefur kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um 2 bænarskrár, sem að þessu sinni eru sendar til þingsins, nefnilega, frá frjálsum fundi að Kollabúðum, 21. júní þ. á., með 40 nöfnum, og önnur úr Þingeyjarsýslu, með 165 nöfnum; fer þessi bænarskrá því fram, að alþingi ítreki enn á ný þá bæn: „að konúngur virðist að setja hèr eptir á Íslandi lög einúngis „á voru máli, helguð og staðfest með innsigli og nafni hans „sjálfs og nafni þess ráðherra, sem hann setur yfir hin íslenzku „mál“. En sú fyrri fer því fram, að alþingi biðji konúnginn,

„að fullnægja sem fyrst þessari bæn, samkvæmt því sem alþingi 1847 og 1849 bað um“.

Nefndin getur nú farið því fljótar yfir þetta mál, sem það, eins og önnur bænarskráin tekur fram, og kunnugt er, er rætt áður á þeim tveimur alþingum, 1847 og 1849, og leyfum vèr oss því að eins að skírskota til umræðanna og álitsskjalanna hèr um í alþingistíðindunum þau árin, nefnilega 1847, bls. 107—113, bls. 455—467, bls. 485—497, og bls. 666—668, og 1849, bls. 155—165, bls. 299—300, bls. 525—540, bls. 639—643, og bls. 699—701.

Nú hefur að vísu konúngur vor synjað oss þessarar bænar, bæði í auglýsíngunni til alþíngis 19. maí 1849, II, 10. stafl., og í auglýsíngunni til þessa alþíngis, 23. maí þ. á., II, 7. stafl. En í hvorugri auglýsíngunni er þess getið, hvað þessari bænheyrslu hafi verið til fyrirstöðu. En eins og alþíngi að undanförnu hefur fært og borið fram fyrir konúnginn hinar fyllstu og órækustu ástæður fyrir nauðsyninni á því, að lög þau, sem vèr, hinir íslenzku þegnar vors mildasta konúngs í Danmörku, verðum bundnir, sèu svo helg og traust og skiljanleg, sem nauðsyn er á, og tign laganna og löggjafans er samboðin, svo að vèr megum bæði hlýða lögunum, og bera fyrir þeim og vorum æðsta löggjafa þá lotníngu og það traust, sem hverjum góðum þegn byrjar, og sem samboðin er bæði konúnginum og lögunum, og að þetta sè komið undir því, að konúngurinn staðfesti sjálfur lögin á voru máli með undirskript sinni og innsigli, eins hefur og þetta heiðraða þíng lýst yfir hinu sama, og enn bæri að ítreka bæn þessa, er það kaus oss í nefnd til þess, að rita álit vort um þetta mál. Og verðum vèr að lýsa hiklaust yfir þeirri sannfæríngu vorri, að hin fyllsta nauðsyn og skylda sè á því fyrir þetta þíng, að ítreka enn á ný þessa sömu bæn.

Nefndin leyfir sèr að eins að vekja athygli þíngsins að fáeinum aðalatriðum, sem henni finnst ekki mega missa sjónar á í þessu máli, sem eru því til stuðnings, og eru óhrakin á hinum fyrri þíngum.

1. að ýms lagaboð frá árunum 1763—1807 (sjá alþingistíð. 1847, bls. 107—108) hafa út geingið til Íslands með undirskript og innsigli konúngsins sjálfs undir íslenzkunni.
2. að konúngarnir að undanförnu hafa viðurkennt rètt móðurmáls vors, og nauðsyn til, að lögin væru á íslenzku, t. d. með tilskip. 11. júlí 1800, 16. grein, og konúngsúrskurði sama

dag; konúngsúrsk. 31. okt. 1831; konúngsúrskurður 8. apríl 1844; enn fremur og ljósast með stofnun alþingis, og með 43. grein alþingistilskipunarinnar.

3. að þegnar konúngs vors í öðrum hlutum ríkis hans, sem tala öðru máli, en danskri túngu, fá lög sín á máli sjálfra þeirra, undirskrifuð og staðfest af konúnginum. Og í þeim landshlutum, þar sem bæði málin eru við höfð, t. d. í Slésvík, þar sem þjóðverska og danska er jafnt kennd og töluð á mis, staðfestir konúngur með undirskript sinni sömu lagaboðin, bæði á dönsku og þýzku, samkvæmt konúngsbréfi af 14. maí 1840.

En jafnframt því, að nefndin verður að álíta réttast, að þingið aðhyllist að eins og leggi til grundvallar í ítrekunar-bænarskrá sinni og álitsskjali til konúngsins að þessu sinni þá aðaluppástúngu, sem alþingið 1849 tók fram *fyrst* og *fremst* í ítrekunarbænarskránni 30. júlí s. á. (alþingistíð. 1849, bls. 699—701.) af þeim ástæðum, sem í því álitsskjali eru teknar fram, þá viljum vèr að eins mega vekja athygli þingsins að því, að atkvæðamunurinn, sem þá, 1849, kom í ljós um þessa uppástúngu og málið yfir höfuð, átti, eins og umræðurnar sýna, einkum og jafnvel eingaungu rót sína í þeirri óvissu, sem nokkrir þingmenn þóttust þá verða að vera í um það, hvort afsvar konúngsins ætti sèr verulega stað eður ekki, og á hverjum ástæðum það væri byggt.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sèr að leggja til, að þetta heiðraða þing semji þegnsamlega ítrekunar-bænarskrá um:

„að lagaboð þau, sem hèr eptir verða út gefin og sett á Íslandi, verði einúngis á íslenzku máli, undirskrifuð af konúnginum og þeim ráðherra, sem hann setur yfir hin íslenzku mál“.

Reykjavík 14. dag júlí 1853.

J. Guðmundsson. *H. Stephensen.* *P. Sigurðsson.*
Formaður og framsögumaður.

Framsögumaður: Þó búið sè að ræða mál þetta hèr á 2 undanförnum þíngum, og helztu ástæðurnar fyrir því hafi þá verið teknar fram, vil eg samt leyfa mèr að bæta enn við það fáeinum athugasemdum. Það er að vísu satt, eins og nokkrir af hinum heiðruðu þingmönnum vöktu máls á við inngángsumræðu málefnis þessa hèr á þinginu, að konúngur hefur synjað oss um þessa bæn vora tvisvar sinnum, bæði í auglýsingu til

alþingis 19. maí 1849, og nú aptur í auglýsingunni til þessa þings, 23. maí í ár; en á hvorugum staðnum eru neinar ástæður teknar fram fyrir neitun þessari, nema einúngis, að bæn vor geti ekki feingið bænheyrslu, eptir því sem nú er ástatt. Meðan nú að hvorki alþingi nè þjóðin fær að vita neinar ástæður fyrir synjun þessari, þá virðist auðsætt, að nauðsynin hljóti hèr að ráða því, að vèr hljótum að ítreka bænina. Það hefur margsinnis áður verið rætt og viðurkennt hèr á þingunum, hvaða nauðsyn það væri fyrir hverja þjóð, að hafa þau lög, er hún bæði skildi, og sem væru svo trygg og áreiðanleg, að þeim mætti óhult treysta. Þessari nauðsyn er og eins varið fyrir Íslendingum, og hefur nefndarálitið einnig tekið það fram, og fært nokkrar ástæður fyrir því. Seta vor allra hèr er einmitt hinn ljósasti vottur þessarar nauðsynjar; vèr tölum hèr íslenzku, og gefum stjórninni tillögur vorar og álit á íslenzku, og eins og það hlýtur svo að vera, eins er það nauðsyn, að stjórnin staðfesti tillögur vorar, þær er hún tekur til greina, á íslenzku. Það er og alkunnugt, hve mikil vandkvæði og ónákvæmni opt og einatt hefur komið í ljós í útleggingum lagaboðanna á hinum seinni árum, og hve lauslega hefur verið um það skeytt, að þær væru rèttar og nákvæmar. Á alþingi 1849 voru hèr teknir fram og sýndir ýmsir gallar, sem á voru íslenzkunni á ýmsum lagaboðum, sem þá voru komin út, og skal eg því ekki taka það upp aptur. En síðan eru helzt brögð að þessum göllum á íslenzku tveggja lagaboða, sem hafa komið út síðan, og sem eg skal leyfa mèr að taka hèr fram til dæmis; og er þá bezt að taka það, sem næst liggur, en það er hin konúnglega auglýsing til þessa alþingis, dags. 23. maí í ár. Þar er villa í íslenzkunni, þó hún sè auðsjáanleg og miklu hlægilegri, en hvað hún er skaðvænleg. En það er þar sem í I. kafla auglýsingarinnar stendur í dönskunni, að konúngur fallist á það, að sameina ekki „Myre og Borgerfjords Syssel", beinlínis eptir tilögum alþingis áður, en í íslenzkunni stendur, að ekki vilji konúngur sameina „*Mýra- og Hnappadals-sýslu*". Þetta er að minnsta kosti auðsjáanlegur vottur þess, hversu skeytingarlaust lagaboðin eru íslenzkuð. En í öðru lagaboði hefur útleggingin ollað miklu meiri og skaðsamlegri villu, en það er í 27. gr. í tilskipun um nokkrar breytingar á erfðalögunum, sem einnig er geingin út frá þessu þingi. Sá galli, sem þar er á, hefur, eptir því sem eg veit til, ollað töluverðra skripta og vasturs hèr í suðuramt-

inu, og það meðal sjálfra hinna löglærðu. Þar stendur nefnilega í dönskunni: „Den Forandring i den ved denne Lov foreskrevne Arvegangsmaade", og er þar auðsjáanlega ekki talað um annað en það, hvernig arfgeingið breytist eptir hinum nýju lögum, og hve nær sú breyting eigi að byrja. En í íslenzku útleggingunni stendur: „breyting sú, sem tilskipun þessi gjörir á erfðalögunum", o. s. frv., og er það miklu yfirgripsmeira; því erfðalögin hljóða um fleira en „Arvegangsmaaden", eða það, hvernig fèð skuli ganga í erfðir, eins og sýnir sjálfur titill eða yfirskript laganna, því hún hljóðar „um breytingu á erfðalögunum". Þegar nú þetta varð að ágreiningsefni hèr í suðuramtinu, stóð svo á, að sýslumönnum hafði orðið, líklega óvart, að líta á íslenzkuna, en annaðhvort gleymt eða ekki gætt að, að skoða dönskuna, en lögðu tilskipunina út beint eptir því, sem stendur í íslenzkunni og öldúngis fráleitt því, sem danskan fer fram á. Reis út af þessu eingan veginn þýðingarlaus misskilningur og skriptir frá 2 sýslumönnum í suðuramtinu, og svo, að reka varð til stiptamtmanns. En stiptamtmaðurinn, sem er líka amtmaður í suðuramtinu, og er danskur maður, leit undir eins í dönskuna á lagaboðinu, og sá óðar, að skilníngur sýslumanna á þessu atriði væri rángur, eins og hann ritaði þeim, og varð þeim heldur en ekki hverft við það. En þetta olli þá ekki smávegis-glundroða á úrskurðum þeim, sem sýslumenn voru búnir að kveða upp í málinu. Og þegar nú þannig kemur í ljós, að ef embættismanni verður það, að líta í íslenzkuna á lagaboðunum og fara eptir henni, þá reynist hún raung, þá verður sú niðurstaðan, að íslenzkan á lagaboðunum missir alla þýðingu og traust. Mèr er nú spurníng, hvað leingi eigum vèr, Íslendíngar, að láta oss lynda, að fá þau lagaboð, sem vèr megum ekki treysta að neinu eða byggja neitt á? — Eg vil nú ekki að sinni gjöra neina frekari grein, en í nefndarálitinu stendur, fyrir því, hvers vegna nefndin aðhylltist helzt ítrekunarbænarskrá þíngsins 1849, 30. júli. Við inngángsumræðu máls þessa var margt talið því til fyrirstöðu, og ýmsar orsakir og ástæður færðar til fyrir því, að bæn þessi yrði ekki heyrð að svo komnu, og mundi því rèttast, að fresta því að sinni, að senda konúngi ítrekunarbænarskrá um þetta mál. En meðan eingin þegn má fresta því, að hlýða lögunum, svo held eg, að þegnarnir megi ekki heldur fresta því, að biðja um þau lög, sem þeir skilja og mega óhult reiða sig á.

Konúngsfulltrúi: Af því málefni þetta er svo einfalt og yfirgripslitið, að ekki er nema spurníng um, hvort senda skuli konúngi um það bænarskrá eða ekki, og af því eingin atkvæðagreiðsla fer fram eptir þessa umræðu málsins, ekki einu sinni um það, hvort það skuli gánga til ályktarumræðu eða ekki, þar hið fyrra er beinlínis fyrir skipað í þíngsköpum vorum, svo vil eg geyma mèr þær athugasemdir, sem eg hef að gjöra við mál þetta, þángað til ályktarumræða fer fram.

P. Pètursson: Til þess þó umræðurnar ekki með öllu falli niður, vildi eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um þetta mál. Það er að vísu þægilegt og viðkunnanlegt fyrir okkur Íslendínga, að konúngur undirskrifaði íslenzka textann á þeim lagaboðum, sem gilda eiga hèr á landi; en seinast við inngángsumræðu þessa máls, lèt eg í ljósi, að ekki mundi þessi tími vera sem haganlegastur til, að fara þessu á flot, og er það einkum vegna þess, að stjórnin hefur nú tvívegis neitað um bænheyrslu, og mun það koma til af því, að stjórnarskipulag það, sem nú er á íslenzkum málum, er þeirri umbeðnu undirskript konúngs til talsverðrar fyrirstöðu.

Eg skal leyfa mèr að benda á nokkrar ástæður, sem nefndarálitið hefur til fært uppástúngu sinni til gildis. Þar stendur, að konúngur áður hafi undirskrifað nokkur lagaboð, sem út hafa komið fyrir Ísland; en það er aðgætandi, að þá var konúngur einvaldur, einginn hafði ábyrgð með honum, og einginn gat þá kallað stjórnarherrana til reikníngsskapar, eins og nú eptir grundvallarlögum Dana, og varla er við því að búast, að þeir muni ráða konúngi til, að undirskrifa það, sem þeir skilja ekki, þó þeir að öðru leyti geti haft nokkurn vegiun fullkomna vissu fyrir áreiðanlegleika íslenzka textans, hvað aðalefni og inntak laganna snertir.

Nefndarálitið til færir einnig, að aðrir þegnar konúngs hafi feingið það fram, að konúngur skrifi undir þau lög, sem þeir eiga að hlýða, þó þau sèu á öðru en dönsku máli; en það er aðgætandi, að Slèsvíkur- og Holsetalands-menn hafa sinn eigin ráðgjafa hvorir um sig, en það höfum við ekki, og þar að auki gæti maður sagt, að þýzka málið væri svo algeingt, að nærri hver og einn maður í Danmörku skildi það, og að ráðgjafarnir í hertogadæmunum eru annaðhvort þýzkir að ætt og uppruna, eða að minnsta kosti kunna þýzku eins og sitt móðurmál. Þar á móti er okkar mál lángtum sèrstaklegra, og fæstir danskir

stjórnarherrar hafa að líkindum haft tækifæri til að læra það. Enn fremur stendur í nefndarálitinu, að konúngur vor hafi kannazt við, að lögin ættu að vera íslenzk, og þetta þing geti borið vitni um það; en af þessu leiðir ekki annað en það, sem nú á sèr stað, að íslenzkur texti eigi að vera til jafnframt hinum danska, og framsögumaður gat ekki til fært nema einar tvær villur í íslenzka textanum á þeim lagaboðum, sem út hafa komið, af hverjum önnur auðsjáanlega er ritvilla. Mèr sýnist því nóg, að vekja athygli stjórnarinnar á, að þetta mál hafi enn verið vakandi í huga þingmanna, og að það hafi enn komið til umtals hèr á þinginu; en eg vildi ráða frá, að senda konúngi um það bænarskrá í þetta sinn, af því mèr sýnist þessi tími miður hentugur til, að fara svo lángt fram í málið. Seinast fer nefndarálitið fram á, að með konúngi undirskrifi sá ráðgjafi, sem settur verði fyrir íslenzku málin; en það er að byggja á því, sem enn er ófeingið, og verður þó að vera geingið á undan, og kann eg ekki við, að láta hnýta svo mikilvægri uppástúngu, eins og það er, að fá einn ráðgjafa settan yfir íslenzku málin, svona aptan í endann á bænarskrá, eins og gjört er í nefndarálitinu, án þess að leiða nokkur rök að nauðsyn eða nytsemi slíkrar uppástúngu.

Þó bænin sè því í sjálfri sèr eðlileg, þá sýnist mèr það augljóst, að bænheyrslan verður eins og nú er ástatt, að vera mörgum vandkvæðum bundin, ef ekki ómöguleg.

J. Guðmundsson: Eg læt heldur bíða til ályktunarumræðunnar, að svara ræðu hins háttvirta konúngkjörna þingmanns.

P. Pètursson: Þar breytíngaratkvæðin eru tekin við undirbúníngsumræðurnar, þá áskil eg mèr nú breytíngaratkvæði í þá átt, að eingin bænarskrá hèr að lútandi verði að þessu sinni send konúngi.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls lokið.

Dagskrána fyrir næsta fund, sem verður á mánudaginn kl. 12, skal eg seinna birta hinum háttvirtu þingmönnum.

Fundi slitið.

---

18. júlí — þrettándi fundur.

Allir á fundi, nema hinn 2. konúngkjörni þingmaður, amtmaður J. P. Havstein, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Eptir dagskránni var til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu hið konúnglega frumvarp til tilskipunar um sunnu- og helgidaga-hald á Íslandi, og voru þessi breytíngaratkvæði inn komin:

1. *G. Einarssonar*:

Við § 1.

1. grein orðist svo: „Á sunnudögum og öllum öðrum löghelgum dögum skulu frá miðjum morgni til miðaptans eingar hversdagslegar athafnir fara fram, utan þær, sem til eru teknar í tilskipun þessari".

Við § 2.

2. grein orðist svo: „Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, má allt það að ósekju fara fram, er nú skal greina: öll ritstörf, bókiðnir og andleg menntun í heimahúsum; öll heimilisstörf, utan húss sem innan, er ekki verður hjá komizt; björgun allra hluta á sjó og landi undan fyrirsjáanlegu tjóni eður stórskemmdum, án bráðra aðgjörða; fiskiveiðar allar í hallærum, og í verstöðum, þar sem brimrót eða lángvinnar ógæftir hamla að öllum jafnaði frá sjósóknum, og á fiskiskipum, smáum sem stórum, er helgidagsmorguninn eru á hafi úti eða stórflóum; allar sjóferðir, er menn fara að nauðsynjum sínum; þó mega sjófarendur ekki fara undan messugjörð, nema brýn nauðsyn beri til; landferðir þær, sem ekki má fresta; þó skal hverjum heimilt, að fara að nauðsynjum sínum úr því nón er komið; nauðsynjaveiði eða dráp allra skaðvænna skepna. Höpp öll má sèr í hag færa, er ella mundu missast.

Við § 3,

eins og hún er orðuð í nefndaruppástúngunni:

„— skulu fram fara; þó skal leyft að verzla, úr því nón er komið, þá tíma árs, sem mest er verzlunar-aðsókn í kaupstöðum; sömuleiðis skal og lyfsölum", o. s. frv.

Við § 4,

eins og hún er orðuð í nefndaruppástúngunni: „einni stundu" falli burt; eptir orðin: „veita — drykkjur" bætist: „nè leyfa spil eður drykkjur". Við enda greinarinnar bætist: „Allt drykkjusvall skal og stránglega bannað á helgidögum".

Við § 7.

Í staðinn fyrir orðin: „eptir fjórðu stundu" standi: „eptir nón".

Við § 9,

eður § 8 í nefndaruppástúngunni:

Í staðinn fyrir orðin: „einni stundu fyrir lágnætti“, standi: „fyrir miðnætti“.

2. *E. Kúlds*:

við 2. gr.: „En eins og vinna sú, er lýtur að“, o. s. frv., sè: „En eins og vinna sú, er lýtur að bústörfum þeim, er menn þurfa, sèr eða öðrum til bjargar, og eingan veginn má fresta, er undan þegin“, o. s. frv.

við sömu gr.: „Mala má og í mylnum á þessum tímum“ sè sleppt úr.

við sömu gr.: „Farmönnum“, o. s. frv., sè breytt þannig: „Farmönnum, er neyðast til, að leita til hafnar, skal og leyft, að afferma skip sín, ef þau þarf að bæta, og má þá veita þeim hjálp þá, er þeir til þess þurfa“.

3. *Þ. Sveinbjörnssonar*:

við 1. gr.: að greinin takist óbreytt, en ef það fellur, þá til vara viðauka-atkvæði við nefndarfrumvarpið, að eptir orðin: „eptir nón“, bætist orðin: „einkum um messutímann“.

við 2. gr.: að eptir orðin: „net eða lóðir“, bætist: „án þess af aflanum að svara þeim fimmtúngi, sem fátækrareglugjörðin 8. jan. 1834, VI. 4., ákveður, til fátækra.

við 5. gr.: að greinin takist óbreytt, en ef það fellur, þá til vara, að 5. gr. í nefndarfrumvarpinu orðist þannig: „Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., skal öll ósiðsamleg hegðun, háreysti og drykkjulæti vera stránglega bönnuð við alla kirkjufundi“, o. s. frv. eptir greininni.

við 16. gr.: að ef hún fellur, verði úr 15. gr. nefndarfrumvarpsins numin orðin: „Þar á móti er ekki — reglugjörð 8. jan. 1834, VI. 4.“

4. *Á. Einarssonar*:

við 3. gr.: „kaup nè sala fram fara“, þar við bætist: „nema brýn nauðsyn beri til“.

5. *V. Finsens*:

Við 3. gr.:

Í stað orðanna í upphafi: „Á tíma þeim“ —— „á öllum tímum dags“, óska eg sett:

„Á sunnudögum og öðrum helgum dögum má hvorki kaup nè sala fram fara í búðum verzlunarmanna eða ann-

ara sölumanna, og skal þeim búðum lokað. Þó skal lyfsölum heimilt á þeim dögum“, o. s. frv.

6. *J.* hreppst. *Sigurðssonar*:

við 5. gr. nefndarálitsins:

að inn verði sett orðið: „ef á liggur“, og verði endir greinarinnar lagaður þannin: „og handtaka þá menn við kirkjur, ef á liggur, sem hèr á móti brjóta“.

7. *Jóns Jónssonar*:

Við 5. gr.:

að í staðinn fyrir upphafið: „Almennar skemmtanir“, komi: „öll hneixlanleg hegðun“.

Og seinna í sömu gr.:

Á eptir orðinu „skulu“, komi: „hreppstjórar og meðhjálparar gæta þess, og alvarlega leitast við, að afstýra öllu því líku við kirkjurnar, að svo miklu leyti, sem í þeirra valdi stendur.

Við 9. gr.:

Í niðurlaginu, á eptir orðinu „bannaðar“, komi: „hinn fyrri dag“, í staðinn fyrir: „fyrsta dag“.

8. *Jóns* hreppst. *Sigurðssonar*:

Við 7. gr.:

Eptir orðin: „og ekki er hætt við, að hann valdi neinni óreglu“, bætist: „þá mega hreppstjórar og sýslumaður, ef til hans verður náð, leyfa, að hann sè haldinn á þeim tíma“.

9. *M. Andrèssonar*:

Við 9. gr.:

Eptir orðin: „allann kóngsbænadag“, sè sett: „nefnilega frá miðjum aptni á fimmtudaginn til miðaptans á föstudaginn, mega menn eingum óþarfa-störfum gegna“, o. s. frv.

10. *Ó. Sívertsens*:

við 15. gr.: á eptir orðin: „með guðrækilegu hugarfari“, setjist inn í: „og skulu hreppstjórar og meðhjálparar prestanna vera þeim í öllu þessu samtaka, og veita þeim alla mögulega aðstoð“.

11. *Á. Einarssonar*:

við 15. gr. í uppástúngu nefndarinnar komi við orðin: „tekið úr lögum“, „sömuleiðis að allur hlutur til fátækra úr helgidagaveiðum sè úr lögum numinn.

12. *J. Kristjánssonar*:

við niðurlag nefndarframvarpsins 15. gr.: að í staðinn fyrir:

„Þar á móti — reglugjörð 8. jan. 1834, VI. 4.“, verði þannig orðað:

„Þar á móti er rèttur fátækra til hlutar úr helgidagaveiðum óskertur, eins og nú er í lögum“.

Forseti: Það, sem nú kemur til umræðu, er frumvarp til tilskipunar um sunnu- og helgidaga-hald á Íslandi, sem eptir dagskránni á að taka til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Eg hef látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, og vona eg, að þingmenn hafi feingið hana og kynnt sèr hana, og að hver þeirra hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá
um
helgidaga-frumvarpið.

1. grein.

1. *G. Einarsson*: að í stað orðanna: „öðrum dögum, sem eptir lögum þeim, er nú gilda, á að halda heilaga“, verði sett: „öðrum löghelgum dögum“.
2. *Sami*: að seinni hluti greinarinnar, frá orðunum: „skal öll ónauðsynleg vinna og allar skemmtanir hætta“, o. s. frv. til enda, verði þannig: „skulu frá miðjum morgni til miðaptans eingar hversdagslegar athafnir fara fram, utan þær, sem til eru teknar í tilskipun þessari“.
3. *Nefndin*: að í stað orðanna: „skal öll ónauðsynleg vinna *og allar skemmtanir* hætta“, verði sett: „skal einga ónauðsynlega vinnu vinna“.

   [Orðabreytíng nefndarinnar, að í staðinn fyrir: „frá morgni dags þángað til einni stundu eptir nón“, verði sett: „frá morgni til einnar stundar eptir nón“, verður ekki borin undir atkvæði].
4. *Sama*: að orðin: „einkum um messutímann“, verði felld úr greininni.
5. Fyrsta grein frumvarpsins, óbreytt eða með þeim breytíngum, sem á kynnu vera orðnar.

2. grein.

6. *G. Einarsson*: að greinin verði þannig orðuð: „Á tíma þeim, sem til er tekinn í fyrstu grein, má allt það að ósekju fara fram, er nú skal greina: öll ritstörf, bókiðnir og andleg menntun í heimahúsum; öll heimilisstörf utan húss sem innan, er ekki verður hjá komizt; björgun allra

hluta á sjó og landi undan fyrirsjáanlegu tjóni eður stórskemmdum, án bráðra aðgjörða; fiskiveiðar allar í hallærum, og í verstöðum, þar sem brimrót eða lángvinnar ógæftir hamla að öllum jafnaði frá sjósóknum, og á fiskiskipum, smáum sem stórum, er helgidags-morgninn eru á hafi úti eða stórflóum; allar sjóferðir, er menn fara að nauðsynjum sínum; þó mega sjófarendur ekki fara undan messugjörð, nema brýn nauðsyn beri til; landferðir þær, sem ekki má fresta; þó skal hverjum heimilt, að fara að nauðsynjum sínum úr því nón er komið; nauðsynja-veiði eða dráp allra skaðvænna skepna. Höpp öll má sèr í hag færa, er ella mundu missast".

[Orðabreyting nefndarinnar við fyrsta lið greinarinnar, að í stað orðanna: „skal einginn starfa að utanbæjar-vinnu eða annari vinnu, sem svo mikill skarkali verður af, að það trufli aðra í hugarfari því, sem, eptir tilgángi sunnu- og annara helgi-daga, hæfir þess konar tíma", verði sett: „skal einginn vinna þá vinnu neina, sem trufli aðra í guðrækilegum hugleiðíngum þeirra", verður ekki borin undir atkvæði].

7. *E. Kúld*: að í stað orðanna: „En eins og vinna sú, er lýtur að heimilisstörfum, eða sem menn stundum geta þurft við, sèr eða öðrum til bjargar, er undan þegin", o. s. frv. verði sett: „En eins og vinna sú, er lýtur að *bústörfum* þeim, er menn þurfa, sèr eða öðrum til bjargar, *og eingan veginn má fresta*, er undan þegin", o. s. frv.
8. *Nefndin*: að í stað orðsins „heimilisstörfum" verði sett: „búverkum".
9. *Sama*: að í stað orðanna: „að nota tíma þennan um heyskapartímann, til að þurka hey og hirða það, þegar ekki má draga þennan starfa sökum votviðra", verði sett: „að bjarga heyi og hirða, þegar nauðsyn krefur".
10. *Sama*: að í stað þessarar klausu: „Fiskimönnum skal og heimilt, á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, ekki einúngis að vinna að nauðsynlegum störfum, sem ekki mega dragast, til að bjarga veiðiskap sínum og veiðitólum, heldur skal þeim einnig leyft, þegar mikið liggur við, einkum í fiskileysisárum, eður í þeim fiskiverum, þar sem brim og gæftaleysi tálma mjög sjósóknum, að róa til fiskjar og leggja net eða lóðir", — verði sett þessi: „Heimilt skal

og fiskimönnum og *öðrum veiðimönnum* á þessum tíma, að bjarga veiðiskap sínum og veiðarfærum; einnig skal þeim leyft, þegar mikið liggur við, t. a. m. í fiskileysisárum, eða þá ógæftir hamla mjög sjósóknum, að róa til fiskjar, leggja net og lóðir".

11. *Þ. Sveinbjörnsson*: eptir fyrirfarandi klausu verði bætt inn í: „án þess af aflanum að svara þeim fimmtúngi, sem fátækrareglugjörðin 8. janúar 1834, VI. 4., ákveður, til fátækra".
12. *E. Kúld*: að orðin: „Mala má og í mylnum á þessum tímum", verði felld úr.
13. *E. Kúld*: að þessari klausu: „Farmönnum, er neyðast til, að leita til hafnar, skal og leyft, að ferma og afferma og bæta skip sín, og má hjálpa þeim til þess, sem þeir þurfa", verði þannig breytt: „Farmönnum, er neyðast til, að leita til hafnar, skal og leyft, að afferma skip sín, ef þau þarf að bæta, og má þá veita þeim hjálp þá, er þeir til þess þurfa".

    [Orðabreyting nefndarinnar, að í stað orðanna: „má hjálpa þeim til þess, sem þeir þurfa", komi: „má veita þeim hjálp þá, sem þeir þurfa til þess", kemur ekki til atkvæða].
14. *Nefndin*: að tvær seinustu klausurnar: „Ferma má einnig og afferma á þessum tíma skip, þegar svo stendur á, að nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind. Þó skal slíkt ekki gjöra, meðan á sjálfri messunni stendur, nema brýn nauðsyn beri til", verði settar í eina og þannig orðaðar: „Svo má og ferma og afferma önnur skip, og halda áfram sjóferðum, þegar sæta þarf góðu veðri og leiði, en þó skal ekki slíkt gjöra um sjálfan messutímann, nema brýn nauðsyn beri til".
15. Önnur grein frumvarpsins, með þeim breytingum, sem á kynnu vera orðnar.

3. grein.

16. *V. Finsen*: að fyrri hluti greinarinnar: „Á tíma þeim á sunnudögum og öðrum helgidögum, þegar boðið er, að hver maður skuli hætta þess konar vinnu, sem til er tekin í 2. gr., skal hætta kaupum og sölum í búðum kaupmanna og annara sölumanna, og skal þeim búðum lokað. Þó skal lyfsölum heimilt á öllum tímum dags", o. s. frv., verði þannig orð-

aður: „Á sunnudögum og öðrum helgum dögum má hvorki kaup nè sala fram fara í búðum verzlunarmanna eða annara sölumanna, og skal þeim búðum lokað. Þó skal lyfsölum heimilt á þeim dögum“, o. s. frv.

17. *Nefndin*: að fyrsti liður greinarinnar: „Á tíma þeim á sunnudögum og öðrum helgidögum, þegar boðið er, að hver maður skuli hætta þess konar vinnu, sem til er tekin í 2. grein, skal hætta kaupum og sölum í búðum kaupmanna og annara sölumanna, og skal þeim búðum lokað“, verði þannig orðaður: „Á sunnudögum og öðrum helgum dögum, á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, skal búðum verzlunarmanna og annara sölumanna loka, og hvorki kaup nè sala fram fara“.
18. *Á. Einarsson* (ef breyting nefndarinnar undir nr. 17 verður samþykkt): að bætt verði við eptir orðin: „hvorki kaup nè sala fram fara“, þessu: „nema brýn nauðsyn beri til“.
19. *G. Einarsson*: að eptir fyrsta lið greinarinnar verði skotið inn og orðað á þessa leið: „Þó skal leyft, að verzla úr því nón er komið, þá tíma árs, sem mest er verzlunar-aðsókn í kaupstöðum; sömuleiðis skal og lyfsölum heimilt“, o. s. frv.

20 Þriðja grein frumvarpsins með þeim breytingum, sem á kynnu vera orðnar.

4. grein.

21. *G. Einarsson*: að í staðinn fyrir orðin: „einni stundu eptir nón“, verði sett: „eptir nón“.
22. *Sami*: að í stað orðanna (í uppástungu nefndarinnar, nr. 23) „veita mönnum drykkjur eða leyfa spil í húsum sínum“, verði sett: „veita mönnum drykkjur, nè leyfa spil eða drykkjur í húsum sínum“.
23. *Nefndin*: að 4. grein verði þannig: „Gestgjafar eða aðrir veitingamenn mega ekki á sunnudögum eða öðrum helgum, fyrri en einni stundu eptir nón, veita mönnum drykkjur, eða leyfa spil í húsum sínum, en veita mega þeir mat eða þess konar hressingu þó fyr sè“.
24. *G. Einarsson*: að þessu verði bætt við enda greinarinnar: „Allt drykkjusvall skal og stranglega bannað á helgidögum“.
25. Grein frumvarpsins, með þeim breytingum, sem á kynnu vera orðnar.

5. grein.

26. *Nefndin*: að fyrsta lið greinarinnar („almennar skemmtanir — um messutímann“) verði sleppt.
27. *Þ. Sveinbjörnsson*: að fyrri hluti greinarinnar í uppástúngu nefndarinnar verði svo orðaður: „Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, skal öll ósiðsamleg hegðun, háreysti og drykkjulæti vera stránglega bönnuð við alla kirkjufundi“, o. s. frv.
28. *Jón Jónsson*: að í stað orðsins „ósiðsamleg“ í uppástúngu nefndarinnar verði sett: „hneixlanleg“.
29. *Þ. Sveinbjörnsson*: að orðin: „einkum undir húslestri í heimahúsum og“ falli úr.
30. *Jón Jónsson*: að í stað niðurlags-orðanna í grein nefndarinnar, frá: „og skulu“, o. s. frv., komi þetta: „(og skulu) hreppstjórar og meðhjálparar gæta þess, og alvarlega leitast við, að afstýra öllu því líku við kirkjurnar, að svo miklu leyti sem í þeirra valdi stendur“.
31. *Jón* hreppst. *Sigurðsson*: (samþykkt af nefndinni): að eptir orðin: „handtaka þá menn við kirkjur“, verði sett: „ef á liggur“.
32. *Nefndin*: að annar liður greinarinnar verði þannig orðaður: „Öll ósiðsamleg hegðun, háreysti og drykkjulæti séu stránglega bönnuð á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, einkum undir húslestri í heimahúsum og við alla kirkjufundi, og skulu hreppstjórar og meðhjálparar gæta þessa vandlega, og handtaka þá menn við kirkjur, sem hèr á móti brjóta“.
33. *Nefndin*: að seinasti liður greinarinnar verði felldur úr.
34. Öll grein frumvarpsins, með þeim breytíngum, sem á kynnu vera orðnar.

6. grein.

35. *Nefndin*: að sleppt verði orðunum: „eða skjalaskrifara“.
[Orðabreytíngar í nefndarinnar frumvarpi: „*þegar* dómstörf“, í staðinn fyrir: „að dómstörf“, og „meðan“ fyrir „á meðan“, koma ekki til atkvæða].
36. Grein frumvarpsins óbreytt, eða með þeirri breytíngu, sem á kynni vera orðin.

7. grein.

37. *G. Einarsson*: að í stað orðanna: „eptir fjórðu stund“ verði sett: „eptir nón“.
38. *Jón* hreppst. *Sigurðsson*: að í stað orðsins „lögreglumenn“

verði sett: „hreppstjórar og sýslumaður, ef til hans verður náð“.

39. *Nefndin*: að seinasti liður greinarinnar verði þannig orðaður: „Sè þetta leyfi ekki feingið, má ekkert slíkt fundarhald boða“.

[Orðabreytingar nefndarinnar: „sveitarfundi“ fyrir „sveitafundi“; „sveitarstjórar“ fyrir „sveitastjórar“; „sem“ (hlut eiga að m.) fyrir „er“ (hl. e. a. m.); „mikið“ fyrir „mjög mikið“, og þessi orð: „að hann getur hvorki hindrað kirkjuferð nè valdið nokkurri óreglu“, í staðinn fyrir: „að það getur ekki tafið þá, sem á honum eiga að vera, frá, að fara í kirkju, og ekki er hætt við, að hann valdi neinni óreglu“, koma ekki til atkvæða].

40. Sjöunda grein frumvarpsins óbreytt, eða með breytingum, sem á eru orðnar.

8. grein.

41. *Nefndin*: að þessi grein verði úr felld.

9. grein.

[sbr. nefndarinnar 8. gr.]

42. *G. Einarsson*: að í staðinn fyrir „lágnætti“ verði sett: „miðnætti“.

43. *M. Andrèsson*: að eptir orðin: „allan kóngsbænadag“ (eða „allan bænadaginn“) verði bætt við: „nefnilega frá miðjum aptni á fimmtudaginn til miðaptans á föstudaginn, mega menn“, o. s. frv.

44. *Jón Jónsson*: að í stað orðanna: „fyrsta dag“ (í hinum þremur stórhátíðum) verði sett: „hinn fyrri dag“.

[Breytingar nefndarinnar við þessa grein verða álitnar orðabreytingar, og koma því ekki til atkvæða].

45. Grein frumvarpsins óbreytt, eða með þeim breytingum, sem á eru orðnar.

10. grein.

[sbr. nefndarinnar 9. gr.]

46. Grein frumvarpsins óbreytt.

[Orðabreytingar nefndarinnar: „sök verði gefin á“ og „hafa þannig“, koma ekki til atkvæða].

11. grein.

[sbr. nefndarinnar 10. gr.]

47. Grein frumvarpsins óbreytt,

12. grein.

[sbr. nefndarinnar 11. gr.]

48. Grein frumvarpsins óbreytt.

[Orðabreytíngar nefndarinnar: „fyrirlitn. fyrir“, „í 9. gr.“ og „til vandarhagga-refsíngar“, koma ekki til atkvæða].

13. grein.

[sbr. nefndarinnar 12. gr.]

49. *Nefndin*: að í stað klausunnar: „sè nokkur í vafa um, hvort eitthvað, sem hann vill gjöra, geti staðizt eptir tilskipuninni eður ekki, getur hann leitað álits lögreglustjóra, og ef honum virðist það ekki vera á móti grundvallarreglum tilskipunarinnar, getur hann leyft það“, verði sett þannig: „Sè nokkur í vafa um réttan skilníng á einhverju í henni, þá leiti hann um það álits þessara embættismanna“.

[Orðabreytíng nefndarinnar: „hann“ fyrir „hinn“, kemur ekki til atkvæða].

50. Grein frumvarpsins óbreytt eða með breytíngu.

14. grein.

[sbr. nefndarinnar 13. gr.]

51. Grein frumvarpsins óbreytt.

15. grein.

[sbr. nefndarinnar 14. gr.]

52. *Nefndin*: að í staðinn fyrir orðin: „þá sannfæríng, að þeir verði fúsir á, að færa sèr guðsþjónustuna í nyt“, verði sett: „kirkjurækni“.

53. *Ó. Sivertsen*: að á eptir orðin: „guðrækilegu hugarfari“, verði sett inn í: „og skulu hreppstjórar og meðhjálparar prestanna vera þeim í öllu þessu samtaka, og veita þeim alla mögulega aðstoð“.

[Orðabreytíng nefndarinnar í enda greinarinnar: „hvort þessari tilskipun Vorri er gegnt“, kemur ekki til atkvæða].

54. Grein frumvarpsins óbreytt eða með breytíngu.

16. grein.

[sbr. nefndarinnar 15. gr.]

55. *Á. Einarsson*: að þessu verði bætt við greinina: „sömuleiðis er allur hlutur til fátækra úr helgidaga-veiðum úr lögum numinn“.

56. *J. Kristjánsson*: að þessu verði bætt við greinina: „Þar á móti er réttur fátækra til hlutar úr helgidaga-veiðum óskertur, eins og nú er í lögum“.

57. *Nefndin*: að þessu verði bætt við greinina: „Þar á móti er ekki tekinn úr lögum réttur fátækra til hluta úr helgi-

daga-veiðum, sem ákveðinn er í reglugjörð 8. janúar 1834, VI. 4.

[Orðabreyting nefndarinnar: „með einhverri óhæfu“, í staðinn fyrir: „á annan glæpskufullan hátt“, kemur ekki ekki til atkvæða].

58. Grein frumvarpsins óbreytt eða með breytingu.

59. Frumvarpið allt með breytingum.

Forseti: Eg ætla nú, að bezt muni, að skipta frumvarpinu eins niður í kafla, eins og gjört var við undirbúningsumræðuna. En atkvæði verða þó eigi greidd, fyr en á eptir, þegar ræðunum er lokið, um allt frumvarpið í einu. Eptir því, sem eg skil alþingistilskipunina, má sérhver þingmanna taka einu sinni til máls í umræðu hvers kafla. Viðvíkjandi atkvæðaskránni skal eg leyfa mér að geta þess, að þar sem sagt er, að orðabreytingar nefndarinnar komi ekki undir atkvæði, þá er það ekki svo að skilja, að gjöra lítið úr þeim, heldur er það meiningin, að eg álít orðabreytingar nefndarinnar samþykktar án atkvæðagreiðslu, og verða þær þannig lesnar upp í frumvarpinu, en þær verða eigi bornar undir atkvæði, nema því að eins þingmenn æski þess. Ef hinir heiðruðu þingmenn fallast á þessa skiptingu, sem eg hef stúngið upp á, þá er nú fyrst að taka 1. og 2. gr. frumvarpsins til umræðu.

Framsögumaður: Eg vona nú, að öllum þingmönnum sé nefndarálitið í þessu máli svo ljóst, að eigi beri nauðsyn til að lesa það upp fyrir þeim. Fjöldi sá, sem fram er kominn af breytingaratkvæðum við nefndaruppástúngurnar og hið konúnglega frumvarp, eru ljósastur vottur þess, hversu menn hafa gefið málefni þessu mikinn gaum. Það liggur nú þá fyrst fyrir, að ræða 1. og 2. grein frumvarpsins. Eg skal þá fyrst og fremst geta þess, að nefndin þóttist þar ekki ráða til, að fara lángt frá frumvarpi stjórnarinnar. Í fyrstu greininni vildi hún að eins nema burt orðin: „*einkum um messutímann*“, og 2. gr. þóttist nefndin einúngis orða eðlilegar, en öldúngis ekki breyta að meiningunni til. En það lítur svo út, sem ýmsum hinna heiðruðu þingmanna hafi þótt nefndinni mistakast þetta, eða þá, að hún hafi ekki geingið nógu lángt, því svo eru mörg breytingaratkvæði komin við þessar 2 greinir. Hinn heiðraði þingmaður frá Dalasýslu á hér 2 breytingaratkvæði við 1. gr. Í hinu fyrra breytingaratkvæðinu vill hann setja: „*öðrum löghelgum dögum*“ í staðinn fyrir: „*öðrum dögum, sem eptir lögum þeim, er nú*

gilda, á að halda heilaga", og breytist ekki meiningin neitt við það. Orðatiltæki þingmannsins er að vísu styttra, en það, sem í frumvarpinu er, en þó gat nefndin ekki tekið það fram yfir það, sem stóð í hinu konúnglega frumvarpi. Nefndin vildi, að það stæði allt óbreytt, sem óbreytt má vera í frumvarpi stjórnarinnar, og ekki víkja frá því, nema þar sem það gæti álitizt nærri því óumflýjanlegt. Hinn sami heiðraði þingmaður vill og breyta niðurlagi greinarinnar, nefnilega frá orðinu: „*hætta*", og vill hann hafa niðurlagið þaðan frá svona: „*skulu frá miðjum morgni til miðaptans eingar hversdagslegar athafnir fara fram, utan þær, sem til eru teknar í tilskipun þessari*". Hann leggur svo mikið í það, að breyta „*ónauðsynleg*", sem hann vill alls ekki hafa, í „*hversdagsleg*". Eg man nú ekki, hverjar ástæður hans voru fyrir þessari breytingu við undirbúningsumræðuna, og get því ekki tekið þær til greina í þetta sinni, enda þó eg þykist vita, að þær mundu þurfa nákvæmari yfirvegunar. En eg hef vanizt því, að menn kalli það hversdagslegt, sem miðað er við hina 6 virku vikudaga, og þeim fylgir. Vèr köllum þessa 6 virku daga einnig sýkna. En þegar þetta breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns er borið saman við breytingaratkvæði hans við 2. gr. frumvarpsins, þá virðast hinar hversdagslegu athafnir, sem hann svo kallar, vera færri, en menn almennt nefna því nafni; því eg ímynda mèr, að hann hafi þar talið upp öll þau verk, sem hann ætlar til að leyfilegt sè að vinna á helgum degi; því eg get ekki annað ætlað, en að eptir því, sem hann orðar breytingaratkvæði sitt við 2. gr., undir töluliðnum 6 á atkvæðaskránni, þá meini hann þar með orðunum: „*á þeim tíma*", til þess tíma, sem til er tekinn í 1. gr. hins konúnglega frumvarps, eða frá morgni dags þángað til einni stundu eptir nón; því hann getur ómögulega meint til þeirrar tímaákvörðunar, sem hann fer sjálfur fram á í breytingaratkvæði sínu undir töluliðnum 2 á atkvæðaskránni, fyrst hann teknr það ekki fram með berum orðum. Eg sè því ekki betur, en hinn heiðraði þingmaður hafi hèr hrundið hinni fyrri breytingu sinni með hinni síðari. Nefndin játar það fúslega, að þingmaðurinn hafi ætlað, að einskorða greinir frumvarpsins enn betur, en orðið var, og geingið allt hið bezta til breytínganna, en eg ætla það sannist nú á honum, sem hreift var við undirbúningsumræðuna, að það væri með öllu ókljúfandi, að telja upp öll þau verk, sem saklaust væri að vinna á helgum degi, og gjöra grein fyrir

öllum slíkum atvikum, hvernig sem á stendur. Eg vil að eins taka til dæmis það, er hann leyfir öll ritstörf, bókiðnir og andlega menntun. Hèr lítur svo út, sem hann komist alveg í mótsetta stefnu við anda frumvarpsins. Eða hvers vegna skyldi mega halda únglingum til náms í heimahúsum eða heimaskólum, þegar það er bannað í öllum opinberum skólum? Hvers vegna ættu börnin í heimahúsum ekki að mega fá að njóta þeirrar hvíldar, sem öðrum, fullorðnum og börnum, er áskilin? Um ritstörf er kann ske nokkuð öðru máli að gegna, jafnvel þó öll opinber ritstörf sèu harðlega bönnuð í 6. gr. frumvarpsins. Eg efa það samt stórlega, hvort það færi vel á því, að leyfa öll ritstörf í heimahúsum, eða þau ritstörf, sem kalla mætti *privat* - ritstörf, t. a. m. stefnurit og klaganir manna á milli. Skyldi þetta leyfi geta verið samkvæmt anda guðrækninnnar? Eg held það sè öldúngis gagnstætt því, og ætla þess vegna, að hèr eigi ekki að leyfa öll ritstörf. Hèr næst leyfir hinn sami heiðraði þingmaður öll heimilisstörf, utan húss sem innan, sem ekki verður hjá komizt, í breytíngaratkvæðinu undir töluliðnum 6 á atkvæðaskránni. Eg ætla, að þetta leyfi mundi nú verða æði-takmarkalaust; því það, sem einn þættist geta komizt hjá, þættist annar þurfa við, og hinn þriðji ekki geta hjá komizt. Það færi öldúngis eptir ákafa hvers eins, geðþótta og kríngumstæðum; því hèr er hlutaðeigandi sjálfur, sem úr á að skera. Upppástúngumaður fer því og fram, að leyfðar sèu fiskiveiðar allar í hallærum, og í verstöðum, þar sem brimrót eða lángvinnar ógæftir hamla að öllum jafnaði frá sjósóknum. Mèr sýnist þessi grein hjá uppástúngumanni miður heppileg; því ef eg skil hana rètt, þá eru fiskiróðrar ekki leyfðir, nema í brima-plázum, eptir þessari ákvörðun. Eg þekki til nokkuð í Faxaflóa, og er þar kann ske eingin veiðistaða, sem þetta leyfi gæti náð til, og svo er víst mjög víða um land; það ætti helzt má ske heima í einstöku útverum. En það veit eg, að í öllum veiðistöðum geta þeir kaflar komið fyrir, að ekki verði róið sökum brims og ógæfta í 1, 2 eða 3 vikur, þó ekki sèu það brima-pláz. Og í þessum veiðistöðum vill þingmaðurinn ekki leyfa róður á helgum degi, þegar svona stendur á. Og þó segir hann: *„fiskiveiðar allar“*. Þar held eg nú að liggi í hjá honum töluverð mótsögn, því eg veit ekki, hvort menn veiða fisk í net eða lóðir í brima-plázum, og væri það ekki, þá eru ekki allar fiskiveiðar leyfðar, úr því leyfið er bundið við þessa staði, sem ekki eru

allar fiskiveiðar við hafðar á. Þar á móti leyfir hann smáum og stórum skipum, að fiska á hafi úti á sunnudagsmorgni. Væri eg formaður, þá sæi eg fljótt ráð til, að nota mèr þetta leyfi, til þess að róa á hverjum helgum degi. Það þarf ekki annað til þess, en róa á aðfaranótt sunnudagsins út á hin dýpstu eða yztu mið, og þá getur maður setið þar að fiski svo leingi fram eptir sunnudeginum, sem hver er lyndur til. Þessu má alstaðar koma við, þar sem veiðistöð nær til opins hafs eða stórflóa, eins og Faxaflóa, eins og víða er hèr við land. Um þetta gæti enginn feingizt, því skipið var úti á hafi. Þá vill og hinn heiðraði þingmaður leyfa allar landferðir, sem ekki má fresta. Mèr er spurníng, hverjar þær landferðir eru, því eg þekki eingar þær landferðir, sem ekki má fresta um þær 10 stundir á helgum dögum, sem hið konúnglega frumvarp nefnir, nema þegar sækja skal lækni eða meðöl, eða fara eitthvað í erindum sjúkra. En það er satt, uppástúngumaður er hèr enn búinn að breyta helgitímanum, og lætur hann nú enda með nóni. Hann er því hèr búinn að fá 3 helgitíma. Viðvíkjandi því, sem hann talar um dráp skaðvænna skepna, þá veit eg ekki, hverjar skepnur hèr eru svo skaðvænar, að ekki megi bíða með að drepa þær um helgitímann, nema ef maður stæði ref á sauð sínum, þá kynni það að vera ánægja, að mega þegar drepa hann. Ekki ærast hundarnir svo hjá oss, að þá þurfi að deyða, og ekki megi fresta drápi þeirra. Eg tek ekki til, þó skotmaður, sem á greni liggur, skjóti ref á sunnudegi. Eg veit því ekki, hvaða skaðvænar skepnur það eru, sem svo lægi lífið á að drepa, að eigi mætti fresta því, á meðan sunnudagshelgin stendur.

Breytíngar þær, sem nefndin stakk upp á við 1. gr. frumvarpsins, eru á atkvæðaskránni undir töluliðunum 3 og 4. Hvað hina fyrri af þessum breytíngum snertir, þá gekk nefndinni það til, að hún áleit *skemmtanir* of saklausar til þess, að banna þær. Hún var og á því, að skemmtanir væru öldúngis nauðsynlegar fyrir þá menn, sem eiga að erviða 6 daga vikunnar og hvílast þann 7., þeim til endurnæríngar og hressíngar; því „skemmtun“ felur alls ekkert ósiðsamlegt eða ljótt í sèr eptir uppruna sínum og brúkun í íslenzku máli, eins og tekið var fram í undirbúníngsumræðu máls þessa. Orðið *„hætta“*, sem í 1. gr. frumvarpsins stendur, felur í sèr, að athöfnin sè þegar byrjuð, og það fannst nefndinni rángt á þeim stað; því eptir anda frumvarpsins er eingin ástæða til, að gjöra ráð fyrir því.

Athafnir þær, sem þar ræðir um, eiga aldrei að byrja eptir tilgángi frumvarpsins, og því vildi nefndin gjöra þessa orðabreytíngu í því, til þess að fyrirbyggja allan misskilníng. Hvað síðari breytíngu nefndarinnar undir töluliðnum 4 snertir, þá er ástæða nefndarinnar, til að fella úr orðin: „*einkum um messutímann*“, tekin fram við undirbúníngsumræðuna, en það var það, að nefndinni sýndist, eins og frumvarpið með því gæfi mönnum undir fótinn, að ekki þyrftu þeir að rækja sunnudagshelgina vandlega, nema um messutímann. Fleiri breytíngar eru nú ekki gjörðar við 1. gr. frumvarpsins, nema orðabreytíngar, og þarf eg ekki að tala neitt um þær.

Við 2. gr. hins konúnglega frumvarps hefur varaþíngmaður Snæfellínga tekið sèr breytíngaratkvæði það, sem á atkvæðalistanum stendur undir töluliðnum 7. Hinum heiðraða þíngmanni hefur auðsjáanlega geingið gott eitt til þeirrar breytíngar, sem hann stíngur upp á, þar sem hann leitast við, að verða enn strángari, en hið konúnglega frumvarp er. En þar sem hann vill setja: „*og eingan veginn má fresta*“, þá er það öldúngis bundið hvers einstaks manns skoðun, og getur breytzt hjá sama manni, eins og eg minntist á áðan við breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu um orðin: „*er ekki verður hjá komizt.*“ Þetta orðatiltæki er alls ekkert band á manni, þegar maður á sjálfur að dæma, hverju ekki megi fresta, og það er ekki öðrum falið. Ekki veit eg heldur, hvort orðið „*bústörf*“ er í nokkru betra en orðið „*heimilisstörf*“, sem í frumvarpinu er, því hvergi er bú til, nema heimili sè, nè heimili, nema bú sè.

Eg veit ekki, nema menn geti fundið þau verk, sem hvorki geti kallazt heimilis- nè bú-störf, t. d. höpp, ef að rekur á fjöru manns hval eða trè, þar sem kann ske annars sjaldan reki, og feingurinn auðsjáanlega mundi tapast, ef ekki mætti bjarga honum á helgum degi. En það má öldúngis ekki eptir uppástúngu þessa heiðraða varaþíngmanns frá Snæfellsnessýslu. Nefndin gat því ekki tekið þetta breytíngaratkvæði upp.

Þá hefur hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður skotið breytíngaratkvæði inn í grein þessa. Eg vona hann hneixlist ekki á því, þó eg segi *skotið inn*. Það er undir töluliðnum 11 á atkvæðaskránni. Mèr finnst þetta breytíngaratkvæði koma hèr eins og úr hömrum geingið, og óskaði eg, að, ef þíngið fèllist á það, þá væri það heldur sett við niðurlag frumvarpsins, því mèr finnst það alls ekki eiga við þessa grein, og ekki

mega standa hèr, þar sem ekkert er minnzt á neinar sektir eða fèbætur, eða neitt þess konar. Nefndin gat þess vegna ekki heldur fallizt á þetta breytíngaratkvæði, enda hafði og þíngmaðurinn áður sagt, og eg vona það sè bókað eptir honum, að hann vildi einúngis taka fátækra-hlut af fiskidrætti, en hvorki af hákalla nè hvalaveiði. Nefndin hèlt, að þíngið gæti ekki með sóma sínum tekið þessa breytíngu hèr upp, þar eð eingin uppástúnga hefði komið um það til þíngsins, að fella fátækra-hlutinn úr lögum.

Varaþíngmaður Snæfellínga á hèr enn eitt breytíngaratkvæði, undir tölulíðnum 12 á atkvæðaskránni, þar sem hann vill fella úr orðin í frumvarpsins 2. gr.: „*mala má og í mylnum á þessum tíma*“. Það kom til tals við undirbúníngsumræðuna, að sumir vildu kalla handkvarnir einnig mylnur, en eg held það sè ekki nú gjört hjá almenníngi. Mylnur kalla menn þær einar kvarnir, sem öfl náttúrunnar eru notuð til að knýja áfram, en ekki manns, og er það hjá oss vindur eða vatn. Mölun í mylnu getur opt verið eins nauðsynleg og margt annað, t. a. m. í kaupstað, þegar leingi hafa geingið logn og vindleysur, og það má ætla, að þar sèu eingar handkvarnir til, sem mylnur eru. Það er og eingin veruleg vinna, að mala í mylnu, heldur einúngis eptirlit. Nefndin gat því ekki heldur fallizt á þetta breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns.

Hinn sami heiðraði þíngmaður hefur enn stúngið upp á annari breytíngu við grein þessa, og er hún undir tölulíðnum 13 á atkvæðaskránni. Hefur þíngmaðurinn þar auðsjáanlega ætlað að fyrirbyggja, að menn að nauðsynjalausu fermdu og affermdu skip á helgum dögum. Nefndin kannaðist fullkomlega við þennan góða tilgáng í breytíngaratkvæðinu, en henni þótti það of ríkt á kveðið, að ekki mætti afferma skip, nema það væri skaddað; því það getur opt borið að, að mikil nauðsyn sè á, að afferma óskaddað skip, til þess að forða því og farmi þess skemmdum. Þess vegna kastaði nefndin einnig þessari breytíngu.

Nefndin hefur og tekið sèr breytíngu við þessa 2. gr. frumvarpsins, og er það mest orðabreyting. Nefndinni þótti greinin í frumvarpinu helzt í sturbutrulega orðuð, en vildi þó ekki missa úr henni meiníngúna. Henni þótti orðið „*heimilistörf*“ (sjá 8. tölul. í atkvæða-skr.) of yfirgripsmikið, og því vildi hún breyta því í „*búverk*“, því „*búverk*“ nær að eins yfir þau störf, sem beinlínis fljóta af því, að bú er haldið, t. a. m. hirða peníng, mjalta

hann, o. s. frv. Það eru að eins þau verk, sem aldrei mega hjá líða. Nefndin vildi og breyta greininni með tilliti til orðaskipunarinnar um heyhirðinguna (9. tölul. á atkvæðaskránni). Hún vissi, að það voru ekki votviðri ein, sem heyinu granda hjá oss, heldur og bæði sjávar flóð og vatna, stormur, o. fl. Nefndin vildi, að eins væri heimilt, að bjarga heyi undan öllu slíku, eins og rigníngum, og því stakk hún upp á, að orðunum væri breytt þannig: *„að bjarga heyi og hirða, þegar nauðsyn krefur“*. Fyrir stormi spillist heyið helzt, þegar það er þurrt orðið, og getur það opt fokið til stórs skaða; þess vegna skildi nefndin hér með því, „að hirða“, að hirða hey í hlöðu eða tóptir, þó það sè annars vanalega haft um hvers konar hirðíngu, sem vera skal. Nefndin vildi og breyta ákvörðun þessarar greinar viðvíkjandi fiskimönnum (sbr. töluliðinn 10 á atkvæðaskránni). Hún vildi, að leyfið næði til allra veiðimanna yfir höfuð, bæði sela-, hákalla- og hval- veiðara, sem hún ætlaði að ekki mundi vera vant að kalla fiskimenn. Nefndinni þótti og, að allir ættu að standa jafnt að því, að mega nota fiskiveiði á sunnudögum, hvort sem þeir byggju í brima-plázum eða ekki, ef fiskileysiskafla bæri að höndum einhverra orsaka vegna, hvort heldur brims eða ógæfta, og því fór hún einnig fram á þá breytíngu, sem hún hefur stúngið upp á í þessu tilliti. Viðvíkjandi fermíngu og affermíngu skipa, í sömu grein frumvarpsins, hefur og nefndin farið fram á nokkra breytíngu (sjá töluliðinn 14 á atkvæðaskránni). Bætti hún þar inn í *„önnur“* (skip), til þess að allur misskilníngur færi af um það, að hér væru ekki einúngis meint haffær skip, heldur öll skip, smá og stór. Eins tók hún og það fram, að halda mætti áfram sjóferðum, því það var hvergi annarstaðar leyft í frumvarpi stjórnarinnar.

Eg hef nú með fám orðum leitazt við, að skýra þínginu frá skoðun nefndarinnar á 1. og 2. gr. hins konúnglega frumvarps, þeim bótum, er nefndin hefur þótzt stínga upp á við þær, og ástæðum hennar fyrir þeim, sem og breytíngaratkvæðunum, sem gjörð hafa verið við þennan kafla frumvarpsins, og mun eg ekki tala framar um þetta, fyr en eg hef heyrt ræður hinna heiðruðu þíngmanna.

Þ. Sveinbjörnsson: Nefndin segist hafa *leiðzt* til, að taka inn í seinustu grein frumvarpsins ákvörðunina um fátækra-hlutinn, og má hún bezt vita, af hverjum hún *leiddist*, ef ákvörðunin ekki hefur *læðzt* inn í nefndarfrumvarpið, nefndinni óvit-

andi, og það væri næst mèr að halda; því ákvörðunin er hjá nefndinni komin á svo óhönduglegan stað, hvar ekkert tilefni er fyrir hana að búa til leingdar. Eg þar á móti ætla, að eg hafi valið atkvæði mínu hinn bezta samastað, sem feingizt gat. Samt sem áður leyfi eg mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort umræðan um þetta viðauka-atkvæði mitt við 2. gr. megi ei verða samferða umræðunum um nr. 55 í atkvæðaskránni, því ef það þar af þingmanni Strandasýslu tekna viðauka-atkvæði verður fellt, óska eg þetta mitt viðauka-atkvæði sè til vara, þó svo, að ef það fæst, verði það sett í 2. grein, eptir orðin: *„net og lóðir“*.

Forseti: Eg sè ekki neitt á móti því, að atkvæðagreiðslan fari fram á þennan hátt, svo að atkvæðagreiðslan um 11. staflið bíði í 2. grein, og verði leitað atkvæða um viðbætis-atkvæði þetta næst á eptir breytíngaratkvæði þingmannsins úr Strandasýslu við 16. gr. frumvarpsins, undir stafliðnum 55 á atkvæðaskránni, með því skilyrði, að það komi inn í 2. grein á tilteknum stað, ef það verður samþykkt.

Framsögumaður: Eg skil ekki í því, þegar skipað er að ræða frumvarpið í köflum, hvernig þetta breytíngaratkvæði, sem gjört er við 2. gr. þess, geti komið til umræðu við annan kafla en þann, sem það á heima í. Eg ætla og, að, þegar atkvæði verða greidd, þá verði þau greidd um hvern kafla á eptir öðrum. Eg á ómögulegt með að skilja í því, hvernig það getur orðið í neinu skipulegra, að ræða breytíngaratkvæði það, sem hèr ræðir um, við 16. gr., úr því það er nú borið upp við 2. gr.

Forseti: Mèr sýnist þó, að, eins og menn tóku nokkuð fyrir sig fram í undirbúníngsumræðunni, að tala um sunnudagahlutinn undir 2. grein, allt eins vel megi geyma þessa umræðu nú, þángað til kemur að 16. gr. frumvarpsins.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera hinum háttvirta forseta samdóma í því, að bæði megi taka 11. breytíngaratkvæði upp í 2. grein frumvarpsins, og eins, að skjóta megi á frest umræðum um það, þángað til síðasta grein frumvarpsins er rædd, enda liggur það líka í boðum og anda alþíngistilskipunarinnar, að forseti megi ráða því, á hvern hátt umræðurnar skulu fara fram.

G. Einarsson: Eg skal ekki leingja mjög umræðurnar með því, að fjölyrða um mál þetta, því að eg álít það ekki nema til tímatafar; en um það get eg fullvissað menn, að ef eg vildi hafa mig til þess, þá get eg haldið eins lánga ræðu

móti annari grein nefndarálitsins, og komið með eins óskepjuleg dæmi, nefndarálitinu til hnekkis, eins og framsögumaður hefur komið með breytingaratkvæðum mínum til hnekkis. Þó get eg ekki setið á mèr, að minnast á fátt eitt. Framsögumaður sagði, að eg hefði 2 helgar-takmörkin á sunnu- og helgi-dögunum *(Framsögumaður*: Nei, 3); jæja, veri þau þá 3, en eg verð að benda nefndinni á það, að hún hefur ei að eins 3 helgar-takmörkin á sunnu- og helgi-dögunum, heldur eins mörg, og margir eru sunnu- og helgi-dagar sólstaðna á milli ár hvert; því að morgunum færist ýmist fram eða aptur (Hlátur). Eg drep á þetta, til að sýna, að varla verður svo talað, að ekki megi ávallt vinda út úr, vilji menn hafa sig til þess, bæði út úr mínum orðum og annara. Hinn háttvirti framsögumaður lèt, sem hann þekkti ekkert skaðvænt dýr hèr hjá oss Íslendingum, nema tóuna. Þekkir hann þá ekki björninn, eða manneygt naut? (Hlátur). Hvað því viðvíkur, að það hefur verið talið tjón, ef ekki mætti mala í mylnum um helgidagana, svo að það gæti orðið þess ollandi, að bæjarmenn yrðu að svelta; þá get eg ekki álitið það annað, en hègómlega viðbáru. Það hefur verið vikið á það, að það ætti ekki við, að foreldrar væru að mennta börn sín í hinu andlega á sunnudögum; en segið mèr, hvað er tilhlýðilegra, og hvað er nauðsynlegra, einkum fyrir þá foreldra, sem hafa að kalla eingan tíma (eins og sumir eru) frá hinum óumflýjanlegu lífsnauðsynja-störfum, nema miðkaflann úr helgideginum? og eg verð fastlega að mæla á móti því, að barnafræðendum sè fyrirmunað slíkt í heimahúsum.

E. Kúld: Eg ætla mèr nú ekki að leingja þingræðurnar mikið, með því að tala mikið fyrir breytingaratkvæðum þeim, sem eg hef borið upp við þennan kafla frumvarpsins; þau verða að standa og falla sínum herra, og eg gjöri ráð fyrir, að það mæli lítið með þeim, þó eg talaði nokkuð fyrir þeim, þar sem þingmönnum eru orðin þau svo kunnug. Mèr þótti orðið *„búverk“* hjá nefndinni of þraungt, og vildi því rýmka það nokkuð (sjá töluliðinn 7 í atkvæðaskránni). Hinum heiðraða framsögumanni þótti vanta þann, sem dæma skyldi um, hver störf það væru, sem *eingan veginn má fresta*. Eg ætla nú, að það sè ekki tilgángur löggjafarinnar, að gánga of hart að neinum í þessu efni, eða leggja mönnum þýngri byrði á herðar, en þeir eru færir um. Eg fyrir mitt leyti held, að hèr verði góð samvizka hvers manns hinn bezti dómarinn, og þegar menn fara eptir

samvizkunni í þessu efni, þá er eg ánægður. Eg veit það raunar, að einginn er algjör, og að í villu mega leiðast jafnvel útvaldir, eins í þessu efni sem öðru. Hvað því viðvíkur, sem hinn heiðraði framsögumaður sagði, að mylnur væru jafnan knúðar áfram með öflum náttúrunnar, þá getur það nú verið. En eg held þó, að mylna geti allt eins tekizt um handkvörn. Eg held, að meiníng hins heiðraða framsögumanns hafi má ske verið, að mylna væri brúkuð yfir þá kvörn, sem er stærri, en aptur kvörn, þar sem um litla mylnu er að tala; en honum skjátlar mjög í þessu. Eg veit t. a. m., að menn kalla *kaffimylnu,* og hvort sem hún er úr steini eða járni, og vita þó allir, hversu ólíkar þær eru bæði vind- og vatns-mylnum, og líka minni en enda handkvarnir. Eg held annars, að málinu sè allt eins eðlilegt nafnið *„mylna“* á kvörnum, eins og nafnið *„kvörn“* á mylnum, og bæði eru þau gömul. *„Kvörn“* er norrænt orð, en *„mylna“* er fram komið af því latínska *„m o l a“;* þannig eru mörg fleiri orð í máli voru 2 sömu þýðingar, og bæði jafngóð og gömul, t. a. m. *„sól“* og *„sunna“*. Eg vildi því heldur, ef orð frumvarpsins, sem eg vildi fella úr (sjá töluliðinn 12 á atkvæðaskránni), verða látin standa, að þá verði sett: *„vindmylna“* og *„vatnsmylna“*. Viðvíkjandi breytíngaruppástúngu minni um fermíngu og affermíngu skipa (sjá töluliðinn 13 í atkvæðaskránni), þá var hinn heiðraði framsögumaður hræddur við, að veita því samþykki sitt, vegna fleiri tilfella, sem hann ætlaði að fyrir gætu komið, t. a. m. ef bjarga þyrfti skemmdum vörum úr skipi, svo ei hlytist meira tjón af, o. s. frv. En þó eg sè ekki lögfróður maður, veit eg það samt, að áður en það er gjört, þarf að sækja sýslumann, til þess að gjöra einhverja skoðun, svo eg held, að það beri sjaldan svo bráðan að með þetta, að ekki megi það bíða sjálfa sunnudags-helgina. *„Farmenn“* skil eg hèr fyrir þau skip, sem fara á milli landa. Eg get nú ekki ímyndað mèr eitt einasta tilfelli, önnur en þau, sem eg hef getið um, sem geti heitið *„brýn nauðsyn“,* til að leyfa þeim skipum, sem borið hafa veður og ólgusjó hafsins milli landa, og komin eru inn á höfn, að afferma þau sjálfan sunnudaginn, en framsögumaður sagði þau væru óteljandi, eg vildi því hann teldi mèr eitt af þeim mörgu, fyrir utan ef skipið er brotið eða bilað. Ef leyft væri, að ferma skip á helgum degi, þá vita nú allir, að til að ferma kaupskip eru margir teknir í vinnu, og þá mun optast vera siður, að ljúka

upp búð og gefa þeim í staupinu. Eg sé því ekki annað, en að þessi ákvörðun eða leyfi gæti einmitt orðið skálkaskjól ofdrykkju og svalls á sunnudögum.

Konúngsfulltrúi: Áður en umræðunni lýkur um þann kafla frumvarpsins, sem nú liggur fyrir, verð eg að minnast nokkuð á þau breytíngaratkvæði, sem gjörð eru við kafla þennan, og get eg gjört það í fám orðum, þar hinn háttvirti framsögumaður hefur verið um þau svo fjölorður, og það að mestu leyti í líkri stefnu, og eg mundi hafa gjört.

Hvað því 1. breytíngaratkvæði viðvíkur, þá finnst mèr frumvarpið nákvæmar orðað, en breytíngaratkvæðið, og ræð því þínginu til, að taka það ekki. Annað breytíngaratkvæðið finnst mèr óhagfeldara og tilgángi lagaboðsins miður samkvæmt, en frumvarpið, að því leyti sem breytíngaratkvæðið fer því á flot, að helgin skuli byrja á miðjum morgni, hvar á móti eg álít betur við eiga, að helgin, eins og frumvarpið og nefndin vill, byrji þegar að morgni dags. Vilji þíngið fallast á breytíngaratkvæðið, að svo miklu leyti sem það fer fram á, að helgin skuli vara til miðaptans, skal eg ei vera því mótfallinn, því það hygg eg hugsunarhætti þjóðarinnar samkvæmt; þó fel eg hinu heiðraða þíngi, að dæma um, hvort maður í þessu tilliti eigi að vera strángari en frumvarpið er. Breytíng sú, er nefndin hefur stúngið upp á við 3. atkvæði, er ekki mikilsverð, og einúngis orðabreytíng; en eg kann þar þó ekki vel við orðin, að ekki megi neina ónauðsynlega *„vinnu vinna"*. Mèr sýnist ei heldur hlýða vel, að fella hèr úr orðin: *„allar skemmtanir"*, því þar við er meint, eins og síðar kemur fyrir í frumvarpinu, einúngis allar opinberar skemmtanir, og 1. greinin sjálf bendir líka til þess með þessum orðum: *„þó með þeim ákvæmari ákvörðunum, sem til eru teknar í tilskipun þessari"*. Í 1. grein hefur nefndin viljað fella úr orðin: *„einkum um messutímann"*, en eg verð að skjóta því til hins heiðraða þíngs; því þessi orð draga eingan veginn úr lagaboðinu, eins og nefndin heldur, heldur skerpa það, hvað messutímann áhrærir; því menn geta vel hugsað sèr þá ósiðu, sem eingan veginn mætti þola um messutímann, af því þeir trufluðu guðsþjónustugjörðina, sem menn þó gætu látið hjá líða að átelja, þegar þeir færu fram annan tíma helgidagsins.

Um 6. breytíngaratkvæðið, eður hið 1. við 2. grein, hefur hinn heiðraði framsögumaður farið svo mörgum orðum, og sýnt á

því svo marga galla, að eg eingan veginn óttast fyrir, að þingið muni fallast á það, og get eg því verið um það stuttorður. Það, sem eg finn mest að þessu breytíngaratkvæði, er það, að uppástúngumaðurinn fer þar fram á öldúngis óréttan og ófæran veg, hvað formi lagaboðsins viðvíkur. Frumvarpið fram setur, eins og eðlilegt er, boð sitt sem almenna hugmynd, með því það lýsir með almennu einkenni þeim verkum, er ei má vinna á helgum dögum, og síðan til tekur nákvæmlega undantekníngarnar þar frá, eður nefnir þau verk, er leyfileg eru á téðum dögum. Uppástúngumaðurinn þar á móti tekst á hendur *(per inductionem),* að upp telja öll þau verk, er vinna megi; en það liggur í hlutarins eðli, að slík upptalníng *(Induction)* er ókljúfandi, og getur aldrei yfirgripið allt hið einstaka.

Hvað 7. breytíngaratkvæðinu viðvíkur, þá er eg ei svo mjög á móti því; og sèr í lagi ætla eg, að orðin *„bústörf"* eða *„heimilisstörf„* eigi miklu betur við en orðið *„búverk",* sem nú er almennt hèr á landi tekið í mikið þreingri merkíngu, en bæði frumvarpið og nefndin ætlast til. Eg verð að vera á móti 12. breytíngaratkvæðinu, og þar hjá geta þess, að fyrir mylnur skilja menn í daglegu tali aldrei handkvarnir.

P. Pètursson: Mèr virðist, aðhinn heiðraði framsögumaður hafi svo algjörlega gegnt mótbárum þeim, sem fram hafa komið gegn hinu konúnglega frumvarpi, að þar sè ekki miklu við að bæta. Eg ætla því einúngis að geta þess, að það lítur svo út, sem hinum heiðraða þíngmanni úr Dalasýslu þyki það óákvarðað, sem í frumvarpinu stendur: *„frá morgni dags",* því hann vill taka til kl. 6; en eg held, að það eigi hèr við: *„að sól ræður á sumrum, en dagur á vetrum",* svo að þetta: *„frá morgni dags",* geti allt af átt vel við, og þurfi aldrei að verða misskilið. Það er og áður tekið fram, að þíngmaðurinn sleppir þessari helgi aptur í breytíngaratkvæði sínu við 2. gr., sem er undir töluliðnum 6 á atkvæðaskránni, svo honum er víst ekkert fast í hendi með hana. Viðvíkjandi þessu síðar nefnda breytíngaratkvæði hans má eg geta þess, að nefndin þóttist sannfærð um, að uppástúngumanni hafi geingið allt hið bezta til, en valið nokkuð óheppilegan veg, til að koma tilgánginum fram. Eg skal að eins til færa eitt orð, sem þar er hjá honum, og sem eg man ekki til að hèr hafi verið tekið fram í þeirri þýðíngu, og vil eg þó öldúngis ekki gjöra það, til að snúa út úr orðum hins heiðraða þíngmanns. Hann vill nefnilega, að *öll ritstörf,*

bókiðnir og *andleg menntun* sè leyfð í heimahúsum (sbr. töluliðinn 6 á atkvæðaskránni). *„Heimahús“* er vanalega mótsett *„kirkju“*, einkum þegar talað er um andlega menntun eða guðsþjónustu, og eptir því gæti litið svo út, eins og þingmaðurinn vildi banna andlega menntun í kirkjunni, en leyfa hana í heimahúsum. Hann vill og, að menn megi *fara að nauðsynjum sínum úr því nón er komið*. Það eru margir, sem álíta það nauðsyn fyrir sig, að fara til kirkju, en eptir þessari uppástúngu gæti einhver kann ske tekið það svo, sem hann mætti það ekki, fyr en eptir nón. Viðvíkjandi 12. tölulið í atkvæðaskránni, að *„Malu má í mylnum“* falli úr, þá get eg alls ekki verið með því. Veðráttan getur opt og einatt gjört það að fullri nauðsyn, að malað verði í mylnum, einkum í vindmylnum, þó helgur dagur sè.

G. Brandsson: Þar sem önnur grein frumvarpsins og nefndarálitsins talar um, að ferma megi og afferma á helgum dögum önnur skip en þau, sem neyddust til, að hleypa hèr á hafnir, þá hafa tveir þingmenn talað á þá leið, að þeir skildu það einúngis um hafskip þau, sem færu milli landa; en eg hef skilið það svo, og skil það enn, að þar með sèu meint öll önnur flutníngaskip, bæði smáskútur, sem fara hèr á milli ýmsra kaupstaða, og sem sækja og flytja vörur inn á ýmsa firði og víkur, einnig innlend flutníngaskip, bæði þau, sem sækja og flytja vörur í kaupstaði, og líka þau, sem brúkuð eru til að flytja á skreið úr verstöðum, og sitt hvað annað. Það væri annars undarlegt, ef að þessi skip, sem opt eru fámenn mjög, mættu ekki nota gott veður og hagstæðan vind um þann tíma helgidagsins, sem hèr er verið að tala um; því opt getur svo á staðið, að þeim að öðru leyti yrði ómögulegt, að komast á stað þann dag til kvölds, og má ske leingur, bæði vegna sjávarfalla og vindstöðu, sem opt getur breytzt á stuttum tíma, og gæti svo tálmun þessi orðið orsök til atvinnumissis margra manna um nokkurn tíma, hvar af heimili þeirra, og þá undir eins landið allt, biði töluverðan óhag. Að guðræknu manna þar við hindraðist, held eg ekki þurfi að óttast fyrir; því á bændaheimilum veit eg til að það er víða siður, að lesa strax að morgni dags húslestur, áður þess háttar ferðalög eru byrjuð; um kaupstaðina er mèr miður kunnugt.

Þar sem nefndin talar um, að *„heimilt sè fiskimönnum og öðrum veiðimönnum, að bjarga veiðiskap sínum og veiðarfærum“*, þá tekur hún þó ekki ljóslega fram, hvort menn megi

bjarga ýmsum höppum, sem komin eru nálægt landi, t. a. m. stórtrè, hval, skipsflaka og fleiru; því svo getur opt á staðið, að það missist, sè það ekki sótt, af því að vindur eða straumur beri það á haf út; en eg þykist vita, að nefndarinnar meining muni vera sú, að þessu megi bjarga, þó þess sè ekki beinlínis getið í álitsskjali hennar, og fer eg því ekki hèr um fleiri orðum.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg hef getið þess áður, að mèr þótti frumvarpið hafa tekið svo góðum umbótum við álit nefndarinnar, að eg að mestu gjörði mig ánægðan með það, og býst eg svo við, að eg gefi því að mestu mitt atkvæði. Eg veit það að vísu, að þeim heiðarlega þingmanni frá Dalasýslu hefur einúngis gott til geingið með breytingu sína, og eg neita því ekki, að orðun hans á annari greininni kunni að vera fullt svo greinileg, en mèr þykir munurinn samt ekki vera svo mikill, að taki að fara að breyta nefndarálitinu þar, því mèr þykir það fyrir alla vera fullskilmerkilegt. Þegar eg minnist á töluliðinn 12, vil eg geta þess, að frumvarpið leyfir, að mala í mylnum á helgidögum, og nefndin hefur látið það óhaggað standa, og gjörði eg mig ánægðan með það, því eg þeinkti, að undir orðinu „*mylna*“ mundi skiljast aðrar kvarnir, eins handkvarnir; því „*mylna*“ og „*mylnusteinn*“ er gamalt orð, og mun draga sitt nafn af því, að kvörnin malar eða mylur kornið, og því antek eg ekki útleggíngu þess heiðraða framsögumanns, að hèr með sèu meintar einúngis vatnsmylnur eða vindmylnur. Líka er víðar nauðsyn til, að mala korn sèr til matar á helgum, en í kaupstöðum, þá logn hafa geingið, t. a. m. það getur verið fátæklíngur í sveit, sem á konu og mörg börn eður fjölskyldu, og er bjargarlaus; hann fer að útvega sèr björg, og kemur heim með korn á laugardagskvöldið eður nóttina fyrir hátíðina; nú er bjargarlaust, og ekki getur konan og börnin etið kornið ómalað um hátíðina; það væru þá skárri lögin, ef ekki mætti taka í kvörn, til að mala sèr til matar. Þíngmaðurinn frá Snæfellsnessýslu hefur stúngið upp á, að fella það orð í burt, að mala megi í mylnum, þó mikið liggi við. Slíkt breytíngaratkvæði get eg ekki liðið, og verð því að vera því algjörlega mótfallinn.

Konúngsfulltrúi: Eg vil einúngis geta þess, og taka það upp aptur, að það er efalaus meiníng frumvarpsins, að skilja einúngis vatns- og vind-mylnur, en ei handkvarnir, við orðið

„mylnur“; og að taka handkvarnir upp í frumvarpið, þar um getur ei leingur orðið spurníng, af því einginn hefur tekið sèr um það breytíngaratkvæði í tíma.

P. Sigurðsson: Eg hef hèr nú fyrir mèr hið konúnglega frumvarp, og líkar mèr að vísu vel stefna þess yfir höfuð í mörgum greinum, að anda þess og stefnu, en hins vegar er það mikið dönskulegt, fyrst að búníngi öllum, og þar til í sumum áríðandi ákvörðunum. Nefndin hefur nú að vísu klætt það í mikið íslenzkulegri búníng, en þó þykir mèr mikið til vanta, að klæða það þeim rètta einfalda íslenzkulega búníngi, er eg vildi á kjósa að það birtist í fyrir löndum mínum. Það er einkum sú aðalstefna í frumvarpi bæði stjórnarinnar, og sem að nefndin hefur líka aðhyllzt, sem mèr þykir dönskuleg og aðgætnisvert hèr, að stytta helgi hvíldardagsins, frá því sem gilt hefur hèr hingað að, og er samkvæmt hugsunarhætti Íslendínga, að sunnudagurinn allur sè hvíldardagur. Þau orð í stjórnarfrumvarpsins 1. gr.: *„einkum um messutímann“,* sem nefndin hefur úr fellt, þá er eg henni þar í samþykkur; en breytíngaratkvæði þau, sem fram komin eru við aðra grein nefndarálitsins, get eg ekki aðhyllzt fremur, en nefndarinnar; því að hugsa sèr, að gefa vissar laga-ákvarðanir um öll þau margvíslegu tilfelli í því mannlega lífi, hvort nauðsynleg sèu eða ekki undir ýmsum kríngumstæðum, þá samsinni eg því, er hinn 2. háttvirti konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar sagði undir umræðum málsins, að hèr um mætti rita heila bók. Orðið *„búverk“* finnst mèr ekki vera heppilega valið af nefndinni; því í daglegu máli er það einasta skilið um þann hluta heimilisstarfanna, sem konan annast fremur en bóndinn, svo sem matreiðslu og alla hagtæríngu matvæla. Það þætti því óvanalegt svar, ef eg segði við aðkomumann, er kæmi til mín og vildi finna vinnumann minn, og svaraði hann væri að búverka; hann skyldi sjálfur finna hann. Maður þessi færi nú strax í eldhús og búr, að leita mannsins, og segðist ekki finna hann, og eg hefði sagt sèr ósatt; eg segist hafa satt sagt; maðurinn sè við fjárhúsin; því þetta orð *„búverk“* hafi nú yfirgripsmeiri þýðíngu, en við sèum vanir.

Viðvíkjandi breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu, nr. 6 á atkvæðaskránni, þegar hann fer að telja upp, hvað að ósekju megi fara fram á sunnudegi, þá er fyrst öll ritstörf; en eg vil spyrja: geta eingin ritstörf álitizt ónauðsynleg eða jafn-

vel ólögleg? Það þarf að vísu ekki að gjöra ráð fyrir því, að kunnátta sú sè nú til á landi hèr, er nefnist *galdur,* en samt á meðan grein sú er ekki út dregin úr barnalærdómsbókinni okkar, er þar um hljóðar, þá eru víst andlegu stèttar mennirnir okkar ekki ugglausir, að þetta geti átt sèr stað. Hafi nú íþrótt þessari fylgt nokkur ritstörf, þá væru þau friðhelg, ef grein þessi yrði að lögum. Nú eru því lík störf margútlæg gjörð af landi voru, bæði helga daga og hina, og þá væri það kátlegast, að samkvæmt þessari uppástúngu yrðu ritstörf þvílíkra athafna friðhelg, og það einasta á sunnudögum.

H. G. Thordersen: Það hefur verið sett út á orðið „*búverk*", sem nefndin hafði viljað setja í 2. gr. hins konúnglega frumvarps, í staðinn fyrir það, sem þar stendur „*heimilisstörf*". Varaþíngmaður Snæfellínga hefur í breytíngaratkvæði sínu undir tölulíðnum 7 á atkvæðaskránni farið fram á, að „*bústörf*" yrði tekið í staðinn fyrir „*búverk*" hjá nefndinni, og hafa sumir mælt með því; en þetta er miklu þreingra eptir breytíngaratkvæðinu, heldur en í frumvarpinu og hjá nefndinni, því hinn heiðraði framsögumaður sýndi fram á, að sú vinna geti verið leyfileg á helgidögum, sem ekki lyti að bústörfum einum, en breytíngaratkvæðið fer einúngis fram á þau störf, sem lúta að bústörfum, og útilykur með því öll önnur. Höfuðatriðið í grein frumvarpsins er *vinna*, og vinnan getur samkvæmt því verið tvenns konar; annaðhvort lýtur hún að búverkum, það er því, sem búið getur ekki án verið að daglega sè aðhafzt, svo sem er matreiðsla öll og umhirðíng á peníngi, eða það í annan stað er sú vinna, sem menn þar að auki geta þurft við á heimilinu, sèr eður öðrum til bjargar, og er leyfð eptir 2. gr. Eg vil nú aptur spyrja þíngmenn að því, hvort ákvörðun breytíngaratkvæðisins er hèr ekki þreingri, en hjá nefndinni, þar sem hún, eins og hið konúnglega frumvarp, tekur til tvennslags vinnu, en breytíngaratkvæðið að eins bústjórn, sem naumast verður skilið öðruvísi, en um störf þau, er nauðsynleg eru daglega fyrir sèrhvert bú. Eg get ekki betur sèð, en nefndin hafi hèr haldið með rýmri og viðfeldnari ákvörðun, heldur en í breytíngaratkvæðinu er.

Konúngsfulltrúi: Umræðan um orðin: „*heimilisstörf*", „*bústörf*" *og* „*búverk*", virðist mèr nokkuð ómerkileg, því hún lýtur einúngis að orðabreytíng, og þessi orð, einkum hin 2 fyrstu, eru svo náskyld, að hvort þeirra sem brúkað verður, mun danski textinn í þeirri tilskipun, er menn vænta eptir, halda orðaskipun-

inni í danska frumvarpinu: *„det huslige Livs Sysler“*, og þegar þau eru nákvæmlega þýdd á íslenzku, mun sú hugmynd koma fram, sem bæði stjórnin og þingið eru samdóma um.

J. Guðmundsson: Eg þarf nú ekki mikið að tala, því eg ætlaði einmitt að segja það, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nýlega mælti. Mèr þykir *„heimilisstörf“* eiga betur við, en *„búverk“*, í 2. gr. frumvarpsins. Hvað uppástúngu nefndarinnar undir töluliðnum 10 í atkvæðaskránni snertir, þá þykir mèr nefndin þar hafa breytt beinni skirskotun konúngsfrumvarpsins til tímans, sem til er tekinn í 1. gr., mjög óheppilega með orðunum: *„á þessum tíma“*. Mèr finnst frumvarpið þar miklu ljósara, er það segir: *„sem til er tekinn í 1. gr.“*; því eptir breytíngu þeirri, sem nefndin stíngur upp á, þá má skilja þetta svo, einmitt af því hèr kemur ný ákvörðun sèr (með „púnkti“ á undan), að þau verk, sem hèr eru tekin fram, sèu leyfileg *allan* sunnu- og helgi-daginn, öldúngis gagnstætt því, sem er í 1. gr. Eg verð því að gjöra það uppskátt fyrir þíngmönnum, að eg mun hika mèr, einmitt þessa vegna, við, að gefa atkvæði mitt með þessari breytíngu nefndarinnar.

Á Einarsson: Mèr er það ekki skiljanlegt, hvernig sá heiðraði framsögumaður fer að setja fiskana í flokka, þegar hann vill láta taka helgidaga-hlutinn til fátækra úr helgidagaveiðinni; því eptir X. kapít. í Rekabálki eru selirnir inniluktir í því, er helgidaga-hlut skal af greiða, en hann undan skilur hákallinn líka, sem eg hèlt væri í fiskaflokkinum, og þannig minnir mig hákallinn sè settur í náttúrusögum, og meðal annars minnir mig, að Jónas heitinn Hallgrímsson hafi þannig sett hákallinn í flokk fiskategundanna (*H. Stephensen*: Og selur líka?) (Hlátur), og veit eg þá ekki, hvernin framsögumaður vill að skilja þetta.

Þó eg hèldi það væri ekki öldúngis sama, þegar málið var rætt til undirbúnings, hvort stæðu orðin; *„eptir þeim lögum, er nú gilda“*, eða *„eptir gildandi lögum“*, þá er það sjálfsagt, að þýðíng hinna lögfróðu manna gildir mest í þessu.

Sá 5. konúngkjörni þíngmaður gat þess, að hann vildi ekki snúa út úr orðum þíngmannsins frá Dalasýslu, en eg held víst það hafi ekki verið meiníngin í breytíngaratkvæðinu, að bannað væri, að fara til kirkju fyr en eptir nón.

Framsögumaður: Eg hef nú um tíma hlýtt á ræður manna með og móti málefni því, sem hèr ræðir um. Það er þó fátt

í ræðum þessum, sem ekki er búið að svara, og fátt eptir, sem eg þarf að svara. Hinn heiðraði þingmaður úr Dalasýslu furðaði sig á því, að eg til tók ekki áðan fleiri skaðleg dýr en refinn. Hann furðaði sig á því, að eg skyldi ekki fylgja hans reglu, og telja upp allt á enda. En eg skal segja honum það, að eg mundi bæði eptir manneygða nautinu, sem hann kom með, og mundi eptir enn fleiri skaðlegum dýrum, rottum og músum, flóm og lúsum (Hlátur). En eg vildi ekki vera að þylja margt af þess konar upp fyrir þinginu. Honum þótti það og hart bann, að ekki mætti segja til börnum í heimahúsum á helgum dögum. En þar á móti vill hann, að börnum í heimahúsum sè bannað, að eiga frí á helgum dögum, þar sem skólabörn eiga það þó. Eg að minu leyti gjöri lítið úr þeirri þvinguðu sunnudagamenntun barna hjá foreldrum þeim, sem vanrækja hana alla virka daga, og skýt því til allra skynsamra manna, hvort bannið hèr er betra og sannngjarnara. Hinn heiðraði varaþingmaður Snæfellinga er allt af að klyfa á *„kvörn“* og *„mylnum“*, og reyna til að gjöra eitt úr því. En eg vil spyrja, hvort nokkur mylna geti verið án kvarnar, og hvort allar kvarnir hafi þann *mekaniska* tilbúning, sem einkennir hverja mylnu, og sem nafnið *„mylna“* einmitt bendir á. En það gjörir nú ekkert til, því eg álít mèr eins heimilt, að láta snúa kvörn á helgum degi, *þegar nauðsyn krefur.* En hitt veit eg, að hvergi er svo straung helgi, að ekki megi brúka vind og vatn, nema ef það yrði nú tekið upp hèr á Íslandi. Í Danmörku er bænadagshelgin sú eina, sem undan þessu er skilin. Viðvíkjandi því, sem sumir hafa minnzt á: *„einkum um messutímann“*, sem nefndin vildi sleppa úr 1. gr. frumvarpsins, get eg ekki sagt annað en það, sem þegar er búið. Þar sem einum hinna heiðruðu þingmanna fèll ekki orðatiltæki nefndarinnar: *„að vinna vinnu“*, þá vil eg að eins minna á það, er menn segja: *„hann vinnur alla vinnu“*, sem hèr er alltítt mál. Þegar uppástúngur nefndarinnar eru bornar saman við frumvarpið, þá eru þær auðsjáanlega miklu viðfeldnari, eins í þessari grein og annarstaðar. En það er ekki vert, að tala leingi um einstök orð, ef meiningin er hin sama, jafnvel þó eg ímyndi mèr, að stjórninni þyki betra, að fá góð orð og haganleg. Hið konúnglega frumvarp er víða stirt orðað, en mèr finnst nefndin hafa bætt úr því. Þar sem varaþingmann Snæfellinga minnti, að eg hefði talað um ofhleðslu, þá má eg segja honum, að mèr datt það aldrei í

hug. En eg held, að skip geti runnið upp á rif eða granda, og þá megi bjarga því frá broti, ef það er fljótt affermt, og eg man ekki betur, en þetta hafi borið hèr við fyrir fáum árum. Ekki skil eg í því, hvernig þingmanni Skaptfellinga hefur skotizt hèr, þegar hann vill taka upp frumvarpsorðin í 2. gr.: *„sem til er tekinn í 1. gr.“*, í staðinn fyrir: *„á þessum tíma“*, sem mèr virðist hèr nóg, þar sem talað er um kunnugan tíma. Þingmanninum frá Strandasýslu er enn ekki um orðin: *„öðrum veiðimönnum“*, en kannaðist þó við, að selur væri ekki alstaðar talinn með fiskum.

Forseti: Fyrst umræðunum um þennan fyrsta kafla atkvæðaskráarinnar er lokið, bið eg þingmenn að taka hinn annan kafla hennar til umræðu, sem er 3.—9. grein.

V. Finsen: Breytingaratkvæði það, sem eg hef borið upp við 3. grein, nr. 16 á atkvæðaskránni, er reyndar einkum byggt á reynslu manna hèr í Reykjavík; en eptir því, sem menn hafa sagt mèr af öðrum kaupstöðum, mun líkt eiga sèr stað þar, að það leiðir til ills eins, að búðir sèu opnar á sunnu- og helgidögum, og er því breytingaratkvæðið orðað almennt.

Eg hef við undirbúningsumræðuna leitazt við, að færa sönnur á það álit mitt, sem breytingaratkvæðið er byggt á. Það eru einkum 2 ástæður, sem mæla á móti því, að leyfa, að búðir sèu opnar á helgum dögum, í fyrsta lagi, að af því hlýtur að leiða drykkjuskapur og allar þær skaðlegu afleiðingar fyrir velferð manna, sem þar með eru í för hjá kaupstaðamönnum sjálfum, og hjá þeim, sem búa þar næst í grennd, og í öðru lagi óregla sú og hneixli, sem af því mun orsakast á helgum dögum, og sem eingan veginn samsvarar þeim hátíðlega blæ, sem sunnudagurinn á að hafa, og menn einnig í öðru tilliti leitast við að gefa honum.

Áhrærandi breytingaratkvæðið nr. 19, þá ímynda eg mèr, að hinn heiðraði uppástungumaður muni í rauninni ekki hafa ætlað að rýmka um rètt manna, til að hafa búðir opnar á sunnudögum, og vil eg spyrja hann, hvort meining hans ekki hefur verið, að það ætti að teingjast við mitt breytingaratkvæði (*G. Einarsson*: Það má vel vera). Eg verð nú að lýsa því yfir, að eg vil helzt, að mitt breytingaratkvæði, án nokkurrar mildandi ákvörðunar verði að lögum, en ef þingið skyldi breyta tíma-ákvörðuninni í 19. breytingaratkv., „nóu“, samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, þá vildi eg ráða þeim, sem álíta mitt breytingar-

atkvæði vera of stutt, til að bæta atkvæðinu nr. 19 aptan við mitt, og álít eg þá, að ákvörðunin verði betri, en eptir frumvarpinu og uppástúngu nefndarinnar.

Framsögumaður: Viðvíkjandi breytíngaratkvæðunum við þennan kafla frumvarpsins, þá er fyrst það, sem uppástúngumaður hins 16. gat um, og er þá fyrst að geta þess, að við undirbúníngsumræðuna báru ýmsir fram, að lagaboð þetta væri miður hagkvæmt, en þó lýsir það sèr, að breytíngaratkvæði þetta þreingir að frjálslyndisanda þeim, sem búa á í þessari löggjöf, og sú einasta ástæða, sem borin er fram því til meðmælíngar, er, að menn súpi um of á, ef opnar eru búðir á sunnudögum, en eg held, að hægt sè, að geyma sèr frá laugardeginum svo mikið, að maður geti orðið út úr á sunnudaginn eptir. Annars held eg, að bezt sè fyrir þá, sem vilja drekka sig fulla, að gjöra það eptir miðjan dag á sunnudögunum, því þá er þó ekki meira en svo að búast við, að þeir vinni.

Hinn konúngkjörni varaþíngmaður vill teingja breytíngaratkvæðið nr. 19 við sitt, en þar sýnist mèr það sízt eiga við, því eins og breytíngaratkvæðið undir 19. tölulið vill rýmka, eins vill hitt kreppa að sunnudaga-verzlunarleyfinu.

Samkvæmt breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu er óákveðið, á hverjum tíma ársins mest aðsókn er, og þannig gætu orðið vor-, sumar- og haust-lestir, og líka kynni að mega segja sunnudaga- og jafnvel hátíða-lestir, því margir kaupa sèr eitthvað gott fyrir hátíðarnar; væri óhreppandi, að meina það öldúngis, og finnst mèr þó ekki tilhlýðilegt, að fara að verzla sjálfan jóladaginn.

Eg vona annars, að fyrir þessum breytíngaratkvæðum geti aldrei orðið svo talað, að þíngið fallist á þau.

Þíngmaður Strandasýslu hefur stúngið upp á, að við breytíngu nefndarinnar við 17. tölulið: *„hvorki kaup nè sala fram fara“*, verði bætt: *„nema brýn nauðsyn beri til“*. Eg held viðauka-atkvæði þetta eigi alls ekki við, því það er þó aldrei nefndarinnar meiníng, að ekki megi verzla, þegar brýn nauðsyn beri til, svo sem þegar manni liggur við, að verða húngurmorða, eða annað því um líkt, og sá, sem síðan þýða skal þetta lagaboð, verður líklega aldrei svo strángur, að hann leggi þá meiníngu í það

Að öðru leyti held eg, að það, sem nú er álitið nauðsyn, kynni seinna að verða heimfært til þess, sem einúngis er hagræði.

Stjórnarfrumvarpið vitnar í 3. grein til, að hætta skuli vinnu þeirri, sem til sè tekin í 2. grein. Það gat nefndin ekki skilið nè fellt sig við, því 2. grein er einúngis undantekníng frá 1. grein, og það á því bezt við, eins og nefndin gjörði, að vitna inn í 1. grein. Nefndinni fannst einnig óeðlilegt, að brúka orðið „*að hætta*“ um aðra vinnu en þá, sem byrjuð er um morgun sama dags, en stjórnarfrumvarpið hefur brúkað það um vinnu dagsins á undan.

Við 4. grein hefur þíngmaður Dalasýslu tekið sèr breytíngaratkvæðið nr. 21 á atkvæðaskránni; allt af, síðan hann byrjaði að teygja helgina frá miðjum morgni til miðaptans, hefur hann viljað taka nón til sem enda hennar; líka við 24. tölulið hefur hann viljað bæta: „*allt drykkjusvall skal og stránglega bannað á helgidögum*“, en í 23. tölulið segir nefndin, að ekki megi gestgjafar eða aðrir veitíngamenn veita mönnum drykkjur, fyr en eptir nón, svo það sýnir, að hún hefur ekki gjört ráð fyrir, að menn mundu hafa með sèr vín til að drekka inni hjá veitíngamönnunum; og það mun líka sjaldan að bera. Máltæki veitíngamannanna segir: „*þar sem þú hefur drukkið, þar spilltu öli þínu aptur*“, og sannar það, að ekki muni veitíngamenn bjóða gestum að drekka í húsum sínum aðra drykki, en þeir velja sjálfir, og eg held líka menn þurfi ekki að fara inn til veitíngamannanna, þegar maður hefur það með sèr sjálfur, því sá, sem vínið hefur eignazt, hefur líka ráð á húsnæði til að neyta þess.

Á þriðju grein verður dálítill orðamunur milli frumvarps stjórnarinnar og nefndarinnar, og veldur því annaðhvort misskilníngur eða ritvilla, því það lítur svo út, sem í stjórnarfrumvarpinu sè búizt við, að verzlað sè alla nóttina, þar það tekur til, að frá morgni dags skuli kaupum og sölum hætta, en nefndin hefur stúngið upp á, að orðið „*hætta*“ falli burt, og þar standi aptur: „*skal búðum verzlunarmanna loka*“.

Uppástúnga nefndarinnar við 4. grein er, að orðin: „*setjast að hjá sèr*“, falli burt.

Nefndin skildi nú ekk fyrst, hvað þetta þýddi, en sá í nefndinni, sem kunnugastur var löggjöf Dana, áleit, að meiníngin væri sama sem „siddende Gjæster“ hjá Dönum; við hèldum ekki þetta gæti orðið skiljanlegt fyrir löndum vorum, og breyttum því þess vegna; við segjum líka, að einn sè setztur að,

þegar hann er t. d. farinn að borða, því fáir snæða hèr standandi eða liggjandi.

Með 5. gr. átti nefndin bágast. Hún komst loksins að þeirri niðurstöðu, að sumt í henni væri ekki þarft, t. d. „*að menn fari margir saman á veiðar*“; eg þekki ekkert til þess hèr á landi, að svo sè gjört, enda borga þessleiðis veiðar sig ekki hèr. Í sömu grein stendur: „*en ekki er hverjum einstökum bannað, að fara á veiðar, nema um messutímann*“. Það þótti nefndinni nú ekki fallegt, að einn og einn færi rètt fyrir messutímann, þángað til svo og svo margir væru farnir, og stakk hún því upp á, að fyrri lið greinarinnar væri sleppt, en hinum seinni breytt, eins og töluliður 32 til tekur.

Þá er viðauka-atkvæði þingmannsins úr Mýrasýslu, það vill nefndin aðhyllast.

Hinn 1. konúngkjörni þingmaður hefur tekið sèr breytíngaratkvæðið nr. 27 á atkvæðaskránni, og vill hann fella úr nefndaruppástúngunni orðin: „*einkum undir húslestri og*“. Það var meining nefndarinnar, að einnig undir húslestri ætti öll siðsemi og ró að eiga sèr stað, og þó húsfeður ættu einir að annast hèr um, mundi ekki óþarft, að minna þá á þessa skyldu þeirra, og ekki ætlaði nefndin neinum öðrum tilsjón með þessu í heimahúsum; en bæði vildi hún, að húsfaðir hver, sem í þessu falli yrði að missa húsfriðar síns, gæti kært það fyrir lögreglumanni, og feingið rètt, og líka að lögreglumenn skyldu mega skerast í, ef það yrði kunnugt, að slík óregla og ósiðsemi tæki að tíðkast á einu eða fleirum heimilum, og það þó ekki væri kært fyrir þeim; því getur nefndin ekki aðhyllzt þessa breytíngu, nè ráðið þínginu til þess.

Þíngmaðurinn úr Norður-Þíngeyjarsýslu hefur viljað hafa orðið „*kneixlanleg*“ í stað „*ósiðsamleg*“, en það hefur nefndin ekki viljað aðhyllast, með því líka hún víst hefur lagt meira í hið síðara orð, en hann líklega hefur gjört. Hinn sami þíngmaður hefur einnig breytíngaratkvæðið nr. 30, og vill hann þar sleppa úr því, sem í báðum frumvörpunum stendur: „*að handtaka þá, er á móti brjóta*“; þessu álítur nefndin að ekki megi breyta, því það er þó nauðsynlegt, að menn ekki sèu truflaðir í guðrækni þeirra.

Við 6. gr. hefur nefndin stúngið upp á, að fellt verði úr: „*eður skjalaskrifara*“, af því nafn það er óþekkt og óskilið meðal vor, og nefndin ætlar einga þörf, að ætla sunnudeginum

það starf. Í nefndarfrumvarpinu er í grein þessari rit- eða prentvilla: „*þegar dómsstörf*“ fyrir: „*að dómsstörf*“.

Við 7. grein hefur þingmaðurinn úr Mýrasýslu viljað láta í staðinn fyrir „*lögreglumenn*“ setja „*hreppstjóra og sýslumann*“; en þar eð hið fyrra er brúkað allt af í frumvarpinu af handahófi um sýslumenn og fulltrúa þeirra, hreppstjórana, gat nefndin ekki fallizt á, að umbreyta því einúngis við þessa grein. Nefndin hefur stúngið upp á, að síðasti liður greinarinnar verði þannig orðaður: „*sè þetta leyfi ekki feingið, má ekkert slíkt fundarhald boða*“; fannst nefndinni þessi orðaskipun eðlilegri, og í konúngsfrumvarpinu stendur: „*sem halda á á sunnudegi*“, en það hefði þó átt að vera: „*sem menn vilja halda á sunnudegi*“, og hefur því nefndin kosið þá orðaskipunina, sem nú er á komin.

8. greinina vildi nefndin úr fella, og þar eð ekkert breytíngaratkvæði er þar fram komið, fer eg ekki fleiri orðum um hana — (*Forseti*: Greinin stendur, ef álit nefndarinnar henni viðvíkjandi fellur) —.

Breytíngaratkvæði þingmannsins úr Dalasýslu við 9. grein, að „*miðnætti*“ verði sett í staðinn fyrir „*lágnætti*“, áleit nefndin svo ómerkilegt, að hún gat ekki aðhyllzt það; ekki heldur gat hún fallizt á breytíngaratkvæði þingmanns Árnesínga, að ákveða nákvæmar bænadaginn; en breytíngaratkvæði þingmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu fannst henni standa á svo litlu, að hún tók það ekki að sèr, þar eð það líka gjörir málið á greininni verra.

M. Andrèsson: Eg ætlaði að mæla fáein orð fyrir mínu breytíngaratkvæði, en eg held eg þurfi þess ekki, því hinn háttvirti framsögumaður hefur ekki hrakið það til muna, og mundi hann þó ekki hafa gjört mèr hærra undir höfði en öðrum, ef hann væri mótfallinn minni meiníngu. Tilgángur minn með breytíngaratkvæðið var einúngis sá, að eg vildi hafa það skýrt til tekið í lagaboðinu, hve nær helgi bænadagsins byrjar og endar, en við undirbúníngsumræðurnar komu fram þrjár ólíkar meiníngar um það. Eptir einni þeirra ætti helgin að byrja á miðjum aptni á fimmtudaginn, og haldast allan föstudag til kvölds; þetta þykir mèr lángur bænadagur. Aðrir hèldu, og meðal þeirra var eg, að almenníngur mundi skilja svo frumvarpið, að helgin byrjaði að morgni, og hèldist daginn út. Þriðja meiníngin var, að helgin varaði frá miðjum aptni á fimmtudag-

inn, til þess í sama mund daginn eptir, og það er einmitt samkvæmt því, sem tíðkazt hefur í Íslandi, og eg ætla, að löghelgi bænadagsins hafi aldrei hèr verið öðrum takmörkum bundin, og því hagaði eg breytíngaratkvæði mínu á þá leið, og við það ætla eg að halda mig; það verður að standa eða falla sínum herra.

Hvað þau mörgu breytíngaratkvæði snertir, sem hafa verið borin upp í þessu máli, virðast mèr nokkur þeirra, og ekki allfá, vera svo, að um þau mætti segja, eins og stendur í gömlu sálmabókunum: „sami sálmur með öðrum hætti“. Eg ætla ekki að orðleingja neitt um þau, heldur einúngis greiða um þau atkvæði eptir minni sannfæríngu.

Hinn heiðraði framsögumaður hefur opt verið heppnari í ræðum sínum, en þegar hann tók jóladaginn til dæmis um verzlunina. Það mun mjög sjaldgæft, að kaupmenn verzli í búðum sínum eptir nón á þeim tíma ársins, því þá er komin nótt. Hitt dæmið var ekki öllu heppnara, sem hann til færði móti viðauka-atkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu, þar sem hann fann ekki annað, sem gæti heitið brýn nauðsyn, en að sækja lífgunarmeðal handa dauðveikum manni, eða þeim, sem lægi við, að verða húngurmorða. Eptir minni meiníngu heitir margt fleira brýn nauðsyn. Um þann kafla málsins, sem nú er undir umræðu, fer eg ekki fleiri orðum.

Framsögumaður: Þar sem þíngmaður Árnessýslu gat þess, að mèr hefði misheppnazt, að taka jóladaginn til sem þann dag, á hverjum verzlað kynni að verða, þá verð eg að geta þess, að það stendur hvergi í frumvarpinu, að ekki megi verzla þann dag, eins og hvern annan helgidag.

Eg get ekki heldur skilið, að það nokkurn tíma geti orðið rèttur skilníngur lagaboðsins, að opnaðar verði búðir, hve nær sem einhver vill fá einhverja björg handa sèr, og verzlunarmaðurinn er víst heldur ekki skyldur til þess. Hinn sami þíngmaður sagði, að það væru komnar 3 útgáfur um helgi bænadagsins; en hann kom nú sjálfur fyrst með þá 3., nefnilega frá morgni til miðaptans.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg ætla ekki að tala mikið fyrir mínu breytíngaratkvæði við 7. greinina; því eg þykist vita, að allir þíngmenn skilji það, að það er lángtum greinilegra fyrir alþýðu, að það séu skýrlega til greindir hreppstjórarnir, og að þeir bæði megi halda fundi eptir messu á helgum dögum, og

líka leyfa þá, þegar nauðsyn krefur, og örðugt er, að ná til sýslumanns. Þegar svona eru nefndir lögreglumenn, eru margir í vafa, hvort þar með sè meintur hreppstjórinn (sýslumaðurinn er það ætíð, það vita allir); og víst hefur löggjafarinn kannazt við þennan vafa, því að í ástæðunum fyrir þessari grein er það fram tekið, að hèr sèu hreppstjórar með taldir. Nú vita menn, að þegar lagaboðið kemur út til alþýðu, þá fylgja því ekki þessar ástæður eða þessi útskýríng, svo þá hreppstjórar verða beðnir um þetta leyfi, kunna þeir sumir að vera í vafa, hvort sèr til heyri þetta vald, en sumir að finna sèr það til, að þeir ekki sèu þessir lögreglumenn, ef þeim er fundarhaldið ekki geðfelt. Eg vil því, að þetta sè skýrlega fram tekið; því lögin þurfa að vera greinileg, svo menn viti, að hverju menn eiga að gánga.

Jón Jónsson: Þessi fundur er nú allareiðu orðinn svo lángur, að eg vil nauðugur leingja hann, en þó vil eg að eins leyfa mèr að benda á nýtt til þeirra ástæðna í breytingaratkvæðum mínum í þessu máli, sem eg bar fram við undirbúníngsumræðu þess. Það var þá meining mín, og hún er óbreytt enn, að orðið *„ósiðsamleg hegðun“*, eins og nefndin kveður að orði, gæti í almennu máli innibundið í sèr marga þá smá-yfirsjón og ógætni, sem ekki væri ætíð mjög vítaverð, og við þessar smærri yfirsjónir, hverjar eg þá tók fram með dæmum, þótti mèr mjög ólipurleg aðferð af hreppstjórum og meðhjálpurum, ef það fyrsta og einasta úrræði þeirra, til að afstýra þvílíkum smá-yfirsjónum, skyldi vera það, að taka þá menn höndum, sem ósiðsemina kynnu sem fljótast að láta til sín sjá eða heyra, og að ekkert annað meðal en handtekníng, jafnvel í kirkjunni, mætti vera úrræði lögreglumannanna, þó þeir, eins og alkunnugt er, optast geti með umtölum, og jafnvel bendíngum, eður meira hæglæti, en hèr er boðið, afstýrt ósiðseminni. Mèr fannst því, að hegðunin þyrfti að vera, eða geta heimfærzt undir að vera, *hneixlanleg*, ef handtekníng skyldi vera hið einasta ráðið, og ef það orð, *„hneixlanleg“*, verður sett inn í löggjöfina, þá gæti eg reyndar látið mèr lynda, að sú breytíng, sem eg hef stúngið upp á í niðurlagi greinarinnar, fèlli burt; en svo framarlega orðið *„ósiðsamleg“* standi, álít eg enn sem fyrri, að niðurlagið á greininni, eins og eg stakk upp á því, ætti miklu betur við, og það álít eg sjálfsagt, ef þessi umtalaða 5. gr. í nefndarálitinu ekki vinnur breytíngu við atkvæðagreiðsluna í þessu tilliti,

þá liggi á, að taka inn í hana aptur þau orð frumvarpsins, sem nefndin gjörði ræk: *„ef á liggur“*; því dálitið getur við það orðið rýmra um ráðin, sem lögreglumennirnir brúki eða megi brúka, heldur en ef nefndarálitið í þessu tilliti stæði óbreytt.

Hvað breytingaratkvæði mínu við 9. gr. viðvíkur, þá hefur nú hinn heiðraði framsögumaður játað, að það eigi að sönnu ekki sem bezt við í íslenzku máli, að segja *fyrsti* af *tveimur*, en að kalla þrjá daga í hverri hátíð, sè orðið innrætt þjóðinni; en fyrir mitt leyti verð eg að játa það, að eg hvorki held eður nefni neina af hátíðunum nema tvo daga, og svo munu fleiri vera; eg tek því aldeilis ekki til baka þetta breytingaratkvæði mitt, að nefna *hinn fyrri* af tveimur, í stað *fyrsta* ɔ: af tveimur.

Hinn heiðraði framsögumaður hefur optar en einu sinni kveðið svo að orði, að *„einni stundu eptir nón“*, eða kl. 4 e. m., ætti allri helgi að vera lokið. Bæði frumvarpið og nefndarálitið sýnast vera á sömu skoðun, eða ætlast til þess sama, en af því eg meina, að margur í þinginu sè enn í vafa um, hvort helgidagarnir hjá oss eigi að hallanda nóni að álítast að nokkru leyti helgir, ellegar sem aðrir algjörlega virkir dagar í vikunni, svo eptir klukkan 4 megi eður eigi að fara að gánga að allri vana-vinnu, þá vildi eg leyfa mèr að óska, að um þetta atriði í tilliti til helgidaganna yrðu gjörðar skýrari og greinilegri umræður, en enn er skeð, svo menn þó að lokum tækju rètt eptir, fyrir hverju þeir gefa atkvæði.

Framsögumaður: Maðurinn hefur að vísu nokkuð til síns máls, en þeir, sem lögin geta lagt út, lögfræðingar hèr á þinginu, segja kann ske frá því, hvort ekki megi gánga að öllum störfum á sunnudegi, þegar helgi hans er liðin.

J. Kristjánsson: Það, sem sagt er í 9. grein frumvarpsins, að allan bænadag skuli menn ekki gegna neinum óþarfa-störfum, þá skilst mèr, að orðin *„óþarfa-störf“* þýði það sama hèr, eins og orðin: *„ónauðsynleg vinna“*, í 1. gr., og þá er ætlazt til þess í frumvarpinu, að bænadagurinn sè helgur til kvölds, eins og 1. dagur í hverri hinna 3 storhátíða, og eg felli mig einmitt vel við, að svo verði.

J. Guðmundsson: Mèr þótti mikið vænt, að sjá hèr koma fram það breytingaratkvæði, sem hèr er tekið fram undir 16. tölulið, en þótt það sè ekki svo orðað eða svo yfirgripsmikið, sem eg vildi kjósa. En allt um það þykir mèr mikilsvert um það, og það einmitt af því, að mèr þykir mikilsvert um lög-

gjöf þessa, um þá almennu stefnu, sem hún hefur, og hin almennu orðatiltæki, sem í henni eru valin, og sem hin háttvirta nefnd hefur lagt til. En því fremur er það skylda hins heiðraða þings, að gjalda varhuga við, að þessar almennu og yfirgripsmiklu ákvarðanir raskist ekki, og verði þýðingarlausar, fyrir neina sèrstaklega ákvörðun, eða fyrir það, ef einhverri sèrstaklegri ákvörðun væri gleymt eða sleppt, sem einmitt má vera aðalákvörðununum, og því, að þeim sè gegnt, til eflíngar. 16. breytíngaratkvæðið álít eg öldúngis víst sè þessleiðis ákvörðun, sem alls ekki má án vera, ef aðalákvörðun lagaboðsins á ekki að raskast eða verða þýðíngarlaus. Aðalákvörðunin í 1. greininni er sú, að á hverjum helgum degi megi vinna hverja vinnu sem er, stundu eptir nón. Og eg þykist eiga þau svör vís hjá hinum heiðraða framsögumanni og allri nefndinni, að einmitt þess vegna sè og verzlunarmönnum heimilt, að verzla úr því sá tími er kominn, og því sè 16. breytíngaratkvæðið óþarft, og eigi ekki við. En mèr er aptur spurn: Hverjir eru það þá, sem eiga að njóta góðs af þessari sunnudagaverzlun, og geta notið góðs af henni, án þess þeir meðfram vanbrúki ónauðsynlega hinn hluta hvíldardagsins, sem frumvarpið segir sjálft að eigi að vera heilagur? Hverjum verður þetta *óhreppandi,* eins og hinn háttvirti framsögumaður sagði áðan? Jú! *sjálfir* kaupstaðarbúarnir geta að vísu notað þessa verzlun frá kl. 4., án þess að misbrúka hvíldardaginn eða hana, en þeim vorkenni eg ekki, og víst einginn, að byrgja sig svo upp á laugardagskvöldin, að þeir komist af til mánudags. En hinir, sem fjær eru kaupstaðnum, einkum í hinum fjærlendu sjóplázum við þá, hvernig geta þeir notað sèr þessa sunnudags-verzlun, svo að þeim verði nokkur hagur að og tímasparnaður, nema einmitt með því, að verja þeim tímanum til kaupstaðarferðarinnar, sem 1. grein frumvarpsins, eptir því sem vèr leggjum nú allir til, segir með berum orðum að ekki megi vanbrúka til ónauðsynlegrar vinnu? Þetta kemur og heim við það, sem hinn heiðraði framsögumaður sjálfur sagði áðan og út þýddi. Hann sagði: „að það yrði ekki einúngis og mætti vera *sunnudaga-lestaferðir,* heldur *allra hátíða* eða stórhátíða *lestaferðir,* og hefur framsögumaður þannig allauðskiljanlega lagt það út fyrir þínginu, að hann ætlast til, að menn úr nærsveitum kaupstaðanna sèu almennt á ferð þángað, bæði á sunnudögum og stórhátíðum um hámessutímann, til þess að geta notað sèr

verzlunarleyfið kl. 4.; því ef þeir mættu það ekki, væri það *óhreppandi* fyrir þá, en af þessu er aptur auðráðið, hvaða helgihald verður fyrir þessum mönnum úr þeim litla tíma, sem 1. gr. ætlast til að sè heilagur haldinn á hverjum helgum degi.

Það er því einkum sakir sjálfs þessa lagaboðs, og til þess að það, sem vèr nú leggjum til, sem aðalákvörðun þess, verði ekki þýðingar- og mark-laust, að eg verð að leggja þinginu á hjarta, að aðhyllast 16. breytingaratkvæðið.

Niðurlag 5. gr. í stjórnarfrumvarpinu ætla eg ætti að vera kyrt. Sú óregla, sem þar getur um, á sèr hèr víða stað, og eg skil ekki, því hin heiðraða nefnd hefur viljað sleppa þessu.

8. gr. stjórnarfrumvarpsins vil eg einnig halda.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr eru í þeim kafla, sem nú ræðir um, eignuð 2 breytingaratkvæði, nr. 27 og nr. 29, og vona eg það sè hverjum þingmanna auðsætt, að breytingaratkvæði þessi eru tekin við *nefndarfrumvarpið,* en ekki við hið konúnglega. Eg set það til hins háttvirta forseta, hvar hann velur þessum mínum breytingaratkvæðum stað við atkvæðagreiðsluna, hvort heldur á undan eða eptir nr. 32. Með þeim ætla eg ekki að mæla annað en það, að eg ætla, að þau gjöri nefndar-frumvarps-greinina, sem þau eiga við, miklu greinilegri, en hún áður var, og sama hefur fleiri þingmönnum fundizt, en ekki koma þau til athuga, nema svo sè, að 5. greinin í nefndarfrumvarpinu verði tekin fram yfir 5. grein í því konúnglega.

Mig minnir sá heiðraði framsögumaður skoraði áðan á þá lögfróðu í þinginu, að láta í ljósi, hvort þeir halda, að helgi sunnudagsins væri eptir þessu frumvarpi lokið kl. 4., og ætla eg fyrir mitt leyti, að svo sè; leiði eg það beinlínis af 1. grein, sem bannar, að gjöra ónauðsynlega vinnu á sunnu- og helgidögum, *þángað til einni stundu eptir nón,* og leyfir því, að gjöra hana eptir þetta tímatakmark.

G. Brandsson: Eg verð að játa það, að eg hef skilið frumvarpið þannig, að helgi sunnudagsins væri á enda einni stundu eptir nón, og eg heyri, að bæði framsögumaður og hinn fyrsti konúngkjörni þingmaður hafa sama skilníng á þessu; en þá skil eg ekkert í, hvers vegna menn vilja ekki láta verzla að þessum tíma liðnum. Það hefur þó verið margrætt um það hèr að undanförnu, að verzlunin hefði sem frjálsastan gáng, bæði að landinu og í því sjálfu, og eins um það, að atvinnuvegir manna væru sem óbundnastir; en eg veit nú ekki, hvað

fremur gæti sett kyrking í þá, en óeðlileg böud á verzluninni, og eitt meðal þeirra 16. breytingaratkvæðið, sem nýlega var mælt svo mikið með. Þó sagt hafi verið hèr, að kaupmenn hafi sjálfkrafa hætt allri verzlun á sunnudögum, þá get eg þó borið um það, að allt til þessa hefur feingizt hjá þeim salt, helzt um vetrarvertíðina, þó það hafi verið sótt til þeirra á sunnudagsmorgni. Mèr er gagnkunnugt um þetta bæði í Hafnarfirði og Keflavík, en síður í Reykjavík; þó hafa kunnugir menn sagt mèr, að þessu væri hèr eins háttað, og að bæði Akurnesingar og aðrir notuðu sèr þetta, enda væri það ærin meinsemi, að vilja sporna við þessu, þar sem nauðsynin knýr menn opt til, að verða að brúka áminnsta daga til þessa; því opt getur svo á staðið, að andviðri bægi mönnum frá í heila viku, að sækja salt, einkum þeim, sem langt eiga tildráttar, og þó geta verið fullgóðar sjógæftir heima fyrir hjá þeim; en hafi nú fiskazt vel alla vikuna, þá liggur megnið af fiski þeim við skemmdum, verði hann ekki saltaður, en logn eða hentugt leiði næsta sunnudag eptir getur bætt úr þessu, þegar mönnum er ekki bannað, að sækja saltið. Þetta er einnig samkvæmt nefndaruppástúngu þeirri, að mönnum sè heimilt, að bjarga veiðiskap sínum, sem eg álít sama sem að forða honum við skemmdum. Þar sem hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður hefur stúngið upp á því, að sleppt verði úr 5. greininni þessum orðum: *„einkum undir húslestri í heimahúsum“*, þá hefur hann, að mèr virðist, haft í huga niðurlagsorð greinarinnar, þar sem hreppstjórum og meðhjálpurum er skipað, að gæta þess vandlega, að öll ósiðsamleg hegðun, háreysti og drykkjulæti hafi ekki stað við kirkjufundi eða undir húslestri í heimahúsum, og þá álitið það ofætlun þessara, að geta haft gætur á því í heimahúsum. En eg verð að álíta, að greinin sè eins vel áminníng til húsfeðranna, að gæta að þessu heima hjá sèr, eins og hreppstjóranna, að áminna þá um það; því hún skipar einúngis, að handtaka þá menn við kirkjur, sem hèr á móti brjóta, það er að segja, þá menn, sem við kirkjurnar gjöra sig hèr í seka, en um hina í heimahúsum talar hún ekki, og mun þess vegna hverjum húsföður ætlað, að halda við góðu skikki og húsaga á heimili sínu, enda þó hreppstjórar og meðhjálparar eigi að samverka þeim í þessu með góðu eptirliti og áminníngum.

Þar sem þíngmaður Skaptfellínga fann að því við nefndina, að hún hefði sleppt seinasta kafla 5. greinar í stjórnarfrumvarp-

inu, þeim sumsè, „að börn gjöri eingan hávaða á strætum, og að fólk flykkist ekki saman í kirkjugarði eða úti fyrir kirkjudyrum, einkum um messutímann“, þá verð eg að gjöra þar við þá athugasemd, að eg veit ekki til, að þetta eigi sèr víða stað í sveitum; því optast munu prestar og hreppstjórar sjá um, að gott skikki haldist bæði í kirkjunni og í kríng um hana, svo að menn hvorki með óþarfa-rápi eða annari ósiðsemi trufli embættisgjörðina; en hèrna í Reykjavík hef eg komizt að raun um að þessu er talsvert öðruvísi varið, svo ákvörðunin gæti má ske þess vegna átt hèr nógu vel við.

H. G. Thordersen: Eg verð að láta ánægju mína í ljósi yfir hinu 16. breytíngaratkvæði, þar eð það vottar fagra tilfinníngu fyrir helgihaldi og siðsemi. Nefndin tók líka strax í upphafi þetta atriði til greina, því henni var kunnug sú regla, sem í þessu tilliti var komin á í Reykjavík; eins hugleiddi hún seinna breytíngaratkvæðið eins og unnt var, þó hún ekki þættist geta gjört það að sinni uppástúngu, sem kom til af því, að henni sýndist eiga illa við í almennri löggjöf, sem að eðli sínu snertir alla jafnt, og getur ekki verið skuldbindandi meir einn mann en annan, eður eina stètt manna meir en aðra, að skipta helgimi, svo hún yrði ei jafnlaung fyrir alla; en það yrði hún þó ekki, ef kaupmenn einir væru skyldaðir til, að halda hvíldardaginn helgan allan til enda, en aðrir mættu vinna alla vinnu eptir kl. 4.

Geti nú þíngið, og einkum hinir löglærðu menn á því, komið sèr saman um, að þetta þyrfti ekki að standa í vegi, þá skyldi einginn með meiri fögnuði en eg fallast á þetta breytíngaratkvæði.

P. Sigurðsson: Í tilliti til breytíngaratkvæðis hins háttvirta konúngkjörna þíngmanns við 3. grein, að svo stránglega sèu bönnuð verzlunarviðskipti öll á sunnudögum án undantekníngar, þá get eg ekki verið með þvílíku banni. Þegar eg lít á frumvarpsins 2. grein, og undantekníngar þær, er hún gefur nauðsyninni, þá ætti frumvarpið að halda sömu stefnu í gegnum, og verzlunarviðskipti manna hafa rètt, þegar nauðsyn krefur.

Í tilliti til 9. greinar, þá álít eg, að það sè ekki samkvæmt hvorki málinu nú eða til forna, að nefna „páskaviku“ vikuna fyrir hátíðina, því nú almennt kalla menn páskaviku þá, sem byrjar með páskadegi, og að það hefur eins verið í fyrri daga, sýnir Laxdæla; því segir svo: „*Kjartan Ólafsson sat á Hóli 3.*

dag páska, en 5. dag í páskaviku reið hann þaðan“. Mèr þykir að sönnu þetta ekki standa á svo miklu, þar ekki er bannað á tíma þeim, er hèr er nefndur, utan almennar skemmtanir, og því tók eg mèr ekki breytíngaratkvæði, en hins vegar þætti mèr það þess vert, að þess væri getið.

St. Jónsson: Í tilliti til þess, sem þíngmaður Skaptfellínga mælti, að það hefði farið betur á því, að nefndin hefði haldið greininni, um að fólk og börn mættu ekki safnast í kirkjugarð, o. s. frv., þá vil eg geta þess, að nefndin hèlt, að slíkt gæti heyrt undir góða reglu, sem hreppstjórum og meðhjálpurum er upp á lögð, og þetta ætti sèr helzt stað í borgum og stórum bæjum, eins og t. a. m. hèr í Reykjavík, en þá er kirkjugarðurinn hèr svo lángt frá kirkjunni, að slíkt gat ekki komið hèr að liði.

Sami þíngmaður fór því fram, eins og annar þíngmaður hafði áður gjört, að eingin verzlun mætti fram fara á helgidögum, og er það auðsèð, að þeim geingur gott eitt til, en nefndinni fannst það ekki geta átt við, af því að flest-öll vinna önnur er leyfð seinni part dags eða helgidagskvöld.

Þess hefur verið getið, að það hafi komizt hèr á með samkomulagi við kaupmenn, að hafa lokaðar búðir á helgum dögum til kvölds, og hafi þetta haft góðar afleiðíngar í tilliti til drykkjuskapar; en þetta gæti nú eins við haldizt, þó kaupmönnum væri leyft, að verzla á helgidagskvöldum; mundu þeir helzt gjöra það, þegar að þeir sjá öðrum nauðsyn á því og sèr hagnað, því optast munu þeir spyrja um erindið, þegar þeir eru beðnir að fara í búðir á helgidögum, og þá komast hjá því að óþörfu, því þeir vita, að þetta er leyfi en eingin skylda.

G. Einarsson: Eg ætla ekki að tala neitt um mín breytíngaratkvæði í þessum greinum, þau verða að standa og falla eptir sannfæríngu þíngsins. En eptir því, sem umræðurnar eru nú farnar að skýra þetta mál, sýnist mèr nauðsynlegt, að vekja athygli þíngsins á því, hvort það muni ekki sá verða mjög margur á landi hèr, sem, þegar hann sèr lagaboðið um helgidagana, eins lagað í tilliti til tímans, og frumvarpið bendir á, spyrji sjálfan sig: „Hvort á eg nú heldur að hlýða guði eða mönnum“? Það stendur þó í guðsorði: *„sex daga skaltu verk þitt vinna, en 7. daginn áttu að hafa fyrir þinn hvíldardag;* en mèr virðist nú þessi 7. dagur ætli að fara að verða næsta stuttur, þegar hann á að vera á enda skömmu eptir nón, og

byrja hjá sumum ekki fyr, en þeir fara á fætur, sem vel getur skeð að ekki verði, fyr en undir hádegi. Eg skal ekki fjölyrða þetta; málið talar fyrir sèr sjálft í hvers eins sannkristins hjarta.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður hefur þó viljað stytta hvíldardaginn. Kristur sagði, að sabbatið væri fyrir manninn, en ekki maðurinn fyrir sabbatið.

G. Einarsson: En hann sagði líka: *„Ætlið ekki, að eg sè kominn, til að af taka lögmálið; til þess er eg ekki kominn, heldur til að fullkomna það; fyr mun himinn og jörð forgánga, en vikja megi frá hinum minnsta bókstaf eða titli í lögmálinu.*

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að fara nokkrum orðum um breytíngaratkvæði þau, sem upp eru borin við þann kafla frumvarpsins, sem nú er undir umræðu, nefnilega frá 3. til 9. greinar *incl.* Hvað 16. breytíngaratkvæðið snertir, þá get eg ekki neitað því, að eg er samþykkur hinum heiðraða uppástúngumanni, þar sem hann vill, að búðum verzlunarmanna sè lokað allan sunnudaginn, svo að hvorki kaup nè sala fari fram, nema þegar brýn nauðsyn ber til. Kaup og sölur þær, sem fram fara á helgum dögum, eru optast nær til lítilla nytsemda, en valda opt mikilli óreglu, enda þarf það ei að slökkva miklu niður fyrir mönnum, þó þeir eigi verzli á helgidögum, þegar þeir geta notað alla aðra daga til þess. Eg hef sjálfur sèð, þó nokkuð lángt sè síðan, að í Einglandi var þess stránglega gætt, að öllum sölubúðum væri lokað allan daginn út, og hafa þó Einglendíngar orð fyrir, að þeir vanræki ekki gagn sitt, og þess væri óskandi, að vèr Íslendíngar, eptir efnum vorum og ástandi, í því tilliti gætum fetað í þeirra fótspor. En samt sem áður, þó þetta sè mín persónulega meiníng, verð eg þó að ráða hinu heiðraða þíngi til, að halda fast við frumvarpið, þar eg, þegar á allt er litið hjá oss, verð að ætla, að það sè hagfeldast, að láta leyft, að ljúka upp sölubúðum, þegar helgin hættir.

Eg get ei fallizt á breytíngaratkvæði nefndarinnar við 3. grein, 17. staflið; eg ímynda mèr, að nefndin helzt hafi stúngið upp á breytíngu sinni af því, að orðaskipunin í íslenzka frumvarpinu, sem fyrir þíngið er lagt, er nokkuð óliðleg; því það er óeiginlegt, að maður að morgni dags, þegar einúngis getur verið spurníng um að byrja störf, skuli *„hætta þeim“*; en þetta

á ei skylt við danska frumvarpið, hvar talað er um, að maður skuli halda sèr frá (afholde ſig fra) þeim störfum, sem bönnuð eru í annari grein. Og þegar frumvarpið hèr vitnar til 2. greinar frumvarpsins, þá er það eingin villa, eins og nefndin hefur haldið, heldur á það vel við, því í byrjun fyrstu greinar eru einmitt til tekin þau störf, er menn eiga að halda sèr frá á helgum dögum,

Áhrærandi 23. breytíngaratkvæði nefndarinnar við 4. grein skal eg geta þess, að orðabreyting sú, er nefndin hèr hefur stúngið upp á, mun helzt vera komin af því, að hún hefur ei fellt sig við orðin: *„láta gesti setjast að hjá sèr“*. Í danska frumvarpinu stendur: „modtage ſiddende Gjeſter“, og hefði það verið út lagt þannig: „að gestgjafar *ei mættu láta menn setjast að hjá sèr við drykkju*“, mundi nefndin án efa hafa haft minna á móti því.

Hvað breytíngaratkvæðin við 5. gr. snertir, þá felli eg mig betur við 27. breytíngaratkvæðið hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns, heldur en við breytíngaratkvæði nefndarinnar, staflið 32; því það er mótstæðilegt anda og boði frumvarpsins, að leiða svo að segja lögreglustjórnarmennina inn í einstakra manna hús, og hafa þar sömu tilsjón, eins og við kirkjufundi eða á opinberum stöðum. Gjöri nokkur óskunda í einstakra manna húsum, og sèr í lagi, ef hann truflar þar húsandakt manna, hljóta þeir, sem fyrir slíkum óskunda verða, að ákæra slíkt fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra, svo að þeir, sem óskundann gjörðu, sæti hegníngu að lögum eptir málavöxtum. Eg get heldur ekki fellt mig við, að nefndin í þessu breytíngaratkvæði setur meðhjálpara jafnhliða hreppstjórum; því það heyrir eingan veginn til embættis meðhjálpara, að handtaka þá menn við kirkjur, sem brjóta þar frið á mönnum. Hvað áhrærir 38. breytíngaratkvæðið við 7. grein, þá skilst mèr svo, að undir orðinu *„lögreglumenn“*, er þar stendur, eigi ekki að skiljast hreppstjórar, því ef þeir ættu að gefa leyfi þau, sem þar ræðir um, þá er hætt við, að sín reglan mundi verða í hverjum hrepp.

Áhrærandi breytíngaratkvæði þau, sem gjörð hafa verið við 9. grein, þá skal eg sèr í lagi minnast á 43. breytíngaratkvæðið. Í þessari grein er fyrst talað um, að almennar skemmtanir og dansleikar megi ei fara fram leingur en til 11. stundar; og er þetta boðið í því skyni, að menn, eins eptir sem áður, daginn

eptir sèu færir um, að sækja helgar tíðir og rækja kirkjur, en út af því getur borið, ef menn eru við slíkar skemmtanir lángt fram á nótt, eða jafnvel fram á sunnudags-morgun. Slíkar skemmtanir og dansleika má ei heldur við hafa í páskavikunni, hvar með meint er vikan fyrir páska, er Danir kalla „den ſtille Uge"; því þá á hugarfar manna að snúast að alvarlegum og guðrækilegum hugleiðíngum vegna hátíðisdaga þeirra, sem þá eru í nánd, og þeirra helgu daga, sem haldnir eru í þessari viku, á hverjum minnzt er þeirra merkisatriða kristindómsins, er snúa eiga sinni manna til alvarlegrar og guðrækilegrar umhugsunar. Á hinn almenna bænadag, og kvöldið áður frá miðjum aptni, eiga menn einnig að halda sèr frá öllum þess konar opinberum skemmtunum; því eptir löggjafans tilætlun er bænadagurinn til þess settur, að menn á honum með alvörugefni snúi huga sínum til drottins, en vendi honum frá jarðneskum sýslunum; og því er einnig boðið síðar í greininni, að allan bænadaginn skuli menn ekki gegna neinum óþarfastörfum, eins og hinn fyrsta dag í hinum 3 stórhátíðum. Þegar frumvarpið til tilskipunar frá 26. marz 1845 var lagt fyrir standaþíngin í Hróarskeldu og Vèbjörgum árið 1844, fór stjórnin ekki fram á meira, en að helgin á þeim 3 fyrstu stórhátíðisdögum og á kóngsbænadaginn skyldi takmarkast eins og á öðrum sunnudögum yfir höfuð; en fulltrúarnir á nefndum standaþíngum rèðu til þess með miklum atkvæðafjölda, að þessir 4 helgidagar skyldu vera heilagir allan daginn til enda. Þegar nú hinir dönsku fulltrúar lýstu í þessu efni svo guðrækilegu hugarfari, skyldi mèr þykja það mjög illa til takast, ef þetta heiðraða þíng ekki skyldi í þessu efni fallast á frumvarpið, er einmitt býður þeim það, sem dönsku fulltrúarnir hafa upp á stúngið, sem í sjálfu sèr er mikið tilhlýðilegt, og sem stjórnin síðan hefur lögtekið fyrir Danmörku. Mèr þætti þetta því heldur mistakast, sem hin íslenzka þjóð ætíð hefur haft það orð á sèr, að hún ei stæði á baki annara þjóða, hvað guðrækni og kristindómsþekkíngu snertir. Eg vil því skjóta því til hins heiðraða uppástúngumanns, er draga hefur viljað úr helgi kóngsbænadagsins, hvort hann ei vildi taka breytíngaratkvæði sitt til baka aptur; skora eg á hann í þessu tilliti bæði af því, að hans kristilega hugarfar er mèr kunnugt af lángri viðkynníngu, og líka af því, að breytíngaratkvæðið, eins og það er orðað, kemur mjög illa við í greininni.

P. Pèturssson: Eg vil geta þess, að breytíngaratkvæði uppástúngumannsins við nr. 23 á atkvæðaskránni er það einasta, þar sem hann ekki hefur haldið nónhelginni; því hann hefur ekki áskilið sèr breytíngaratkvæði við þann hlutann af uppástúngu nefndarinnar, sem segir, að veitíngamenn megi leyfa drykkjur í húsum sínum *einni stundu* eptir nón. Þar að auki sýnist mèr sá galli á viðauka-atkvæði sama þíngmanns undir tölulið 24, að hann vill stránglega banna þar drykkjur allan sunnudaginn, þó hann sè nýbúinn að leyfa veitíngamönnum, að hafa drykkjur hjá sèr einni stundu eptir nón, því það lítur þó kynlega út, að banna einhvern hlut stránglega, og leyfa hann þó í sömu andránni.

Framsögumaður: Eg vil leyfa mèr með fám orðum að geta þess, að eg skildi ekki útleggíngu konúngsfulltrúans á 3. grein stjórnarfrumvarpsins; hann kennir óheppilegri útleggíngu um það, en eg held það geti ekki verið annað en ritvilla. Viðvíkjandi því, hvað til sè tekið um, að ekki skuli hafa ónauðsynlega vinnu um hönd á sunnudögum, þá er það einmitt 1. grein stjórnarfrumvarpsins, en ekki 2. grein þess, sem til tekur það, sem þó vinna megi, þegar nauðsyn krefur, því sú fyrri ákveður, á hvaða tímum sè bönnuð vinnan, en 2. greinin vitnar einúngis til þeirrar fyrstu.

Hann hèlt einnig við 4. grein, að nefndin hefði umbreytt greininni, vegna þess hún kynni ekki við þessi orð: *„setjast að“*, en hefði það verið út lagt þannig: *„menn setjast að hjá sèr við drykkju“*, þá held eg það hefði ekki valdið neinum misskilníngi. En við sitjum, þegar við borðum, og þegar maður er að borða, þá kann þó staupið að hjálpa manni til, að koma matnum niður, svo það getur aldrei orðið ríghundið við, að maður megi ekki setjast niður hjá veitíngamanninum, þó alrei sè nema til að hvíla sig.

Áð öðru leyti held eg 4. gr. hafi unnið mikið við orðabreytíngu nefndarinnar. Konúngsfulltrúinn sagði enn fremur, að það gæti eingan veginn heimfærzt til meðhjálparanna, að „handtaka þá menn, er á móti brjóta“, en þeir eru þó siðamenn, þó ekki sèu þeir lögreglumennn. Viðvíkjandi því, sem konúngsfulltrúinn að endíngu sagði við 7. grein, að hreppstjórar gætu ekki kallazt lögreglumenn, en sýslumenn væru það einúngis, þá skil eg ekki, hvernig sýslumaðurinn á að vera í öllum kirkjum sýslunnar í einu. Þar að auki er ómögulegt, að kalla sýslu-

menn úr fjarlægum hèruðum til að skerast í allar óreglur við kirkjurnar, og eg held þess vegna hefði verið bezt, í hvert skipti sem lögreglumenn eru nefndir í frumvarpinu, að taka til, hvað það þýði. Viðvíkjandi því, hvað bænadagurinn ætti að vera lángur, þá er þegar nokkuð búið að ræða um það, en eg veit, að allt til 1845 var í Danmörku fyrir skipað, að allri vinnu skyldi vera lokið um miðaptan fimmtudaginn næstan á undan bænadegi, og ekki byrja fyr en um sama leyti á föstudaginn. Þá mátti einginn keyra, nema læknirinn til sjúkra, en nú má hver keyra þar, sem vill, og verzla eptir eigin geðþótta, og eg veit ekki neina ástæðu til, að henni sè alveg raskað.

Eg verð því að gefa þingmanni Árnesinga atkvæði mitt, því þar sem það á við, ættum við að halda sið með Dönum, og eg held líka maður sýni meiri guðrækni með því, að byrja helgina á fimmtudaginn næsta fyrir kóngsbænadaginn, sem þó altènd er og á að vera mesti helgidagurinn í árinu fyrir alla kristna menn; því það lýsir einmitt því, að maður vill búa sig undir guðrækilegar hugsanir helgidagsins.

Á. Einarsson: Eg heyri, að sumir þingmanna hafa tekið málstað breytíngaratkvæðisins við 3. grein.

Mèr finnst annars framsögumanni vera mislagðar hendur, þar sem hann í 2. grein, 14. tölulið, vill, að leyft sè, að „*ferma og afferma*“ önnur skip, en þó vill hann ekki leyfa mönnum, að leita sèr bjargar, með því að opna verzlunarbúðir, nema maður sè húngurmorða. Eg get ekki komið þessu saman. Eg vildi hafa helgina helga til miðaptans í aðalreglunni, en á hinn bóginn þó leyfa mönnum að verzla um þann tíma, ef *brýn* nauðsyn krefði. Það eru líka einúngis 1 eða 2 sunnudagar í árinu, sem nauðsyn kynni að vera að verzla á sumum stöðum, þar sem að kalla öll verzlun fer fram á 1—2 vikna tíma, og gæti þetta bann orðið að miklum baga á þeim stöðum, ef eingin væri undantekníng frá aðalreglunni. En ef framsögumaður vill láta nauðsyn þessa vera innifalda í undantekníngum frá 1. grein, þá er breytíngaratkvæði mitt ekki eiginlega nauðsynlegt.

E. Kúld: Það gladdi mig mikið, að eg heyrði hinn hæstvirta konúngsfulltrúa segja, að okkur Íslendíngum væri hrósað fyrir guðrækni og kirkjurækni; nú hefur mèr ekki skilizt betur á orðum sumra nefndarmanna og fleiri hèr á þíngi, en þeir ætlist til, að helgi sunnudagsins sè á enda á nóni, eða þá 1 stundu eptir nón; en ef helgi sunnudagsins er þá úti, þá er

það, sem eptir er af sunnudeginum frá 4. stundu, eins rúmheilagt eins og hver rúmhelgur dagur; eða skyldu þeir vilja láta einhverja *millibils-helgi,* eða hvað eg á að kalla það, vera þar á milli? en þá held eg líka, að frá 4. stundu á sunnudögunum mætti vinna alla vinnu, og allt eins verzla í búðum kaupmanna, og drekka sig út úr eins að ósekju, og hvern annan rúmhelgan dag; en eg verð að játa, að eg kann ekki við þetta; eg hef allt af skilið gamla lögmálið um 7. daginn sem hvíldardag, og sunnudaginn eins, að þar væri dagur talinn 12 stundir, það er frá morgni til kvölds; eg ætla því ekki að vera einn af þeim, sem annála okkur Íslendínga fyrir guðrækni, ef við skyldum núna taka upp á því, að halda sunnudaginn helgan ekki meira en svo sem 7 eða 8 stundir, því meira verður það ekki í skammdeginu, að minnsta kosti þegar reikna skal frá morgni til einnar stundar eptir nón.

Framsögumaður: Mèr finnst þíngmaður Snæfellsnessýslu leggja of mikið í það, að halda helgan sunnudaginn eptir miðjan dag.

2 af hinum heiðruðu þíngmönnum vilja taka upp í frumvarpið, það sem stendur í Mósislögum; eg leiði nú hjá mèr, að dæma um þetta að sinni. Viðvíkjandi ræðu þíngmannsins úr Strandasýslu, þar sem hann sagði, að mèr væru mislagðar hendur, þá held eg, að breytíngaratkvæði hans undir 18. tölulið sè illa og óheppilega hnýtt aptan við 16. tölulið, því eptir því held eg eingin stund sunnudagsins sè undan þegin verzlun, þegar brýn nauðsyn ber til, og nauðsyn þessi sýnist hjá honum að vera bundin við, að ekki verði hindraðar sjóferðir og aðrar ferðir á helgidögum, en það er annað, að halda áfram ferðinni, eða verzla allan daginn, svo maður geti haldið henni áfram.

Mèr finnst merkilegt, ef nokkur þíngmaður getur gefið þessu 18. breytíngaratkvæði atkvæði sitt, því það er sannarlega skrítið, að halda allan síðari part dagsins virkan, en þó ekki leyfa kaupmönnum að fara í búð.

Forseti: Þar eð svo lángt er liðið á daginn, og 3. kafli atkvæðaskráarinnar er eptir, álít eg, að bezt verði, að fresta þessum kaflanum, sem eptir er, þángað til eptir miðjan dag; vil eg því ákveða fund kl. 6 í kvöld, og verður þá þessi kafli tekinn til umræðu.

Fundi slitið

---

18. júlí — fjórtándi fundur.

Allir á fundi, nema hinn 2. konúngkjörni þíngmaður, amtmaður J. P. Havstein, sem tilkynnt hafði forseta, að hann gæti ekki mætt.

Forseti: Eptir því, sem ákveðið var í dag á fundi, kemur 3. kafli frumvarpsins til umræðu, frá 10. grein, sem er sú 9. í frumvarpi nefndarinnar, og allt til enda.

Framsögumaður: Við 10. grein er ekkert breytíngaratkvæði fram borið, og heldur ekki við þá 11., sem nefndin vill taka óbreytta; 12. grein vill hún taka með lítilfjörlegum orðabreytíngum; 13. einnig með litlum breytíngum, mest í orðamismun, að í staðinn fyrir: „*sè nokkur í vafa um, hvort eitthvað, sem hann vill gjöra, — getur hann leyft það*“, komi: „*sè nokkur í vafa um rèttan skilníng á einhverju í henni, þá leiti hann um það álits þessara embættismanna*“. Þessa orðabreytíng hefur nefndin gjört, vegna þess henni fannst liggja í orðum frumvarpsins, að, ef einhver vildi gjöra eitthvað móti tilskipuninni, þá gæti lögreglustjórinn gefið honum leyfi til þess, og það vildi nefndin ekki.

Nefndin var í vafa um, hvort þessu nafni „*lögreglumenn*“ sæmdust að eins sýslumenn, ellegar hreppstjórar líka, og því til tók hún: „*embættismenn þeir, er lögreglu eiga að gæta*“; henni þótti þetta betra, því þá geta menn farið eptir áliti þeirra síðar meir.

Við 14. grein er ekkert breytíngaratkvæði; við 15. einúngis orðabreytíng, sem nefndinni þótti betur eiga við, að í staðinn fyrir: „*að innræta mönnum þá sannfæríng, að þeir verði fúsir á, að færa sèr guðsþjónustuna í nyt*“, komi: „*að innræta mönnum kirkjurækni*“.

Við 16. grein er fyrst breytíngaratkvæðið undir 55. tölulið: „*sömuleiðis er allur hlutur til fátækra úr helgidagaveiðum úr lögum numinn*“. Sá, sem á þetta breytíngaratkvæði, hefur geingið alla götu, meðan hinn, sem tók sèr það við 2. grein (nr. 11), hefur einúngis geingið hálfa leiðina.

Þá er breytíngaratkvæðið nr. 56; það fer nú í gagnstæða átt við hitt; ef uppástúngumenn þessara 2 breytíngaratkvæða vilja taka þau bæði aptur, þá er nefndin líka til með, að taka

aptur viðauka sinn við 15. grein nefndarálitsins; en hún óskar þar á móti, að 57. stafliðnum verði bætt við: *„þar á móti er ekki tekinn úr lögum réttur fátækra til hlutar úr helgidagaveiðum“*.

J. Kristjánsson: Eg ætla fátt eitt að minnast á 56. breytíngaratkvæðið á atkvæðaskránni. Eg vil að vísu, að það fái að lifa, fyrst það er orðið til; samt get eg vel unað því, ef öðruvísi tekst til, því andi þess mun lifa, þó það sè fellt, einúngis ef þíngmenn gættu þess, að ljá 55. atkvæðinu mylnusteininn. Mèr finnst það vera illa hugsað, að vilja svipta fátæka menn fornum rètti þeirra til hlutar úr því veiðihappi, sem gefst á helgum dögum; allajafna munu menn hafa þá hjá sèr, og sumir hverjir bændur telja sèr þá, ef til vill, nógu þúnga byrði áður, þó ekki sè byrgður þessi tekjubrunnur þeirra.

Ofan í kaupið kemur það kátlega við í tilskipun um helgidagahald, að nema *þennan skerf fátækra manna* úr lögum, sem á hinn bóginn er helgidagshaldinu innan handar; það hindrar aldrei ærlegan mann frá, að leita sèr bjargar, en dálitið kynni það að varna því, að sá, sem búksorgin þjáir, hafi að eingu það aldna og sannngjarna boðorð, að þeim, sem þjóna, skuli gefast kostur á, að endurnæra sig.

Þ. Sveinbjörnsson: Í upphafsræðu sinni í dag bar sá heiðraði framsögumaður mig fyrir því, að eg væri áfram um, að fátækir feingju hlut úr allri helgidaga-veiði, nema fiskiafla; en því um líkt ætla eg mig aldrei sagt hafa, eða að það verði rèttilega eptir mèr haft; það fer svo fjærri, að það sè meiníng mín, sem hinn heiðraði framsögumaður fer fram á, að eg helzt óskaði, að lögskipaður fátækra-hluti af *öllum helgidaga-veiðum* væri úr lögum numinn. En eg er aldrei stórhuga, og hefði því gjört mig ánægðan með, að einúngis helgidaga-fiskiafli í fiskileysistíð, og þegar mjög er sjaldróið í brim-veiðistöðum, væri í þetta sinn þessu óþarfa-afnámi undan þeginn. Þessarar undanþágu rètta sæti var í 2. grein eptir orðin: *„net og lóðir“*, en eg hef þess háttvirta forseta leyfi fyrir, að viðauka-atkvæði mitt, nr. 11, flytjist þángað, ef það fæst, þó hèrna sè leitað um það atkvæða, sem vara-atkvæði, að efninu til, við nr. 55 í atkvæðaskránni. Eg get nú að vísu ekki sagt, að mèr þyki þessu atkvæði, nr. 55, valinn haganlegur samastaður, og fyrir það hið sama tel eg óvíst, að það veitist; en sá heiðraði þíngmaður Strandasýslu hefur látið sig leiða af hinnar heiðruðu nefndar óhappa-

lega dæmi, að hnýta þessum helgidaga-veiðum aptan í frumvarpið.

Eg hef áður í undirbúningsumræðunni drepið á uppruna fátækra-hlutarins úr helgidaga-veiðum, og sýnt fram á, að einúngis regluleysi í forsorgun fátækra hafi á elztu tíðum gefið tilefni til hans tilveru. Eg hef bent til þess ójafnaðar, sem með þennan hlut á sèr stað, þar sem þiljuskip, þó þau fiski frá morgni til kvölds á sunnudegi, og afli á þann hátt fleiri þúsund fiska, ekki svara einum einasta fiski þar af; þar sem ekkert er tekið af þeim fiski, sem í net kemur á sunnudegi, þó þau sèu lögð á laugardagskvöld, og tekin upp seiluð á mánudagsmorgun; þar sem í Gullbringusýslu, að því leyti hún liggur að Faxaflóa, ekki er á sunnudegi tekinn nema 1 hlutur af skipi, eptir konúngsbrèfi frá 28. apríl 1836, þó að í næstu veiðistöðum, Grindavík í sömu sýslu og Selvogi í Árnessýslu, sè tekinn fimmtúngur aflans, sem gjörir afnámið hálfu meira á þeim síðar nefndu stöðum en á þeim fyrsta. Eg ætla, til dæmis, að gjöra ráð fyrir sínu skipi á hvorum þessara staða, og hafi hvort 10 staða skipti, og hvort um sig fær í fiskileysistíðinni 60 fiska; af þessum eru í Njarðvíkum og í Gullbringusýslu við Faxaflóa teknir 6 fiskar til fátækra, en í Grindavík og í Selvogi 12. Hvaða jöfnuður er þetta meðal gjaldanda í sömu sýslu? og þá *ósanngirnin,* sem í því er, að svipta þannig fátæka fiskara því, sem þeir með súrum sveita sínum hafa aflað sèr í lagaleyfi í harðrèttistíð til forsorgunar sèr og sínum, til þess má ske að láta það í ríkan sveitarsjóð, eða lètta með því forsorgunar-skyldu hinna ríku á þeirra þurfamönnum. Ástæða lagaboðsins, reglulítil fátækra-forsorgun, er horfin, og því ætti helgidagahluturinn til fátækra að falla með ástæðu sinni. Eg vil að lyktum leyfa mèr eina athugasemd, og hún er siðferðisleg, og því veit eg, að þeir andlegu stèttar menmirnir, sem eru að bera sig að halda í hemilinn á fátækra-hlutnum, taka hana sèr í lagi til greina. Eg hef nú meir en hálfan aldur minn verið í sjóplázum, og ætla eg mig af reynslu að hafa fulla ástæðu til að halda, að þetta afnám aflans hindri alla viðleitni til bjargræðisútvega við fiskiveiðar á sunnudegi eða öðrum þessum löghelgum, þó þörf væri á. Margur mundi heldur sitja hálfsoltinn í landi, en láta bera frá sèr, þá í land kæmi, nokkuð talsvert af aflanum. Og til hvers yrði þá af slíkum landsetan brúkuð,

nema til að gánga út um sjóplázið, og fá sèr neðan í því, hvað sem fleira væri.

Framsögumaður: Eg verð að vera á því, að of seint sè, að gefa atkvæði við 16. grein um breytíngaratkvæði það, sem borið er upp við 2. grein — *(Þ. Sveinbjörnsson*: Leyfi forsetans er fyrir því) —.

Hann gat þess, uppástúngumaður 11. breytíngaratkvæðisins, að það væri ósanngjarnt, að láta fátæka fá þennan hlut, vegna þess, að ójöfnuður væri á greiðslu hans. Eg játa að vísu, að það er ekki fullkominn jöfnuður, en spurníngin verður um, hvort þessi tilhögun sè lögleg, hvernig Gullbríngusýsla gjaldi 1 hlut af skipi hverju, en Árnesingar fimmtúng alls, sem aflast; en annaðhvort verður Gullbríngusýslu þá að vera hlynnt, eða um of þreingt að Árnessýslu, og ættu þó sömu lögin að ráða; því náð geta þau yfir annan eins fjallgarð og Hellisheiði. Hann gat þess líka, að fátækra-hlutnum væri ekki réttilega ráðstafað, með því að þessi stofn geingi inn í almennan fjársjóð. Það er sjálfsagt, að í góðum árum er það tilfellið, en það er líka víst, að í bágindum og hallærisárum er það þvert á móti; því þá mun hinum fátæku, sem húngraðir koma í fjöruna, afhentur hlutur þeirra þeim til saðníngs, því í fiskileysis- eða ógæfta-árum einum er helgidagaróðurinn leyfður, en þá er og húngurstíð hinna fátæku í sjóplázunum. Að hlutur þessi haldi mönnum frá að róa, kann að vera mögulegt, en það er þó ekki hugsandi hjá þeim, sem sannkristnir eru, að þeir láti fimmtúngsgjald halda sèr frá, að leita sèr bjargar í harðindaárum, eins og eg líka held, að þá muni ekki þessi róður leiða til drykkjuskapar. Eg sè því ekki, þrátt fyrir ræðu hins 1. konúngkjörna þíngmanns, að nokkur ástæða sè til, að fara að fifla lagaboð það, sem þíngið alls ekki á að hafa hendur á.

St. Jónsson: Mèr virðist, að breytíngaratkvæði hins 1. konúngkjörna þíngmanns sè þó heldur til greina takandi, heldur en þíngmannsins frá Strandasýslu, og einnig virðist mèr, að það geti ekki átt annarstaðar við, en hann hefur sett það, nefnil. í 2. gr. Þetta breytíngaratkvæði á einúngis við fiskiveiðar, af því að reglug. 8. jan. 1834 nefnir einúngis fiskveiðar, og mun sjaldan koma til þess, að þann hlut þurfi að gjalda, eptir sem nú horfir til um helgidagana; en hitt þykir mèr undarlegra, þegar menn vilja burt nema fátækra-hlut úr lögum af þeim höppum, sem kynnu að bera að landi á helgum dögum, t. a. m. hval,

sel, síld eða marsvín. Það hafa opt orðið höpp að þeirri veiði, og fátækum hagur að því, sem þeim hefur hlotnazt úr þessum helgidagaveiðum, svo mèr þykir mjög ísjárvert fyrir þingið, að kippa því af þeim. Það hefur verið sagt, að þessi hlutur væri ójafnt tekinn, því í Gullbríngusýslu væri tekinn einúngis 1 hlutur, hvort að margir eða fáir væru á skipi, og hafa menn fyrri heyrt, að önnur lög gilda þar en annarstaðar hèr á landi; það hefur má ske átt að hlífa þeim við þessari greiðslu, af því þeir greiða manntalsfisk, og meiri gjaftoll en aðrir hèr á landi, en þetta er lítil ástæða móti fátækra-hlutnum. Þá fara menn líka, ef til vill, að vilja af má spítalahlutina, og fl., sem þó er í almenníngshag. Sumum mönnum þykir, að notin af fátækra-hlut úr helgidagaveiðum komi ójafnt niður, en það er ástæða fyrir, að breyta þeirri tilhögun, sem nú er, en ekki fyrir því, að burt nema hlutinn. Það mætti t. a. m. stofna almennari fátækrasjóð, en fyrir einn hrepp, en það verður ekki, ef þetta er numið úr lögum.

Konúngsfulltrúi: Við breytíngaratkvæði nefndarinnar við 13. grein, á atkvæðaskránni undir töluliðnum 49, skal eg einúngis geta þess, að mèr virðist orðaskipun frumvarpsins vera hagfeldari en sú, sem nefndin hefur stúngið upp á; því frumvarpið til greinir nákvæmar og til greinir betur vald það, er lögreglustjórinn hefur, til að leyfa einhverjum þau verk á helgidegi, sem sá er í vafa um hvort fyrir taka megi eða ekki. Frumvarpið til tekur nefnil., að þetta leyfi megi lögreglustjórinn einúngis gefa þá, ef honum virðist það ekki vera móti grundvallarreglum tilskipunarinnar. Nefndarinnar uppástúnga takmarkar þar á móti lögreglustjórann ekkert, en það er undir áliti hans komið, hvað hann leyfir eða bannar í þessu tilliti.

Hvað breytíngaratkvæðin 11 og 55 áhrærir, hver eð ræða á við 16. grein, þá verð eg að vera á því máli, að betur færi á því, að í tilskipun þessari ekkert væri hrært við fátækra-hlut af helgidagaveiðum. En ef þíngið vill láta þessa hlutar getið í tilskipun þessari, þá verð eg að vera samdóma hinum háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanni í því, að það eigi betur við, að taka þetta í 2. grein frumvarpsins, hvar helgidagaveiðanna er getið, heldur en í 16. grein, hvar ekkert er á þær minnzt. Hvað nú fátækra-hlut af helgidagaveiðum snertir, þá greinir þíngmenn mjög á um hann, þar aðrir vilja halda honum, en aðrir vilja láta nema hann úr lögum, svo hèr eru 2 breytíngar-

atkvæði, hvort þvert á móti öðru, nefnilega það 55. og 56. Eg fyrir mitt leyti verð nú að álíta svo, að fátækra-hlutur af helgidagaveiðum sè nú miður nauðsynlegur í landi voru, en hann var fyr á tímum; því nú er lángtum betra skipulag komið á um alla fátækra-málefna-stjórn, en áður var, svo að allar sveitir geta nú vel alið önn fyrir þurfamönnum sínum, og sumar jafnvel leggja upp árlega mikið fè til forsorgunar þeirra í framtíðinni, ef á þarf að halda, enda má svo að orði kveða, að hjá öllum sè nú svo vel farið með ómaga, eins og það væru börn, hjú eða skyldmenni hlutaðeiganda. En samt virðist mèr það tilhlýðilegra, að nema ei fátækra-hlut af helgidagaveiðum úr lögum; því eptir aðalreglunni eru helgir dagar ætlaðir til guðsdýrkunar og guðræknisæfinga; og þegar menn nú í laga-leyfi leita sèr lífsbjargar á slíkum dögum, og það heppnast vel, þá er það eðlilegt, þó menn í þakklætisskyni við gjafarann, er lætur slíkar tilraunir heppnast, miðli fátækum nokkuð af feing sínum. Skyldi nú helgidagahlutnum verða haldið, virðist mèr hagfeldast, að taka 56. breytíngaratkvæðið, en skyldi hann verða úr lögum numinn, þá það 55.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem konúngsfulltrúinn sagði, að eptir nefndarálitinu hefði lögreglustjórinn minna aðhald, en eptir stjórnarfrumvarpinu, sýnist mèr það gagnstæða; því þar sem stjórnarfrumvarpið leyfir honum að „*leyfa*“, þá hefur sá, sem leyfið gaf, ekkert ansvar, einga ábyrgð; en nefndin ætlast til, að þegar menn leita hans, þá gefi hann einúngis álit sitt, og verður þá ekki komizt hjá ábyrgðinni, og þannig álít eg, að einmitt nefndin hafi gefið honum meira aðhald.

Viðvíkjandi helgidagahlutnum, þá heyri eg, að konúngsfulltrúinn segir, að ekki sè gjörandi, að nema fátækra-hlutinn úr lögum, þá er það einnig meiníng mín, þó ráðsmennskan sè orðin betri viðvíkjandi fátækrastjórninni. Það er athugavert, að róðrarleyfið er bundið við hallærisár, og þá verður fátæktin því meiri, og ekki stendur þá í valdi fátækrastjórnarinnar, að bæta úr þörf hinna snauðu. Það eru líka fátækir til, sem búa sèr, og lagt er þeim opt af skornum skamti, svo þeir mega kann ske svelta heilu húngrinu, ef menn ekki reyna að hjálpa þeim með öllu sem unnt er.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki verið samdóma þeim heiðraða framsögumanni viðvíkjandi útleggíngu hans á 13. grein frumvarpsins, eptir hverri hann meinar að lögreglustjórinn hafi

ótakmarkað leyfi til, að banna eða leyfa þau verk á helgum dögum, sem einhver er í vafa um hvort fyrir taka megi eða ekki. Lögreglustjórinn á hèr í að fara eptir beztu sannfæríngu sinni, og þannig, sem hann treystir sèr til að forsvara fyrir æðri yfirvöldum, og þar að auki gefur frumvarpið honum góða bendíngu, þar sem það ákveður, að hann ekkert megi leyfa móti grundvallarreglum tilskipunarinnar, hvar á mót nefndaruppástúngan einga slíka vísbendíngu gefur honum.

Jón Samsonsson: Nefndarálitið í þessu máli, og öll þau breytíngaratkvæði, sem við það nú eru fram borin, benda nægilega til þess, að atkvæðagreiðslan þar í takist varla svo heppilega, að stjórnin geti síðan þar á byggt haganlegt lagaboð, sem ei verði af misskilníngi brotið, svo sektirnar, sem þar við nú eru lagðar til fátækra, bæta það vel upp, þó þeir missi hlutinn úr helgidagaveiðinni, sem á sèr stað einúngis við sjóarsíðuna, en brot helgihalds-laganna getur átt sèr stað um allt landið.

Framsögumaður: Eg vildi ekki, að krapturinn lægi í orðinu „*virðist*“, heldur „*leyft það*“, en úr því honum er gefinn myndugleiki til að leyfa, þá er heldur ekkert ansvar leingur.

Viðvíkjandi því, að þíngmaður Skagfirðínga fagnaði yfir því, að fátækir feingju meiri hlut af sektunum við helgidagalögin, en þeir feingu af hlutnum, þá held eg fátækir vilji heldur fá minni hlut af annara gróða, en meiri af óförum þeirra.

J. Guðmundsson: Þó að umræðurnar megi nú virðast orðnar nógar um 11. og 55. breytíngaratkvæðið, og ástæðurnar fyrir þeim nægilega útlistaðar af mörgum, en einkum hinum háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanni, þá vil eg þó mega fara um þau fáeinum orðum. Eg lýsi því nú þegar yfir, að eg aðhyllist 55. breytíngaratkvæðið, því það innibindur í sèr hið 11. breytíngaratkvæðið, en þetta samþykki eg líka, ef hitt skyldi falla. Hinn háttvirti framsögumaður hefur aptur og aptur viljað vefeingja, að hið 11. breytíngaratkvæði sè borið rètt upp við 2. gr., og jafnvel líka, að hið 55. væri rètt upp borið við 16. gr., eða yfir höfuð að tala við þetta lagaboð. Mèr finnst nú öldúngis vafalaust, að þar sem lagaboð þetta á að ákveða, hvaða verk megi vinna á sunnu- og öðrum helgum dögum, og þá með fram, eins og er í 2. gr., þau verk, sem híngað til hafa verið bundin helgidagshlutum, eins og er um fiskiafla og aðrar veiðar af sjó á þessum dögum, þá megi og taka hèr fram, og eigi vel við að ákveða, að hve miklu leyti þetta fyrra laga-

band á þessum verknm ætti að hverfa eður haldast, og mèr virðist auðsætt, að hvort þessi ákvörðun kemur fram við 2. gr., þar sem þessi verk eru talin upp, eða við 16. gr., þar sem tekið er fram, hverjar af hinum eldri laga-ákvörðunum verði enn í fullu gildi, þrátt fyrir þetta lagaboð, og hverjar eldri ákvarðanir eigi að nema úr lögum, þá komi það öldúngis fyrir sama, og sè jafn-lýtalaust lagaboðið, hvor grein, 2. eða 16., heldur verður fyrir þessari viðaukaákvörðun. Og mèr finnst öldúngis nauðsynlegt, að lagaboðið beri með sèr einhverja ákvörðun um þetta, af eður á. En hvað viðvíkur sjálfu efni breytíngaratkvæðanna, þá er eg eindregið á því, að sú ákvörðun, sem breytíngaratkvæðið 55 fer fram, sè bæði rètt og nauðsynleg, af því, eins og hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði áðan, að öll hin lagalega undirrót og ástæða fyrir hlut fátækra úr helgidagaveiðum er gjörsamlega horfin. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, að það væri mikið eðlilegt, að hin fyrri löggjöf hefði tekið þessa ákvörðun fram; eg neita því ekki; á *þeirri* tíð var það eðlilegt, eptir hinum eldra hugsunarhætti, að menn gætu má ske gjört ýmislegt líðanlegt fyrir drottni með eins konar fórnum, sektum eða skaðabótum við guðs volaða, og öðru þess konar, sem ella væri óleyfilegt, og á þeirri tíð var það einnig nauðsynlegt, af því *þá* var ekkert reglulegt eða skipulegt fyrirkomulag á framfærslu snauðra manna. En hvorttveggja er nú horfið; hugsunarháttur manna í trúarbragðaefnum er nú miklu frjálsari og víst miklu rèttari, en þá var, og skipulegt fyrirkomulag á forsorgun snauðra manna hèr á landi er nú svo almennt, og í svo góðu horfi, að varla er þeim hætt. Og þegar grundvöllur þessa fyrirkomulags er sá, að framfærslu-kostnaði snauðra manna er jafnað á ástand og efnahag sveitabúanda, þá má það þó vera auðsætt hverjum manni, að hluturinn úr helgidagaveiðinni, ef hann helzt og á meðan hann helzt, er ekki beinlínis í hag hinum snauðu mönnum, heldur einmitt þeim, sem er skylt, að fram færa þá, eptir ástandi og efnahag, en hagur þeirra og efni á, að forsorga hina snauðu menn, vex því fremur, sem aflinn er meiri, og minna er af honum tekið.

Hinn háttvirti framsögumaður hefur gjört svo mikið úr því, hvað hagfelt hinum fátæku væri, að fá strax í fjörunni úthlutaðan helgidagahlutinn; en bæði ætla eg, að úr því yrði nokkurs konar handahófs-úthlutun, og mundi koma nokkuð ójafnt

niður, og svo lendir allt um það þar við, að þeim mun minna þurfa hinir efnuðu að leggja fátæklingum sínum, sem þeir fá meiri björg á þennan veg.

Þar að auki er það öllum kunnugt, hve algeingt og fúslega menn miðla af afla sínum í sjóplázunum fátækum mönnum, sem þar ber að, og ekki geta róið, og eg er viss um, að þetta yrði eins, og ekki síður, þó róið væri á helgum, og ekkert band lægi við, og víst yrði fátæklingunum þessi miðlun bæði drýgri og notasælli, heldúr en sá hluturinn í sjó, sem menn vilja láta ákveða og skipa með lagabókstafnum, en sem öldúngis víst er því til fyrirstöðu sumstaðar, að menn beri við, að leita sèr og fátækum bjargar á þennan veg.

Framsögumaður: Þíngmaður Skaptfellínga hefur þá tekið að sèr forsvar breytíngaratkvæðisins, sem er á móti hinum fátæku, og gripið það í lausu lopti; hann heldur, að breytíngaratkvæði hins 1. konúngkjörna þíngmanns geti átt bæði við 2. og 16. grein, en eg held, að breytíngaratkvæði, sem maður áskilur sèr við 2. gr., geti eingan veginn átt við 16. gr. — (*J. Guðmundsson*: Forseti hefur leyft það) —. Hann segir, að rètt sè, að taka fjársektir handa fátækum, en það á ekki við hèr; því hèr er einúngis talað um hlut, sem hinir fátæku eiga, og drottinn sendir þeim. Hann gætir þess annars ekki, að hèr er einúngis verið að tala um harðindisár, og þá sýnist vera tilhlýðilegt, að gefa snauðum mönnum björg, því ekki held eg, að á öðrum dögum fái fátækir marga fiska gefins, eins og þíngmaðurinn hèlt.

G. Brandsson: Hin 15. grein stjórnarfrumvarpsins, sem nú er 14. grein nefndarálitsins, talar um það, að prestar skuli á hvern þann hátt, sem við eigi, stuðla til, að breytt sè eptir þessari tilskipun, og í öðru lagi „eigi þeir“, eptir sem nefndin orðar það, „að innræta mönnum kirkjurækni“. Eg veit nú ekki, með hvaða meðölum þeir geta þetta betur en þeim, fyrst að þeir sèu sjálfir kirkjuræknir, það er að segja, að þeir þjóni dyggilega kirkjum þeim, sem þeim eru á hendur faldar, að þeir láti ekki sóknarfólkið fara óný́tis-ferð til kirkjunnar, af því þeir komi ekki þángað sjálfir, þegar messa eiga, og í öðru lagi, að þeir vandi kenníngar sínar og alla embættisfærslu, einnig sýni það í hegðun sinni, að þeim sè hèr í full alvara; því sè nú svo, að sóknarfólkið græði minna í andlegu tilliti á kenníngu prestsins, heldur en á andlegum bókum heima hjá sèr,

þá virðist nokkur vorkun, þó menn verði ekki sèrlega kirkjuræknir. Eg minnist þess, að stiptprófastur Árni Helgason segir á þá leið í einni af helgidagaprèdikunum sínum, „að enginn skuli reiða sig á trú sína fyrir það, hversu opt hann biðji eða sýngi eða sæki vandlega helgar tíðir“; en þar fyrir segir hann ekki, að þetta sè ekki gott í sjálfu sèr, þegar annað, sem meira ríður á, verði því samfara. Hvað skyldi betur geta laðað menn að kirkjunni, en góður prestur með kenníngum sínum og dagfari, og það má óhætt gjöra ráð fyrir, að honum tekst það við allflesta. En þegar eg nú skoða 53. breytíngaratkvæðið, og ber það saman við það, sem eg hef nú sagt, þá held eg það verði þýðíngarlítið. Hreppstjórar og meðhjálparar munu flestir vilja aðstoða presta sína í öllu því, sem vel má fara og til þeirra getur náð, þó það falli burt, þar sem presturinn, eins og eg hef minnzt á, mælir bezt fram með sèr sjálfur; þar verður ákvörðun þessa breytíngaratkvæðis óþörf, að eg held, en þar sem hið gagnstæða á sèr stað, verður hún að eingum notum.

Um fátækra-hlut úr helgidagaveiðum er svo margt og mikið búið að tala, að eg hef þar litlu við að bæta. Það er búið að sýna, hver ójöfnuður er í honum fólginn, hversu misjafnt hann leggst á menn, og hvað hann hnekki aflabrögðum ýmsra manna; en eg vil bæta því við, að það er næsta hjákátlegt, að öll vinna manna á þessu landi, sem leyfð er á helgum dögum, er undan skilin, að svara nokkrum arði til fátækra, og er hún þó opt ekki síður ábatasöm en fiskiveiðarnar, sem opt misheppnast, eins og menn vita; þar að auki finnst mèr eitthvað undarlegt og óviðkunnanlegt í þessum helgidagahlut. Eg set til að mynda, að menn, sem þægju af sveit, tækju sig saman á skip, til að róa á helgum degi, og öfluðu nokkuð, hvert ætti nú 5. hlutinn af aflanum að gánga frá þessum? ætti hann að leggjast til sjálfra þeirra aptur, væri lítil þörf, að skipta honum frá, en ætti hann að gánga í sveitarsjóðinn, væri það til þess má ske, að lètta dálítið undir útsvar þeirra efnugri í sveitinni, en hvor aðferðin, sem höfð væri, kæmi öldúngis niður í sama stað; hluturinn lenti í sveitinni, hvort sem honum væri svo skipt af eða ekki, og menn gætu haft gagn af honum í hvorutveggja tilliti. En það er eitt, sem eg vildi minnast á, viðvíkjandi þessum fátækra-hlut, og það er það, að mörgum verður það, að skoða hann eins og sekt, sem á þá leggist vegna helgidagaróðranna, og sem sumum þykir eins konar læging í að gjalda. Frumvarp-

ið gefur einnig átyllu til, að menn álíti hann þannig, þar sem það talar um, að fjársektir allar skuli gjalda í fátækrasjóð, svo eg held, að menn þess vegna kynoki sèr við, að róa á helgum degi, enda þó ærin nauðsyn væri til þess — (*Framsögumaður*: Það er ekki sekt) —, og mundu þá sveitasjóðirnir græða lítið á þessari tilhögun. Hreppstjórar munu líka flestir sjá svo um, að útsvar búanda í hreppi hverjum nægi árlega, til að forða fátækum við húngurmorði, ef ekki því stærri óárun og óhöpp koma fyrir, úr hverjum að fátækra-hluturinn þá lítið mundi bæta, og sízt upp til sveita, þar sem hann á sèr eingan stað.

Framsögumaður: Þingmaður Gullbringusýslu finnur ekki aðferð þá, sem prestum er fyrir lögð, til að innræta mönnum kirkjurækni; hún blasir þó fyrir honum í 15. gr. Sami þingmaður blandar allt af helgidaga-hlut fátækra saman við fèsektirnar fyrir helgibrot; hluturinn er þó lögboðinn afli, sem menn frá gamalli tíð eru ásáttir um að gefa snauðum mönnum úr helgidagaveiði sinni. Hann hlýtur að finna það, þingmaðurinn, að ekki tjáir, að steypa gildandi löggjöf, þó hann eða einhverjir fáir aðrir kunni að hafa ránga skoðun á henni.

Ó. Sívertsen: Þegar hinn heiðraði framsögumaður í tölu sinni minntist á viðauka-atkvæði mitt við 15. gr. frumvarpsins, þá fannst mèr það svo sennilegt, að eg ætlaði mèr að láta nema staðar við það, og fallast á hans meiningu, að hreppstjórar og meðhjálparar mundu gæta vel þess, sem eg áskildi, þótt ei væri svo ýtarlega tekið fram, sem eg óskaði. En að eg í þessu hafi ei verið nógu lángsèður, ræð eg af orðum þingmannsins úr Gullbringusýslu, sem mèr heyrðist gjöra ráð fyrir þeim prestum, er menn hefðu lítið að sækja til á helgum dögum, og menn hefðu kann ske eins gott eða betra heima hjá sèr. Mèr finnst liggja í þessu, að hann meini ei verði gjört mikið úr sumum prestunum, og þessir hafa því ei, í eflingu kirkjurækninnar, mikið að byggja upp á ólögboðna aðstoð sumra hreppstjóranna; þeir munu má ske segja við prestinn, ef hann leitar aðfylgis hjá þeim: „Þetta kemur mèr ekki við, prestur minn! þú verður að basla í því arna sjálfur“! o. s. frv. Þetta þætti mèr eingan veginn fara vel. Mèr virðist lagafrumvarpið, sem nú ræðir um, lúta helzt að því, að menn eigi ekki að sæta nokkurri frekjufullri nauðúng, heldur lempilega og frjálslega vinnast til hins góða, og hef eg getið þess áður, að eg held mest af því, sem hugarfar manna í trúrækni og kirkjurækni hneigist til, og

að samtök helztu manna, til að efla það, sèu því nauðsynleg. Eg held, að lögin, eins og hvað annað, eigi að minna menn á góðu samtökin. Þeim samtökunum hefur í mörgu verið ábótavant hjá oss; þau þurfa að lifna og innrætast betur og betur, svo einginn sè það varmenni, sízt þeir, sem eiga að vera helztu menn í sveit, að draga sig út úr, þegar á að efla og aðstoða hið góða og hið guðrækilega; en góðs ávaxtar vænti eg af því, ef menn verða samtaka með prestinum í þessu efni, og vona þá rætist bezt það, sem stendur í gömlum hugsvinnsmálum: *„Vinnst með viðleitninni, ef vakir í margra sinni"*.

Á. Einarsson: Það lítur svo út, sem nokkrir þingmenn hafi viljað hlynna að breytingaratkvæði mínu við 15. grein nefndarálitsins, en þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu hefur vikið á það, að eg hafi með breytingaratkvæði þessu viljað svipta fátæka menn fornum rètt, en ef svo er, þá hefur nefndin riðið á vaðið með þetta, því eptir Rekabálks X. kap. áttu fátækir menn einn fimmta part úr hval þeim, er til lands var róinn á helgum degi, og líka af því, er skorið var af hval á helgum degi, en í nefndarálitsins 2. gr. stendur, að fiskimenn megi bjarga veiðiskap sínum; en eg kalla hvalinn orðinn veiðiskap, þegar hann er orðinn landfastur, og ættu þá fátækir eingan hlut úr því, er af honum væri skorið á helgum degi, og hefur framsögumaður lagt þá þýðingu áður í þessi umgetnu orð 2. gr., er eg hef getið.

Framsögumaður sagði, að það ætti ekki við, að fara að setja grein um, að taka helgidagahlut úr lögum, inn í þetta lagaboð, en nefndin hefur sjálf opnað veginn til þess með viðauka sínum. Framsögumaður sagði, að eg vildi gánga *veginn á enda*, og það er satt; mèr þótti það betra, en að vera að villast á honum, eins og eg held nefndin hafi gjört með fátækrahlutinn, bæði hvað því viðvíkur, er áður er sagt, og svo um vöðuselaveiði í nótum á helgidögum, því af þeirri veiði held eg að hreppstjórar yrðu að vera í vafa um að taka eptir 14. gr., 4. atr. tilskip. af 8. janúar 1834, og svo af helgidagaveiði af hákallaskipum, er liggja fram á hafi á helgidögum milli þiljuskipa, er ekkert greiða af þeim afla, og veit eg til, að þess háttar mál hefur komið til sýslumanns úrskurðar, og menn skutu þeim úrskurði undir amtsúrskurð, sem frítók þessi áminnstu skip frá hlut til fátækra úr helgidagaveiðum. Enn fremur sagði framsögumaður, að það væri skrítið, ef þingið færi að biðja konúng um þetta, þar sem eingin bænarskrá hefði

komið um það til þingsins, en eg held, að þingið hafi rètt til, að semja uppástúngur, þó þjóðin hafi ekki óskað þess, því ekki munu menn hafa vitað af frumvarpi því, er hèr um ræðir.

Það hefur verið talað um, að stofna sjóð af helgidaga-hlut þessum; en ætli það væri ekki hægt fyrir þá, er það vildu, að stofna sjóð handa fátækum upp á annan sanngjarnari máta, en að láta menn úr ýmsum hèruðum láta af veiði þeirri, er þeir neyddust til að veiða úti á hafi á helgidögum, nokkur 100 rbdd., ef til vildi, til einnar sveitar? — *(St. Jónsson:* Það mætti stofna af því sýslusjóð). — Í tilliti til þess, er framsögumaður hefur fundið að því, er þingmaður Skaptfellinga hèlt, að breytingaratkvæðið gæti átt eins við 2. gr. og 16., þá er eg á því, að það eigi helzt við þá síðar nefndu, en þessu ræður forseti og þingið. Að lyktum vil eg geta þess, er hèr hefur verið hreift, að helgidaga-hluturinn mundi hamla fátæklingum frá, að róa á helgidögum; en ef þess fyndust líka dæmi, að hann hvetti menn til, að fara til selaskota snemma á helgidögum (þar hann frelsar frá helgidagsbroti), gæfi hann þó tilefni til vanhelgunar helgidaga, og mætti þá segja, að hann skæri á báðar síður.

G. Einarsson: Í 15. grein frumvarps þessa er prestum boðið, að stuðla til, að breytt sè eptir tilskipun þessari, o. s. frv. Undir eins og þingið fellst á þetta, þá ríður því á, að athuga, að ekkert sè það í tilskipuninni, er beinlínis hamli prestum frá, að geta sýnt í þessu áríðandi efni nokkrar sèrlegar framkvæmdir. Þingið má ekki þraungva svo að helgidagstímanum, að hann verði of naumur til hinnar opinberu guðsþjónustugjörðar, því að það geta komið fyrir þau atvik, er valdi því, að embættisgjörð sè ekki úti, fyr en undir miðaptan; menn þekkja torfærur hèr á landi og vegaleingd og margt annað, er getur hamlað, og hamlar stundum, bæði presti og fólki frá, að koma í tæka tíð; þar hjá getur komið svo margt fyrir prestinn að gjöra þann eður þann helgidaginn, að ekki geti orðið úti hjá honum, fyr en eptir fjórðu stund, og hvað getur hann svo að gjört úr því, það að liði sè í tilliti til helgihaldsins, þegar kominn er sá tími, er lögin sýna fram á að rúmhelgur sè. Þá ber og þess að gæta, að helgin þarf að vera svo laung, að kirkjufólk verði komið almennt heim til sín, áður en hún er úti, því annars getur margur húsbóndi orðið svo lyndur, að hann kyrrsetji hjúið frá kirkjuferð, eða sig sjálfan, einmitt af því, að hann

ætlar sèr og heimafólki sínu verk síðari hluta sunnudagsins. Eg skora því á þingið og einkanlega á hinn háæruverðuga 3. konúngkjörna þingmann, sem mest á að kveða að í máli þessu, og helzt halda uppi svörum kirkjunnar vegna, að þetta frumvarp hlaupi ekki svo úr höndum vorum, að það geti orðið undirstaða fyrir þeim lögum, er heldur tálmi kirkjurækni, en örfi hana, og rýri gildi helgidagsins í augum manna. Helgin má því að mínu áliti eingan veginn vera styttri en til miðaptans.

Enn fremur vil eg geta þess, að mèr virðist nefndinni hafi ekki tekizt vel breytíng hennar, þá er hún setti orðið *„kirkjurækni“* fyrir það, sem stendur í frumvarpinu: *„að færa sèr guðsþjónustuna í nyt“*, því að hið síðara er að mínu áliti miklu yfirgripsmeira.

H. G. Thordersen: Eg verð að svara dálítið upp á ræðu hins heiðraða þingmanns frá Dalasýslu. Eg hef verið prestur í 3 söfnuðum, og var guðsþjónustan þar ætíð vel um garð geingin einni stundu eptir nón. Eg fæ því ekki sèð, að tímaákvörðun sú, sem hèr ræðir um, sè neitt of þraung, ef presturinn að eins gætir þess, sem honum ber, og það er, að guðsþjónustan byrji ætíð um hádegisbil. Eg hef og reynsluna fyrir mèr í því, að optast muni þeir koma fyrst til kirkjunnar, sem leingst eru að. Eg held því ekki, að umsjónarmenn kirkjunnar komist hèr í neinn vanda, ef presturinn, eins og eg sagði þegar, passar sitt verk, að byrja messuna á rèttum tíma — *(G. Einarsson*: En presturinn þarf opt að bíða eptir fólkinu, svo hann getur ekki tekið til á rèttum tíma) —. Það þekki eg líka, að prestur þarf að bíða eptir fólkinu. Í einni sókn, sem eg hef verið, átti fólkið að sækja yfir 3 vatnsföll, og var 1 af þeim ferjuvatn, svo það gat opt ekki komizt á rèttum tíma. En prestur má alls ekki bíða eptir einstöku mönnum svo leingi, að þeim, sem komnir eru, og kann ske eiga lángan veg að fara, sè neinn bagi að; því hann verður að ábyrgjast, að þeir hafi nægan tíma, að ná heim eptir messuna, einkum á vetrum og í misjöfnu veðri. Hvað orðabreytíngu nefndarinnar í töluliðnum 52 á atkvæðaskránni snertir, þar sem hún vill setja *„kirkjurækni“* í staðinn fyrir: *„þá sannfæríng, að þeir verði fúsir á, að færa sèr guðsþjónustuna í nyt“*, þá gjörði hún það þess vegna, að þessi orð í 15. gr. frumvarpsins taka einúngis það fram, sem á að vera efnið í ræðu prestsins, þegar hann hvetur

söfnuðinn af stólnum til að sækja vel kirkjuna. Mig furðar annars á því, að hinum heiðraða þingmanni úr Dalasýslu skuli þykja það fara hèr betur, sem í frumvarpinu er, en breyting nefndarinnar, nema honum þyki öll meðferð nefndarinnar á málinu slæm, svo hann þess vegna sè að fetta fingur út í þetta orð.

P. Pètursson: Mèr sýnist, eins og hinn heiðraði þingmaður frá Dalasýslu leggi einúngis útvortis þýðingu í orðið *„kirkjurækni“*, eins og það væri að öllu leyti nóg til þess, að vera kirkjurækinn, að fara opt í kirkju. En eg held það sjáist af samanburði við önnur lík orð í íslenzku máli, að það sè ekki rètt. Eg vil til taka orðið *„guðrækni“*. Bæði þessi orð hafa án efa djúpa andlega þýðingu, og eg sè ekki betur, en nefndin hafi hèr haft góð rök fyrir breytingu sinni, og hún gjöri frumvarpið bæði skipulegra og íslenzkulegra.

M. Andrèsson: Þó það sè nú orðið ljóst af þingræðunum, að 55. breytingaratkvæðið hafi mætt miklum mótspyrnum, þá hika eg þó ekki við, að láta þá meiningu mína sjást í þingtíðindunum, að eg vil, að fátækra-hlutur af helgidagaveiðum sè burt numinn úr lögum, fyrir hversu miklu álasi sem eg verð af þeim, sem vilja halda í hemilinn á honum. Hann er eptir minni meiningu bæði óþarfur og ósanngjarn; óþarfur í því tilliti, að nú er sèð fyrir þörfum allra fátæklinga í hverju byggðarlagi fyrir sig af þeim mönnum, sem til þess eru settir, og það má með sanni segja, að nú á tímum eru þeir ekki látnir líða neyð, meðan nokkurt færi er á, að hjálpa þeim; en þó sú tíð kæmi, að eingin úrræði sæjust þeim til bjargar, þá mundi helgidagahluturinn lítið úr því bæta; margur rèttir þeim fúslega hjálparhönd, og sá er þeim bitinn hollastur, því hann er í lærisveins-nafni gefinn, en hlutur þessi með tregðu og þvingun úti látinn opt og tíðum; hann er þar til ósanngjarn, þar hann er ekki lagður nema á veiðar eða sjóaraflа einan, og fylgir þeim næringarveg þó altíð nokkur lífshætta. Sá, sem á helgum degi nær undan skemmdum og aflar sèr 2 kýrfóður af góðri töðu, þarf fyrir það ekkert að greiða í fátækra-hlut, og svo er um fleiri landvinnu. Er ekki þetta töluverð ósamkvæmni í lögunum? Eg greiði mitt atkvæði fyrir því, að fátækra-hlutur af helgidagaveiði verði numinn úr lögum.

Jón Jónsson: Eg vildi þó, áður en öllum umræðum er lokið um þetta mál, vekja máls á því, hvernin menn hugsa sèr að koma því saman, að halda við hèr í landi nokkurri

kirkjurækni, eða jafnvel nokkurri helgi hvíldardagsins, og þó um leið aðhyllast frumvarpið og nefndarálitið í því, að allri helgi hans sè lokið að hallandi nóni. Eg meina allir, sem komnir eru til vits og ára, hljóti þó að þekkja og kannast við, hvernin til hagar hèr í landi; kirkjuleiðirnar eru víða hvar í sumum stöðum mjög löngar, og það svo sumstaðar, að messufólk má hafa allan morguninn og allt kvöldið til ferðarinnar að og frá kirkjunni, og sumstaðar nægir ekki sá dagurinn. Nú bið eg menn að hugleiða það nákvæmlega, hvort þeir haldi, að vinnumaðurinn, sem ætti von á, að þurfa að fara að gánga til orfsins, og vinnukonan til hrífunnar, og jafnvel húsbóndinn sjálfur, sem litur á hagsmuni sína, til sinna starfa, hvort allir þessir mundu ekki mikið heldur halda sig heima og taka sèr hvíld um miðjan sunnudaginn, sem er messutíminn, heldur en þegar, að þeim strax heimkomnum, þeir ættu von á, að fara að gánga til hinnar vanalegu vinnu, eins og á 6 virku dögunum, og hvort nokkuð liggur á eða ekkert. Það er þeinkjanlegt, að margur húsbóndi yrði sá, er ekki hvetti hjú sín mjög mikið til messuferðar, þegar hann á hinn bóginn sæi það, að við messuferðina hlyti að missast svo mikil vinna, sem af kasta má frá hallandi nóni til kvölds. Það er eins og mönnum hèr lærist seint, að laga löggjafirnar eptir sínum eigin þörfum og ásigkomulagi. Hèr er þó öðru máli að gegna, en að hlaupið verði umsvifalaust í kirkjur og úr þeim, og strax til vinnu sinnar, þó svoddan geti átt við í fjölmennum stórstöðum. Eg vil því alvarlega ráða þinginu til, þau fáu augnablik, áður en geingið er til atkvæða í þessu máli, að hugsa vel í kring um það, hvort sú takmörkun til kl. 4. e. m., sem frumvarpið og nefndin hafa viljað binda helgitímann við, ekki er of þraung, og hljóti að hafa ísjárverðustu afleiðingar, og eg fyrir mitt leyti get ekki álitið, að hin lögtekna helgi megi vera skemmri en til miðaptans.

Það hafa margir þingmenn látið í ljósi álit sitt og meiníngar viðvíkjandi fátækra-hlut af helgidagaveiðum, og það væri má ske óviðkunnanlegt, að eg yrði einn eptir í því tilliti. Mèr virðist hafa verið af nokkrum þingmönnum færðar góðar ástæður fyrir því, að þessi fátækra-hlutur ætti ekki leingur að eiga sèr stað. Veiðin yfir höfuð er, og á að vera, bönnuð á helgidögum, nema nauðsyn beri til; sè nú helgin brotin með ónauðsynlegum veiðiskap, þá fá fátækir fjársektirnar, sem við því liggja aptur í staðinn; þar að auki er það opt, að það, sem aflað

er á helgum dögum sem endrarnær, er aflað uppi á miðum og undir landsteinum þeirra sveita, sem að lokum fá þó alls einga tiltölu til þessa fátækra-hlutar, heldur einúngis sú sveitin, hvar hlutnum er fleygt á land, þó það sè má ske þriðja eða fjórða sveit frá þeim stöðvum, hvar veiðin var tekin. Þetta sjá allir að er í eðli sínu ekki rètt, og það hefur verið sýnt fram á það, sem satt er, að ekki fátækir, heldur helzt hinir ríkustu hreppsbúar, njóta hlutarins, og að meðferð fátækra sè orðin svo góð, að þessi hlunnindi þurfi ekki, nè geti komið þeim leingur að sönnum notum.

E. Kúld: Eg skal ekki vera lángorður núna, því þingræðurnar eru nú þegar orðnar býsna-lángar um þetta mál, en eg get samt ekki annað, en talað eptir sannfæríngu minni, hver sem í hlut á, hvort sem þykir betur eða ver. Hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þíngmaður (biskupinn) gat þess áðan, að hann áleit, að þessi stutta helgi sunnudagsins þyrfti ekki að verða kirkjurækninni til fyrirstöðu, ef prestarnir væru nógu árvakrir, og byrjuðu embættisgjörð sína á fyrirskipuðum tíma eða um hádegi. Eg get ekki neitað því, að mig furðaði mjög svo á þessum orðum; það er nú á Vestfjörðum sumstaðar, að menn eiga til kirkju að sækja yfir tvær vikur sjóar, sumstaðar bæði yfir sjó og landveg líka, sumstaðar yfir lángar landleiðir, en óvíða er þar mikið um reiðskjóta, svo margir verða að fara gángandi yfir þessa laungu leið. Eg vil nú spyrja: Nær á presturinn að byrja messu, ef þetta stutta helgihald sunnudagsins á að verða nógu lángt fyrir þessa menn til kirkjuferðarinnar til og frá? Eg held fyrir mitt leyti þeim endist það ekki, og þegar nú þar á ofan bætist, að húsbóndinn má strax eptir nónið skipa hjúinu, þreyttu eptir kirkjuferðina, að fara að róa, slá, eða hvað sem vera skal, eins og rúmhelgur dagur væri, þá er eg hræddur um, og eg get vorkennt það, að þetta verði einmitt til, að fæla menn frá, að sækja kirkjuna.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Það, sem var að þessu frumvarpi, var, að það var víða heldur sniðið eptir dönsku lagi, og svo mun ætíð fara, þegar lögin eru sprottin af danskri rót. Það hefur nú víða lagazt, og margt af þessum dönsku háttum verður víst úr því numið. Þó er enn eitt atriði eptir, sem eg held að spilli öllum kostum þess, nefnilega, að helgin skuli vera á enda einni stundu eptir nón. Þetta mun nú vera sett eptir anda og ákvörðun löggjafarinnar fyrir Danmörk af 26.

marzm. 1845. En þetta mun þykja óvanalegt hèr, ef húsbændur fara að skipa hjúum sínum hverja vinnu, slá og róa, byggja og rista, strax að liðnu nóni á hverjum helgum degi. Þetta geta þeir þó virkilega eptir þessari löggjöf. Eg held, að allir hefðu unað því fullvel, að helgin varaði til miðaptans. Það hefur verið vani hèr, að taka aldrei stórkostleg verk fyrir á sunnudagskvöldum, því flestra tilfinníng mun það vera, að sunnudagurinn eigi allur helgur að haldast. Það verður líka ætíð svo, að, þegar komið er miðaptan, eða af því, þá verða eingin stórvægileg verk tekin fyrir eða framin úr því. Þar á móti má fremja töluvert verk til kvölds frá liðnu nóni, því sumir kunna að vera svo gjörðir, að skipa hjúum sínum það. Hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þíngmaður gat þess áðan, að menn hefðu þá átt að taka fyrri breytíngaratkvæði um þetta; eg vil segja, að það er gjört; það er atkvæðið undir töluliðnum 2 á atkvæðaskránni frá þíngmanni Dalasýslu, og ætla eg að aðhyllast það breytíngaratkvæði.

Framsögumaður: Þeir eru margir hèr á þíngi, sem vilja fella fátækra-blutinn úr lögum, og sumir þessara manna búa lángt upp í sveitum. En fjöldi fátækra manna er mestur við sjóinn, og þar kemur einmitt fátækra-hluturinn niður. Eg vona nú, að menn fari ekki að binda náúnganskærleikann við einstakar sveitir í þessu efni, og mæla þess vegna móti fátækrahlutnum, að þeim þyki sjóplázin ein hafa not af honum, en ekki sveitirnar. Mèr virðist og, sem sveitamönnum sè þetta lítill kostnaður, því þeir hafa þó hag af því, að láta menn sína róa, eða róa sjálfir, og er þá þessi greiðsla af afla þeirra ekki nema sjálfum þeim til ánægju. Þíngmaðurinn frá Strandasýslu sagði svo margt til varnar breytíngaratkvæði sínu, að eg get nú ekki verið að svara því öllu. En það er eg viss um, að, ef hvalurinn hans er vel festur, eins og lögbók leggur fyrir, þá er óhætt, að láta hann bíða fram yfir helgina óskorinn, nema ef hlutaðeigendur geta ekki stillt sig um það, af því þeim þyki svo vænt um, að komast sem fyrst í spikið, og þá mundu þeir og gjarnan hugsa til hinna fátæku. Það lítur svo út, sem hèr ætli margir að verða á móti hinum fátæku í þessu efni, en því verða þeir þá að ráða. Þeir eru flestir búnir að segja meiníngu sína um það, og eg líka.

Forseti: Þar eð nú taka ekki fleiri til máls, skal eg biðja

þingmenn að gánga til atkvæða um frumvarpið og breytíngaratkvæði þau, sem við það eru gjörð.

Síðan fór atkvæðagreiðslan fram á þessa leið:

Við 1. grein.

1. Breytíngaratkvæði *G. Einarssonar*: fellt með 16 atkvæðum gegn 4.
2. *Hins sama*: var klofið þannig eptir ósk þíngmanna og samþykki, að borið var upp til atkvæða sér í lagi orðið: „miðaptans“ í staðinn fyrir frumvarpsins og nefndarinnar orðatiltæki: „einnar stundar eptir nón“, og samþykkt með 17 atkvæðum, þannig, að það skyldi koma í frumvarpið á þeim stöðum, sem til hlýddi. En hitt af breytíngaratkvæðinu tók þíngmaðurinn aptur, svo það kom ekki til atkvæða.
3. *Nefndarinnar*: samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.
4. *Hinnar sömu*: samþykkt með 12 —— — 8.
5. *1. grein öll*: „Á sunnudögum og öllum öðrum dögum, sem eptir lögum þeim, er nú gilda, á að halda heilaga, skal einga ónauðsynlega vinnu vinna frá morgni til miðaptans, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem til eru teknar í tilskipun þessari“, samþykkt með 19 atkvæðum.

Við 2. grein.

6. Breytíngaratkvæði *G. Einarssonar*: fellt með 18 atkvæðum gegn 2.
7. *E. Kúlds*: fellt með 17 atkvæðum gegn 3.
8. *Nefndarinnar*: fellt með 14 atkvæðum gegn 6.
9. *Nefndarinnar*: samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.
10. *Hinnar sömu*: samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2.
11. *þ. Sveinbjörnssonar*: geymt til atkvæðis eptir 55. breytíngaratkvæði, með því skilyrði að verða sett í þessa grein, ef það yrði samþykkt.
12. *E. Kúlds*: fellt með 15 atkvæðum gegn 5.
13. *Hins sama*: fellt með 14 atkvæðum gegn 5.
14. *Nefndarinnar*: samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.
15. *2. grein öll*: „Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, skal einginn vinna þá vinnu neina, sem trufli aðra í guðrækilegum hugleiðíngum þeirra. En eins og vinna sú, er lýtur að heimilis-störfum, eða sem menn stundum geta þurft við, sér eða öðrum til bjargar, er undan þegin áður nefndu banni, eins skal það ekki heldur bannað, að bjarga heyi og hirða, þegar nauðsyn krefur. Heimilt skal og fiskimönnum og öðrum veiðimönnum á þessum tíma, að bjarga

veiðiskap sínum og veiðarfærum; einnig skal þeim leyft, þegar mikið liggur við, t. a. m. í fiskileysisárum, eða þá ógæftir hamla mjög sjósóknum, að róa til fiskjar, leggja net og lóðir. Mala má og í mylnum á þessum tímum. Farmönnum, er neyðast til, að leita til hafnar, skal og leyft, að ferma og afferma og bæta skip sín, og má veita þeim hjálp þá, sem þeir þurfa til þess. Svo má og ferma og afferma önnur skip, og halda áfram sjóferðum, þegar sæta þarf góðu veðri og leiði, en þó skal ekki slikt gjöra um sjálfan messutímann, nema brýn nauðsyn beri til", samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.

Við 3. grein.

16. Breytingaratkvæði *V. Finsens*: fellt með 12 atkvæðum gegn 7.
17. *Nefndarinnar*: samþykkt með 13 atkvæðum gegn 4.
18. *Á. Einarssonar*: fellt með 12 atkvæðum gegn 7.
19. *G. Einarssonar*: fallið eptir atkvæði við 17. tölulið.
20. *3. grein öll*: „Á sunnudögum og öðrum helgum dögum, á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, skal búðum verzlunarmanna og annara sölumanna loka, og hvorki kaup né sala fram fara. Þó skal lyfsölum heimilt á öllum tímum dags, að selja læknisdóma; það skal og allt undan skilið, sem þarf til aðhjúkrunar sjúkum mönnum, eða þegar svo stendur á, að einhver þarf skjótrar hjálpar við, samkvæmt reglu þeirri, sem til er tekin í 2. grein", samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.

Við 4. grein.

21. Breytingaratkvæði *G. Einarssonar*: breytist eptir atkvæði við 2. tölulið.
22. *Hins sama*: fellt með 13 atkvæðum gegn 5.
23. *Nefndarinnar*: samþykkt (með breytingu samkvæmt 2. tölulið) með 18 atkvæðum gegn 2.
24. *G. Einarssonar*: fellt með 11 atkvæðum gegn 9.
25. *4. grein öll*: „Gestgjafar eða aðrir veitingamenn mega ekki á sunnudögum eða öðrum helgum, fyrri en eptir miðaptan, veita mönnum drykkjur eða leyfa spil í húsum sínum; en veita mega þeir mat eða þess konar hressingu, þó fyr sé", samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.

Við 5. grein.

26. Breytingaratkvæði *Nefndarinnar*: samþykkt með 17 atkvæðum gegn 1.

27. *Þ. Sveinbjörnssonar*: samþykkt með 11 atkvæðum gegn 5.
28—29. fallin eptir atkvæði við 27. tölulið.
30. *Jóns Jónssonar:* fellt með 10 atkvæðum gegn 8.
31. *Jóns* hreppst. *Sigurðssonar* (og *nefndarinnar)*: samþykkt með 19 atkvæðum gegn 1.
32. *Nefndarinnar*: *a)* orðin: „öll ósiðsamleg .... kirkjufundi", fallin eptir atkvæðinu við 27. tölulið; *b)* seinni hlutinn: „og skulu .... móti brjóta", samþykktur með 18 atkvæðum gegn 2.
33. *Nefndarinnar*: samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2.
34. 5. *grein öll*: „Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, skal öll ósiðsamleg hegðun, háreysti og drykkjulæti vera stranglega bönnuð við alla kirkjufundi, og skulu hreppstjórar og meðhjálparar gæta þessa vandlega, og handtaka þá menn við kirkjur, ef á liggur, sem hèr á móti brjóta", samþykkt með 19 atkvæðum gegn 1.

Við 6. grein.

35. Breytingaratkvæði *Nefndarinnar*: samþykkt með 15 atkvæðum gegn 5.

Orðabreytingar nefndarinnar við þessa grein voru aptur-kallaðar.

36. *6. grein öll:* „Ekki skal þing halda á drottinsdögum eða helgum dögum, enda þó komið sè fram yfir þann tíma, sem til er tekinn í 1. grein, eða gegna fógetastörfum, halda skiptifundi, uppboðsþing, eða gegna nokkrum öðrum dómstörfum; þó er það undan skilið, þegar svo stendur á, að dómstörf eða önnur alþýðleg störf verða ekki dregin að skaðlausu fyrir áríðandi málefni. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á sunnu- eða helgidögum, nema brýn nauðsyn beri til, og þess sè því krafizt af rètti þeim eða því yfirvaldi, sem stefna lætur, og skal þó ekki stefna lesin, á meðan á messu stendur", samþykkt með 16 atkvæðum gegn 3.

Við 7. grein.

37. Breytingaratkvæði *G. Einarssonar*: breytist eptir atkvæði við 2. tölulið.
38. *Jóns* hreppst. *Sigurðssonar:* fellt með 16 atkvæðum gegn 3.
39. *Nefndarinnar*: samþykkt með 15 atkvæðum gegn 5.

Fjórar hinar fyrstu af orðabreytingum nefndarinnar við þessa grein voru aptur kallaðar.

40. *7. grein öll*: „Ekki skal heldur halda sveitafundi eður aðra almenna fundi, nema á rúmhelgum dögum; þó mega sveitastjórar halda aukafundi eptir messulok á sunnudögum og helgidögum, þegar á liggur og hentugleikar sóknarprestsins leyfa. Beri svo við, að þeim, er hlut eiga að máli, liggi mjög mikið á, að einhver almennur fundur sè haldinn á sunnudögum eða helgidögum eptir miðaptan, og fundinum er svo háttað, að hann getur hvorki hindrað kirkjuferð nè valdið nokkurri óreglu, þá mega lögreglumenn leyfa, að hann sè haldinn á þeim tíma. Sè þetta leyfi ekki feingið, má ekkert slíkt fundarhald boða“, samþykkt með 16 atkvæðum gegn 3.

Við 8. grein.

41. Breytingaratkvæði *Nefndarinnar*: fellt með 18 atkvæðum gegn 2, og greinin þannig samþykkt, svo látandi: „Ekki má kenna í neinum skólum á sunnudögum og helgidögum um messutímann“.

Við 9. grein.

42. Breytingaratkvæði *G. Einarssonar*: samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.

43. *M. Andrèssonar*: samþykkt með 12 atkvæðum gegn 7.

44. *Jóns Jónssonar*: fellt með 11 atkvæðum gegn 7.

45. *9. grein öll*: „Kvöldið fyrir sunnudaga og aðra helgidaga skal öllum dansleikum og almennum skemmtunum lokið einni stundu fyrir miðnætti. Í páskaviku og hinn almenna bænadag, og kvöldin fyrir frá miðaptni, má slíkt alls ekki að hafast. Allan bænadaginn, nefnilega frá miðjum aptni á fimmtudaginn til miðaptans á föstudaginn, mega menn eingum óþarfa-störfum gegna. Slík störf, og allar skemmtanir á almennum skemmtistöðum skulu einnig bannaðar fyrsta dag í hinum þremur stórhátíðum“, samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.

46. *10. grein*: „Fèbótum skal það sæta, ef brotið er móti þessari tilskipun Vorri, og skulu þær vera í fyrsta skipti 32 skk. til 10 rbdd., annað skipti 1—20 rbdd., þriðja skipti 5—40 rbdd. Verði nokkur optar brotlegur, skal herða á hinum ákveðnu fjársektum. Bætur þessar ná til allra, sem taka þátt í brotinu, svo sök verði gefin á, hvort sem þeir

sjálfir brjóta móti lagaboðinu, eða koma öðrum til að gjöra það; en þegar sektin er ákveðin, skal farið eptir því, hvað hver hefur til unnið, t. a. m. sá, sem hefur ólöglegar veitíngar á sunnudögum eða helgidögum, fær harðari hegníngu en gestirnir. Þar að auk skulu gestgjafar þeir, auk sektarinnar, gjalda jafnmikið fè, og þeir hafa ábatazt við lagabrotið, og þegar þeir brjóta í þriðja skipti, skulu þeir einnig missa rètt til, að hafa atvinnuveg þann, er þeir þannig hafa ránglega með farið", samþykkt í einu hljóði.

47. *11. grein*: „Fjársektirnar skal gjalda í fátækra-sjóð, og geti hlutaðeigandi ekki goldið þær, skal fara eptir fyrirmælum tilskipunar, dags. 24. dag janúarmán. 1838, 9. gr.", samþykkt í einu hljóði.

48. *12. grein*: „Ef að brotið lýsir sèrlegum mótþróa eða augljósri fyrirlitníng fyrir kristilegri siðsemi, má annaðhvort hækka fjársektina fram yfir það, sem til er tekið í 10. grein, eða, eptir því sem á stendur, dæma hinn brotlega í fángelsi til vatns og brauðs hegníngar í Reykjavíkur-þínghá, og til vandarhagga-refsíngar annarstaðar á landinu", samþykkt í einu hljóði.

Við 13. grein.

49. Breytíngaratkvæði *Nefndarinnar*: samþykkt með 14 atkvæðum gegn 6.

50. *13. grein öll*: „Embættismenn þeir, er lögreglu eiga að gæta, eiga vandlega og hyggilega að sjá um, að fylgt sè reglum þeim, sem eru í þessari tilskipun Vorri. Sè nokkur í vafa um rèttan skilníng á einhverju í henni, þá leiti hann um það álits þessara embættismanna. Virðist lögreglustjóranum, að brot á móti tilskipuninni hafi komið af fyrirgefanlegum misskilníngi, skal hann að eins vara hann við, og, ef þörf er á, gefa út auglýsíngu mönnum til leiðbeiníngar og viðvörunar, og tjáir ekki upp frá því, að afsaka sig með þekkíngarleysi eða misskilníngi", samþykkt með 15 atkvæðum gegn 5.

51. *14. grein*: „Allar sakir um brot á móti tilskipun þessari skal fara með og dæma eins og lögreglumál. Þegar brotið er ekki meira en svo, að bætur liggi við, má amtmaður skera úr málinu samkvæmt tilskipun, dags. 24. dag janúarmán. 1838, 10. grein", samþykkt í einu hljóði.

Við 15. grein.

52. Breytíngaratkvæði *Nefndarinnar*: samþykkt með 11 atkvæðum gegn 7.

53. *Ó. Sivertsens*: samþykkt með 10 atkvæðum gegn 7.

54. *15. grein*: „Prestar skulu á hverri þann hátt, sem við á, stuðla til, að breytt sè eptir þessari tilskipun Vorri, og reyna til, með viðvörun og áminníngum, að aptra mönnum frá, að brjóta móti tilskipuninni, og einkum láta sèr vera annt um, að innræta mönnum kirkjurækni; þeir skulu einnig við og við, og að minnsta kosti einu sinni á ári, ýtarlega brýna fyrir söfnuðinum, hve áríðandi það sè, að sækja opt kirkju með guðrækilegu hugarfari, og skulu hreppstjórar og meðhjálparar prestanna vera þeim í öllu þessu samtaka, og veita þeim alla mögulega aðstoð. Prófastar og biskupinn skulu einnig, bæði á embættisferðum og endrarnær, reyna að komast eptir, hvort þessari tilskipun Vorri er gegnt", samþykkt með 14 atkvæðum gegn 2.

Við 16. grein.

55. Breytíngaratkvæði *Á. Einarssonar*: samþykkt með 11 atkvæðum gegn 9. Þar með fèll niður 11., 56. og 57. töluliður án atkvæða.

58. *16. grein*: „Þessar framantöldu ákvarðanir gilda ekki um þá, sem sýna þjónum kirkjunnar ósóma og ofbeldi, eður með einhverri óhæfu trufla helgi kirkjunnar, og skulu þeir sæta refsíngum eptir fyrirmælum og aðalreglum laga þeirra, sem um það gilda. En það, sem í tilskipun dags. 29. dag maímán. 1744 er ákveðið um drottinsdaga og annara helgidaga hald, og ákvarðanir þær, sem þar eru um refsíngar fyrir helgidaga-brot, skal nú tekið úr lögum. Sömuleiðis er allur hlutur til fátækra úr helgidagaveiðum úr lögum numinn", samþykkt með 11 atkvæðum gegn 8.

59. Frumvarpið allt, með þeim breytíngum, sem á voru orðnar, var síðan borið undir atkvæði, og samþykkt með 19 atkvæðum gegn 1.

Forseti ákvað síðan fund kl. 12 á morgun, og kvað þá mundu verða tekið til undirbúníngsumræðu málefnið um þíngstaðafjölgun í Árnessýslu, og veiðilögin til ályktarumræðu.

Fundi slitið.

---

19. júlí — fimmtándi fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Reykvíkinga, jústizráð, dr. J. Thorstensen, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Gjörðabók frá 13. fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Fundurinn í gærkvöldi var ekki svo alveg búinn, einkum hvað atkvæðagreiðsluna snertir, að gjörðabók þess fundar yrði lesin upp núna; en það skal verða gjört á næsta fundi.

Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg hef meðtekið uppástúngu frá þingmanni Rángvellínga, viðvíkjandi klögun yfir farbanni þingmanns Húnvetníinga, og verður hún lögð á lestrarsalinn, til þess hinir heiðruðu þingmenn geti kynnt sèr hana, þángað til hún kemur til umræðu á fundi.

Eptir dagskránni liggur nú fyrst fyrir, að taka til undirbúníngsumræðu nefndarálit við konúnglegt „frumvarp til opins brèfs um fjölgun þingstaða í Árnessýslu“. Má ske hinn heiðraði framsögumaður vilji gjöra svo vel og lesa upp nefndarálitið.

Framsögumanni, *M. Andrèssyni*, var því næst afhent nefndarálitið.

Framsögumaður: Áður en eg les upp nefndarálitið, vil eg að eins geta þess, að lítill ágreiníngur varð meðal nefndarinnar — *(Þ. Sveinbjörnsson*: Það á að lesa málið fyrst), — en það var einúngis, hvað Þíngvallahreppinn snertir, svo það, sem um hann er sagt í nefndarálitinu, er álit hins háttvirta formanns nefndarinnar, en ekki okkar, sem með honum vorum í nefndinni. Þessa vil eg fyrir fram geta, svo þíngmenn misskilji ekki nefndarálitið. Það hljóðar þannig:

Það heiðraða alþíngi hefur kosið okkur hèr undirskrifaða í nefnd, til þess við segðum álit okkar um konúnglegt „frum„varp til opins brèfs um fjölgun þingstaða í Árnessýslu“, og hefur sá háttvirti konúngsfulltrúi einnig lèð nefndinni þær brèfaskriptir, sem hann hafði í hendi, og sem að þessu málefni lúta. Enn fremur hefur þíngið seinna afhent okkur bænarskrá frá Þíngvallahreppi í sömu sýslu, undirskrifaða af sveitarinnar hreppstjóra og 4 öðrum sveitarbændum, í eigin og hinna nafni, sem fer fram á það, að þessi sveit einnig öðlast mætti þíngstað á Þíngvöllum innan sveitarinnar vebanda, en þótt Þíng-

vallahreppur hingað til frá upphafi átt hafi þingstað á Stóru-Borg í Grímsnesi.

Hvað nú fyrst viðvíkur hinu konúnglega frumvarpi, þá gjörir það þá ráðstöfun, að þeir 5 hreppar í Flóanum, sem um nokkuð lángan tíma átt hafa saman þingstað í Hróarsholti, nálægt miðbiki Flóans, framvegis skuli gjörast að 3 þinghám, þannig, að Hraungerðis- og Villíngaholts-hreppar eigi þing saman á hinum gamla þingstað, Hróarsholti í Villíngaholtshreppi; Sandvíkur- og Stokkseyrar-hreppar eigi þingstað saman á Eyrarbakka í Stokkseyrarhreppi, en Gaulverjabæjar-hreppur fái þingstað sinn í Gaulverjabæ innan eigin takmarka. Þar á móti sèr maður á fylgiskjölum málsins, að 4 þessara hreppa, hver um sig í einu hljóði, hafa beiðzt eptir, að fá þingstað á hinum fornu þingstöðum innan eigin vebanda. Villíngaholtshreppur þurfti ei að hreifa slíkri ósk, þar eð hrepps þessa gamla þingstöð, Vælugerði, eins og líka Hróarsholt, er innan takmarka þessa hrepps. Af fylgiskjölum málsins sèr maður enn fremur, að Skeiðasveitar- og Gnúpverjahrepps-innbúar, sem um tíma sótt hafa þing saman á Sandlæk í síðar nefndum hreppi, heimta aptur sínar fornu þingstöðvar á Húsatóptum og Stóra-Núpi; líka að Selvogssveit, sem sótt hefur þing inn í Ölveshrepp um lángan veg að Bakkarholti, heimtar aptur þingstað sinn hinn forna á Nesi í Selvogi. Hve nær þessi ruglíngur allur komið hefur á þingstaði í Árnessýslu, hefur ei orðið til hlítar upplýst, þar eð þeim gömlu þingstöðum ekki mun vera raskað með neinu lagaboði, nè að yfirvalds-ráðstöfun. Vèr vitum ei annað sannara, en að innbúar þeirra sveita í Árnessýslu, sem nú ekki hafa þingstað innan eigin takmarka, Selvogs-, Stokkseyrar-, Gaulverjabæjar-, Sandvíkur-, Hraungerðis- og Skeiða-hreppur, hafi litlu eptir seinustu aldamót í aldurdómi þáverandi sýslumanns Árnesínga, kanselíráðs Steindórs Finnssonar, látið eptir honum, að flytja saman þingstaðina eins og skeð er, honum til hægðarauka, og til að spara honum öldruðum lángt ferðalag. En þar eð svona er ástatt, er það byggt á eðli hlutarins, að sveitarinnbúar í þeim hreppum, sem við þessa tilhliðrun við sýslumann sinn misstu sinna fornu þingstaða, sem verið höfðu frá alda öðli, mega hafa rètt á, að heimta aptur þessi rèttindi sín, að þurfa ekki að sækja þing út fyrir eigin takmörk. Sama er að segja um Villíngaholts- og Gnúpverja-hreppa, því þó að Hróarsholt og Sandlækur sèu innan þessara hreppa takmarka,

liggja þó þessir staðir á útrönd sveitarinnar, en þeir gömlu þingstaðir eru í Vælugerði og á Stóra-Núpi í miðbiki hreppa þessara. Að þeir nú fara þessari ósk á flot, byggist, auk hægðaraukans fyrir sjálfa sveitanna innbúa, einnig á þeim kringumstæðum, að sveitanna innbúar ekkert skýli hafa yfir sig, innan sveitanna takmarka, til fundarhalds um þau málefni, er sveitirnar varða, bæði þau, sem lögboðin eru, hreppaskil haust og vor, eins og líka hin, sem ekki eru lögboðin, og varða þó hreppana mikils, en sem fyrst á seinni árum eru orðin að sveitarnauðsyn, t. a. m. samkomur í jarðabóta-fèlaga-málefnum, með fl. Að vísu geta þessara sveita innbúar má ske feingið sèr hús leigt til slíkra fundarhalda í hvert skipti, en opt veitir ervitt, að fá slíkt hús að láni, og verður hreppsbúum þar að auki dýrkeypt, því sá, er hús sitt leigir til fundarhaldsins, verður að hafa mikið fyrir, að ryðja þaðan burt eigum sínum, sem fyrir eru, og raska reglu þeirri og röð, er hann áður hafði á þeim, og varðar það hvern einn góðan búanda mikils. Að ætlast til þess, að sèrhver af hinum áður nefndu sveitum, sem misst hafa þingstaðar síns, byggi sèr hús til slíkra fundarhalda, er ósanngjarnt, því á þann hátt yrðu þessara sveita innbúar að byggja tvö þinghús og við halda þeim, öðru til manntalsþingahalda í framandi hreppi, hinu til annara fundarhalda, hreppskila heima hjá sèr.

Þetta, sem hèr er sagt um Selvogs-, Stokkseyrar-, Gaulverjabæjar-, Sandvíkur-, Villíngaholts-, Hraungerðis-, Skeiða- og Gnúpverja-hreppa nær ekki að öllu leyti til Þingvallahrepps, sem vèr ekki vitum til að nokkurn tíma sótt hafi annað manntalsþing, en að Stóru-Borg í Grímsnesi, og hefur því sá hreppur ekkert að byggja á gömlum rèttindum í þessu tilliti. Þessi litli hreppur er þar að auki einn hinn fámennasti í Árnessýslu, með má ske 12 búendum, og það er einúngis hrepps þessa afskekkta afstaða, sem gjörir hann að hrepp út af fyrir sig, því löghreppur er hann ekki eptir Jónsb. framf. b. 9. kapít. Bænarskráin frá þessum hreppi virðist mest að byggja á því, að hlutaðeigandi sýslumaður naumlega geti á einum degi af lokið þessum hreppi, ásamt með þeim stærsta og fólkríkasta hreppi, Grímsnesinu. Þetta játum vèr satt að vera, eptir því sem nú er komið manntalsþingastörfum sýslumanna; en þar í liggur engin ástæða fyrir Þingvallahreppsbúa, til að krefjast þingstaðar hjá sjálfum sèr, heldur einasta hvöt fyrir sýslumanninn, til að taka

sèr 2 daga til þínghalds á Stóru-Borg. Vèr viljum líka því heldur *ráða frá, að þessi bænarskrá sè til greina tekin*, að sýslumanni óheyrðum (og rètturinn er hèr á hans síðu), sem Grafníngshreppur, sem er aldeilis í sömu stöðu, sem Þíngvallahreppur, og álíka fámennur, er þá einn eptir, og mundi bráðum hreifa sömu óskum, ef þessi væri án fyrirstöðu veitt.

Af því, sem hèr á undan er sagt, og sem byggt er á nákvæmum kunnugleika, er það auðsætt, að við viljum *ráða alþíngi frá, að fallast á það konúnglega frumvarp, hvers við upphaflega höfum getið*, og sem veitir einstökum meðal beiðandanna þau rèttindi, er þeir þó allir hafa jafna kröfu til, en að við ráðum til, að þíngið biðji stjórnina að leyfa:

að hinir gömlu þíngstaðir, Nes í Selvogi, Stokkseyri eða Eyrarbakki í Stokkseyrarhrepp, Gaulverjabær í Gaulverjabæjarhrepp, Stóra-Sandvik í Sandvíkurhrepp, Vælugerði í Villingaholtshrepp, Hraungerði í Hraungerðishrepp, Húsatóptir í Skeiðahrepp, og Stóri-Núpur í Gnúpverjahrepp, aptur upp takist sem þíngstaðir fyrir hlutaðeigandi hreppa, en að hreppsbúar í sèrhverjum þessara hreppa til skyldist, á þeim tilnefndu þíngstöðum að upp byggja á eigin kostnað nýtt, forsvaranlegt og rúmgott þínghús til þínghaldanna, og við haldi því á sama hátt framvegis.

Íslands alþíngi 15. júlí 1853.

Þ. Sveinbjörnson.
formaður.

Sem samþykkir nefndarálitinu í öllu öðru, en því, sem viðkemur Þíngvallahreppi, undirskrifa.

M. Andrèsson. P. Sigurðsson.
framsögumaður.

Framsögumaður: Í nefndinni varð, eins og eg um gat, lítill ágreiníngur um Þíngvallahreppinn, en okkur tveimur, sem greindi á við formanninn, þótti ekki taka því, að skrifa álitsskjal á parti um þá litlu grein málsins, og einúngis gátum þess við undirskriptina, hvar í ágreiníngurinn væri innifalinn, og ætluðum svo að tala fyrir meiníngu okkar við framsögu og umræðu málsins.

Hvernig þessu þíngstaða-málefni yfir höfuð er háttað, er nokkurn veginn ljóst af nefndarálitinu, og líka ástæðum þeim, sem konúnglega frumvarpinu fylgja, og hef eg þar fáu við að bæta. Það verður ekki með vissu sagt, hve nær þíngstaða-

fækkunin hefur byrjað á fyrsta tug þessarar aldar, en hitt mun mega fullyrða, að einginn yfirvalda-úrskurður hefur komið þar til, heldur einúngis samkomulag milli bændanna og þáverandi sýslumanns. Hvers vegna bændur hafa nú þagað yfir þessu um 40 ár, kann eg ekki að segja, og vil einkis geta til um það, þó minnist eg þess, að fyrir hèr um bil 20 árum heyrði eg 2 menn, sem hlut áttu að þessu máli, tala saman; mælti annar: „Eigum við ekki að fara að taka okkur saman, og reyna að fá aptur gömlu þingstaðina?“ Þá svaraði hinn: „Láttu þèr ekki slíkt í hug koma, lagsmaður, því þegar yfirvöldin eru á móti því, þá er til lítils fyrir okkur bændurna að fara því á flot“. Þegar heyrðist, að Mýrasýslumenn feingu aptur sína fornu þíngstaði, þá jókst mönnum áræði, svo hreppstjórar í 8 hreppum tóku sig saman, og báru þá bæn fram við amtmanninn, að leyft yrði, að taka upp aptur alla þá fornu þíngstaði. Þó er þetta ekki enn nú feingið. Á þessari rekistefnu hefur staðið 3 til 4 ár; það er líka lángur vegur og krókóttur milli bændanna í Árnessýslu og stjórnarherrans í Danmörku, og þá tekst líka vel til, þegar ekki koma fyrir torfærur á honum. Menn gátu varla ímyndað sèr, að svona ervitt mundi veita, að ná aptur þíngstöðunum, þar rètturinn sýndist vera opinn og óskertur á bændanna síðu. Það er opt hægra, að sleppa, en að ná aptur því, sem sleppt er, eða dregið er úr höndum manns. Loksins er orðið úr þessu alþíngismál. Nefndin gat ei annað sèð, en að allar kríngumstæður lúti að því, að beiðendurnir fái án undantekníngar það, sem þeir um biðja.

Hvað Þíngvallahreppinn áhrærir, er að vísu nokkuð öðru máli að gegna, þar hann hefur ekki, svo menn til viti, átt þíngstað innan eigin takmarka; en það vita þó allir, sem nokkuð til þekkja, að hann er mjög afskekktur frá öðrum sveitum sýslunnar, og ærið ervitt fyrir innbúa hans, að sækja þíng að Stóru-Borg. Í honum eru líka víst 15 bæir, og er manntalsþíng haldið í mörgum þeim hrepp á landinu, sem ekki er stærri. Mèr virðist því mikið mæla með því, að hann einnig fái að eiga þíngstað heima hjá sèr, og að því vil eg leiða athygli þíngsins, en tala ekki um það meir að sinni.

P. Pètursson: Nefndin hefur ráðið þínginu frá, að fallast á stjórnarfrumvarpið, og búið sjálf til frumvarp til opins brèfs um fjölgun þíngstaða í Árnessýslu. Eg get ekki sèð, hvers vegna nefndinni hefur þótt nauðsynlegt, að ráða með öllu frá,

að aðhyllast stjórnarfrumvarpið, þar sem hún þó að nokkru leyti hefur fallizt á það, sumsé hvað *Gaulverjabæ* og *Stokkseyri* eða *Eyrarbakka* snertir. Eg held því, að það hefði verið betra fyrir nefndina, að teingja breytíngar sínar við hið konúnglega frumvarp, og ráða svo þínginu til, að taka það með þessum breytíngum, því fremur sem það kann að verða vafasamt, hvort nefndin getur komið *nýju* frumvarpi inn á þíngið, eptir að búið er að fella stjórnarfrumvarpið; að minnsta kosti efuðust menn um þetta 1851, þegar tilrætt var um frumvarp meiri hluta nefndarinnar í stjórnarskipunarmálinu. En þó þíngið kunni að hafa rètt til þessa, og þó nefndarálitið sè að öðru leyti greinilega og prýðilega orðað, þá eru þó þeir formgallar á undirskript meiri hlutans, að eg sè ekki, hvernig þíngið getur feingizt við það, eins og það er. Meiri hlutinn segist nefnilega vera samþykkur minni hlutanum, nema hvað Þíngvelli snertir, en það er ekki af því ljóst, hvað meiri hlutinn vill láta gjöra við Þíngvelli, hvort hann í þeirri sveit vill hafa 1 eða 2 þínghús.

Eg vil því ráða til, að þíngið biðji nefndina, að teingja tillögur sínar við stjórnarfrumvarpið, og ráða bót á þessum formgalla í álitsskjalinu.

Framsögumaður: Hinum háæruverðuga 5. konúngkjörna þíngmanni þótti nefndinni hafa farizt heldur óhönduglega í því, að hún skyldi ráða þínginu frá hinu konúnglega frumvarpi. Eg neita því ekki, að það hefði farið betur, að nefndin hefði sagzt ráða þínginu frá frumvarpinu, *eins og það er,* og það var einnig meining hennar — *(P. Pètursson*: En það stendur ekki í nefndarálitinu) —. Mèr sýnist nú minnst á milli, hvort frumvarpinu er alveg kastað, eða því er eins mikið breytt, eins og nefndin hefur farið fram á, þar sem ekkert er skilið eptir í því, nema um Gaulverjabæjar-hrepp einan. Eg má nú játa það um mig, að eg þekki ekki, hvað mikið kann að liggja í þessum formgöllum, sem hinn háæruverðugi 5. konúngkjörni þíngmaður fann á nefndarálitinu, en þó var sá maður í nefndinni, sem eg treysti til að hafi sèð um, að þeir væru ekki svo stórir. Ef að stjórnin fèllist á breytíngu nefndarinnar alla (eg skil ekki Þíngvelli eða bæn Þíngvellínga þar undir), þá held eg, að hún mundi einnig fallast á hitt annað hjá nefndinni. Hvað Þíngvallahrepp snertir, ætla eg, að með breytíngaratkvæði megi ávinna það, sem Þíngvellíngar biðja um. En eg má einn-

ig játa það, að eg þekki ekki þingstörf til hlítar, og má því vel vera, að eg skeiki í einhverju. En það er ekki nú umtalsefni, og skal eg því ekki fást um það meir að svo komnu máli.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Mèr virðist grundvöllur þess konúnglega frumvarps standa öldúngis óhaggaður, en nefndarinnar álit getur verið viðauka- og breytíngar-atkvæði þess. Það er nefnilega augnamið frumvarpsins, að rýmka út þíngstaðina, eða fjölga þeim. Þetta vill nefndin líka, nema hún fer nokkuð leingra, og fjölgar þeim betur. Í annan máta hefur frumvarpið veitt sumum sýslubúum vilja sinn og rèttindi, sem nefndin lætur líka óhögguð standa. Í 3. máta gjörir frumvarpið sýslubúum að skyldu, að byggja upp forsvaranlega öll þínghúsin á sinn kostnað. Þetta vill nefndin líka svo með ánægju vera láta, svo allt verður sama meiníngin. Eg held það hafi því ekki verið sem heppilegast fyrir þeim, sem stýlað hefur nefndarálitið, að taka svo til orða, að nefndin vildi ráða þínginu frá, að aðhyllast frumvarpið, ef þíngið á að geta haft rètt á, að ræða þetta málefni. En hvað viðvíkur fjölgun þíngstaðanna, eins og nefndin hefur stúngið upp á, þá verð eg að vera henni meðmæltur, því eg er áður kunnugur líku dæmi í Mýrasýslu, og man vel, að allir voru óánægðir, þegar þíngstaðirnir voru færðir þar saman, og allir urðu fegnir, þá þeim fèkkst fjölgað aptur. Eg held líka, að bændum sè það ekki of gott, að eiga eitt hús til fundarhalds í hverri sveit, þegar þeir bjóðast fúslega til, að kosta það sjálfir, og eg get ekki talið það eptir sýslumanninum, þó hann láti einu sinni á ári bændur fá að sjá sig í hverri sveit. Þykir mèr líklegt, að hinir aðrir þíngmenn verði á sama máli, og þurfi því varla að verða um þetta mál lángar umræður.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera samdóma hinum heiðraða konúngkjörna þíngmanni, er áðan talaði, og þeim virðulega þíngmanni frá Mýrasýslu í því, að verulegir formgallar sèu á uppástúngu nefndarinnar, þar sem hún ræður þínginu til, að fallast ekki á konúngsfrumvarpið, þar sem hún þó er samdóma þeim hluta þess, að Gaulverjabæjar-hreppur skuli vera þínghá sèr, og eiga þíngstað í Gaulverjabæ. Það hefði að forminu til verið rèttara, að nefndin hefði ráðið þínginu til, að fallast á frumvarpið í þessu atriði, hverju hún er samþykk, og teingja svo þar við þeim breytíngum og viðauka-uppástúngum,

er hún áleit bezt hlýða. En þar á móti er það eingin rètt aðferð, og hún hefur varla nokkurn tíma verið við höfð á dönskum ráðgefandi þingum, að fella konúngsfrumvarpið, sem vera á undirstaða málsins, og gjöra síðan öldúngis nýja uppástúngu. En máli þessu má vel við bjarga, án þess það þurfi að gánga til nefndarinnar aptur, með því, að annaðhvort nefndin sjálf, eða einhver nefndarmanna, eða þá einhver annar af hinum virðulegu þingmönnum, taki sèr þau breytíngar - og viðaukaatkvæði, sem þurfa þykir, og getur málið þá vel komið til umræðu hèr á þínginu. Að öðru leyti skal eg geta þess, að slíkar formspurníngar, sem hèr ræðir um, heyra undir úrslit hins háttvirta forseta. Hvað þingið annars vill gjöra við mál þetta að efninu til, skal eg láta vera undir umræðum og atkvæðagreiðslu þingmanna komið.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg hef nú heyrt, að bæði hinum hæstvirta konúngsfulltrúa og 2 öðrum heiðruðum þingmönnum virðast óviðráðanlegir formgallar á nefndarálitinu. En þegar að því er gætt, að hið konúnglega frumvarp allt saman er ekki nema 10 línur, og nefndin vill breyta því, þá verður varla farið laglegar að því, en hún hefur gjört, nefnilega, að búa til nýtt frumvarp í sama anda, og konúngsfrumvarpið er. Það er og eitt í frumvarpinu, sem eg skil ekki, en það er, hverjir þeir *hreppsbúar* eru, sem þar eru meintir í upphafi seinni klausunnar í frumvarpinu. Nefndin hefur ákveðið það betur, og segir: „hverjir hreppsbúar fyrir sig“, og er það að nefndarinnar ætlun í sömu stefnu og frumvarpið. En þingið ræður nú, hvað það vill gjöra; vilji það fella nefndarálitið, þá er mèr ekki svo fast í hendi með það. En hvað formgallann snertir, þá sè eg ekki, í hverju hann er fólginn, þar sem varla má heita, að nefndin hafi getað látið neitt standa í frumvarpinu. Þar að auki hefur og stjórnin sent þínginu bænarskrárnar frá hreppunum um þetta, og hefur hún því auðsjáanlega ætlazt til, að þingið legði það til um þetta mál, sem það gæti bezt og nákvæmast.

P. Sigurðsson: Bæði nefndin og hinn heiðraði framsögumaður hafa skýrt þínginu frá ástæðum þeim, er nefndin hafði fyrir augum, með að stínga upp á breytíngum þeim, er hún hefur gjört frá konúngsfrumvarpinu. Viðvíkjandi formgalla þeim, sem hinn 5. konúngkjörni þingmaður gjörði svo mikið úr, þá er það að vísu satt, að meiri hluti nefndarinnar var í nokkrum vafa um þetta. En þar sá háttvirti meðnefndarmaður,

sem alkunnur er að þekkingu og menntun, jafnt í formum öllum sem öðrum vísindum, áleit þessa aðferð við eiga, þá urðum við hèr um ásáttir. Það er ekki heldur rètt hermt, að því konúnglega frumvarpi sè alveg burt kastað, því bæði er einn sá þingstaður óhaggaður af nefndinni, sem konúngsfrumvarpið til tekur, Gaulverjabær, og þar til fer nefndin fram sömu grundvallarástæðum, sem frumvarpið, að fjölga aptur þeim gömlu þinghám. Einasta vill nefndin fjölga þeim meira en frumvarpið. En viðvíkjandi þeim ágreiníngi, þá fannst meiri hlutanum, að, þó Þingvallasóknar-innbúar ekki gætu borið fyrir sig þau sömu rèttindi, að hafa átt þingstað áður, sem aðrir hreppar í Árnesþíngi, þeir er saman var steypt eptir síðustu aldamót, að vegaleingdin þó fyrir þessa menn, að sækja þíng austur yfir Lýngdalsheiði að Borg í Grímsnesi, og þurfa að eyða til ferðar þeirrar 3 dögum, væri nóg ástæða til þess, að veita þeim nú þingstað jafnt hinum. Hinir hrepparnir höfðu ekki heldur um nokkurn undan farinn tíma haft óskert sín fornu rèttindi, þó tilfinnanlegt sè, að hafa misst rèttindi þessi fyrir tilhliðrunarsemi við yfirvald sitt. Því væri ekki svo, þá þyrfti ekki heldur nú að biðja stjórnina um leyfið, að taka upp þingstaðina. En þar nefndin varð samþykk í því, að yfirgnæfandi ástæður væru fyrir því, að biðja stjórnina að veita hverjum hinna gömlu hreppa, að taka upp þá gömlu þingstaði, þá eru rèttindi þessi, ef stjórnin veitir þau, sem nefndin vonar, upp ýngd eða endurnýjuð, og þá finnst meiri hlutanum, að Þingvallasóknar-búendur ættu að verða samferða, þegar þeir óska, að fá sömu rèttindi. Minni hlutinn færir þá ástæðu á móti þingstað á Þingvöllum, að það geti ekki orðið löghreppur eptir Jónsbókarlögum. En það er hægt að sanna, að víða má nú finna hreppa þá, sem nú eru löghreppar taldir, sem ekki hafa þá búandatölu, sem Jónsbókarlög til taka. Það væri víst tilfinnanlegt fyrir Þingvallabúa, ef þing þetta vildi ekki hlynna að ósk þeirra, að geta feingið þau rèttindi, að mega hafa þingstað hjá sjálfum sèr á þeim þjóðræmda staðnum, hvar Þingvallabúum fornu var boðið í setu, en beiðendur mættu nú til, móti vilja sínum, að reiða hið forna þingfararkaup og útgjöld burt úr hèraði, einasta til að afhenda þau yfirvaldinu í öðrum hrepp.

H. Stephensen: Eg er nú því miður ekki svo kunnugur í Árnessýslu, að eg geti dæmt um þetta mál fullkomlega, og verð eg því að fara eptir hinni almennu þörf, sem þar lætur

sig í ljósi, og rètti þeim, sem eg meina allir eigi á, að eiga sèr þíngstöð í hreppi sínum. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi og 2 af þíngmönnum hafa látið í ljósi, að ærnir formgallar væru á nefndarálitinu, og það svo, að rèttast mundi fyrir þíngið, að fara ekki með það. Eg er nú að vísu á því, að þíngið geti ekki farið með nefndarálitið, eins og það er, en illt þætti mèr, ef málið fèlli við það öldúngis, þar sem bæði er um rèttindi og nauðsynjar heillar sýslu að gjöra. Eg áliti því betra, ef nefndin vildi taka málefnið aptur til nýrrar meðferðar, því eg held hún geti enn lagt hið konúnglega frumvarp til grundvallar, og þurfi ekki að ráða til, að kasta því alveg, heldur teingja við það allar þær breytíngar, sem hún vill stínga upp á. Eg get og ekki annað haldið, en stjórnin tæki því vel, og er eg að því leyti á sömu meiníngu og hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður, að þetta megi meðfram ráða af því, að stjórnin skyldi senda híngað allar bænarskrár hreppanna, sem að málinu lutu. En þó svo væri, að nefndin vildi taka málefnið til nýrrar meðferðar, virðist mèr samt nauðsyn á, að ræða nú þegar um þörf eða vanþörf Þíngvallahrepps á þínghúsi fyrir sig, og um rèttindi hans eða rèttindaskort í því tilliti. Nefndarálitið kallar hann *hrepp,* en hafi eg tekið rètt eptir framsögumanni, þá sagði hann, að Þíngvallasveit væri í sameiníngu við Grafníinginn kölluð *hreppur*. Ef að nú Þíngvallasveit er ekki hreppur, þá sè eg ekki, að hún eigi nokkurn rètt á, að fá þínghús út af fyrir sig; en ef hún er hreppur, þá veit eg ekki heldur á hinn bóginn, hvað því gæti verið til fyrirstöðu, að hann feingi þínghús innan sinna eigin takmarka. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður gat þess, að Þíngvallasveit væri kölluð hreppur, einúngis vegna fjarlægðar sinnar, og þess, að hún væri svo afskekkt, en ekki vegna búandafjöldans. En því afskekktari og fjarlægari sem sveit þessi er, því meiri ástæðu hefur hún að mínu áliti til þess, að biðja um þínghús fyrir sig, því þess örðugra er það fyrir sveitarbúa, að sækja þíng í aðra hreppa. Eg hef tekið svo eptir ræðum manna, sem sameiníng hreppanna í Árnessýslu muni hafa orðið á efri árum Steindórs sýslumanns; en þar hefur gleymzt, að minnast á Þíngvallahrepp. Ef að nú Þíngvallasveit hefur aldrei verið hreppur fyrir sig, og hefur ekki fátækra-stjórn nè reikníngа sèr, þá virðist mèr eingin ástæða til, að biðja um þínghús handa henni sèr á parti, fyr en að minnsta kosti hún er búin að sækja um

og fá að vera hreppur sèr; því þá verður það sjálfsagt. Nefndin gat þess, að Þingvellingum væri örðugt, að halda við þinghúsi í sameiníngu með Grímsnesíngum; en mundi þeim þá hægra, að halda við þínghúsi einum saman? Eg á eins bágt með, að skilja í því, eins og í hinu, að efi geti verið á því, að Þingvallahreppur skuli ekki geta feingið þínghús handa sèr, ef hann hefur öll hreppsrèttindi önnur.

Framsögumaður: Það ætlar að sannast hèr sem optar, að góðar vonir geta stundum brugðizt. Eg hugsaði áðan, þegar byrjað var, að ræða mál þetta, að það mundi nú hèðan af ekki mæta mikilli fyrirstöðu, en eg held það ætli að fara allt öðruvísi. Hvað formgallann hjá nefndinni snertir, þá virðist mèr hann vera í því fólginn, að nefndin hefði átt að ráða þínginu frá, að taka hið konúnglega frumvarp, *eins og það er*, og er þá munurinn ekki svo mikill — (*H. Stephensen*: Jú, það er einmitt mikill munur). — Eg vil skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort formgallinn sè nú svo stór, að hann þurfi að verða málinu til ónýtíngar.

Forseti: Eg skildi hinn háttvirta varaforseta svo, að hann vildi stínga upp á, að málinu yrði vísað til nefndarinnar aptur, til nýrrar meðferðar, svo það kæmist í það horf, að það yrði tekið til fullkominnar umræðu. Þegar upp á þessu er stúngið, er það skylda mín, að leita um það atkvæða, en að öðru leyti á eg einúngis að sjá um, að málið verði svo upplýst í undirbúníngsumræðunni, sem kostur er á, svo það sè undir búið undir ályktar-umræðu. Þetta finnst mèr nú eiga sèr stað hèr, því hvað formgalla nefndarinnar snertir, þá held eg, að það væri nóg, ef nefndin sjálf eða einhver hinna heiðruðu þíngmanna vildi taka sèr nú breytíngaratkvæði á þann hátt, sem úr þessu gæti bætt.

Þ. Sveinbjörnsson: Þó eg ætti að búa til nýtt nefndarálit í máli þessu, sem eg ekki gjöri, þá yrði það aldrei öðruvísi en þetta. Grundvallarreglan yrði einúngis sú sama í því og í frumvarpinu, eins og í þessu er. Eg get ekki skilið í, hvernig það ætti heldur öðruvísi að vera, þar sem nefndin getur ekki látið neitt standa í frumvarpinu, nema „*og*“ og „*að*“. Hèr er og ekki nema um einar 10 línur að tefla. Mèr virðist ræða hins háttvirta varaforseta í máli þessu öll vera byggð á ókunnugleika í Árnessýslu. Hvað því við víkur, hve nær Þingvallasveit sè orðin að hrepp með Grafníngi, þá er hægt, að upplýsa

það, því það varð í minni sýslumannstíð í Árnessýslu. Áður var Grafníngur hreppur sér, og sótti þíng að Bakkarholti í Ölvesi, en nú eiga þessir sameinuðu hreppar, Grafníngur og Þíngvallasveit, þíngstað á Stóru-Borg í Grímsnesi.

H. Stephensen: Eg hef nú af orðum hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns feingið þá upplýsíngu, sem eg vildi, nefnilega, að Þíngvallasveit er ekki neinn hreppur út af fyrir sig, heldur í sameiníngu við Grafníninginn, og hefur þá án efa einga sèrstaka fátækra-stjórn nè sveitarstjórn, og þá sýnist mèr hèr ekki um neitt þínghús að tala handa Þíngvellíngum.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess, að báðar sveitirnar, Þíngvallasveit og Grafníngur, eru nú einn hreppur, eins og hinn heiðraði framsögumaður sagði, og kallast þær nú báðar Þíngvallahreppur.

J. Guðmundsson: 2 af hinum háttvirtu þíngmönnum hafa nú stúngið upp á því, að vísa málinu heim aptur til nefndarinnar til nýrrar meðferðar. En mèr finnast því eingin svör gefandi, fyr en þíngið er búið að álíta, að nefndarálitið sè alveg óbrúkandi, sem mèr sýnist ekki geta orðið, þar eð undirstaðan hjá nefndinni, eða grundvallarregla hennar, er, að minni ætlun, vel brúkandi. Eg hefði raunar heldur kosið, að nefndin hefði byggt á frumvarpinu, og látið það halda sèr í því, sem unnt var, þó ekki hefði getað staðið eptir í því óbreytt nema „*og*“ og „*að*“, eins og hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði; því nefndin hefur þó haldið hinni sömu grundvallar- og aðal-stefnu, sem konúngsfrumvarpið, það nefnilega, að fjölga þíngstöðunum í Árnessýslu. Þetta hefur nefndin gjört skýrt og skilmerkilega, og því er það eingan veginn mín meiníng, að vísa eigi málefninu aptur til nefndarinnar, en hinu vildi eg skjóta til hennar, hvort hún vill ekki gjöra uppástúngur sínar að breytíngaratkvæði við frumvarpið. En ef hún vill ekki gjöra það, þá vil eg gjöra það, og áskil mèr því rètt til breytíngaratkvæðis á þá leið.

P. Pètursson: Eg verð að vera á sama máli og hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga um það, að nefndin gæti með lítilli breytíngu rýmt þessum formgalla burtu, og það því fremur, sem sama stefna, nefnilega að fjölga þíngstöðunum, liggur til grundvallar hjá nefndinni og konúngsfrumvarpinu. Það var ekki mín meiníng, að vísa málefninu heim aptur til nefndarinnar, því nefndarálitið er, að minni ætlun, prýðilega orðað. Eg tók

formgallann fram helzt þess vegna, að þeir geta opt orðið mjög mikilvægir, og eg vildi ekki láta þingið binda hendur sínar í því tilliti; en það álít eg að það hefði gjört, ef það hefði látið þennan óátalinn.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Það eg vildi áðan sagt hafa, hefur hinn heiðarlegi þingmaður Skaptafellssýslu nú fyrir mig talað, nefnilega, að eg ætlaði að bjóðast til, að taka mèr það breytingaratkvæði, að þingið tæki frumvarpið til umræðu og samþykkis með þeim breytingum, sem nefndin vildi gjöra við það, og fagna eg því, að atkvæði þetta er nú í margfalt betra þingmanns höndum, en mínum. En hvað viðvíkur þingstað á Þingvöllum, þá heyri eg sagt, að bæði bendi til þess sveitarinnar afskekkta byggðarlag, og líka, að Þingvallasveitin hafi áður verið hreppur út af fyrir sig, þó hún hafi nú nokkur ár verið sameinuð Grafningnum, og er mjög líklegt, að hún aptur fái sig bráðum frá skilda, þar sagt er, að það sè ósk og vilji beggja sveitanna. Annars þykir mèr tilhlýðilegt, að þar allsherjar-þing Íslands var um margar aldir á þessum stað, að þá veiti þingmenn því nú fylgi sitt, að sveitarmenn fái að byggja sèr þar þinghús; kann ske það gæti þá líka orðið skýli betra en ekkert fyrir aðra, ef á lægi, er kæmu þar á fund, og að sveitarmenn feingju að hafa þar þingstað sinn, svo að Þingvellir mættu þó bera þá litlu rentu með nafni.

H. Stephensen: Mèr virðist þó, að, fyrst það er nú upplýst, að Þingvellingar hafi aldrei verið hreppur út af fyrir sig, þá verði þeir fyrst að biðja um það. Að biðja áður um þingstaðinn, sýnist mèr líkast því, að smíða fyrst negluna í skipið. En þess hefur enn ekki verið getið, að þeir sèu búnir að biðja um aðskilnað frá Grafningnum. Eg verð því enn að vera fastur á því, að bæn Þingvellinga um þinghúsið verði ekki tekin til greina að svo komnu.

P. Sigurðsson: Eg hef nú heyrt það af ræðum margra þingmanna, að ærinn formgalli þyki á nefndarálitinu, svo að nauðsynlegt væri, að gjöra það að viðauka-atkvæði við hið konúnglega frumvarp, og þess vegna gjöri eg það nú að mínu viðauka-atkvæði, svo þingið finni sèr það ekki til ástæðu, að fella nefndarálitið, eða vísa því frá vegna formgalla.

Viðvíkjandi því, sem þingmaður Borgfirðinga síðast mælti um aðskilnað Þingvellinga og Grafningsmanna, þá vil eg geta þess, að þeir hafa áður verið að skildir, og vilja nú skiljast að

aptur; og þó Grafníngsmenn hafi ekki borið upp neina bæn um þetta, þá hefur Þingvellíngum án efa þótt þetta tækifæri, er ræða skyldi um þíngstaðafjölgun í Árnessýslu yfir höfuð, of gott til þess, að þeir vildu sleppa því, þar sem þeir eiga nú sem stendur svo óhaganlegan þíngstað, sem verða má. Þeir hafa víst ekki viljað leyna sínum vilja í þessu tilliti, hvað sem Grafníngsmenn gjöra. En þar eg nú heyri af ræðum þíngmanna, að gagnstæðar meiníngar koma fram viðvíkjandi því, að Þíngvallasóknarbúar geti nú öðlazt jafnrètti með öðrum hreppum Árnessýslu, þá tek eg mèr það viðauka-atkvæði, að þeim verði veittur þíngstaður á Þíngvöllum framvegis.

Framsögumaður: Eg sem nefndarmaður fellst fúslega á hverjar þær góðar tillögur, sem þíngið gefur til þess, að mál þetta falli ekki niður, og að formgallanum verði við bjargað, og eg held, að nefndin verði fús á, að gjöra nefndarálitið að viðauka-atkvæði sínu við hið konúnglega frumvarp.

Viðvíkjandi Þíngvallahrepp vil eg leyfa mèr að geta þess, að fyrrum var hann aðskilinn frá Grafníngnum, því það var í sýslumannstíð hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns í Árnessýslu, sem þeir voru sameinaðir, eins og hann hefur sjálfur skýrt frá fyrir stuttu. En hreppar þessir liggja alls ekki vel til sameiníngar, þar sem þeir eru sinn hvoru megin við hið stærsta stöðuvatn á landinu, og eiga örðugt með, að ná saman. Það er annars ætlun mín, að Grafníngsmenn muni aldrei biðja um, að eiga þíngstað á Þíngvöllum með Þíngvellíngum, heldur þá að Bakkarholti, eins og áður var, ef þeir vilja ekki eiga hann á Stóru-Borg, eins og nú er.

H. Stephensen: Mèr finnst það einatt vera að verða ljósara af ræðum þíngmanna, að bænarskrá Þíngvellínga eigi ekki að takast til greina hèr á þíngi, fyr en hrepparnir væru skildir að. Framsögumaður sagði og nýlega, að, ef Þíngvellíngar skildu við Grafníngsmenn, þá mundu hinir síðar nefndu heldur biðja um, að mega hafa þíngstað á Bakkarholti, og yrði þá sú bæn gagnstæð þeim, sem nú koma fram, nefnilega um sameiníng 2 hreppa, í stað þess, sem nú er farið fram á aðskilnað.

J. Guðmundsson: Ekki get eg verið á sama máli og hinn háttvirti varaforseti um Þíngvallahrepp. Mèr finnst það gjöra lítið til í þessu máli, hvort Þíngvallahreppur hefur um lítinn tíma verið sameinaður öðrum hreppi eða ekki. Þíngvallahreppur hefur sent bænarskrá sína um þíngstað út af fyrir sig, eink-

um vegna þeirra erviðleika, sem á eru fyrir þá, að sækja þíng að Stóru-Borg, en að sækja þángað frá bæjunum, sem fjærstir eru, hef eg heyrt að ekki veiti af allt að 3 dögum. Eg hef líka heyrt, að opt hafi ekki komið fleiri en 2 eða 3 Þíngvellíngar á þíng, og er það erviðleikanna vegna, og þau gamalmenni eru þar til, sem allan sinn búskap hafa aldrei komið á þíng, og eru þó manntalsþíngin í mörgu tilliti mikilsvarðandi, þar sem birta á lög og ýmislegt annað, sem hvern mann varðar. Þar sem maður á að fá og sækja rètt sinn, þángað ætti og hver maður að geta komið, að minnsta kosti vegna vegaleingdar. Eg get ekki heldur í þessu tilliti bundið mig við Jónsbók nè hin fornu rèttindi, svo að því megi ekki breyta eptir því, sem tími og kríngumstæður krefja; því þó t. a. m. Jónsbók segi, að það skuli að eins vera löghreppur, þar sem eru 20 búendur, og tíundi þó hver þeirra ekki minna en 10 hndr., þá ætla eg, að mjög lángt sè síðan, að hætt var, að fylgja þessari laga-ákvörðun, og að, ef henni ætti að fylgja enn, þá mundi fækka töluvert og leggjast niður ýmsir þíngstaðir, þar sem hvorttveggja á sèr nú stað, og hefur átt leingi. Svo mikið er og víst, að þessir tveir hreppar, sem hèr ræðir um, Þíngvallahreppur og Grafníngshreppur, eru nú farnir að leita aðskilnaðar, þó þeir hafi um nokkra stund verið sameinaðir, nauðugir frá fyrsta, að eg meina, og mætti án efa fá um það upplýsíngar hjá stiptamtmanni vorum, hvað lángt aðskilnaði þeim er komið. En hvað snertir Grafníngínn, þá held eg, að það væri einginn hagur fyrir þann hrepp, að eiga þíngstað saman við Þíngvallahrepp, ef hann eignaðist þíngstað á Þíngvöllum; þar í móti mætti má ske báðum hreppunum, ef sameiníng þeirra hèldist á annað borð, vera all-haganlegt, að eiga saman einn þíngstað, t. a. m. á Heiðarbæ, og víst væri mikill hægðarmunur fyrir Þíngvellínga, að eiga þar þíngstað, hjá því að verða að sækja að Stóru-Borg. Eg er þess vegna með því, að bæn þessi verði tekin til greina, og þíngið biðji konúng, að veita Þíngvellíngum þíngstað þar í hrepp.

H. Stephensen: Eg get þó ekki betur sèð, en hrepparnir verði fyrst að skiljast að, eða fá leyfi til þess, áður en farið er að biðja um sinn þíngstað fyrir hvorn þeirra; en það er lángt frá mèr, að mæla neitt á móti aðskilnaði þeirra. En svo leingi þeir eru ekki að skildir, og hafa ekki full hreppsrèttindi, hvor fyrir sig, þá finnst mèr bæn Þíngvellínga ekki takandi í mál.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Þíngvallasveitarmenn hafa þegar

óskað, að fá sig frá skilda, þar þeir hafa beðið um þinghús sèr, og það væri merkilegt, ef þingið ekki vildi eða mætti líta á ósk þeirra og rèttindi vegna þess, að hin sveitin er svo hirðulaus, að kvarta ekki um það, sem hún vill þó líka. Eg held það sè ekkert óráðið, að koma upp með, að fá að skildar sveitir. Þannig var beðið um aðskilnað Seltjarnarneshrepps og bæjarins hèr, og bar ekki á öðru, en að stjórnin veitti það fljótt.

Þ. Sveinbjörnsson: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga sagði, að opt kæmi eigi nema 2 eða 3 Þingvellingar á þing á Stóru-Borg, þá vil eg geta þess, að það er víst til komið í seinni tíð; því í öll þau 12 ár, sem eg var sýslumaður í Árnessýslu, komu Þingvellingar vanalega allir á þingin, og sèr í lagi sá, sem leingst átti aðsóknar, bóndinn frá Stíflisdal. En viðvíkjandi orðum þingmannsins frá Mýrasýslu, að Þingvellingar væru búnir að sækja um aðskilnað frá Grafningsmönnum, þá skil eg ekki, hvernig hann ætlar að sanna það, og víst er, að bænarskrá um þetta er ekki komin enn fyrir þetta þing. Bæn um nýjan þingstað er allt annað, en bæn um, að skipta þeim núverandi Þingvallahreppi í tvo hreppa.

H. Stephensen: Eg ætlaði einmitt að segja þetta sama, og hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður mælti, að eg skil ekki í því, hvernig bænin um þingstaðinn getur verið sama, og bæn um aðskilnað hreppanna. Að minnsta kosti sè eg það hvergi vera komið fram í bænarskránni, sem þingið verður þó að fylgja.

P. Sigurðsson: Eg má segja, að það er fullkominn vilji þeirra hreppa, sem hèr ræðir um, að aðskilja sig, en það láðist má ske nefndinni eptir, að grennslast eptir því hjá stiptamtmanni, hvort nokkur kvörtun eða bæn væri komin til hans frá þeim um þetta. En eg held þá, að það mætti enn ná vitneskju um það hjá honum. Um hitt er eg síður viss, hvort sú bæn, þó hún væri nú til, yrði rædd hèr í þetta sinn eða ekki. Eg sè heldur ekki, að hreppar þessir þyrftu að sækja það til stjórnarinnar, að fá aðskilnað; því hafi þeir verið sameinaðir einasta með sýslumanns vitund eða samþykki, þá gæti sama regla gilt með aðskilnaðinn. Líka væri hægt, að biðja stiptamtmann um leyfi þetta, og þá gæti þetta verið komið, þegar frumvarpið kemur aptur sem lagaboð.

H. Stephensen: Eg get öldúngis ekki skilið í því, að það geti orðið; því þó þingið snapi sèr einhverjar upplýsingar hjá

embættismönnum, þá er það eingin bænarskrá til stjórnarinnar. En í þessu atriði, sem nú er umtalsefnið, hygg eg þingið ekki geta tekið neitt til greina, sem ekki er komið fram beinlínis í bænarskrá til þess.

P. Pètursson: Af ástæðunum fyrir hinu konúnglega frumvarpi sèst, að stjórnin hefur leitað álits stiptamtmanns og sýslumanns um bænarskrá hreppanna allra, nema Þingvallahrepps, sem ekki hafði sent neina bænarskrá um þetta fyr en núna. Mýr sýnist því liggja beint við, að stjórnin verði að fara eins að með bæn Þingvellinga, að leita álits hinna sömu manna um hana, þess vegna held eg, að þingið geti ekki tekið hana til greina í þetta sinn, heldur verði að láta hana bíða, þángað til Þingvallasveit er búin að fá hreppsrèttindi sèr, og leyfi til, að skiljast við Grafníginn, eins og hinn háttvirti varaforseti fór fram á í ræðu sinni áðan.

St. Jónsson: Mèr sýnist, að miklar ástæður sèu fyrir bæn Þingvallahrepps; ef 2 eða 3 dagar gánga fyrir þá í þingferð hverja, þá er það óþolandi. En það gæti nú verið, að fjöldi þeirra, sem þing sækja að Stóru-Borg, sè nokkur orsök til tímatafar þessarar, því svo getur sýslumaður haft mikið að gjöra, þar sem fjölmenni er að gegna, að menn verði að bíða eptir honum. En hvað sem um það er, þá virðist mèr það óviðurkvæmilegt, að bændur missi svo lángan tíma til þingferða, ef hjá því verður komizt á einhvern bærilegan hátt. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður hefur upplýst það, að Þingvellíngar hafi áður fyrri sótt þing sín vel, en nú heyrist annað gagnstætt; og það lítur því svo út, sem örðugleiki og vegaleingd sè þessu mest ollandi. Mèr virðist því, að hèr megi ekki einúngis líta á forn rèttindi, heldur og á sanngirni og nauðsyn hlutaðeiganda; og eg get ekki betur sèð, en það sè skylda, að laga það, sem laga þarf, hvort að forn rèttindi eru til eða ekki. Eg get líka ímyndað mèr, að sýslumaður hafi meiri átroðníng og ómak af því, að ekki er þingstaður á Þingvöllum, heldur en vegaleingd þeirri svarar, sem hann þyrfti að fara, því þegar bændur vita, að þeir geta ekkert annað erindað við sýslumanninn, en skila honum gjaldi, hvað sem þeim á liggur, þá er það eðlilegt, að þeir sendi 1 eða 2 menn með gjaldið, og taki sèr svo aptur ferð heim til sýslumanns til hinna annara erinda, sem þeir kynnu að hafa, og sem hann hefði getað afgjört á þínginu, ef þingsókn hefði verið minni, og er auðsèð,

að þetta getur verið líka hægra fyrir sýslumanninn. Menn ættu líka heldur að stuðla til þess, að þing sèu vel sótt, því þar kemur opt margt það fyrir, sem almenníng varðar miklu. Þó það sè sagt of snemmt, að taka þessa bæn hèr til greina í þetta sinn, þá samt leyfi eg mèr að áskilja mèr rètt til þess viðauka-atkvæðis, að, úr því þingstöðum verður á annað borð fjölgað í Árnessýslu, þá sè hið sama látið gánga yfir Þingvallahrepp og hina.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg get þó ekki betur sèð, en að það sè að minnsta kosti mjög óskipulegt, ef farið er að troða þingstað Þingvellínga hèr inn í, þar sem frumvarpið öldúngis ekki gefur neina átyllu til þess. Hvað vegaleingdina snertir, þá vissi eg það, að þegar eg var sýslumaður Árnesínga, brúkuðu Þingvellíngar annan dag til og annan frá til þingferðar að Stóru-Borg, þegar þeir voru strax afgreiddir, eins og þá var gjört; því sýslumaður er vanur að klára þá fyrst, sem leingst eru að. Eg veit nú vel, að þingstörf hafa raunar aukizt síðan í þá tíð; enda var þá aldrei þíng nema einn dag á Stóru-Borg, og var það þó þá fjölmennasta og erviðasta þingið í sýslunni. Eg sè ekkert á móti, að sýslumaðurinn taki sèr nú 2 daga til þínghalds á Stóru-Borg, ef hann kemst ei öðruvísi af, annan fyrir Grímsneshrepp, en hinn fyrir Þingvallahrepp (með Grafníngi), og væru þá þessara hreppa innbúar eins vel farnir, og þeir áður voru.

Framsögumaður: Í tilliti til þess, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður nú sagði um vegaleingdina að Stóru-Borg fyrir Þingvellínga, er eg honum samdóma í því, að ekki þurfi nema annan daginn til og annan frá, þegar menn eru afgreiddir strax. En þó að nú ekki þurfi leingri tíma til þingfarar úr hrepp þessum, þá er þó að minni ætlun meira varið í 28 daga, sem 14 menn missa, en 2 daga fyrir sýslumanninn einn, og það þá daga, sem hann, að almanna-ætlun, fær vel borgaða. Það munu og sumir ætla, svo eg leyfi mèr að taka svo til orða, að sýslumaður gjöri ekki annað þarfara, en koma einu sinni á ári í hvern hrepp, og það enda þó ekki sèu í einhverjum hreppnum nema 14 búendur. Viðvíkjandi því, að þessi bæn Þingvellínga sè of fljótt upp borin, þá virðist mèr, að annaðhvort verði hrepparnir að vera að skildir eða ekki, en Grafníngsmenn geti þá átt sama þingstað og Þingvellíngar, ef þeir vilja það á eptir, þegar Þingvellíngar væru búnir að fá

þíngstað sèr. En nú biðja Þíngvallasveitar-menn um þíngstað sèr, og þó Grafníngsmenn bæðu um annan handa sèr á eptir, þá held eg, að það væri vinnandi verk fyrir sýslumanninn, að koma í hvern hrepp í sýslunni til að þínga. Sýslumaður hefur og opt margt að gjöra annað í hreppunum á vori hverju, en einúngis að halda manntalsþíngið, t. a. m. skipta búum og fleira, og gæti þá þessi tilhögun kann ske sparað honum ómak.

P. Pètursson: Eg ætla, að í þessu tilliti verði lakast við það að eiga, að, þó nú Þíngvellíngar fái þíngstað út af fyrir sig, þá geta þeir ekki vitað, hvað stórt þínghús þeir þurfa að byggja, á meðan þeir vita ekki, handa hve mörgum það á að vera; en það vita þeir ekki, fyr en þeir eru annaðhvort búnir að skilja sig frá Grafníngsmönnum, eða Grafníngsmenn búnir að fá leyfi til, að vera í samfèlagi við þá. Og þessi skilnaður er það því, sem mèr sýnist hèr verða að gánga á undan, svo þíngið geti ekki annað, en leitt þessa bæn hjá sèr núna, meðan hvorki er búið að heyra tillögur stiptamtmanns nè sýslumanns um það. Eg get að minnsta kosti ekki gefið mitt atkvæði með því, að þíngið taki bænina til greina.

Jón hreppstjóri *Sigurðsson*: Nú er eg ekki samdóma hinum háæruverðuga konúngkjörna þíngmanni, sem nú settist niður. Eg held, að þíngið sè ekkert bundið við það, að búið sè að bera málefnið undir álit sýslumanns og amtmanns. Stjórnin fær að sjá og heyra ástæður beiðandanna, áður en hún bænheyrir, og eg held hún hafi frjálsar hendur að segja nei eða já. Annars veit eg ekki til, að stjórnin eða þíngið hafi bundið sig neitt við álit yfirvalda í þess konar málum. Nokkuð var það, að hvorki var bænarskráin úr Mýrasýslu, um þínghúsafjölgunina þar, borin undir sýslumanns nè amtmanns álit, þó tók þíngið hana til áheyrslu, og stjórnin þar á eptir til bænheyrslu.

Páll Sigurðsson: Ástæðurnar fyrir frumvarpinu sýna það, að sýslumaður og amtmaður hafa verið mótfallnir því, að allir hinir eldri þíngstaðir Árnesínga væru teknir upp aptur; það gæti því vel átt sèr stað, að tillögur þessara embættismanna yrðu móti Þíngvallabúum, og yrði þá helzta ástæðan erviðleiki fyrir sýslumanninn, að vitja sýslugjalda sinna í Þíngvallahreppinn, en sá rèttur gjaldþegnanna sýnist sanngjarnari, að fá að afgreiða sýslugjöld sín innan vebanda hreppsins.

St. Jónsson: Ekki er heldur hætt við því, sem mèr hefur

heyrzt af umræðunum að sumir mundu óttast, að hrapað verði að byggingu þinghússins á Þingvöllum fyrir tímann, því hreppsbúar hafa sjálfir beðið um, að fá það einmitt með því skilyrði, að byggja það á sinn kostnað, og munu ekki hlaupa að því, áður þeir vita, hverjar málalyktir verða.

H. Stephensen: Spurningin er einúngis um það, hvort þingið með sóma sínum geti beðið stjórnina um þinghús eða þingstað handa þeim hrepp, sem ekki er til, þó menn geti ímyndað sèr, að hann kunni að verða til. Og eg skil ekki betur, eptir umræðunum, sem komnar eru, en að Þingvallasveitarmenn sèu sameinaðir Grafníngsbúum, og hvortveggi saman einn hreppur, svo að sá Þingvallahreppur, sem hèr ræðir um, er að eins ímyndaður.

St. Jónsson: Það er nú áður upplýst hèr í dag af hinum hæstvirta konúngsfulltrúa, að Þingvallahreppur er í raun og veru til, því svo heitir hreppurinn allur, sem Grafníngur og Þingvallasveit eru í. Mèr getur því ekki skilizt, að það sèu eins mikil vandkvæði á þessu, eins og sumum þingmönnum þykir, einkum hinum háttvirta varaforseta. Eg held, að spurníngin geti ekki verið um annað en það, hvort Grafníngsmenn mundu mega sækja þing út fyrir takmörk sinnar eigin sveitar, ef þeir vildu, hvort sem aðskilnaðurinn yrði eða ekki, ef að Þingvellíngar feingju þingstað fyrir sig.

Framsögumaður: Eg vil geta þess í framhaldi af því, sem þingmaður Eyfirðínga nú mælti, að eg held Grafníngsbúar þyrftu í þessu ekki að leita annara álits nè leyfis, heldur en sýslumannsins í sýslunni.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til umræðu, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls vera lokið, og liggur þá fyrir, að taka til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið viðvíkjandi veiðilögunum.

Við þetta mál voru fram komin þessi breytíngaratkvæði:

1. *G. Einarssonar*:

   „Undir sama banni og sektum skulu og vera öll byssuskot á landsel (ɔ: látur- og út-sel) á öllum þeim fjörðum, víkum og flóum kríng um Ísland, þar sem landselaveiði tíðkast, annaðhvort með látursela-nótum eða uppidrápi“.

2. *Jóns* hreppstjóra *Sigurðssonar*:
   ef nefndarálitið fær meðhald þingsins, að selur verði friðaður fyrir skotum yfir allan Breiðaflóa, þá:

„að sama friðhelgi á sel fyrir skotum sè á öllu sviðinu innan sjónhendingar-línuna frá Öndverðarnesi á Akraness Skipaskagatá“.

3. *Á. Einarssonar*:
   ef viðauka-atkvæði þingmannsins úr Dalasýslu fellur:
   „að allur landselur (látur- og út-selur) sè friðhelgur fyrir byssuskotum á öllum fjörðum og víkum kring um Húnaflóa, og á þeim flóa sjálfum, fyrir innan þverlínuna milli Horns á Hornströndum og Skagatáar“.
4. *Á. Einarssonar*:
   við viðauka-atkvæði þingmannsins frá Dalasýslu viðvíkjandi veiðilaga- nefndar-uppástúngunni:
   „Skjóti nokkur vöðusel eða annan farsel á þessum tilteknu stöðum, skal hann skyldur til, að sýna selinn 2 vitnisfærum mönnum, til sönnunar því, að ei sè landselur skotinn; en sýni skyttan í því mótþróa, sektist sem sá, er landsel hefur skotið“.
5. *H. Stephensens*:
   1. aðalbreytíngaratkvæði: „að selur allur, innlendur hèr, land-, látra- og út-selur, verði friðaður fyrir skotum kríng um land allt“.
   2. vara-breytíngaratkvæði, ef aðalbreytíngaratkvæðið fellur: „að friðun selsins sè óbreytt eptir veiðilaga-tilskipuninni frá 20. júní 1849“.

Forseti: Eg hef látið prenta atkvæðaskrá í þessu máli, og vona eg þíngmenn hafi feingið hana, og hver þeirra hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá
í
veiðilaga-málinu.

1. *Hannes Stephensen*: að selur allur, innlendur hèr, land-, látra - og út - selur, verði friðaður fyrir skotum kríng um allt land.
2. *G. Einarsson*: að allur landselur (ɔ: látur - og út - selur) verði friðaður fyrir öllum byssuskotum á öllum þeim fjörðum, víkum og flóum, kríng um Ísland, þar sem landselaveiði tíðkast, annaðhvort með látursela-nótum eða uppidrápi.
3. *Nefndin*: að öll byssuskot á sel verði bönnuð fyrir innan línuna frá Bjargtaungum í Barðastrandarsýslu til Öndverð-

arness í Snæfellsnessýslu, undir þær sektir, sem við eru lagðar í 15. og 16. grein tilskipunarinnar 20. júní 1849.

4. *Jón* hreppst. *Sigurðsson*: að sama friðhelgi á sel fyrir skotum sè á öllu sviðinu innan sjónhendingar-línu frá Öndverðarnesi á Skipaskagatá á Akranesi.
5. *Á. Einarsson*: að allur landselur (látur- og út-selur) sè friðhelgur fyrir byssuskotum á öllum fjörðum og víkum kríng um Húnaflóa, og á þeim flóa sjálfum, fyrir innan þverlínuna milli Horns á Hornströndum og Skagatáar.
6. *Á. Einarsson*: að svo látandi ákvörðun verði bætt við: „Skjóti nokkur vöðusel eða annan farsel á þessum tilteknu stöðum, skal hann skyldur til, að sýna selinn tveimur vitnisfærum mönnum, til sönnunar því, að ei sè landselur skotinn; en sýni skyttan í því mótþróa, sektist sem sá, er landsel hefur skotið".

Framsögumaður: Eg get nú ei betur ráðið af ræðum hinna heiðruðu þingmanna, að, þó meiningarnar sèu nokkuð í 2 áttir, þá sýnist flestum full nauðsyn á, að takmarka og jafnvel af taka selaskotin, og einkum, að það síðara eigi að ske á Breiðafirði. Einn þingmaður hefur að sönnu farið fram á, að Breiðfirðingar ættu ei að fá þessa skotafriðun, því þeir hafi gjört svo lítið úr æðarvarpi sínu og selaveiði. Eg veit nú ekki, hvar þetta á heima; ef það er, eins og mèr skildist, af því, að þeir, Breiðfirðingar, eigi ekkert eða lítið að hafa matið hlunnindi þessi við seinast gjört jarðamat, þá ættu þær mótbárur sízt að koma frá þeim á þingi, sem eru í jarðamatsnefndinni hèrna núna; því við höfum allar jarðamatsbækurnar hjá oss, og því má oss vera kunnugt, t. a. m. um Flateyjarhrepp, að í jarðamatinu er þar greinilega getið hlunninda bæði varps og selveiðar á hverri einustu byggðri ey, og eins á hlunninda-landjörðum í sýslunni. Það getur því varla hafa verið meiningin þessi hjá þingmanninum, heldur *má ske* það, að menn telja ekki dún og sel fram til tíundar; og þá vil eg spyrja: hvar er slíkt lögboðið? eða tíunda menn eigi þessi hlunnindi undir öðru nafni, þó þau sèu ei talin sèrstök? eru þau ei fólgin í jarðartíundinni? hver vill ætla, að eyjajarðir, þegar sumar eyjarnar eru ekki stærri en Reykjavíkurbær hèrna, væri að gömlu lagi settar og tíundaðar eins og þær eru, 40 hndr. hver ey, ef ei hefði verið lítið mest til hlunnindanna? Eg ætla því þetta nái hèr hvergi heim, og eigi sèr ei stað, til að hnekkja bænarskrá

um selaskotin. Væri það lögboðið, að telja fram dún og selafla, af konúnginum, ætla eg víst, að Breiðfirðingar mundu fima sèr skylt, ei síður en aðrir, að vera hlýðnir við guðs og konúngsins lög.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Það verður nú lítið, sem eg tala, breytíngaratkvæði mínu til styrkíngar. Eg lýsti því strax yfir í fyrstu ræðu minni við undirbúníng þessa máls, að mèr virtist rèttast, að sömu lög geingju alstaðar þar yfir á landinu, þar sem eins stæði á með veiðina, nefnilega, þar sem lagna- og uppidráps - veiðin yfirgnæfði skotmanna-veiðina. Hinn heiðarlegi þíngmaður frá Dalasýslu hefur nú borið upp breytíngaratkvæði á þessa leið, og þó það sè nokkuð óákvarðað með merki þessarar friðhelgi út frá látrum og lögnum í hverju plázi, og eg meini þíngmönnum hèr ómögulegt, að ákveða þessi merki, vegna ókunnugleika í mörgum stöðum, þá kynni slíkt að geta lagazt með því, að menn í hverju plázi friðuðu á manntalsþíngum þessa flóa og firði til vissra ummerkja, eins og veiðilögin benda til. Eg get því ímyndað mèr, að breytíngaratkvæði þetta kunni að fá meðhald margra, og ef það verður samþykkt, þá sýnist mèr, að bæði nefndarinnar og mitt sè feingið, og þurfi ekki að setja þau til atkvæða. En falli breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Dalasýslu, og nefndarinnar verði samþykkt, læt eg mitt óhaggað standa, þar til það fellur, og eins fyrir það, þó eg hafi heyrt, að sumir í utanþíngsræðum hafi verið að finna því það til, að það tæki stykki framan af Snæfellsnesi. Eg tók það fram í undirbúníngsumræðu minni, að eg vildi, að sama friðhelgi og á Breiðafirði næði áfram frá Öndverðarnesi fyrir framan Snæfellsnes, og frá syðstu Snæfellsnesstá, hvaðan sjónhending verður tekin, beint á Skipaskaga; en þó einhverjir vilji snúa út úr með breytíngaratkvæðið mitt upp á jökulinn, þá breyti eg því nú ekkert; því mèr er ekki svo sárt um fremstu tána af Snæfellsnesi, að eg gjöri mig þar ekki ánægðan með veiðilögin ½ mílu undan landi, og þó einhverjir vildu nú fara með breytíngaratkvæðið upp á jökulþúfuna, þá gjöri eg mig rólegan, og vildi eg það jafnvel helzt; því skotmennirnir sjá helzt jökulþúfuna af flóanum á milli, þegar þeir ætla að fara að skjóta selinn, og ætla eg eins að verða óhræddur um Þormóðssker fyrir þessu, því eptir kortinu verður línan af Skipaskaga á Jökul meira en viku sjóar fyrir framan Þormóðssker. 1. breytíngaratkvæðið, nefnilega varaforseta, að friða selinn kríng

um allt land, ætla eg ekki að dæma; það munu einhverjir verða til þess samt, kann ske frá þeim sýslunum, sem eingar hafa lagnir eða uppidráp, en skotmannaveiði er tíðkuð í.

Þ. Jónassen: Við undirbúningsumræðu þessa máls lagði eg á móti því, að bænarskrá þeirri, sem nefndarálit það, sem nú er verið að ræða, hnígur að, yrði framgeingt; því bæði þótti mèr það ísjárvert fyrir afleiðinganna sakir, og líka þótti mèr það áhorfsmál, að fara nú þegar að breyta svo nýrri löggjöf, sem veiðilögin frá 1849 eru. Eg hef síðan hugsað um málið, og átt tal við þá menn, sem kunnugir eru á Breiðafirði, og kemur þeim saman í því, að arður sá, sem menn hafa þar af selveiði, bæði í nótum og með uppidrápi, sè bæði mikill og almennur, og að líkindum miklu meiri en annarstaðar í landinu, og einkum, að arður sá, sem þannig fáist af selveiðinni, lángt yfirgnæfi þann, sem fæst með byssunni, og þetta síðara er og upplýst af hinum heiðraða framsögumanni. Eg hef því breytt skoðun minni á þessu máli, og læt mèr nú vel skiljast, að góðar ástæður sèu fyrir því, sem bænarskráin fer fram á, að selur sè friðhelgur fyrir skotum á Breiðafirði, þar sem leidd eru rök að því, að hvortveggja veiðin, með nótum og með byssu, eigi geti staðizt saman, og þá virðist sá atvinnuvegurinn, sem eyðileggur hann, sem miklu meira ríður á, eiga að lúta í lægra haldi, og hèr er sannað, að arðurinn af byssunni komist ekki í neina samjöfnun við þann, sem hafa má og hafður er af hinni veiðinni, sumsè í nótum og með uppidrápi. Eg dylst þess ekki, þegar eg las bænarskrárnar og nefndarálitið, virtist mèr blærinn á þeim einhvern veginn vera sá, að hlutaðeigendur ekki hefðu skoðað málið hlutdrægnislaust; mèr þótti það nokkuð freklega orðað, að selurinn á Breiðafirði væri eins nytsamur innbúum þar, eins og búsmali, og að skjóta sel þar, væri eins skaðlegt, eins og að drepa ærnar fyrir bóndanum í kvíunum, eða kýrnar í fjósinu, og eg furðaði mig því á því, að hinn heiðraði fulltrúi Snæfellsnessýslu skyldi hneixlast á því, að eg ekki gæti látið mèr þetta skiljast, og að mèr þótti vanta sönnun fyrir því, að selur og búsmali væri jafngagnlegur, og að hann skyldi geta farið þeim orðum, eins og þetta skilningsleysi mitt væri sprottið af verri rót; en þetta kemur ekki málinu við, og skal eg því ekki orðleingja þetta fremur. Eg skal einúngis, eins og eg er búinn að taka fram, láta í ljósi, að eg ætla að gefa því atkvæði mitt, að selur verði friðhelgur fyrir skotum á Breiða-

firði, en ekki annarstaðar, öðruvísi en nú er; því þó hinn fyrsti heiðraði konúngkjörni þíngmaður leiddi það af orðum mínum, að eg vildi selur yrði alstaðar friðhelgur hèr á landi fyrir skotum, var það eingan veginn mín meiníng, heldur vildi eg með þeim orðum, er eg fór í það sinni, láta í ljósi, að, eins og Breiðfirðingar, að því leyti mèr þá skildist, færu friðun selsins fyrir skotum á flot, án þess þar til að hafa gildar ástæður, þannig mundu aðrir í öðrum byggðarlögum fara hinu sama fram, en þetta er allt annað, én að segja, að það sè almenn ósk landsmanna, að selurinn verði alstaðar friðhelgur. Um þau gjörðu breytíngaratkvæði þarf eg, eptir því, sem eg nú lít á málið, ekkert að segja.

E. Kúld: Það gleður mig að heyra, að hinn 4. konúngkjörni þíngmaður hefur nú snúizt á þá meiníngu, að nauðsynlegt sè, að minnsta kosti að friða sel á Breiðafirði; en hann gat þess jafnframt, að honum sýndist vera munur á tjóni því, er flyti af drápi selsins með skotum, og því, er flyti af, að ærnar væru drepnar í kvíunum eða kýrnar í fjósinu; en honum hefur gleymzt, að gæta þess, að nefndarálitið hefur ekki flaskað svona hörmulega á samlíkíngunni, sem það tók, því allir sjá, að það er sitt hvað, að drepa ærnar í kvíunum, eða að drepa búsmalann í haganum; því ef því ætti að verða líkt saman, þá væri það heldur að segja, að það væri eins að drepa ærnar *í kvíunum*, eins og selinn, eptir að hann væri kominn *í netið;* en það er mála sannast, að á Breiðafirði er líkt, að drepa sel með skotum á eyjasundum og í nótlögnum, eins og drepinn væri búsmali í búfjárhögum.

Í tilliti til breytíngaratkvæðis hins virðulega þíngmanns úr Mýrasýslu skal eg leyfa mèr að geta þess, að eins og eg hef áður látið í ljósi við hann, þykir mèr það ekki svo orðað, sem eg vildi; sjónhendíngarlínan frá Akranesskagatá og á Öndverðarnes verður í gegnum sjálfan Snæfellsjökul, og eg verð að játa um mig, að mèr þykir þetta hálf-hlægilegt; eg er ekki heldur hræddur við, að „undanvillíngarnir“ villist svo lángt frá sjó, að þörf sè á, að friða þá uppi á Snæfellsnessjökli; eg hefði því orðið lángtum fúsari á, að gefa breytíngaratkvæði þíngmannsins mitt atkvæði, ef hann heldur hefði viljað orða það svo, sem á þessa leið: „frá Skagatá og svo sem skipsýn út frá Snæfellsnessjökli“.

J. P. Havstein: Mèr sýnist hèr um tvennt að gjöra, ann-

aðhvort að friða selinn í kríng um allt land, eða þá einúngis á vissum stöðum. Ef að nú hinu fyrra yrði framgeingt, þá mun það vera af því, að selurinn sè að sínu leyti skoðaður eins og æðarfuglinn, og svo munu þeir gjöra, sem mest mæla með þessu. En eg vil þá, að menn sèu sjálfum sèr samhljóða, og ef það væri, þá mættu menn eptir því *að eins* drepa kópana. En menn vilja einnig friða selinn til þess, að hafa uppidráp, eða til þess, að geta einnig drepið hinn fullorðna sel, og það virðist mèr sjálfu sèr ósamhljóða eða ósamkvæmt. Eg er á því, eins og sumir hafa látið hèr í ljósi, að kunnugleiki þessa þings væri ekki nógur til þess, að það gæti beðið um friðun selsins fyrir byssuskotum í kríng um allt land. En það er víst, að sumstaðar á Norðurlandi er selveiði með byssu mjög arðsöm, og sumstaðar nauðsynleg til þess, að fá beitu fyrir hákall. Mèr þykir það eðlilegt, þó Breiðfirðingar vilji hafa selinn friðaðan, því þar mun vera selaveiði einna arðsömust hèr við land, en það vil eg heimta, að þeir dragi ekki þessi hlunnindi undan opinberum álögum, og má eg benda til þess, að þeir virðast hafa gjört heldur lítið úr selaveiði og æðarvörpum sínum við jarðamatið núna seinast, árið 1849. Eg get þess vegna ekki verið því meðmæltur, að þeir fái sèrlega friðun fyrir sel sinn í þetta skipti. Það er líka hætt við, að, verði Breiðifjörður friðaður fyrir selaskotum, þá kunni selurinn að dragast þángað frá þeim stöðum, sem í grennd liggja, og friðhelgin ekki nær yfir, og yrði þeim þá bagi að friðhelginni.

J. Kristjánsson: Þegar menn standa jafnt að málum, þá hljóta þeir að eiga jöfn rèttindi, þó ábati eins sè minni en annars. Ef það er rètt, að friða landselinn á einstökum stöðum við landið, þá ætti að friða hann kríng um allt land.

Eg sè ekki nema 2 vegi fyrir mèr í þessu máli, sá annar, að gánga að 1. atkvæðinu á skránni, hinn, að fella þau öll. Það mun sannast hèr, ef sitt verður lög í hverjum fjórðúngi landsins, að, ef sundurskipt er lögunum, þá er sundurskipt friðnum.

Framsögumaður: Breytingaratkvæðin í málefninu út af veiðilögunum eru ekki mörg, og eg get nú verið því fáorðari um þau, sem eg hef áður tjáð meiníngu mína um margt af því, sem þau innihalda. Hið 1. fer fram, að friðaður verði allur land-, látur- og út-selur kríng um land allt. Bænarskrárnar nokkrar biðja hins sama, og nefndin hefur álitið það vel tilfallið; en eg hef skýrt frá því áður, hvers vegna nefndin aðhylltist það ei

beinlínis í þetta sinn. Hið 2. vill fá allan sama kyns sel friðaðan fyrir byssuskotum á öllum fjörðum, víkum og flóum landsins, þar sem selaveiði tíðkast. Þetta er að vísu nokkuð rýmra band og hliðhollara skotmönnunum, en hið fyrra, þar sem selaveiði er ekki enn þá; en báðum þessum breytingaratkvæðum, og allt eins því 5., virðist mèr að fylgi sá annmarki, að skjóta megi þó fareða geingdar-selinn innan um hitt selakynið. Eg hef reynt að skýra það áður, að selurinn er ógurlega skothræddur, þegar hann kemst að því, að skotin drepa hans eigið kyn, og þessi aðferð mundi því olla óspekt landsels og útsels á þeim stöðvum, sem hann þyrfti að vera eins spakur á, og hagvanar skepnur eru á landi.

Það atriði, sem er undir 3. tölulið, er uppástúnga sjálfs nefndarálitsins, og þegar sýnt er nú fram á, hver nauðsyn ber til friðhelgi selsins á Breiðafirði, og allar þar að liggjandi sýslur biðja um hana, og að það eru nú 13 ár, síðan byrjað var að biðja um þessa friðhelgi frá Breiðafirði, því 1841 ritaði hinn þjóðkunni Bogi Benidictsen á Staðarfelli embættismannanefndinni í Reykjavík um það (sjá Nefndartíðindin þ. á., bls. 140, ef eg man rètt), get eg ekki ætlað annað, en að þingið fallist á hana, og sama er að segja um uppástúngu í 4. tölulið. 5. uppástúngan er líks eðlis og sú undir staflið 2, að því er Húnaflóa viðvíkur, og hef eg því getið hennar við þann tölulið, en bæti því við, að mèr þykir skaði að því, að fulltrúa vantar frá Húnavatnssýslu, til að segja álit sitt um uppástúngu þessa, og ef henni, sem mikið vel meintri og þarflegri að vísu, yrði framgeingt, þykir mèr óviðfeldið, að Vestfirðir frá Bjargtaungum til Hornbjargs skuli vera ófriðhelgir á öllum þeim fjörðum, sem þar eru á milli. Hvað hinn 6. og seinasta tölulið snertir, þá held eg bágt sè, að finna betri varúðarreglu en þá, sem þar er, til að friða látursel og útsel innan um farselinn, þegar þessi má skjótast; en samt verð eg að geta þess, að þessi aðferð mun verða nokkuð tvísýn. Skotmenn munu ei ætíð þykjast eiga hægt með, í einu vetfángi að greina selakynið í sundur, þegar skjóta skal, og ekki þykja ætíð hægt, að sýna skotna selinn, þegar á land kemur, óvilhöllum og órækum vitnum, ef þeir þá segðu frá öllum eða sýndu alla þá seli, sem veiða kynnu, og eg held þetta gæti ollað töluverðum málaferlum og útgjöldum, ef til vill.

Loksins vildi eg leyfa mèr að benda þínginu á það, að,

skyldu menn vera á því, eins og nefndin, að selurinn ætti að friðast kring um landið víðar en á Breiðafirði, þá held eg væri hollast, að gjöra það nú þegar, svo ei þyrfti að bæta timatöf og kostnaði ofan á það sem nú er, strax á næsta alþingi, í sama efni, sem eg held þó mætti búast við, ef þessa er ei gætt núna.

P. Pèturssón: Af breytingaratkvæðunum á skránni held eg að eg vildi helzt halla mèr að 2. tölulið, ef ekki væri sá formgalli á því, að því ber að öllu leyti saman við tilskipunina 20. júní 1849, § 15, en vantar það, sem hèr ríður mest á, og sem uppástúnga nefndarinnar hefur tekið fram, að *til taka sektirnar*, sem við því ættu að liggja, þegar skotið væri, og sem ákveðnar eru í áminnstri grein þessarar tilskipunar.

Að öðru leyti get eg, hvað efnið í breytingaratkvæðunum snertir, staðið upp fyrir 5 hinum fyrstu þeirra.

G. Einarsson: Eg verð, eins og aðrir góðir menn, að hreifa máli um breytingaratkvæði mitt sjálfur. Eg get þess þá, að eg er helzt á þeirra meiníngu, er vilja, að látur-og út-selur verði friðaður fyrir byssuskotum kring um allt land. En af því eg veit nú, og veit það með vissu, að það eru nokkur þau hèruð landsins, þar sem ekki er landselaveiði, nè getur verið á annan hátt, en að skjóta hann, þá þykir mèr það of mikil meinsemi, að bægja búum þessara hèraða frá, að nota sèr afla þann, er þeim býðst á þennan eina hátt og ekki annan. Af þessari sanngirnis-tilfinníngu er breytingaratkvæði mitt sprottið. Það hefur verið sagt fyrir skemmstu, að það væru formgallar á því, en eg skil ekki, hvernig þeir verða fundnir með rèttu, því undir eins og búið er að friða selinn með einhverju sèrstöku lagaboði um tiltekið svið, þá er sjálfsagt, að hann nær inn undir aðallögin, veiðilögin sjálf, og sektirnar fara eptir því, sem þar er mælt fyrir. Þyki einhverjum þetta breytingaratkvæði ónákvæmlega orðað, þá get eg þess, að jafnmikil vandkvæði hefðu orðið á, hefði það verið einskorðað. Það er hverjum innan handar, að friðhelga víst svið fyrir selinn með þínglýsíngu, og þá gildir hún fyrst um sinn, og getur staðfestst með dómi, þurfi á því að halda.

P. Sigurðsson: Við undirbúníngsumræðu máls þessa lèt eg álit mitt í ljósi um, hvað mèr þætti varúðarvert, og, eins og nú á stæði, ógjörandi, að friða allan sel fyrir byssuskotum, og því er þar af auðráðið, að eg muni ei gefa breytingaratkvæði

varaforseta atkvæði mitt. Hið 2. breytíngaratkvæði, þíngmannsins frá Dalasýslu, get eg heldur ekki aðhyllzt, því það er svo óákvarðað, þar það vill friðhelga víkur allar, firði og flóa, ef nótlagnir eru einhverstaðar inni á fjarðarbotni. Út úr óvissu þeirri, er hèr af leiddi, mundi fljótt spinnast misklíðir milli þeirra, er hlut ættu að máli; en hefði þíngmaður þessi með fastari ákvörðun borið upp breytíngaratkvæðið, sem hefði rýmkað friðhelgi þá, sem löggjöfin nú til tekur, svo sem um 1 mílu, þá veit eg ekki, nema eg hefði fallizt á það; því hefði svoleiðis ákvörðun feingið lagaafl, þá var hægt, að taka það atriði inn í löggjöfina; því mikið væri æskilegt, ef sú regla yrði fundin, að sem flestir gætu við unað. Fulltrúar Breiðfirðínga hafa leingi óskað eptir friðun selsins hjá sèr, og eptir framkomnum ástæðum get eg ekki annað, en veitt nefndinni atkvæði mitt. 4. breytíngaratkvæði til tekur vissa línu, og aðhyllist eg það, en breytíngaratkvæðið þíngmannsins úr Strandasýslu get eg ekki aðhyllzt, því þar hann vill fá selinu friðaðan fyrir gjörvallri Húnavatnssýslu, og á þeim flóa sjálfum, en einginn fulltrúi er hèr á þíngi frá sýslunni, þá þykir mèr að svo vöxnu máli ógjörandi, að veita því samþykki. Að þíngmaðurinn hafði ekki Ísafjarðarsýslu með, mun hafa komið af því, eins og nokkrar raddir þaðan, þó fáar sèu, hafa látið í ljósi, að menn sèu þar ekki á einu máli um þetta atriði. Þíngmenn Norðlendínga, þar sem þó eru firðir og víkur, hafa þó flestir verið mótfallnir algjörðri friðun selsins. Múlasýslur eru líka með fjörðum og víkum, líkt og Norðurland, en frá þeim vantar fulltrúa, er gætu sagt álit sitt í þessu efni. Af þessu mun þíngmönnum skiljast, hvernig eg muni ætla mèr að greiða atkvæði, þegar þeirra er leitað.

G. Brandsson: Hinn heiðraði framsögumaður talaði áðan í fyrri ræðu sinni á þá leið, að, þó sèr geðjaðist vel nefndaruppástúnga sú, að friðaður yrði allur Breiðifjörður fyrir byssuskotum á seli, þá kynni hann þó enn betur við, ef hið fyrsta breytíngaratkvæði í máli þessu feingi samþykki þíngsins, þar sem farið er fram á það, að allur selur innlendur hèr, land-, látra- og út-selur, verði friðaður fyrir skotum kríng um allt land; því hann taldi það mjög líklegt, að, ef þessu yrði ekki framgeingt núna, að þá mundu koma bænarskrár því viðvíkjandi til eptirkomandi þínga frá ýmsum hèruðum landsins, og væri þá auðsèð, hver kostnaðarauki þetta yrði. Eg held nú, að þetta

mál, eins og flest önnur, megi skoða á tvo vegu, og get eg þá litið á það þannig, að, ef því yrði nú framgeingt, sem honum þykir svo mjög æskilegt, og ef síðan færu að heyrast kvartanir yfir því úr ýmsum áttum, og bænir manna um, að breyta þessu, þá mundi sami kostnaður, og sá, er hann kvíðir fyrir, eða annar meiri, koma upp úr kafinu. Það væri einnig mjög ísjárvert, að fallast á þetta breytíngaratkvæði, þar sem bæði fulltrúar frá ýmsum hèruðum landsins eru hèr ekki á þínginu, og svo eru meiníngar þeirra, sem hèr eru, mjög skiptar, og eg held fleiri móti en með því. Viðvíkjandi öðru breytíngaratkvæðinu verð eg að geta þess, að mèr þykir það nokkuð tvírætt, þar sem það talar um, að allur landselur verði friðaður fyrir öllum byssuskotum á öllum þeim fjörðum, víkum og flóum kríng um Ísland, þar sem landselaveiði tíðkast, annaðhvort með látursela-nótum eða uppidrápi. Menn vita, að þessi orð: *„flói“* og *„fjörður“*, eru mjög yfirgripsmikil, t. a. m. þegar sagt er *Húnaflói, Breiðiflói, Faxaflói,* sem og svo eru kallaðir firðir, og vita menn, að þetta eru ærið stór svið. Sumir kalla Faxaflóa allt það svæði, sem er innan línunnar frá Skagatá og að Öndverðarnesi; aptur halda aðrir, að líma þessi eigi að vera undan syðsta odda Reykjaness beint að Öndverðarnesi. Á þessu mikla svæði geta nú í einstaka stað verið selalátur nálægt landi. Eg veit t. a. m., að á Suðurnesjum og í Höfnum er dálítil kópaveiði í nætur, aptur eingin víða annarstaðar, nè líkindi til, að það geti orðið, og væri þess vegna nokkuð hart, að fyrirbyggja öll byssuskot alstaðar á flóa þessum. Eg sè það líka af 5. breytíngaratkvæðinu, að flóar þessir geta orðið ærið stórir, þar sem því er farið fram, að allur hinn áminnsti selur verði friðaður fyrir byssuskotum innan línunnar frá Horni á Hornströndum til Skagatáar að norðan, svo ef farið yrði að mæla alla flóa eða firði eptir þessum, þar sem þó kynnu að vera einhverjar nótlagnir eða uppidráp einhverstaðar við land, þá held eg færi að kreppa að skotmönnunum, og mundi það bezt sjást, ef þessi tvö breytíngaratkvæði, hið 2. og 5., yrðu samþykkt hèr á þínginu. Hvað Breiðafirði viðvíkur, þá hagar þar talsvert öðruvísi til, en annarstaðar, þar sem fjörður þessi má heita alþakinn af eyjum, í hverjum að vera munu all-flestum eða mörgum þeirra æðarvörp, og kríng um þær nótlagnir eða uppidráp; svo hafa og Breiðfirðíngar fyrri en nú, og það með miklum áhuga og röksemdum, beðið um, að selur yrði þar friðaður, svo út lítur fyrir, að veiði hans

þar sè þeim einn hinn mesti og bezti atvinnuvegur, en frá flestum öðrum hèruðum landsins hefur ekkert þvílikt heyrzt, svo eg fyrir mitt leyti verð helzt að fallast á uppástúngu nefndarinnar í þessu máli.

Hvað 6. breytíngaratkvæðinu viðvíkur, þá held eg verði bágt, að koma við reglum þeim, sem þar eru gefnar, einkum ef hið annað breytíngaratkvæði yrði samþykkt; því eg ætla, að þeir yrðu margir, víst hèr syðra, sem ekki gætu borið um, af hvaða kyni hinn skotni selur væri, þó hann svo yrði sýndur þeim, hvað líka berast mætti til beggja vona. Að öðru leyti held eg menn megi vera nokkurn veginn ánægðir með veiðilögin víðast hvar, nema ef þeim hefði sýnzt, að friða selinn í nokkuð meiri fjarlægð frá nótlögnum, en þar er gjört.

Jón Jónsson: Mèr hefur fundizt á ræðum sumra þingmanna í þessu málefni, að þeir álíti selveiðina eins og tvo atvinnuvegi, sem ríði í bága hvor við annan, og eigi því að rèttu lagi hinn arðminni að víkja fyrir hinum arðmeiri. Hinn arðmeiri á að vera falinn í selveiði með uppidrápi og lögnum, en hinn arðminni í selveiði með byssum; en mèr skilst þetta nokkuð á annan veg, því atvinnuvegurinn er í sjálfu sèr einn og hinn sami, nefnilega *selaveiði*, og munurinn er einúngis, hvernin hvorir fyrir sig bera sig að með, að fánga þessa veiði. Það er því aldeilis óeðlilegt, að kalla, að annar atvinnuvegurinn komi hèr í bága við hinn, þó landslag og afstaða og ýmsar kringumstæður gjöri það að verkum, að sumstaðar geti verið og sèu látur og lagnir, en sumstaðar ekki, og þar sem það er, veiðist meira, en þar sem það er ekki. Nú mun það víst, að til sèu þau pláz við sjóarsíður, hvar hvorki er látra von nè lagna, svo teljandi sè, og þætti mèr það mjög hart, ef mönnum í þeim hèruðum, sem þar liggja í grennd, væri fyrirmunuð selaveiðin með byssu, sem er má ske sú einasta aðferð, sem við mætti koma, til að ná selnum, þar sem svo á stendur; því eg held, að hver einstakur maður eigi og megi, þegar það er með ærlegum og leyfilegum hætti, bjarga sèr sem hann bezt veit og kann, og allir geti ekki verið bundnir við, að brúka sömu aðferðina.

Eg ætla tilskipunin frá 20. júní 1849 muni, ef henni væri að því skapi hlýtt, fullkomlega nóg friða látur og lagnir fyrir skotum, og það sè miklu framar yfirtroðsla hennar, en sjálf hún, sem um þyrfti að kvarta. Það er öllu þínginu ljóst, að

hèr vantar fulltrúa þjóðarinnar bæði frá Húnavatnssýslu og báðum Múlasýslum, og allir þingmenn hljóta að þekkja, að það er má ske fullur fjórði partur vegarins í kring um landið, sem þær liggja fyrir. Hèr er því eingum til, að skýra þinginu frá, eða fullvissa það um, að innbyggjendur þessara sýslna álíti sèr nokkra sanna nauðsyn á, að allur land-, látra- og út-selur verði friðaður fyrir skotum, eins og heldur eingar óskir eru bornar upp um það nú frá Suðurlandinu, að undantekinni Borgarfjarðarsýslu, og þingmaður Strandasýslu hefur mèr þótt færast nóg í fáng, ef hann hefur ekki feingið hvöt til þess frá Húnvetníngum, að vilja þannin friðhelga allan sel á Húnaflóa. Eg fyrir mitt leyti má játa það, og er það illa farið, að eg hef ekki nægan kunnugleika á kjördæmi því, sem eg er fyrir, hvort innbúum þess væri sannarlegt gagn í allri þvílíkri friðun selsins, sem hèr hefur verið stúngið upp á, en þingmaðurinn úr syðra kjördæminu kynni vera því kunnugri, og geta gefið í því tilliti einhverjar bendíngar. Mèr virðist því alls eingin almenn og samstemma umkvörtun eða tilfinníng fyrir nauðsyn meiri friðunar á selnum, en skeð er, vera komin fram, nema einúngis frá sýslunum kríng um Breiðafjörð, og er það eingin ný kvörtun, því áður en tilskipunin var samin, höfðu þær breift sönnu óskum; en það, sem áðan var drepið á af einhverjum þingmanni, að þær sýslur ættu ekki að fá þá friðun selsins, sem þær um biðja, af því, að selveiðahlunnindanna með fl. hefði ekki verið tilbærilega gætt við jarðamatið, þá held eg það ætti ekki að standa þeim í vegi fyrir bænheyrslunni nú, en heldur gæta þess, ef nokkur viðrètting eður lögun yrði enn nú gjörð á jarðamatinu, að þessi miklu hlunnindi og friðun selsins yrði þá fullkomlega tekin til greina. Allt hvað eg, sem nefndarmaður í máli þessu, vil segja um hin framkomnu breytíngaratkvæði við nefndarálitið, er að eins það, að í tilliti til staflíðsins 1 hef eg látið í ljósi meiníngu mína þá, að mjög sè varlega gjörandi nú, með ekki meiri kunnugleika þingsins, en það hefur, að aðhyllast það, enda þó eg sjái, að það sè nú ekki eins yfirgripsmikið, eins og þegar hinn háttvirti varaforseti áskildi sèr það við undirbúníngsumræðuna, og skildi þá undir því *allan sel*. Í tilliti til staflíðsins 2, er breytíngaratkvæðið of óákveðið, því orðið „*tíðkast*“ getur brúkazt bæði í rúmum og enda í mjög þraungum skilníngi; því þó á einhverjum firði eða vík væri ekki nema að eins í einum stað lítilvægt uppidráp, mætti má ske þreingja

þeim skilníngi þar yfir, að þar þó tíðkaðist uppidráp. Hvað staflið 4 snertir, vil eg sem minnst um tala; það er búið að sýna á því annmarkann, og eg vil ekki aðhyllast það; sama er að segja um hinn 5., meðan Húnvetníngar sjálfir ekki hafa hreift um það orði, svo þínginu sè kunnugt. Hvað staflið 6 snertir, þá þykir mèr breytíngaratkvæðið koma líkt fyrir, eins og ef einum, sem sækir eign sína eitthvað burtu, skyldi vera gjört að skyldu sjálfum, að sanna það, að það væri hans eiga, en ekki stolinn hlutur, sem hann flytti heim til sín, og vona eg þetta breytíngaratkvæði muni ekki vinna inngaungu í löggjöfina, eða meðhald þíngsins.

Eg get því með eingri sannfæríngu gefið atkvæði fyrir neinni annari friðun selsins, en nefndarálitið fer fram á.

J. Guðmundsson: Eg tók fram þegar í undirbúníngsumræðu þessa máls þær mörgu og miklu ástæður, sem mèr fundust vera í móti því, að allur selur yrði friðaður um allt land, og skal eg því ekki nú taka það upp aptur eða leingja um það umræðurnar.

Þar í móti vil eg nú mega leyfa mèr að skýra nokkuð glöggvar frá því, hvers vegna eg verð að aðhyllast uppástúngu nefndarinnar, en þar í móti að greiða atkvæði í móti öllum hinum breytíngaratkvæðunum, sem borin eru upp í þessu máli.

Þegar frumvarp stjórnarinnar til veiðilaga hèr á landi var lagt fyrir og rætt hèr á alþíngi 1847, þá var eg einn af þeim fáu, sem fann ýmislegt athugavert við þetta frumvarp, eins og þíngtíðindin bera með sèr, einkum ýmsar hinar sèrstaklegu ákvarðanir þess, sem mèr fannst aldrei geta komið að liði hèr á landi, af því óvinnandi yrði, að hafa á því nokkra gæzlu, að þeim yrði hlýtt; og eg ætla reynslan sè þegar búin að sýna það og sanna, að þær athugasemdir, sem eg þá vakti máls á, hafi ekki verið með öllu ástæðulausar eða of aukið, hefðu þær verið þá strax teknar til greina. Ein af þessum sèrstaklegu ákvörðunum, sem eg hèlt og held enn að komi fyrir ekkert og sè þýðíngarlaus, er sú í 15. gr. veiðilaganna, „að einginn megi skjóta útsel eða landsel, þar látur eru eður lagnir, nær en *hálfa mílu* frá látrum eða lögnum“. Svo að segja hverjum skotmanni er auðgefið, að fara í kríng um þessa ákvörðun, án þess neinn geti fest hendur í hári honum. Þegar hann kemur t. a. m. með fullum seglum á selabát sínum, þá er auðráðið, að eigandi látranna og lagnanna er sjaldnast við staddur, eða svo

nærri, eða hafi við þá votta, að hann geti fært fullar sönnur á, að skotmaður hefði skotizt inn fyrir hálfu míluna frá látrunum, og þannig brotið lögin. Þannig verður þessi ákvörðun öldúngis þýðíngarlaus, og missir af því, sem hún ætlast til; hún verður ver en þýðíngarlaus, því hún orsakar *lagabrot,* og væri því betra, að eingin væri ákvörðunin í lögunum.

Þetta er nú einmitt sú ástæða, sem kemur mèr til, að fallast á uppástúngu nefndarinnar. Þar sem er jafnmikill arður að selveiði og á Breiðafirði, og þá jafnframt jafnmikil freistíng til þess, að fara svo í kríng um ½ mílu takmörkin, sem mögulegt er, þar er auðvitað að þessi takmörkun hefur ver en einga þýðíngu, og leiðir með sèr ótal lagabrot, og mèr finnst auðsætt, að sýnileg, stöðug og óraskanleg takmörk fyrir friðuninni, eins og nefndin hefur nú stúngið upp á, verði miklu óhultari og öruggari vernd fyrir friðlýstum stöðum til selveiða. Því ætla eg mèr að aðhyllast uppástúngu nefndarinnar, og eins 4. breytíngaratkvæðið.

En af hinum sömu ástæðum verð eg einnig fastlega að mæla í móti bæði 1., 5. og 6. breytíngaratkvæðinu, auk þess, sem aðrir þíngmenn hafa þegar fundið þessum breytíngaratkvæðum til. Þau eru öll bundin við þær ákvarðanir, sem eg álít ómögulegt að hafa neina gæzlu á eða vörð, að þeim verði hlýtt. Hèr er verið að tala um „*innlendan*“ sel, um „*útsel og landsel*“, og að þessi selakyn megi alls ekki skjóta; eptir því má þá skjóta önnur selakyn, t. a. m. *farselinn,* sem nefndur er; en hver á að þekkja þessi selakyn í sundur úti á sjó? og hver getur haft gæzlu á því, svo að einhlítt sè, að þau kynin, sem friða á, verði ekki skotin eins eptir sem áður? Eg verð því fastlega að ráða þínginu frá, að taka þessi breytíngaratkvæði til greina, og eg finn mèr skylt, að gjöra þetta eins fyrir það, þó svo líti út, sem báðir þeir heiðruðu þíngmenn, sem hafa borið þau upp, dragi það sem leingst, að taka til máls til varnar þeim, má ske einnig til þess, að þeir geti um leið einnig hrakið þessar ástæður mínar.

St. Jónsson: Eg hef áður látið í ljósi þá meiníngu mína, að Breiðfirðíngum væri mest nauðsyn á, að selurinn yrði friðaður, og þá um leið, að mèr þætti ísjárvert, að friðunin næði yfir allt land.

Það er búið að færa ástæður fyrir því, að ómögulegt sè, að gjöra svo grein fyrir hagsmunum hverrar sveitar út af fyrir sig,

að maður með fullri vissu geti sagt, að hún mundi óska sèr friðunar selsins ótakmarkaða, og einkum er það, þar eð þrír þingmenn, og það úr hinum stærri sýslum, ekki eru á þingi. Eg er samdóma hinum heiðraða þingmanni Skaptfellinga viðvíkjandi 6. breytingaratkvæði, því það er ómögulegt, að búa svo um, að ekki verði farið í kring um þetta, því víða stendur svo á, að svo langt er á milli bæja, að það mundi ekki alls kostar hægt, að sýna veiðina, og þó því yrði nú við komið, þá getur maður kann ske leitað til þeirra, sem sjálfir eru í sökinni, og álít eg þannig ekkert gagn að þessu breytingaratkvæði. Hvað 4. breytingaratkvæðinu viðvíkur, þá finnst mèr það vera einúngis það, sem leiðrètta þarf, að línan verði dregin dálítið leingra eða á annan veg, en í breytingaratkvæðinu stendur.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg þarf ekki að leingja umræður málsins með því, að taka málstað nefndarálitsins, því það er búið að því áður; ekki heldur ætla eg að fara að rífa niður þau framkomnu breytingaratkvæði, því það er búið að sýna fram á gallana á þeim. Þá er það eitt þingmannsins úr Mýrasýslu, sem nýlega fèkk öflugan talsmann, og að því ætla eg að víkja nokkrum orðum. Það breytingaratkvæði hefur 2 slæma annmarka; annar er, að það skilur eptir stúf af Snæfellsnessýslu ófriðaðan, og veit eg ekki, hvers hann á að gjalda; það er sjávarströndin frá Öndverðarnesi að Arnarstapa; en það tekur líka stúf af Borgarfjarðarsýslu, og friðar hann. Hinn ókosturinn er, að þetta breytingaratkvæði, nr. 4, friðar sel *á landi,* hvort sem sjónhending þess fellur fyrir sunnan eða norðan þúfurnar á Snæfellsjökli, og væri það án efa til aðhláturs, að biðja um, að slíkt væri tekið inn í löggjöfina.

Á. Einarsson: Það er búið að tala svo margt um breytingaratkvæði mitt, að eg ætti kann ske líka að standa upp, til þess að láta eins og hinir í ljósi brjóstgæði mín við Ísfirðinga. Eg mundi til Ísfirðinga, þegar eg bar upp viðauka-atkvæði mitt, en það gjörði mèr, að eg heyrði á Þorskafjarðarfundinum, að menn þar helzt óskuðu þess, sem breytingaratkvæði þingmannsins úr Dalasýslu nú fer fram á, og held eg það, ef til vill, eigi nú einna bezt við, ef beðið væri um lagaboð fyrir land allt.

Eg hef altènd mælt með friðun látraselsins, og verð þannig helzt að aðhyllast breytingaratkvæðin nr. 1 eða 2, og ef þingið vill láta nr. 6 teingjast við annaðhvort þessara, þá er eg helzt á því, að fallast á annaðhvort þessara breytingarat-

kvæða, þó svo, að nefndarálitið verði samþykkt, hvað Breiðafjörð snertir, því það álít eg mjög áríðandi, eins og eg í öndverðu lèt í ljósi, þegar mál þetta var fyrst borið upp í þetta sinn. Hinn annar konúngkjörni þíngmaður sagði, að ef selur væri einúngis friðaður á Breiðafirði, mundi hann dragast þángað allur; en ráðið móti því er, að friða hann kríng um allt land, og þar að hnígur líka það, sem þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, að selaveiði væri að glæðast í Höfnunum. Einn þíngmaður sagði, að ekki væri svo hægt, að þekkja selinn að, en það var illa, að eg tók ekki selskinn með mèr upp á lestrarsalinn, til að sýna þeim, sem ekki þekkja hann, að mögulegt er þó, að gjöra greinarmun á honum — (Hlátur) —. Um 6. breytíngaratkvæðið er það meining þeirra manna, sem vel þekkja til, að það sè fullkomlega nauðsynlegt, og er sú uppástúnga komin upp hjá þeim í fyrstu, sem bæði þekktu selaveiðar, og landsel frá geingdarsel.

Konúngsfulltrúi: Þegar frumvarpið til tilsk. frá 20. júní 1849 var rætt hèr á þíngi 1847, átti eg eingan þátt í umræðunum um það. Kom þetta ekki af því, að eg vildi hlíðra mèr hjá þíngstörfunum, heldur af því, að eg þóttist sjá töluverð missmíði á frumvarpinu, einkum í tilliti til friðunar selsins á Breiðafirði, en eg var þá ekki svo kunnugur því, hvernig á stendur þar, að eg þættist geta komið með neinar þær tillögur, er eg væri viss um að breyta mundu frumvarpinu til hins betra. Seinna er eg orðinn við dvöl mína fyrir vestan svo kunnugur ástandinu þar, að eg með fullri sannfæríngu get ráðið þínginu til, að fallast á uppástúngu nefndarinnar, er fer fram á það, að friða allan sel fyrir skotum á Breiðafirði; og fallist þíngið á téða uppástúngu, þá get eg fullvissað þíngið um, að það fer ekki út í neina óvissu, og að ekki muni verða hætt við, að neinar óskir komi fram, er seinna meir bæðu um breytíngu á því lagaboði, er út kynni að koma samkvæmt nefndaruppástúngunni. Nefndarálitið skýrir mál þetta svo nákvæmlega og greinilega, að þíngið má gánga úr skugga um, að arður sá, sem fæst af selaskotum, er ekkert að telja móti arði þeim, sem fæst af uppidrápi og í lögnum, og að selaskotin spilla hvorutveggja. Þar á mót get eg ekki ráðið þínginu til, að fallast á hin breytíngaratkvæðin, nema ef skyldi vera 4. breytíngaratkvæðið, áhrærandi friðun selsins fyrir Mýrasýslu, og líkar mèr þó eingan veginn, hvernig breytíngaratkvæði þetta er takmarkað. En um

hin breytíngaratkvæðin 4, nefnil. 1., 2., 5. og 6., er það að segja, að, skyldi þingið fallast á þau, þá óttast eg fyrir, að veiðilögum þeim, sem nú gilda, framar væri þar með spillt, en að þau með þeim væru bætt, og því ræð eg þinginu frá, að aðhyllast þessi breytíngaratkvæði.

H. Stephensen: Þeim skauzt, sem hèlt, að eg mundi draga, að mæla fyrir breytíngaratkvæði mínu, þessu hræðilega og marglastaða, þángað til eg hefði heyrt umræðurnar allar og gæti svarað þeim.

Eg hæli nú ekki breytíngaratkvæðinu, en tilgángur minn með því var hvorki eigingjarn nè vondur. Eg hugsaði þingið mundi gefa mestan gaum að almennu gagni, og af öllum hinum lægri atvinnuvegum er þó selaveiðin sá helzti, og eg veit ekki, hvort hann er fyrir neðan æðarvarpið, og þó fugl sá syndi í stórum hópum, má ekki húngraður maður drepa einn einasta þeirra sèr til bjargar. Allir vita, að þessi innlendi selur þarf, eins og hvert annað dýr, að tímgast, og þess vegna, hvar sem hann elur aldur sinn, meðan hann er geldur, að leita sèr að látri, þegar hann þarf að leggja únga sínum, og hver sá selur, sem skotinn er, er þannig gjörður landinu ónýtur að því leyti, að hann ekki framar getur af sèr annan, og væri eg bóndi á Breiðafirði, held eg mèr væri sama, hvort selurinn er skotinn í Rángárvalla- og Árnes-sýslu, ellegar hann er skotinn á Breiðafirði. Að þessu gæta menn ekki, þegar verið er að tala um selafriðunina, en æðarfuglinn vildi þingið í einu hljóði að friðaður skyldi vera, og er hann þó optast fjærri varpplázunum, og það í stórum hópum. Framsögumaðurinn í þessu máli tjáði sem bezt og rèttast frá, hvað gagnleg væri friðunin, og hann gat þess, að við hliðina á þessu friðaða plázi væri heil sýsla, sem eingin hefði tekið breytíngaratkvæði um; það er þá Mýra-, Snæfellsnes-, Dala- og Barðastrandar-sýsla, sem menn vilja hafa friðaðar; Ísafjarðarsýsla verður ekki friðuð, þó þar sè að sögn manna hèr ekki síður arðsöm selveiði, en á þeim stöðum, er menn vilja nú friða; Stranda- og Húnavatns-sýsla friðuð, og svo hitt allt ófriðað; þó má mikið vera, ef ekki er neinstaðar á þessum ófriðuðu stöðum látur, eða að minnsta kosti hæfilegleiki til þess; en fyrst Breiðifjörður er friðaður, þá er þeim víst líka borgið! Hinn 4. konúngkjörni þingmaður gat þess fyrir laungu síðan, að sjálfsagt væri, að friða selinn á Breiðafirði. Eg er nú eingan veginn á móti því, en lík höpp mætti kann ske hafa annarstaðar.

Hann sagði, að þar væri minnstur arður af skotum, en í því skil eg ekki, því líklegt er þó, að mest megi skjóta, þar sem mest er af honum.

Sumir hafa látið í ljósi, að eg hafi ekki við undirbúningsumræðuna nefnt „*innlendan*“ sel, en það var þó meining mín, og kunnugur maður hefur sýnt fram á, að hægt er, að þekkja að innlendan sel og vöðuselinn, sem altènd syndir í stórum hópum, og ýmist á hliðinni eða upp í lopt.

Þingmaðurinn úr Dalasýslu hèlt, að óhætt væri, að drepa selinn, þar sem ekki væru lagnir, en eg veit, að allir hljóta þó að skilja, að með því spilla menn veiðivon þeirra landa sinna, sem selveiðar njóta, og má ske fyrir sjálfum sèr; því með friðun alls innlends sels munu selalátrin fjölga.

Þingmaður Skaptfellinga gat þess, að ekki væri gott, að hafa lög, þegar fara mætti í kring um þau og leika á þau. Það er satt, en ef það er illt, að halda skotmönnunum fyrir utan $\frac{1}{2}$ mílu, þá mun ekki betra, að halda þeim 100 mílur frá landi á línunni milli Öndverðarness og Látrabjargs.

Þingmaðurinn frá Norður-Þingeyjarsýslu vildi ekki, að mál þetta væri rætt, þar eð að eingir fulltrúar væru frá 3 hinum fjölmennustu sýslum á landinu; en ef þingmenn eru samdóma honum, og eg fyrir mitt leyti er það kann ske, þá er bezt, að gefa ekki bænarskránum gaum. Borgarfjarðarsýslu veit eg um, að hún, og svo sjálfsagt sýsla á sýslu ofan, muni biðja bráðum um það sama, sem Breiðfirðingar fá nú, og þykja sèr órèttur gjör, ef ekki feingist; þess vegna vil eg hafa breytíngaratkvæði mitt; það sparar þínginu tvíverknað og erfiði, og stjórninni sparar það ónæði, og þó menn skyldu halda, að selalátrin ekki fjölguðu við friðunina, þá er samt athugavert, að spilla fyrir þeim, sem þegar eru á komin.

Að konúngsfulltrúi spáði illa fyrir breytíngaratkvæði mínu, læt eg mèr liggja í lèttu rúmi; hann kann að hafa sagt eins og hann meinti, en slíkar spár hræðist eg ekki; því stjórnin mundi ekki fremur neita um friðun selsins, en friðhelgi æðarfuglsins.

Eg mæli að öðru leyti ekki fremur með þessu breytíngaratkvæði mínu; ef svo vill til, getur það lýst sèr sem óhæfilegt og óbrúkanlegt; en ef það er gott og gagnlegt landinu yfir höfuð, er það í ábyrgð þíngsins, að fella það.

M. Andrèsson: Eg vil endurtaka það, sem eg mælti hèr

á þínginu um daginn, að eg skyldi ekki leingja til muna ræðurnar um selinn, því eg væri honum ókunnugur, en eg verð þó hins vegar að játa það, að eg er töluvert farinn að kynnast selaveiðinni af ræðum manna hèr í salnum. Það mun eiga heima við þetta málefni, sem fleira, að „allur er jöfnuðurinn beztur“, og að þræða meðalveginn, verður opt affarabezt. Breytíngaratkvæði þau, sem hèr hafa verið borin upp í þessu máli, hafa mætt ýmislegum mótbárum; þau stefna líka sitt í hverja áttina. Eptir minni skoðun á þeim held eg, að þeir menn, sem hèr eru á þíngi, ættu álíka ervitt með, að forsvara það fyrir löndum sínum, ef þíngið aðhylltist 1. breytíngaratkvæðið, sem fer því fram, að selurinn verði friðaður fyrir skotum takmarkalaust kríng um land allt, eins og hitt, ef þeir fallast á uppástúngu nefndarinnar, að friða hann hvergi nema á Breiðafirði einum, fram yfir það, sem veiðilagatilskipunin gjörir. Í fyrra tilfellinu er mönnum meinað, að skjóta sel við þær strendur landsins, hvar önnur selveiði aldrei getur átt sèr stað, og þetta kemur sèr illa; allt eins á hina síðuna munu allmargir ekki una því vel, að Breiðfirðíngar einir fá friðun hans í fyllsta mæli, en eingir aðrir. Það er helzt fundið að 2. breytíngaratkvæðinu, að það sè nokkuð óákveðið, hve vítt bannið skuli gánga, þar sem nokkur selveiði er; verði svo úr því jag og ágreiníngur. Það væri nú að vísu æskilegt, ef lögin væru svo, að ómögulegt væri, að fara í kríng um þau, en til þessa hefur það verið torsótt, að gjöra þau svo úr garði, og svo mun enn verða. Þar eg vil helzt mæla með því, að selurinn verði friðaður, þar sem þörf er á því, en ekki annarstaðar, ætla eg að greiða atkvæði með 2. breytíngaratkvæðinu, hvort sem aðrir gjöra það margir eða fáir.

Framsögumaður: Mig gladdi það mikið, að heyra, hversu hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mælti vel með nefndarálitinu, og gaf þínginu til kynna, að innihald þess væri satt og rètt, og uppástúngan mikils-umvarðandi, og því síður hygg eg mönnum komi til hugar, að fella hana. En skyldi nú þíngið ásamt með henni gefa atkvæði sitt fyrir breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Mýrasýslu, þá vildi eg mega biðja hinn háttvirta forseta, að leita atkvæða þíngsins um það, hvort ei mætti gjöra orðabreytíngu í atkvæði þíngmannsins, ef hann vill fallast á það, þannig: „línuna, 1 vika sjávar suður frá syðsta odda Öndverðarness til Skipaskaga á Akranesi“.

Forseti: Eg get skotið því til atkvæða þingmanna, hvort þeir vilji leyfa þingmanninum, að breyta þannig uppástúngu sinni nú.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera þeirrar meiningar, að það sè öldúngis ófært, að koma nú með nokkra breytíngu á 4. breytíngaratkvæðinu, og það þá breytíngu, sem er töluverð efnisbreytíng, og það þegar svo er komið lángt umræðunum, að nálega einginn þingmanna getur framar tekið til orða.

Forseti: Mèr þykir þessi breytíng svo fjarlæg uppástúngunni, að eg vil ekki leyfa upp á mitt eindæmi, að hún komi til atkvæða.

Þar eð ekki fleiri taka til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls vera lokið, og bið eg því þingmenn að gánga til atkvæða.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. uppástúnga *H. Stephensens*: felld með 13 atkvæðum gegn 7.
2. —— *G. Einarssonar*: felld með 12 — — 8.
3. —— *nefndarinnar*: samþykkt með 17 atkv. gegn 3.
4. —— *J.* hreppst. *Sigurðssonar*: samþ. með 12 atkv. gegn 7.
5. —— *Á. Einarssonar*: felld með 10 atkvæðum gegn 6.
6. —— *Á. Einarssonar*: tók uppástúngumaður aptur.

Forseti: Ályktarumræðu máls þessa er nú lokið, og skal eg þá ákveða fund á morgun kl. 12; þá verða tekin til undirbúníngsumræðu nefndarálit í hússtjórnarmálinu og í búnaðarskólamálinu.

Fundi slitið.

---

20. júlí — sextándi fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá 2 síðustu fundum upp lesin og samþykkt.

Forseti: Í dag kemur samkvæmt dagskránni fyrst til undirbúníngsumræðu nefndarálitið í málinu viðvíkjandi hússtjórnarlögum á Íslandi.

Framsögumaður nefndarinnar, *prófessor P. Pètursson*, gjörir má ske svo vel, að lesa upp nefndarálitið.

Framsögumaður las upp nefndarálitið svo látandi:

Hið heiðraða þing hefur kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um 3 bænarskrár, er til þingsins eru komnar, nefnilega

1 frá Mýrasýslu, 1 frá Skagafjarðarsýslu, og 1 frá Gullbríngusýslu, allar um húsaga eða hússtjórn hèr á landi.

Samkvæmt þessu skulum vèr fyrst leyfa oss í sem fæstum orðum að taka fram hin helztu atriði hverrar þessarar bænarskráar sèr í lagi, þannig:

1. Bænarskráin úr Mýrasýslu hefur það sameiginlegt hinum, að hún minnir á, hvílík þörf sè á, að innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa hèr á landi væru ákveðin með nýju lagaboði; en af því hún telur það óvíst, að enn sè feinginn sá undirbúningur, að fullkomin löggjöf geti nú þegar komið út um þetta efni, þá fer hún fram á, að sèrstakleg atriði þessa málefnis, sem minna undirbúnings þyrftu við, mættu nú þegar verða ákveðin með nýju lagaboði, og fer því sèr í lagi á flot, að þetta alþíngi vilji *annaðhvort* senda konúngi frumvarp til tilskipunar um, að hvert hjú fái sína löggilta kaupgjaldsbók, eða löggilt skírteini, er gefi órækа vissu um þess háttar viðskipti húsbænda og hjúa, *eða* þegnlega bón um, að hann vilji leggja frumvarp um þetta atriði fyrir næsta alþíngi, og byggir hún þessa uppástúngu sína einkanlega á því, að, eins og tilsk. 10. febr. 1847 hafi tryggt rètt gjaldþegnanna með þeirri ákvörðun, að hver þeirra skuli hafa löggilta gjaldabók, eins sè þörf á því, að kaupgjaldsviðskipti húsbænda og hjúa væru tryggð með því, að hvert hjú feingi sína kaupgjaldsbók.

2. Bænarskráin úr Skagafjarðarsýslu fer því á flot, að þíngið beri þá bæn fram fyrir konúnginn, að hann láti semja frumvarp til lagaboðs um húsagann, húsmenn, lausamenn og vinnuhjú hèr á landi, og síðan bera það undir álit alþíngis.

3. Bænarskráin úr Gullbríngusýslu bendir á þá nauðsyn, sem vera muni á, að ítreka aðalatriði tilsk. 3. júní 1746, með þeim breytíngum, sem þættu við eiga eptir núverandi kríngumstæðum. En þar eð hún óttast fyrir, að alþíngi hafi í þetta sinn ekki tíma til, að ræða alla þessa tilskipun til hlítar, tekur hún einkum fram 26. grein nefndrar tilskipunar, og óskar, að alþíngi sendi um það bænarskrá til konúngs, að grein þessi verði ítrekuð með nýju lagaboði í sama anda og sama tilgángi, en í því formi, að hver maður konfirmeraður sè skyldur, að eiga vitnisburðarbók, löggilta af sýslumanni, og að láta rita þar í alla lögboðna vitnisburði sína.

Hvað nú þessar 3 áminnstu bænarskrár snertir, þá er nefndin þeim öldúngis samdóma í því, að brýn nauðsyn beri til, að

ný lög um innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa verði gefin út fyrir landið, og ætlum vèr, að menn hafi svo almennt hèr á landi fundið til þessarar þarfar um leingri tíma, að það þurfi ekki frekari sönnunar við, heldur sè nóg, einúngis að benda til þess, sem hinu heiðraða þíngi er fullkunnugt, að um þetta mál varð tilrætt í embættismannanefndum þeim, sem að konúngsboði áttu fundi með sèr í Reykjavík árin 1839 og 1841, og að þær könnuðust við þá nauðsyn, sem til þess bæri, að fá hèr innleidd ný hússtjórnarlög, og sömuleiðis, að árið 1847 sendi alþíngi þegnlega bæn til konúngs um, að hann lèti endurskoða húsagatilskipun 3. júní 1746, ásamt tveimur öðrum tilskipunum frá sama tíma. Vèr ætlum og, að stjórnin sjálf kannist við þessa nauðsyn, og vitum ekki betur, en að hún í því skyni hafi aflað sèr hèr að lútandi skýrslna og upplýsínga frá yfirvöldum og ýmsum embættismönnum hèr á landi. Nefndin verður því að álíta áður nefndar bænarskrár í þessu tilliti á góðum rökum byggðar, og mæla fram með því við hið heiðraða þíng, að þær að þessu leyti verði teknar til greina.

Enn fremur er nefndin bænarskránum samdóma í því, að þetta mál útheimti svo rækilegan undirbúníng, að þetta þíng geti ekki tekizt á hendur, að semja frumvarp til slíkra laga, bæði vegna tímans naumleika og með tilliti til þeirra mörgu mála, sem þíngið þegar hefur tekið til meðferðar og afgreiðslu. Að vísu er nefndin þeirrar meiníngar, að mikið mundi það lètta og flýta fyrir tilbúníngi slíks frumvarps, ef hliðsjón væri höfð af frumvarpi því til vinnuhjúalaga fyrir Danmörk (Udkast til Tyendelov for Kongeriget Danmark), sem stjórnin lagði fyrir ríkisþíngið næstliðinn vetur (sbr. §§ 1, 7, 12—14, 16, 18, 23—29, 32—49, 51—52, 54—58, 62—65, 67—69), og þó einkum af tilskipun um vinnuhjú fyrir hertogadæmin Slèsvík og Holstein frá 25. febr. 1840 (sbr. §§ 1—8, 10—24, 26—28, 32—36, 38—44, 53—54), þar eð margar af þeim þar til greindu ákvörðunum mundu eiga hèr vel við; en vegna landsins sèrstaklega ásigkomulags, einkum hvað hina svo kölluðu þurrabúðarmenn og lausamenn snertir, sem við tilbúníng þeirra laga, er hèr ræðir um, vel verður að taka til greina, og með tilliti til þeirrar vandhæfni, sem er á, að ákveða stöðu þeirra í tilliti til annara búanda og vinnuhjúa, verður nefndin þó, eins og áður er mælt, að ráða þínginu frá, í þetta sinn að takast á hendur, að semja frumvarp til vinnuhjúalaga. Þar á mót mælir nefndin af áður

töldum ástæðum fram með því, að hið heiðraða þing vilji biðja stjórnina um, að bera frumvarp til nýrra laga um innbyrðis skyldur og réttindi húsbænda og hjúa, um þurrabúðarmenn og lausamenn hér á landi, svo fljótt sem verður, undir álit alþingis.

Þó nefndin þannig álíti sér of vaxið, að semja slíkt frumvarp, einkanlega með tilliti til þess stutta tíma, sem hún á ráð á, og efist um, að þingið héðan af mundi geta rætt slíkt frumvarp til fulls, hversu æskilegt sem þetta að öðru leyti kynni að vera, álítur hún sér þó skylt, að drepa á þau sérstaklegu atriði, sem tekin eru fram í áður sögðum bænarskrám, og sem hér að lúta, og segja með sem fæstum orðum álit sitt um, að hve miklu leyti þau ættu að takast til greina í hinu nýja lagaboði.

Þar sem bænarskráin nr. 1 fer því á flot, að alþingi annaðhvort sendi konúngi frumvarp til tilskipunar um, að hvert hjú geti feingið sína kaupgjaldsbók eða löggilt skírteini, sem gæfi óræka vissu um viðskipti húsbóndans og hjúsins, eða þegnlega bón um, að hann vilji leggja frumvarp um þetta atriði fyrir næsta alþingi, þá getum vér því síður ráðið alþingi til, að semja um þetta atriði frumvarp sér í lagi, sem oss ekki þykir það heyra til aðalatriðanna í þeirri umtöluðu löggjöf, né vera þess eðlis, að það geti tryggt innbyrðis réttindi húsbænda og hjúa yfir höfuð, og vér teljum það mjög efasamt, hvort það ætti einu sinni að takast inn í hina nýju löggjöf, eða hvort það mundi geta staðizt með því trausti, sem viðskipti húsbænda og hjúa hljóta að byggjast á, því fremur sem það hvergi er í lögum bannað, að húsbændur og hjú megi gjöra skriflega samninga sín í millum, og reiknínga yfir viðskipti sín. Að minnsta kosti virðast slíkar löggiltar kaupgjaldsbækur ekki nauðsynlegri í þessum viðskiptum, en í mörgum öðrum, t. a. m. milli presta og sóknarfólks. En þar sem bænarskráin byggir þessa uppástúngu einkanlega á því, að tilsk. 10. febr. 1847 hafi tryggt rétt gjaldþegnanna með því, að fyrir skipa löggiltar gjaldabækur, þá ber þess að gæta, að þær gjaldabækur eða kvittunarbækur, sem þar ræðir um, eru allt annars eðlis en þessar, þar eð þær viðvíkja skuldalúkníngu til hins opinbera, svo að hið opinbera á þar annars vegar hlut að máli, en hins vegar hver einstakur sem gjaldþegn.

Viðvíkjandi því, sem bænarskráin nr. 3, stingur upp á, að

hver maður konfirmeraður sè skyldur, að eiga vitnisburðarbók, löggilta af sýslumanni, og láta rita þar í alla lögboðna vitnisburði sína, þá er það meining nefndarinnar, að ákvörðun um löggilta vitnisburðarbók fyrir hvert hjú sè öldúngis ómissandi í hinni umbeðnu löggjöf, þannig, að hver konfirmeraður maður, undir eins og hann fer í vist, og hvert hjú, sem er í vist, innan viss tiltekins tíma eptir að tilskipunin væri auglýst, væru skyld til, að útvega sèr vitnisburðarbækur, löggiltar af viðkomandi sýslumönnum, og að þær yrðu lagaðar líkt og í Danmörku með tilsk. 5. sept. 1832, og í hertogadæmunum með tilsk. 25. febr. 1840, með þeim breytíngum eptir okkar hag, sem nauðsynlegar væru, eins og það líka virðist *hèr* eiga vel við, að gjöra húsbændum að *skyldu,* að rita í þær vitnisburð um hegðun, trúmennsku og dugnað hjúanna.

Hvað því viðvíkur, sem bænarskráin nr. 2 fer fram á, að sú umbeðna tilskipun nái einnig til húsmanna og lausamanna, þá játar nefndin að vísu, að þess háttar ákvörðun kynni, ef til vill, í straungum skilníngi að sýnast heyra undir sèrstaklegt lagaboð, þar eð bæði húsmenn eða þurrabúðarmenn og lausamenn eru sèrstakir flokkar manna, sem lifa út af fyrir sig; en þó standa þessir flokkar í svo nánu sambandi við vinnuhjúahald, og hafa svo mikil áhrif á þetta og á kjör búanda yfir höfuð hèr á landi, að nefndinni þykir mjög svo tilhlýðilegt, að hin umbeðna tilskipun hefði tillit til þeirra, og að sú gamla grundvallarregla væri í tilliti til lausamanna ítrekuð, að allir sèu skyldir, að gánga í vist, sèu þeir ekki búandi, eða hafi annan lögmætan atvinnuveg, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem nauðsynlegar þættu, og að fèbætur kæmu í stað þeirra þvingunarmeðala, sem beitt hefur verið, til að koma í veg fyrir lausamennsku (tilsk. 19. febr. 1783); en að í tilliti til þurrabúðarmanna verði þær reglur, sem um þá eru gjörðar í konúngsbrèfi 21. júlí 1808, og reglug. 8. jan. 1834, VII., 21, lagaðar og teknar inn í hið nýja lagaboð.

Samkvæmt framansögðu ræður því nefndin þínginu til, að bera þá þegnlegu bæn fram fyrir konúng vorn,

að hann, svo fljótt sem verður, leggi fyrir alþíngi frumvarp til nýrra laga um innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa hèr á landi, um þurrabúðarmenn og lausamenn, og að í því verði meðal annars

a, *ákveðið, að hver konfirmeraður maður, undir eins og*

hann fer í vist, og hvert hjú, sem er í vist, innan viss tiltekins tíma eptir að tilskipunin er birt almenníngi, sèu skyld til, að hafa vitnisburðarbók, löggilta af hlutaðeigandi sýslumanni, sem húsbændur skuli skrifa í vitnisburð um hegðun og þjónustu hjúanna;

b, *í tilliti til lausamanna sú grundvallarregla ítrekuð, að allir sèu skyldir, að fara í vist, nema þeir sèu búandi, eða hafi annan lögmætan atvinnuveg, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem nauðsynlegar þættu, og að fèbætur komi í stað þeirra þvíngunarmeðala, sem beitt hefur verið, til að koma í veg fyrir lausamennsku; og*

c, *að í tilliti til þurrabúðarmanna verði þær reglur, sem um þá eru gjörðar í konúngsbrèfi 21. júlí 1808, og reglug. 8. jan. 1834, VII., 21, lagaðar og ánýjaðar.*

Reykjavík 16. d. júlímán. 1853.

Þ. Sveinbjörnsson formaður. *P. Pètursson,* framsögumaður. *G. Brandsson. Havstein. Þ. Jónassen.*

P. Pètursson: Af álitsskjali nefndarinnar, sem nú var lesið, hefur hið heiðraða þíng sèð, hverja meðferð þessa máls nefndin aðhylltist, og álít eg því öldúngis óþarft, að fara þar um mörgum orðum. En gæti það stytt umræðurnar um þetta mál, og þannig sparað þínginu tíma, skal eg þó, en að eins með hálfyrði, minnast á það, sem nefndin hafði sèr hugfast, og það var eiginlega þetta: nefndin var eindregin á því, að hún ætti að ráða þínginu til þess, sem bænarskrárnar allar sameiginlega fóru fram á, *að biðja konúng, svo fljótt sem því yrði við komið, að leggja fyrir alþíngi frumvarp til nýrra hússtjórnarlaga fyrir landið;* þar á mót hèlt hún af þeim ástæðum, sem í álitsskjalinu eru til greindar, að það væri ekki ráðlegt fyrir þetta þíng, að takast á hendur, að semja og ræða slíkt frumvarp. En þegar nefndin komst niður á þessari undirstöðu, þá var henni það ljóst, að hún mætti ekki fara svo lángt inn í *hin sèrstaklegu atriði þessa máls,* að það gæti bundið hendur á stjórninni eða alþíngi seinna meir. Það var henni ljóst, að hún ætti ekki að taka til umræðu önnur sèrstakleg atriði en þau, sem bænarskrárnar gáfu tilefni til, eða sem sèrstaklegt ásigkomulag landsins útheimti, og þó ekki tala um þessi atriði öðruvísi, en í almennum orðatiltækjum, til þess að koma í veg fyrir lángar umræður um þau á þessu þíngi, ef mögulegt væri.

Þau sèrstaklegu atriði, sem nefndin hefur stúngið upp á að tekin væru inn í frumvarp það, sem lagt yrði fyrir alþíngi, eru sèr í lagi 3, um *vitnisburðarbækur* fyrir hvert hjú, um *lausamenn* og *þurrabúðarmenn,* og vona eg, að hið heiðraða þíng álíti öll þessi atriði mikilvæg. Hvað vitnisburðarbækurnar snertir, þá þótti nefndinni óþarfi, að til taka það nákvæmar, en hún gjörði, hvernig þær ættu að vera lagaðar, því fremur sem hún hèlt, að með lítilfjörlegum breytíngum mætti hafa þær í líku formi, og gjört er í Danmörku, og talaði nefndin um, að henni þætti bezt tilfallið, að hreppstjórar hefðu slíkar bækur, löggiltar af sýslumönnum, til útbýtíngar, hver í sínum hreppi, en vildi þó ekki setja þessa meiníngu sína í álitsskjalið. Viðvíkjandi *lausamönnum* hefur nefndin til tekið þá grundvallarreglu, að sèrhverjum skyldi vera gjört að skyldu, að fara í vist, sem ekki væri búandi, eða hefði annan lögmætan atvinnuveg, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem nauðsynlegar væru. Raunar bjóst nú nefndin við, að mörgum kynni, ef til vill, að þykja þetta nokkuð óákveðið, og að margur kynni að vilja, að nefndin hefði til tekið þetta nákvæmar; en henni þótti þó ráðlegast, að leiða þetta hjá sèr, til þess, að binda ekki hendur á stjórninni eða alþíngi seinna meir, meir en gjört væri með þeirri tilteknu grundvallarreglu; því setjum nú t. a. m., að nefndin hefði til tekið, að allir skyldu mega vera lausir, úr því þeir hefðu náð einhverjum vissum aldri, t. d. 40 ára aldri, og setjum, að þetta þíng fèllist á það, og að stjórnin tæki það því inn í hið umbeðna frumvarp, hver þorir þá að ábyrgjast, að það alþíngi, sem frumvarpið verður borið undir, fallist á hið sama? hver veit, nema það vilji hafa annan aldur tiltekinn, t. d. 36 ár eða jafnvel 28 ár? hver veit nema það þíng vilji ekki láta binda þetta við neinn vissan aldur, heldur við eitthvað annað, t. d. að leysa leyfisbrèf? og væri það þá tilhlýðilegt fyrir okkur, að vera búnir að binda hendur á því þíngi, eða hafa gefið tilefni til þess, að það yrði að ónýta tillögur okkar eða frumvarp stjórnarinnar í þessu efni? við verðum allt af að hafa það hugfast, að alþíngi á aptur að ræða það frumvarp, sem frá stjórninni kemur, og að þá er sá rètti tími til, að bera upp þær breytíngar við það, sem nauðsynlegar þykja, og að við því verðum að forðast, að fara of lángt út í hin sèrstaklegu atriði málsins. Hvað *þurrabúðarmennina* snertir, þá rèð nefndin að eins til þess, að hið heiðraða þíng beiddi stjórnina, í því umbeðna frumvarpi að laga og

ányja þau lagaboð, sem um þá gilda, af þeirri sannfæríngu, að þessar laga-ákvarðanir ekki hefðu haft þau tilætluðu not; en breytíngarmátann vildi nefndin ráða til að fela stjórninni á hendur.

Það, sem að minni meiníngu ætti að vera aðalumtalsefni þíngmanna í þetta sinn, er það, hvort nefndin annaðhvort hafi skilið eptir eitthvert svo mikilvægt, en þó sèrstaklegt atriði málsins, að stjórnina þyrfti að minna á það, eða hún hafi tekið eitthvert það atriði inn í álitsskjal sitt, sem þíngið haldi að ekki ætti að standa í hinu umbeðna frumvarpi stjórnarinnar.

Hið heiðraða þíng verður nú að dæma um, hvernig nefndinni hefur tekizt, að leysa þetta ætlunarverk af hendi, og skal eg að svo stöddu ekki fara um það fleirum orðum.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að fara fáeinum orðum um nefndarálitið, sem nú er til umræðu, og er eg þá fyrst samdóma nefndinni í því, að hún hefur ráðið þínginu til, að senda konúngi bænarskrá um, að samið yrði frumvarp til tilskipunar áhrærandi skyldur og rèttindi húsbænda og vinnuhjúa; því að þörf sè á slíkri tilskipun, vakir ei alleina fyrir innbúum lands þessa, er sent hafa þínginu margar þar að lútandi bænarskrár, heldur hefur það og einnig verið viðurkennt af embættismannanefnd þeirri, er samkomur átti hèr í Reykjavík árin 1839 og 1841. Það hefur einnig verið viðurkennt af alþíngi 1847, er þá samdi um það bænarskrá, og sendi hana konúngi, og loksins hefur það verið viðurkennt af mörgum embættismönnum hèr í landi, að ákvarðanir þær, sem húsagatilskip. af 3. júní 1746 inniheldur um þetta efni, sèu ónógar og ósamsvarandi þessum tímum, hvað eð sjá má af hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis af 23. maí þ. á. Líka verð eg að vera samdóma nefndinni í því, að hún ei hefur ráðizt í, að semja í þetta skipti frumvarp til tilskipunar um rèttindi húsbænda og hjúa; því bæði var tími til þess í þetta skipti ónógur, og líka hafa nefndarmenn átt svo mörgum öðrum og vandasömum málefnum að gegna, að til þess var með eingu móti ætlandi, að nefndin gæti af lokið því starfi, að semja þvílíkt frumvarp svo vel færi.

Eg hef að sönnu áður, nefnilega árið 1847, verið þeirrar meiníngar, að bezt mundi fara, að nokkrum embættismönnum hèr á landi væri falið á hendur, að semja þvílíkt frumvarp, sem hèr ræðir um; en nú er nokkuð öðru máli að gegna; því þá var

spurníngin ei einúngis um endurskoðun húsagatilskipunarinnar, heldur og tilskipunarinnar frá 29. maí 1744 um helgidagahald, og tilskip. frá 27. maí 1746 um húsvitjanir. En nú er þegar frumvarp samið og lagt fyrir þetta þíng til tilskipunar um sunnu- og helgi-dagahald, og nú er það viðurkennt af yfirvöldunum hèr á landi, að ei beri brýn nauðsyn til, að endurskoða tilskipunina um húsvitjanir, og ei heldur þann hluta húsagatilskipunarinnar, sem snertir barnauppeldi. Það er því einúngis sá hluti af síðast nefndri tilskipun, sem áhrærir skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa, sem endurskoðunar þarf við, eður rèttara, hvar um nýtt frumvarp þyrfti að semja. En þó nú svo kynni að vera, að stjórnin hèðan frá landi ei hafi feingið nægilegar skýrslur, til að undir búa og semja frumvarp til lagaboðs um þetta efni, þá verð eg þó að ætla, að skýrslur þær, sem hèðan eru komnar stjórninni til handa, muni vera svo á sig komnar, að stjórnin, með tilstyrk þeirra íslenzku embættismanna, sem eru í hinni íslenzku embættisdeild, og með hliðsjón af greinum þeim í frumvarpinu til vinnuhjúalaga fyrir Danmörk, sem nefndin í áliti sínu hefur til bent, mundi geta samið all-hentugt frumvarp til slíkra laga fyrir Ísland.

Eg verð einnig að vera því samdóma, að nefndin hefur ráðið frá, að löggilda hèr kaupgjaldsbækur fyrir vinnuhjú, því það álít eg með öllu nauðsynjalaust; því líkt smáviðskipti manna, sem kaupgjaldsreikníngar milli húsbænda og hjúa, er hèr í landi eingan veginn nauðsynlegt að tryggja með skriflegum samníngum, því hèr er orðheldni manna og traust hvers til annars svo almenn, að eingin nauðsyn er á, að lögin bjóði, að þar um séu samdir skriflegir samníngar, og í þeim einstöku tilfellum, þar sem ágreiníngur verður í slíkum efnum, er það vandhæfislaust, að greiða þar úr.

Hvað vitnisburðarbækur snertir, þá man eg ei betur, en að stjórnin hafi á sínum tíma leitað álits embættismanna hèr um það, hvort lögleiða skyldi á Íslandi tilsk. frá 5. sept. 1832, og munu þá að minnsta kosti fleiri af þeim hafa ráðið frá því, og talið þar á ýms tormerki, því að ekki hefur hún, eins og menn vita, enn þá verið löggilt hèr. Því verður heldur ekki neitað, að það er ýmsum vandkvæðum bundið, að lögbjóða hèr vitnisburðarbækur fyrir vinnuhjú; því margir menn, þótt ráðvandir og sannorðir séu, eru þó svo skapi farnir, að þeir af vorkunnsemi og meðaumkun draga fjöður yfir smábresti og yfir-

sjónir vinnuhjúa, sem frá þeim fara, og líka kann víða svo á að standa, að nokkur umsvif þurfi, að ná til þeirra, er reglulega geti skrifað slíka vitnisburði, og svo er líka hætt við, að vitnisburðarbækurnar kunni að glatast hjá ýmsum vinnuhjúum.

Það er að vísu satt, að löggjöfin um *lausamenn* og *þurrabúðarfólk* stendur í nokkru sambandi við löggjöfina um skyldur og réttindi vinnuhjúa, og að það þess vegna mundi verða nauðsynlegt, að löggjöf þar um kæmi út, undir eins og vinnuhjúalögin, en hentugast virðist mèr, að þar um væri þó gefin sèrstakleg tilskipun. Loksins skal eg geta þess, að eg er á sama máli, sem nefndin, í því, að hentugra er, að lögð verði fjársekt við lausamennsku, en að hún varði líkamlegri refsingu, eins og nú standa lög til, því reynslan hefur þrávallt sýnt, að lausamennska optlega ekki hefur verið átalin, af því mönnum hefur þótt hegníngin, sem við lá, of straung og ósamboðin yfirsjóninni.

Framsögumaður: Það gladdi mig, að konúngsfulltrúi yfir höfuð er samdóma nefndinni. Það var einúngis ein athugasemd í ræðu hans, sem eg ekki fullkomlega gat fellt mig við, nefnilega viðvíkjandi vitnisburðarbókum hjúa. Hann sagði, að margir embættismenn hefðu ráðið frá því, að hjú feingju slíkar bækur, af 3 ástæðum, 1, að ekki væri öllum húsbændum hægt, að skrifa í þær, 2, af því, að bækur þessar gætu auðveldlega glatazt, og 3, að húsbændurnir kynnu að draga dulur á brek hjúanna. Fyrsta ástæðan gæti víst ekki orðið þessu til fyrirstöðu, því bæði er það, að margir húsbændur eru skrifandi, og verða að líkindum allt af fleiri og fleiri, eptir því sem menntun almennings vex, og líka mundi vera hægt, að lètta undir þetta með húsbændunum af öðrum nágrönnum þeirra, eða að minnsta kosti af hreppstjóra eða presti. En viðvíkjandi því, að húsbændurnir kynnu að dylja galla hjúanna, þá álít eg líka, að þetta geti átt sèr stað; en misbrúkun gæti þó ekki orðið svo almenn, því eg verð að halda, að hver almennilegur maður muni gefa vitnisburðinn eptir beztu sannfæríngu, einkum þegar sú sannfæríng fer að verða almenn, hve áríðandi það sè fyrir húsbændurna, að slíkir vitnisburðir sèu sannir og réttir. En hvað því viðvíkur, að vitnisburðarbækurnar kunni að týnast, þá yrði sjálfsagt hèr, eins og í Danmörku, að reisa rammar skorður við þessu með sektum, ef það sannast, að hjúið hafi viljandi glatað vitnisburðarbók sinni, og leggja ríkt á við hjúið, að fá

sèr nýja í stað hinnar glötuðu, svo fljótt sem mögulegt væri.

H. Stephensen: Konúngsfulltrúi gat þess, að leitað hefði verið álits embættismanna 5. sept. 1832; eg var embættismaður þá, og síðan hefur sannfæring mín staðfest þá sömu meiníngu, er eg þá hafði, að vitnisburðarbækurnar væru kann ske hið einasta aðhald fyrir hjúin.

Fyrst það á að vera ástæða á móti bókunum, að húsbændurnir kunni kann ske ekki að vera skrifandi, sem eg veit að opt vill til, þá finnst mèr vel tilfallið, að sóknarpresturinn eða hreppstjórinn skrifi undir með búsbóndanum, því bæði er presturinn siðamaður í sinni sókn, og svo yrði vitnisburðurinn þannig áreiðanlegri, og seinni húsbændur fremur trúa honum. Eg held nefndin gjöri því fullkomlega rètt, að fara því fram, að vitnisburðarbækur verði gefnar, og eptir minni meiníngu ættu þær að vera undirskrifaðar bæði af prestinum eða hreppstjóranum, og af búsbóndanum.

Á. Einarsson: Eg ætla ekki að spilla gleði framsögumannsins yfir því, er konúngsfulltrúinn hrósaði nefndarálitinu, því aðrar nefndir gleðja sig víst í þeirri von.

Eg vil minnast lítið á vitnisburðarbækurnar, því ef nokkuð er nauðsynlegt viðvíkjandi húsmannalögum, þá eru þær það. Það held eg, að margir húsbændurnir geti skrifað í þær, og sú mennt er í framförum, enda er ekki svo loku fyrir skotið, að þeir geti ekki feingið aðstoð til þess. Eg óttast ekki, að vitnisburðurinn í þeim verði mjög óáreiðanlegur, því við því má búast, að hann þurfi að staðfestast með eiði; enda er það öllum bændum yfir höfuð nauðsynlegt, að vitnisburðir þessir séu sannir. Eg verð að spyrja framsögumann, hvort nauðsynlegt eða rètt sè, að binda byrjun bókanna við 14 ára aldurinn, en í frumvarpinu danska, er nefndin hefur bent til, stendur, að enginn megi ráðast í vist, fyr en hann sè 18 ára, nema með ráði föður eða fjárhaldsmanns, og finnst mèr það viðfeldnara, að miða byrjun bókanna við þann aldur. Eg vildi líka spyrja, hvort ætlað er til, að faðirinn gefi 14 ára gömlu barni sínu vitnisburðarbók, þegar það fer frá honum.

H. G. Thordersen: Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi gat þess, að það mundi áður hafa mætt talsverðum mótmælum, að vitnisburðarbækur yrðu hèr innleiddar, og vil eg ætla, að það ei hafi verið öldúngis ástæðulaust. En þó eg nú standi upp,

er það ekki til að mæla strax móti þessum bókum, en mèr datt einúngis í hug, að bera undir þingið til ýtarlegri athuga nokkur atriði, sem mèr sèr í lagi virtist að þyrftu að takast til greina, og voru þau einkum tvö, sem mèr að sinni komu til hugar; það var fyrst, hvort ei væri ísjárvert, að gefa þegar vitnisburðarbók sèrhverju fermdu barni, kann ske ei eldra en liðuglega 14 ára; því þegar litið er bæði á uppeldið yfir höfuð, á hina mörgu húsbændur, sem misjafnir kunna að vera, og á hina á þeim aldri lítt sèðu eður reyndu æskumenn, get eg ímyndað mèr það sorglega tilfelli, að slæmur vitnisburður, sem æskumaðurinn ætti að gánga með svo sem í vasanum, kann ske frá einum húsbónda til annars, gæti svo spillt fyrir honum, að honum síðan, ef til vill, yrði ei uppreisnar-von. Einginn er sá meðal vor, er ei viti, að margur var sá í æsku nokkuð ódæll, eður með einhverju móti athugalaus í ráði sínu, sem þó seinna, er hann settist, varð hinn vænsti og uppbyggilegasti maður; þess vegna er ei hyggilegt, að eg ætla, að dæma æskuna fyrir tímann, og of snemma ætla eg byrjað, að gefa henni opinberan vitnisburð strax eptir afgeingna fermingu.

Hitt var annað atriðið, að þegar húsbændur gefa eldri hjúum sínum vitnisburð, þá er sjálfsagt gjört ráð fyrir því, að þeir gefi hann rèttan og sannan, eptir beztu samvizku sinni; því sè vitnisburður gefinn öðruvísi, er betri einginn vitnisburður. Nú spyr eg þá, sem kunnugir eru því, hversu hèr í landi veitir ervitt, að fá einhver, eg tala nú ekki um dugleg, hjú, hvort þá gæti ei af þessu leitt, að einmitt þeim yrði lakast til hjúa, sem sannastan vildu gefa vitnisburðinn, því eins og húsaga, bæði með tilliti til yngri og eldri, er varið í landi þessu nú sem stendur, mundu hjú, sem alstaðar geta komið sèr niður, lítt aðhyllast stránga dómendur, einkum þegar dómurinn kæmi ei einúngis fram munnlega, heldur einnig skriflega. Þetta er borið fram til yfirvegunar, án þess eg að svo komnu setji mig einmitt á móti því, að vitnisburðarbækur verði innleiddar.

Framsögumaður: Hefði þingmaðurinn úr Strandasýslu lesið til fulls greinina í nefndarálitinu um vitnisburðarbækurnar, þá hefði hann getað sparað sèr það ómak, að taka til máls, því þá hefði hann getað sèð, að nefndin batt ekki vitnisburðarbækurnar við 14 ára aldurinn eintóman, heldur tók það beinlínis fram, að þeir einir þyrftu að fá sèr slíkar bækur, *sem færu í vist* svo úngir, en nú eru það svo margir, sem dvelja í for-

eldra-húsum laungu eptir þann tíma, og má ske fram undir, eða jafnvel fram yfir, tvítugsaldur. Þó það sè í lögum Dana, að menn megi ekki vistráða sig, fyr en þeir eru 18 vetra, þá er það ekki regla fyrir okkur, og nefndin hefur ekki sagt, að hèr ættu allar ákvarðanir við úr þessum dönsku lögum, heldur margar þeirra með tilhlýðilegum breytingum. Þar að auki er hèr einúngis verið að tala um vitnisburðarbækur. Hvað því viðvíkur, sem hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þíngmaður mælti, þá get eg ekki svarað því öðruvísi en svo, að flestir hlutir hafa sína skuggahlið og sína birtuhlið. Hann hefur nú tekið fram skuggahliðina á þessu, en eg gæti líka, ef til vill, búið til annað málverk, sem liti í gagnstæða átt; því eg get vel ímyndað mèr, að sá húsbóndi, sem fær orð á sig fyrir það, að hann gefi hjúum sínum *sanna* vitnisburði, þó hann kunni að vera vandur að og spar á lofræðum, muni, ef hann annars gjörir vel við hjú sín, draga að sèr *beztu* hjúin, því þá vita þau, að fái þau góðan vitnisburð frá slíkum húsbónda, sem er kunnur að vandlæti, muni þau verða boðin og velkomin, hvar sem vera skal. Það er líka gleðilegt fyrir únglínginn, að fá hrós hjá húsbónda sínum, því á þeim aldri gleðjast menn af hverju smávegis, og það hlýtur að vera hvöt fyrir æskumanninn, til að æfa krapta sína, og láta sèr fara sem mest fram, þegar hann veit, að hann á að fá þann vitnisburð, sem síðar getur opnað honum veg og aðgáng til góðra manna. Eg á líka bágt með, að ímynda mèr svo harðbrjósta og ónærgætna húsbændur, að þeir ekki hafi tillit til æskuáranna, eða þess ófullkomlegleika, sem þessum aldri hlýtur að vera samfara; eg vil miklu fremur ætla, að flestir muni vera svo samgjarnir, að þeir í vitnisburði þeim, sem þeir gefa slíkum únglíngum, heldur gleymi, að til færa þann ófullkomlegleika, sem þessum aldri fylgir, en því góða, sem er í fari únglíngsins. En þetta hefur, eins og eg áður sagði, sína björtu og sína dimmu hlið.

Jón hreppstjóri *Sigurðsson*: Eg get vel verið samdóma hinum háæruverðuga framsögumanni, að það sè nú búið að fela þessu þíngi svo mikið starf á hendur, að því ekki sè kleyft, að kljá málefni þetta svo til hlítar, að það geti búið fullkomið frumvarp til, því málefnið er mjög margbrotið og vandasamt, og einkaráríðandi, að það sè vel vandað, en eg get þó ekki leynt því, að mèr þykir nefndin hafa farið heldur skammt; eg vildi, að hún hefði bent stjórninni á nokkuð fleiri áríðandi atriði, sem endi-

lega þyrftu að vera í frumvarpi því, sem hún vill biðja hana um; þær hefðu ekki þar fyrir þurft að vera svo nákvæmar, að þær hefðu bundið neitt hendurnar á alþingi síðar meir. Þetta er nú fyrir mèr af þeim ótta, að, ef stjórnin er svona ákvörðunarlaust beðin að búa til frumvarp um þetta efni, þá verði hússtjórnarlög vor sprottin af danskri rót, en eg held, að þau fremur flestum lögum ættu að hafa íslenzka rót, því hèr munu heimilishættir og viðskipti húsbænda og hjúa hljóta að vera allt öðruvísi, en í Danmörku. Eg sè nú, að nefndin hefur í áliti sínu bent á ýmsar laga-ákvarðanir, en þær eru allar danskar. Eg veit nú ekki, hvað vel þær eiga hèr við, því eg er þeim ókunnugur, en eg held, að það hefði mátt fá nógar ritgjörðir og ákvarðanir íslenzkar, til að benda stjórninni á að taka til greina.

Eg átti að vera flutníngsmaður að einni þessari bænarskrá, er nefndarálitið um getur, og þó eg ekki ætti sjálfur neinn þátt í stiptun hennar, þá var eg þó samþykkur því, að uppástúnga hennar um kaupgjaldsbækur hjúa væri þarfleg og hreinskilnisleg. Nefndin hefur nú viljað kasta þessari uppástúngu, og þykir hún ekki heyra til aðalatriðanna í hússtjórnarlöggjöfinni, og ekki vera þess eðlis, að hún tryggi innbyrðis rèttindi húsbænda og hjúa, og henni þykir efasamt, að það gæti staðizt, að taka slíkt í lög. Eg get nú ekkert skilið í, hvernin nefndin hefur farið að hugsa eður tala þetta; því hvað getur fremur heyrt til rèttinda húsbænda og hjúa, en kaupgjaldsviðskíptin, og hvað getur betur tryggt rèttindi þeirra, en hreinir og glöggvir kaupskilmálar, og hreinskilnisleg kaupgjaldsafgreiðsla? eða hvað getur meira verið til ótryggíngar samkomulagi og rèttindum þessara, en eingir eða óglöggvir kaupsamníngar, og óhrein eður þegjandi afgreiðsla þeirra? Það er opt svo á eptir, að hjúið þykist ekkert hafa feingið; það viti ekki, hvað það sè, þó það hafi feingið fullt fyrir sitt eða of mikið, og líka opt svo, að sumir húsbændur þykjast hafa goldið fullt, þó þeir hafi lítið af hendi látið. Ef að þíngið nú fellst á, að vitnisburðarbækur verði stiptaðar handa hjúum, þá þykir mèr þær sömu bækur geta borið með sèr kaupgjaldsviðskiptin, og held eg, að eg verði að taka mèr breytíngaratkvæði á þá leið.

G. Brandsson: Þíngmaðurinn frá Mýrasýslu lèt í ljósi það álit sitt, að lagaboð það, sem hèr er verið að tala um, mundi verða sprottið af danskri rót; en þess er þó getið í

nefndaráliti því, er nýskeð var lesið, að álit íslenzkra embættismanna um mál þetta væri komið til stjórnarinnar, og svo vita menn til, að nokkrir menn íslenzkir eru í hinni íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn, og væri ekki ólíklegt, að þeir yrðu hafðir í ráðum, þegar hið áminnsta lagaboð væri búið til. Hann gat þess, að nefndin hefði getað bent á eitthvað annað, en þær tilvitnuðu lagagreinir í álitsskjali hennar, sem flestum mundu vera ókunnugar, og til nefndi hann einkum alþingissamþykkt frá 1722, sem hann segir að vísi til undangeinginna dóma; en hafi nú húsagatilskipunin frá 1746 þótt óbrúkandi orðin, án þess að henni væri breytt, þá get eg til, að sama yrði niðurstaðan með alþingissamþykkt þessa, þar sem hún er þó nokkuð eldri en tilskipunin. Hann talaði um, að menn væru ókunnugir greinum þeim, sem nefndin vitnar til, en ef hinn háttvirti forseti leyfir, vil eg gjarnan reyna til, að skýra frá helzta innihaldi þeirra — *(Forseti:* Það verður þá að vera stutt, því það á ekki við, að fara að tala lángt um lagaboð, sem ekki liggja hèr fyrir). — Innihaldi frumvarps þess, sem lagt var fyrir ríkisþíngið, og tilskipunarinnar fyrir hertogadæmin, sem nefndarálitið vitnar til, munar ekki í neinu verulegu, og er það hèr um bil á þessa leið:

Samníngar millum húsbænda og hjúa.

Á þeim byggist leingd vistartímans, hvað hjúið eigi að vinna, og hvaða kaup að fá; hjúið vinni það, sem fyrir það er lagt, og hagi sèr eptir reglu þeirri, sem sett er á heimilinu; húsbóndinn sjái um þarfir þess, að því líði vel, og að það sè siðlátt, hegði sèr vel; gipt kona má ekki fara í vist án samþykkis bónda síns; sá eða sú má ráða sig í vist, sem er 18 ára; komi hjúið ekki í vistina á rèttum skildaga af ásetníngi, sektist frá 1 til 3 dala. Eins að sínu leyti skal húsbóndinn gjalda því fullt fæði og kaup, vilji hann ekki taka við því.

Hjúið má brigða vistarráð, fatlist það svo, að það verður ekki fært, að gánga í vist á skildaga þess, giptist það, geti foreldrar þess ekki verið án þjónustu þess, þurfi hjúið eigin áliggjandi málefna vegna að fara á fjarlæga staði, t. a. m. vitja arfs, og fl.

Húsbóndinn má segja upp vistarráðum, þegar hjúið hefur dregið hann á tálar með fölskum vitnisburðum, sè það óknyttasamt eða gjöri einhvern glæp, fái það næman sjúkdóm, eða verði ekki vinnufært, eða verði vinnukona ólètt.

Uppsögn vistar: Sè ekki sagt upp á rèttri tíð, hálfu missiri

fyrir skildaga, þá haldist vistarráðin næsta vistarár; vist má ei brigða, þó húsbóndi deyi; rèttur hans geingur til erfingjanna.

Burtrekstrarsakir: Sè húsfriður og regla brotin, þjófnaður, hvinnska, hylming eða prettir í frammi haft, sè skuldað upp á húsbóndann að honum fornspurðum, sè mótþróa og illyrði sýnd, eða ósiðsamleg hegðun höfð fyrir börnum, eða þau ginnt til þess, sem ljótt er, eða illa með þau farið af þeim, sem þau eru á hendur falin, ósamlyndi og lausúng milli vinnufólks, lèttúð og skeytingarleysi, ill meðferð eða vanhirðing á skepnum, næturflakk og bæjaráp, drykkjusvall, geti maður ekki leyst af hendi ákveðið ætlunarverk, en samt verður húsbóndinn að gjalda hjúinu kaup fyrir þann tíma, sem það dvaldi hjá honum.

Hjúið má fara úr vist án löglegrar uppsagnar, sè illa með það farið, t. a. m. barið til muna án saka, sè mannorði þess að ósekju spillt, bresti það til fæðis og klæðis, eigi að brúka það til einhverrar óhæfu. Án orsaka má húsbóndi vísa hjúi úr vist, þegar hann geldur því full laun á vinnu sína, og að auki hálfs missiris laun og fæðispeninga.

Hjúið má fara úr vist án orsaka, ef það geldur til húsbóndans hálfs missiris kaup sitt, og hafi sagt honum upp mánuði áður, en það fer í burt. Hjú, sem fer úr vist án leyfis, og án þess að greiða þær ákveðnu bætur, á að rekast í hana aptur af lögreglumönnum, og þar að auki skal því hegnt með útlátum frá 4 til 10 dala, en geti það ekki goldið, þá með vatns og brauðs fángelsi frá 2 til 5 daga.

Um vitnisburðarbækur.

Strax sem hjú fer í vist, og er konfirmerað, hafi það vitnisburðarbók, hvar í allir þess vitnisburðir ritist, í hvert sinn sem það hefur vistaskipti; hún sè innsigluð af hlutaðeigandi yfirvaldi eða sóknarpresti, gegnumdregin og bundin í sterkt band; fremst í hana skrifist útdráttur laga þeirra, sem gefin eru um vitnisburðarbækur, og svo skírnarnafn þess, sem hún er ætluð, hvar hann er fæddur, hvern dag og ár, einneigin aðrar athugasemdir um stöðu hjúsins, hve nær konfirmerað, vitnisburður prestsins um barnæsku þess og framferði allt til þess tíma.

Ef bókin tapast af ásetníngi hjúsins, liggja bætur við, frá 5 til 10 dala, eða vatns og brauðs fángelsi, og þar að auk á hjúið að fá sèr nýja vitnisburðarbók.

Sèrhver húsbóndi á að rita í bókina vitnisburð hjúsins, áður en það fer í burt, og á þar að til greina, hve nær það hafi

til hans komið, og nær þaðan farið, en sjálfráður er húsbóndinn, hvort hann vill geta um, hvernig það hafi hegðað sèr í þjónustunni.

Sè vitnisburður gefinn betri eða verri, en hjúið á, liggja bætur við, allt að 20 dölum.

Hafi hjúið ekki þá rèttu vitnisburðarbók, bæti frá 1 til 10 dala, og taki húsbóndi hjú í vist án vitnisburðarbóka, og án þess að ráða þar á bót, bæti sömuleiðis frá 1 til 10 dala.

Forseti: Er það meining þingmannsins, að bera upp breytingaratkvæði um öll þessi einstaklegu atriði?

G Brandsson: Nei, mèr hefur ekki dottið það í hug, það því síður, sem eg held, að mörg þeirra þyrftu mikið að breytast og lagast, áður en þau gætu átt hèr vel við. Nefndarálitið hefur líka einúngis bent á, að hliðsjón mundi mega hafa af þeim, en ekki öðruvísi; það eru til að mynda tvö atriði, sem eg held að hèr eigi illa við nú sem stendur, þau nefnil., að reka hjú úr vist, og að hjú megi fara úr vist án löglegrar uppsagnar; því eg er hræddur um, að það bætti hvorki siðferði hjúanna nè hjúahald bændanna. Sjálfsagt er um það að vísu, að ef lausamenn yrðu allir skyldaðir til, að gánga í vistir, þá eru líkindi til, að hjúahaldið yrði ekki eins ervitt og það nú er, en þó held eg þessi burtrekstur eigi hèr jafnan illa við.

Ekki get eg fallizt á það, sem herra biskupinn var hræddur um, að vitnisburðarbækurnar mundu skemma hjúahald bóndans, að því leyti, að honum yrði óhægra, að fá þau eptir en áður; því þegar bækur þessar væru lögboðnar um land allt, og þar að auki kreppt að lausamönnunum, dygði hjúunum ekki, að hlaupa úr einum stað í annan, til að forðast þetta, þar þau ættu alstaðar von á hinu sama, en sjálfsagt er um það, að vitnisburðir þessir ættu að vera sem rèttastir að orðið gæti.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Mèr þykir nú vera komið of mikið af þessu danska rusli og reglum þeirra, og það var aldrei meining mín, að nefndin hefði átt að taka svona mörg og smásmugleg atriði fram í áliti sínu, þó hún hefði drepið á fleiri íslenzk áríðandi höfuðatriði, en hún hefur gjört. Mèr finnst líka margar af þessum upplesnu lagareglum ekki geta átt við hèr á landi, en allar hinar betri og hentugari af þeim mátti finna í íslenzkum lögum og ályktunum, og vísa stjórninni á þær þar, og þurfti ekki að sækja þær í dönsk lög. Það hefur svo opt verið talað um þetta áríðandi mál hèr á landi, og svo

margir merkilegir dómar og samþykktir um það verið gjörðar, þar sem kvartanir og ályktanir hafa um það komið á hverri öld, já, tvisvar og þrisvar á hverri öld, það eg veit, síðan á 15. öld, 1490, að píningsdómur var gjörður, að eg held, að hægt hefði verið, að vísa á íslenzkar ályktanir í hússtjórnarlögunum til undirstöðu, og nokkuð er það, að alþingissamþykktin frá 1722, hún mundi þó víst vera þess verð, að hún hefði verið lögð til hliðsjónar.

Hvað vitnisburðarbókunum viðvíkur, þá er eg nú að mínu leyti ofur-hræddur um, eins og sá hæstvirti konúngsfulltrúi og hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þíngmaður hafa drepið á, að þær verði ekki ætíð áreiðanlegar, og það liggur mér við að segja, að kaupgjaldsbækurnar hefðu orðið áreiðanlegri í sinni grein. Mér þykir það líka freistíngarefni, að þá vitnisburðirnir væru nú misjafnir (eins og fólk á skilið, því margur er misjafn), og hjúin ættu sjálf að geyma bókina, svo hún gæti sýnt það misjafna um þau, að hún kynni einhvern tíma að glatast, eða ekki geymast sem bezt.

G. Brandsson: Eg vona, að hinn virðulegi þíngmaður Mýrasýslu hafi tekið eptir, að í lagaboðum þeim, sem eg minntist á áðan, er lögð sekt við, ef vitnisburðarbókin tapast af ásettu ráði. En hvað því viðvíkur, sem einn eða fleiri þíngmenn hafa minnzt á, að þeir mundu margir vera, sem ekki gætu samið og skrifað vitnisburði þessa, þá vil eg geta þess, að til er konúngsbréf frá 7. apríl 1780, sem skipar fyrir, að prestur með hreppstjóra skrifi vitnisburðinn fyrir þá húsbændur, sem sjálfir eru óskrifandi, en að hinir, sem skrifandi eru, semji hann og skrifi í viðveru þessara (prests og hreppstjóra). Það er annars lángt síðan farið var að tala um, að ítreka þessa vitnisburði, sem mjög eru nú orðnir sjaldgæfir; það var þegar 1839 í bústjórnarriti suðuramtsins talað um þá í grein þeirri um hússtjórnina, sem þar er prentuð, og voru þeir þar álitnir eitt meðal henni til umbóta. En það var líka tekið fram, að þeir ættu að vera *sannir, greinilegir* og *hispurslausir*, enda er auðvitað, að á því ríður, og þó sannleikurinn kynni ekki ætíð að verða mjög auðfundinn í þessu heldur en öðru, þá vita menn, að þeim er þó skylt, að leita hans, og að hann felst sjaldan til leingdar.

St. Jónsson: Í tilliti til þess, sem einhver þíngmanna áðan sagði, að frumvarp til þessara laga yrði sprottið af útlenzkri

rót, þá verð eg þó að geta þess, að þetta þing er íslenzkt og innlent, og þegar við aðgjörðir þess bætist álit embættismanna, sem víst líka var innlent, þá finnst mèr líka rót málsins verða að vera það. Viðvíkjandi því, að með 14 ára aldrinum skyldu vitnisburðarbækur þessar byrja, þá álít eg, að, þó únglingurinn sè ekki eldri, þegar hann fer í vist, þá eigi þó betur við, að hann ekki þá strax skyldist til, að eiga vitnisburðarbókina; því álít eg vera bezt, að breyta því til 18 ára aldurs, og á þá leið áskil eg mèr breytingaratkvæði við nefndarálitið; en að öðru leyti er eg því meðmæltur, að vitnisburðarbækur eigi vel við, og kynnu að leiða til siðferðisbetrunar.

G. Einarsson: Eg vildi mega biðja hinn háttvirta framsögumann máls þessa, að skýra fyrir mèr, hvort nákvæmt tillit sè haft í ályktunaratriðum nefndarálitsins til þess, sem tekið er fram í forsendunum, og talið áríðandi fyrir málið. Mèr finnst nefnil., að nefndin hafi ekki tekið það skýrt fram í ályktunarorðum sínum í nefndarálitinu, sem hún bendir þó skýrt á í forsendunum, að þau lagaboð, sem þar eru til greind, sèu í mörgu tilliti vel hæf til þess, að stjórnin hafi af þeim hliðsjón, þá er hún lætur semja frumvarp til hússtjórnarlaganna. Að þetta sè til greina tekið í ályktunaratriðunum, sýnist mèr vera rètt að forminu til, og þar hjá nauðsynlegt, sem bending fyrir stjórnina. Af sömu ástæðum þætti mèr vel til hlýða, að í greininni um lausamennina hefði nefndin bent á þær greinir í tilsk. af 19. febr. 1783, er menn álitu mætti hafa hliðsjón af við skrásetningu frumvarpsins til slíks lagaboðs.

Hvað því einstaklega viðvíkur, þá vildi eg mega hreifa því, hvort það væri ekki fullkomlega tryggjandi, þó að sveitastjórnin löggilti vitnisburðarbækurnar; það lètti þó mikið fyrirhöfnina, að útvega sèr þær, og hjálpaði mjög til, að hvert eitt hjú gæti feingið þær í tæka tíð. Prestunum í Danmörku er þó trúað fyrir löggildingu þeirra bóka upp til sveitanna, og því mætti þá ekki trúa sveitastjórnunum á Íslandi fyrir hinu sama? En viðvíkjandi því, hve nær sá, er í vist geingur, og konfirmeraður er, ætti að vera skyldugur til, að eiga slíka bók, vil eg geta þess, að eg er að öllu leyti á máli þingmannsins úr Eyjafjarðarsýslu um 18 ára aldurinn, sem í þessu tilliti hæfilegastan, og eg var búinn að fastráða með mèr, að bera upp um það breytingaratkvæði, hefði hann ekki orðið fyrri til þess.

Framsögumaður: Eg get ekki fallizt á það, sem hinn

heiðraði þingmaður úr Dalasýslu fer fram á, að nefndarálitið í niðurlagi sínu taki fram þá lagastaði, sem til greindir eru að framan í álitsskjalinu. Ef hinn heiðraði þingmaður gætir vel að, hvernig þar er ástatt, þá mun hann sjá, að þessara ákvarðana er þar getið í allt öðru skyni; þær eru ekki til færðar stjórnarinnar vegna, því hún þekkir þær til fullnustu, en þær eru til greindar til að sýna þinginu, að, þó það gæti flýtt fyrir, að semja frumvarp til hússtjórnarlaga, að hafa mætti hliðsjón af mörgum ákvörðunum í dönsku löggjöfinni um þetta efni, þá samt álitu ekki nefndin, að þingið geti tekizt á hendur, að semja frumvarp um þetta til stjórnarinnar. Ef þær ákvarðanir úr dönsku lögunum, sem vitnað er til, ættu að takast inn í niðurlag nefndarálitsins eða bænarskrána, þá hefði þingið áður orðið að ræða þær, til að sjá, að hve miklu leyti þær ættu hèr við; en það gat hvorki nefndin ætlazt til, nè heldur mundi þingið fá tíma til þess. Viðvíkjandi því, hvort sveitarstjórnin hefði leyfi til, að löggilda vitnisburðarbækurnar, þá hef eg ekkert á móti því, þegar regluleg sveitastjórn er komin á. Eg gat þess áðan, að bezt mundi vera, að hver hreppstjóri skyldi fá vissa tölu vitnisburðarbóka hjá sýslumönnum, og þær ættu að vera svo margar, að þær nægðu fyrir hans hrepp. Annars held eg, að betra sè, að fá staðfestinguna hjá sýslumanni, en hjá sveitarstjórninni; því að í því verður meiri tryggíng, einkum eins og nú er ástatt.

G. Brandsson: Það er mönnum kunnugt, að á vorhreppskilaþingum hèr syðra er tekið fólkstal, og að bæði prestur og hreppstjóri geta þá vitað, hvað mörg vinnuhjú eru í hreppi þeirra; svo getur hreppstjórinn aptur hagað sèr eptir þessu, þegar hann útvegar bækurnar, og á manntalsþingum, sem hèr eru ætíð seinna haldin, en hreppskilaþingin, gæti sýslumaðurinn löggilt þær.

G. Einarsson: Það má segja um mögulegleika þá, er þingmaðurinn úr Gullbringusýslu taldi upp að væru á því, að vitnisburðarbækurnar væru ætíð á reiðum höndum, að „það er svo margt ort, að það er ekki gjört“. Menn vita þó, hvað ervitt er víða hvar, að ná til sýslumanns, hvílík torveldni er á, að sýslumenn geti lokið af slíkum störfum á manntalsþingum, hve leingi það gæti dregizt, að hjú gætu feingið vitnisburðarbækurnar, ef þær þyrfti að sækja til sýslumannsins í hvert skipti. Eg vil því bera upp breytíngaratkvæði við nefndaruppástúngurna á þá leið, að vitnisburðarbækurnar löggildist af hlutaðeig-

andi sveitastjórn. Að öðru leyti álít eg, að hèr ætti líka við, að drepið væri á, að vel þætti til hlýða, að við frumvarpstilbúninginn til þessa málefnis verði haft tillit til tilskip. af 5. sept. 1832.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg heyri, að einstakir menn eru á móti þessum vitnisburðarbókum hjúa, en þær eru þó ekki nein nýjúng hèr í landi; því einmitt það sama er fyrir skipað í konúngsbrèfinu 7. apríl 1780, sem þingmaður Gullbríngusýslu gat um. Þar er nefnilega fyrir skipað, að vitnisburðir skuli gefast hverju hjúi, sem fer í vist, eða skiptir um vist, og það með ráði prests eða hreppstjóra, og með þeirra aðstoð við þá húsbændur, sem ekki sjálfir eru skrifandi. En hvað löggildíngu vitnisburðarbókanna snertir, þá væri án efa áreiðanlegast, að sýslumaðurinn gjörði það, þar eð þær ekki einasta eiga að bera með sèr vitnisburð um hegðun og framferði hjúsins, heldur einnig um aldur þess og samastaði, og það er opt nauðsynlegt, að fá það áreiðanlega að vita í sakamálum, og það ætti þá ekki við, að hún væri löggilt af presti eða hreppstjóra, heldur einmitt af sýslumanninum á þeim stað, hvar hjúið hefur dvalið, þegar það fyrst fór í vist. Viðvíkjandi aldrinum, þá sýnist mèr vera allt eins gott, að binda það við 14 ára aldurinn, því þegar barnið er konfirmerað, hefur það þó feingið þekkíngu á því, sem það á að gjöra og ógjört að láta, og þó það ekki hafi feingið fullkomna staðfestu, þá mætti það, að fá góðan vitnisburð í bókina, verða upphvatníng fyrir barnið, til að hegða sèr vel. Það mundi líka optast vera, að börnin væru orðin eldri en 14 ára, þegar þau fara í vist, og opt munu þau vera orðin 18 og 20 ára, þegar þau fara t. a. m. í vist *úr foreldrahúsum*, eins og börnin ekki ætíð ná fermíngu 14 ára.

Framsögumaður: Eg er öldúngis mótmæltur því, að skirskotað sè til danskra laga í bænarskránni til konúngs; því það er einúngis vitnað til þeirra í nefndarálitinu, til að vekja athygli þíngsins á þeim, en til hins yrði þíngið fyrst að taka sèrhverja grein þessara laga til umræðu. Þíngmanninum úr Mýrasýslu þótti atriði nefndarálitsins of fá, en þegar þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu fór að telja upp fleiri atriði úr dönsku tilskipuninni, þóttu honum þau of mörg, svo það er ekki auðvelt, að gjöra honum til hæfis; en þetta er til frekari sönnunar því, að fari menn of lángt út í hin sèrstaklegu atriði, vita þeir ekki, hvar þeir eiga að hætta, en sè þeim fjölgað meir og meir,

fáum við seinast heilt frumvarp af breytíngaratkvæðum, og ræður þá að líkindum, hve skipulegt það muni verða.

M. Andrèsson: Jafnvel þó það sè nú sagt, að umræðurnar um þetta mál stefni í margar áttir, þá held eg verði þó að bæta einni áttinni við; því fyrir utan það, sem talað hefur verið um aldur únglínga, þegar þeir fyrst skyldu taka vitnisburðarbók, nefnil. 14 eða 18 ára aldur (og eg er víst heldur með þeim síðar nefnda), þá er eitt atriði þessu máli viðkomandi, sem enginn hefur hreift, og það er, hver framkvæmdarvaldið eigi að hafa til þess, og sjá um það, að allir taki vitnisburðarbók, þegar komnir eru til þess aldurs, hvort sem það eru 14 eða 18 ár; því ekki tjáir, að ætlast til, að allir únglíngar gjöri það sjálfir, og fæstir þeirra munu hafa bæði vit og vilja til þess; ætti þetta að uppáleggjast hreppstjórum eða sveitarstjórninni, þá væri það mjög mikil viðbót við önnur störf þeirra, þar sem í margri sveit eru 2—3 hundruð vinnuhjú. Þetta vildi eg nefndin gæfi þínginu upplýsíngu um, hvernig hún hefur ætlazt til, að þetta skyldi vera, því ekki nægir einúngis að segja: öll vinnuhjú skulu vera skyldug til, að hafa vitnisburðarbók; einhver hlýtur að sjá um, að það framkvæmist.

E. Kúld: Það kann að þykja nokkuð sèrstaklegt, en eg verð þó að leyfa mèr að spyrja framsögumann, hver eigi að kosta þessar bækur og löggildíngu þeirra, því ef hèr á að binda við 14 ára aldurinn, þá er margur 14 ára gamall únglíngur, sem eg veit ekki hvernig getur keypt hana; að minnsta kosti þekki eg marga, sem á þeim árunum og leíngur eru ekki matvinnúngar.

Ekki veit eg heldur, hvernig ætti að fara að koma því á sveitarstjórnina, að útvega öllum þessar bækur. Þetta vildi eg að til tekið yrði af nefndinni, svo maður vissi þó, hver helzt og hvernig maður ætti að útvega sèr þær.

Konúngsfulltrúi: Eg skal að vísu skjóta því til hins heiðraða þíngs, hvort það vill ráða til, að hjúin hafi vitnisburðarbók, frá því þau eru 14 ára gömul, ellegar að eins frá því þau eru 18 ára að aldri, en þótt mèr virðist hið síðar talda miklu betur hlýða; en eg vil einúngis benda þínginu til þess, að ekki ná menn almennt lögaldri í sakamálum, fyr en þeir eru 15 ára gamlir, og því mundu þau hjú, er ekki eru fullra 15 ára, ei verða dæmd til sekta, fyrir að hafa glatað vitnisburðarbókum sínum, þótt þær yrðu við lagðar.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Árnesinga spurði um, hver ætti að halda únglingum, sem fara í vist, til, að fá sèr vitnisburðarbækur, þá gjöri eg ráð fyrir, að foreldrar, vandamenn eða húsbændur muni minna þá á, ef þeir vita það ekki sjálfir, að það sè lagaskylda þeirra, að fá sèr vitnisburðarbók; annars held eg það sè bezt, að láta stjórnina til taka þessar nákvæmari ákvarðanir í frumvarpi sínu.

Ef stjórnin fellst á uppástúngu þingsins, þá til tekur hún víst líka, hvar taka eigi bókakostnaðinn, sem ekki getur numið miklu, svo eg held þingið vinni ekki mikið við, að til taka það.

G. Brandsson: Í ritgjörð þeirri, sem eg áðan minntist á, „um hússtjórnina á Íslandi", er gjört ráð fyrir, að hver sveitarsjóður ætti að hafa vitnisburðarbækur til sals með hægu verði, en til gefins útbýtíngar sveitar-uppalníngum, og sè eg ekki betur, en þetta megi allvel fara.

Páll Sigurðsson: Nefndin fer fram sömu stefnu hèr, og landsmenn hafa tíðum yfir kvartað, hvílíkur krabbagángur og óregla væri komin á hússtjórn víða hvar í landinu, og því væri hið fyrsta þörf á, að umbæta lög þau, er snerta alla hússtjórnina. Mèr finnst nefndin líka hafa gjört rèttast í því, að benda stjórninni einasta á undirstöðu-atriði þau, er byggja mætti á frumvarpið, en leiða hjá sèr smá-atriðin að þessu sinni. Það er raunar satt sagt, að það er opt galli á frumvörpum stjórnarinnar, að formið er svo dönskulegt; en þegar nú embættismenn vorir hafa gefið stjórninni allar þær upplýsíngar, sem þeir hafa faung á, og álit sjálfra sín, þá hefur stjórnin næg meðöl í höndum að byggja á; en þegar þjóðin veit, að mál þetta er á prjónunum hjá stjórninni, og vonast eptir frumvarpi til næsta þings, þá mun hún taka málið til nákvæmrar yfirvegunar, og öll smáatriði þess, og semja um það bænarskrár til næsta þings, þar mál þetta er svo mikilsvert, að það snertir hvern einstakan meðlim í öllu þjóðfèlaginu, og undir því er komin öll framför þjóðarinnar, að lög þessi yrðu bæði sanngjörn og nákvæm. Viðvíkjandi vitnisburðarbókum handa hjúum, sem eg álít eitt atriði þessa aðalmálefnis, þá álít eg þær þarflegar, og hvert hjú fái vitnisburð, eins og það á skilið, en húsbændum liggur stór vandi á höndum við útgáfuna, að einkis rètti sè hallað í þessu; því eins má gjöra ráð fyrir ósanngjörnum húsbændum, eins og misjöfnum hjúum. Þar sem nefndin hefur farið fram

á það, að hjúin svöruðu sekt, ef þau glötuðu bókinni af ásetningi, þá held eg yrði opt örðugt, að sanna þetta; því hjúið færi víst ekki að leiða votta að því, þegar það eyddi bók þessari, ef það vildi af má hana á annað borð. Það má þó vel gjöra ráð fyrir því, að eitthvert hjú væri svo sinnað, að eyða bók þessari í góðu tómi; því ekki mun hún verða öllum hjúum svo ástkær, sízt þeim, er vita, að siðferði sínu og trúmennsku er ábótavant.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, sem þingmaðurinn úr Rángárvallasýslu sagði, að ekki mundi hægt að sanna, hvort eitthvert hjú hefði týnt vitnisburðarbók sinni af ásetningi eða ekki, þá skal eg geta þess, að sönnunarskyldan liggur í þessu tilliti á hjúinu, og geti það sannað, að bókin hafi ekki farizt á þennan hátt, þá sleppur það hjá sektum, en verður skyldað til, að útvega sèr nýja vitnisburðarbók, svo fljótt sem verður. Að öðru leyti mun stjórnin hafa hliðsjón af tilskipuninni fyrir Danmörku um vitnisburðarbækurnar, eins og nefndin hefur stúngið upp á.

G. Einarsson: Hinn háttvirti framsögumaður lauk tölu sinni fyrir skemmstu einhvern veginn á þá leið, að stjórnin mundi hafa hliðsjón af tilskipuninni um vitnisburðarbækurnar, eins og nefndin hefði stúngið upp á. Nú er annaðhvort, að honum hefur orðið mismæli, eða hvílt hefur í huga hans það, og komið því fram af vörunum, sem standa átti í nefndarálitsatriðunum, en stendur þar þó ekki; því nefndin hefur, viðvíkjandi umsjón og varðveizlu vitnisburðarbókanna, alls einga uppástúngu gjört, og þessir gallarnir á nefndarálitinu taka sig nú skýrt út í ræðum þingmanna, auk fleiri í líka átt; því að þær lýsa því, að þeir hafi ekkert, til að styðjast við í skoðunum sínum á málefninu, einmitt af því, að það vantar, að benda þeim á af nefndinni, það sem hún hafi haft tillit til, þegar hún samdi þessi aðalatriði, og sem hún nú vilji biðja stjórnina að hafa tillit til, þegar hún láti semja frumvarp til hèr að lútandi laga, eg meina tilskipun af 5. septemb. 1832.

Framsögumaður: Það er þó beinlínis uppástúnga í nefndarálitinu, að hvert hjú skuli hafa sína vitnisburðarbók, eins og þar nákvæmar er til tekið, og eg get ekki sèð, að henni hafi yfir sèzt í því, að vitna ekki til dönsku tilskipunarinnar um þetta efni í niðurlagi álitsskjalsins. Nefndin ætlaði ekki að binda svo hendur á stjórninni, að hún þyrfti að laga formið fyrir

vitnisburðarbókum hèr öldúngis eptir danska forminu, og hún þóttist viss um, að stjórnin mundi þekkja það form, sem boðið er að vitnisburðarbækur hafi í Danmörku, og að hún mundi fara hèr eptir því, að svo miklu leyti sem henni þætti það eiga hèr við. Nefndin vitnaði til dönsku tilskipunarinnar einúngis til þess, að vita, að hverju leyti þíngmenn vildu taka það form til greina, sem þær þar fyrirskipuðu vitnisburðarbækur hafa.

G Brandsson: Það er ekki einúngis tilskipunin fyrir Danmörku af 5. september 1832, sem höndlar um vitnisburðarbækur, heldur er það líka tilskipun sú, sem gefin er fyrir hertogadæmin af 25. febr. 1840; sömuleiðis hefur frumvarp um sama efni verið lagt fyrir ríkisþíngið í Danmörku, og sýnir þetta hvorttveggja, að bækur þessar eru þar álitnar nauðsynlegar. Annars þykir mèr það nokkuð undarlegt, að menn eru að tala um þetta eins og spánnýja uppástúngu, þar sem þó 26. greinin í húsagatilskipuninni gömlu frá 1746 einmitt skipar fyrir um þetta; munurinn er einúngis sá, að þar er gjört ráð fyrir vitnisburðum þeim, sem líklega hafa átt að skrifast á laus blöð, en hèr er ætlazt til, að þeir verði ritaðir í innbundnar bækur, sem þar til verði löggiltar af hlutaðeigandi yfirvaldi, og held eg, að þetta sè einmitt breyting til hins betra.

M. Andrèsson: Mèr nægði ekki upplýsíng hins háttvirta framsögumanns að því leyti, hvernig því skyldi verða framgeingt, að allir tækju vitnisburðarbók, þegar komnir væru til þessa aldurs. Mörg dæmi má önnur finna, en að börn fari úr foreldrahúsum í vist, eða frá þeim húsbændum, sem taki sèr fram um það, að útvega únglíngum vitnisburðarbók, og hafi vilja til þess. Það getur verið móti vilja húsbóndans, að únglíngurinn fer frá honum, og líka þori eg að fullyrða, að þau vinnuhjú muni gefast, sem einga vitnisburðarbók vilja kaupa, og geta heldur ekki keypt hana; hver á þá að neyða þau til þess?

Framsögumaður: Hvað því viðvíkur, sem þíngmaður Árnesínga sagði, að hjú kynnu opt að fara burt nauðugt þeim, sem þau eru hjá, þá kann þetta opt að geta að borið, en þá má þó gjöra ráð fyrir, að þau fari ekki *til* annara nauðugra, og þá yrðu þeir, sem únglíngarnir fara til, að sjá um, að þeir gætu feingið vitnisburð húsbænda þeirra, sem þeir fara frá, og þeir munu því fremur gjöra það, þegar þeir vita, að þeir mega ekki taka á móti vitnisburðarlausu hjúi. Yfir höfuð megum við ekki

ímynda okkur únglíngana eins og stadda á eyðimörku, heldur eru þeir í kristilegu fèlagi, fara frá kristnum húsbændum til kristinna húsbænda, og menn verða að gjöra ráð fyrir, að flestir þeirra gegni þó að minnsta kosti þeim skyldum við þá, sem lögin fyrir skipa.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Einn þingmaður hefur sagt, að kaupgjaldsskýrsla ætti ekkert skylt við vitnisburðarbækur, og gæti því ekki haft þar stað, en eg lít öðruvísi á þetta mál. Mèr virðist kaupgjaldsskýrslan vera einslags vitnisburður líka; kaupgjaldssamningurinn ber vitni um, hvað hjúið er kaupdýrt, og að hjúið hafi gjört samninginn, og kaupgjaldsafgreiðslan ber þegjandi vitni um, hvort hjúið er spilsamt eða óspilsamt, því ætíð mun vera augljóst, hvort það á mikið til eða lítið.

Það vil eg halda að mundi opt verða bágt að sanna, hvort hjúið hefði glatað bókinni af ásetníngi eða óaðgæzlu. Mèr þykir það líka merkilegt, ef 14 og 15 vetra gamlar stelpur, sem fæstar kunna að hirða um sjálfar sig, væru góðar til að hirða og geyma skrifleg dókúment, þó sektir væru við lagðar.

Jón Jónsson: Mèr hafa fundizt ræður nokkurra þingmanna benda til þess, að þeir haldi vitnisburðarbækurnar muni valda ærnum kostnaði, sem ekki sè að vita hvar eigi að koma niður, en eg vildi menn vildu gæta þess, að þetta atriði er það, sem minnst er vert að gjöra að umtalsefni, því allir vita, að ein eða tvær arkir af pappír kosta eingin ósköp, og *authorisatiónin*, ef hún annars þarf að borgast, getur varla kostað meir en 8 skk. fyrir eitt þvílíkt hepti, svo allir sjá, að eingin óyfirvinnanleg torveldni getur orðið á fyrir únglínginn, að eignast þvílíkt hepti, eður efni í vitnisburðarbók, þegar það væri orðin lagaskylda.

En í tilefni af orðum hins 1. konúngkjörna þingmanns, þar sem hann benti til, að í þessum bókum mætti finna verustaði, aldur og vitnisburði sakamanna, þegar á lægi, þá vildi eg leyfa mèr að vekja athygli á því, hvort ekki mundi þá jafnframt nauðsynlegt, að hafa eina löggilta aðalvitnisburðarbók í hverjum hrepp eða prestakalli, sem hreppstjórar eða prestar færi inn í vitnisburði hjúa; því opt kann það til að vilja, að bók hjúsins tapist því, viljandi eða óviljandi, og þá er hvergi að finna þá vitnisburði, sem tapaðir eru; samt ætla eg ekki nú að taka mèr hèr um viðauka-atkvæði, því frumvarpið kemur lík-

lega fyrir næsta þing, og getur þetta þá, ef mönnum lízt það, orðið tekið til greina.

P. Sigurðsson: Eg álít bækur þessar þyrfti nokkuð stórar, ef kaupgjald hvers árs ætti að ritast, því það er greitt í fleiru en peníngum; það er opt í ýmsum öðrum aurum. Það hefur ekki opt fyrir komið, að þrætur hafi upp komið um þessa skilmála, þó hefur það fyrir komið, og getur það auðveldlega. Það væri víst betra, að samníngar þessir væru ritaðir, en eg held sum hjú fari að hugsa, að bók þessi eigi að verða gjörð til þess, að þau megi síður gjöra samníng um hátt kaupgjald. Það má líka segja, að vinna hjúa, einkum karlmanna, er orðin bændum æði dýrkeypt, og því ætti það að vera eitt atriði í frumvarpinu, að sanngjarnt kaupgjald ákvæðist, svo húsbændur og hjú gætu haft þetta til hliðsjónar við kaupgjalds- og verkasamníng.

St. Jónsson: Af því það stefndi að mèr, að mèr þættu ekki skyldar vitnisburðarbækur og kaupgjaldsbækur hjúa, ef það ætti að sjást í bókunum, hvort hjúið hefði verið ráðdeildarsamt eða ekki, þá sýnist mèr nú, að eiginlega ætti við hver vistaskipti að skrifa upp allar eigurnar, eptir sem þingmanninum fórust orð, og þá á þetta tvennt enn minna saman, þar það að öllu stefnir sitt í hvora áttina. Þó einhver hjú kynnu má ske í fyrstunni að verða óviljug, að taka þessar bækur, eins og einhver gat til, þá mun vaninn og afleiðíngarnar hafa það í för með sèr, að það þarf ekki að óttast fyrir því.

G. Brandsson: Athugasemd þingmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu var að vísu góð, en mig minnir ekki betur, en að bænarskráin frá Gullbríngusýslu fari fram á það, að sú skylda prestanna, að skrifa vitnisburði hjúanna í húsvitjunarbækurnar, verði ítrekuð í hinu nýja lagaboði, og hafi þetta verið skylda prestanna að undanförnu eptir húsvitjunar-tilskipuninni frá 1744, hverja þeir sjálfsagt hafa lesið betur niður í kjölinn en eg, þá vona eg svo góðs til þeirra, að þeir gjöri þetta ekki síður hèr eptir en hingað til, svo ef það nú kæmi fyrir, að vitnisburðarbækur töpuðust, þá gætu menn af húsvitjunarbókum prestanna bætt sèr skaða þann að nokkru leyti, því eg gjöri ráð fyrir, að þeim og vitnisburðarbókum hjúanna bæri í flestu saman.

H. Stephensen: Það sagði einhver áðan, að ervitt mundi verða þeim að fá hjú, sem gæfi vitnisburð í bókina að verðugleikum. Eg veit að vísu, að hann hlýtur að verða misjafn,

eptir því, hvernig hjúið reynist, ef hann er samvizkusamlega gefinn, en eg held, að enginn föðurlandsvin, enginn félagsvin eða húsbóndi muni þar fyrir hika við, að gefa hann sannan og réttan, ef hann finnur, að það er bezta og má ske einasta meðalið til, að bæta siðferði og dugnað hjúanna, og hann muni ekki vilja fleka aðra með því, að gefa hjúunum rángan vitnisburð, hvað sem hjúahaldi sjálfs hans síðar líður, og ekki mun hann vilja draga að sèr eitthvert illþýðið í vist með afbroti gegn samvizku sinni. Viðvíkjandi aldrinum, þá álít eg, að byrja megi með 14 ára aldrinum, svo að únglingurinn ekki hugsi, að hann á þeim árum megi gjöra hvað hann vill, og eg vil ekki, að æskumanninum tapist þau 4 ár, sem líða, þángað til hann verður 18 ára, einmitt þau árin, á hverjum hann hvað mest á að lagast til góðs. Eg ímynda mèr líka, að enginn húsbóndi dæmi svo strángt 14 vetra gamalt barn, því þeir mega vita, að „úngt er úngra ráð“, og þá ætla eg barninu muni, ef til vill, þykja hvað mestur heiður, að fá sem beztan vitnisburð. Eg ætla því, að þessi vitnisburður mundi bæta um fyrir barninu. Hitt annað viðvíkjandi bókunum eru sannir smámunir, svo sem hver eigi að löggilda þær, eða hver ætti að standa kostnað af þeim. Nefndin hefur, sem von var, álitið réttast, að sýslumaðurinn skyldi löggilda þær, og þá getur hann hjá sveitastjórninni feingið tilkynníngu um tölu hjúanna í hreppnum. Eg get ekki ímyndað mèr, að það verði ókljúfandi fyrir hjúin, að fá bækurnar, því hver húsbóndi annast víst um, að hjúið hafi bók, þegar það yfirgefur hann, og hann við vistaskiptin á að lögum að fara að gefa því vitnisburð, og það getur hann ekki, nema bókin sè til, sem rita á í, og hver faðir og fósturfaðir býr án efa barnið sitt út með bók, þegar það fer úr föðurhúsum, ef lögskipað verður, að vitnisburð skuli gefa, svo mèr sýnist, að öll umsvif þannig falli niður.

Þíngmaðurinn frá Mýrasýslu hefur barizt fyrir því, að vitnisburð og kaupgjald hjúa skuli skrifa í sömu bókina, en þetta getur ekki átt sèr stað; því hvað er hjáleitara en þetta tvennt?

Hann hèlt vist, að sá, sem gæfi hjúinu gott kaup, hann mundi líka verða að gefa því góðan vitnisburð, og þannig ætti það hjú, sem feingi 20 spesíur í kaup, að fá helmingi betri vitnisburð en hitt, sem fær ekki nema 10.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Annaðhvort hefur hinum háttvirta varaforseta rángheyrzt, eða hann hefur tekið rángt eptir,

því hann hefur nú ránghermt eptir mèr, þar hann hefur sagt, að eg hèldi, að sá, sem feingi mest kaup, eða 20 spesíur í kaup, ætti líka bezta vitnisburð. Þetta hef eg aldrei talað, en hitt hef eg sagt, að kaupgjaldsskýrslan bæri vitni um, hvað hjúið væri kaupdýrt, og líklega þá þar af fljótandi, hvað það væri duglegt. Mig minnir líka, að nefndarálitið telji duglegheit *eitt* af því, sem eigi að fylgja vitnisburðinum. Hinn heiðarlegi þingmaður Eyfirðinga hefur sagt, að af kaupgjaldsskýrslunni mundi fljóta, að það þyrfti að skrifa upp allar eigur, sem hvert hjú ætti við hver vistaskipti. Þetta mun eingum af beiðendum kaupgjaldsbókarinnar hafa dottið í hug, og eg held eingum. Eg veit, að mèr hefur það aldrei til hugar komið. Eg held það leiðist í ljós með öðru móti, hvort hjúið er ríkt eða fátækt; þegar hjúið kemur í vist, mun ætíð litið á vitnisburðarbókina, og líka eigurnar, sem hjúið á, og altènd sèst það þá, ef það er svo fátækt, að það er ekki vinnufært fyrir nakleika. Eg tók svo orð þingmannsins frá Rángárvallasýslu, að hann hèldi, að lög um kaupgjaldsskýrslu þessa ættu að fastsetja kaupgjaldshæðina, en það er eingan veginn meiningin, að lögin með þessari ákvörðun tækju neitt inn í fríviljuga samninga þar um, heldur að bókin bæri með sèr, hvernin samningurinn væri í hvert sinn; en að öðru leyti er eg honum samþykkur í því, að hússtjórnarlögin ættu að bera það með sèr á sínum stað, hvað hæfilegt væri meðalmannskaup, bæði karla og kvenna, og hvað hæfileg væru ýms meðalmannsverk, og það var eitt af þeim atriðum, sem mèr þótti nefndina vanta að taka fram.

Framsögumaður: Þingmaðurinn úr Mýrasýslu hèlt, að kaupgjalds-upphæðin gæti borið vitni um dugnað hjúanna; en þetta getur þó opt orðið óáreiðanlegur mælikvarði, bæði þegar hjúið er húsbóndanum óþekkt, eða reynist ver, en hann hjóst við, og eins þar sem er vinnuhjúaekla, og húsbóndinn því neyðist til, að bjóða geypilegt kaup til þess, að geta feingið eitthvert hjú.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Vitnisburðurinn í bókinni segir víst frá, hvað hjúið er dyggðugt og duglegt, og kaupgjaldsskýrslan sýnir þá um leið, hvað það er kaupdýrt, nefnil., sanngjarnt eða ósanngjarnt.

P. Sigurðsson: Þingmaðurinn frá Mýrasýslu hefur öldúngis misskilið mig; það var aldrei meining mín, að kaupgjaldabækur þessar væru því nokkuð til fyrirstöðu, að bæði

húsbændur og eins hjúin hefðu ekki öldúngis fullt frelsi, að semja milli sín um kaupgjalds-upphæðina. Eg sagði einasta, að eitthvert hjú má ske hugsaði það um bók þessa fyrst í stað; en það sagði eg, að það mundi vel tilfallið, að lögin til tækju sanngjörn verk og sanngjarnt kaupgjald, sem væri nokkurs konar mælikvarði. Þessa reglu brúkuðu forfeður vorir; hún mun og eiga vel hèr við enn.

J. Kristjánsson: Eg er nú farinn að sannfærast um það af ræðum þingmanna, að nefndin hafi hitt á það, sem rèttast var, er hún kom svo lauslega við málið. Nefndin hefur bent á undirstöðuna, hvar byggja skuli, og þá einstöku steina, sem til byggíngarinnar eru hentugir, og þó hún láti þessa steina vera óhöggna, þá efast eg ekki um, að stjórnin geti hlaðið þeim í frumvarp til hússtjórnarlaga, og það svo haganlega, að hèr gjörist síðar meir að minnsta kosti ekki þörf til að fella það. Hvað því viðvíkur, hve nær hentugast mundi, að gjöra það að skyldu, að úngmenni eignist vitnisburðarbók, þá álít eg það tiltækilegt, að binda þá skyldu við það eitt, að búið sè að staðfesta úngmennið í kristindómi sínum, þegar það víkur í vist úr foreldra húsum eða fósturforeldra, eða þeirra, sem hafa seinast veitt því forsorgun, ef það fram færðist á sveit.

St. Jónsson: Breytíngaratkvæði mitt hefur feingið mótbárur, hvað aldurinn snertir, þar sem þingmaður Borgfirðínga sagði, að únglíngurinn mætti hugsa, að nú mætti hann gjöra hvað hann vildi á næstu 4 árum, en eg get nú ekki samsinnt þessu. Nú eru ekki vitnisburðarbækur, og mun þó einginn únglíngur, sem er staðfestur í kristindómi sínum, álíta sig mega gjöra allt, sem honum dettur í hug. Þessi aldurskafli er þó helzta fjörs- og gjálífis-skeið únglínganna; því þegar þeir komast nær tvítugs-aldrinum, fara menn optast að taka aðra stefnu, og hugsa leingra fram á lífsskeið sitt, og verð eg því að vera við mína fyrri meiníngu.

H. Stephensen: Fyrst svo lítur út, sem umræðunum um þetta mál sè bráðum lokið, þá vil eg taka mèr það breytíngaratkvæði við nefndarálitið, *„að húsbóndi hver gefi vitnisburð hjúi sínu með vitorði sóknarprests síns, sem með honum undirskrifi í vitnisburðarbókina“*. Ef nefndin ekki vill eiga það, get eg átt það sjálfur.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg sem einn nefndarmanna vil gjarnan taka það.

Ó. Sivertsen: Eg hafði ásett mèr, að standa ei upp í þessu máli, þegar eg vissi, hverjir laga - og mennta - menn voru með að semja nefndarálitið, og nú því síður, sem mèr sýnast umræður sumra þingmanna orðnar nógu margyrtar, og um vitnisburðarbækurnar virðist mèr þegar þulið fram svo mikið, eins og menn ætluðu, að nú væri verið að reka endahnút á lögmál þetta, en ekki verið einúngis að biðja um frumvarp til þessara laga, sem þó er; og þegar verið er þá svo ýtarlega að ræða um vitnisburði hjúa, vildi eg óska menn hugleiddu, hvað bæði hinn háæruverðugi konúngkjörni þingmaður og fleiri hafa bent til um þá, svo að, ef þeir gjörast að lögum (sem eg veit ei, hversu uppbyggilegt getur orðið til leingdar), að reglur væru gefnar fyrir lögun þeirra, að þeir hvorki yrðu hlutdrægnislegir, hjáhliðrunarsamir eða harðúðlega fram settir. Og þar eg veit ei betur, en það sè enn skylda sóknaprestanna, að færa vitnisburði um sóknafólk sitt inn í húsvitjunarbækurnar (sem áður kölluðust sálnaregistur), þá vil eg taka mèr það breytingaratkvæði, *„að prestar fái ætið til yfirskoðunar vitnisburðarbækur hjúa þeirra, sem koma inn í prestakallið, og eins að sjá vitnisburði þá, sem hjúin fá, þau er burtu fara úr kallinu“*.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, álít eg undirbúningsumræðu þessa máls lokið, og vil eg spyrja þingmenn, hvort þeir vilji heldur taka hið annað mál, sem á dagskránni stóð, „um stofnun búnaðarskóla“, til umræðu nú strax, eða ekki fyr en eptir miðjan dag.

Þar eð þingmenn voru á því, að umræðunni yrði frestað, sleit forseti fundi, og ákvað fund aptur kl. 5 eptir miðjan dag.

Fundi slitið.

---

20. júlí — seytjándi fundur.

Allir á fundi.

Forseti: Nú kemur þá málefnið um búnaðarskóla til undirbúningsumræðu, samkvæmt því, sem ákveðið var á fyrra fundinum í dag. Hinn heiðraði framsögumaður, þingmaður Snæfellinga, gjörir svo vel, að lesa upp nefndarálitið.

Nefndarálitið var þá afhent varaþingmanni Snæfellinga, sèra E. Kúld, og las hann það upp svo hljóðandi:

Hið heiðraða alþingi hefur kjörið oss, er hèr undir skrifum nöfn vor, til að segja álit vort um það, hvort alþingi ekki eigi að biðja hans hátign konúnginn, að hann mildilegast stofni hèr á landi búnaðarskóla, og því leyfum vèr oss að gjöra uppskátt álit vort í þessu tilliti á þessa leið.

Nefndinni hafa verið afhentar 2 bænarskrár, er lúta að þessu efni, og er önnur þeirra undirskrifuð af 157 mönnum frá syðra kjördæminu í Þingeyjarsýslu. Bænarskráin fer fram á, að stofnaðir sèu búnaðarskólar, og til þeirra sè varið ávöxtum hinna fornu klaustur-eigna.

Hin bænarskráin, frá 21 búanda í Kjósar- og Kjalarnesshreppum, er að því leyti samkynja bænarskránni, er vèr fyr gátum um, að hún fer því á flot, að jarðyrkjuskóli verði sem fyrst á stofn settur, en tekur að eins til fyrir Kjalarnesþing, og að til hans sè varið hinum svo kallaða *Thorchillii sjóð.*

Það sem þessi síðar nefnda bænarskrá enn fremur fer fram á, undir nr. 2: *„að greinileg skýrsla verði gefin um upphæð og haytæringu á Thorchillii sjóðnum“*, virðist okkur að öðru leyti svo annarlegs eðlis, og viðkoma svo mjög yfirvalda-ráðstöfunum, að vèr ekki álítum hæfilegt, að gjöra þann hluta bænarskráar þessarar fremur að álitum.

Þegar vèr lítum á það, hvað bænarskrár þessar í höfuðefninu fara fram á, játum vèr að sönnu, að ei þykir oss með öllu tiltækilegt, að verja til búnaðarskóla ávöxtum hinna fornu klausturjarða, því oss er það kunnugt, að þeim muni varið til launa handa embættismönnum á landi hèr; ekki þykir oss heldur alls kostar ráðlegt, að stofna jarðyrkjuskóla handa bændaefnum yfir höfuð í Kjalarnesþingi af *Thorchillii* sjóðnum, því vèr ætlum, að hann hafi ei verið til þess gefinn í fyrstu, heldur einúngis fátækum börnum í Kjalarnesþingi til uppfósturs og kristilegrar uppfræðíngar.

Þó að bænarskráin úr Þingeyjarsýslu í inngángi sínum drepi á það, að stofnaðir sèu bændaskólar í hverri sýslu, hefur hún þó ekki tekið svo mikið fyrir sig í *uppástúngu* sinni, eins og vèr heldur ekki getum ætlað það ráðlegt, strax að byrja á svo mörgum skólum í landinu, og jafnvel ekki tiltækilegt, að stofna skóla í hverjum fjórðúngi; því hversu æskilegt sem það

þykir, þá viljum vèr fyrst, að reynt sè með einu skóla á landinu. Oss er það að sönnu kunnugt, að svo mikill áhugi fyrir slíkum skólum hefur nú nokkur ár vakað hjá þjóð vorri, að þegar hafa nokkrir menn viljað reyna til, með samskotum frá sjálfum sèr, að koma slíkum skólum á, en efnin hafa ei leyft þeim hingað til, að fram fylgja þessu áformi, og vèr erum vissir um, að ei er slíkt formandi fyrir Íslendinga sjálfa með sitt eindæmi, meðan efnahag þeirra er eins háttað og nú er.

Vèr teljum það öldúngis víst, að ekkert megi fremur bæta og efla efnahag bænda en það, ef betra lag kemst á búnaðinn og búnaðarhátturinn, en vèr erum líka sannfærðir um, að búnaðarhátturinn bætist bezt með því, að hann sè kenndur með skólalegri kennslu. Það er því sameiginlegt álit vort, að öll þörf er á, að búnaðarskóli komist á stofn á landi hèr, en vèr ætlum fyrst um sinn nægja einn skóla fyrir allt landið, því vèr gjörum oss von um, að, ef sá skóli tekst vel, muni frá honum skjótt koma góðir búmenn, sem breiði menntunina handa bændunum út um landið, og er þá ei óliklegt, að smásaman kæmu fleiri skólar á stofn í landinu, og fær einginn sagt, hversu mikinn veg að landið má af því hafa.

Vèr ætlum ekki óþarft, að drepa fátt eitt á fyrirkomulag þessa skóla. Það er auðvitað, að í skóla þessum þarf að kenna bæði bóklega menntun, og aptur að geta notað þessa menntun í verknaðinum. Til bóklegrar menntunar teljum vèr allt það, er tímarnir krefja af þeim bónda, er vel má kalla menntaðan, og færan um, að standa vel í stöðu sinni; þar undir skiljum vèr sèr í lagi:

a, *jarðvegsfræði,* eður þekking á hinu ytra og innra eðli jarðvegsins;

b, *grasafræði,* o: að þekkja grös, not þeirra og lífseðli;

c, *dýrafræði,* einkum hvað þau venjulegu húsdýr snertir, þeirra eðli, byggíngu, o. a. fl.;

d, *eðlisfræði,* að því leyti hún viðkemur jarðyrkju; er það einkum *mechanisk Physik.*

Sökum þess, að nú eru Einglendíngar og Þjóðverjar beztir jarðyrkjumenn taldir, ætlum vèr ómissandi, að annaðhvort þessara mála væri kennt í skólanum, auk íslenzku, dönsku og reiknings.

Til verklegrar menntunar teljum vèr einkum:

a, að kunna að fara með og hagnýta öll þau verkfæri, sem til þess þarf, að endurbæta jarðveginn;

b, hirðíng jarðarinnar og húsa, og viðhald á verkfærum;
c, hirðíng fènaðar;
d, hirðing fóðurs og matjurta;
e, bústjórn.

Vèr erum þess fullvissir, að konúngur vor mildilegast styðji þetta mál á þann veg, er einhlítur má verða því til framkvæmdar, og sannfærumst vèr enn betur um það, þegar vèr lítum til þess, að stjórnin hefur gjört talsverðar tilraunir til, að kenna einstökum löndum vorum jarðyrkju erlendis; en þessar tilraunir hafa ekki orðið til svo mikils gagns, sem stjórnin hefur til ætlað, einmitt fyrir þá skuld, að þessir menn hafa ei haft faung á, að verða löndum sínum að liði, eins og bezt má verða, vegna þess, að skólana vantaði hèr, til að kenna í það, sem þeir höfðu numið erlendis.

Vèr ætlum til, að þeir, sem í skólann verða teknir til menntunar, skuli borga meðgjöf með sèr sjálfir; en til þess, að hinir fátækari, sem ei hafa faung á því, skuli ei fátæktar vegna bægjast frá skólanum, ætlum vèr ráðlegt, að nokkru af tekjum búnaðarsjóða amtanna væri varið þessum til styrktar, og virðist oss þá, ef til vill, tiltækilegt, og að minnsta kosti ekki ósanngjarnt, að fátæk úngmenni í Kjalarnesþíngi nytu einstaklegs styrks af vöxtum *Thorchillii* sjóðsins til menntunar í þessum skóla, því vèr ætlum, að vilji gjafarans á þann hátt framkvæmist að nokkru leyti.

Það, sem vèr ætlum að stjórnin þyrfti helzt til þessa skóla að leggja, væri því: hentug bújörð með nægum húsum handa skólanum, laun kennaranna, og andvirði til verkfæra-kaupa.

Vèr leyfum oss því að ráða alþíngi til, að rita hans hátign konúnginum bænarskrá um:

að hann mildilegast líti á þetta mál, og ákveði skóla þessum nægilegan styrk, og leggi síðan fyrir næsta alþíngi frumvarp til stofnunar og fyrirkomulags búnaðarskóla á landi hèr, hver vèr ætlum að setjast ætti í suðurumdæminu, á hentugri jörðu, hvar tækifæri gæti gefizt til vatnsveitinga og annara landi þessu haganlegra búnaðar-tilrauna.

Reykjavík 16. júlí 1853.

Þ. Sveinbjörnsson. E. Kúld, Á. Einarsson. J. Kristjánsson.
framsögumaður.
St. Jónsson.

Framsögumaður: Úr því nefndarálit þetta var svo óheppið, að eg skyldi verða framsögumaður þess, óheppið, segi eg, því eg er þó efalaust verst viðlátinn af þeim, sem í nefndinni voru, til að vera það, þá skal eg ekki vera margorður um það, því mèr finnst nefndarálitið bezt mæla fram með sèr sjálft, og fyrir mína framsögu mun því vera jafnborgið eptir sem áður. En það fór fyrir nefndinni, eins og opt verður hèr, þegar eitthvað skal stofna, að hún vissi ekki, hvaðan fèð skyldi taka, og því vildi hún rita stjórninni um það, og biðja hana, að skera úr þeim vandkvæðum; því það vita allir, að auðurinn er afl þeirra hluta, sem gjöra skal. Eg treysti því fyllilega, að allir hinir háttvirtu þingmenn fylli gallana á framsögu minni, og hlynni að nefndarálitinu, því málefnið er í sjálfu sèr mjög áríðandi; því hinn forni sannleiki er hverjum manni efalaust kunnur, að „bóndi er bústólpi, en bú er landstólpi“. Bændastèttin er nefnilega stoð, stytta og viðhald allra annara stètta. En svo bezt geta menn ætlazt til, að bændur svari til þessa nafns, að þeir fái þá menntun, og nemi það, sem til þess heyrir, að vera góður bóndi, og með eingri stofnun held eg að landinu verði fremur komið upp, en því, ef duglegir bændur feingjust, og til þess, að afla landinu þvílíkra bænda, á þessi skóli að miða. En eg skal ekki fara um þetta fleirum orðum að sinni, fyr en að minnsta kosti einhver hinna heiðruðu þingmanna er búinn að láta í ljósi um það meiningu sína.

Konúngsfulltrúi: Eins og eg lèt í ljósi við inngángsumræðu þessa máls, er það einlæg ósk mín, að landbúnaðarskóli gæti komizt á í landi hèr, því það er samfæring mín, að þar af mundi mikið gott leiða; og eg er nefndinni samþykkur í því, að hentugast væri, að stofna einúngis einn þvílíkan skóla í landinu; því það yrði án efa kröptum vorum of vaxið, að stofna þá fleiri, enda mundi þeim þá, vegna efnaskorts, ekki verða vel fyrir komið; en einn búnaðarskóli mætti geta menntað svo mörg búmannaefni, að nægur fjöldi þeirra gæti þaðan útdreifzt um landið. Líka er eg á sama máli, sem nefndin, í því, að því fè væri vel og hentuglega varið, sem frá búnaðarsjóðum amtanna væri lagt til, að styrkja slíkan skóla. Eg efast ei heldur um, að menn hèr í landi, er upp á margan hátt hafa lýst því yfir, að þeir hafa mikinn áhuga á því, að búnaðarskóli kæmist hèr upp, mundu verða fúsir á, að leggja þvílíkt fè til stofnunar þvílíkum skóla; en vegna efnahags innbúa lands

þessa er eg hræddur um, að slíkar tillögur ekki yrðu nógar, til að koma skólanum vel á fót. Eg efast ei að sönnu um, að stjórnin mundi hafa góðan vilja til, að styrkja nokkuð til stofnunar slíkum skóla; en þar eð ríkisþingið í Danmörku á að samþykkja þær fjártillögur, sem hèr til yrðu nauðsynlegar, verð eg að telja það nokkuð óvíst, hvort þær feingjust, að minnsta kosti svo ríflegar, sem stofnun góðs búnaðarskóla útheimtir, sèr í lagi meðan samband Íslands og Danmerkur ekki er nákvæmar ákveðið, en nú er. Eg skal því, af því nefndarálitið gefur þar nokkuð tilefni til, leyfa mèr að benda hinu heiðraða þingi til þess, hvort ei mundi tiltækilegt, að ráða til þess, að hinn svo nefndi *Thorchillii* sjóður styrkti nokkuð til, að stofna hèr landbúnaðarskóla, því bæði er frá 2 hreppum í Kjalarnesþingi komin hingað bænarskrá um það, að ávöxtum sjóðsins yrði til búnaðarskóla varið, og líka hefur hlutaðeigandi stjórnarherra ákvarðað, að ávöxtunum af tèðum sjóði skyldi þar til verja. Eg skal því, eptir þeim upplýsingum, er eg hef feingið frá þeim háæruverðuga konúngkjörna þingmanni, sem er einn af umsjónarmönnum *Thorchillii* sjóðsins, leyfa mèr að skýra þinginu nokkuð frá ástandi hans. Eptir uppástúngu stiptamtmanns *Rosenörns,* hefur kirkjustjórnarherrann ákveðið, að *Thorchillii* sjóðurinn, hvers stjórnendur áður voru stiptamtmaðurinn í Íslandi og biskupinn í Sjálandi, skuli framvegis vera undir stjórn stiptamtmannsins og biskupsins í Íslandi, þó svo, að Sjálandsbiskup skuli fyrst um sinn hafa undir umsjón þann hluta sjóðsins, sem er á vöxtum í Danmörku. Sömuleiðis hefur tèður ráðherra, eptir uppástúngu stiptsyfirvaldanna, ákveðið, að safna skyldi ávöxtum sjóðsins, þángað til að hann væri 20,000 rbdd., og loksins samþykkir hann 23. ág. 1851, að ávöxtum sjóðsins skuli verja til búnaðarskóla. Við síðustu árslok átti sjóðurinn hèr í landi 13,695 rbdd. 12 skk.; en hve mikið hann átti á vöxtum í Danmörku, er mönnum hèr ei fullljóst; þó mun hann nú alls eiga nokkuð yfir 17,000 rbdd.

Eptir þessum málavöxtum virðist mèr það heinastur vegur, til að stofna einn hæfilegan og viðunandi bændaskóla hèr í landi, ef til þess væri varið fè frá *Thorchillii* sjóðnum, styrk þeim, er koma kynni frá amtanna búnaðarsjóðum, og tillögum þeim, er fást kynnu frá landsmönnum og stjórninni, og eg vil því skjóta því til hinna heiðruðu þingmanna og nefndarinnar, hvort ei ætti eptir þessu að laga uppástúngurnar í máli þessu.

Væri búnaðarskólinn stofnaður af þeim sameinaða fèstyrk, er eg hef bent á, þykir mèr ei óvænlegt, að honum yrði vel og viðunanlega á fót komið, en annars þykir mèr slík von vera nokkuð hæpin og á veikum rökum byggð.

Framsögumaður: Það gladdi mig að vísu mikið, að heyra það, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi var í aðalefninu nefndinni samdóma, og gjörði nú svo góðan róm að máli þessu, jafnvel þó eg væri viss um það af honum laungu áður. Hann gaf og þínginu ýmsar fróðlegar upplýsíngar um *Thorchillii* sjóðinn, og þó mèr væri mikið af þeim kunnugt fyrri, þá þótti mèr þó vænt um, að heyra þær nú af hans munni. Nefndin var í efa um, hvort hún mundi mega vona nokkurs liðs af sjóði þessum handa þeim, sem kynnu að vilja gánga á búnaðarskólann; en þó þótti henni það kynni að mega takast handa mönnum úr Kjalarnesþíngi, sem sjóðurinn er í fyrstunni gefinn, og því gaf hún þá bendíngu um það, sem hún gjörði. En af því að Reykjavík hefur á þeim tíma einnig verið í Kjalarnesþíngi, þá var nefndin hálfhrædd um, að Reykvíkíngar kynnu nú að óska sèr nokkurs styrks af sjóðnum til skólastofnunar þeirrar, sem þeir hafa á prjónunum. En uppástúnga stiptsyfirvaldanna, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi skýrði frá, styrkir nefndina mikið í þeirri ætlun, að uppástúnga hennar muni ekki vera fjærri lagi. Þegar sjóðurinn er orðinn 20,000 rbdd., þá verða vextirnir af honum 800 rbdd., og ef Reykvíkíngar nytu nú að tiltölu við aðra Kjalnesínga (því 1759, þegar sjóðurinn var gefinn, heyrði Reykjavíkur-umdæmi undir Kjalarnesþíng) síns hluta af þessu fè, þá er enn minna eptir, því ekki get eg ætlað, að menn vilji skerða höfuðstólinn, að minnsta kosti datt nefndinni það aldrei í hug. Ef að nú nokkru af þessum litlu vöxtum yrði varið til þess, að styrkja með fátæka, en efnilega únglínga úr Kjalarnesþíngi, til að gánga á búnaðarskólann, þá væri að minnsta kosti bæn Kjósarbúa að nokkru leyti heyrð, og eg held, að tilgángi gjafarans sè ekki með öllu ónáð.

H. G. Thordersen: Úr því farið er að tala svo mikið um hinn svo kallaða *Thorchillii* sjóð, verð eg að standa upp, til að gjöra grein fyrir minu áliti í þessu efni. Eg á nú að heita annar forstöðumaður þessa sjóðs, eptir konúnglegum úrskurði, og undirlagi þeirra manna, sem eptir gjafabrèfinu voru settir *executores testamenti*, nefnilega stiptamtmannsins yfir Íslandi

og biskupsins yfir Sjálandi. Þessir menn voru búnir að koma sèr saman um skilníginn á gjafabrèfinu, að skóla skyldi stofna fyrir fátækustu börn í Kjalarnesþíngi, og sameina við hann uppfræðíngu í búnaði, og hefur kirkju- og skóla-stjórnarráðið samþykkt þessa þeirra uppástúngu. Það er af öllu auðsèð, að eptir að búið var að af ráða, að greindum sjóði skyldi þannig verja, hefur biskupinn yfir Sjálandi álitið sèr ófært, að hafa umsjón með slíkum skóla hèr í landi, og þess vegna æskt, að biskupinn yfir Íslandi, svo sem innlendur og kunnugur landsháttum, tækist hana á hendur. Þar eð þessu er svona varið, lýsi eg því hèr yfir, að eg þykist eingan rètt eður myndugleika hafa til, í minnsta máta að breyta, eður leggja til, að breytt verði þeirri útskýríngu á gjafabrèfinu, sem þeir hafa gjört, er eptir því voru hinir rèttu *executores testamenti,* og sem seinna er staðfest af viðkomandi stjórnarráði. Eg þættist ekki kannast rèttilega við stöðu núna í þessu máli, ef eg vildi nokkru hagga í því. Þar sem slegið hefur verið upp á því, að fá part úr áður greindum sjóði til landbúnaðarskóla eður barnaskóla í Reykjavík, eður kann ske fleiri slíkra stofnana, þá verð eg, eptir því sem áður er sagt, að vera því öldúngis mótfallinn, þess heldur, sem mèr finnst það megi vera öllum auðsætt, að ef menn fara þannig að skipta þessum sjóði í marga parta, með því að veita hinum eður þessum meiri eður minni styrk, ávinnst ei annað en það, að þegar fjáraflið skiptist, verður eingri stofnuninni á legg komið, svo að sönnu gagni komi. Hèr sýnist mèr eiga við, að betra sè, að saman safna en sundur dreifa.

Hèr hefur verið talað um, að sjóð þessum eigi, eins og sèrhverri gjöf dáinna manna, að verja eptir gjafarans tilgángi, og er eg því fullkomlega samdóma, en aptur hefur verið látið í ljósi, að þessum tilgángi sè breytt með því, að stofna búnaðarskóla, sem þó hvergi sè ráð fyrir gjört í gjafabrèfinu. Eg skil þetta öðruvísi, og álít meininguna þá, að skólinn eigi að stofnast samkvæmt gjafabrèfinu, svo sem kristilegs uppeldis og uppfræðíngar stiptun, en svo börnunum sè ei stöðugt haldið við bókina, eigi þau líka að nema þarflega kunnáttu í búnaði, svo því verði framgeingt, sem gjafabrèfið ætlast til, að þau geti með aldrinum unnið sèr brauð. Þegar nú sá er tilgángur þessa skóla, að taka að sèr hin fátækustu börn í Kjalarnesþíngi, sem foreldrar eður aðrir eru lítt færir að veita forstöðu eður menníngu, og veita þessum kristilegt uppeldi og uppfræðíngu, gefa

þessum föt og fæði, og kenna þeim vinnu, svo þeir seinna geti orðið bæði sjálfum sèr og öðrum til uppbyggíngar, vil eg spyrja sèrhvern mann, hvort hann geti annað, en álitið þvílíkan tilgáng bæði fagran og sannkristilegan. Sá tilgángur skólans, að taka að sèr þau börn, sem minnst eiga úrkosta, mætti, virðist mèr, finna samsinníngu í hvers manns brjósti.

Nefndin hefur að eins minnzt á *Thorchillii* sjóðinn, og gefið með því tilefni til lángrar umræðu; eg vildi óska hún hefði ekki farið fram á það, sízt svo óskilmerkilega, sem hún hefur gjört, og verð eg að ítreka, að eg fyrir mitt leyti verð því mótfallinn, að snert verði við fyr greindum sjóði til nokkurs annars, en þegar er ákveðið.

V. Finsen: Eg held, að nefndin hafi gjört öldúngis rètt í því, að byggja ekki meira á *Thorchillii* sjóðnum, en hún hefur gjört, og, ef til vill, hefði hún ekki átt að byggja svo mikið á sjóði þessum, og gjört er í álitsskjalinu. Ef maður les gjafabrèf Jóns heitins Þorkelssonar, þá er þar alls ekki gjört ráð fyrir búnaðarskóla. Hann gefur fèð fátækustu börnunum í Kjalarnesþíngi, til þess þau fái *„kristilega uppfræðíng“*, og þessa kristilegu uppfræðíng talar hann aptur og aptur um, en á uppfræðíngu í búnaðarfræði er hvergi minnzt með einu orði. Hann gefur fèð til *„barnaskóla“*, en allir vita, að börn eru ekki fær um, að læra búnað. Að sönnu hefur hann bætt því við, að börnin skuli fá fæði og uppheldisstyrk á skólanum, og þau orð munu það vera, sem gefið hafa orsök eða átyllu til þeirrar útleggíngar á testamentinu, sem hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður skýrði nýlega frá, en það er auðsætt, að af því verður ekki ráðið, að meint sè til búnaðarskóla. Þessa var og heldur ekki nein von á þeim tíma, sem gjafabrèfið er ritað á, en það var 1759; því þá var hugmyndin um búnað ekki vöknuð, en þá hugsuðu menn mest um trúarbrögð og kristindóm. Eg held þannig, að það sè ekki samkvæmt tilgángi gjafarans, eins og hann lýsir sèr í gjafabrèfinu, að stofna af sjóðnum búnaðarskóla; eg held þetta sè ekki rètt, og eg held þar næst, að það sè jafnvel nokkuð ísjárvert, og, ef til vill, hættulegt, að vilja treysta á sjóð þennan til búnaðarskóla. Setjum svo, að einhver styrkur feingist af honum til skólans í fyrstu, en menn gætu þá, er minnst varði, búizt við, að krafa kæmi frá innbúum Kjalarnesþíngs um, að fá hann, til að stofna af honum barnaskóla, einmitt eptir tilgángi gjafarans, og þá gæti

vel svo farið, að búnaðarskólinn missti þennan styrk. Það gæti, ef til vill, jafnvel komizt í mál, og dómstólarnir yrðu að fara að skera úr skilníngi gjafabrèfsins, og, ef það væri þá ekki álitið öldúngis vafalaust, að tilgángur gjafarans hefði verið, að stofna búnaðarskóla, þá mundi sjóðurinn missast. Og eg ætla, að þetta sè ekki öldúngis dæmalaust, að svona hafi að borið. Eg álít það þannig, ef til vill, hættulegt fyrir búnaðarskólann, að biðja um nokkurn styrk af *Thorchillii* sjóðnum, einkum í byrjuninni, því þá þolir hann sízt, ef hann yrði sviptur fènu, og gæti það hnekkt honum mjög, ef ekki steypt honum með öllu. Það er að vísu satt um ákvörðun kirkjustjórnarherrans viðvíkjandi brúkun á *Thorchillii* sjóðnum, en eg ætla, að konúngsúrskurður sè enn ekki til fyrir því. Þessi ákvörðun er að vísu gjörð eptir uppástúngum *executorum testamenti,* en *executores testamenti* eiga að fram fylgja tilgángi gjafarans, eins og þessi tilgángur einu sinni er, en eg skil ekki, að þeir hafi nokkurn myndugleika til, að breyta andanum eða tilgánginum í sjálfu brèfinu.

Það hefur æfinlega þótt ísjárvert, að breyta gjafabrèfum manna eða testamentisgjörðum. Þess konar gömul gjafabrèf látinna manna eru alstaðar álitin að standa hátt fyrir ofan þá, sem nú lifa, og vera eins og nokkurs konar helgidómur. Eg ræð því alveg frá, að byggja þessa stofnun, sem hèr ræðir um, að nokkru leyti á *Thorchillii* sjóðnum. Slíkur búnaðarskóli held eg líka gæti vel komizt á, án þess að grípa til *Thorchillii* sjóðs. Sè veruleg þörf á slíkum skóla, þá gjöri eg ráð fyrir, að efnaðir menn setji þángað syni sína, og er það eðlilegt, ef þeir hafa gagn af skólanum, að þeir borgi vel með sonum sínum, og hèr eru í landi margir menn svo efnaðir, að þeir geta vel lagt með sonum sínum. Eg held og, að það sè kostnaðarminna, að koma slíkum skóla upp, en margur kann að halda. Eg er á því, að þíngið ætti að biðja konúng, að ljá einhverja góða opinbera jörð, afgjaldslaust um vissan tíma, setja þar svo góðan kennara, og ef hann lætur menn vita, að hann geti og vilji kenna mönnum búnað, þá ætla eg skólinn geti komizt í gáng af sjálfum sèr.

G. Brandsson: Mèr getur þó ekki betur fundizt, en að nefndinni hafi tekizt hèr, að fara meðalveginn milli þess, sem testamentis-gjörðin leggur fyrir, og bænarskráin úr Kjalarnesþíngi fer fram á. Það er auðvitað, að þegar þessi testamentis-

gjörð var samin, þá stóð allt öðruvísi á með sveitarstjórn en nú, og eg held enginn geti borið á móti, að nú sè í mörgu falli betur vandað til uppeldis barna og uppfræðslu þeirra; að minnsta kosti held eg, að nú sè minni munur gjörður á ríkra og fátækra manna börnum, heldur en þá var. Þetta er líka eðlilegt; því upplýsíng í landi voru hefur talsvert farið vaxandi á næstu 100 ára tímabili. Eg vildi nú mega spyrja: hvað kemur til, að hinum góðgjarna tilgángi gjafarans hefur ekki verið fram fylgt í mörg undanfarin ár, svo góða og öfluga umsjónarmenn, sem sjóður þessi hefur átt? því lángt er nú orðið síðan barnaskólinn var á Hausastöðum. Hvernin uppeldi barna og kennsla var í honum, muna víst nokkrir, og af einhverjum orsökum hefur hann verið lagður niður, og ekki reistur á fætur aptur.

Eg hef heyrt, að barnaskóli sá, sem hèr var í Reykjavík um nokkur ár, hafi feingið talsverðan styrk úr *Thorchillii* sjóðnum, en hvað mikinn, veit eg ekki, jafnvel þó sumir haldi, að það muni hafa verið hátt upp í hluta þann, sem Reykjavík á því tímabili hefði getað átt tilkall til úr sjóði þessum, í samanburði við önnur hèruð í Kjalarnesþíngi. Að kennslumáti í skóla þessum hafi eingaungu verið lagaður eptir því, sem fyrir er lagt í hinni áminnstu testamentisgjörð, mega Reykjavíkurmenn bezt vita, en heyrt hef eg, að auk barnalærdómsbókarinnar hafi þar verið kennt að skrifa og reikna og skilja dönsku, nokkuð í sagnafræði og saung, og má ske fleiru, sem mèr er hulið. Heyrt hef eg líka, að það hafi ekki eingaungu verið fátækra-manna börnin sem notið hafi tilsagnar í skóla þessum.

Ef mönnum nú fyndist, að barnaskóli væri miður nauðsynlegur núna, heldur en þegar *Thorchillii* sjóðurinn var stofnaður, vegna þess að barna-uppeldi yfir höfuð og uppfræðíng í kristilegum trúarbrögðum væri betri nú en þá, hvað gæti þá verið á móti því, að fátækir og efnilegir únglíngar úr Kjalarnesþíngi hinu forna nytu styrks úr sjóði þessum, til að læra búnaðarfræði, svo þeir þar með gætu orðið fósturjörðu sinni til gagns og sóma, og undir eins sjálfum sèr hinir nýtustu? og þó hin kristilega þekkíng eigi að vera í fyrirrúmi, þá er það þó fleira, en hún ein, sem heyrir til góðs uppfósturs, eins og allir vita. Eg sè því ekki, að kristileg þekkíng og önnur þarfleg kunnátta þurfi að ríða í bága hvor við aðra, heldur ætla eg þær geti vel samþýðzt. Eg get þess vegna ekki annað, en fallizt á

uppástúngu nefndarinnar í þessu máli; því eins og eg sagði nýlega, finnst mèr hún fara sem næst tilgángi þess, sem gaf hinn áminnsta sjóð, og undir eins fullnægir hún að nokkru leyti beiðni þeirra, sem hèr eiga hlut að máli, eptir sem ráða er af bænarskrá þeirri, er þeir sendu hingað til þíngsins, þessu efni viðvíkjandi.

Þ. Jónassen: Það ætlar að fara í þessu máli eins og optar, þegar tilrætt er um, að koma einhverju hèr á fót, sem ekki hefur áður verið, að það ber ætíð upp á sama skerið, fèleysið. Þetta er og, eins og hèr hagar til, í eðli sínu, og verða þá jafnan einu úrræðin, að leita stjórnarinnar. Það er líka sannast að segja, að stjórnin hefur í þessum efnum gefið bænum vorum góðan gaum, og nægir í þessu tilliti að vitna til stofnunar prestaskólans, sem nýlega er geingin um garð. Mèr virðist líka, að staða þessa lands, og skoðun sú, sem stjórnin virðist að hafa haft á henni, innihaldi mikla hvöt fyrir stjórnina, að gefa annari eins bæn og þessari, um stofnun búnaðarskóla í landinu, náðuga áheyrslu, án þess farið sè í nákvæman reikníng um það, hvernig fjárhag og tekjum landsins er háttað, og það hefur líka stjórnin sýnt að hún ekki gjörir. Eg er því sannfærður um, að hún muni gefa bæn um stofnun búnaðarskóla góðan gaum, og þó hún ekki að svo stöddu geti uppfyllt þessa ósk vora, eða að minnsta kosti ekki eins fljótt, og hèr er beðið um, mun hún þó svo fljótt, sem kríngumstæðurnar leyfa það, líta á þessa nauðsyn vora, og bæta úr henni eins og öðru, sem vèr með góðum ástæðum berum upp fyrir hana, og tjáum henni, að oss vanhagi um í einhverju tilliti.

Konúngsfulltrúi: Eg fæ þó ei betur sèð, en að þíngið hafi góða ástæðu til, að fara því á flot, að *Thorchillii* sjóður legði nokkuð til stofnunar og viðhalds búnaðarskólanum, bæði af því, að bænarskrá er um það komin frá 2 hreppum í Kjalarnesþíngi, og líka af því, að stjórnin hefur ákveðið, að ávöxtum sjóðsins skyldi verja til slíks augnamiðs. Væri einn skóli stofnaður af öllu því fè, sem eg áður hef bent á, þætti mèr líklegt, að stofna mætti einn sæmilega góðan skóla; en færu menn að sundra þeim litlu kröptum, sem hèr eru fyrir hendi, og vildu stofna einn búnaðarskóla fyrir það fè, er *Thorchillii* sjóðurinn gæti til lagt, og annan fyrir það fè, er feingist annarstaðar frá, þá óttast eg fyrir, að menn feingju 2 ónýta skóla,

er má ske bráðum liðu undir lok, í staðinn fyrir einn góðan, er staðið gæti vel og leingi.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg held, að það megi vera nefndinni til styrkíngar í þessu, að eg má segja, að nokkuð af vöxtunum af *Thorchillii* sjóðnum hefur verið brúkað, til að styrkja með íslenzka jarðyrkjumenn ytra, að minnsta kosti Guðmund Stephensen frá Hvammkoti, svo ekki var því fè varið beinlínis eptir því, sem mèr heyrist að nú skuli vera, nefnilega til kristilegrar uppfræðíngar; því Guðmundur Stephensen var þá búinn að læra kristindóminn, en var einmitt að læra búnað.

H. Stephensen: Mèr kemur það ætíð í hug, þegar þíngið fer að grípa til eldgamalla stofnana eða rèttinda, og snúa þeim í aðra átt, en til er ætlað með fyrsta, að það sè litlu betra, en að taka ófrjálsan hlut. Mèr þótti vænt um, að hinn heiðraði 6. konúngkjörni þíngmaður var á sama máli og eg í þessu, því mèr er sama, hvort það eru mildar eða ómildar hendur, sem taka vilja til slíkra stofnana, sem þær eiga ekki með. Þannig er og mín skoðun á máli því, sem hèr ræðir um. Jón heitinn Þorkelsson gaf fèð í vissum tilgángi, sem enginn má hagga um aldur og æfi, svo leingi sem það er unnt, að fylgja þeim tilgángi fram. Nefndin kannast og við það í inngángi álitsins, að sjóður þessi sè gefinn fátækum börnum í Kjalarnesþíngi til kristilegrar uppfræðíngar og góðs uppfósturs, sem ekki á beinlínis heima í búnaðarskólum. En þrátt fyrir þetta stíngur nefndin þó upp á, að byggja búnaðarskólann að nokkru leyti á *Thorchillii* sjóðnum, í niðurlagsgrein álits síns, og virðist mèr það vera gagnstætt hvað öðru hjá henni, og hún hafi grafið grundvöllinn undan uppástúngu sinni um þetta í inngánginum. Viðvíkjandi takmörkum Kjalarnesþíngs hins forna, sem sjóðurinn er gefinn, get eg fátt sagt, því mèr eru þau ekki svo kunnug, þó eg ætli helzt, að þar í muni hafa verið, auk Kjósarsýslu, Gullbríngusýsla öll, og muni hún því einnig eiga að njóta fjár þessa. Ræð eg það með fram af því, að eg hef heyrt, að Jón heitinn Þorkelsson hafi gefið kirkjunni í Njarðvík bókasafn sitt — *(H. G. Thordersen*: Jú, það er satt) —. Eg sè því alls ekki, að búnaðarskóli verði að neinu leyti byggður á gjöf þessari, heldur verði að hafa annað fè til þess. Hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu gat þess enn einu sinni, hversu sveitastjórnin væri orðin góð, og eg efast ekki um, að hún sè það í þeirri sveit, sem hann þekkir bezt til í. Hann álítur

hún muni fullnægja barnauppfræðingunni, svo eingan styrk þurfi til þess framar. En ekki veit eg, hvort tilgángur *Thorchillii* sjóðs er óframkvæmanlegur enn fyrir þá sök.

Framsögumaður: Eg ætla nú ekki að fara að koma með nýja útleggíngu af testamenti Thorkelsens, því „útgáfurnar“ eru nú þegar hèr á þíngi orðnar svo margar um það, að eg varla fæ áttað mig á þeim öllum, en það virðist mèr, sem nefndinni hafi tekizt heppilega, að synda á milli skers og báru, eins og menn segja. Og í tilliti til þess, sem hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga sagði, að hún hefði grafið grundvöllinn undan uppástúngu sinni, þá virðist mèr það alls ekki vera svo, því nefndin hefur látið í ljósi efa sinn um, hvort tiltækilegt mundi vera að taka nokkuð til fjár þessa, til að styrkja með þá, sem kynnu að vilja gánga í búnaðarskólann úr því hèraði, sem fèð er gefið til, og bent á það í niðurlagi álits síns með svo vægum orðum, sem unnt var, því hún ætlaði þó, að það væri snöggt um nær tilgángi gjafarans, en að minnsta kosti að brúka það ekki til neins, eins og núna stendur og hefur staðið helzt til leingi. Og ekki er nefndinni einni að lá, því líkt hefur og þeim orðið á, sem áttu að vera *executores testamenti*, eptir því sem hèr er nú skýrt frá á þínginu. Hinn heiðraði 6. konúngkjörni þíngmaður fór um þetta atriði mörgum orðum, en eg vissi ekki, hvaðan á mig stóð veðrið, þegar eg heyrði annan konúngkjörinn þíngmann tala þvert á móti. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður vorkennti svo mjög stjórninni, en ekki Íslendíngum, að koma skóla þessum upp; en hinn 4. bar henni alls eingin vandkvæði í því efni, og hefur hann heldur aðhyllzt álit nefndarinnar, þar sem hún hafði skýrt frá, að Íslendíngar væru ekki einfærir um það. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hèlt og, að skólinn gæti orðið stofnaður án peníngastyrks frá stjórninni, ef einhver einn maður vildi stofna hann af sínum rammleik, en eg veit ekki, hver sá maður skyldi vera, því þar þarf ærin efni til. Eg er nú á því, sem hann sagði, að rètt sè, að hinir ríku borgi með sèr í skólanum. En eiga þeir þá jafnframt að borga öll áhöld til skólans, allan kvikfènað, jarðarafgjald, o. s. frv. Ef þeir borga það ekki, þá á víst sá eini maður, sem skólann hefur stofnað, að gjöra það. Nú vildi eg mega biðja þennan háttvirta konúngkjörna þíngmann að nefna mèr einhvern hèrlendan jarðyrkjumann, færan um, að taka að sèr skólakennslu og skólastjórn í þessum skóla, sem svo sè

efnum búinn, að hann geti, án þess að stjórnin leggi honum lið og fèstyrk, staðizt allan þennan kostnað. Hvað nú snertir tilgáng gjafabrèfs J. Þorkelssonar, svo eg víki að því aptur, þá minnir mig þar væri talað um gott uppeldi. Eg kalla það nú gott uppeldi, ef það er allt kennt, sem þarf til lífsins viðurhalds, og sú kennsla er þó án efa ekki ókristileg uppfræðing. Eg verð því enn að vera fastur á því, að það væri ekki á móti anda testamentisins, þó úr sjóðnum væri tekinn dálítill styrkur handa fátækum mönnum, sem gánga vildu á búnaðarskólann, og sem væru úr því hèraði, sem testamentið til tekur. Þá væri og bæn Kjósarbúa og Kjalnesínga heyrð, eins og eg gat um áðan, því þeir hafa sent þínginu bænarskrá um þetta efni.

Þ. Jónassen: Eg er öldúngis samdóma hinum heiðraða fulltrúa Borgfirðinga í því, að það sè órètt og ekki samkvæmt gjafarans tilgángi, að verja *Thorchillii* legats-sjóðnum til þess, að stofna hèr búnaðarskóla, því hann er einúngis gefinn til fátækra barna uppfræðingar í Kjalarnesþíngi. Eg get því ekki aðhyllzt þann skilníng á gjafabrèfsins orðum, sem eg nú heyrði að stjórnendur *Thorchillii* sjóðsins hefðu lagt í þau, því eg ætla, að sá skilníngur orðanna sè ekki rèttur, og sama er að segja um það, hafi tekjum sjóðsins, eins og hinn 1. konúngkjörni þíngmaður gat um, verið varið til, að styrkja Guðmund Ólafsson frá Gullbríngusýslu, meðan hann var í Danmörk, að læra búnaðarfræði, þá virðist mèr þessa brúkun á sjóðnum vanta heimild í gjafabrèfinu, og að því verði ekki heldur nein ástæða leidd hèr af fyrir því, að nú megi verja tekjum sjóðsins til þess búnaðarskóla, sem nú er verið um að ræða.

St. Jónsson: Það hefur ekki verið meiníng nefndarinnar, að koma búnaðarskólanum upp með fè *Thorchillii* sjóðsins — (*Þ. Jónassen*: En styrkja hann). — Nei, hvorki til að stofna hann nè styrkja, heldur að eins, til að hjálpa fátækum og efnilegum úngmennum úr Kjalarnesþíngi, til að gánga á hann; því þessir efnilegu únglíngar geta opt verið fátækir, því það fer eingan veginn ætíð saman, efnilegur og efnagóður. Hèr við bætist og, að það heyrir til kristilegs uppeldis, að læra menntun til verknaðar, og að það er þó eingan veginn ókristileg kennsla, sem í búnaðarskólanum fer fram, og er það einnig ástæða fyrir nefndarinnar uppástúngu. Nefndin minnist og svo vægilega á þetta, sem unnt er, svo henni verður þar ekki borin nein frekja á brýn, og annaðhvort varð að vera, að nefna alls ekki þennan

sjóð, gagnstætt því, sem beiðendur úr Kjalarnesþingi þó fara fram á, eða þá að gjöra það svona, og í því getur þingið enn gjört, hvort sem því nú sýnist ráðlegra, fyrst þetta er það eina atriði í nefndarálitinu, sem helzt er orðinn nokkur ágreiningur um. Eg skal og leyfa mèr að geta þess, að nefndin talaði margt um staðinn fyrir búnaðarskólann. Sumir stúngu upp á Möðruvalla- eða Múnkaþverár-klaustrum fyrir norðan, og mælti sumt með, en sumt móti, t. a. m. að Möðruvellir eru nú bújörð embættismanns, og lægi því ei, ef til vill, laus fyrir; aptur er þar gott hús, ef sú jörð hefði feingizt; en sú varð þó niðurstaðan, sem nefndarálitið sýnir.

J. Guðmundsson: Eg felli mig vel við nefndarálitið og stefnu þess yfir höfuð að tala; en vegna þess, að annars vegar er stjórnin beðin hèr um styrk handa skólanum, sem eg álít öldúngis rètt, því hver góð stjórn finnur sèr skylt, að efla sannar framfarir þegnanna, og kosta til þess, og eg efa ekki, að stjórn Danakonúngs einnig finni sèr þetta skylt, en hins vegar þó beðið jafnframt um styrk úr sjóði Jóns Þorkelssonar, og þar eð kominn er nú fram ágreiníngur nokkur um rèttan skilníng á tilgángi sjóðs þessa, þá leyfi eg mèr að láta þá ætlun mína í ljósi, að, ef beðið væri um styrk af honum, þá er eg hræddur um, að stjórnin kynni að grípa til hans, og veita þaðan jafnvel allan styrkinn, því heldur, sem hún er búin að ákveða, eins og menn heyrðu áðan, að stofna af honum búnaðarskóla í Kjalarnesþingi. Nú er eg þó að vísu öldúngis á meiníngu þeirra, sem þykir það mjög vafasamt, hvort stjórnin eigi með að breyta svo auðsjáanlega og bregða út af tilgángi gjafarans; því þó gjafarinn hafi til tekið vissa menn, til þess að annast um, að tilgángi gjafarinnar *yrði fram fylgt,* þá er þeim eingan veginn þar með gefin nein lagaheimild, *að breyta* tilgángi gjafarans.

En þar sem um þess konar ánöfnun eða stofnunar-brèf er að ræða, eins og það, sem er eptir Jón Þorkelsson, þá má ætíð skoða það eins og hvern annan gjörníng, þar sem tveir partar standa að, sá, sem gefur eða ánafnar, og sá, eða þeir, sem á að þiggja; og ef Kjalarnes- og Kjósar-hreppar, þaðan sem bænarskrárnar eru, vilja ekki þiggja legat *Thorchillii,* eptir tilgángi þess, til kristilegrar uppfræðíngar fátækum börnum þeirra, þá mætti víst þykja hart, ef búendur þessara tveggja hreppa ættu að neyðast til, að þiggja það, eða ef eingan gaum mætti

gefa bæn þeirra, sem hèr er komin fram, um, að fá að njóta tiltölunnar á þann annan veg, sem þeir sjá únglingum sínum til uppbyggíngar og framfara. En til þess, að *Thorchillii* sjóðnum mætti verja *öllum* til búnaðarskóla, þyrfti bænin að vera úr *öllu* Kjalarnesþíngi forna, í stað þess, sem hún er nú að eins úr tveimur hreppum; en slík bæn mun aldrei koma, að eg vona, úr öllu hèraðinu. Eg tel víst, að þeir hèr á nesjunum og í sjóplázunum kjósi þann kostinn fremur, sem þeim er víst nauðsynlegri, að verja sjóðnum beint samkvæmt tilætlun gjafarans, til barnaskóla. En hvað aptur snertir breytíngu þá á þessari tilætlun, sem Kjósarmenn og Kjalnesíngar nú fara fram á, þá veit eg, að viðlíka breyting hefur verið gjörð á gjafaskilmálum kristsfjárjarðanna, þar sem t. a. m. eiginlega á að fylgja karleða kvenngildur ómagi ár hvert, og er það í hag sveitarbúum; en menn hafa víða komið sèr saman um, að þiggja ekki þessa tilætlun gjafarans, og láta heldur afgjaldið gánga til fátækraþarfa í sveitunum, en annast á annan veg kristsfjár- ómagann. Eg er því yfir höfuð með nefndinni einnig í þessu atriði, en vil að endíngu skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vilji ekki reyna, að taka ályktunaratriðin í áliti sínu betur eða glöggvar fram í því, áður en málið kemur til ályktarumræðu og atkvæða.

H. Stephensen: Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga hèlt, að þurfa mundi eindregna bæn frá öllu Kjalarnesþíngi, til að breyta tilgángi *Thorchillii* sjóðsins, þá gáði hann víst ekki að því, að þeir menn, sem nú lifa, deyja, og þeir geta aldrei breytt þessum tilgángi nema fyrir sína lífstíð, en þá koma eptirkomendur þeirra, sem vel geta krafizt þess, að hinum upphaflega tilgángi gjafarans verði fylgt.

Á. Einarsson: Eg held það ætli að verða hèr sem optar, að þar sè ráðist á garðinn, sem hann er lægstur, þegar menn geta nú verið að tæta sundur þessa litlu bendíngu nefndarinnar um það svo kallaða *Thorchillii legat,* sem nefndin hefur bent svo vægðarsamlega til. Annars ætla eg, að eins sè um þennan sjóð, eins og aðra, að hann eigi að brúka til þess, sem ætlazt er til í upphafi; en þegar það verður ekki leingur gjört, þá eigi að brúka hann til þess, sem er næst augnamiði hans. Hinn heiðraði 6. konúngkjörni þíngmaður gaf í skyn áðan, að breyta mundi mega konúngsúrskurði, þó hann feingist til, að ákvarða nokkuð af áminnstum sjóði til bændaskólans, og skólinn missti þetta þá aptur seinna; en af þessu ályktа eg

það, að svo mætti að fara með aðra sjóði, og held það þá sjálfsagða skyldu þeirra, sem þessi ráð sjá, að hrinda hinum fornu sjóðum vorum í rètt horf, ef þeir væru komnir úr því. Og eg held, að þeim væri nær, að ná því aptur, sem misst kann að vera, t. a. m. af kollektupeníngunum, og svo það, sem sagt er að tekið hafi verið af *Thorchillii* sjóðnum, sè það órèttilega tekið, heldur en að rífa niður þetta nefndarálit. Konúngsfulltrúinn gat þess, að þó konúngurinn og stjórnin vildu styrkja Ísland með fjárstyrk, rèði ríkisdagurinn mestu, og óvíst, hvað hann vildi gjöra. Eg hef annars ekki svo mikið vantraust á ríkisþíngi Dana í þessu, að það muni ekki láta oss fá fè það, sem vèr þurfum til nauðsynlegra stofnana, á meðan það vill halda oss í því fjárhags-sambandi við Dani, sem út hefur litið að undanförnu. Og eg veit, að Danir sjá það, hvað nauðsynlegt er, að hèr komist upp búnaðarskóli. En skrítið þætti mèr það, ef embættismenn vorir, sem kann ske nýlega hafa feingið launaviðbætur, að tilhlutun eða samþykki ríkisdagsins, bæru í þessu tilliti minna traust til Dana, en vèr gjörum, bændurnir. Eg vil og í þessu tilliti að eins benda á það, hversu fúslega stjórn Norðmanna hjálpaði búnaðarskólunum upp í Noregi, og veitti stórþíngið árið 1842 14,400 rbdd. til þess, og jók þar við 24,000 rbdd. 1845, og þegar stjórnin var búin að stofna þá og koma þeim í gáng, þá kom þjóðin á eptir, og styrkti skólana með tillögum af jafnaðarsjóðum amtanna, svo nú eru þar komnir upp búnaðarskólar í hverju amti, að 3 undanteknum (sjá „Ný Fèlagsrit“ 11. ár). Eg held og, að benda megi á búnaðarsjóði amtanna hèr á landi, til að styrkja þetta, og einkum þegar það vakir nú fyrir landsmönnum, að fá fleiri en einn skóla, ef því yrði við komið, altènd með tímanum, þó ekki verði það í bráð. Þannig áttu Svíar fyrst einn búnaðarskóla, og mun hann hafa orðið orsök til þess, að nú eru þeir svo margir í Noregi. Mèr finnst annars, að enginn þíngmanna hafi bætt neitt um fjárhagsuppástúngu nefndarinnar til búnaðarskólans, og vilji einhver gjöra það, þá ætla eg honum væri bezt, að taka sèr breytíngaratkvæði.

G. Brandsson: Það væri þó víst fróðlegt, að fá að vita, hverju stjórnarmenn *Thorchillii* sjóðsins mundu svara, ef að búendur í Kjalarnesþíngi beiddu um styrk úr honum til þess, að kennt yrði fátækismanna-börnum þar fyrir heima í sveitum; því það væri víst mjög samkvæmt gjafabrèfi því, sem nýskeð

var hèr lesið. Það hefur verið mikið talað um það hèr á þinginu, að menn mættu ekki breyta testamentisgjörðum, en þó held eg megi finna dæmi þess, að menn hafi leyft sèr það. Eg hef t. a. m. sèð skrifað gamalt gjafabrèf, hvar í að Stóru-Vogar í Gullbríngusýslu eru gefnir til kirkju einnar, en nú er þessi jörð bænda-eign, svo ekki hefur sú testamentisgjörðin haldizt óhögguð um aldur og æfi; hve nær eða hvers vegna hún ónýttist, man eg ekki glöggt.

Menn vita til, að ýmsir sjóðir hafa verið stofnaðir, hverra upprunalega augnamiði nú er haggað, svo þeir hafa, þegar fram liðu stundir, verið brúkaðir til alls annars, en þeir voru ætlaðir til í fyrstu. Þannig vita menn til, að kollektusjóðurinn hefur verið brúkaður til strandamælínga hèr á landi, hvaða heimild sem fyrir því hefur verið, og svona getur verið með fleira, sem eg veit lítið af að segja. Eg veit reyndar, að þetta er eingin rèttlætandi ástæða til, að fara órèlega með *Thorchillii* sjóðinn, en það er heldur enginn, sem óskar þess, að sú meðferð verði höfð á honum.

V. Finsen: Með tilliti til þess, er þingmaðurinn frá Strandasýslu hafði skilið mig svo, að eg hèldi, að hægt væri, að breyta konúngsúrskurðum viðvíkjandi brúkun ýmsra sjóða, vil eg geta þess, að eg meinti að eins, að konúngur gæti kann ske breytt sínum eigin úrskurði, eða leyft, að höfða mál, og láta dómstólana skera úr. Eg get t. a. m. ímyndað mèr, að þó konúngsúrskurður feingist fyrir því, að brúka mætti eitthvað af *Thorchillii* sjóðnum til búnaðarskóla, þá kynnu síðar að koma bænarskrár í gagnstæða átt frá Kjalarnesþíngi, og jafnvel frá alþíngi, og kynni þá konúngsúrskurðinum að verða breytt. Hvað því viðvíkur, hvernig ýmsir sjóðir hafi verið brúkaðir að undanförnu, þá er þar allt öðru máli að gegna. Það mundi bæði stundum verða torvelt, að sanna slíkt, og eins illt, að gjöra við því, þegar nokkur stund er liðin frá.

Í Danmörku mun það opt vera siður, að, þegar einhver vill læra búnað, þá fer hann til einhvers góðs bónda, og nemur hjá honum allt það, sem verknaði við kemur *(practisk)*, sem eg ætla og að meira ríði á við þess konar, en boknámi. Að öðru leyti má eg kannast við, að nefndinni og mèr beri ekki neitt verulegt á milli; því nefndin hefur í rauninni sjálf látið í ljósi sama álit um *Thorchillii* sjóð, og eg hef borið fram.

Framsögumaður: Það gladdi mig, er hinn heiðraði 6.

konúngkjörni þingmaður nú mælti, einkum viðvíkjandi þörf og nauðsyn vor Íslendínga, að fá upp búnaðarskóla hjá oss, því það er einmitt sannfæring nefndarinnar, að svo sè. Í tilliti til þeirrar aðferðar, sem hann gat um að Danir brúkuðu, þá sannast það hèr sem optar, að „hollt er heima hvað“. Oss vantar einmitt þessa bændur, sem kennt geti úngum mönnum búnað, og sá, sem lærir það í Danmörku, hann lærir mest fyrir Danmörk. En á þessu á búnaðarskólinn hèr að ráða bætur; hann þarf að vera fyrst til þess, að mynda þessa duglegu bændur hjá oss, sem aðrir geti síðan lært hjá. Eg veit raunar, að menn muni segja, að kennari sá, sem hafður yrði við búnaðarskólann hèr, mundi hafa nám sitt frá Dönum, en það er aðgætandi, að hann kennir út frá sèr á Íslandi, og íslenzkar eða innlendir það, sem hann hefur numið ytra; því þá er hann bundinn við allt það, sem hèr er sèrstaklegt og frábrugðið í þessu tilliti. Viðvíkjandi því, sem hinum sama heiðraða konúngkjörna þingmanni þótti nefndin hafa gjört of mikið úr hinni bóklegu menntun í búnaðarskólanum, vil eg að eins benda honum á, hvað síður er annarstaðar við slíka skóla, og má nokkuð sjá það í „Nýjum Fèlagsritum“, 9. ári, 90.—91. bls., og er það töluvert minna, sem nefndin fer fram á, en þar er skýrt frá. Eg vil nú eingu spá, og ekkert tala um aðgjörð eða meðferð stjórnarinnar á *Thorchillii* sjóðnum. Eg get og á, að sumum þætti skörin setjast upp í bekkinn, ef eg settist í dómarasæti, til að meta aðgjörðir þvílíkra manna. En með tilliti til þess, er þingmaður Skaptfellínga mælti, þá skildi eg hann ekki nógu glögglega, og vildi heldur fyrir mitt leyti, að hann tæki sèr breytíngaratkvæði um það, sem honum þótti helzt galli á vera hjá nefndinni.

H. G. Thordersen: Eg hef nú, eins og eg gat um áðan, gjafabrèf Thorkelsens í höndum, og skil eg ekki, hvernig menn geta eptir því veitt einstökum mönnum styrk af sjóði þessum. Eptir því, sem þar segir, verður einn skóli að vera handa börnum úr öllu Kjalarnesþíngi, og eg get ekki heldur ímyndað mèr, að menn mundu vilja stofna marga smáskóla, því þá yrði ekkert úr fènu. Annars virðist mèr nú, að ræður þessar um *Thorchillii* legat sèu orðnar nógu lángar, og eg hefði álitið bezt af nefndinni, að hún hefði alls ekki nefnt það. En að því leyti, sem mèr heyrist, að margir af þingmönnum hafi tekið svo eptir úrskurði kirkjuráðherrans, sem höfuðtilgángurinn væri þar bún-

aðarskóli, þá ætla eg, að það sè þvert á móti, og búnaðurinn sè einúngis aukakennsla við hina kristilegu fræðslu. Eg skil það svo, að þar sè ætlað til, að í tímum þeim, sem börnunum verða á milli bóknámsins, skuli þau læra sitt hvað, sem að búnaði og verknaði lýtur, og er það þeim eins hollt fyrir heilsuna, eins og það er þeim þarflegt, og þar er öldúngis ekki ætlað til slíks búnaðarskóla, sem hèr er umtalaður, þar sem úrskurðurinn gjörir að eins ráð fyrir börnum. Þetta nær og ekki nema til hinna allra-fátækustu barna, eins og testamentið segir. Eg held og, að betra muni, að leggja stund á eitt en margt í einu, en ekki veit eg neitt fegra, en kristilegt uppeldi og nám nauðsynlegrar vinnu, og það er tilgángur hins umtalaða testamentis.

H. Stephensen: Sumir hinna heiðruðu þíngmanna hafa furðað sig á því, að þíngmenn skyldu geta tekið hina lítilfjörlegu bendíngu nefndarinnar á *Thorchillii* sjóðinn, og verið að tæta hana sundur. Eg mun nú vera einn af þeim, sem þetta lýtur að, af því eg mælti móti því, að búnaðarskólinn væri stofnaður af sjóði þessum, en það var aldrei ætlun mín, að leggja móti búnaðarskólanum í sjálfu sèr, sem eg álít mjög nauðsynlega stofnun á landi hèr en hitt var ætlun mín, að nema mætti burtu hina umtöluðu grein nefndarálitsins, og eg vil gjöra það að mínu breytíngaratkvæði. Hinn heiðraði framsögumaður vissi ekki, hvað leingi skyldi safna í sjóð þennan, og þó hafði hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður sagt frá, að það ætti að vera, þángað til hann yrði 20,000 rbdd., og vantar þá 5 ár enn, ef hann er nú um 17,000 rbdd. Ef farið væri nú að margskipta sjóði þessum, þá yrði það til þess, að gjöra hann öllum ónýtan. Og ef að því ræki, að landsmenn sæju úti um það, að *Thorchillii* sjóður gæti náð tilgángi sínum, þá mundi eg, ef eg væri þá uppi, stínga upp á því, að hann yrði tekinn, til að stofna af sjómannaskóla, því af því hefði Kjalarnesþíng miklu meira gagn, en búnaðarskólanum. Eg get annars öldúngis ekki ímyndað mèr, að stjórnin samþykki nokkurn tíma þessa litlu bendíngu nefndarinnar, þó hún sendi henni hana.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga var hræddur um, að, ef nokkuð væri tekið af *Thorchillii* sjóðnum handa börnum, og nokkuð handa úngum mönnum, sem vildu gánga á búnaðarskólann, þá mundi hann verða öllum ó-

nýtur, og að minnsta kosti sá styrkur, sem til búnaðarskólans legðist úr þessum sjóði, yrði fráleitt meira en handa 1 eða 2 fátæklingum; en eg verð að segja, að, ef þetta er rètt skoðað, þá verður námið dýrara í búnaðarskólanum, en eg hafði ímyndað mèr. En viðvíkjandi því, sem menn hafa tekið það svo, sem testamentis-orðin: *„til kristilegs uppeldis“*, yrðu að falla burtu eptir nefndarinnar uppástúngu, þá er mèr spurníng, hvort það sè ekki kristilegt, að stuðla til þess, að sem allra-flestir nemi það, sem heyrir til þess, að vera sjálfum sèr bjargandi, og upp á eingan komnir, en búnaðarskólinn á einmitt að miða til þessa.

H. Stephensen: Hinn háttvirti framsögumaður gleymdi orðunum, sem í gjafabrèfinu standa: *„til kristilegs uppfósturs“*, sem aldrei getur heyrt undir ætlunarverk búnaðarskóla, svo orðin í sjálfu gjafabrèfinu útiloka hann með öllu.

Forseti: Eg vil skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, hvort þeim þykir nú ekki nóg rætt um þetta einstaklega atriði máls þessa, og hvort þeim sýnist ekki betra, að taka önnur atriði, sem snerta sjálft málefnið, að minnsta kosti jafnframt, til umræðu.

St. Jónsson: Menn verða að gæta þess, að það er komin bænarskrá um þetta atriði úr Kjalarnesþíngi. Nefndin hèlt þess vegna, að hún yrði að koma við það, og að það væri ekki rètt, að gánga öldúngis þegjandi fram hjá því.

G. Einarsson: Eg skal ekki fjölyrða um þetta mál, því eg ætla nú orðið nógu margrætt um það. Eg vil að eins geta þess, að eg þykist æ betur og betur sannfærast um það af umræðunum, að nefndin hafi einmitt þrætt hinn rètta meðalveg, og verð eg því fyrir mitt leyti að öllu leyti á hennar máli.

Á. Einarsson: Eg vil geta þess, að mèr finnst ekki hinn heiðraði 6. konúngkjörni þíngmaður hafi hrundið ástæðum mínum móti því, er hann hafði áður talað um, að umbreyta konúngsúrskurði um *Thorchillii* legatið, og þarf eg þess vegna ekki að svara því úr ræðu hans. En það, sem hann var að tala um, að menn í Danmörku, sem vildu læra jarðyrkjuna, færu til góðra bænda, líklega á þá staði, sem mig minnir að Danir kalli *„Mynstergaarde“*, þá held eg slíkt ætti hèr ekki við, því ef við hefðum hèr slíka bændur, værum við ekki að biðja um búnaðarskóla, en að senda menn til slíks lærdóms til Danmerkur, yrði með tímanum ekki kostnaðarminna en skólinn.

En hvað hina bóklegu menntun snertir, þá sýnir reynslan, að hún er einnig nauðsynleg fyrir jarðyrkjumanninn, því það heyrir fleira til jarðyrkjunnar, en kunna að gánga á eptir plógnum, eins og hesturinn geingur á undan honum. Hèr er land órækt-að, en ekki eins og í Danmörk, og jarðyrkjumaðurinn þarf að þekkja nokkuð í efnafræði og jarðarfræði, enda segja þeir, sem lært hafa verklega jarðyrkju einúngis í Danmörku, að það muni ekki stoða hèr mikið, hvað þá heldur, þegar ekkert er lært það bóklega. Eg vil og benda til þess, að ef menn færu hèðan að læra búnaðarfræði, held eg betur ætti við, að læra hana í Norvegi, í búnaðarskólunum þar, en það yrði líka mikill kostnaður, ef þar yrði að kenna mönnum hèðan á búnaðar- eða amtaskólunum sem óreglulegum, því þeir verða að gefa svo mikið með sèr, og held eg, að þann kostnað mundu fáir hèr geta klofið. Eg verð og að minnast á það viðvíkjandi *Thorchillii* legatinu, sem í gjafabrèfinu stendur: *„venjast á þarflega vinnu“* — *(H. G. Thordersen*: Það stendur þar ekki) —. Jæja, það var þó satt, þó það hafi komið ósjálfrátt af vörum hins háærnverðuga þingmanns — *(H. G. Thordersen*: Nei, ekki sem gjafabrèfsins orð, heldur mín eigin) — *[Hávaði að vestanverðu, hlátur, og hringing]* —. Þingmaður Borgfirðinga benti á sjómannaskóla — *(H. Stephensen*: Var það ókristilegt?) —. Nei, það var ekki mín meiníng, heldur hitt, að eg sè ekki, í hverju það er kristilegri bendíng, heldur en nefndarinnar, enda virðist mèr sjómannaskólinn ekki vera nær tilgángi sjóðsins, en búnaðarskólinn; en af því, sem nú er farið að koma fram í ræðunum, held eg, að það sè farið að vaka fyrir mönnum, að tilgángi sjóðsins verði ekki hæglega náð, og held eg þá ætti að brúka sjóð þennan til þess, sem næst liggur tilgángi hans, og verður það víst að nokkru leyti með uppástúngu nefndarinnar.

J. Guðmundsson: Eg tek það fram aptur, sem eg sagði áðan, og framsögumaður þóttist ekki skilja, að mèr þykir niðurlagsatriði nefndarálitsins ekki nógu ljóst eða sundurliðað, eða taka nógu vel fram þau atriði, sem það ætlast þó til eptir öllum ástæðunum, og bendi eg nefndinni að eins á það, ef hún vildi gjöra við því.

Forseti: Með því nú tekur einginn til máls, álít eg undirbúníngsumræðu máls þessa lokið. Á morgun getur einginn fundur orðið, af því þíngbókin hefur nú safnazt fyrir um nokkra

daga, sem þingmönnum er kunnugt; leyfi eg mèr því að ákveða fund á föstudaginn kl. 12, og verður þá tekið til undirbúningsumræðu kosningarlagamálið, og til ályktarumræðu málið um undirskript konungs, og um þingstaðafjölgun í Árnessýslu, svo sem eg mun ýtarlegar boða á dagskránni.

Fundi slitið.

---

22. júlí — átjándi fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá 2 síðustu fundum upp lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hef meðtekið skriflega tilkynningu frá varaforseta, að hann sè kosinn formaður í verzlunarmálinu, og lögfræðingur Jón Guðmundsson framsögumaður. Hinn háttvirti konungsfulltrúi vill biðja sèr hljóðs.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að benda hinum heiðruðu þingmönnum til þess, að nú eru einungis 8 virkir dagar, að þessum degi meðtöldum, eptir af þeim tíma, sem þingi þessu eptir alþingislögunum er ákveðinn, til að starfa að alþingismálefnum. Eg verð því að skora á hinar heiðruðu nefndir, er hafa feingið konungleg frumvörp eða álitsmál til meðferðar og undirbúnings undir þingræðurnar, og sem ekki enn þá hafa lokið störfum sínum, að þær vildu sem allra-mest flýta og sem fyrst af ljúka verkefni sínu, og eins vil eg skora á hinn háttvirta forseta, að hann sem allra-mest flýti fyrir þeim konunglegu málefnum, og láti þau, hvað þingræðurnar snertir, sitja í því fyrirrúmi, sem ákveðið er í alþingistilskip. 49. grein. Loksins vil eg skora á hina heiðruðu þingmenn, að þeir, þar svo mörg mikilsverð málefni enn nú eru órædd, stytti sem allra-mest ræður sínar, og gjöri sèr ei annað að umtalsefni, en það, sem þènar til, að skýra veruleg atriði málanna.

Jón Guðmundsson: Eg get látið það í ljósi, að eg er kosinn framsögumaður í jarðamatinu, og sè eg ekki, að nefndarálitið í því máli geti nokkurn veginn orðið búið, fyr en að 8 dögum liðnum.

Forseti: Eg get gefið þá upplýsingu, til að sýna, hvernig stendur á störfum þingsins, að nefndir hafa verið kosnar til að íhuga 17 málefni; 5 af þeim hafa verið konungleg frumvörp og

álitsmál, en 12 frá landsmönnum; á morgun vonast eg nú til, að 6 af þessum málum verði alveg útkljáð, en þá eru 11 eptir. Af þeim, sem eg ætla búin verði á morgun, eru 2 konúngleg frumvörp, en hin 4 eru þegnlegar uppástúngur; bráðum býst eg við að fá nefndarálit í 2 konúnglegum og 5 þegnlegum málum, og þá verða eptir 2 af hinum konúnglegu, jarðamats- og barnaskólamálið, og 2 af hinum, sem eg veit ekki enn neitt um. Af þessu er auðsætt, að ómögulegt verður, að allt sè til lykta leitt að 8 dögum liðnum, en ef hinn háttvirti konúngsfulltrúi sæi sèr kost á, að leingja þíngið til venjulegs eindaga, hèr um bil 9. eða 10. ágúst, þá sè eg ekki betur, en að öll mál, sem nú eru komin til þíngsins, geti orðið útkljáð.

Konúngsfulltrúi: Það væri að sönnu mikill ábyrgðarhluti fyrir mig, að leingja þann lögákveðna alþíngistíma, af því eg hef ekki öðlazt neitt konúnglegt leyfi þar til; en samt skal eg taka þetta til nákvæmari yfirvegunar, og einhvern tíma í næstu viku, þegar mèr þykir bezt henta, og eg sè, hvað málefnunum líður, lýsa fyrir hinu heiðraða þíngi, hvað eg af ræð í þessu tilliti.

Forseti: Í dag kemur þá, samkvæmt dagskránni, fyrst til undirbúníngsumræðu kosníngarlagamálið, og mun hinn háttvirti framsögumaður, þíngmaður Skaptfellínga, lesa upp nefndarálitið.

Framsögumaður, lögfræðíngur Jón Guðmundsson, las upp nefndarálitið svo látandi:

Við undirskrifaðir, sem hið heiðraða alþíngi kaus í nefnd til þess, að kveða upp álit vort um kosníngarlögin til alþíngis, feingum um það málefni til meðferðar alls 6 bænarskrár, nefnilega 2 bænarskrár úr Skagafjarðarsýslu, 1 úr nyrðri Þíngeyjarsýslu, 1 úr syðri Þíngeyjarsýslu, 1 úr Eyjafjarðarsýslu, og 1 frá Þíngvallafundinum 29. f. mán.

Báðar bænarskrárnar úr Skagafjarðarsýslu (nr. 27 og 28) fara meðfram fram á ýmsar aðrar breytíngar á alþíngistilskipuninni, en því var þegar hreift í inngángsumræðu þessa máls, að þessar breytíngar væru annars eðlis, og ekki viðkomandi þessu máli nè nefnd þeirri, sem í það yrði kosin, heldur yrði þíngmaðurinn úr því hèraði, og sem hefði flutt þær bænarskrár til þíngsins, að gjöra um þau fjærskyldu atriði sèrstaka uppástúngu, ef hann vildi þeim yrði framgeingt að þessu sinni.

Bænarskráin úr nyrðri Þingeyjarsýslu (nr. 44) fer og meðfram fram á breytíngu nokkra á greiðslu alþíngistollsins. En bæði á þetta ekkert skylt við kosníngarlögin eða breytíngu þeirra, og svo var að þessu sinni önnur bænarskrá um breytíngu alþíngistollsgjaldsins borin upp fyrir þíngið og felld frá meðferð í nefnd, og álítur því þessi nefnd sèr því síður skylt, að taka þetta efni til meðferðar.

En hvað áhrærir sjálf kosníngarlögin, þá fara bænarskrárnar fram á breytíngu á þeim, með miseinskorðuðum orðatiltækjum og uppástúngum. Þar sem báðar bænarskrárnar frá Þíngeyjarsýslunum (nr. 29 og 44) fara því fram beinlínis, að alþíngi biðji konúnginn að lögleiða kosníngarlögin til þjóðfundarins 28. sept. 1849, sem gildandi til alþíngiskosníngа famvegis, þá fela allar hinar bænarskrárnar það meir eður minna alþíngi á vald, um leið og þær biðja, að þessi kosníngarlög (1849) verði lögð til grundvallar, að stínga upp á þeim breytíngum á þeim, sem þínginu þykir við eiga.

Nefndin álítur ekki að eins, að þetta síðara sè rètt skoðun á málinu yfir höfuð að tala, og að alls ekki sèu neinar yfirgnæfandi ástæður fyrir því, nè gjörlegt, að leggja til, að lögleidd verði til alþíngiskosníngа hin sèrstaklegu kosníngarlög 28. sept. 1849, að eins til búin og sett fyrir einn sèrstakan fund, sem voru ætluð önnur störf en alþíngi, og sem þar til var samsettur af nærfelt helmíngi fleiri mönnum, en á alþíngi eru lögákveðnir, heldur álítur og nefndin, að, á meðan alþíngisstiptunin stendur svona í óbreyttum skorðum, og jafnvel þó það hlyti nokkra þá rýmkun á löggjafarvaldi í málefnum sjálfs landsins og öðrum verkahríng sínum, sem almennt er óskað, og víst er óskandi, þá muni samt affarabezt og rèttast, að halda nú fyrst um sinn bæði aðalákvörðunum alþíngistilskipunarinnar yfir höfuð að tala, og eins kosníngarlögum hennar í öllum þeim greinum, þar sem ekki almenn viðurkenníng, byggð á verulegum rökum, gjörir breytínguna öldúngis nauðsynlega.

Þessi aðalskoðun hefur vakað fyrir nefndinni í meðferð þessa máls. Þess vegna hefur hún alls ekki álitið sèr skylt, nè það eiga við, að semja nýtt frumvarp til kosníngarlaga, nè heldur að leggja kosníngarlögin 1849 til grundvallar fyrir þeim breytíngum, sem hún stíngur nú upp á, heldur hin upprunalegu kosníngarlög til alþíngis, 8. marz 1843.

Af þessum sömu ástæðum finnur og nefndin ekki nauðsyn

á, nè eiga við, að stinga upp á öðrum breytingum, en *skynsamleyri rýmkun á kosníngarrèttinum og á skilyrðunum fyrir kjörgeingi til alþíngis.*

Hinar almennu bænarskrár úr flestum hèruðum landsins, sem komu þegar til alþíngis 1845 og 1847, og aptur 1849, og umræðurnar og uppástúngurnar, sem út af þeim spunnust, bera ljósastan vott um það, að böndi þau, sem alþíngistilsk. leggur á kosníngarrètt og kjörgeingi, 10 hndr. jarðeign eða 20 hndr. æfifestu-ábúð, eða húseign í kaupstað, sem væri 1000 rbdd. virði, eptir ekki eldri virðingargjörð en 2 ára, vöktu þegar frá upphafi megnt og almennt ógeð, er þau þóttu miklu of þraung, og næsta óeðlileg, eptir því sem efnahag og upplýsíngu alþýðu hèr er komið. Þar til hefur þetta band á kosníngarrèttinum, eins og kjörgeingisbandið í 5. gr. alþíngistilsk., svipt eitt lögsagnarumdæmi landsins, þótt minnst sè, nefnil. Vestmannaeyjar, þeim rètti, að eiga þíngmann á alþíngi.

Bænarskrárnar, sem nú eru komnar til alþíngis, og getið er hèr að framan, sýna, að skoðun manna er enn almennt hin sama, og nefndin er eindregið á því, að þetta heiðraða þíng hljóti að taka þessi atriði til greina og til nákvæmrar yfirvegunar.

En nefndin hefur þegar sýnt, hvers vegna hún getur ekki lagt til, að kosníngarrètturinn til alþíngis verði öldúngis óbundinn, eins og t. d. var til þjóðfundarins, og leyfir sèr enn fremur að taka fram, að henni hlýtur að þykja næsta ískyggilegt og ógjörandi, að veita kosníngarrètt *öllum* þurrabúðar og einhleypum mönnum í hinum fjölbyggðu sjóplázum landsins, sem geta átt hægast með, að sækja kjörfundinn, og geta þannig einir og gjörsamlega ráðið kosníngunum fyrir allt kjördæmið, eða þeir einstöku menn, sem vildu vinna þessa kjósendur til atkvæðagreiðslu sèr í vil.

Hins vegar hefur nefndinni þótt mjög aðgæzluvert, að binda kosníngarrèttinn við nokkurn *ákveðinn gjaldstofn,* t. d. við *skiptitíund,* eða við ákveðna *gjaldsupphæð,* t. a. m. *til fátækra yfir höfuð að tala;* því þó skiptitíundin gefi fullrúman kosníngarrètt upp til allra sveita, þá eru mjög margir þeir bændur, sem hafa grasnyt við sjó, bæði greindir og dugandis-sómamenn, og sem í eingu standa á baki hinum betri sveitabændum, er opt eiga ekki svo mikinn fènað og skipastól samtals, að það nemi skiptitíund; mundi því þessi *ákveðni* gjaldstofn útiloka of marga nýta kjósendur í þeim kjördæmum, þar

sem meiri hluti búandanna eru helzt sjóarbændur. Aptur, ef ákveðin upphæð á fátækra-útsvari væri gjörð að almennu skilyrði fyrir kosníngarrèttinum, þá mundi það, allt hvað það væri ekki haft svo lítið, að það yrði eins og ekkert band, útiloka frá kosníngarrètti meiri hluta allra dugandis-bænda í hinum efnaðri hreppum, af því sveitarþýngslin eru í þeim hreppum svo lítil, og sveitarútsvör búanda svo væg, að þau nema svo lítilli og opt eingri annari upphæð árlega, en hinni einföldu fátækratíund. En þar á móti eru sveitaþýngslin miklu meiri í sjóplázunum, og koma meðfram niður á þurrabúðar- og lausa-mönnum eptir ástandi þeirra og efnahag, og mundu því flestir þessir menn, sem vèr höfum sýnt fram á hve ískyggilegt og varúðarvert sè að veita kosníngarrètt, ná þessum rètti, ef hann væri bundinn við svo litla upphæð sveitarútsvars, sem þörf er á vegna bænda upp til sveitanna.

Af þessu er þá líka auðsætt, að, ef upphæð sveitarútsvarsins væri lögð til grundvallar alstaðar eða um allt land, þá yrði kosníngarrètturinn að koma svo *ójafnt* niður, að í einni sveitinni gætu ekki mestu dugandis-menn orðið aðnjótandi þessa rèttar, þar sem aptur hver slóðinn ætti kost á, að kjósa í hinni sveitinni, af þeirri einu orsök, að þar væru meiri sveitarþýngsli.

Til þess að gjöra kosníngarrèttinn svo óbundinn, sem viðunandi má vera, og samsvarar efnahag og hæfilegleik alþýðu hèr á landi, án þess hann þó verði svo rúmur, að einnig þeir menn nái að kjósa, sem síður eru til þess færir, og sem viðbúið er um að geti aptrað heillavænlegum kosníngum, hefur því nefndinni komið ásamt, að stínga upp á, að þau skilyrði fyrir kosníngarrèttinum, sem 3. grein alþíngistilsk. ákveður, verði tekin úr lögum, en að kosníngarbærir skuli vera hèðan af:

1. *allir þeir bændur (sem hafa grasnyt), sem gjalda nokkuð til allra stètta;*
2. *en þótt búlausir seu, allir embættismenn, visindamenn, sem eingum eru háðir, og kaupstaðaborgarar, sem greiða til sveitar (Communen) 4 rbdd.*

Þó að þessi gjaldstofn fyrir kosníngarrèttinum kunni í fyrsta áliti að þykja miður tryggjandi, þykir nefndinni eingan veginn mega missa sjónar á því, að þjóðin er *nú* orðin vanari kosníngum, og hefur fyrir hin afgeingnu alþíngi meiri og glöggvari þekkíngu á þeim kostum, sem gott fulltrúaefni þarf að hafa

til að bera, heldur en hún hafði upphaflega, og eru því meiri líkindi fyrir, að vel takist kosníngar, þó bandið sè svona rýmkað.

En jafnframt því, að nefndin þannig álítur þennan gjaldstofn til kosníngarrèttarins nægilegan, og hvorki þraungva honum um of, nè heldur rýmka hann, þá er nefndin einnig eindregið á því, að hin önnur skilyrði, sem 4. gr. alþíngistilsk. tekur fram fyrir kosníngarrèttinum, sèu ekki að eins viðunandi, heldur eigi vel við, og eigi því ekki að hagga um þau.

En ekki hafa síður yfirgnæfandi ástæður og almennar umkvartanir verið teknar fram á hinum undanförnu þíngum yfir fasteignarstofni þeim, sem 5. gr. alþíngistilsk. gjörir að skilyrði fyrir rèttinum, til að mega verða kosinn til alþíngis. Sú skoðun hefur verið og er almenn hèr á landi, eins og víðar í útlöndum, að skynsamleg og hæfilega takmörkuð bönd á kosníngarrèttinum, og sem koma heim við andlegt og veraldlegt ástand landsbúa, sè í raun og veru næg trygging fyrir, að vel verði kosið, þótt kjörgeingið sjálft sè óbundið við allan fjárstofn, eða við annað, en ákveðinn aldur, óflekkað mannorð og sjálfræði fjár síns. Þessa skoðun verður nefndin að aðhyllast, og álíta, að hún eigi einkar-vel við hèr á landi, þar sem vitsmunir, reynsla, og þekking á ýmsum högum lands vors er eingan veginn samfara eða óaðgreinanlega sameinuð jarðeign og annari auðlegð. En þar eð nefndin hefur ekki getað komizt hjá, að stínga upp á jafnmikilli og verulegri rýmkun kosníngarrèttarins, og hún hefur nú gjört, þá finnst henni ísjárvert, en þótt hún verði eindregið að leggja til, að kjörgeingi sè óbundið við fjáreign, að taka ekki fram eða stínga upp á einhverju því, er megi tryggja góðar kosníngar, og svo, að þær lýsi yfir vilja meiri, og því optast betri hluta kjósandanna í hverju kjördæmi. Því hlýtur nefndin að leggja til, að einginn sá verði rèttkjörinn til alþíngismanns, sem ekki hafi meiri hluta (meira en helming, *absolut Majoritet)* allra þeirra atkvæða, sem greidd eru og gild; byggir nefndin þetta á hinum sömu ástæðum, sem teknar eru fram í þjóðfundartíðindunum (1851), bls. 528—529. Fái þá ekkert fulltrúaefnið meiri hluta allra atkvæða, verður að kjósa um aptur á líkan hátt, sem bent er til í breytíngar-uppástúngunni við 12 gr. kosníngarlagafrumvarpsins 1851 (þjóðfundartíð. bls. 535).

Af þessari einskorðun atkvæðafjölda þess, sem hver rèttkjörinn þíngmaður hlýtur að fá, og sem nefndinni þykir ómiss-

andi til þess, að tryggja það, að kosníngar takist sem bezt, leiðir þá aptur sú breytíng, að nauðsyn verður á, *að kjósa í hverju kjördæmi alþíngismanninn sèr í lagi, og varaþíngmanninn sèr,* eða með öðrum orðum, að hver kjósandi til greini, þegar hann geingur fram til kosníngа, *hvern* hann kjósi til *að-alþíngmanns,* og hvern hann kjósi til *vara.* Hefur og þessi breyting þótt fyrri og af öðrum ástæðum nauðsynleg.

En af því, sem ákvörðunin í alþíngistilsk. 15. og 35. grein um kosníngaraðferðina í Skaptafellssýslu hlýtur að haldast, þá getur og þar meir en helmíngur allra atkvæða aldrei orðið að skilyrði fyrir gildri kosníngu, heldur verður þar að ráða einfaldur atkvæðafjöldi, eins og fyrri.

Ein bænarskráin (nr. 29) fer fram á, að tala þíngmanna verði hèr eptir 36 menn. Nefndin er að sönnu á því, að, ef vald alþíngis yrði aukið, þá sè tala þíngmanna of lítil, og að margir og verulegir hagsmunir mundu þá leiða af því, að 2 fulltrúar væru kosnir fyrir hvert kjördæmi. En eins og nú er komið, álítur nefndin ekki beinar nè gildar ástæður fyrir þíngið, sízt í sambandi með þessum einstaklegu uppástúngum um hinar helztu og nauðsynlegustu breytíngar á kosníngarlögunum, að sameina þar með uppástúngur um fjölgun alþíngismanna.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sèr að stínga upp á, að hið heiðraða þíng riti konúngi vorum þegnlega bænarskrá um, að hann láti semja frumvarp til breytínga á kosníngarlögunum til alþíngis 8. marz 1843, og leggi það fyrir alþíngi 1855, með þessum undirstöðu-breytíngum:

1. *að fjárstofn sá, sem 3. gr. tilskip. 8. marz 1843 gjörir að skilyrði fyrir kosníngarrètti, sè tekinn úr lögum; en kosníngarrètt hafi hèðan af*
   a, *allir bændur (sem hafa grasnyt), sem gjalda nokkuð til allra stètta;*
   b, *en þótt búlausir sèu, allir embættismenn, visindamenn, sem eingum eru háðir, og kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar (Communen) 4 rbdd. árlega;*
2. *að fjárstofn sá, sem kjörgeingi til alþíngis er bundið við eptir 5. grein alþíngistilskip., sè numinn úr lögum, og skuli það óbundið framvegis við alla fjáreign eða greiðslu til almennra þarfa; þó skal einginn sá rèttkjörinn til alþíngis, sem ekki hlýtur meir en helming allra þeirra atkvæða, sem greidd eru á kjörþíngi og gild. Fái ekkert*

fulltrúaefnið svo mörg atkvæði, skal kjósa um aptur (óbundnum kosningum); fái þá enn enginn meira en helming atkvæða, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirra 2 (eða þeirra, sem höfðu jafnmörg atkvæði), sem höfðu ⅓ allra atkvæða í síðustu kosningu, eða fleiri.

Þetta getur samt ekki orðið að skilyrði fyrir gildri kosningu í Skaptafellssýslunum, heldur verður þar að ráða einfaldur atkvæðafjöldi, eins og verið hefur.

3. *Hèðan af skal í hverju kjördæmi kjósa aðalþingmann sèr, og varaþingmann sèr.*

Reykjavík 16. d. júlímán, 1853.

J. Guðmundsson, H. Stephensen. Þ. Sveinbjörnsson.
formaður og framsögumaður.

Framsögumaður: Eg hef fáu við nefndarálitið að bæta; einúngis vil eg leyfa mèr að taka það fram, að nefndin áleit rèttast, eins og tekið er fram í álitsskjalinu, að semja ekki frumvarp, heldur biðja konúnginn eða stjórnina um, að semja það, og byggja það á þeim helztu undirstöðuatriðum til breytínga á lögum þessum, sem nefndin hefur tekið fram. Af því nú nefndin hefur álitið rèttast, að taka svona í þetta mál, og ef þingið, eins og eg vona, fellst á þessa aðferð, þá vil eg mega skjóta því til hinna heiðruðu þingmanna, hvort þeir ekki áliti rèttara, að halda sèr í umræðum sínum sem fastast við undirstöðuatriðin í nefndarálitinu, en fara ekki í smásmuglega króka, eða ræða um þær sèrstöku ákvarðanir, sem engan veginn koma við þessum undirstöðuatriðum, heldur sjálfu kosníngarlaga-frumvarpinu, sem beðið er um að leggja fyrir. Það mun því rèttast í umræðum þessa máls, að halda sèr einkanlega að undirstöðuatriðum þeim, sem nefndin hefur stúngið upp á, hrinda þeim, ef ekki eru hafandi, stínga upp á breytíngum við þau, eða upp á öðrum nýjum jafn-verulegum, eður og skýra þau; yfir höfuð að tala álít eg rèttast, og að þíngmönnum beri hèr, einúngis að ræða grundvöllinn til frumvarpsins, en engin þau sèrstakleg atriði, sem viðkoma sjálfu frumvarpinu, sem við erum að biðja um.

Þ. Jónassen Mèr virðist fyrir mitt leyti, að nefndarálit það, sem nú var lesið upp, sè vel af hendi leyst af nefndinni. Það fer hæfilegan meðalveg í uppástúngum sínum, og ræður góða bót á þeim misfellum, sem nú eru á kosníngarlögunum.

Það er líka brýn nauðsyn, að bót verði ráðin á þeim misfellum í kosníngarlögunum, ef þjóðin á að geta haft áhuga og ást á alþíngisstofnuninni. Það hefur allt af verið mín skoðun, að kjörgeingi ætti að vera óbundið, en kosníngarrèttarinn bundinn við einhvern fjárstofn; því þetta held eg eigi bezt við hèr á landi. Þetta hefur nefndin einnig aðhyllzt; en mèr virðist ekki betur, en að hún hafi þó, hvað kosníngarrèttinn snertir, farið allt of ónákvæmum orðum, þegar hún lætur kosníngarrèttinn vera kominn undir því, að kjósandi borgi *nokkuð* til allra stètta; því orðið „*nokkuð*“ getur innibundið, að hlutaðeigandi borgi að eins fáeina skildínga. Mèr virðist því rèttara, að binda kosníngarrèttinn við *skiptitíund*. Þetta er nægilega skýr ákvörðun, og hún geingur eingum of nærri, og ekki heldur í sjávarsveitunum, því í Gullbríngusýslu, sem öll liggur við sjó, yrðu með þessum hætti þó hèr um bil 100 kjósendur, og þetta atriði sannar, að frá kosníngarrèttinum ekki er bægt neinum yfir skör fram, því allir eða flestir bændur, sem nokkuð kveður að, komast að undir þessu skilyrði hvervetna. Kosníngarrètturinn er svo miklu varðandi, að honum er ekki sleppandi við hvern og einn. Þetta hefur reynslan sannað og mun sanna, og ætla eg því að taka mèr breytíngaratkvæði við nefndarálitið þessu samkvæmt.

J. P. Havstein: Eg held nefndinni hafi tekizt vel, að leysa starf sitt af hendi, en hinum háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanni get eg ekki verið samdóma í því, að skiptitíund, en ekki, eins og nefndarálitið til tekur, nokkurt gjald til allra stètta, skuli vera skilyrði fyrir kosníngarrètti. Þó get eg ekki fellt mig við nefndarálitið í einu atriði, þar sem það undir staflið *b* segir, að *embættismenn* og *vísindamenn* skuli hafa kosníngarrètt, því nefndarálitið ákveður ekkert nákvæmar, hvað það skilur við *embættismenn*, hvort það eru einúngis þeir, sem hafa embættisbrèf frá konúngi, eða einnig þeir, sem stiptsyfirvöldin hafa gefið embættisbrèf, svo sem prestar, eða jafnvel þeir líka, sem hafa embættisbrèf sín frá amtmönnum, svo sem hreppstjórar, forlíkunarmenn, og umboðsmenn. Orðið „*vísindamaður*“ er býsna-ótakmarkað, og er víst opt örðugt, að til taka, hverja megi heimfæra undir vísindamannaflokkinn, því sèrhver, sem stundar bókmenntir, getur víst ekki kallazt vísindamaður. Sölvi Helgason, sem flestir munu hafa heyrt nefndan, segist vera vísindamaður — (Hlátur) —, og ef hann, sem nú er flakkari fyrir

norðan, skyldi fá kosníngarrètt, þá þykir mèr hann verða fremur ótakmarkaður. Mèr þykir annars hart, að kaupstaðarbúar skuli eiga að greiða 4 rbdd. til sveitar *(Communen)*, því sumstaðar mun standa svo á, að kaupstaðarbúar þurfa ekki að gjalda svo mikið til sveitar sinnar. Eg stíng því upp á, að greinin verði þannig orðuð, og áskil eg mèr hèr að lútandi breytíngaratkvæði:

b, *en þótt búlausir sèu, allir embættismenn, sem annaðhvort hafa embættisbrèf frá konúngi eða stiptsyfirvöldunum; vísindamenn, sem tekið hafa lærdómspróf við háskóla erlendis eða prestaskólann í Reykjavík, og eingum eru háðir; kaupstaðarbúar, sem í Reykjavík hafa borgarabrèf, en í hinum verzlunarstöðunum viðtökubrèf, sem verzlunar- eða handiðna-menn, ef þeir gjalda til sveitar, og standa ekki í skuld um þeginn sveitarstyrk.*

Konúngsfulltrúi: Eg get ei annað, en verið því samdóma, hvernig hin heiðraða nefnd hefur tekið mál þetta, og sèr í lagi í því, að hún ei hefur tekizt á hendur, að semja fullkomið frumvarp til kosníngarlaga, því það hefði verið ókljúfandi fyrir hana, einkum þegar litið er til þess stutta tíma, sem hún hefur haft til meðferðar máls þessa, og þeirra miklu og vandasömu starfa, sem nefndarmenn um þennan tíma hafa átt að gegna viðvíkjandi öðrum málefnum. Það er almennt viðurkennt, að þau nú gildandi alþíngis-kosníngarlög sèu mjög óhagkvæm, og standi opt í vegi fyrir góðum kosníngum, af því þeir menn, er kjósendur mundu helzt velja, ekki eiga hinn lögboðna kjörstofn. Nefndin hefur undir þessum kríngumstæðum án efa gjört vel í því, einúngis að taka fram þau höfuðatriði, er hin nýju og endurbættu kosníngarlög ættu að byggjast á, og í því tilliti ráðið til, bæði að rýmka um kosníngarrèttinn, og að binda ekki kjörgeingi við einstaklegan fjárstofn. Það einasta, sem eg held að nefndinni með uppástúngu sinni hafi ekki tekizt að fyrirbyggja, það er, að hinir næstu hreppar við kosníngarstaðinn, sèr í lagi ef þeir eru fjölbyggðir, rèðu ekki kosníngunum fyrir allt kjördæmið; og í því tilliti er eg þeirrar meiníngar, sem eg hef jafnan verið, að tvöfaldar kosníngar mundu vera hèr hentugastar, eins og eg yfir höfuð held, að þær ættu hèr bezt við landsins ásigkomulag. En eg vil ekki leingja í þetta sinn þíngræðurnar, með að færa sönnur á þetta, og það því síður, sem eg er viss um, að stjórnin muni nákvæmlega yfir-

vega þetta málefni, áður en þar að lútandi frumvarp er lagt fyrir alþingi.

Það er einkanlega eitt atriði, að hverju eg vil leiða athuga þingsins, og einkum hinnar heiðruðu nefndar. Það er stúngið upp á því í nefndarálitinu, að sá einúngis sè rèttkjörinn alþingismaður eða varafulltrúi, sem hefur meira en helming allra þeirra atkvæða, sem greidd eru og gild, og í þessu atriði liggur óneitanlega nokkur trygging fyrir því, að kosníngarnar heppnist vel; en þessari ákvörðun verður ekki við komið í Skaptafellssýslu, af því þessu kjördæmi er skipt í tvær kosníngardeildir, hvaðan atkvæðin seinast eiga að leggjast saman á einum almennum kjörstjórnarfundi, eptir alþingistilsk. 15. og 35. greinum. Nefndin hefur því stúngið upp á, að í þessu kjördæmi skyldi ei þurfa að við hafa þá áður nefndu tryggíngu kosníngganna, nefnilega, að meira en helmíngur allra greiddra atkvæða útheimtist til rèttrar kosníngar, heldur að þar til nægi einúngis flest atkvæði *(relativ Majoritet)*; en þetta sýnist mèr nokkuð óviðurkvæmilegt, og eg vil því skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort ei mundi betur fallið, að stínga upp á því, að skipta Skaptafellssýslu í 2 kjördæmi, eins og nú á sèr stað í Þíngeyjarsýslu, og velja sinn fulltrúa úr hverju, því þá mætti þar við hafa sama kosníngarmáta, eins og í öðrum kjördæmum landsins.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi gat um, að ósamkvæmni yrði að koma fram, ef eins yrði hagað kosníngum í Skaptafellssýslunum, eins og verið hefur, og nefndarálitið bendir til að verði að vera, og þar að ráða fulltrúakosníngunni einfaldur atkvæðamunur, þar sem nefndin hefur þó fundið nauðsynlegt, að stínga upp á, að í öllum öðrum kjördæmum skyldi meir en helmíngur allra atkvæða þurfa til þess kosníngin væri gild. Þetta er öldúngis rètt; og eg játa, að okkur nefndarmönnum, eða vist mèr, fannst einhver ósamkvæmni í þessu, þó að við ekki gætum rætt það á nýjum fundi, áður nefndarálitið var hreinskrifað. Eg fyrir mitt leyti verð öldúngis að fallast á það, sem konúngsfulltrúi stakk upp á, nefnilega, að betur færi, að skipta þessu kjördæmi í tvö, eins og er um Þíngeyjarsýslu, og þá gæti þessi aðalregla gilt undantekníngarlaust yfir allt land. Mèr færist einnig því síður, að mæla á móti þessu, sem eg er fulltrúi Skaptfellínga hèr á þínginu, og eg veit, að þetta hefur verið almenn ósk þeirra, og byggð á þeim mikilvægu ástæðum, að austur- og vestur-partur

sýslunnar hafa svo að segja eingin kynni eða viðskipti innbyrðis. Eg skal því bera þetta upp við mína heiðruðu meðnefndarmenn; en hvernig sem fer, áskil eg sjálfum mèr breytíngaratkvæði í þessa stefnu.

Hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður hefur þegar borið upp breytíngaratkvæði um, að skiptitíund yrði ákveðin sem skilyrði fyrir kosníngarrèttinum. Eg held þó, að nefndin hafi gjört nokkurn veginn ljósa og á rökum byggða grein fyrir því, hve ísjárvert er, að binda kosníngarrèttinn við þennan ákveðna gjaldstofn. Það er heldur ekki rètt, sem hann sagði, að gjaldið til allra stètta nemi opt ekki *nema fáeinum skildingum,* því eptir því, sem þetta er almennt skilið, þá yfirgrípur það ekki einúngis gjald til prests og kirkju, heldur einnig hin almennu þínggjöld, gjaftoll og lögmannstoll, og gjaldið til jafnaðarsjóðanna. En það er þó ísjárverðast við þetta breytíngaratkvæði, að margir áreiðanlegir og skynsamir kjósendur í sjóplázunum mundu þannig verða útilokaðir.

Hinn háttvirti annar konúngkjörni þíngmaður tók sèr einnig breytíngaratkvæði við 1. uppástúngu, stafl. *b,* í nefndarálitinu, sem mèr fremur finnst heldur mega vera til að skýra greinina betur, en þótt eg geti að sönnu ekki fallizt á þær ástæður, sem hann kom með fyrir því; því eptir almennum og allljósum skilníngi á því, hverjir megi nefnast *embættismenn* og *vísindamenn,* held eg einginn geti villzt á þessu á þann veg eða svo, eins og hann útlistaði. En allt um það hef eg ekkert á móti, að nefndin aðhyllist þetta breytíngaratkvæði.

Eg vil annars lauslega geta þess, að við hreinskriptina á nefndarálitinu er óvörum úr felld í 1. uppást., stafl. *b,* orðin: „*að minnsta kosti*“, fyrir framan: „4 rbdd. til sveitar *(Communen).*“

P. Pètursson: Eg er líka einn í þeirra tölu, sem fella sig vel við nefndarálitið, og mèr þykir það hafa tekizt vel, bæði hvað stefnu þess yfir höfuð snertir, og eins í því, hvernig ástæður eru færðar fyrir þeim breytíngum, sem upp á er stúngið. Við kosníngarrèttinn er búið að áskilja sèr breytíngaratkvæði í líka átt, og eg ætlaði mèr, og sleppi eg því þess vegna, en vil að eins geta þess viðvíkjandi kjörgeinginu, að það eptir nefndarálitinu er óbundið við alla fjáreign, og yrði þannig þeir, sem þiggja af sveit, heldur ekki undan skildir, en það þykir mèr ótilhlýðilegt.

Eg vil því áskilja mèr það viðauka-atkvæði: *„þó skulu allir þeir undan skildir, sem þiggja af sveit“.*

J. hreppst. *Sigurðsson*: Eg verð líka að láta ánægju mína í ljósi yfir nefndarálitinu, og eg þykist vera fullviss um, að allur þorri alþýðu verði ánægður með, að slík kosníngarlög kæmust á; annars mundi til sveita í minni máta óánægja hafa vakað yfir því, þó að kosníngarrèttur væri bundinn við skiptitíund, eins og sá 4. konúngkjörni þíngmaður hefur stúngið upp á; en við sjóarsíðuna þykist eg sjá á því sömu annmarkana, og nefndarálitið getur um. Nefndarálitið nefnir kaupstaðarborgara, sem gjaldi 4 rbdd. til sveitar, til að verða kosníngargeinga. Mèr er þetta óglöggt, hvort það eru einúngis höndlandi borgarar, eður handverksmenn líka — *(Framsögumaður*: Jú!) —, og þá þurrabúðarmenn líka — *(Framsögumaður*: Nei) —. Nú, það er þó töluverður flokkur manna hèr í landi, og sumir af þeim, sem eiga skip og bát, eru bæði eins velstandandi, og eins færir til, að kjósa, og sumir af þeim, sem eiga að heita að hafa grasnyt. Þá verður nú líka þetta 4 dala útsvar til sveitar komið undir því, hvernin á sveitarþýngslunum stendur í kaupstöðunum, svo að í þeim kaupstaðnum, *sem* þúngt er á sveit, fá þeir fátæku kosníngarrètt, af því þeir hafa þúngt útsvar, en í hinum kaupstaðnum fá þeir ríku ekki kosníngarrètt, af því þeir þurfa ekki að láta mikið í útsvarið.

G. Brandsson: Eg held, að nefndin hafi gjört það mjög hyggilega, að binda ekki kosníngarrèttinn við skiptitíund, því þó það kynni að eiga nógu vel við upp til sveita, þá ætla eg það sè öðru máli að gegna við sjávarsíðuna víða hvar. Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður talaði um það, að hèr í sýslu mundi vera fullt hundrað manns, sem væri í skiptitíund, og gæti þess vegna náð kosníngarrètti eptir hans uppástúngu, en þetta er eingin sönnun fyrir því, að menn þessir sèu einmitt þeir hæfustu til að kjósa, því eg get vel ímyndað mèr, að með þessari aðferð yrðu margir gagnlegir menn útilokaðir frá þessu.

Ef nú svo færi sem hinn 2. konúngkjörni þíngmaður drap á, að hreppstjórar yrðu með embættismönnum taldir, þá hefðu þeir kosníngarrètt eptir því, þó þeir ekki væru í skiptitíund. Nú eru þeir ekki ætíð stöðugir í hreppstjórninni, svo sá, sem eptir henni ætti kosníngarrètt nú í ár, gæti verið búinn að missa hann á næsta ári, og væri hann þó álíka hæfur til að kjósa fulltrúa þá, eins og á meðan hann var hreppstjóri. Eg held

því, hvernin sem litið er á tíundarstofn þennan, sem skilyrði fyrir kosníngarrètti, að hann eigi mjög illa við.

Yrði Skaptafellssýslu skipt í tvö kjördæmi, eins og hèr hefur verið stúngið upp á, þá leiddi þar af, að fulltrúarnir yrðu einum fleiri, en nefndin hefur gjört ráð fyrir, og er það breytíng frá ályktun hennar, sem eg þó í rauninni held að vel eigi við.

Nefndin hefur ekki breytt því, sem alþíngistilskip. leggur fyrir um aldur þeirra, sem kjósa eiga, og kjósast, og hafa þó sumir ekki fellt sig við það sem bezt. Kosníngarlögin til þjóðfundarins gjörðu nú á þessu eyrnavíxl; þau bundu sumsè kosníngarrèttinn við þrítugs-aldurinn, en kjörgeingi við 25 ára aldur, og átti það að vera kosníngunum til tryggíngar, og jafnframt til þess, að hæfilegt fulltrúaefni yrði ekki útilokað, þó það væri ekki búið að ná þrítugs-aldrinum. Með þessu var einkum haft tillit til vísindamanna, enda þó búlausir og embættislausir væru; en nú sè eg, að nefndin hefur geingið inn á aðra skoðun en þessa, og hefur það líklega komið til af því, að henni hefur ekki þótt af veita, þó nokkur aldur og reynsla yrði samfara þekkíngu og lærdómi, og samsinni eg henni í því.

J. P. Havstein: Þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu hefur vist misskilið mig, því í breytíngaratkvæði mínu til tók eg ekki, að þeir embættismenn, sem settir eru af amtmönnunum, skyldu þess vegna hafa kosníngarrètt, heldur einúngis þeir, sem embættisbrèf hefðu, annaðhvort frá konúngi eða stiptsyfirvöldunum.

P. Sigurðsson: Stefna sú, sem nefndin hefur tekið í þessu máli, líkar mèr vel, og ákvarðanir þær, sem snerta fjármuni kjósanda; því að binda kosníngarrètt við skiptitíundina, álít eg miklu ver við eiga; eg vil nú ekki tala um, hvað margir duglegir og gáfaðir menn við sjávarsíðuna yrðu útilokaðir frá kosníngarrètti með því móti, en það munu líka hittast þeir bændur til sveita, sem ekki ná skiptitíund, en eru þó mörgum efnamönnum og jarðeigendum fremur að gáfum og bóklegri menntun. Eg hef jafnvel þekkt þann mann, sem leingi hefur þjónað örðugu hreppstjórnarembætti í víðlendum hrepp með heiðri og sóma, og almennt talinn einn af þeim menntuðustu alþýðumönnum, ekki einasta hreppsins, heldur sýslunnar, en þó er eg ekki viss um, að fjáreign hans hafi ætið náð skiptitíund. Að útiloka þessa menn frá kosníngarrètti er öldúngis ósanngjarnt.

Það er 1 atriði, sem eg vildi að nefndin skýrði fyrir mèr, þegar hún ætlast til, að kjósendur til nefni, um leið og þeir

greiða atkvæði, hvern þeir kjósi sem alþingismann, og hvern fyrir varaþingmann. Eg set, að á kjörfundi mæti 60 kjósendur; af þeim kjósa 40 sömu 2 menn; nú hafa 20 af þessum 40 kjósendum kosið annan þessara fyrir aðalþingmann, en hinir 20 þennan sama fyrir varaþingmann; hinir 20 hafa nú kosið þennan fyrir aðalþingmann, en aðalþingmann fyrri kjósanda fyrir varaþingmann. Þessir 2 menn hafa nú feingið meir en helming allra atkvæða, en jafnmörg aðalþingmanns og varaþingmanns atkvæði. Nú vil eg spyrja nefndina, hvort kosning þessi ætti að vera gild, og varpa hlutkesti um menn þessa, eins og alþingistilskipunin fyrir leggur, þegar atkvæði eru jöfn, eða skuli kosningin ógild, og kjósa um aptur. Eg vildi því óska, að nefndin lèti hèr um álit sitt í ljósi.

J. Kristjánsson: Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður gaf mèr mestallar þær upplýsingar, sem eg þurfti, en mèr er óglöggt, hvort þetta 4 dala gjald á einnig að heimfærast til embættismanna og vísindamanna, svo þeir hafi ekki kosningarrètt ella.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Rángvellínga vakti máls á, hvernig fara ætti að, ef aðalþingmaður og varaþingmaður hefðu jafnmörg atkvæði báðir, þá getur það aldrei valdið neinum vafa, þegar hver er kosinn sèr í lagi, og hver kjósandi til greinir, hvern hann velji fyrir aðalþingmann, og hvern fyrir varaþingmann.

Þar sem þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu sagði, að sèr væri óljóst, hvort heldur væri meiningin, að þetta 4 dala gjald, sem nefnt er undir stafliðnum *b*, svaraði til borgaranna einna, eða til hinna annara einnig, sem nefndir eru í greininni, þá get eg þess, að það var meining mín, að það skyldi svara til þeirra allra; hinir aðrir nefndarmenn geta sagt til, hver meining þeirra var.

J. Kristjánsson: Eg skil ekki, hvernig þetta getur komið í bága hvort við annað, þegar aðalþingmaður og varaþingmaðurinn eru kosnir hvor í sínu lagi.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Ef á kosningarþinginu væru einúngis kosnir 2, og væru kosnir rètt á víxl, þá fær hvor rèttan helming atkvæða, en nú á hver að hafa meira en helming atkvæða, til að vera rèttkosinn; því þyrfti þá að kjósa upp aptur.

P. Pètursson: Mèr sýnist bezt, að kjósa fyrst aðalþingmanninn sèr, og varaþingmanninn á eptir; þá þarf maður ekki að vera hræddur um neinn misskilning.

Jón hreppstjóri *Sigurðsson*: Eg tók svo nefndarálitið, að það ætlaðist til, að báðir, fulltrúinn og varamaðurinn, væru kosnir undir eins, nefnilega, að hver nefndi 1 fyrir þingmann, og annan fyrir varamann; því þegar að svona margir fá kosningarrètt, verða kosningarþing víst fjölmenn, og yrði mikil tímatöf að kjósa í tvennu lagi, nefnilega fyrst fulltrúann, og fara svo þar á eptir að kjósa aptur varamanninn — *(Nefndarmenn*: Rètt).

Framsögumaður: Þegar það er haft að skilyrði fyrir gildri kosningu, að meira sè en helmingur atkvæða, þá get eg ekki skilið, hvernig aðalþingmanns og varaþingmanns kosningin getur komið í bága hvor við aðra; því ef hvorugur hefur helming allra atkvæða eða meir, þá verður að kjósa hvern um sig upp aptur; og vanti aptur ekki nema annan þann atkvæðafjölda, sem lög-ákveðinn er, þá þarf ekki að kjósa upp aptur nema annan.

H. Stephensen: Framsögumaður skoraði á okkur meðnefndarmenn sína, hvort 4 dala gjaldið, sem ákveðið er undir staflíðnum *b*, ætti að ná til embættismanna og vísindamanna líka, eða einúngis til borgaranna. Þá verð eg að geta þess, að eg man ekki betur, en að nefndin ætlaðist til, að það svaraði einúngis til borgaranna; því þegar embættismaðurinn og vísindamaðurinn eru orðnir 25 ára, þá er nóg trygging, þó þeir hafi kosningarrètt, enda getur líka verið, að bezti vísindamaður, sem væri hæfilegur kosningamaður, yrði útilokaður þannig frá kosningu, ef hann ekki hefði rètt til, að kjósa, nema hann greiði 4 dali til sveitar, og vildi eg því fyrir mitt leyti, að sýnt væri í nefndarálitinu með aðgreiningarmerki, að það svari einúngis til hinna síðast töldu í greininni.

P. Pètursson: Þó mönnum þyki það valda tímatöf, að velja fyrst aðalþingmanninn, og síðan varaþingmanninn, þá held eg hitt verði þó enn frekari tímatöf, ef þeir ættu báðir að veljast í einu; því það getur þá hæglega svo að borið, að þingmaðurinn og varaþingmaðurinn fái hvor um sig rèttan helming atkvæða, og þá hefur hvorugur nóg atkvæði, til þess að ná þingsetu, og þá verður að velja upp aptur. Líka getur það skeð, að varaþingmaður fái strax nógu mörg atkvæði, en ekki aðalþingmaðurinn, og að það þurfi optar að kjósa um aptur, áður en hann geti feingið meir en helming allra atkvæða, og er þetta bæði ólaglegt og ónáttúrlegt, að sá skuli vera aðalþingmaður, sem þó hefur, ef til vill, hlotið lángtum færri atkvæði en hinn,

sem á að vera aðalþingmaður. Það verður því að minni meiningu í öllu tilliti bezt, og veldur minnstum ruglingi og tímatöf, ef kjósendur eru fyrst látnir velja aðalþingmanninn sèr, og að því búnu varaþingmann.

G Brandsson: Mèr fer líkt og hinum 2. konúngkjörna þingmanni, að mèr þykir það nokkuð óákveðið, hverjir þeir vísindamenn eru, sem nefndarálitið meinar til, hvort þar eru þeir meðtaldir, sem einúngis hafa skrifazt hèr út úr latínuskólanum, eða hinir, sem komnir eru frá prestaskólanum, eða þá þeir einir, sem iðkað hafa vísindi við Kaupmannahafnarháskóla, og má ske tekið þar embættispróf. Eg óska þess vegna, að þetta verði nákvæmar útlistað.

Framsögumaður: Það er búið að útlista það.

Viðvíkjandi því, sem þingmaður Borgfirðinga, meðnefndarmaður minn, sagði um, hvort þetta 4 rbdd. gjald svaraði til allra, sem eru nefndir í greininni, þá verð eg að láta í ljósi þá meiningu mína, að eg að vísu meinti það ætti að ná til *allra*, en jafnframt, að eg get vel verið honum samþykkur í því, að það svari einúngis til borgaranna — (*þ. Sveinbjörnsson*: Eg er því einnig samþykkur) —.

En viðvíkjandi því, sem hinn 5. konúngkjörni þingmaður stakk upp á, þá sýnist mèr nægur tími til, að ræða um það, þegar frumvarp stjórnarinnar hèr að lútandi er komið til alþingis — *(Satt)* —.

Ó Sívertsen: Eg vil eingan veginn leingja tímann með orðum mínum í málefni þessu, því síður, sem mèr fyrir mitt leyti finnst nefndarálitið vel og gætilega samið, og þingmenn hafa nú enn fremur skýrt það með ræðum sínum. Eg vil að eins geta þess, af því einginn hefur enn þá tekið það fram, en reynslan hefur þó nýlega minnt oss á það, að nauðsynlegt ætla eg sè, að ákveðið yrði skýrlega í kosníngarlögunum, hvernin að skyldi fara, ef annarhvor, fulltrúi eða varaþingmaður, skorast undan, að taka móti kosníngu, og hvort þá ætti ei strax að kjósa um aptur, til að spara alþjóðlegan kostnað og tvöfalt ferðalag kjósandanna, en ei veit eg, hvort þessu málefni er komið svo lángt að sinni, að breytíngaratkvæði þurfi að takâ í þessu núna.

Framsögumaður: Það má segja um þetta, eins og um það, sem hinn 5. konúngkjörni þingmaður sagði, að það á ekki

við, að tala neitt nákvæmar um það, fyr en frumvarp er komið frá stjórninni um þetta.

En þess vil eg geta, af því það hefur gleymzt, að taka það fram í nefndarálitinu, en þó að mèr finnist vel til fallið, að það komi fram í álitsskjalinu til konúngs, að með þessum kosníngarstofni, sem nefndin hefur stúngið upp á, ásamt óbundinni kjörgeingi, verður komizt með öllu hjá, að semja kjörskrár, og senda milli hèraðanna; og innan-hèraðs þarf sýslumaður ekki aðra kjörskrá en manntalsbókina; álit eg þetta mikilvægan og verulegan kost við uppástúngur nefndarinnar.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður hèlt, að hentugra væri, að kjósa þíngmanninn fyrst, og svo varamanninn sèr á eptir, og að kjósendur mundu bíða eptir því, að vita, hverjir yrðu fulltrúar. En eg tel það óvíst, að, þegar kosníngarþíng er fjölmennt, svo kann ske að kosníngar standi í 2 daga, ef hvern ætti að kjósa sèr, að kjósendur, sem eru úr fjarlægum sveitum, biðu svo leingi, nema þá fylgdi sú ákvörðun í kosníngarlögunum, að hver, sem sækti kosníngarþíng, mætti ei fara fyrri, en því væri upp sagt.

J. Jónsson: Eg kem því eingan veginn fyrir mig, í hverju það fari betur, að breyta þeim fyrirmælum eður þeirri reglu, sem alþíngistilskipunin í 34. gr. til tekur, að sá skuli verða aðalþíngmaður, sem flest fái atkvæði, og hinn varaþíngmaður, sem næst gángi með atkvæðafjölda; því það verður maður að halda, að kjósendur gefi þeim mönnum flest atkvæðin, sem þeir álíta bezt fallna til þíngfarar, svo eg sè eingan verulegan tilgáng með, að kjósa sinn í hvoru lagi, aðalþíngmann sèr, og varaþíngmann sèr.

M. Andrèsson: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu nú mælti, vil eg geta þess, að eg hef vitað marga af hinum grunnhyggnari kjósendum svo, að þeir hafa, áður en kallaðir hafa verið til atkvæða, yfirvegað rækilega í huga sínum, hverjum þeir skyldu greiða fyrra atkvæðið, því það yrði sjálfsagt þíngmaðurinn, en hafa látið sig litlu varða, hvern þeir nefndu annan, því það væri rètt til málamyndar. Eg aðhyllist því öllu fremur nefndarálitið, en þessa uppástúngu, jafnvel þó hún styðjist við 30. og 34. grein alþíngistilskipunarinnar.

Jón Jónsson: Ef það skyldi eiga sèr stað, líkt og þíngmaðurinn frá Árnessýslu minntist á, að kjósendur hirtu lítið um,

hvernin kosníng varaþíngmannsins fèlli, þegar fyrst væri feinginn aðalþíngmaðurinn, þykir mèr það vera sönnun fyrir því, að þeir kjósendur gjörðu betur, að kjósa tvo menn, og láta atkvæðamuninn að lokum gjöra úr því, hvor aðal-, og hvor varaþíngmaður yrði, því það vill svo opt til, að varaþíngmaðurinn fer á þíngið, og þá hefði illa tekizt til, hefði minni aðgæzla verið á kosníngu hans en aðalþíngmannsins.

Ó. Sivertsen: Eg fyrir mitt leyti er að öllu leyti á máli hins 2. konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar og nefndarinnar, að kjósa eigi fulltrúann sèr, og varafulltrúann sèr, eða á eptir.

V. Finsen: Nefndin hefur gefið bændum víðan kosníngarrètt, en útilokað að öllu leyti þurrabúðarmenn. Þeir eru nú að vísu opt fátækir eða háðir öðrum, en til eru líka þeir, sem að efnahag geta samsvarað meðalbændum; svo er t. a. m. hèr í Reykjavík, að sumir tómthúsmenn borga 6—7 dali, eða meira, til sveitar, og þætti mèr sanngjarnt, að þeir hefðu kosníngarrètt, þegar nærri hver bóndi, hvað fátækur sem hann er, hefur þennan rètt.

Eg skal geta þess, að tómthúsmenn, sem gjalda 2 dali til sveitar hèr í Reykjavík, hafa rètt til, að kjósa bæjarfulltrúa.

Framsögumaður: Þetta kom að vísu til tals í nefndinni, en hún áleit, að þó sumir tómthúsmenn í Reykjavík hafi vafalaust ýmislegt fram yfir tómthúsmenn í öðrum sjóplázum yfir höfuð að tala, bæði að efnahag og öðru, þá væri það samt ekki svo, að gjörandi væri undantekníng fyrir einstakt pláz — *(V. Finsen*: Reykjavík er kjördæmi fyrir sig) —. Það veit eg mikið vel, en allt um það mundu menn, ef þessi undantekníng væri gjörð, fara að nokkru leyti að vega menn á vog, og það sýnist mèr ekki eiga alls kostar vel við, hvorki í þessu máli nè öðru, og sízt svo, að það mætti sýnast, sem menn hefðu einhverjar yfirgrips-mætur á þessum tómthúsmönnum, af því þeir væru í Reykjavík.

Á. Einarsson: Eg veit ekki, nema tómthúsmönnunum á Ísafirði þætti þeir verða út undan, ef þeir mættu ekki hafa kosníngarrètt, þegar fiskibátaformenn í Reykjavík hefðu hann, en hinir, ef til vill, væru þilskipaformenn, og hefðu lært sjómannafræði.

Annars vildi eg einúngis minnast á það við nefndina, að, ef einhver utan-kjördæmis verður valinn, þá er ekki svo gott,

strax að fá að vita, hvort hann tekur á móti kosníngunni, og þess vegna ómögulegt, strax að velja annan, ef hann ekki tekur við því. Eg man líka, að mikið var rætt um þetta, þegar samin voru kosníngarlög til þjóðfundarins.

Ó. Sívertsen: Eg vil gjöra ráð fyrir, að framvegis verði ei kosinn þíngmaður utan-kjördæmis, fyr en menn vissu, að hann mundi taka móti kosníngunni.

G. Brandsson: Eins og að þíngmaðurinn frá Barðastrandarsýslu hèlt það sjálfsagt, að einginn utanhèraðsmaður yrði kosinn fyrir fulltrúa, nema menn hefðu vissu fyrir, að hann tæki á móti kosníngunni, þannig held eg þetta geti átt eins vel við um innanhèraðsmann. Það sýnir líka nefndaruppástúnga sú, að það skuli þurfa meir en helming allra þeirra atkvæða, sem greidd eru og gild, til þess, að fulltrúakosníngin geti verið lögleg, og er mönnum þar með bent til þess, að bera ráð sín saman fyrir fram um það, hvern þeim þætti líklegast að kjósa; þannig gekk og þetta til, þegar kosið var til þjóðfundarins, að menn með samtölum og sumstaðar prófkosníngum komust að þeirri niðurstöðu, sem síðan varð upp á á kjörþíngunum.

Hinn 6. konúngkjörni varaþíngmaður hefur talað á þá leið, að það væri ísjárvert, að útiloka alla tómthúsmenn frá kosníngum, og eg neita því ekki, að mèr finnst sama og honum í þessu, því flokkur þeirra er svo stór, að í honum geta verið hèr og hvar þeir menn, sem eingu minni hæfilegleika hafi til, að mega kjósa, heldur en bændur eða borgarar sumir hverjir, sem hafa kosníngarrètt. Mèr sýnist þess vegna ekkert á móti því, að menn annaðhvort byndu kosníngarrètt þeirra við útgjöld til allra stètta, líkt og bændanna, eða þá við 4 dala gjald til sveitar, eins og gjört er ráð fyrir um borgarana, og væri ekki af vegi, ef einhver vildi taka sèr breytíngaratkvæði á þá leið.

H. Stephensen: Eg vil bæta því við ástæður framsögumanns móti hinum 6. konúngkjörna þíngmanni, að nefndin áleit ekki tómthúsmenn að vera löglega búendur í landinu, og hafa verða þeir yfirvalds-leyfi (undanþágu frá lögunum) til þess heitið geti þeir hafi löglegan næríngarveg, en skoðaði sem fasta borgara landsins einúngis þá, sem gras hefðu.

Það eru þar að auki margir tómthúsmenn hèr í landi fremur til niðurdreps en uppbyggíngar, og ei þarfari en lausamenn, og allur munurinn er í því innifalinn, að tómthúsmaðurinn aflar barna, þar hann býr með konu sinni, en lausamaðurinn síður.

G. Brandsson: Eg ber ekki á móti því, að hinn heiðraði varaforseti hafi í mörgu falli satt að mæla, þar sem hann talar um tómthúsmennina; en aptur ber á hitt að líta, að flokkur þeirra fer allt af vaxandi, helzt í kríng um kaupstaði, svo þó meiri strángleika yrði beitt við þá, en nú er títt, þá eru lítil líkindi til, að þessum flokki þeirra yrði þar með eytt. Við verðum líka að kannast við það, að meðal þessara eru margir þeir menn, sem standa bændum okkar sumum hverjum fullkomlega jafnfætis. Ef að nú kaupstaðirnir í landi voru færu heldur að blómgast og stækka, og ef fólkið fjölgaði um leið, þá held eg stètt þessi yrði ekki ónauðsynleg í tilliti til kaupstaðanna.

Hèr í Reykjavík eru nokkrir, sem kallaðir eru tómthúsmenn, sem hafa þó dálitla grasnyt — (*H. Stephensen*: Þeir eru þá ekki tómthúsmenn) —, svo í þessu tilliti verður ekki svo auðgjört, að varast, að bændum og tómthúsmönnum slái ekki saman, þegar fara á eptir nefndaruppástúngunni um kosníngarrèttinn.

V. Finsen: Eg held lýsíng sú, sem þíngmaður Borgfirðínga gaf af tómthúsmönnum, eigi fullkomlega við þá, eins og þeir eru á flestum stöðum í sveitum; en í kaupstöðunum held eg það sè nokkuð öðru máli að gegna. Í kaupstöðunum komast menn ekki hjá, að hafa tómthúsmenn, eða hverju nafni sem menn nú vilja kalla þá kaupstaðarinnbúa, sem ekki eru borgarar eða embættismenn. Hèr í Reykjavík eru þurrabúðarmennirnir margir hverjir gagnlegir menn, og hafa vinnu, og eru sumir hverjir velstandandi menn. Fyrst Reykjavík er kjördæmi sèr, þá hlýtur hún að hafa sama rètt og hvert annað kjördæmi eða sýsla að því leyti, að taka verður til greina þær sèrlegu kríngumstæður, sem þar kunna að vera frá því annarstaðar, en að öðru leyti ímynda eg mèr, að Reykjavík verði ekki allt af sá einasti kaupstaður á landinu. Eg skildi ekki rètt, hvort þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu áskildi sèr breytíngaratkvæði, en skyldi það ekki vera, þá verð eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að tómthúsmenn fái kosníngarrètt, ef þeir gjalda t. a. m. 4 rbdd. til sveitar.

G. Brandsson: Ef hinn heiðraði þíngmaður, sem nú settist niður, tekur sèr það breytíngaratkvæði, að hver tómthúsmaður, sem geldur til sveitar 4 dali, fái kosníngarrètt, þá vildi eg óska, að breytíngaratkvæði hans nái ekki eingaungu yfir Reykjavík, heldur allt landið.

E. Kúld: Eg held óþarfi sè fyrir mig, að fara að leingja þíngræðurnar, einkum fyrst menn búast við, að stjórnin leggi síðar meir frumvarp fyrir þíngið þessu viðvíkjandi, og þá kynni viðvikjandi því, sem þíngmaður Strandasýslu sagði, að verða nákvæmar ákveðið um, hvernig fara skuli að, ef utan-kjördæmismenn eru kosnir. Eg veit til þess, að það hefur að borið, að þíngmaður hefur verið kosinn úr öðru kjördæmi, án þess kjósendurnir hafi fyrir fram haft nokkra vissu fyrir því, að hann tæki á móti kosníngunni, og mun það og að minni hyggju ekki rángt eptir alþíngistilskipuninni; því eg skil svo 12. grein hennar, að hún ætlist til, að sá, sem kosinn er, skýri strax frá, hvort hann tekur á móti kosníngunni eða ekki, og því álít eg betra, að nefndin taki það greinilega fram, svo enginn vafi geti orðið á því síðar meir.

Framsögumaður: Eg held nefndin verði ófús á, að taka þetta og því um líkt, sem einúngis heyrir frumvarpi því til, sem menn eru að biðja um, og búast við, að lagt verði fyrir hið næsta þíng.

G. Einarsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn heiðraða framsögumann, hvort nefndin hafi verið þeirrar meiníngar, að í orðinu „*embættismenn*“ innibindist líka þeir, sem feingið hafi lausn frá embættum, og lifa á eptirlaunum sínum; því skyldu þeir ekki teljast í embættismanna-flokkinum, þá álít eg ekki rètt, að þeim verði fyrirmunaður kosníngarèttur, sem ættu þó að vera manna hæfastir til, að neyta hans rèttilega.

Framsögumaður: Eg álít sjálfsagt, eins og verið hefur, að þeir hafi kosníngarrètt, hvort heldur þeir hafi meiri eða minni eptirlaun.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Mèr var óglöggt, hvort sá 5. konúngkjörni þíngmaður tók sèr breytíngaratkvæði um, að kosið yrði í tvennu lagi, því hafi hann gjört það, þá þykir mèr líklegt, að sumum kunni að þykja það hentugra, og þá vildi eg áskilja mèr rètt til þess breytíngaratkvæðis, að sú ákvörðun yrði látin fylgja kosníngarlögunum, að konúngur ætlaðist til, að kjósendur, sem á þíng kæmu, biðu, þar til upp væru lesin atkvæði, og upp hrópað, hver væri fulltrúi, og hver væri varafulltrúi.

P. Pètursson: Framsögumaður gat þess, að það heyrði frumvarpinu til, að til taka, hvort velja skyldi í tvennu lagi, og fellst eg á þetta, svo eg áskil mèr ekki breytíngaratkvæði um það í þetta sinn.

Forseti: Þar eð nú tekur enginn til máls, verð eg að

álíta undirbúningsumræðu þessa máls lokið. Er þá næst að taka til ályktarumræðu málefnið um undirskript konúngs undir lagaboðin á íslenzku, og hef eg látið prenta atkvæðaskrá í málinu, sem eg vona hver þíngmaður hafi hjá sèr.

Atkvæðaskrá,

í

undirskriptarmálinu.

1. Uppástúnga *P. Pèturssonar*: að þíngið taki svolátandi ákvörðun: „Af því nefnd sú, sem sett var í þessu máli, hefur í álitsskjali sínu talið það víst, sem þíngið enn á óvíst, að einn ráðgjafi verði settur fyrir íslenzku málin, og af því hún hefur ráðið þínginu til, að beiðast þess, að íslenzki textinn á lögunum yrði staðfestur, ekki einúngis með undirskript konúngs, heldur og með undirskript þessa ráðgjafa, og af því ekkert breytíngaratkvæði var við undirbúningsumræðu málsins borið upp um, að numið yrði burt úr álitsskjalinu hið síðar talda atriði, um undirskript ráðgjafans, þá hlýtur þíngið að fresta því í þetta sinn, að senda konúngi bænarskrá um þetta mál".
2. *Nefndin*: að alþíngi semji bænarskrá til konúngs um: „að lagaboð þau, sem hèr eptir verða út gefin og sett á Íslandi, verði einúngis á íslenzku máli, undirskrifuð af konúnginum og þeim ráðherra, sem hann setur yfir hin íslenzku mál".

Nefndarálitið var síðan afhent framsögumanni, lögfræðíngi *J. Guðmundssyni.*

Framsögumaður: Þíngmenn gjörðu mèr svo hægt fyrir við undirbúningsumræðu máls þessa, þar sem að eins einn ræddi, en einginn þeirra tók sèr neitt breytíngaratkvæði við uppástúngu nefndarinnar, svo að eg þarf alls ekki að vera fjölorður um það. Einúngis gjörði hinn háæruverðugi 5. konúngkjörni þíngmaður uppástúngu þá, sem hèr stendur á atkvæðaskránni undir töluliðnum 1, og svo hljóðar: *„Að þíngið —— bænarskrá um þetta mál"*.[1]

Mèr finnst nú þessi uppástúnga vera nokkuð undarleg og skrítin, bæði að forminu til, og stefnu þeirri, sem hún hefur, sem og líka að ástæðum þeim, sem hún er byggð á, nefnilega það, að einginn bar upp breytíngaratkvæði, eins og segir í uppástúngunni, við álitsskjal nefndarinnar, og einmitt *þess vegna,* að ekkert breytíngaratkvæði var borið upp, væri nú brýn ástæða til, að fresta málinu. Hefði þessi uppástúnga komið sunnan

[1] Sjá uppástúnguna í sjálfri atkvæðaskránni hèr næst á undan.

úr Hafnarfirði, eða einhverstaðar að, frá einhverjum, sem ekki hefði átt kost á, að bera upp breytíngaratkvæði, þá hefði eg getað fellt mig við það, en ekki þegar þetta kemur frá þeim manni, sem sjálfur situr hèr á þínginu, og sem vel gat borið þetta breytíngaratkvæði upp, sem honum þykir nú vanta. Mèr finnst þessi aðferð nokkuð undarleg, að byggja á því, að það var ekki gjört, sem þíngmaðurinn gat gjört, en gjörði ekki. Eg held, að þetta hljóti að vera bragð af hinum heiðraða þíngmanni, og ef að nú uppástúnga hans verður tekin til greina, þá sýnist mèr tilgángur hennar verða að vera annaðhvort sá, að sleppa málinu, og senda einga bæn í því til konúngs, eða sá, eins og eg veit að stundum við geingst á þíngum, að gánga þegar til dagskráarinnar, og ræða málið ekki framar. Má ske hinn háttvirti forseti vildi segja sína meiníngu um þetta, áður en umræðurnar halda leingra áfram.

Forseti: Mèr virðist, að uppástúngan geti ekki komið til atkvæða fyr en búið er að ræða málið svo, að menn sèu komnir niður á það, hvort senda skuli frá þínginu nokkra bænarskrá til konúngs í máli þessu eða ekki, og þess vegna sýnist mèr rèttast, að bera báðar uppástúngurnar upp til atkvæða í einu, við lok umræðunnar.

Konúngsfulltrúi: Eg er samdóma hinum háttvirta forseta í því, að nú beri eingin nauðsyn til, strax að greiða atkvæði um málið, heldur að rèttast sè, að ræða það út á venjulegan hátt. Uppástúnga hins heiðraða konúngkjörna þíngmanns, nr. 1 á atkvæðalistanum, lýtur ei að því, að fella með öllu uppástúngu nefndarinnar, því þá þurfti hann ei annað, en ráða þínginu til, að greiða atkvæði móti henni. En í uppástúngu þíngmannsins liggur þar á móti, að eg svo að orði kveði, mildara form, þar sem hann ræður til, að slá því á frest í þetta sinn, að semja bænarskrá til konúngs, af þeim ástæðum, er uppástúngan sjálf til greinir.

Framsögumaður: Upp á ræðu hins háttvirta konúngsfulltrúa hef eg að vísu fáu að svara, og vil eg því venda mèr að aðalástæðunum fyrir þessari merkilegu uppástúngu, og er þá hin helzta ástæðan sú, að þíngið verði hèr að gæta þess, að, ef það aðhylltist uppástúngu nefndarinnar, þá mundi verða beðið um það, sem enn er ekki á komið, en það er einn ráðgjafi yfir hin íslenzku mál; en eg held, að innan fárra daga komi hèr það mál, sem fer líku fram. Eg má og biðja menn vel að gæta

þess, að í uppástúngu nefndarinnar liggur ekki, að beðið sè um neitt annað, en það, sem er. Eg veit ekki betur, en að konúngur láti jafnan einhvern af ráðherrunum skrifa með sèr undir lagaboðin, eins þau íslenzku, eða sem Íslandi viðkoma, og önnur, og þá verð eg að álíta þann vera ráðherra yfir málefnum Íslands, sem skrifar undir þau lög, sem oss eru gefin. Þar til er það öllum kunnugt, að, eins og nú hagar til, þá er ráðgjafi innanríkismálanna álitinn að hafa á hendi eins konar aðalráðsmennsku yfir íslenzkum málum. Nefndin hefur því ekki farið öðru fram en því, sem í raun og veru má vel heimfæra til þess fyrirkomulags, sem nú á sèr stað, þó hún hafi orðað uppástúngu sína nokkuð öðruvísi, en gjört var í álitsskjali alþíngis 30. júlí 1849; enda var auðgefið, að bera upp lítið breytíngaratkvæði um þessi mismunandi orð, ef þau ein gætu verið málinu til fyrirstöðu. Eg verð og að víkja að því, að mèr virðist mjög iskyggilegt, að fresta máli þessu, allra-helzt fyrst það hefur nú verið borið upp, og þar á ofan hefur málið verið borið hèr upp á tveimur þíngum áður, og það gjörir enn lakara, að fresta því nú, því þá liti svo út, eins og bæði þjóðin og þíngið sè þessu afhuga orðin; en eg ætla, að því fari mjög fjærri, og að hvorki þjóðin nè þíngið sè því afhuga enn, heldur leggi á það mál allan hug.

P. Pètursson: Eg hef áður hèr á þínginu látið þá meiníngu mína í ljósi, að mèr þætti það í sjálfu sèr eðlilegt, þó Íslendíngar óskuðu, að fá íslenzka textann á þeim lögum, sem hèr eiga að gilda, undirskrifaðan af konúngi, og hvað mig sjálfan snertir, þá vildi eg gjarnan óska þess, að kríngumstæðurnar leyfðu þetta, eða að við að minnsta kosti feingjum *löggiltan (officiel)* eður staðfestan íslenzkan texta, þó nafn konúngs ekki stæði undir honum; en eg hef líka látið þá ætlun mína í ljósi, að það mundi til lítils koma, eins og nú er ástatt, að fara bæn um undirskript konúngs á flot, eða ítreka hana að þessu sinni. Eg hef einnig fært ástæður fyrir þessari meiníngu minni, eins og eg líka í breytíngaratkvæði mínu hef stúngið upp á, að þíngið í þetta sinn frestaði bæn sinni. Ástæðurnar fyrir, að betra mundi vera, að skjóta þessu á frest í þetta sinn, eru sumpart byggðar á því stjórnarskipulagi, sem nú er í Danmörku, og sem gjörir bænheyrsluna svo torvelda, sumpart á því, að nefndarálit þetta fer því fram, að ekki sè einúngis beðið um undirskript konúngs undir íslenzka textann á lagaboðunum,

heldur og um undirskript þess ráðgjafa, sem settur yrði yfir íslenzku málin — (*Framsögumaður*: Það stendur ekki í nefndarálitinu, heldur: *sem hann,* konúngurinn, *setur* yfir hin íslenzku mál) —; því eg get ekki verið hinum heiðraða framsögumanni samdóma í því, að nefndarálitið tali um fleiri en einn ráðgjafa; því væri meint til fleiri ráðgjafa en eins, þá hefði ekki þar staðið „*ráðherra*“, heldur „*ráðherrum*“. Eg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, heldur einúngis benda til þess, að við enn ekki höfum feingið einn ráðherra settan yfir íslenzku málin, og eg skil því ekki í, hvernig við getum, á meðan hann ekki er til, beðið um undirskript hans undir íslenzka textann; því eg tel það sjálfsagt, að, yrði einn ráðherra settur yfir íslenzk mál, þá mundi hann undirskrifa íslenzka textann, en yrði hann ekki settur yfir málin, þá væri til einkis, að biðja um undirskript hans. Eg sè heldur ekki, hvernig menn geta gefið þessu nefndaráliti jákvæði sitt með tilliti til, hvernig niðurlag þess er orðað; því menn geta þó ímyndað sèr, að einhver sá vilji biðja um undirskript konúngs, sem ekki vill biðja um undirskript ráðgjafans, af því hann er ófeinginn, og vil eg þá spyrja, hvernig hann getur sagt *já* við hinu fyrra, en *nei* við hinu síðara, þegar hann má ekki gefa nema *eitt* atkvæði, *annaðhvort já* eða *nei.* Framsögumaður sagði, að það mál, sem snerti síðara atriðið í niðurlagi nefndarálitsins, mundi bráðum koma fyrir á þínginu; en þó það væri samþykkt af þínginu, að biðja um slíkan ráðgjafa settan yfir íslenzk mál, þá er hann þó enn ófeinginn, og á meðan skil eg ekki í, hvernig þíngið getur beðið um undirskript hans. Það er nú á þíngsins valdi, hve mikið eða lítið það vill gjöra úr þessari ástæðu, sem byggð er á göllum nefndarálitsins. Eg fyrir mitt leyti fer ekki eingaungu eptir henni, þó eg hafi eingaungu tekið hana fram í uppástúngu minni, til að milda sem mest eg gat úr þessu, heldur einnig eptir þeim ástæðum, sem eg tók fram við undirbúníngsumræðuna, og sem eg hèr ekki vil ítreka. En hvernig sem eg lít á málið, get eg ekki breytt þeirri hjartans-sannfæríngu minni, að það sè í alla staði hollara og betra fyrir okkur, að skjóta því á frest í *þetta sinn,* að fara þessari bæn á flot, þó mèr, eins og eg opt hef áður sagt, þyki það að öðru leyti æskilegt, að íslenzki textinn á lagaboðunum feingist undirskrifaður af konúnginum.

Framsögumaður: Mèr skilst þá ekki betur, en að það

hafi átt að vera bragð af hinum háæruverðuga 5. konúngkjörna þíngmanni, að bera ekki upp breytíngaratkvæði um þetta atriði, heldur snúa því svona upp í þessa merkilegu uppástúngu, og eg sè þetta enn betur af því, sem hann sagði: „*og af öðrum ástæðum*“. Hann kom og með það í ræðu sinni: „*íslenzkur ráðgjafi*“, og „*sem settur yrði*“, en nefndin nefnir það hvorugt nokkurstaðar. Mèr virðist það helzt vaka fyrir honum, að það sè ekki til neins, að koma með þessa bæn núna, eptir að henni er tvisvar neitað. En að mínu áliti gefa þessar synjanir einga ástæðu til, að ætla það; því í auglýsíngu konúngs til alþíngis 1849 stendur: „*eptir því sem ástatt er*“, en þar er ekkert þvert nei fyrir framtíðina, nè heldur sagt, að þetta, „*sem ástatt var þá*“, geti ekki breytzt. Allt eins er um auglýsínguna til alþíngis í vor; þar er ekki nein ástæða borin fyrir synjuninni önnur, en kríngumstæðurnar, *sem nú eru*. Þetta sèst allt saman enn ljósar af dönskunni: „efter Forholdenes Beſkaffenhed“, í auglýsíngunni 1849. Það er því svo lángt frá, að í þessu liggi nokkurt bann gegn því, að bera þessa bæn upp aptur, að það er, ef til vill, miklu heldur hvöt til þess í þeim orðum, sem eg nú færði til.

Á. Einarsson: Eg vil leyfa mèr að minnast á eitt atriði, sem hèr hefur verið talað svo mikið um á þínginu, þó eg ætli ekki, að lángar umræður þurfi nú að verða um þetta mál. Hèr á þínginu hefur opt verið talað um það, að binda ekki hendur á næsta þíngi. En hvað ætli menn segðu þá, ef þíngið færi nú að binda hendur á sjálfu sèr, eða yrði sjálfu sèr sundurþykkt. Þíngið tók mál þetta hiklaust fyrir, og kaus nefnd til að yfirvega það, þrátt fyrir ástæður þær, er sá 5. konúngkjörni þíngmaður færði þá fram, og nú heyrist, að önnur nefnd muni fara þessu sama á flot, og ef þíngið samþykkir það, en vill nú fella nefndarálit þetta, held eg þíngið bindi hendur á sèr sjálfu með ósamkvæmum atkvæðum, enda hefur þíngið áður lagt svo mikinn hug á þetta mál. Eg verð að játa það, að eg skildi ekki ástæður hins háæruverðuga konúngkjörna þíngmanns við undirbúníngsumræðu máls þessa, en eg skil þær ekki heldur neitt betur enn. Mèr sýnist það, sem hann fer fram á, vera líkast því, eins og að leyft væri, að lesa bæn fyrir lestur, en ekki eptir, ef bæn sú væri felld í öðru máli nú, sem beðið væri um í öðru. Það væri líka merkilegt, ef þíngið sleppti því nú, sem er svo eindreginn vilji þjóðarinnar, og sem ýmsir merkir

menn hafa mælt svo kröptuglega með hèr á undanförnum þingum. Eg leyfi mèr í því tilliti einúngis að benda til alþingistíðindanna 1847, bls. 489—91. Eg skildi ekki í því, sem mèr heyrðist hinn konúngkjörni þingmaður talaði um, að löggilda lagaboðin, en ráðherrann skrifaði þó ekki undir þau. Eg veit því ekki, hvernig nokkur þingmanna getur gefið atkvæði sitt móti bænarskrá til konúngs í þessu máli, því hún fer ekki heldur fram á það, að konúngur veiti bænheyrsluna, ef það er ómögulegt.

P. Sigurðsson: Þjóðin hefur nú samhuga beðið um þetta síðan 1847, og tvisvar feingið afsvar, og með þeirri einu ástæðu, að það væri vegna kríngumstæðanna. Það sjá allir, eins og hinn heiðraði framsögumaður líka tók fram, að þetta er eingin ástæða, því kríngumstæðurnar geta breytzt allt í einu. Hefði stjórnin til fært einhverja gilda ástæðu fyrir synjuninni, eða þá til tekið nokkurn tíma, innan hvers bænin yrði ekki veitt, þá ætla eg, að Íslendingar hefðu beðið rólegir, þar til sá tími væri liðinn. En það eru fæstir Íslendingar, ef það eru nokkrir, sem vita, hvaða ástæður stjórnin hefur í raun og veru til, að neita þeim um þessa bæn. Eg sè því ekki annað, en menn ættu að halda áfram, og biðja óaflátanlega, og ekki þreytast, þángað til svar fæst annaðhvort af eða á; en undir núverandi kríngumstæðum er það eingin keppni, þó vèr ítrekum þessa bæn; því eins og vèr Íslendíngar bæði finnum og þekkjum þann vafalausa þjóðernisrètt, er vèr eigum í þessu efni, og höfum þá von, að konúngur vilji oss bænheyra, þá verðum vèr líka að treysta því staðfastlega, að konúngur vor hafi nógan mátt og nægan krapt til, að ryðja þeim hindrunum úr vegi, sem nú eru því til fyrirstöðu, að bæn þessi ekki fær enn áheyrslu.

E. Kúld: Hinn heiðraði framsögumaður gat þess, að hvergi væri oss bannað, að halda áfram þessari bæn vorri, sem nú er hèr umtalsefnið. Í slíkum tilfellum, sem þessu, hættir mèr ætíð við, að skoða konúnginn sem föður, og þegnana eins og börn; þegar börnin nú biðja föðurinn, þá á hann frjálst, að neita þeim, þegar honum lízt það betur fara. En þegar faðirinn býður börnunum eitthvað, þá verður skipunin miklu hjartanlegri og þakknæmilegri, þegar faðirinn segir þeim það sjálfur, heldur en þegar hann lætur skila því. Eins er um sambandið milli konúngsins og þegnanna; skipanirnar, það eru lagaboðin, verða þegnunum miklu lèttari, þegar konúngur eins og ber þau sjálfur til þeirra

með undirskript sinni. Eg er annars einn af þeim, sem ekki skil í ástæðunum fyrir synjun þessari frá konúngi. Eg get raunar ímyndað mèr eina ástæðu, þó eg viti ekki, hvort hún er rètt eða ekki; en það er sú, að konúng vanti ráðgjafa fyrir hinum íslenzku málum, sem geti ábyrgzt útleggínguna. Eg gef annars atkvæði mitt fyrir því, að bænin verði send fram á leið til konúngs frá þínginu, í því trausti, að hann, eins og góður faðir, veiti oss, börnum sínum, hana á þeim tíma, sem hann getur fyrst, og honum þykir hagkvæmur.

Konúngsfulltrúi: Þó mál þetta sè í sjálfu sèr einfalt, þar eð einúngis er spurníng um, hvort senda eigi konúngi bænarskrá eða ekki, og þess vegna sè óþarfi, að tefja tímann með laungum umræðum, skal eg þó vegna stöðu minnar ekki hliðra mèr hjá, að fara um það nokkrum orðum.

Það er lángt frá mèr, að vilja lá það löndum mínum, þó þeir vilji fá lög sín undirskrifuð af konúngi á sínni túngu, en öll önnur spurníng er það, hvort það sè hyggilega eða rètt gjört af þínginu, að senda konúngi um það bænarskrá nú í þetta sinn, og hvort það miklu fremur ekki megi álítast nokkurs konar keppni af þínginu, að ítreka þessa bæn, jafnskjótt og það hefur feingið afsvar áður. Það hefur verið sagt, að fyrir þessu afsvari hafi ekki verið færðar ástæður, en eg veit ekki betur, en að ástæður hafi verið bornar fram fyrir þessu frá stjórnarinnar hálfu af konúngsfulltrúanum hèr á þessu þíngi 1847. Ein ástæða liggur þó ljós fyrir, sem eg ætlast til að þíngmenn láti sèr skiljast, og það er sú, að hèr er heimtað af konúngi, að hann riti nafn sitt undir lög, sem samin eru á því máli, sem hann skilur ekki. Það mundi þó þykja hart í manna viðskiptum, ef einhver rètti öðrum skjal, og heimtaði, að hann ritaði undir það nafn sitt, þó hann ekkert skildi í því, en þessu vill þíngið nú fara fram við konúng vorn. Það hefur verið sagt, að það sè eindreginn vilji allra Íslendínga, að senda konúngi nú bænarskrá um þetta mál, en eg get fullvissað þíngið um, að eg hef talað við marga skynsama menn utan-þíngs, sem eru á því, og óska, að í þetta skipti verði dregið, að ítreka þessa bæn til konúngs vors; þar að auki er þetta þíng nú að biðja um stjórnarbót, en meðan hún er ófeingin, er margt enn þá ósèð hjá oss, og mörg tilhögun, ef til vill, enn þá ekki komin í ljós, og það getur vel skeð, að þegar ný stjórnartilhögun hjá oss væri komin í kríng, að þá yrði þessu máli hægar og hagan-

legar afráðið, heldur en nú er mögulegt. Eg hlýt því að ráða þinginu til, að fallast á það milda form, sem hin 1. uppástúnga ræður til; því aðhyllist þingmenn hana, þá sèst það, að landsmenn eru ekki horfnir frá ósk sinni, en fresta henni í þetta sinn kríngumstæðanna vegna. Hinn heiðraði framsögumaður sagði, að hin misjafna útlegging væri opt valdandi mikillar og skaðsamlegrar villu, og hann færði til dæmis, að mikill ágreiníngur og skriptir hefðu risið út af orðinu „Arvegangsmaade" í 27. gr. í „tilsk. um nokkrar breytíngar á erfðalögunum", af því einum embættismanni hefði orðið það, að líta í íslenzku útleggínguna, en ekki danska textann; en eg held, að slíkur misskilningur sè eingan veginn kominn af því, að embættismenn hafi ei lesið danska textann, og eg get fullvissað þingið um, og eg veit fleiri dæmi til þess, og það í því amti, sem eg er yfir skipaður, að líkar spurníngar eru bornar upp af þeim, er bæði hafa lesið og skilið danska textann; því það liggur í hlutarins eðli, að lögin verða aldrei svo ljóslega samin, að jafnvel lögfræðíngar geti ekki verið á misjöfnum meiningum um skilníng þeirra og þýðíngu. Að öðru leyti skal eg ekki leingja umræðurnar um þetta mál, en einúngis taka það fram, að það er hjartanleg ósk mín, að þingið fresti þessari bæn í þetta skipti, því það er full sannfæríng mín, að með því líti þingmenn í þessu efni á sannan hag þessa lands.

Framsögumaður: Það er að eins fátt eitt, sem eg þarf að taka fram móti ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa. Fyrst og fremst áleit hann það eins konar keppni af alþingi, að vera núna að biðja um þetta. Það getur vel verið, að sumir menn skoði þetta svo, en konúngur hefur þó með synjuninni ekki gefið neina ástæðu til að ætla, að hann tæki það svo. Hefði konúngurinn álitið það keppni 1849, þegar alþingi ítrekaði þessa bæn sína, þá hefði hann haft fulla ástæðu til, að lýsa því yfir í auglýsíngunni til þíngsins í sumar, eða gefa synjunina í auglýsíngunni til þíngsins með öðrum orðum. En þetta er ekki komið fram enn þá, heldur, eins og eg sagði áðan, er í synjuninni miklu fremur hvatníng eða uppörfun fyrir þíngið, til að ítreka bænina enn í þetta sinn. Það annað aðalatriði í ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa voru ástæður þær, sem fram hefðu komið gegn bæn þessari frá konúngsfulltrúa á alþingi, líklega 1847. Ástæður þessar sýna sig nú sjálfar, og konúngsfulltrúinn, sem nú er, var einn meðal hinna fremstu þingmanna, til að ónýta þær

ástæður með kröptugri ræðu, sem hann þá flutti, eins og þingtíðindin sýna. Hann sýndi ljóslega, konúngsfulltrúinn, sem var 1847, hvaða misskilníngi og villu útleggíngin hinna íslenzku lagaboða opt gæti valdið, þegar, eins og hann tók til dæmis, tillögum alþíngis væri snúið á dönsku, og svo þeirri dönsku aptur á íslenzku. Hann ætlaði sér nú að vísu að sanna með þessu, hve óvinnandi væri fyrir konúnginn, að ábyrgjast eða staðfesta, að íslenzkan á lagaboðunum væri rètt; en eg held, að þessi dæmi, sem hann færði til, og mörg önnur fleiri, séu ljósastur vottur þess, hve óhafandi sú aðferð er, sem nú tíðkast, að leggja tillögur og uppástúngur alþíngis út á dönsku, til þess að konúngur staðfesti *hana,* hversu sem hún mistekst, og síðan verði hún lögð út á óstaðfesta íslenzku. Mèr er nú spurn, hvort ekki sè full ástæða, bæði af þessari ástæðu og öðrum fleirum, til að biðja um undirskript konúngs undir lagaboðin einúngis á íslenzku. Það er nú, að eg kveði svo að orði, orðin mjög slitin ástæða, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi kom með, að það væri ofætlun fyrir konúnginn, að skilja íslenzku. Eg ætla nú, að konúngarnir skilji ekki æfinlega, og sízt til hlítar, hverja túngu, sem töluð er í víðlendum ríkjum þeirra, en þeir eru þó æfinlega svo út búnir af mönnum, sem þeir mega reiða sig á, að þetta kemur alls ekki að baga. Það er eins með það, að eg veit ekki til, að konúngarnir séu vanir að vera neinir lögvitríngar, eða taka embættispróf í lögvísi, og þó skera þeir einatt úr hinum vandasömustu málefnum, sem snerta hin verulegustu rèttindi, og sem opt öll velferð manna er undir komin. Allir vita, að þeir gjöra þetta ekki, af því þeir eru hinir djúpsæjustu og skörpustu lögvitríngar sjálfir, heldur einmitt eptir tillögum áreiðanlegra, viturra og reyndra trúnaðarmanna sinna, sem þeir hafa hvervetna í kríng um sæti hátignar sinnar. Eg sè því alls ekki, hvaða ástæða þetta getur verið, til að fallast á hina undarlégu uppástúngu hins háæruverðuga 5. konúngkjörna þíngmanns. Hvað það snertir, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi minntist á misskilníng eða skilníng lagaboðs þess, sem eg hafði tekið til dæmis í undirbúníngsumræðu máls þessa (það voru erfðalögin), þá gæti eg vel nefnt þann embættismann í suðuramtinu, sem þetta kom fram við, því hann sagði mèr það sjálfur, að sèr hefði orðið, að líta ekki á dönskuna.

St. Jónsson: Eg veit að sönnu ekki, hvernig hans hátign, konúngurinn, kann að taka í þetta mál núna, en hitt veit eg,

að það er öldúngis eingin keppni innifalin í þessari bæn, heldur tilfinnanleg þörf þjóðarinnar, og að varla mundi Íslendíngum koma annað ver, en ef að mál þetta væri núna fellt hèr á þínginu. Í ræðu sinni á alþíngi 1847 sagði konúngsfulltrúinn, sem nú er, að lögin væru næst guðsorði hin *háleitustu* og *helgustu orð,* sem töluð væru til þjóðarinnar, og svo frv. (sjá alþíngistíð. 1847, bls. 490), og bar það fram sem ástæðu fyrir undirskript konúngsins undir þau, og þessi sannleiki stendur enn óhaggaður, og er enn eins gildur og þá. En hvað því viðvíkur, að konúngur skilji ekki íslenzka túngu, þá leyfi eg mèr að geta þess, að konúngsins hátign er að eins ein persóna, en Íslendíngar eru margir, og þeir skilja allfæstir dönsku, sem sjálfa lögfræðíngana á greinir um rètta þýðíng á, og sem þjóðin þó á að lifa eptir og dæmast eptir. Eg hlýt því að gefa atkvæði mitt fyrir þessu máli, og það því heldur, sem eg er sannfærður um áhuga þjóðarinnar á, að því verði fram fylgt.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó eg ekki gángi frá nokkru orði, sem eg hef talað um þetta mál hèr á þíngi árið 1847, lýsi eg því samt yfir, að þó eg hefði verið þíngmaður á þessu þíngi, mundi eg hafa orðið því öldúngis mótfallinn, að konúngi væri send um þetta bænarskrá nú sem stendur. Eg get ekki betur sèð, en að menn gjöri of mikið úr þeirri nauðsyn, að hafa hinn íslenzka lagatexta undirskrifaðan af konúngi, þegar litið er til verkunar þeirrar, sem lögin eiga að hafa í samlífi manna. Allir vita þó, að embættismenn og dómendur vorir skilja danska túngu, og það eru þeir, sem leggja eiga á úrskurði og dóma eptir lögunum. Eins má mönnum það vera kunnugt, að margir alþýðumenn vorir skilja dönsku, og þegar þeir, sem ekki skilja hana, hafa hina íslenzku útleggíngu fyrir augum sèr, og þar að auki geta leitað leiðbeiníngar embættismannanna, þá er hægt fyrir hvern mann, að komast til þeirrar þekkíngar á lögunum, sem honum er nauðsynleg, til að geta lifað eptir þeim. Það ættu menn einnig að athuga, að þá bók, sem er mest allra bóka, sem er regla vor allra í trúar- og sáluhjálpar-efnum, hana verða menn þó flestallir að lesa í útleggíngu, því það er fæstra hlutskipti, að geta lesið hana á þeirri túngu, sem hún upphaflega er rituð á, en eingum getur komið til hugar, að vefeingja hana sem lífs- og trúar-reglu, þó ekki sè útleggíngin löggilt með undirskript. Eg verð því enn á ný, og það einkanlega í þíngsins eigin þarfir, innilega að ráða

frá því, að nokkur bænarskrá í þetta skipti verði send hans hátign konúnginum um þetta málefni.

J. Kristjánsson: Þegar eg las uppástúnguna nr. 1 á atkvæðaskránni, þá fór svo fyrir mèr, að lítið vantaði á, að eg tryði, en þó nokkuð sè búið að ræða um þetta mál, samt vantar mig þetta litið enn. Það hefur einginn sameinað svo viljann og máttinn, til að tala fyrir uppástúngu þessari, að eg hafi sannfærzt, og geti með sannfæringu horfið frá þeirri barnslegu og einföldu trú minni, ef menn vilja kalla það svo, að hátignin geti gefið oss íslenzk lög á sínum tíma. En svo þekki eg viðkvæma tilfinníngu fjölda manna í þessu efni, að þeir þykjast horfnir verud lagamna, þegar þeir sakna konúngsnafnsins, og það er sannarlega ekki rètt, að kalla bænaritrekunina keppni, sem nefndarálitið fer fram á (2 á atkvæðaskránni). Það er reyndar sá frómi áhugi hjá allri alþýðu manna, að sleppa ekki hátigninni, fyr en hún blessar þá. Það finnst mèr allt öðru máli skipta, þó vèr höfum ekki hin helgu rit nema í útleggíngum, því „sjálfur andinn — andinn er sannleikur".

G. Einarsson: Eg verð og að lýsa því yfir, að það er ekki af neinni keppni, þó eg gefi atkvæði mitt með nefndarálitinu, heldur er það af minni innstu hjartanssannfæríng, að eg gjöri það, og af þeirri reynslu, sem eg hef feingið um nauðsyn þessa. Dæmið, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi tók, og mèr virtist eiga að vera af heilagri ritníngu, held eg að ekki eigi hèr við. Það er aðgætandi, að einginn af oss, sem hèr erum, erum enn búnir að standa fyrir þeim dómstóli, sem dæmir eptir því, hvernig henni er fylgt, og þeim anda, sem í henni er.

Páll Sigurðsson: Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, að margir Íslendíngar skildu dönsku, en eg verð að lýsa því yfir, að það eru fæstir af öllum Íslendíngum, sem skilja dönsku. Eg segi fyrir mitt leyti, að ekki skil eg hana, allrasízt mörg hin nýjari orð, sem inn í hana eru komin á seinni tíð, og sem opt eru atriðisorð. Eg verð og að lýsa því yfir í nafni þjóðarinnar, að það er eingin keppni, sem knýr Íslendínga til, að fylgja fram bæn þessari, heldur innileg sannfæríng og laungun í brjóstum þeirra. Íslendíngar hafa leingi fundið til þessarar nauðsynjar, og borið harm sinn í hljóði yfir þeirri stjórnartilhögun, að fá lög þau, er ákveða allar skyldur og öll rèttindi þeirra á því máli, er þeir ekki skildu, og því næðu þau aldrei, meðan svona stæði,

þeirri virðingu og trausti, sem helgi þeirra væri samboðið. Til bifliunnar þyrfti ekki að vitna í því efni, því hún væri nú svo klædd búningi vors móðurmáls, að flestir mundu vel við una.

H. Stephensen: Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður gat þess fyrir laungu síðan, að það mundi ekki vera rètt fyrir oss, að biðja konúnginn og ráðgjafa hans, að skrifa undir lagaboðin á íslenzku. Það vakti þá áu efa fyrir honum, að hann hèlt, að þingið gæti ekki farið fram á meira í þessu efni, en bænarskrárnar báðu um, nefnilega undirskript konúngsins eins. En eg skil ekki í þessu; því eg veit eingin dæmi til, að konúngur hafi nokkurn tíma skrifað einn undir nokkurt lagaboð, heldur viðkomandi ráðherra með honum, og það á meðan einveldið stóð hæst. Eg vildi taka þetta atriði fram, af því einginn hefur gjört það, en mèr fannst hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður þess verður, að einhver gæti þess. En hvað það snertir, sem konúngsfulltrúinn hèlt, að menn mundu geta notað lögin á því máli, sem þeir skildu ekki, úr því menn skildu ekki þá túngu, sem heilög ritníng væri frumrituð á, og yrðu þó eins sáluhólpnir eptir sem áður, þó eg hefði helzt óskað, að þessi samlíking ekki hefði komið inn á þingið, þá er eg honum samt alveg samdóma í því, að vèr Íslendingar munum eins geta orðið sáluhólpnir fyrir það, þó vèr skiljum ekki ebresku, því orðinu fylgir andi, á hverju túngumáli sem er; og hvort útleggingar þess hafa tekizt vel eða illa, þá er það andinn, sem verkar, og bókstafurinn er að eins verkunarmeðal hans, og eptir andanum eigum vèr að dæmast, en lögin eru deyðandi bókstafur og ekki andi.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg get ekki skilið, að þingið geti í nokkurn máta misst álit sitt, eða landið velferð sína, þó að enn sè ítrekuð þessi samgjarna ósk, og eg ímynda mèr ekki, að konúngur vor reiðist því, þó honum sè send hæverskleg bæn um það, sem svo er þarflegt og rèttlátt, og það er mèr nóg ástæða fyrir því, að veita því atkvæði mitt, að það er almenn þörf og almenn ósk, að þess hefur verið óskað af alhuga af hinum fyrri alþingum, og það af hinum vitrustu og upplýstustu mönnum, og þeim, sem enn nú sitja hèr á þingi, og það er mèr nú sú sterkasta ástæða, að sá eini maðurinn, sem hèr hefur nú mælt á móti bæn þessari, sem er sá 5. konúngkjörni þingmaður, hann hefur þó sjálfur sagt, bæði við undirbúningsumræðuna, og þessa umræðu, að það væri æskilegt, að

fá nafn konúngsins undir lög vor. Eg held vèr ættum þá líka sjálfir að hafa einurð á, að óska þess, og telja oss ekki sjálfir of mikinn sóma eður veg, að fá nafn konúngsins undir lög vor, og eg vil ei ætla konúnginum, að honum þyki mínkun, að láta sjá nafn sitt undir lögum, sem hann gefur oss, þegnum sínum, eða undir túngumáli voru, sem er þó forfeðramál hans, nefnil. sú forna danska þjóðtúnga.

Framsögumaður: Viðvíkjandi ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa þætti mèr æskilegt, að fá að vita, í hverju tilliti það væri helzt ískyggilegt, að bera þessa bæn fram. Ef það ætti að vera ískyggilegt eptir „Forholdenes Beſtaffenhed", þá held eg menn sèu að berjast við skugga, sem vèr ekki vitum hvort að er skuggi nú. Mèr finnst konúngurinn —.

Konúngsfulltrúi: Eg veit ekki, hvort hinum háttvirta forseta þykir eiga við, að blanda svona nafni konúngsins aptur og aptur inn í ræðurnar.

Forseti: Eg vil biðja þíngmanninn að tala sem varlegast í þessu tilliti. En í þetta skipti finnst mèr hann hafi ekki blandað nafni konúngsins fremur inn í ræðu sína, en leyfilegt var.

Framsögumaður: Eg hef öldúngis ekki ætlað að nefna *hans hátign* að óþörfu nè á ósæmilegan hátt; en eg vildi segja, að það kæmi fram nokkurs konar óverðug og ástæðulaus tortryggni eða mistraust af hendi landsmanna, ef þeir hikuðu nú við, að ítreka bæn þessa af þeim ástæðum, að þeir hèldu, að það væri sjálfur vor mildi konúngur, Friðrik hinn 7., sem annaðhvort vildi ekki eða þættist ekki geta uppfyllt þessa bæn. Að ímynda sèr slíkt er rángt, er óverðugt; konúngur hefur einga ástæðu gefið til þess í afsvörum sínum, og aldrei byggt þau á öðru, en *kríngumstæðunum, sem þá væru* (Forholdenes Beſtaffenhed). Þeir, sem vilja láta þessar „*kríngumstæður*" aptra sèr, verða að ráða því; eg sè alls einga ástæðu til þess.

Forseti: Þar eð nú taka ekki fleiri til máls, vil eg biðja menn að gánga til atkvæða. Er þá fyrst, að greiða atkvæði um 1. tölulið á atkvæðaskránni, sem er uppástúnga P. Pèturssonar.

Framsögumaður bað forseta, að atkvæði væru greidd með nafnakalli, og þar eð hvorki konúngsfulltrúi nè þíngmenn mæltu á móti því, þá lèt forseti þannig greiða atkvæði:

Fyrst um uppástúngu P. Pèturssonar, tölulið 1 á atkvæðaskránni, og urðu atkvæði þessi:

já.	nei.
V. Finsen.	G. Einarsson.
Þ. Sveinbjörnsson.	J. Guðmundsson.
J. P. Havstein.	P. Sigurðsson.
H. G. Thordersen.	M. Andrèsson.
Þ. Jónassen.	G. Brandsson.
P. Pètursson.	H. Stephensen.
J. Thorstensen.	J. hreppst. Sigurðsson.
	E. Kúld.
	Ó. Sivertsen.
	Á. Einarsson.
	J. Samsonsson.
	St. Jónsson.
	J. Jónsson.
	J. Kristjánsson.

Töluliðurinn 1 var þannig felldur með 14 atkvæðum gegn 7.

Voru þá atkvæði greidd á sama hátt um töluliðinn 2 á atkvæðaskránni, og fèllu atkvæði þannig:

já.	nei.
G. Einarsson.	V. Finsen.
J. Guðmundsson.	Þ. Sveinbjörnsson.
P. Sigurðsson.	J. P. Havstein.
M. Andrèsson.	H. G. Thordersen.
G. Brandsson.	Þ. Jónassen.
H. Stephensen.	P. Pètursson.
J. hreppst. Sigurðsson.	J. Thorstensen.
E. Kúld.	
Ó. Sivertsen.	
Á. Einarsson.	
J. Samsonsson.	
St. Jónsson.	
J. Jónsson.	
J. Kristjánsson.	

Með þessum hætti var þá töluliðurinn 2, uppástúnga nefndarinnar, samþykktur með 14 atkvæðum gegn 7.

Forseti: Það, sem þá er næst, er að taka til ályktarumræðu málið um fjölgun þingstaða í Árnessýslu.

Breytíngaratkvæði í málinu um fjölgun þingstaða í Árnessýslu eru þessi:

Breytingaratkvæði

í

málinu um fjölgun þingstaða í Árnessýslu.

Meiri hluti nefndarinnar:

1. Í stað þessarar greinar í konúngsfrumvarpinu: „Af þeim 5 hreppum — á Eyrarbakka“, verði sett: „Í Árnessýslu skal taka upp aptur hina fornu þingstaði í eptirfylgjandi hreppum: á Nesi fyrir Selvogs-hrepp, Stokkseyri fyrir Stokkseyrar-hrepp, í Gaulverjabæ fyrir Gaulverjabæjar-hrepp, Stóru-Sandvík fyrir Sandvíkur-hrepp, Vælugerði fyrir Villingaholts-hrepp, Hraungerði fyrir Hraungerðis-hrepp, á Húsatóptum fyrir Skeiða-hrepp, og á Stóra-Núpi fyrir Gnúpverjahrepp“.
2. „Sömuleiðis skal Þingvallahreppur fá þingstað sèr á Þingvöllum“.
3. Síðari grein konúngsfrumvarpsins orðist þannig: „Hreppsbúar í hverjum þessara hreppa eru skyldir til, eptir fyrirmælum sýslumanns, að byggja ný þinghús, svo væn og rúmgóð, að ekki verði að fundið“.

Framsögumaður: Við undirbúningsumræðu þessa máls var því hreift af hinum hæstvirta konúngsfulltrúa og nokkrum þingmönnum, að nokkur formgalli væri á nefndarálitinu, og þess var líka getið um leið, hvernig bezt yrði ráðin bót á honum. Þetta tók eg ekki í þeirri meiníngu, að þessir menn vildu í nokkurn máta spilla fyrir málinu, eða ónýta það, heldur einúngis til þess, að þingið hèldi altíð sömu reglum í samkynja tilfellum, og er það nauðsynlegt, að svo sè. Á þessum formgalla er nú bót ráðin með breytingaratkvæðum þeim, sem meiri hluti nefndarinnar hefur gjört við konúngsfrumvarpið.

Hvað efni málsins sertir, ætla eg, að hinum heiðruðu þingmönnum sè orðið ljóst, að bændur í þeim 8 hreppum í Árnessýslu, hvar öllum þingstöðum hefur raskað verið fyrir 40 eða 50 árum, þó án þess, að háyfirvaldið eða viðkomandi stjórnarráð hafi leyft það, að þeir bændur segi eg, hafi skýlausan rètt til, að fá upp tekna aptur alla þá fornu þingstaði, þar þeir hafa nú samhuga óskað þess, og það ekki einu sinni, heldur tvisvar; því þegar stjórnarherrann ekki tók gilda bæn hreppstjóranna, þá óskuðu allir bændur hins sama í einu hljóði. Þetta vona eg þingið taki til nákvæmrar yfirvegunar, áður en til atkvæða er geingið.

Hvað Þingvallahreppinn áhrærir, er, eins og eg sagði fyr, nokkuð öðru máli að gegna, einkum að því leyti, að þar hefur ekki, svo menn til viti, verið haldið manntalsþing, þó það sè næsta óliklegt, að svo hafi *altíð* verið, því þingstaður var þar þó í fyllstu merkingu, og ekki á illa við, að þingstaður sè á Þingvöllum. Þó þetta undanfarna þingstaðarleysi ætti nú að veikja rètt hreppsbúa til, að fá þingstað heima hjá sèr, þá finnst mèr önnur ástæðan komi þar í móti, sem yfirgnæfir þessa, og yfirvinnur hana, og það er sú afskekkta staða hreppsins, og þar af fljótandi erviðleiki bænda, að sækja manntalsþing austur að Stóru-Borg, sem eg má fullyrða að er frá sumum bæjum hreppsins fullkomin dagleið með áburðarhesta.

Hinn heiðraði varaforseti til færði við undirbúningsumræðuna þá mótbáru gegn bænheyrslunni, að Þingvallahreppur og Grafningurinn væru báðir 1 hreppur, og það væri því ekki heill hreppur, sem biður nú um þingstað. Þetta er að vísu satt, að þessir 2 fornu hreppar hafa loðað saman mót vilja sjálfra sín um rúm 20 ár. Hvernig samteinging þeirra hefur háttað verið, get eg ekkert með vissu sagt, en sá maður er hèr á þingi, sem getur skýrt frá, hver orsök verið hefur til sameiningarinnar, og með hversu sterku bandi hún hefur knýtt verið. Hitt veit eg, að fyrst eptir sameining hreppa þessara var einúngis 1 hreppstjóri nokkur ár fyrst, enda voru báðir hrepparnir til samans ekki fjölbyggðari en aðrir þeir hreppar, hvar einn er hreppstjóri; nú aptur nokkur ár hafa þar verið 2 hreppstjórar, og er líklegt það hafi komið af umkvörtun bænda, því þeir hafi ekki haft not af hreppstjóranum, sem voru fyrir sunnan vatnið, ef hann var fyrir norðan það, og aptur hið gagnstæða, væri hann í Grafningnum. Þetta má hinn háttvirti konúngsfulltrúi bezt vita, því hreppstjóranum hefur verið bætt við á þeim tíma, er hann var sýslumaður í Árnessýslu. Sameining hreppanna er óeðlileg, enda vilja þeir ekki saman vera. Það er einúngis hinn forni Þingvallahreppur, sem biður um þingstað, og hann ætti að fá bænheyrslu. Grafningsmenn biðja líklega aldrei um þingstað, en þó þeir skyldu gjöra það, þá er ekki óvinnandi verk fyrir sýslumanninn, að halda hjá þeim manntalsþing líka.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg, sem minni hluti nefndarinnar, er öldúngis samþykkur meiri hlutanum um 1. og 3. tölulið á atkvæðaskránni, en þar á móti alveg móti 2. tölulið, því hèr er að eins komin fram bæn frá helmíngi hreppsins; því Þingvalla-

sveit og Grafníngur til samans heita *Þingvallahreppur*. Mèr finnst þessi stafliður því alls ekki eiga hèr við. Hvað því viðvíkur, sem framsögumaður minntist á, hvernig sameiníngin skeði, þá finn eg ekki neina ástæðu til, að skýra frá því hèr. Sameiníngin varð í minni sýslumannstíð í Árnessýslu, og þá gjörð af góðum ástæðum. Gekk það mál þá til amtmanns, og svo að ætlun minni til viðkomandi stjórnarráðs. Ef að sveitir þessar vilja skiljast að, sem hèr er eingin önnur sönnun komin fyrir, en sögusögn framsögumanns, sem eg vil þó í eingu reingja, þá ætla eg, að þær verði að gánga sama veg með það, eins og gjört var með sameiníngunа. Fleira ætla eg ekki að tala um mál þetta, því þíngið er sjálfrátt að gjöra í því, hvað það vill.

Framsögumaður: Mèr þykir það líklegt, að á skjölum og skýrslum sè nafnið „*Þingvallahreppur*“ látið gilda um báða hreppana, nú sem stendur; eingu að síður hefur „*Grafníngsnafnið*“ þó haldizt við í daglegu máli, og mun altíð haldast. Grafníngurinn getur aldrei kallazt Þíngvallahreppur í eðlilegum skilníngi. Eg sè einga hættu búna, þó 2. töluliður sè borinn fram; annaðhvort að skiljast hrepparnir eða hánga saman, en hvort sem er, geta Grafníngsmenn sótt manntalsþíng hvort heldur þeir vilja að Stóru-Borg eða Bakkarholti, því það yrði þeim víst eptir látið, og það eykur eingan erviðleika, frá því sem verið hefur, hvorki sýslumanni nè öðrum.

Á. Einarsson: Eg vil að vísu ekki leggja á móti bæn Þíngvellínga í þessu máli, en þó finnst mèr einni ástæðu gegn henni vera gleymt enn, en það er það, að eg veit ekki, hvernig stjórnin kann að taka í það, ef þessu atriði verður skotið inn í frumvarpið; því það er öldúngis nýtt atriði. Eg get vel ímyndað mèr, að þó stjórnin hefði viljað samþykkja hitt annað, sem í því er, kunni hún einmitt fyrir þetta atriði að fresta því, og leggja uppástúnguna um Þíngvallahreppinn fyrir næsta alþíngi, (þar eð svo litlar upplýsíngar eru komnar um það mál frá nokkrum hlutaðeigendum), eptir að hún er búin að leita þeirra upplýsínga og tillaga, sem henni þætti þurfa frá sýslumanni og amtmanni. Þetta gæti þá frestað málinu mikið, og tafið fyrir bænheyrslu hinna hreppanna.

H. Stephensen: Við undirbúníngsumræðu máls þessa gat eg þess, að eg væri svo ókunnugur kríngumstæðum öllum viðvíkjandi því, sem Þíngvellíngar fara fram á í bæn þeirri, sem hèr er orðin að umtalsefni, að eg gæti ekki mælt svo um það,

sem eg vildi. Nú er eg orðinn þessu nokkru kunnugri síðan, en eg er þó á sama máli og áður, að það sè ógjörandi fyrir þingið, að bera þessa bæn fram fyrir konúng; því hver getur vitað, nema Þingvallasveit sendi næsta alþingi bæn um, að mega verða hreppur út af fyrir sig, sem enn er ekki orðið, og þá virðist mèr það undarlegt, að þingið skuli nú biðja um þingstað fyrir hrepp, sem seinna kemur með bænarskrá um, að verða hreppur; það er með öðrum orðum, biðja um þingstað handa hrepp, sem ekki er til. En það er sannarlega víst, að hvert fèlag á það skilið, að eiga hús handa sèr, bæði til ýmislegra nauðsynlegra fundarhalda og þinghalda, og eg skyldi ekki mæla móti bæn Þingvellinga núna, ef þeir hefðu feingið hreppsrèttindi, en eins og á stendur, skil eg alls ekki, að þingið geti gefið bæninni nokkurn gaum.

Framsögumaður: Hvernig sèrhver hinna heiðruðu þingmanna lítur á þetta mál, verður að fara sem auðið er, en hvað því viðvíkur, sem hinn heiðraði fulltrúi Strandasýslu nú mælti, að nokkuð nýtt kæmi inn í konúngsfrumvarpið, ef Þingvallahrepp væri blandað í málið, þá verð eg að geta þess, að Þingvallahreppurinn, þó hann kæmist þar að, er ekki meira nýmæli en annað, sem bætt verður inn í það, eptir uppástúngu nefndarinnar, því t. a. m. Skeiða- og Gnúpverja-hreppar, og þeirra fornu þingstaðir, eru ekki nefndir í konúnglega frumvarpinu; nöfn þeirra sjást einúngis í ástæðum frumvarpsins, svo þessi ástæða virðist mèr ekkert gjöra til, hvað Þingvallahreppinn snertir. Eg hef eingan mann beðið um, að greiða atkvæði máli þessu í hag; það er því einúngis komið undir sannfæringu þingmanna, hvernig því reiðir af, eða hver úrslit það fær.

J. Kristjánsson: Áður en atkvæði eru greidd í þessu málefni (um fjölgun þingstaða í Árnessýslu), hefði mèr verið kært, að heyra skoðun eður álit einhvers hinna lögfróðu manna á því, hvort það gæti ekki eins hugsazt, að 2 þingstaðir, hvar sýslumaður kallar tekjur sínar, væru innan endimarka sama sveitarfèlags, eins og hitt, að mörg sveitarfèlög eður hreppar eigi einn og sama þingstaðinn. Eg minnist á þetta í tilliti til Þingvallasóknarinnar, sem mèr finnst hafi mikið sèr til meðmælis í því, að hún mætti fá sèrstakan þingstað, en eg get ekki verið að byggja á hinu, að þessi sókn seinna biðji og öðlist, að verða hreppur, eða sveitarfèlag út af fyrir sig. Í því tilliti hef eg þá skoðun yfir höfuð, að það þurfi að vera byggt á fyllstu ástæð-

um, ef menn minka sveitarfèlög; því þó eitt sveitarfèlag t. a. m. hafi velmegun, sem menn kalla, þá er það samt í augum uppi, að eitt mikið óhapp, sem að getur borið, verður því, ef til vill, of þúngt eða óbærilegt, ef það er lítið.

P. Pètursson: Með tilliti til þess, sem hinn heiðraði framsögumaður nýlega sagði viðvíkjandi því, er þingmaðurinn frá Strandasýslu tók fram, að atriðið um þingstaðinn á Þingvöllum væri ný viðbót inn í frumvarpið, með tilliti, segi eg, til þess, sem framsögumaður sagði, að fleiru nýju væri bætt inn í það, þá leyfi eg mèr að geta þess, að það stendur allt öðruvísi á með hina þingstaðina, sem komnir eru inn í stjórnarfrumvarpið. Þeir styðjast við forn rèttindi til þingstaða, en það gjöra Þingvellir ekki, svo það eru í allt öðrum skilníngi nýjar viðbætur um þingstaði áminnstra hreppa, en um þingstaðinn á Þingvöllum.

J. Guðmundsson: Mèr finnst þó Þingvallahreppur hafa rètt til þess, að breytíng þessi, sem innbúar hans vilja gjöra, verði tekin til greina af þínginu, og borin undir atkvæði. Það er auðvitað, að fyrst sameiníngin er ekki mjög gömul, þá hefur Þingvallasveit, sem nú er, áður verið kölluð Þingvallahreppur, en eptir það sameiníngin fór fram, var þetta auðkennt með því, að kallað var *Þingvalla-* og *Grafnings-hreppur*, og man eg eptir, að eg hef sèð það á opinberum skjölum, víst einni, ef ekki fleirum landfógetakvittunum, sem heyrðu til þessum sameinaða hrepp. Mèr virðist nú, að, þó Þingvellíngar feingju þingstað hjá sèr, þá sèu Grafníngsmenn ekkert bundnir við, að sækja þann þingstað með þeim, fremur en þeir vilja. Hreppaþíng hefðu hvorirtveggja saman, svo leingi þeir skildust ekki að, en manntalsþíng gætu þá Grafníngsmenn sótt þángað, sem þeim þætti sèr eptir kríngumstæðunum hægast, og eptir samkomulagi við sýslumann, t. d. að Bakkarholti í Ölvesi. Eg get því ekki í þetta sinn verið á máli hins heiðraða varaforseta, því mèr finnst, að Þingvellíngar geti allt eins farið sinni bæn fram fyrir það, þó þeir sèu ekki búnir að fá aðskilnaðinn frá Grafníngsmönnum, og eg held einnig, eins og hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður sagði nýlega, að bænarskrá um það geingi aldrei til alþíngis, heldur til valdstjórnarmannanna. Eg sè því ekkert á móti því, að þingið flytji bænina nú þegar fyrir konúng.

St. Jónsson: Það mega allir geta því nærri, að mèr ekki geingur annað til, að tala fyrir þessari bæn Þingvallahrepps-

manna, en að eg álít það skyldu, að stuðla til hagsmuna bænda í því, sem sanngjarnt er, svo að þeir ekki þurfi að missa tíma frá störfum sínum án gildrar ástæðu, og mèr sýnist mikill munur á, hvort að bændur, þó þeir aldrei sèu nema 12 eða 14, missi 3 daga hver til þingferðar, eða sýslumaður, hver sem hann er, og hver sem hann verður, missi eina 3 daga til þinghalds á þessum stað, og þá þurfi bændur ekki að missa nema 1 dag. Og það er enn sem fyrri, að eg held Grafningsmenn og sýslumaður geti komið sèr saman um, á hverjum þingstað þeir skila honum gjöldum sínum, ef aðskilnaður ekki verður á þeim frá Þingvallahreppi. Að því leyti, sem það hefur verið sagt, að þetta ætti ekki við, þá get eg ekki sèð, að það sè sá formgalli, sem þurfi að verða málinu til hindrunar, því eg held, að opt sè aukið greinum og atriðum inn í konúngsfrumvörpin, og seinast var það um fátækra-hlutinn nú fyrir fáum dögum.

P. Sigurðsson: Eg verð nú að láta þá meiníngu mína í ljósi, að, vilji þingið á annað borð hlynna að Þingvöllum, þá sè eg ekki, að sá formgalli á þessari aðferð með bænina um þingstaðinn sè, að hann þurfi að standa þeim í ljósi. Hafi Grafnings hreppur og Þingvalla verið saman lagðir, og ekki leingra farið en til þáverandi sýslumanns með þá ráðstöfun, þá ætti ekki að þurfa að sækja leingra um aðskilnaðinn aptur, og þó þess þætti þurfa, þá gæti það varla orðið að neinu tjóni í þessu efni. Eg held, að mál þetta sè orðið öllum svo augljóst, að það sè eingin sèrleg hætta fyrir þingið, þó það aðhyllist bæn Þingvellínga.

G. Brandsson: Hinn 5. konúngkjörni þingmaður talaði áðan um það, að hreppar þeir í Árnessýslu, sem getið er um í stjórnarfrumvarpinu og ástæðum þess, hefðu forn rèttindi til þess, að þar væru þingstaðir, en þar á móti sagði hann, að Þingvallahrepp vantaði þessi rèttindi, en eg veit, að honum er það þó kunnugt, ekki síður en mèr, að eins og fornir þingstaðir hafa verið lagðir niður hingað og þángað, þannig hafa nýir verið teknir upp, hvar þeir voru ekki áður. Svona hefur það geingið til hèrna í Gullbríngusýslu. Áður voru þingstaðir á Kálfatjörn í Strandarhreppi, Býjaskerjum í Rosmhvalaneshreppi, og Járngerðarstöðum í Grindavíkurhreppi; nú eru allir þessir þingstaðir lagðir niður, en innbúar hreppa þessara sækja þing að Innri-Njarðvík, hvar áður hafði þó einginn þingstaður verið. Hvernin menn hafa unað þessari breytíngu, tala eg ekki um

að þessu sinni, því það kemur ekki máli því við, sem nú er verið að ræða um. Menn hafa talað um, að það jyki sýslumanninum í Árnessýslu örðugleika, að verða að halda þing í Þingvallahrepp, en mèr finnst, að meira beri að líta á óhægð og erviðleika þá, sem hreppsbúum þessum eru bakaðir með því, að verða að sækja þing lángar leiðir yfir í annan hrepp, heldur en ómak það, sem sýslumaðurinn þarf að hafa fyrir því, að heimta saman tekjur sínar, því þó hann eigi að koma á einn stað í hverjum hreppi sýslunnar til þess, þá get eg fyrir mitt leyti ekki vorkennt honum það, meira en landsdrottnum mörgum hverjum, sem verða að heimta saman landskuldir af jörðum sínum, þó þær liggi víðs vegar um landið. Eg held líka það spilli eingu því, sem betur má fara, þó sýslumaðurinn komi einu sinni á hverju ári í sèrhvern hrepp í lögsagnarumdæmi hans; því fyrst er nú það, að margir geta átt við hann nauðsynjaerindi, eða hann við þá, sem þá fljótt geta orðið af greidd, og svo þykir mörgum eins konar vegur í, að sýslumaður þeirra heimsæki þá stöku sinnum. Það er líkt, eins og þegar góður prestur, sem vel kemur sèr við sóknarfólkið, fer að húsvitja, þá leitast allir við, að fagna honum sem bezt, og þykir ánægja í komu hans.

Það hefur verið sagt, að Þingvallasveitin hefði litla búandatölu, til að vera hreppur fyrir sig; en hægt held eg verði, að til greina nokkra hreppa, sem hafa hana minni; eg tek til dæmis Hafnahrepp í Gullbríngusýslu, þar eru hèr um bil 10 búendur; þar er að vísu ekkert þinghús, en þar er kirkja, sem þessir fáu búendur verða að halda við, og telja þeir það ekki eptir sèr, og svo gæti líka orðið með þinghús, ef þeim stæði það til boða. Eg held þess vegna, að Þingvallasveitarmönnum ætti ekki að vera það of gott, að hafa þingstað heima hjá sèr, þegar þeir vildu vinna það til, að byggja til þess nýtt þinghús, og halda því síðan við á eiginn kostnað.

E. Kúld: Mèr skilst ekki betur, en Grafníngur og Þingvallasveit séu einn hreppur til samans, og nú eru menn að tala um það, að bænarskráin um þingstaðinn sè að eins frá helmíngi hrepps þessa. Eg man svo lángt, að sumum mönnum hèr á þingi þótti ekki fyrir fáum dögum síðan mælandi með því um allt land, sem að eins fáar sýslur höfðu beðið um viðvíkjandi selnum í veiðilagamálinu (Hlátur), sem nú eru *mest* á því, að þetta geti feingizt, þó að ekki sè komin bæn um

það nema frá helmíngi hreppsins. Eg vil að mínu leyti annars ekki hlynna svo að Þíngvellíngum, að Grafníngsmenn hafi nokkurn baga við það, og eg veit, að sú er einnig meiníng nefndarinnar, og þess vegna vil eg ekki í þetta sinn mæla fram með þessari bæn Þíngvellinga, fyrri en maður veit fyrir víst, hvað Grafníngsbúar vilja.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Þar málið um þínghús á Þíngvöllum er komið svo lángt í þínginu, að það er orðið að breytíngaratkvæði, þá þykir mèr einhvern veginn ískyggilegt, að því væri nú hrundið, þar allir eru þó meðmæltir eðli hlutarins, að þínghús fáist á Þíngvöllum; því ef konúngur neitaði bæninni vegna þess, að sveitirnar væru ekki orðnar að skildar, þá gjöri eg ráð fyrir, að þær tækju sig nú upp, og feingju sig að skildar, og Þíngvallasveitarbúar beiddu svo aptur um þínghús á Þíngvöllum, og þá ætti alþíngi hægra með, að samþykkja það aptur, heldur en hefði það af stúngið það nú, og þyrfti þá ekki að verða sjálfu sèr ósamkvæmt.

Forseti: Þar eð nú taka ekki fleiri til máls, skal eg biðja menn að greiða atkvæði í málinu.

Síðan voru atkvæði greidd, og fèllu þau þannig:

Töluliðurinn 1, uppástúnga meiri hluta nefndarinnar: samþykktur í einu hljóði.

Töluliðurinn 2, uppástúnga hins sama: felldur með 13 gegn 7 atkvæðum.

Töluliðurinn 3, uppástúnga hins sama: samþykktur í einu hljóði.

Frumvarpið, lagað eptir hinum samþykktu breytíngum:

„Í Árnessýslu skal taka upp aptur hina fornu þíngstaði í eptirfylgjandi hreppum: á Nesi fyrir Selvogs- hrepp, Stokkseyri fyrir Stokkseyrar- hrepp, í Gaulverjabæ fyrir Gaulverjabæjar- hrepp, Stóru- Sandvík fyrir Sandvíkur- hrepp, Vælugerði fyrir Villíngaholts- hrepp, Hraungerði fyrir Hraungerðis- hrepp, á Húsatóptum fyrir Skeiða- hrepp, og á Stóra- Núpi fyrir Gnúpverja- hrepp".

„Hreppsbúar í hverjum þessara hreppa eru skyldir til, eptir fyrirmælum sýslumanns, að byggja ný þínghús, svo væn og rúmgóð, að ekki verði að fundið", samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Af því nú er ekki meira til að taka fyrir í þetta sinn, skal eg ákveða fund aptur á morgun kl. 12, og verða þá

hússtjórnarmálið og búnaðarskólamálið tekin til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Fundi slitið.

---

23. júlí — nítjándi fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Skaptfellinga, lögfræðingur J. Guðmundsson, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni er nú fyrst, að taka hússtjórnarmálið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Í þessu máli voru komin eptirfylgjandi breytingar- og viðauka - atkvæði:

1. *St. Jónssonar*:
   að hjú skyldist ekki til, að eiga vitnisburðarbækur, fyr en þau eru 18 ára að aldri.
2. *G. Einarssonar*:
   að vitnisburðarbækur hjúa verði löggiltar af hlutaðeigandi sveitarstjórn.
3. *H. Stephensens*:
   að húsbóndi hver gefi vitnisburð hjúi sínu með vitorði sóknarprests síns, sem með honum undirskrifi í vitnisburðarbókinni.
4. *Ó. Sivertsens*:
   að prestar fái ætíð til yfirskoðunar vitnisburðarbækur hjúa þeirra, sem koma inn í prestakallið, og eins að sjá vitnisburði þá, sem hjúin fá, þau er burtu fara úr kallinu.
5. *J.* hreppst. *Sigurðssonar*:
   að í vitnisburðarbókinni láti húsbændur fylgja vitnisburðinum kaupgjalds-ákvörðun þeirra, og afgreiðslureikning þess.

Forseti: Eg hef látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, og vona eg, að þingmenn hafi feingið hana.

Atkvæðaskrá

í

hússtjórnarmálinu.

1. Uppástúnga *nefndarinnar:* Að alþingi riti konúnginum þegnlega bænarskrá um, að hann, svo fljótt sem verður, leggi fyrir alþingi frumvarp til nýrra laga um innbyrðis skyldur

og rèttindi húsbænda og hjúa hèr á landi, um þurrabúðarmenn og lausamenn.

2. Að í þessu lagaboði verði meðal annars ákveðið:
   a) að hver konfirmeraður maður, undir eins og hann fer í vist, og hvert hjú, sem er í vist, innan viss tiltekins tíma, eptir að tilskipunin er birt almenníngi, sèu skyld til, að hafa vitnisburðarbók, löggilta af hlutaðeigandi sýslumanni, sem húsbændur skuli skrifa í vitnisburð um hegðun og þjónustu hjúanna.
   b) að sú grundvallarregla verði ítrekuð í tilliti til lausamanna, að allir sèu skyldir, að fara í vist, nema þeir sèu búandi, eða hafi annan lögmætan atvinnuveg, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem nauðsynlegar þættu, og að fèbætur komi í stað þeirra þvíngunarmeðala, sem beitt hefur verið, til að koma í veg fyrir lausamennsku.
   c) að í tilliti til þurrabúðarmanna verði þær reglur, sem um þá eru gjörðar í konúngsbrèfi 21. júlí 1808, og reglug. 8. janúar 1834, VII., 21, lagaðar og ányjaðar.

Breytíngaratkvæði við 2*a* (sem koma undir atkvæði *á undan* greininni 2*a*):

1. *Stefáns Jónssonar*: að hjú skyldist ekki til, að eiga vitnisburðarbækur, fyr en þau eru 18 ára að aldri.

2. *G. Einarssonar*: að vitnisburðarbækur hjúa verði löggiltar af hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Viðauka- atkvæði við 2*a* (sem koma undir atkvæði *á eptir* greininni 2*a*):

1. *H. Stephensens* (samþykkt af nefndinni): að húsbóndi hver gefi vitnisburð hjúi sínu með vitorði sóknarprests síns, sem með honum undirskrifi í vitnisburðarbókinni.

2. *Ó Sivertsens*: að prestar fái ætíð til yfirskoðunar vitnisburðarbækur hjúa þeirra, sem koma inn í prestakallið, og eins að sjá vitnisburði þá, sem hjúin fá, þau er burtu fara úr kallinu.

3. *J.* hreppst. *Sigurðssonar*: að húsbændur riti í vitnisburðarbókina kaupgjalds-samninga við hjúin og afgreiðslu þess reiknings.

Framsögumaður: Eptir atkvæðaskránni eru við þetta

nefndarálit komin 5 breytingaratkvæði, eða 2 breytingaratkvæði og 3 viðauka-atkvæði, og skal eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um hvert þeirra sèr í lagi. Það er þá fyrst breytingaratkvæði þingmannsins úr Eyjafjarðarsýslu undir tölulið 1, „að hjú skyldist ekki til, að eiga vitnisburðarbækur, fyr en þau eru 18 ára að aldri“. Eins og þetta breytingaratkvæði liggur fyrir, sè eg ekki, hvernig það getur komið til atkvæðagreiðslu á undan 2*a*, því verði það svona samþykkt af þinginu, þá fellur nefndarinnar grein 2*a*, en þá verður engin meining í því, að beiðast þess einúngis, að hjú skyldist ekki til, að eiga vitnisburðarbækur, fyr en þau eru 18 ára að aldri, því þar með er ekki beðið um, að þau skuli skyldast til þessa, þegar þau eru 18 ára. Breytingaratkvæði þetta hefði því átt að bera svoleiðis upp: „að hver konfirmeraður maður, þegar hann fer í vist og er 18 ára“, o. s. frv., eins og stendur í nefndarálitinu — (*Forseti*: Eg skal leyfa mèr að benda hinum háttvirta framsögumanni að því, að eg sè ekki, að form breytingar-atkvæðisins sè því neitt í vegi; því þó það sè í nokkuð lausu sambandi við uppástúngu nefndarinnar orðrètt tekna, þá virðist það vera nóg, eptir því sem hèr stendur á, þegar aðalatriði þess á við aðalatriði greinarinnar, sem það á að teingjast við —. (*St. Jónsson*: Af því það er ekki borið upp við frumvarp) —. Það er gott, að maður veit þessa reglu, því þá þarf ekki að tala meira um þetta, og eg er á því líka, að forseti hafi ekki getað sett það öðruvísi á atkvæðaskrána, en hann hefur gjört. *Hvað 18 ára aldurinn sjálfan snertir*, þá játaði nefndin, að í þessu tilliti mætti telja honum nokkuð til gildis, en henni þóttu þó ekki vera yfirgnæfandi ástæður til þess, að breyta því, sem hún hafði farið fram á, að hver konfirmeraður maður skyldi, undir eins og hann fer í vist, eignast vitnisburðarbók; því það má ekki konfirmera neinn, fyr en hann er fullra 14 ára, svo það eru ekki líkindi til, að nokkur konfirmeraður hafi vistaskipti, fyr en hann er 15 ára, en 15 ára aldurinn er „*kriminel*“ eða sakamanna lögaldur. Það var hèr við undirbúningsumræðuna tekið fram, hve ísjárvert það gæti orðið fyrir siðferði únglinganna, að vera vitnisburðarbókarlaus 3 eða 4 ár eptir fermingu, og skal eg því ekki tala framar um það að sinni.

Þá kemur það breytingaratkvæði við 2*a*, „að vitnisburðarbækur hjúa verði löggiltar af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Þetta gat nefndin ekki fallizt á, því henni þótti lángtum meiri trygg-

ing í, að þær væru löggiltar af sýslumanni. Því næst koma *viðauka-atkvæðin*. Viðauka-atkvæði hins háttvirta varaforseta fèllst nefndin á, því hún sá, hvílíkt aðhald það var fyrir húsbændurna, að gefa sanna og áreiðanlega vitnisburði, ef sóknarpresturinn var í vitorði með, og ritaði nafn sitt ásamt þeim í vitnisburðarbækurnar. Þar að auki bætir þetta að fullu og öllu úr þeim vandkvæðum, sem talað hefur verið um, að allir húsbændur væru ekki skrifandi, því þá getur presturinn hjálpað húsbóndanum, með að skrifa fyrir hann í bókina, og það mun hver prestur gjarnan gjöra. Hvað viðauka-atkvæðið nr. 2 snertir, þá þótti nefndinni það of óákveðið. Þar að auki hèlt nefndin, að presturinn mundi geta feingið að sjá vitnisburðarbækur þeirra hjúa, sem koma inn í sókn hans, um leið og hann sæi prestsseðil þeirra, og eins þeirra, sem burtu færu, þegar hann gæfi þeim prestsseðil, og yfir höfuð mundi hann fá færi á þessu við húsvitjanir, þó það væri ekki með sèrstaklegu lagaboði ákveðið. Þetta viðauka-atkvæði varð og óþarft, þegar nefndin fèllst á hið fyrra; það vantaði þann kost, sem hið fyrra hafði, að vera aðhald fyrir húsbændur, til að gefa áreiðanlega vitnisburði. Um viðauka-atkvæðið nr. 3 ætla eg ekki að sinni að tala, því við undirbúningsumræðuna var svo mikið um það sagt.

St. Jónsson: Eg ætla ekki þörf á, að minnast á formið á breytingaratkvæði mínu, því eg álít það úttalað og viðtekið, að það komist að, eins og eg held rètt sè. Eg gef það að sönnu eptir, að það ríði ekki á svo miklu í raun og veru, hvort maðurinn er heldur 14 eða 18 ára, þegar hann tekur vitnisburðarbókina, enda má hann það líka, ef hann vill, eptir breytingaratkvæði mínu. En það finnst mèr þó, að, þegar 14 ára gamall únglingur fer, undir eins og búið er að staðfesta hann, í vist, þá verði honum ekki gefinn vitnisburður nema fyrir barndómsárin, nefnil. áður hann er 14 ára, en árin frá 14. til 18. árs eru þó gjálífis- og æsku-skeið únglingsins, og þá getur honum orðið það eitthvað á, sem hann kann að muna eptir alla æfi sína, og ætíð forðast það an af, og sem þó er í sjálfu sèr ekki mjög mikilvægt, og væri þá óþægilegt, að hafa slíkt ritað í vitnisburðarbók sinni, sem ætti að fylgja manni alla æfi. En ef að hann kæmist undir manna-hendur fyrir það, þá verður það nógu bert, þó það ekki standi í sèrstakri bók. En únglingurinn tekur sèr opt fram eptir 18. ár; þá fara flestir að setjast og hugsa meira fram

á lífsskeiðið; en taki hann sèr ekki fram, þá kemur það í vitnisburðarbækurnar eptir 18 árin. En eg skal ekki mæla meira fram með þessu, því það greiðir svo hver maður atkvæði sín eptir beztu sannfæringu, hvað sem eg segi. En hvað viðvíkur viðauka-atkvæði hins háttvirta varaforseta, þá held eg, að, þó það hafi nokkra kosti, þá olli það opt og tíðum bæði prestinum og bóndanum töluverðra umsvifa og mæðu; og eg veit varla, hvernig prestur á að komast yfir, að gegna þessu, ef til vill, í fjölmennum söfnuði, þar sem eru einar 2, 3 eða 4 sóknir, og það ber allt að sömu dagana, sem húsbændur allra úr sóknunum, sem burtu fara, skyldu flykkjast heim til prests, að láta hann undirskrifa vitnisburð hjúanna, og sumir bændur þyrftu má ske yfir sjó að sækja, og yrði þetta, ef til vill, ómögulegt, auk þess að þeir hafa opt nóg að starfa, sem ekki verður hjá komizt. Eg vil að vísu ekki mótmæla þessu viðauka-atkvæði með öllu, heldur að eins vekja athygli þingmanna á því.

J. Kristjánsson: Það getur ekki verið tilgángur minn, að forsvara aðgjörðir nefndarinnar í þessu máli. En það verð eg þó að játa, að eg kann ekki við 1. breytíngaratkvæðið, því eg get ekki fellt mig við, að neitt bil sè á milli þess, að maðurinn er hátíðlega innvígður í verkahríng borgaralegs fèlags, þángað til hann fer að fá vitnisburði þess fyrir hegðun sína og framferði. Viðvíkjandi hinu 2. breytíngaratkvæði má eg geta þess, að eg kann ekki heldur við það, að sveitastjórnin, sem ekki er talin alveg meðal embættismannanna, löggildi bækurnar. 1. viðauka-atkvæðið finnst mèr lýsa nokkurs konar tortryggni við húsbændur, ef prestarnir eiga að vera eins og til að passa upp á þá við vitnisburðargjöfina. Auk þessa er það auðsèð, að þetta getur orðið mjög óþægilegt, bæði fyrir prest og bónda. Ef að nú presturinn skyldi nærri því neyðast til, að skrifa undir vitnisburð, sem hann er í huga sínum sannfærður um að eigi sè rèttur, þá veit eg ekki, hvað honum getur orðið óþægilegra. Og þó þetta viðauka-atkvæði hafi án efa sína kosti, þá get eg ekki gefið því mitt atkvæði. En hinu 2. viðauka-atkvæði get eg að sumu leyti gefið atkvæði mitt; þó er það auðvitað, að presturinn og sálusorgarinn eingan veginn má binda samvizkusaman vitnisburð hjúa, t. a. m. í húsvitjunarbók sinni, við þessar vitnisburðarbækur eingaungu.

G. Brandsson: Mèr finnst ekki betur, en að hinn háttvirti þingmaður Eyjafjarðarsýslu misskilji að nokkru leyti nefndar-

uppástúnguna, þar sem hann er að tala um 14 ára aldurinn. Nefndin hefur einúngis tekið það fram, að hver konfirmeraður maður, undir eins og hann fer í vist, og hvert hjú, sem er í vist, sèu skyld til, að hafa vitnisburðarbók. Nú vita menn, að börn verða opt eldri en 14 ára, áður þau eru konfirmeruð; eg veit dæmi til, að sum þeirra hafa þá verið 18 vetra gömul, og þegar svona er ástatt, þá getur breytíngaratkvæði hans og nefndaruppástúngan fallizt í faðma. Það er líka alltítt, að börn fara ekki strax í vistir frá foreldrum sínum, og þurfa þau þá ekki vitnisburðarbókanna með, strax sem þau eru konfirmeruð, en þó nú svo yrði, að þau þyrftu þeirra, þá held eg eingu góðu þar með spillt. Í Danmörku heyri eg sagt að það sè lögbodið, að prestar gefi börnum vitnisburði um hegðun þeirra allt fram að konfirmatión, og sjá menn á því, að þar er strángara geingið eptir þessu, en hèr er farið fram á. Að únglíngar þess vegna þyrftu að líða þann hnekki á mannorði þeirra, sem þeir hlytu að bera með sèr alla æfi síðan, það óttast eg ekki, því vitnisburðurinn er ætlaður til að halda hinum miður velsiðaða frá því, sem illt er, til að uppörfa þann til góðs, sem betri er.

Hvað hinu öðru breytíngaratkvæði viðvíkur, sem stíngur upp á því, að vitnisburðarbækurnar verði löggiltar af hlutaðeigandi sveitarstjórn, þá þarf eg því síður að fara þar um mörgum orðum, sem sá háttvirti framsögumaður hefur sýnt fram á nokkra galla, sem það með sèr bæri. Eg er sömu meiníngar enn, sem eg var við undirbúníngsumræðu þessa máls, þeirrar sumsè, að þær ættu að löggildast af hlutaðeigandi yfirvaldi, en að hreppstjórar fyrir sveit hverja ættu að útvega svo margar, sem þeim þætti þurfa, og út býta þeim síðan með sanngjörnu verði. Um nytsemi bóka þessara í sakamálum, og þegar grennslazt yrði eptir, hvar sá eða sá hefði áunnið sèr framfærisrètt, hef eg áður talað, og fer þess vegna ekki að ítreka það.

Um viðauka-atkvæði varaforsetans þarf eg því síður að vera margorður, sem nefndin hefur nú þegar samþykkt það, og framsögumaður hefur einnig talið því margt til gildis; annars skil eg ekki í, hvers vegna sumir vilja hafa á móti þessu, og álíta, að það sè jafnvel eins konar niðrun fyrir húsbændurna, að þurfa að bera sig saman við sóknarprestinn um þetta. Nú er prestunum gjört að skyldu, að skrifa vitnisburði hjúanna í húsvitjunarbækurnar, en þeir munu geta það því að eins, svo í lagi sè, að þeir leiti þeirra hjá húsbændunum, og þegar nú hús-

bændurnir ættu að gefa hjúum vitnisburði, þegar þau hefðu vistaskipti, og það ætti að ske í viðveru prestsins, og nafn hans ásamt húsbóndans ætti að standa þar undir, þá væru vitnisburðir þeir, sem presturinn hefði í húsvitjunarbókinni, einmitt aðhald fyrir húsbóndann, að segja það sama í vitnisburðarbókinni, sem hann hafði áður sagt prestinum um hjúið, og held eg, að með þessari tilhögun yrði meiri samhljóðun í vitnisburðunum yfir höfuð að tala. Ef að nú þetta viðauka-atkvæði feingi framgáng, þá álít eg hið annað viðauka-atkvæði miður nauðsynlegt, einkum seinni hluta þess, en að öðru leyti eru bæði nokkuð líkrar meiníngar.

Hvað viðvíkur hinu þriðja viðauka-atkvæði, sem er þess innihalds, að húsbændur riti í vitnisburðarbókina kaupgjaldssamninga við hjúin og afgreiðslu þess reiknings, þá játa eg fúslega, að þeir, sem sömdu og sendu hingað bænarskrá um þetta efni, hafa gjört það í góðum tilgángi; þeim hefur líkast til sviðið sárt, að sjá það, hversu sumum hjúum varð lítið eða ekkert úr álitlegu kaupi, og á hinn bóginn, að sumir húsbændur höfðu ómaklega af hjúum sínum. En þó hvorttveggja þetta geti átt sèr stað, þá finnst mèr þó uppástúnga þessi grípa svo djúpt inn í rèttindi og samníng einstakra manna, að hún þess vegna eigi ekki alls kostar vel við; það væri nokkuð líkt, og ef húsbændur ættu að fara að sýna hreppstjórum kaupstaðar-reikníng sína, svo þeir gætu þar af sèð, hversu vel eða illa þeir hefðu spilað efnum sínum, og get eg til, að það yrði harðla óvinsælt.

Það var talað um það við undirbúníngsumræðu þessa máls, hverjir ættu að borga vitnisburðarbækur þær, sem ný-konfirmeraðir únglíngar ættu að hafa. Eg held þar yrðu nú eingin vandræði úr; foreldrar mundu líklega borga þær fyrir börn sín, sem þá færu frá þeim vistferlum, hreppstjórar eða sveitin fyrir hreppsómaga, og svaramenn únglínga fyrir þá; annars held eg megi geyma nákvæmari umræður um þetta, þángað til frumvarp það kemur, sem menn vona eptir í þessu máli.

Framsögumaður: Eg vil að eins bæta því við það, sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu nú mælti viðvíkjandi orðum þíngmannsins úr Eyjafjarðarsýslu, að nefndin hefur að sínu leyti fallizt á 1. viðauka-atkvæðið. Ef að nú presturinn er skynsamur maður og gætinn, eins og nefndin verður að gjöra ráð fyrir, þá má og gjöra ráð fyrir, að hann stígi yfir þá æskubresti og barnabrek, sem þíngmaðurinn var svo hræddur við að yrðu bókuð; og þó það yrði ekki, þá yrðu vitnisburðarbækurnar án efa ekki stærri

en 2 eða 3 arkir, og þá entust þær ekki svo mjög leingi, að minníng hinna fyrstu vitnisburða mundi ekki bráðum gleymast, og hætta að hafa nokkur ógeðfeld áhrif á hinn fullorðna mann.

G. Einarsson: Eg vil leyfa mèr að tala fáein orð viðvíkjandi breytíngaratkvæði því, er eg hef borið upp í máli þessu, enda þótt eg þykist nú þegar heyra í orði, að það muni ekki eiga að verða lánglíft. Eg tek það þá fyrst fram, að það aukast miklir erviðleikar á við það fyrir hjúin, ef þau geta ekki feingið vitnisburðarbækurnar, nema þær sèu löggiltar af sýslumanni. Það er kunnugt, hvílík vegaleingd er til sýslumanns úr sýslunum víða hvar, svo það er ekki auðhlaupið á, að ná þaðan bók, þegar hver vill; þar að auki gjöra annir sýslumannanna og aðrar kríngumstæður það einatt að verkum, að þeir eru ekki altènd viðlátnir að gegna. Svo er mèr spurn, hvort hjúið eigi að skyldast til, að borga þá fyrirhöfn og kostnað, er af því leiðir, að það þarf að nálgast bókina sem fyrst, og yrði það, þá væri það töluverður ábætir. Mèr virðist það í alla staði rètt og sanngjarnt, að, þegar sú lagaskylda verður lögð á hjúin, að eiga vitnisburðarbækur, þá eigi að gjöra þeim sem hægast fyrir, sem kostur er á, að geta feingið þær. Nú segja menn, að hreppstjóri geti haft þær frá sýslumanni, og út býtt þeim, en sè það, þá verður að haga svo til, að eyða sè fyrir nafni þess, er bókina á að fá; en hafi nú hreppstjóri myndugleika til, að skrifa nafnið, þá sè eg ekki þau vandkvæði á því, að hann megi ekki gjöra hitt líka við bókina. Að öðru leyti get eg ekki skilið í, að prestar og hreppstjórar til samans standi það á baki prestanna einsamalla í Danmörku, að það sè ekki hættandi á, að trúa þeim fyrir því hèr, sem búið er að trúa hinum fyrir í 20 ár; því tilskip. af 5. sept. 1832, um innleiðslu vitnisburðarbókanna í Danmörku, segir svo fyrir, að prestar skuli löggilda þær upp til sveitanna. Hvað viðvíkur breytíngaratkvæði hins háttvirta varaforseta, þá virðist mèr, að það sè nokkuð ísjárvert; því eigi presturinn að skrifa undir með húsbóndanum, þá er annaðhvort, að húsbóndinn verður að hafa allan vandann, og prestsins nafn að verða þýðíngarlaust, eða presturinn að standa ábyrgðina, en húsbóndinn að vera laus við hana, eða þá báðir að ábyrgjast vitnisburðinn. Það er auðsèð, að hvert helzt atriðið sem menn skoða, þá getur það leitt til erviðleika, vasturs og vanda, við hvern prestar eiga að vera allsendis lausir. Eg fyrir mitt leyti álít það í alla staði æskilegt

og nægilegt, sem breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Barðstrendínga fer fram á, og undir eins nauðsynlegt fyrir prestinn, að hafa rètt til þess, að fá að sjá bækurnar. Hvað viðvíkur breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Eyjafjarðarsýslu, þá er eg því í alla staði samþykkur. Eg bið menn að gæta þess, að sannkristileg vorkunsemi með hinum únga krefst þessa; en þeir, sem vilja fá vitnisburðarbókina, undir eins og þeir ferndir fara í vist 14 ára, þeim er það í eingan máta bannað.

H. G. Thordersen: Af því eg við undirbúníng máls þessa hafði talað nokkur orð, verð eg í framhaldi við það, nú aptur að taka til máls. En áður en eg fer leingra, vil eg taka það fram, að eg er nefndinni öldúngis samþykkur í öðrum hennar uppástúngum, en að mig einúngis á greinir við hana í staflíðnum *a* undir nr. 2, út af vitnisburðarbókunum. Að vísu hef eg nú heyrt marga á þínginu mæla með þeim með mikilli alvöru, og gjöra furðu-mikið af því gagni fyrir allt landið, sem af þeim mundi leiða, bæði fyrir gott siðferði og fleira, og verð eg að játa, að meðal þessara hafa þeir ei verið fáir, að vel mætti sannfæríng mín í þessu efni hafa veikzt, þegar eg annars vegar lít til þeirrar virðíngar, sem eg ber fyrir dómum og áliti svo skynsamra manna; en þegar maður er kominn að einhverri sannfæríngu, tjáir samt ekki annað, en fara eptir henni, meðan menn ei fá skilníng á öðru rèttara. Hvað vitnisburðarbókunum yfir höfuð viðvíkur, þá efast eg mikið um, að þær geti borið svo mikla ávexti fyrir gott siðferði, sem ráð er fyrir gjört, því þær eru þó í eðli sínu einúngis útvortis meðal til þess, en í þessu efni kemur ekki svo mikið undir vitnisburðinum sjálfum, eins og þeim, sem vitnisburðinn gefur, að hann sè maður sannorður, og gefi sannan vitnisburð. En eg vil ei fara leingra út í þetta að sinni, og heldur binda mig við þær greinir, sem eg áður hef sett fram þíngmönnum til athuga, og var þá fyrst minnzt á hið ísjárverða, er mèr fannst vera í því, að gefa strax nýfermdu, opt 14 ára gömlu, barni vitnisburðarbók með sèr á lífsleiðina, og treysti eg því, að þótt vèr, sem nú sitjum hèr, sèum stilltir og settir í ráði voru, hafi þó einginn vor gleymt því, að hann hefur barn verið. Eg felli mig því vel við breytíngaratkvæði nr. 1, sem til tekur 18 ára aldurinn; þykir mèr það votta um nærgætið tillit til æskunnar, og mundi eg fúslega gefa því mitt atkvæði, ef eg á annað borð gæti verið því meðmæltur, að vitnisburðarbækur yrðu innleiddar.

Hvað það snertir, sem sagt hefur verið, að börn mundu sjaldnast fara í vist 14 ára gömul, heldur 15 ára, og þaðan af eldri, þá veit eg þó, frá því eg var prestur, að mörgum var komið í vist 14 ára gömlum, strax að afstaðinni fermingu, eins og líka að eg má ske stundum, þegar aldurinn var orðinn lögmætur, fermdi sum börn, fyr en ella mundi, þegar það var í boði, að þau gætu feingið betri vist og uppfræðingarstað en áður. Til biskupsins koma líka iðulega bónarbréf um, að nokkuð megi vanta upp á fullan aldur, þar sem foreldrar eða aðrir þykjast með því móti eiga von á þeim stað fyrir börnin, hvar þeim sé meiri framfara og menníngar von, en hjá sjálfum þeim.

Ef vitnisburðarbækur innleiðast, veit eg allir muni mèr samdóma í því, að þær geta því að eins orðið að gagni, að þær séu byggðar á sannleika, og er þetta mjög svo undir því komið, að húsbændur hafi bæði vit á, að þekkja hjú sín, og líka vilji segja alveg satt um þau. Þótt eg ekki tali ýtarlegar um hússtjórnina, húsagann, barnauppeldið, eður fleira hèr að lútandi, þarf eg varla að hugsa um annað, en mannlegan breiskleika, til að efast um, að þessir vitnisburðir verði almennt miðaðir við beran og hreinan sannleika. Eg vil og í þessu tilliti vekja athygli á því, hvað þetta í einstökum tilfellum kann að verða ervitt. Hjúin verða húsbændunum einkanlega kær sökum einstakra góðra eiginlegleika; því ekki er að búast við, að hjúin, heldur en aðrir, séu fullkomin í öllu. Eg tek til dæmis: þarna er faðir, sem á mörg börn, og hjú hans eitthvert er ekki einúngis barngott, heldur varast með samvizkusemi, að þau sjái eður heyri til sín nokkuð ljótt eður ósiðsamt, til munns eður handa, en áminnir þau hvervetna, þegar foreldrarnir ekki eru við, til góðs; þetta sama hjú getur haft marga bresti, en þegar hjúið reyndist húsbóndanum svo trútt í því efni, sem ei getur annað en legið sèrhverjum góðum föður mest af öllu á hjarta, mun hann þá ei hrylla við, að gefa hjúi þessu að skilnaði vitnisburð þann, sem tíni upp bresti þess og spilli fyrir því eptirleiðis? Annar húsbóndi á duglegan og trúan, en ódælan og illlyndan þjón, og nóg eru dæmin fleiri, sem of lángt væri að taka til, en sem geta ljóslega sýnt, hversu ekki einúngis misjafnir, heldur vandaðir og sannsöglir húsbændur geta leiðzt í freistni, til að gefa hjúum sínum miður áreiðanlegan vitnisburð, en vera ætti, og sé þetta satt, segi eg fyrir mig, að eg vil ei biðja um lög, sem marga, jafnvel vandaða, geti

leitt í freistni. Reynslan kennir öllum, að nóg er til af ósannindum, og ef það væri að óttast, að þeim með þessu heldur fjölgaði, þá yfir tæki þó, að fá þau löggilt. En fyrst eg tala um löggildíngu, vil eg geta þess, áð ef hún á að eiga sèr stað á annað borð, felli eg mig allvel við 2. breytíngaratkvæðið, því eptir þeirri ímyndun, sem eg hef um þessa vitnisburði, sè eg ekki, hvert tilefni sè til, að vitnisburðarbækurnar sèu löggiltar af sýslumanni, fremur en af viðkomandi sveitarstjórn, eður einhverjum heima í sveitinni.

Þegar eg enn fremur skoða fyrsta viðauka-atkvæðið, sem nefndin hefur samþykkt, að nefnilega sóknarprestur undirskrifi vitnisburðinn með húsbónda, þá get eg ekki fellt mig við þetta; því eins og nefndin fer fram á, að fá lög um innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa, svo hèlt eg og, að vitnisburður sá, sem hèr ræðir um, ætti að gefast af húsbændunum sjálfum, en ekki af fleirum út í frá, en nú á prestur líka að undirskrifa, og virðist mèr, sem með því truflist rèttur skilníngur á þessu efni; því ef prestur skrifar undir, þá tjáir honum ekki, að taka gott og gilt allt það, sem húsbóndinn kann að segja um hjú sitt, nema það sè samkvæmt sjálfs hans beztu vitund, en breyti hann þó í nokkru frá því, er húsbóndinn vill, þá er auðsèð, að vitnisburðurinn er fremur gefinn af presti en húsbóndanum, en ráði ætíð húsbóndinn, þá er undirskript prestsins þýðíngarlaus. Niðurstaðan verður sú, að einginn veit á endanum, hver vitnisburðinn hefur gefið, húsbóndinn, presturinn, eður báðir, svo úr því öllu verður nokkurs konar óvissa eður grautur, og geti eg rètt til, munu þessir vitnisburðir verða álitnir af almenníngi eins og nokkurs konar prestsattesti, fremur en húsbænda-vitnisburðir, og er þá komið í alla aðra átt, en til stóð. Mèr virðist hið 2. viðauka-atkvæði beri með sèr, að sá heiðraði þíngmaður frá Barðastrandarsýslu hafi fundið til þessara eður líkra vandkvæða. Eg vil, að einn gefi vitnisburðinn, ef hann skal gefa, og hafi svo alla þá ábyrgð, sem þar með fylgir; því ef fleiri gefa hann og undirskrifa, þá veit enginn, á hverjum ábyrgðin hvílir. Þess er og að gæta, að prestar eiga opt að gefa vitnisburði upp á embættis vegna í málefnum, sem koma fyrir dómstólana, og væri þá illt, ef prestur skyldi bundinn við einhvern eldri vitnisburð, er hann hefði skrifað undir með húsbóndanum, eður ef kann ske vitnisburðirnir yrðu ósamhljóða. Það er eitt meðal annars, sem hefur

verið haft mót vitnisburðarbókunum, að svo margir bændur væru óskrifandi, og skilst mèr, að fyrir þetta eigi að komast með því, að láta prest skrifa og undirskrifa. Eg get ekki gjört nè hið minnsta úr þessari mótbáru, því sè húsbóndinn ekki skrifandi sjálfur, ætla eg hann þurfi ekki lángt að fara frá heimili sínu, til að fá einhvern bónda, til að skrifa fyrir sig vitnisburðinn. Ber eg það undir þingmenn, sem þekkja alstaðar til í landinu, hvort eg muni ei hafa rètt fyrir mèr í þessari grein; eg vil enn fremur segja, hann þyrfti opt ei að fara nema til nágranna síns, og mætti það opt eiga bezt við af öllu; því svo mætti ske, að hann þekkti hjúið vel, og gæti leiðbeint húsbóndanum í, að gefa vitnisburðinn sem rèttastan, betur jafnvel en sóknarpresturinn sjálfur, sem að vísu á að þekkja sóknarbörn sín, en getur þó naumast, allra-sízt ef mjög skamman tíma hafa dvalið í sókninni, eður þau eru honum mjög fjarlæg, þekkt svo nákvæmlega, sem við þarf í þessu efni, það nána samband milli hjúa og húsbænda á sèrhverju heimili. Eg ætla því, að undirskript prestsins eigi hèr ekki við, og bezt sè, að láta vitnisburðinn halda sèr sem eindreginn húsbænda-vitnisburð, eður sleppa slíkum vitnisburði að öðrum kosti, og vildi eg helzt ráða til þess; því þó nú feingjust lögleiddir húsbænda-vitnisburðir, er það spá mín, að sú tilhögun kynni að standa hèr kann ske nokkur ár, en svo úr því dofna, og smásaman missa mestalla þýðingu sína, og þykir mèr þá fara ver eptir en áður.

Eg er orðinn of lángorður um þetta, en verð þó nú að vera enn fastari á því en áður, að gefa atkvæði mitt á móti innleiðslu vitnisburðarbókanna.

H. Stephensen: Eg skal gángast við faðerni hins 1. viðauka-atkvæðis, sem nú hefur verið húðflett um heila stund. Mèr þótti vænt um, að nefndin fèllst á það. Eg veit annars ekki betur, en hvert hjú sè eptir lögunum skyldugt, að taka prestsattesti, þegar það hefur vistaskipti eða víkur úr einhverri sókn, og í því eigi að vera vitnisburður um hegðun þess, svo eg held, að erviðleikar þeir, sem hèr er nú svo mjög talað um, hverfi öldúngis á burtu, því prestinum verður þó hægt, að skrifa með eða fyrir húsbóndann, um leið og hann skrifar prestsseðilinn. Eg er og á því, að yrði viðauka-atkvæðinu framgeingt, þá mundi sá ósiður fyrirbyggjast, sem hèr á landi er svo almennur, að hjúin taka ekki þennan prestsvitnisburð, fyr en laungu eptir, að þau eru vikin úr sókninni, og stundum kann ske aldrei, ef prestur-

inn, sem þau koma til, heimtar ekki vitnisburðinn, eða bannar þeim ekki sakramenti. Eg minntist á það við undirbúningsumræðu máls þessa, hvílíkur skaði það væri fyrir únglinginn, að missa það siðferðislega aðhald, sem hann á að hafa í vitnisburðunum á þessum árum, frá 14 til 18, og eg vil ekki, að þeir missi það einmitt á þeim árunum, sem þeir eru eins og að myndast. Eg er og sannfærður um það með hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni, að mörg börn fara í vist, þegar þau eru 14 ára, og þá eiga þau undir eins að fara að fá vitnisburði, eptir minni ætlun. Hinn heiðraði þíngmaður frá Suður-Þíngeyjarsýslu gat þess, að það lægi í því nokkurs konar tortryggni, ef prestur ritaði nafn sitt undir vitnisburðinn með húsbóndanum, því það væri eins og húsbóndanum væri ekki trúað fyrir því, að vera einum um það; en eg held, að það væri miklu tortryggilegra, ef einhver nágranni húsbóndans væri feinginn til, að rita vitnisburðinn, því eg veit það fyrir víst, að það er ekki 10. hver bóndi, sem er fær um, að skrifa vitnisburð, svo í lagi sè, og hvernig ætli þá sá maður, sem er óskrifandi, og kann ske lítt læs á skrif, geti átt undir því, að láta, ef til vill, hlutdrægan nágranna sinn skrifa vitnisburðinn fyrir sig. Þar á móti ætla eg hverjum húsbónda óhætt, að treysta prestinum til, að skrifa vitnisburðinn, eins og þeim kemur saman um. Eins og þeim *kemur saman um,* segi eg, því eg ætlast til, að þeir komi sèr saman um hann til þess, að vitnisburðurinn geti orðið sem rèttastur og sannastur, að verða má. Eg veit ekki betur, en að það sè ófrávíkjanleg skylda prestsins, að hafa nákvæma gát á siðferði hvers manns í sókn sinni, og presturinn trúir sögu bóndans, ef hann þekkir hann að sannsögli og áreiðanlegleik, en ef honum finnst hann segja eitthvað gegn því, sem hann veit um hjúið, þá lagar hann og lempar meiningu húsbóndans til þess, að sannleikurinn komi fram. Eg get ómögulega skilið, að þessi vitnisburður verði neinn grautur, þar sem siðamaður sóknarinnar er öðrum þræði í, að semja hann. Presturinn á og nú eptir hinum gildandi lögum að gefa hverju sóknarbarni sínu samkynja vitnisburð í húsvitjunarbækurnar, eða hið svo kallaða sálnaregistur, og til þess þarf hann auðsjáanlega að fá ýmsar upplýsíngar hjá húsbændunum, því hann getur eingan veginn verið hverjum manni svo kunnugur, einkum í stórum sóknum, að hann geti gefið þá upp á sitt eindæmi. Það má því vel vera, að

vitnisburðurinn með þessum hætti sè orðinn prestsvitnisburður; því ef húsbóndi og prestur gæfi hvor í sínu lagi vitnisburð þeim manni, sem úr sóknimni fer, og yrðu gagnstæðir hvor öðrum, þá ætla eg, að þar færi illa á, og ef vitnisburðirnir yrðu lagðir fram í einhverju sakamáli, þá held eg það væri mjög svo ólaglegt. Viðvíkjandi dæmi hins háæruverðuga 3. konúngkjörna þingmanns, að ef eitt hjú væri húsbóndanum mjög gagnlegt í einhverju einu, þó það væri yfir höfuð ónýtt til margs, og annað ódælt og hortugt, en duglegt til margrar vinnu, þá mundi húsbóndinn leiðast í freistni til, að gefa vilhallan vitnisburð, þá þykir mèr það ekki vandaður húsbóndi, sem hèr gjörist hliðdrægur, þar sem ekki er um annað að gjöra, en segja satt; því ef sannleikurinn er ekki látinn ráða í vitnisburðinum, þá gef eg ekkert fyrir hann. Hvað því viðvíkur, að vitnisburðarbækur þessar sèu útvortis hlutur, sem ekki muni verka mjög á hinn innra mann, þá er eg á gagnstæðri ætlun; því þær eru sprottnar af innri rót, og verða ætíð nokkurt siðferðislegt aðhald fyrir hvern mann; því enginn er svo illur, að hann vilji ekki, að menn að minnsta kosti álíti sig góðan, og því mun flestum annt um, að forðast fremur, að vinna til ills álits, þegar þeir vita, að það kemur í vitnisburðinn, sem gott eða illt er í fari þeirra. Eg ætla því, að vitnisburðarbækurnar sèu hið bezta aðhald og helzta meðal til, að efla með siðgæði, dyggð og dugnað, og því gef eg atkvæði mitt tvíllaust með þeim.

Framsögumaður: Eg hef nú eingu að bæta við það, sem hinn háttvirti varaforseti mælti í ræðu sinni. En viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður úr Dalasýslu kvað örðugleika á, að ná svo mörgum bókum, sem þurfa mundi, frá sýslumönnunum, vil eg geta þess, að mèr virðist það vera hægt með því, að sýslumaður sendi hreppstjórunum vissa tölu af löggiltum bókum. Þetta vissi þingmaðurinn líka, en hann var hræddur um, að af því sýslumaðurinn gæti ekki ritað nafn þess, sem hverja bók ætti að fá, mundi aptur leiða, að hreppstjórinn gæti farið eptir því, sem hann væri maðurinn til, að ráði sínu, og jafnvel hjálpað því hjúi í kyrrþey um bók, sem hefði glatað sinni. En eg ætla það sè auðvelt, að girða fyrir þetta með því, að hreppstjóri gefi sýslumanni á ári hverju skýrslu um, hvað margar vitnisburðarbækur hann hafi látið frá sèr, og hverjir þær hafi feingið. En þetta atriði heyrir undir

umræður um frumvarp í málinu, ef það kemur, og vil eg því ekki fara um það fleiri orðum í þetta sinn.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Eg skal nú ekki leingja mikið þingræðurnar með því, að berjast fyrir breytingaratkvæði mínu; því eg ætlast ekki til, að það standi leingur, heldur en þángað til það fellur. Það munu allir þingmenn sjá, að tilgángur þeirra, er samið hafa bæn þá hèr til þingsins, að kaupgjaldsviðskipti húsbænda og hjúa feingjust hèr eptir sett með svörtu á hvítt, hefur verið mikið hreinskilnislegur, og augnamiðið er einúngis, að hreinskilni geti komizt á, bæði í kaupgjaldssamníngum, og líka kaupgjaldsafgreiðslu, og eg þykist vita, að allir hinir heiðruðu þingmenn muni þó vilja aðhyllast hreinskilni, og mæla með því, að hún finni sèr stað, en ekki gefa óhreinskilni tækifæri að festa fót sinn — (*Biskupinn*: Rètt) —. Það hafa fáir hèr í dag orðið til, að finna viðauka-atkvæði mínu neitt misjafnt til, en það hefur áður verið borin fram sem sú sterkasta og einasta mótbára, að kaupgjaldsreikníngurinn tæki svo mikið rúm af í vitnisburðarbókinni, svo að hún þess vegna þyrfti að vera svo stór, eða hún mundi út skrifast of fljótt. Mèr þykir nú ekkert varið í þessa mótbáru, því fyrst þurfa nú þessir reikníngar sjaldan að vera lángorðir. Eg hef sèð þá yfir 5 og 6 vætta kaup vinnumanna, og hafa þeir verið 3, 4 eða 5 smálínur, og þá held eg þeir yrðu ekki lángir yfir 2 eður 3 vætta vinnukonukaupið, eður þá yfir þeirra, sem væru matvinnúngar, og svo eru það ekki ætíð svo mörg ár, sem fólk er í vistum. Það verður flestu almennilegu fólki fyrir, að leita sèr annara forlaga, og staðfesta ráð sitt, áður mörg ár líða fram á æfi þess. En þó svo væri, að einstöku manneskja ætti nú að sæta þeim kjörum, að vera alla æfi í vist, svo bók hans verði út skrifuð, þá get eg ekki talið það mjög þúngt eða ókljúfandi, að útvega aðra; það yrði þó aldrei opt á æfi þess. Hefði eg ekki sèð, að þingið mundi fallast á þessar vitnisburðarbækur, skyldi eg hafa haldið fram uppástúngunni um kaupgjaldsbækurnar; því áreiðanlegri mundu þær hafa orðið í sinni röð; en ef að vitnisburðarbækur komast á, þá þykir mèr ein nægja í senn, og vil eg ekki bæta bók á bók ofan, handa hjúum að geyma; mèr þykir ekki vera svo góður bókaskápur hjá sumum af þeim; mèr þykir líka allt geta verið sama bókin, sem vitni bæði um dyggð vinnuhjúanna, og hvað þeim hafi getað áskotnazt fyrir vinnuna.

E. Kúld: Eg stend nú upp, hverki til þess, að húðfletta viðauka-atkvæði hins háttvirta varaforseta, að eg taki mèr hans eigin orð í munn, nè til þess, að færa það í spjarirnar aptur. Mèr líkar að vísu eingan veginn þetta viðauka-atkvæði, því mèr þykir þetta *vitorð* æfinlega mjög ískyggilegt. Eg verð heldur að lýsa því yfir, að eg fellst heldur á það, sem hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þíngmaður mælti, er hann fór svo mörgum fögrum orðum um þá galla, er á vitnisburðarbókunum kynnu að verða, því eg er hræddur um, að margt kunni að bera til þess, að vitnisburðarbækurnar sèu ekki svo áreiðanlegar, að eg, sem prestur, vildi eiga að skrifa undir þær, nè gæti sett það allt í þær, sem eg rita í vitnisburði þá, sem eg sjálfur undir embættiseið á að gefa, og enda þó ekki væri heimtað meira af prestinum, en hann skrifaði „*sèð*“ undir vitnisburðina, þá mundi eg fyrir mitt leyti má ske kynoka mèr við því; en að öðru leyti er eg með vitnisburðarbókunum. Mèr heyrðist og þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu bera það sem ástæðu fyrir því, að sýslumenn ættu að löggilda bækurnar, að þær yrðu þeim síðan opt til leiðbeiníngar — (*G. Brandsson*: Nei, það hef eg aldrei sagt.) —, eða þá, að þeir kynnu að heimta þær til upplýsíngar í jústizmálum; en þetta er rángt, því sýslumaðurinn á þó víst að löggilda bókina, áður en farið er að rita í hana vitnisburðinn, en sýslumaðurinn á í þessum tilfellum eptir lögunum að leita vitnisburðar hjá prestinum, og þann vitnisburð á presturinn aptur að draga út úr húsvitjunarbók sinni, ef nú þessi vitnisburður prestsins á að vera vitnisburði húsbóndans samkvæmur; en mèr þætti það undarleg skyldukvöð, ef prestur mætti endilega ekki rita annað í húsvitjunarbók sína, en einmitt það, sem húsbóndinn ritaði í vitnisburðarbók hjúsins. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti varaforseti sagði, að ekki væri nema 10. hver bóndi svo skrifandi, að hann gæti sjálfur skrifað vitnisburðinn, þá ætla eg, að hann hafi gefið Íslendíngum fremur óskilið mál. Eg þekki að minnsta kosti eitt prestakall, þar sem eru milli 50 og 60 bændur, og að eins 1 af þeim óskrifandi. Eg ætla það væri nokkru nær því rètta, að ekki sè nema 10. hver bóndi óskrifandi. Ekki held eg, að það mundi heldur neitt bæta úr göllunum, sem þykja á vitnisburðarbókunum, þó þær jafnvel sèu löggiltar af sjálfum herra sýslumanninum, að farið sè að hnoða inn í þær gjaldsamníngum húsbænda og hjúa, og

er eg þess vegna einnig mótfallinn viðauka-atkvæði hins virðulega þingmanns úr Mýrasýslu.

Framsögumaður: Þeir, sem mótmæla þessu viðauka-atkvæði hins háttvirta varaforseta, hafa allt aðra skoðun en eg á sambandinu milli prestsins og sóknarbarnanna. Eg ímynda mèr, að þegar presturinn er góður, þá sè sambandið milli hans og sóknarbarnanna eins og milli föður og barna, og vona eg, að eg hafi eins góða ástæðu til þeirrar samlikíngar, eins og þeir, sem líkja sambandi konúngs og lítt eða óþekktra þegna við sambandið milli föður og barna. Eg ætla kunnugleika prestsins, lipurleika hans, og góðu samkomulagi við sveitarbúana, að hafa leiðrèttandi og lagandi áhrif á vitnisburði húsbændanna, og get eg þá ekki sèð annað, en að það miklu fremur tryggi en trufli vitnisburðina, og gjöri graut úr þeim, að bóndinn gefi þá með ráði og aðstoð prestsins. Eptir þessari minni skoðun á þessu atriði ætla eg, að hver prestur mundi með góðri samvizku geta skrifað undir vitnisburðina.

Jón Jónsson: Einn verð eg að vera þeirra þingmanna, sem hafa þá meiníngu, að meðundirskript presta undir húsbænda-vitnisburðinn sè bæði í sjálfu sèr þýðíngarlaus, og mörgum óþægilegum annmörkum bundin. Eg held, ef þetta yrði lögleitt, að það hlyti að leiða allan fjölda prestanna til, að verða einir hinir fyrstu menn til að brjóta þá löggjöf; því hvernin má ætlast til af þeim, fremur en öðrum mönnum, að þeir ljái samþykki sitt og nafn undir þá vitnisburði, sem þeir hafa sjálfir einga vissu fyrir hvort eru rèttir ellegar ekki? og hvernin eiga þeir að ná þess konar kunnugleika á hjúinu, sem húsbóndi þess getur haft, t. a. m. þegar hjú kemur ókunnugt úr fjarlægri sveit inn í prestakallið, og má ske á hinn fjarlægasta bæ frá prestssetrinu, og dvelur þar um eitt ár? hvaða kunnugleika ætli presturinn nái á hegðun og dugnaði þessa hjús, þó hann komi þar má ske einu sinni á árinu og má ske aldrei? og þá er auðsætt hann verður að byggja sitt meðvitni á húsbóndans vitnisburði, og eru það flestir, sem kynoka sèr við, að byggja sína sannfæríngu, þegar vitna skal, á annara manna sögn og sannfæríngu. Hèr að auki gæti opt svo að borið, að hjúið t. a. m. áður hefði verið sjálfs prestsins hjú og reynzt honum vel, og feingið frá honum góðan vitnisburð; aptur seinna gat skeð, að sama hjú hefði reynzt öðrum húsbónda illa, og hann yrði því eptir reynslu sinni og sannfæríngu að

gefa því slæman vitnisburð, og kemur nú með hann til prestsins; þá verður eitt af tvennu, eða jafnvel þrennu, að presturinn skrifi undir með húsbóndanum, þótt hann, ɔ: presturinn, hafi náð allt annari sannfæringu um hjúið, meðan það var hjá honum, og þá gefið því góðan vitnisburð, ellegar hann skrifi ekki undir, og þá bryti hann lögin, ellegar hann í þriðja lagi skrifi sèr í lagi sína sannfæringu og reynslu á hjúinu, og þá færi nú heldur en ekki að haggast reglan, og ekki orðið gott milli að sjá, hvorum vottanna trúa skyldi. Það gæti því eingin önnur þýðing orðið eptir í undirskript prestsins, heldur en sú, og það hefur þó nefndin víst aldrei meint, að hann skrifi undir húsbónda-vitnisburðinn, eins og einhvers konar *Notarius publicus*, til að staðfesta og vitna um það, að húsbóndinn sjálfur hefði til búið og skrifað vitnisburðinn, og þá held eg líka, að önnur löggilding á bókinni hefði verið aldeilis óþörf. Hèr að auki kæmi það opt fyrir, og yfir höfuð ætið, þegar hjú færu frá prestum, yrði vitnisburðurinn að vera undirskrifaður af honum einum, en hvort þá sem húsbónda, eða sem presti, eða má ske hvorumtveggja?

Það er því á öllu auðsèð, að það getur ekki orðið nein almenn regla, að tveir skrifi undir einn og sama húsbónda-vitnisburð, sem vitni, og verð eg eptir þessum og mörgum fleiri ástæðum, sem fram hafa verið færðar, að greiða mitt atkvæði móti þessu viðauka-atkvæði, sem nefndin þó hefur tekið inn í álit sitt.

En hvað þeirri fákænsku íslenzkra bænda viðvíkur, sem um er talað að sè svo mikil, að varla 10. hver geti prests-aðstoðarlaus orðað eða ritað hjúa-vitnisburð, þá er sá áburður bæði óvinveittur og fjærri sanni, og mjög fjarstæður því, sem jafnvel útlendir hafa þó unnt Íslendíngum sannmælis um; því það játa yfir höfuð allir, að íslenzk alþýða standi á allt annari menntunartröppu í bóklegu tilliti, heldur en hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga þekkir til í kring um sig, eða í hið minnsta get eg vitnað um það í tilliti til Norðlendínga, að það hefði verið nær sanni, og má ske næst sanni, að varla 10. hver maður væri svo vesallega menntaður, að hann ekki gæti samið og skrifað lýtalausan húsbónda-vitnisburð.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg er aldrei vanur að halda lángar ræður, og eg skal ekki heldur lýja menn á því í þetta sinn. Eg heyri nú, að sumir álíta vitnisburðarbækurnar jafnvel skað-

legar, og vilja nú gjarnan sporna við innleiðslu þeirra hèr. En eg held, að það sè nú orðið of seint, að tala um það núna, því menn hefðu þurft að vera búnir að taka sèr um það breytingar-atkvæði við undirbúningsumræðuna. Eg er og á því, að nefndin hafi haft fulla ástæðu til, að fallast á viðauka-atkvæði hins heiðraða varaforseta, og ekki skil eg í því samblandi og graut, sem sumir hafa gjört út úr því. Þar stendur: *„húsbóndi hver gefi“*, og við það skilst ekki annað, en að húsbóndinn eigi sjálfur að gefa vitnisburðinn; þar er líka sagt: *„með vitorði prestsins“*, og við það get eg ekki skilið að annað sè meint, en að presturinn eigi að skrifa undir með húsbóndanum, sem nærverandi.

Framsögumaður: Það er slæmt, ef þingmaður Norður-Þingeyinga getur ekki gefið þessu umrædda viðauka-atkvæði atkvæði sitt vegna þeirra ástæða, sem hann gat um; því mèr virðist þær vera þess eðlis, að hægt sè, að hrinda þeim, eða laga þær. Hann gat þess, að hjúið hefði kann ske ekki verið nema 1 ár í sveitinni — *(Jón Jónsson*: Og prestur ætti einúngis að reiða sig á sögusögn húsbóndans) —, en hann gætti þess ekki, að prestur er skyldur til, að vitna um hegðun hjúsins í húsvitjunarbókinni, þó það hafi ekki verið í sókninni nema eitt ár. Hann gat þess og, að það gæti að borið, ef hjúið hefði áður verið hjá prestinum, og reynzt honum illa, þá kynni hann ekki vilja skrifa undir vitnisburð húsbóndans, ef hann væri góður. Eg get ekki ætlað neinn prest svo, að hann geti ekki skilið í því, að hjúið kynni að hafa tekið sèr fram — *(J. Jónsson*: En þá verður hann að byggja sína sannfæringu á annara sögn) —. Þetta hlýtur auðsjáanlega að hafa mikil áhrif á hvern húsbónda, til þess að leitast við, að gefa sem rèttasta vitnisburði og samvizkusamlegasta, að minnsta kosti ef sóknarfólkið ber þá virðíngu fyrir presti sínum, sem til er ætlandi, og eg gjöri ráð fyrir. Ef hjúið væri hjá prestinum sjálfum, þá er auðráðið, að hann yrði að gefa því vitnisburðinn einn, því þá er hann sjálfur bæði húsbóndi þess og sóknarprestur.

P. Sigurðsson: Hinn háttvirti varaforseti virðist ekki að gjöra mikið úr menntun okkar bændanna. Væri þessi hans framsögn sönn, að ekki kunni að skrifa nafn sitt nema hver 10. bóndi, þá held eg eg gæfi fljótt atkvæði mitt móti innleiðslu vitnisburðarbókanna.

Eg þekki að vísu ekki fullkomlega til hèraða þeirra, sem honum eru næst, en þó efa eg fullkomlega, að þar sè svo ástatt, og fyrir hönd stèttarbræðra minna yfir höfuð, eptir því sem eg þekki til, mótmæli eg alveg þessari ályktun hans. Það næði heldur nokkurri átt, að snúa þessu við þannig, að 10. hver bóndi væri ekki skrifandi.

Eg held líka, að það sè ekki komið undir því, hvað einn skrifar *vel,* hversu rèttan vitnisburð hann gefur; því þeim bónda, sem rètt að eins getur skrifað nafnið sitt, kann að mega fullt eins vel treysta til, að gefa út áreiðanlegan vitnisburð, eins og góðu skrifurunum, og sýnir þetta næsta lítið. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði þíngmanns Eyfirðínga, get eg ekki annað en verið því meðmæltur, því það má segja, að til 18 ára sè maðurinn á æskuskeiði, og standi undir nákvæmari umsjón og aðgæzlu foreldra en húsbænda; löggjöfin sýnist líka að benda til þessa sama álits, þegar karlmenn með 18 ára aldri verða fyrst hálf-myndugir. Hið 2. breytíngaratkvæði get eg ekki aðhyllzt; eg álít rèttast, að sýslumaður löggildi bækur þessar, eins og hans er skylda nú, að veita gildi bæði sýslu- og reisu-seðlum hjúanna. Viðauka-atkvæði varaforseta aðhyllist eg ekki; það er rèttast, að húsbóndinn einn gefi út vitnisburðinn, því þá liggur á honum einum ábyrgðin í því efni; en að prestur sè feinginn til, að sjá vitnisburðarbækur þeirra hjúa, er inn í sóknina koma, sýnist mèr vel mega vera.

M. Andrèsson: Af því eg gat þess við undirbúníngsumræðu þessa máls, að eg væri heldur á þeirra meiníngu, sem mæla með 18 ára aldri, heldur en 14 ára, þeirra únglínga, sem eiga að vera skyldir til, að taka vitnisburðarbók, þá vil eg lýsa því yfir, að eg er enn á sömu meiníngu. Mèr þykir vitnisburðarbókin taka of lángt fram í barnsaldurinn, eigi barnið að taka hana, strax sem það er fermt; því þá fer það tíðum strax í dvöl, og ætti þá þegar að skrifast í hana vitnisburður þess; svo hljóðar hann líklega um hegðun þess 14. aldurs árið, og, ef til vill, tekur fram í það 13., því ekki eru börn altíð fullra 14 ára, þegar þau eru fermd — (Ólöglegt) —, því eg hef heyrt, að biskupinn megi leyfa að ferma barn, sem vantar mánuð á 14 ára aldur, ef presturinn vitnar, að það hafi hæfilegleika til þess að öðru leyti. Eg vil, að barnið sè komið svo lángt, þegar vitnisburðarbókin byrjar, að það megi, sem menn kalla, standa fyrir orði

og eiði. Margur únglingur er ekki meir en hálfsèður, fyr en hann er 18 ára.

Hvað undirskript prestsins í vitnisburðarbókunum snertir, þá er eg henni að öllu leyti mótfallinn. Eg tók svo orð hins háttvirta 1. konúngkjörna þingmanns, að presturinn ætti eingan þátt að eiga í því, hvernig vitnisburðurinn er orðaður, og því er eg samþykkur; því eg vil, að húsbóndinn einn, en einginn annar, ráði því, hvernig vitnisburðurinn er; til hvers er þá undirskript prestsins, nema til örðugleika, sem getur verið mjög mikill fyrir húsbóndann, eigi hann ekki að rita vitnisburðinn nema í nærveru prestsins, t. a. m. í þeim prestaköllum, hvar má ske eru 4 kirkjusóknir? og svo getur að borið, að þetta sè ómögulegt; eg tek t. d., að vinnukona vistast í aðra, má ske þriðju, sýslu; húsbóndi hennar fer til sjóar nokkrar vikur, tekur áður sýslupassa hennar, svo hún geti við tækifæri feingið á hann áteiknun prestsins; strax sem húsbóndinn er kominn úr verinu, er vinnukonan sótt; þá er presturinn farinn í lángferð; hvernig á hann nú í sameiníngu með presti að skrifa vitnisburð hennar?

Ekki get eg fallizt á hið annað breytíngaratkvæði; eg vil, að sýslumaður, en einginn annar, löggildi vitnisburðarbækurnar með nafni sínu og embættis-innsigli.

Ó. Sívertsen: Af því eg á 1 viðauka-atkvæði í málefni þessu, mun þykja óviðurkvæmilegt, að eg sleppi því öldúngis umtalslaust, þótt umræður málsins sèu orðnar nokkuð lángar. Eg ætla því einúngis að láta í ljósi, fyrir hverjum af breytíngar- og viðauka-atkvæðunum eg vil gefa jáyrði mitt. Eg þykist sjá fram á, að vitnisburðarbækurnar fái fleiri meðmæli þingsins en mótmæli, þótt mèr í alla staði þætti fagurlega mælt og athugað það, sem hinn fyrri konúngkjörni þingmaður andlegu stèttarinnar sagði um þær, og mèr þykir spursmál, hvað mikið góðan ávöxt þær bera, þegar frá líður, fram yfir lagaboðið, 26. gr. húsagatilskip. 3. júní 1746. Eg hef grun um, að vitnisburðir þessir verði fremur til að gjöra augljós hugskotshjörtu margra, en til að fylgja sannleikanum án yfirhylmíngar. En þegar bækur þessar eiga að lögleiðast, þá get eg gefið atkvæði mitt fyrir 1. og 2. breytíngaratkvæðinu; eingan veginn samt fyrir 1. viðauka-atkvæði varaforseta. Hèr kemur 3. persóna inn í málið; kann ske menn hugsi hèr: „allt er, þegar þrennt er“; en það á hèr ei við. Hèr er verið að biðja um skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa. Eiga þær skyldur ei að vera frjálslegar? þær geta þó ei verið

það, ef presturinn á líka að semja vitnisburðinn með húsbóndanum, og undirskrifa hann; það getur skeð hann verði þá eins og í tvennu lagi, eða að öðrum kosti of þvíngaður. Eg álít því, að prestur eigi aldrei að þurfa að undirskrifa þá vitnisburði, heldur að eins fá að sjá þá; getur hann þá bent á, ef honum þykir mikið misferli eða rángindi í þeim, þegar hann lítur eptir húsvitjunarbókinni, og því, er húsbóndi hjúsins hefur áður sagt honum um það; en að eg vil það sè gjört að skyldu, að presturinn fái að sjá vitnisburðarbækurnar, kemur af því, að eg álít bæði honum og bændastèttinni nauðsyn á því, og hans skoðun á bókinni geti verið hvöt fyrir hjúið, að fá sèr góðan orðstír getið. Sè það nú ei gjört að skyldu, að sýna presti vitnisburðinn, gæti vel skeð, að bæði húsbændur og hjú læstu hann ofan í kistu, ef eitthvað misjafnt væri í honum að finna, og segðu prestinn varðaði ekkert um hann, og lítið gæti þá presturinn hjálpað, að laga það, sem ábótavant hefði verið, þegar hann vissi ekkert um það; og hann á þó bæði almennilega og sèrstaklega að styrkja að góðu framferði. Eg bið því þingið, þegar nú er geingið til atkvæða, að gæta að meiníngu míns viðauka-atkvæðis. Við vitnisburðarbækurnar vil eg láta prestinn vera fyrir utan hlutteknínguna beinlínis, en ekki fyrir utan vitundina um það, sem þær innihalda og upp á hljóða.

Á. Einarsson: Eg ætlaði ekki að fara að leingja þíngræðurnar í þessu máli, sem eg held að sèu ordnar nógu lángar, en vil þó spyrja, hvern þátt presturinn eigi að taka í því, ef húsbóndinn verður ákærður fyrir rángan vitnisburð, sem presturinn hefur undirskrifað með honum. Þeir verða að vita það, sem ætla sèr að fallast á halann á 1. viðauka-atkvæðinu, sem eg er búinn að stryka út hjá mèr á atkvæðaskránni, og ætla eg ekki að gefa atkvæði með þessu viðauka-atkvæði svona löguðu.

Framsögumaður: Það er skaði, að þíngmaðurinn úr Strandasýslu hefur svo fljótt tekið ákvörðun um, hvernig hann ætlar sèr að greiða atkvæði um þetta viðauka-atkvæði, og er þá ekki til neins, að svara honum upp á það, sem hann sagði; en viðvíkjandi því, sem þíngmaður Árnessýslu mælti, að bezt væri, að láta húsbóndann einn skrifa undir vitnisburðarbókina, þá virðist mèr það vera undarleg skoðun, því það ríður þó hvað mest á því, að húsbóndanum geti verið vitnisburðurinn til leiðbeiníngar, þegar um er að gjöra, hvort hann eigi að taka únglínginn í vist eður ekki, og einmitt því til styrkíngar er nafn

prestsins undirskrifað; því presturinn á að þekkja hvert barn nákvæmlega, sem hann konfirmerar, og á sjálfur að gefa því vitnisburð í embættisbók sína.

Ef menn ekki vilja láta 14 ára aldurinn ráða, þá skil eg ekki, því 18 ár eru til tekin, en ekki 16, eins og í fátækra-reglugjörðinni. En viðvíkjandi erviðleikunum, sem hann álítur að séu á því, að presturinn riti nafn sitt undir vitnisburðina á-samt húsbændunum, þá var það mjög óheppilegt dæmi, sem hann tók til máli sínu til sönnunar; því hann þarf víst ekki að útvega þann passa, sem hann á að gefa á krossmessu, á vetrar-vertíðinni, og þar að auki getur líka hegðun hjúsins breytzt frá þeim tíma og til krossmessu.

Forseti: Þar eð enginn tekur framar til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls vera lokið, og bið eg því þingmenn að gánga til atkvæða.

Því næst voru atkvæði greidd, og fóru atkvæði þannig:

1. *Uppástúnga nefndarinnar*: samþykkt í einu hljóði.
1. *Breytíngaratkvæði, St. Jónssonar* við 2 *a*: samþykkt með 11 gegn 8 atkvæðum.
2. ——— *G. Einarssonar* við 2 *a*: fellt með 13 gegn 6 atkvæðum.

2 *a*, *Uppástúnga nefndarinnar*, með breytíngu St. Jónssonar: samþykkt með 15 gegn 5 atkvæðum.

1. *Viðauka-atkvæði* við 2 *a*, *H. Stephensens*: fellt með 12 gegn 7 atkvæðum.
2. ——— — *Ó. Sivertsens*, fyrri parturinn: „að prestur fái ætíð til yfirskoðunar vitnisburðarbækur hjúa þeirra, sem koma inn í prestakallið“, samþykkt með 14 gegn 4.
2. ——— — *Ó. Sivertsens*, seinni parturinn: „og eins að sjá vitnisburði þá, sem hjúin fá, þau er burtu fara úr kallinu“, fellt með 14 gegn 5 at-kvæðum.
3. ——— — *Jóns* hreppst. *Sigurðssonar*: fellt með 17 gegn 2 atkvæðum.

2 *b*, *Uppástúnga nefndarinnar*: samþykkt í einu hljóði.

2 *c*, ——— samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um „stofnun búnaðarskóla á Íslandi“. Eg hef látið prenta atkvæðaskrá í þessu máli, og vona eg allir þingmenn hafi feingið hana.

Í þessu máli var að eins eitt breytingaratkvæði upp borið, sem var *H. Stephensens*: „að uppástúnga nefndarinnar um hlutteknîngu búnaðarskólans í vöxtum *Thorchillii* barnaskóla-sjóðs falli burt“.

Atkvæðaskráin hljóðar þannig:

Atkvæðaskrá

í

búnaðarskóla-málinu.

Uppástúngur nefndarinnar: 1. að konúngur láti mildilegast stofna einn jarðyrkju- og búnaðar-skóla fyrir allt Ísland, helzt í suður-umdæminu, þar sem kenndar verði hinar helztu greinir búnaðar og jarðyrkju, og sú bókleg mennttun, sem því hlýtur að vera samfara.

2. að konúngur leggi til skóla þessa á opinberan kostnað hentuga bújörð leigulaust, sem og veiti skólanum nægilegt fé til byggíngar, bús-áhalda, verkfæra, nægilegra kennaralauna, og annars þess fyrirkomulags, sem slíkur skóli útheimtir.

3. að konúngur leggi samþykki sitt á, að tiltekinn hluti vaxtanna af búnaðarsjóðum vesturamtsins og norður- og austuramtsins megi, að ráði amtmannanna, gánga árlega til medgjafar-styrks með efnilegum en fátækum úngmennum úr þeim umdæmum, sem vilja læra búnaðarfræði í skólanum.

4. að konúngur samþykki, að ákveðinn hluti af vöxtum *Thorchillii*-sjóðsins, t. d. núna fyrst, sem svari þeirri tiltölu, er Kjósar- og Kjalarnes-hreppar gætu átt til sjóðsins, yrði veittur fátækum úngmennum úr þeim hreppum til styrks, til að nema búnaðarfræði í skólanum.

Breytíngaratkvæði H. Stephensens (sem kemur til atkvæða á undan uppástúngunni nr. 4): „að uppástúnga nefndarinnar um hlutteknîngu búnaðarskólans í vöxtum *Thorchillii* barnaskóla-sjóðs falli burt“.

Framsögumaður: Eg verð að geta þess, að það er annaðhvort ritvilla eða prentvilla í 4. staflið atkvæðaskrár þessarar, þar sem stendur: „*Kjósar- og Kjalarnes-hreppar*“, í staðinn

fyrir „*Kjalarnesþíng*“, og seinna: „*úr þeim hreppum*“, fyrir: *úr því þíngi*“; því það var ekki tilgángur nefndarinnar, að hafa það þannig.

Forseti: Það stóð þannig í handritinu, sem eg fèkk frá hinum háttvirta framsögumanni, og atkvæðaskráin er prentuð orðrètt eptir því; en það er reyndar satt, að þetta, sem nú er kveðið upp af nefndinni, er beinna eptir nefndarálitinu, þó á litlu standi hvort er.

Framsögumaður: Uppástúngur nefndarinnar eru þær sömu, sem talað var um við undirbúníngsumræðuna, og vil eg ekki að svo komnu fara um þær fleiri orðum; en viðvíkjandi breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Borgfirðínga, þá var einnig talað svo margt um það seinast, að eg er búinn að gleyma því sumu, og skal því láta bíða þess, að hann nú tali fyrir því.

H. Stephensen: Fyrst svo lángt er síðan, að rætt var til undirbúnings þetta mál, að hinn heiðraði framsögumaður er búinn að gleyma því, þá skal eg skýra honum frá breytíngaratkvæði mínu. Eg álít, að nefndin geti ekki beðið um, að 4. stafliður á atkvæðaskránni verði borinn undir atkvæði; því það, sem stendur í ástæðunum í nefndarálitinu, er gagnstætt þessu, sem stendur í 4. uppástúngu hennar — (*Forseti*: Eg get ekki séð betur, en að uppástúngan sè fullkomlega samkvæm nefndarálitinu, og megi því óhult bera hana undir atkvæði) —, og þannig álít eg uppástúnguna vera undirstöðulausa. Eg held, að betra sè, ef ekki er um nema það tvennt að gjöra, að láta gjöf J. Þorkelssonar vera öldúngis óbrúkaða, en að brúka hana í gagnstæða átt, þar sem hann til tekur: „til kristilegrar uppfræðíngar“, og nefndin vill draga hana undir sig til þess, að einhverjir geti lært landbúnað, sem kann ske eru orðnir fullorðnir menn.

H. G. Thordersen: Eg er öldúngis samdóma hinum háttvirta þíngmanni Borgfirðínga, hvað seinni part ræðu hans snertir. Eg lèt það í ljósi við undirbúníngsumræðuna, og það sama gjöri eg enn, að mèr er öldúngis ómögulegt, að gefa atkvæði mitt fyrir því, að gjöf J. Þorkelssonar verði brúkuð eptir ætlun nefndarinnar.

Framsögumaður: Hinn heiðraði varaforseti hefur nú búið breytíngaratkvæði sitt í svo fallegan skrúða, og feingið meðhald hins 3. konúngkjörna þíngmanns, en hafi eg skilið hann rètt, þá áleit hann allri kristilegri uppfræðíngu lokið með ferm-

ingunni, en eg get nú ekki verið þeirrar meiningar; því eg skoða allt mitt líf sem kristilegrar uppfræðingar skóla; þegar skólinn er svoleiðis nytsamur, þá sýnist mèr sama, hvort það er búnaðarskóli, sjómannaskóli, latínuskóli, eða einhver þvílíkur gagnlegur skóli, og þannig er eg sannfærður um, að *executores testamenti* hafa gjört rètt, þegar þeir ætluðust til, að gjöfinni yrði varið til búnaðarskóla, því þeir gjörðu það víst ei fyrri, en þeir voru orðnir fullvissir um, að það var ekki kostur á, að verja því jafnhaganlega til barnaskóla fyrir Kjalarnesþing. Í gjafabrèfinu standa og þau skilmálaorð fyrir uppfyllingu á ráðstöfun gjafarans: „forſaavidt ſkee kan", „að svo miklu leyti verða má". Eg fyrir mitt leyti get því ekki sèð, að sjóðnum sè betur varið til barnaskóla, en til búnaðarskóla; eða hvernig ætli barnaskóli þrifist hèr í Kjalarnesþingi? Var þá ei af þessum sjóði barnaskóli settur á Hausastöðum? og fór ekki þessi barnaskóli á Hausastöðum á hausinn? — (Hlátur) — Nefndin fór ekki fram á, að öllum sjóðnum sè varið til þessarar stofnunar, en einúngis litlum hluta hans, svo það kemur ekki í bága við það, sem nú er á prjónum, um að stofna barnaskóla í Reykjavík, og *kann ske* fá styrk af þessum sjóð. Nefndinni þótti líka ótilhlýðilegt, að brúka mikið af sjóðnum til búnaðarskólans, og því fór hún einúngis fram á, að nokkur fátæk börn úr Kjalarnesþingi nytu styrks, til að nema búnaðarfræði í skólanum. Það stendur líka í erfðabrèfinu, eins og eg sagði, að fátæk börn eigi að fá kristilega uppfræðingu, *að svo miklu leyti því verði við komið,* fyrir þennan styrk gjafarans; en fyrst því nú ekki verður við komið, þá finnst mèr rètt, að verja nokkru af styrknum til búnaðarskóla, eins og Kjalnesingar hafa beðið um, og nefndarálitið fer fram á.

Jón heppstjóri *Sigurðsson*: Eg hef ekki fyr tekið til orða í þessu máli, og er það ekki af því, að eg ekki sè uppástúngu þessari, að búnaðarskóli fáist, öldúngis samþykkur, því mèr þætti víst stiptun sú sómaleg, og eg tel víst hún geti orðið gagnleg; en hitt er það fyrir mèr, að eg ekki hef glöggt getað sèð, hvaðan frá vèr fáum fè til stofnsetníngar þessum skóla, og svo verður það ætíð fyrir oss Íslendíngum, á meðan stjórn vor er svona, og fjárhagur vor er í þessum graut saman við Danmörku, á meðan Ísland ekki fær sína fjárhagsreikníng út af fyrir sig, og þíng vort ekki fær að ákveða um inntektir og útgiptir landsins, svo það sjái, hver efni vèr höfum í höndum. Þó menn

vilji stofnsetja eitthvert þarft fyrirtæki á eiginn kostnað, þá voga menn það ekki, þar menn ekki vita, hve nær kann að verða sleingt á sig einhverjum óvæntum kostnaði eða sköttum frá annari hendi, nefnilega Danastjórn, sem einatt hefur valdið, að skipa hèr skyldum og sköttum. Þegar eitthvað þarf því hèr að stofna, sem þarft er, þá verða einu úrræðin, að leita eptir fè til Dana, því vèr þykjumst eiga þar fjárstyrksrètt, þar fjárhagur vor sè í höndum þeirra, en þeim aptur kann að þykja, að vèr sèum fátækir og eigum lítið hjá sèr; kann svo opt að verða hèr lítið úr þörfum fyrirtækjum eður uppástúngum, og svo er nú eins um þetta mál, að annaðhvort er nú að gjöra, að falla nú hreint frá þessari uppástúngu, og láta hana hèr strax niður detta, eður að fylgja fram nefndarinnar stefnu í öllum greinum, og biðja konúnginn um fè og ráðstöfun til stofnsetníngar þessa búnaðarskóla, og hef eg þannin látið meiníngu mína í ljósi um þetta efni.

J. Jónsson: Það er núna fyrst í þessu augnabliki, sem eg hef lesið eptirrit af testamentisgjörð Jóns heitins Þorkelssonar, því hún hefur aldrei verið lögð á lestrarsalinn, og brèfið frá upphafi til enda lýsir því sjálft, að gjöfin er gefin í þeim *einasta* tilgángi, að fátækustu börn í Kjalarnesþíngi skuli af henni njóta sæmilegs uppfósturs, til fatar og matar, húsaskjóls og kristindóms-kennslu, til fermíngaraldurs, og ómögulegt að teygja skilníng á orðum hennar út yfir þessi takmörk, eða til nokkurrar annarar búskaparmenntunar en þeirrar, sem uppeldið og kristindóms-kennslan leggur grundvöll til. Eg verð því að játa það, hvað nauðugur sem eg annars er, að svipta búbótaskólann þessari hjálp, þá verður sannfæríng mín að sitja í fyrirrúmi, að gjöfin fari þá ekki að tilgángi gjafarans, ef hún væri brúkuð til þess nýja búskaparskóla. Mèr virðist þar hjá þetta vera það lítilvægi, sem um er að gjöra, þegar ársleigan öll er ekki nema 800 rbdd., og það skyldi taka að eins lítinn hluta hennar til styrktar skólanum, eins og nefndin bendir á, en aðalstofninn er verið að biðja stjórnina að leggja til hvort heldur er, þá sè eg ekki, hvað hana eða fè ríkisins ætti að muna um litla hluttöku í einum 800 rbdd., svo þetta yrði ekki nema rètt til að fjarlægja það tilgángi gjafarans, eingum til verulegs gagns. En sè fè þetta ekki brúkað til þess, sem til var ætlazt, þá er það annara ábyrgðarhluti, heldur en þíngsins, og mun eg greiða atkvæði mitt móti því, að búbótaskólinn fái hönd í fè þessu.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þingmaður frá Norður-Þingeyjarsýslu gat einmitt fyrir þennan fljóta lestur á erfðabréfinu ekki fallizt á uppástúngu nefndarinnar.

Hinn 6. konúngkjörni þingmaður sagði, að 1759 hefðu menn ekki hugsað um búnað, heldur einúngis um kristilega uppfræðíngu, en þegar þeir, sem einmitt eiga að njóta styrksins, biðja um, að hann megi brúkast svona, þá sýnist mèr ekki vera nein ástæða til, að neita því; og þó Reykjavíkur-barnaskóli komist á, getur hann þó aldrei haft tilkall til þess.

G. Brandsson: Það var fyrst í morgun, að eg fèkk lauslega að líta yfir gjafabrèf Jóns Þorkelssonar, sem nú er orðið svo margrætt um, en af þessu stutta yfirliti samnfærðist eg þó um, að því muni ekki hafa verið fullnægt í öllum greinum, sem þar er lagt fyrir. Gjafarinn hefur þar meðal annars ánafnað Njarðvíkurkirkju bækur sínar, og lagt svo fyrir, að vildi einhver láta prenta þær að nýju, þá yrði hann að gefa nokkur innbundin *exemplör* af þeim til kirkju þessarar. Nú munu kirkjuhaldarar í Njarðvík lítið hafa vitað um þetta, allt þángað til stiptamtmaður Rósenörn gjörði það kunnugt kirkjuhaldara þeim, sem nú er þar; en af því bækur þær, sem upphaflega voru kirkjunni ánafnaðar, munu hafa verið einhvern veginn geingnar úr sèr eða tapaðar, þá ákvað hann víst dalatal, sem svara hefði átt andvirði tèðra bóka, og sem hann sagði að kirkja þessi ætti, en yrði nú að fá í bókum þeim, sem kirkjuhaldarinn stýngi upp á — *(H. G. Thordersen*: Kirkjan hefur feingið þær) —. Nú eru bækur þær, sem kirkjan hefur feingið, margar hverjar prentaðar og til búnar fyrir fáum árum, svo af því er auðráðið, að það eru ekki þær sömu, sem upphaflega var ætlazt til — (*Forseti*: Þetta kemur ekki málinu við; eða á hverju veit þingmaðurinn, að gömlu bækurnar hafi ekki komið til Njarðvíkurkirkju?). — Eg tek þetta fram sem dæmi, til þess að sýna, að það er ekki ætíð hægt, að fullnægja því, sem fyrir er lagt í gömlum testamentisgjörðum, því þegar fram líða stundir, geta kríngumstæðurnar breytzt svo, að það, sem í byrjuninni átti vel við, eigi það síður seinna.

Það er nú búið nokkuð að tala um Hausastaða-barnaskólann, og sýna fram á, hversu vel hann gafst; en um barnaskóla þann, sem hèr var í Reykjavík um nokkur ár, mun þeim kunnugt, sem hèr eiga heima, og eins um það, hvort þau börn voru eingaungu í hann tekin, sem hið áminnsta gjafabrèf leggur fyrir.

Þegar nú nokkrir innbúar í Kjalarnesþingi óskuðu eptir, að *Thorchillii* sjóðnum eða vöxtum hans yrði eptirleiðis varið, til að kenna búnaðarfræði, þá hefði það verið nokkuð ísjárvert, að gánga öldúngis þegjandi fram hjá þessari beiðni þeirra. Mèr finnst þess vegna, að nefndin hafi farið hyggilega og vel með þetta mál, og gef eg því uppástúngum hennar hiklaust atkvæði mitt.

J. P. Havstein: Þó eg játi, að æskilegt væri, að fá búnaðarskóla hèr á landi, get eg ekki sèð, hvernig eigi að fara að koma honum upp hèr á Suðurlandi, eptir því sem nú á stendur; því eins og mèr sýnist ótiltækilegt, að fara að biðja konúnginn eða stjórnina um styrk til þess, án þess á nokkurn hátt að benda til þess, hvaðan þá penínga eigi að taka, eins held eg líka, að við að lokunum ekki munum fá neitt úr *Thorchillii* sjóðnum. Mèr sýnist bezt, að reyna til, ef mögulegt væri, að stofna búnaðarskóla í hverjum fjórðúngi, og gjöra það af eigin rammleik, enda held eg líka, að Norðlendingar t. d. ekki hafi mikla trú á, að þeir geti lært af Sunnlendíngum búskap að nokkru gagni. Eg sem amtmaður gæti að vísu ekki haft ámóti því, að nokkru af leigum búnaðarsjóðs norður- og austur-umdæmisins yrði varið til búnaðarskóla hèr syðra, ef það yrði svo ákvarðað, en eg hygg, að einginn Norðlendíngur mundi beiðast styrks úr búnaðarsjóðnum nyrðra til þess, að læra fyrir það búskaparreglur á Suðurlandi.

Páll Sigurðsson: Að mínu áliti hefur nefndin tekið þann líklegasta veg í þessu efni. Hinn 2. háttvirti konúngkjörni þíngmaður vill ekki láta biðja stjórnina að hjálpa okkur til, að koma hèr upp búnaðarskóla, en eg tel víst, að landsmenn sæktu að þessum skóla, fremur en til Danmerkur, og eg sè einga hættu búna, þó menn fari þess á leit við stjórnina; því þar um má segja, eins og Grettir forðum: „*sá veit fleira, sem fleira reynir*“. Eg get ekki annað, en haft góða von til stjórnarinnar í þessu efni, því það víst er henni kunnugt, hversu stór nauðsyn okkur er á því, að geta komið upp góðum búnaðarskóla; hún hefur líka hlynnt að þeim mönnum, sem utan hafa verið sendir hèðan, til að læra jarðyrkjufræði. Taki hún nú vel undir þessa bæn, þá er vonandi, að skóli þessi kæmist bráðum á fót, en verði það öðruvísi, þá verða Íslendíngar að skoða sig um, hvort þeir í sameiníngu sjái nokkur ráð til, að koma upp einum þvílíkum skóla í landinu með efnum sjálfra sín; því um

nauðsyn á svoleiðis skóla munu flestir vera á sama máli. En hvað viðvíkur þessum styrk af *Thorchillii* sjóðnum, sem mikið hefur nú verið rætt með og mót, þá virðist mèr, að það sè nú að skoða hèr 2 hliðar í þessu máli, 1, gjafarann, og tilgáng hans með gjöfina, og 2, hins vegar þá, sem gjöfina hafa þegið, með að hagnýta hana, bæði sem næst tilgángi gjafarans, og undir eins sèr sem hagkvæmast. Nú eru komnar bænarskrár úr Kjalarnesþíngi, sem beiðast þess, að nokkuð af vöxtum sjóðsins sè varið, til að kenna fátækum en efnilegum piltum úr þíngi þessu búnaðarfræði. Ef skóli þessi kæmist á fót (því það er álit þeirra, að Kjalarnesþíng muni lítil not hafa af einum barnaskóla), þá get eg ekki sèð, að það sè fjarstætt tilgángi gjafarans, þó fátækir en efnilegir piltar úr Kjalarnesþíngi, feingju styrk úr sjóði þessum, til að læra búnaðarfræði. Eg held það megi finna dæmi, að ráðstafanir, er einstakir menn hafa áður með gjöfum sínum, sèu nú búnar að fá annað form. Svo segir í Húngurvöku, að Ísleifur, fyrsti Skálholtsbiskup, hafi lagt þá jörð til biskupsseturs, og bóndi sá, sem gaf Hóla í Hjaltadal, hafði sama skilyrði. Yfirvöld landsins, er rèðu til þeirrar breytíngar, og stjórnin, sem aðhylltist breytínguna, hefðu eigi gjört það, ef þeir hefðu ekki álitið þessa tilhögun nauðsyn og leyfilega að því leyti, sem hún vèk frá ákvörðun þeirri, er höfundar gjafanna höfðu fyrir mælt hèr um. Þegar það er álit mitt, að barnaskóli yrði ekki öllu Kjalarnesþíngi að miklum notum, þá álít eg það ekki raska tilgángi gjafarans, þó ósk beiðanda, er nefndin hefur aðhyllzt, sè gefinn gaumur, og því veiti eg henni atkvæði mitt í þessu efni.

Framsögumaður: Eg hef einúngis fátt eitt að svara hinum öðrum konúngkjörna þíngmanni, er nú mælti. Hann áleit bezt, að hver fjórðúngur stofnaði slíkan skóla út af fyrir sig með sitt eindæmi, og hèlt þó, að ekki væri tiltækilegt, að biðja stjórnina um styrk til skólans, en eg held, að eingu sè í spillt við það, þó maður fari því á flot. Annaðhvort eg eða einhver annar gat þess við undirbúníngsumræðuna, að Vestfirðíngar hefðu í nokkur ár verið að leita sèr ráða og meðala til slíkrar skólastofnunar, og það, sem þeir fundu eptir lánga leit og umræður á hèraðsfundum þeirra, var þá það, að þeir sannfærðust um, að það var þeim efna vegna einmitt of vaxið, að stofna búnaðarskóla af eigin afli; hvort Norðlendíngar mundu treysta sèr til þess, veit eg ekki, en nefndinni þótti ískyggilegt, að fara þess

á flot, að ráðast í, strax að stinga upp á, að stofna skóla víða um landið, og allir sjá, að 3 eða 4 skólar mundu þó kosta meira en einn skóli. Hann efaðist um, að Norðlendíngar mundu vilja þiggja tilsögn Sunnlendínga í búnaðarfræði, eins og búskapur Sunnlendínga nú væri, og skal eg þá láta hann vita, að nefndin ætlaðist ekki til þess; en þó nú svo kunni að vera, að búskapur Norðlendínga sè í betra horfi nú sem stendur en Sunnlendínga, þá efast eg mjög um, að hann sè svo lángt kominn, að hann ei gæti þar, eins og hvar annarstaðar, tekið miklum framförum, ef hann væri kenndur með skólalegri kennslu, og mundu Norðlendíngar fljótt samnfærast um það sjálfir, og því er eg viss um það, að þeir teldu ekki á sig eða syni sína ferðina híngað suður til skólans, ef hann væri í því lagi, að geta kennt þeim að verða góðir bændur. Hann taldi það víst, að Norðlendíngar mundu ei þykjast þurfa að leita styrks hjá búnaðarsjóð amtsins, en kvaðst þó mundu ei hafa á móti því, úr því sú ráðstöfun væri gjörð. Nefndin hefur aldrei látið sèr detta í hug, að þeir, sem með öðru móti gætu komið sonum sínum í skóla efnanna vegna, skyldu fá til þess styrk úr búnaðarsjóðnum, en hún vissi, að hèr mundi verða sama tilfelli, og að hefur borið við latínuskólann, að margur efnilegur únglíngur verður efnaleysis vegna að sitja heima, og henni virtist það ekki lángt frá tilgángi búnaðarsjóðanna, að efla bændastèttina á þann hátt, að stuðla til þess, að sá, sem er fátækur, gæti lært að verða uppbyggilegur bóndi, og mun þetta og geta átt sèr stað eins fyrir norðan og annarstaðar, eða skyldi þar einginn únglíngur finnast efnilegur til að verða bóndi, þó fátækur sè borinn eða af fátækum kominn?

V. Finsen: Eg tók svo eptir, að nefndin tæki orðið Kjalarnesþíng í 4. tölulið einúngis um Gullbríngu - og Kjósar - sýslu — (*Framsögumaður*: Já) —. Það er þá í öðrum skilníngi en þeim vanalega, því í venjulegum skilníngi innibinzt einnig Reykjavík þar undir. Eg hef áður lýst því yfir, að eg get ekki skilið, að það eptir rèttum skilníngi á gjafabrèfinu geti álitizt að samsvara tilgángi gjafarans, að brúka gjöf hans til búnaðarskóla. Við það, sem eg áður hef sagt um þetta mál, skal eg að eins bæta við einni athugasemd, sem ekki hefur verið tekin fram nákvæmlega. Þeir, sem vilja, að sjóðurinn eigi að brúkast til búnaðarskóla, hafa einkum viljað byggja á þeim orðum í gjafabrèfinu, að börnin eigaað fá húsnæði, fæði og föt á skólanum,

en það er auðsætt, að á þessari ákvörðun geta menn ekkert byggt, því allir vita þó, að ómögulegt er, að stofna skóla í sveit með því fyrirkomulagi, að öll börnin eigi að ganga heiman að frá sèr á hverjum degi til skólans.

Jón Samsonsson: Menn gætu nú hæglega sannfærzt um það, að stofnun slíks búnaðarskóla hèr á landi geti eingan veginn á komizt af landsins eigin efnum, eður án þess, að leita þar til líðsinnis til stjórnarinnar, og eg veit nú ekki, hvort stjórnin getur á nokkurn hagfeldari hátt hjálpað þessari stofnun betur með öðru fyrri, en góðri bújörð, sem miklar grasnytjar hefði í sèr; því þess konar jörð getur þá af lètt töluverðum kostnaði, sem annars mundi útheimta eisu þá af peningum, sem varla mundi fást, sízt svo mikið, sem með þyrfti til soddan skóla, og ekki þyrfti að óttast fyrir því, að þessi góða jörð mundi rýrast að gæðum og áliti, þar sem á henni stæði skóli sá, sem búnaðarfræðina kenndi; þess mætti heldur vænta, að hún tæki góðum og miklum umbótum. Eg held því, að þingsins ávarp hèr um til konúngs ætti að beuda á, hver eða hverjar jarðir væru þar til álitlegastar, svo stjórnin geti þar eptir tekið sína ályktun.

J. Kristjánsson: Það getur eingum hèr verið ókunnugt um það, að oss landsmenn skortir enn þá mjög á um samtök, mátt og kunnáttu til þess, að geta stofnað hèr búnaðarskóla, og það eru því einu úrræðin, sem vèr höfum, að leita styrks til þessa hjá stjórninni, og mèr finnst það vera mestu rángindi, svona að óreyndu, að vera að ætla ekki stjórninni þá nærfærni, að hún muni ekki bæta úr þessari brýnu og bersýnilegu nauðsyn. Það er að heyra, sem sumir hinna háttvirtu þingmanna áliti, að nefndin hafi ekki rètt sem frjálsasta hönd til *Thorchillii* sjóðsins, en eg get ekki látið mèr skiljast ástæður þeirra, nema ef svo er, að þeir byggi ekki mikið á kristilegri lífsstefnu í Kjalarnesþingi. Nefndin fer einúngis fram á það, að fátæk úngmenni í þessu þingi fái styrk af vöxtum sjóðsins, til að geta komizt í búnaðarskólann, og numið þar, það sem góðum búnaði til heyrir. En þegar þannig, ekki einasta efnagóðum úngmennum, heldur jafnframt fátækum í þessu Kjalarnesþingi, gefst kostur á, að læra í skólanum, það sem góðum bónda vel sæmir að hafa lært, þá er vonandi, að velmegun geti farið að blómgast í því þingi, og tel eg hana veð fyrir því, að öll börn gætu feingið gott uppfóstur, og eg get ekki skilið, hvernig hægt er að komast nær tilgángi gjafarans, en með því, þegar með þessu

móti gætu sem flest heimili í Kjalarnesþingi orðið hæli og skólar fyrir þau fátækustu börnin, sem veiti þeim það allt, er gjafarinn hefur til ætlazt.

St. Jónsson: Eg verð að viðurkenna, að nefndinni hefði verið mest gleði, hefði hún séð veg til, að fá fleiri skóla hèr á landi, helzt í hverju amti og hverri sýslu, og eg ímynda mèr, að margir í Norðurlandi vildu stuðla til þess; en þeir hafa nú fyrirfarandi haft aðra stofnun á höndum, nefnilega prentsmiðjuna, og er því ekki að vænta, að þeir nú þegar geti farið að stofna annað stærra. Nefndin greip til, að biðja stjórnina um fè til skólastofnunar, sem þess eina, sem nefndin sá veg til, og hef eg beztu vonir, að stjórnin veiti þessari bæn vorri áheyrslu, og svo vona eg fleiri sèu, því víst þekkir hún þessa þörf vora. Það er ekkert fast ákveðið, í hverju amtinu skólinn ætti að vera, þó sagt sè helzt í suðuramtinu; en hvar sem hann yrði, mundi hann geta orðið jafngagnlegur landinu, því kennslan ætti þó að verða svo yfirgripsmikil, að hún kenndi meira en það, sem bændur nú þekkja og vita. Það er aðaltilgángurinn, og slíkt geta menn ekki lært nema í góðum skóla, eins og nefndin hefur stúngið upp á.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, bið eg þingmenn að greiða atkvæði.

Var síðan geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. uppástúnga nefndarinnar (á atkvæðaskránni) var samþykkt með 19 atkvæðum móti 1.
2. ——— ——— (á atkvæðaskránni) samþykkt með 19 atkvæðum móti 1.
3. ——— ——— (á atkvæðaskránni) samþykkt með 18 atkvæðum móti 2.

Forseti gat þess, að atkvæði um breytíngaratkvæði H. Stephensens væri eiginlega innifalið í atkvæði um 4. uppástúngu nefndarinnar, þannig, að þeir, sem aðhylltust uppástúnguna, neituðu breytíngaratkvæðinu, og svo gagnstætt; var því einúngis borin undir atkvæði 4. uppástúnga nefndarinnar, sem er svo hljóðandi: „að konúngur samþykki, að ákveðinn hluti af vöxtum *Thorchillii* sjóðsins, t. d. núna fyrst, sem samsvari þeirri tiltölu, er Kjalarnesþíng gæti átt til sjóðsins, yrði veittur fátækum úngmennum úr því þíngi til styrks, til að nema búnaðarfræði í skólanum“, og var hún samþykkt með 10 atkvæðum á móti 8; en þar eð atkvæðagreiðslan var óglögg, bað forseti þíngmenn að greiða atkvæði með nafnakalli,

þannig, að þeir, sem vildu aðhyllast uppástúngu nefndarinnar, segðu *já*, en hinir *nei*.

já (sögðu):	*nei* (sögðu):
Þ. Sveinbjörnsson.	V. Finsen.
P. Sigurðsson.	G. Einarsson.
M. Andrèsson.	J. P. Havstein.
G. Brandsson.	H. G. Thordersen.
J. hreppst. Sigurðsson.	Þ. Jónassen
E. Kúld.	H. Stephensen.
Ó. Sívertsen.	J. Thorstensen.
Á. Einarsson.	J. Samsonsson.
St. Jónsson.	J. Jónsson.
J. Kristjánsson.	

Var því þetta atriði í uppástúngum nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum gegn 9.

P. Pètursson greiddi ekki atkvæði; Jón Guðmundsson var fjærverandi.

Forseti: Eg vil spyrja þingmenn, hvort þeir vilji senda bænarskrá til konúngs eptir þessum uppástúngum, sem allar eru samþykktar, og var það ákvarðað, að hana skyldi senda, með 14 atkvæðum gegn 5.

Síðan sleit forseti fundi, og ákvað næsta fund á mánudaginn kl. 12; sagði hann dagskráin skyldi verða birt þingmönnum á morgun.

Fundi slitið.

---

25. júlí — tuttugasti fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það mál, sem fyrst kemur til umræðu í dag, er sveitastjórnarmálið til undirbúningsumræðu. Hinn háttvirti varaforseti, sem er framsögumaður nefndarinnar, gjörir kann ske svo vel, að lesa upp nefndarálitið.

Síðan var framsögumanni afhent nefndarálitið, og las hann það upp svo látandi:

Þann 4. dag þessa mánaðar kaus alþingi oss í nefnd, til að yfirvega bænarskrár þær, sem inn eru komnar til þingsins í ár,

um bót á stjórn sveitamálefna í landi voru, og leggja ráð til, og gefa bendíngar um, hvernig fyrirkomulag þessarar stjórnar mundi geta orðið sem hagkvæmast þörfum þess, svo stjórnin, sem beðin mundi verða um frumvarp til slíkra laga, hefði hinar helztu grundvallarreglur héðan, að laga frumvarpið eptir fyrir land það, sem í svo mörgu, og þá hvað helzt í sveitarmálefnum, er svo yfrið ólíkt öðrum hlutum Danmerkur.

Bænarskrár þær, sem komnar eru til þingsins um þetta efni og oss eru í hendur seldar, eru þessar:

1. frá almennum Þingvallafundi (merkt nr. 2), sem biður alþingi, að skora á stjórnina, að flýta fyrir frumvarpi til frjálslegrar sveitarstjórnar hèr á landi.
2. frá Þórnesfundi (nr. 13), að alþingi biðji hans hátign konúnginn, að frumvarp til laga um sveitarstjórn verði lagt fyrir alþingi hið fyrsta, og að þar í verði ákveðið, að kosnir séu menn nokkrir eptir sveitarstærð til aðstoðar við sveitarstjórann.
3. frá Hróarsholtsfundi í Árnessýslu (nr. 16), að alþingi biðji konúnginn um, að hann láti búa til, og sem allra-fyrst leggi fyrir alþingi, frumvarp til laga um sveitarstjórn á Íslandi.
4. tvær bænarskrár samhljóða frá Skagafjarðarsýslu (nr. 26 og 28) um, að alþingið biðji konúng, að skipa nefnd viturra og kunnugra valinkunnra lögfræðinga, til að semja, með ráðfæríngu við reynda og greinda merkismenn þjóðar vorrar, frumvarp um hèraða og sveita hagfelda og skipulega innbyrðis stjórn, sem síðan verði lagt fyrir alþingi.
5. frá Þingeyjarsýslu (nr. 34), að alþingi sendi konúngi bænarskrá um, að vèr fáum haganlega *sveitastjórn og sýslustjórn*, til að stjórna og ráða öllum sveitarmálefnum vorum, og loksins *landstjórn* í alþingi voru, til að eiga þángað seinasta málskot allra slíkra mála.

Auk þessa eru nefndinni afhentar 2 bænarskrár, sem að eins viðvíkja launum hreppstjóra, og í bænarskránum frá Skagafjarðarsýslu er einnig beðið um bætur á löggjöfinni um húsaga, húsmenn, lausamenn og vinnuhjú, en þessi atriði eru því verkefni, sem oss er af þínginu selt til meðferðar, svo fjærskyld, og það 1. atriði svo einstaklegs eðlis í sveitarstjórnarmálefninu, að vèr ætlum oss beri, að leiða þau hjá oss.

Vèr höfum haldið 4 fundi með oss, til að yfirvega það, að áliti landsmanna, alþingis og sjálfra vor, mikilvæga efni, hvernig sveitastjórn yrði svo löguð, sem hagkvæmast væri og

fullnægja mundi þörfum lands þessa, og höfum vèr sannfærzt um, að það hvorki er starf vorra veiku og fáu krapta, nè hins stutta tíma, sem oss er hèr til lèður, að semja frumvarp til algjörðra laga um stjórn sveitarmálefna Íslands, eins og það heldur hvorki er krafa bænarskránna til alþingis, nè alþingisins til nefndarinnar, því bænarskrárnar fara því að eins fram, að þingið beiðist frumvarps til sveitarlaga hjá stjórninni. Hitt höfum vèr þar á móti fundið oss skylt, eptir umboði alþingis, að stínga upp á nokkrum aðalatriðum í sveitarstjórninni, sem gætu orðið til leiðbeiníngar þeim, sem frumvarpið semur, og sem hið sèrstaklega ástand lands þessa krefur að nákvæmur gaumur sè gefinn; því hin sama hlýtur að vera viðurkenníng allra, að undir hagkvæmri og vel skipaðri sveitarstjórn sè velferð sèrhvers lands að miklu leyti komin, því eingin bygging fær staðið, ef undirstöður hennar eru illa lagðar og óstöðugar, hversu vönduð sem byggíngin þar ofan á kynni að vera. Það er nú fyrir laungu viðurkennt, að sveitastjórnarlögum þessa lands sè í mörgu áhótavant, að þau sèu í ýmsum greinum úrelt, og svari ekki leingur til tímanna þarfa, og að smá-endurbætur þær, sem á þeim hafa verið gjörðar á stángli, hvergi nærri sèu til hlítar, og einkum sè öll framkvæmd í sveitastjórn vorri hvikul og seinfær, og úrlausn þeirra mála um of lángsótt, og lagin í hendur þeirra, sem ekki geta haft um þau svo greinilega þekkíngu, sem við þarf, nema með svo ljósum og lángorðum skýríngum í hvert skipti, að ekki sè ætíð auðvelt, að afla þeirra. Það er og fullkomin viðurkenníng þjóðarinnar, og um það bera bænarskrárnar vitni, að sá tími sè kominn, að stjórn sú, sem hingað til hefur verið á sveitamálefnum vorum, svarar eingan veginn til tímanna þarfa, og er málefnið þegar sjálfkrafa og þegjandi farið að færast í þá átt, sem nauðsynin stefnir því í, þar eð nú hreppstjórarnir víðast hvar eru kosnir af hreppsbúum, sumstaðar með samsinníngu eða að ráðstöfun sýslumanna og amtmanna, en án mótmæla þeirra annarstaðar; sumstaðar eru eptir ráðstöfun yfirvalda, og annarstaðar mótmælalaust, kosnir menn í nefnd, sem með hreppstjórum og prestum jafni niður árlega auka-útsvörum til hinna fátæku; já, það hefur jafnvel borizt, að stjórnin mundi sjálf hafa í áformi, að koma hèr á eðlilegri og nauðsynlegri sveita *(Communal)*-stjórn. Það er því meiníng nefndarinnar, að alþingið eigi, eins og bænarskrárnar fara fram á, að biðja stjórnina, að leggja frum-

varp til sveitastjórnarlaga sem fyrst fyrir alþingi, og að þingið nú bendi til ýmsra þeirra aðalatriða, sem sveitastjórnarlög á Íslandi ekki mega án vera, og hikum vèr því ekki við, að stinga upp á þessum aðalundirstöðu-atriðum í sveitastjórninni, og ætlum, að til góðs mundi leiða, ef þeim væri haldið og á þeim byggt.

Í sveitarstjórn hverri sèu 4, eða 6, eða 8 menn, eptir stærð hvers sveitarfèlags að búaardatölu, sem er mjög misjöfn.

Kosnir skulu menn þessir á manntalsþingum í hreppi hverjum af öllum búandi mönnum í hreppnum, sem óflekkað mannorð hafa og ekki þiggja sveitarstyrk, og eru fullra 25 ára að aldri.

Sýslumaður stjórnar kosníngum, og telur hin greiddu atkvæði með 2 valinkunnum mönnum.

Kjörgeingi til sveitarstjórnar hafa þeir allir, sem kosníngarrètt eiga, ef þeir gjalda til sveitar.

Nefndarmenn skulu skyldir, að taka móti kosníngum, nema lögmætar hindranir banni, og ber sýslumanni að meta þær; hafa skulu þeir umboð það á hendi um 4 ár; geingur því hinn fyrri helmíngur hinna fyrstu sveitarnefnda úr að tveimur árum liðum, en hinn á þeim ákveðna tíma, og síðan annaðhvort ár hinn eldri helmíngur nefnda. Kjósa má nefndarmann á ný, strax sem hann geingur úr nefnd, en skorast má hann þó undan kosníngu, þángað til hann hefur jafnlángan tíma verið frí við nefndarstörf, sem hann næst áður hafði þau á hendi.

Sveitarnefndir skulu halda 4 fundi á ári, á hverju hálfu missiri hið minnsta, og þar að auki svo opt þörf krefur.

Það skal starf sveitarnefndar, að stjórna því öllu og annast, sem hreppinn sèr í lagi og sameiginlega varðar, t. a. m. fátækra-málefni öll, forsorgun snauðra manna, uppeldi og menntun munaðarlausra barna (í þessu síðasta atriði skal þó sóknarprestur mestu ráða), upprekstur geldpenings til fjalla, fjallskil, fjárleitir og rèttun fènaðar þess, sem á fjöll er rekinn, grenjaleitir, refaveiðar, vegabætur; jafna skal hún niður á sveitarbúa kostnaði þeim, sem útheimtist til þarfa sveitarinnar.

Nefnd hver kýs sèr formann úr flokki sínum, er stjórni fundum og annist ritstörf hennar; gjaldkera kýs hún einnig, er haldi alla reikninga sveitarinnar, en ábyrgð á sveitarsjóðnum hefur nefndin öll.

Framkvæmd ályktana nefndarinnar í fátækra-málefnum

annist hreppstjóri, en nefndin sè honum hjálpleg, til að halda allri reglu í sveitinni.

Nefnd skal setja í sýslu hverri, er nefnist *sýsluráð* (sýslunefnd). 6 skulu nefndarmenn í sýsluráði, þar sem svo eru margir hreppar í sýslu eða fleiri; 7. maður í sýslunefnd hverri sè sýslumaður, og er hann sjálfkjörinn, og formaður nefndarinnar; hefur hann atkvæðisrètt í öllum málum, og skal atkvæði hans skera úr þeim málum, hvar atkvæði annars eru jöfn. Í hvorri Skaptafellssýslunni um sig sè sýslunefnd, og sýslumaður formaður þeirra.

Kosníng sýslunefndarmanna skeður þannig, að hver sveitarnefnd kýs með atkvæðafjölda úr flokki sínum einn fulltrúa hið fyrsta ár til sýslunefndarinnar, og hefur hún því það ár jafnmarga nefndarmenn, og hreppar eru margir í sýslunni; sýslunefndin ákveður síðan árlega, hverjir hreppar sýslunnar af þeim, sem fjarlægastir eru miðbiki sýslunnar (fundarstað nefndarinnar), og um fram eru þá 6, sem fulltrúa skulu senda í sýslunefnd, megi hið næsta ár vera fríir við, að senda fulltrúa í sýslunefndina, en einginn hreppur má fríast frá þeirri skyldu leingur, en 2 ár í samfellu.

Rètt á hver sveitarnefnd á, þó ekki eigi hún það ár að senda sýslunefndarmann, að senda fulltrúa sinn til sýslunefndar, til að upplýsa og halda svörum uppi fyrir þau málefni, sem þá sveitarnefnd varðar, en eingan eiga þeir atkvæðisrètt á þeim sýslunefndafundum; ekki á heldur sýslunefndarmaður atkvæði í þeim málum, sem sèrstaklega viðkoma sveitarfèlagi hans, og hann hefur haft afskipti af sem sveitanefndarmaður. Fundi skal sýslunefnd hafa hið minnsta tvo, haust og vor.

Ætlunarverk sýslunefndanna sè, að skera úr ágreiníngi þeim öllum, sem verða kann millum sveitanefndanna innan þeirrar sýslu, og svo þar að auki það sama í sýslunni allri yfir höfuð, sem ætlunarverk sveitanefndanna í hinum einstöku hreppum, t. a. m. vegabætur á aðalvegum (þjóðvegum) sýslunnar, einkum fjallavegum, og þar sem stórkostlegri vegabætur þarf að vinna, en einstökum hreppi sè ætlandi, refaveiðar á afrèttum og víðlendum fjalllendum, almenn fjall- og fjár-skil alls geldfènaðar, fjárrèttaskipun og viðhald, samt góð regla við rèttahöld, o. a. fl.

Sýslunefndin gjörir áætlun, og kemur sèr saman um upphæð kostnaðar þess, sem af þeim almennu verkum leiðir, sem

hún ákveður að vinna þurfi í sýslunni, og jafnar honum á hreppana eptir fasteigna- og lausafjár-hundraða-tölu í hreppunum, en sveitanefndirnar jafna kostnaðinum á búendur hreppanna eptir efnum og ástandi. Þannig skal sýslusjóð stofna, og falli til hans allar sektir þær og fébætur, sem hingað til hafa átt að falla til fátækra-fjárhirzlu, án tillits til sveitar þeirrar, hvar brotið skeður.

Þar kaupstaðurinn Reykjavík hefur þegar feingið sveitastjórn og lög, nær hin nýja löggjöf ekki til þessa lögsagnardæmis.

Hin æðsta yfirstjórn sveitarmálefna ætlum vèr ætti eptir eðli þessara mála að vera í landinu sjálfu. En af því vèr álítum nauðsynlegt, að fyrirkomulag hennar verði að vera þannig lagað, að það verði samfara því skipulagi, sem kemst á stjórn gjörvalls konúngsveldisins, og á stöðu Íslands í fyrirkomulagi þess, og jafnframt samhljóða þeim undirstöðuatriðum, sem nefndin hefur tekið fram fyrir fyrirkomulagi sveitarstjórnarinnar í hèruðunum, þá treystist nefndin ekki til, að bera upp neina beinlínis uppástúngu um fyrirkomulag hinnar æðstu sveitarstjórnar, eða um hina síðustu meðferð og úrslit sveitarmála hèr á landi, heldur verðum vèr að ráða þínginu til, að biðja konúnginn, að kveða á um það þær ákvarðanir í sjálfu frumvarpi því, er hann verður beðinn að leggja fyrir alþíngi um þetta mál, sem þannig þykja bezt við eiga.

Samkvæmt þessum ástæðum leyfir nefndin sèr að ráða þínginu til, að senda konúngi bænarskrá um, að hann láti leggja sem fyrst fyrir alþíngi frumvarp til sveitarstjórnarlaga á Íslandi, og að í því frumvarpi mættu verða teknar framanskrifaðar undirstöðu-uppástúngur til greina, hvar af eptirfylgjandi eru helztu atriðin:

1. *að sveitarnefnd verði kosin í hverjum hreppi af búendum eptir atkvæðafjölda á manntalsþíngum; að kosningarrètt hafi allir búendur, sem hafa óflekkað mannorð og ekki þiggja af sveit, en kjörgeingi hver sá búandi með óflekkuðu mannorði, sem geldur nokkuð til sveitar; að í þessum nefndum sèu 4, 6, 8 menn, eptir búandafjölda hreppanna; að þeir hafi forstöðu sveitarmála á hendi í 4 ár, nema sá helmingur fyrstu nefnda, sem geingur frá að 2 árum liðnum eptir hlutkesti; að þessar nefndir stjórni og ráði öllum sveitar (Communal) - málefnum og*

nauðsynjum, og ákveði og jafni niður á búendur, eptir efnum þeirra og ástandi, því fè, sem til þessa útheimtist.

2. *að nefnd verði sett í hverri sýslu (sýslunefnd), og sèu í henni, auk sýslumanns, sem er sjálfkjörinn og formaður þeirrar nefndar, 6 menn, þar sem svo eru margir hreppar í sýslu; að í hvorri Skaptafellssýslunni sè sýslunefnd; að í hverja sýslunefnd kjósi hver sveitanefnd einn úr sínum flokki hið fyrsta ár; að sýslunefndin ákveði þá, og þar eptir árlega, með atkvæðafjölda, hverjir hreppar síðan megi komast hjá, að senda fulltrúa hin næstu 2 árin; að ætlunarverk sýslunefndanna sè:* a, *að skera úr ágreiningi þeim, sem hefur orðið milli sveitanefndanna í sýslunni;* b, *hin sömu ætlunarverk, að svo miklu leyti, sem gjörvalla sýsluna snertir, sem hverri sveitarnefnd eru ætluð í sínum hreppi;* c, *að sýslunefndin gjöri því áætlun um upphæð þess kostnaðar, sem þessi almennu störf ár hvert útheimta, og jafni þeim niður á hreppana eptir framtaldri hundraðatölu þeirra í föstu og lausu; að sýslusjóðir verði þannig stofnaðir, og að til þeirra gángi hèðan af allar þær fjársektir, sem nú falla í fátækrasjóði.*

3. *að hin síðasta meðferð og úrslit sveitamálefna hèr á landi verði ákveðin samkvæmt þessum undirstöðu-atriðum, og í samhljóðun við þá stjórnartilhögun alls konúngsveldisins og stöðu Íslands í fyrirkomulagi þess, sem verður að lögum.*

Reykjavík 20. dag júlímánaðar 1853.

H. Stephensen, St. Jónsson. P. Pètursson. J. Guðmundsson.
formaður og framsögum.

Þessu álitsskjali er eg í öllu verulegu samþykkur; þó álít eg nægi, að einúngis sèu 2—4 menn í hverri hreppsnefnd, og 4 menn, auk sýslumanns, í hverri sýslunefnd.

Reykjavík 21. júlí 1853.

J. P. Havstein.

Framsögumaður: Eg vona, að nefndinni hafi tekizt, að setja fram meiníngu sína svo ljóslega sem unnt er, og að einginn þurfi því að vera í vafa um rèttan skilníng nefndarálitsins.

Eg vil því ekki að svo stöddu fara mörgum orðum um nefndarálitið, og það því fremur, sem svo mikið var talað um þetta mál við inngángsumræðuna; en ef einhverjum ekki

finnst hann skilja það vel, skal eg reyna, að gefa þær upplýsingar, sem mèr er unnt.

J. P. Havstein: Eg vil einúngis í fám orðum gjöra grein fyrir því, að eg ekki var fullkomlega samdóma nefndinni. Eg get ekki orðið sannfærður um, að sveitarstjórnin fyrir norðan og austan, einkanlega í fátækra-málefnum, sè svo hvikul og seinfær, eins og nefndin vill álíta hana. Hreppstjórar stunda vel köllun sína, og kosta kapps um, að efla hag þess sveitarfèlags, sem þeir eru settir yfir; þeir eru yfir höfuð sèrlega hjálpsamir fátækum, og þeir fara sparsamlega með efni hreppanna; sýslumenn láta ekki sitt eptir verða, hvað fátækra-málefnum viðvíkur, og eptirskoða þeir eðlilega hreppsreikninga og hreppsgjörninga, og hvað amtmenn áhrærír, þá vona eg, að þeir hingað til hafi gjört skyldu sína. Úrslit sumra mála er að vísu lángsótt til Danmerkur, en þar fæst það líka hlutdrægnislaust. Eg hefði yfir höfuð heldur óskað, að breytingin frá því, sem er, væri ekki svo stórkostleg, eins og meiri hlutanum sýnist, og að menn smátt og smátt svo hefðu viljað færa sig að því eptiræskta takmarki, eptir því sem upplýsing og atorka hefði vaxið í landinu, en ekki allt í einu að hrúga upp svo stórri byggíngu, sem nefndin ætlar að gjöra. Eg kærði mig ekki um, að gefa ágreiníngsálit mitt skriflegt um þetta til þingsins, því eg hef hálfvegis ætlað mèr að rita stjórninni beinlínis um þetta efni.

Eg sè ekki, að svo marga hreppsnefndarmenn þurfi, eins og nefndin stíngur upp á, heldur að nóg sè, að hafa 2—4, fyrir utan prest og hreppstjóra. Það eru til hreppar svo litlir, að ekki eru í þeim nema 8 bæir, til dæmis Loðmundarfjarðarhrepp. Setjum við nú, að á tveimur bæjum búi prestur og hreppstjóri, sem eptir áliti meiri hlutans ekki eiga að vera sjálfkjörnir í hreppsnefndina, og 3 ekkjur á 3 bæjum, þá eru ekki nema 3 bændur, sem geta feingizt í hreppsnefndina.

Eg skil heldur ekki, að svo margir valinkunnir dugandismenn sèu til, jafnvel í sumum af hinum fjölmennari hreppum, svo sem Rosmhvalaness, Stokkseyrar- og Vopnafjarðar-hrepp, að kostur sè á, að fá fyrst 8 menn í hreppsnefndina, og svo 4 eptir 2 ár, eins og nefndin hefur ætlazt til, eins og líka þessi mikla tala hlýtur að vera til trafala, ef svo margir eiga að fjalla um hreppsmálefnin, einkum þegar til framkvæmdanna kemur. Eg hefði helzt viljað, að hreppstjórar með aðstoð presta hefðu hin sömu störf og hinn sama myndugleika í fá-

tækra-málefnum, að undanteknu því, að hreppanefndirnar ættu að jafna niður sveitarútsvörin, ákveða meðlög ómaga, og yfir höfuð að veita sveitarstyrk. Þegar eg lít til þess mikla fjölda, sem meiri hlutinn vill hafa í hreppanefndirnar, dettur mèr í hug, að það væri kann ske eins gott, að láta alla hreppsbændur á þingi útkljá hreppsmálefnin.

Heldur ekki get eg, hvað sýsluráðið snertir, verið samdóma meiri hluta nefndarinnar, að hver hreppsnefnd skuli senda 1 mann í þvílíkt sýsluráð, og skuli vera 6 fyrir hverja sýslu; eg held nefnilega, að sýsluráðið eigi að vera *fyrir alla sýsluna,* eins og hreppsnefnd er fyrir hvern hrepp, en það á ekki að vera fyrir hinar einstöku hreppanefndir (repræsenterer Syssel et, men ikke de enkelte Repræsentantskaber).

Eg vildi, að hver hreppsnefnd kysi 4 menn í sýsluráðið, og að sýslumanninum síðan yrðu sendar kjörskrárnar, sem þá ætti að telja saman atkvæðin, og fá út þessa 4 menn, sem ásamt með sýslumanni ættu að vera í sýsluráðinu.

Þetta er nú einkanlega það, sem greinir á í milli meiri hluta nefndarinnar og mín, og að svo stöddu fer eg ekki um það fleiri orðum.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Það var tekið fram við inngángsumræðu þessa máls, að allar þessar bænarskrár vantaði þann eiginlegleika, sem þær þyrftu að hafa, nefnilega, að geta sýnt mönnum ókostina á þessari sveitarstjórn, sem er, þar þær vildu fá aðra betri; en því var svarað svoleiðis, að einn sjúklíngur kynni að finna, að það amaði eitthvað að sèr, en hann vissi þó ekki, hvað amaði að sèr, og gæti ekki lýst sjúkdóminum. Eg að sönnu gat nú ekki tekið þetta svar gilt, því mèr sýndist það sama, og að segja: eg vil vera óánægður með hlutinn, en eg get ekki fundið neitt að honum. Eg hef ekki heldur vitað leitað læknishjálpar, eða læknir geta hjálpað, nema sjúkdómnum sè lýst. Það rèttist nú samt svo úr fyrir þessu málefni, að það komst til nefndar, og eg gladdist af því, að það varð svo heppið, að í nefndina völdust mestu mennirnir úr þínginu, svo eg hlakkaði yfir því, að nú mundi allt upplýsast, og nefndin mundi nú leiða í ljós fyrir þínginu, þjóðinni og stjórninni, alla ókostina á sveitarstjórninni, sem er, og svo hvernin úr þeim yrði bætt með þeirri nýju stjórn, sem hún vildi setja; en þessi von hefur mèr nú algjörlega brugðizt; málið er komið allt eins aptur í þingið, með sömu óvissuna; nefndarálitið sýnir

einga galla eður ókosti á sveitarstjórninni, sem er, en vill þó forkasta henni, svo þingið og þjóðin sèr ekki enn, hvers hún þarf að biðja, og stjórnin getur þá ekki sèð, hvað hún á að lagfæra. Nefndin segir að sönnu, að þessi sveitarstjórn, sem er, sè ekki svo góð, sem hún vera eigi, en hún getur heldur hvorki sýnt nè sannað, að sú sveitarstjórn, sem hún skapar, verði góð, og af því að hún ekki hefur sýnt, að sú fyrri sè verri, getur hún ekki sagt, að hin verði betri.

Eg vil nú telja fram gallana, sem eg hef helzt heyrt kvartað um á sveitastjórninni, en það er það, að sveitarmenn ekki fái tækifæri, að fá hentugasta eða bezta manninn, sem til er, fyrir hreppstjóra, þar þeir ekki fái að kjósa hann; því eg veit ekki til, að það sè enn gefið nokkurt lagaleyfi til þess, eða það sè venja í vesturamtinu; og annað það, að þó hentugur hreppstjóri fáist, þá verði honum ekki haldið kyrrum við það embætti, þar kjör hans sèu svo ósanngjörn, og það er víst einhver sá mesti galli á sveitastjórninni, að hreppstjórar skiptast svo opt um, og hlaupa svo fljótt frá aptur, strax þá þeir eru farnir að geta gjört gagn og verða kunnugir; verður svo aldrei neitt verulegt eður þarft tekið fyrir í sveitunum; en það er engin von, að nokkur ærlegur maður geti lagt alúð við það stand, sem svo er óþakklátt, eður eirt við það ári leingur, að láta hafa sig svo fyrir þræl, að slíta út æfi sinni og kröptum í annara þarfir, og hafa ekkert *í gen;* það er þó ekkert stand í veröldu svo aumt, sem eg þekki; því þó maður taki ekki nema strák, til að vera í fjósi, þá gefur maður honum þó að eta, og fleygir á hann spjör, en hèr er enginn grundvöllur lagður til af laganna hálfu, að hreppstjórar fái ofan í sig nokkurn matarbita, þó þeir standi í sveitarumsýslunum daga og vikur samfleytt, svo það munu allir heilvita menn játa, að kjör og meðferð á þessari einu embættisstètt í ríkinu sè allri stjórnarformsreglunni rètt til minkunar, og getur þessi aðbúnaður á sveitarstjórninni ekki verið heillavænlegur. En nú á að fara betur; það tekur nú líka í hnúkana; nú kemur nýtt vit og ný regla; það eiga nú að koma í hverri sveit 4, 6 eða 8 hreppstjórar, nefnilega, sú ósanngirnisplága, sem legið hefur á einum, á nú allt í einu að ausast yfir marga, heilan flokk, kraptinn úr sveitinni, líkt og þegar pest, sem legið hefur í einum, grípur fjölda allt í einu, og plága þessi er nú hálfu verri en áður; því það voru þó ekki nema 3 ár, sem menn voru bundnir við þetta ófrelsi en nú skulu það vera fjögur; og það

er ekki þar með búið, maður skal vera gripinn til þess aptur eptir 4 ára frísprok. Það er sjáanlegast, að nefndin hafi sniðið þetta sköpunarverk sitt eptir sakamálalögunum hèrna í Reykjavík, þegar menn eru eptir hvert fimm daga andrúm gripnir aptur, og settir inn í svartholið. Enginn af þessum 6 eða 8 hefur nein laun, heldur en fyrri; því hafi áður verið örðugt, að veita þau þeim eina, þá mun það nú ekki vera hægra handa þessum fjölda, en eins verður embættið örðugt hverjum af þessum 8, eins og þó hann væri einn, því hann getur ekkert gjört utan í fèlagi með öllum hinum, en hver einn verður þó að taka þátt í öllu, sem gjöra þarf. Eg þori að segja, að þessi fjöldi gjörir ekkert gott, heldur miklu fremur illt, töf og ágreining. Ef nokkuð á að framkvæma, hljóta menn að vera í samfundareiðum og á sífeldum ráðstefnum, geingur svo ekkert; hver mezt um við annan, því nú hefur enginn svo að kalla tækifæri, að gjöra sèr til sóma, og enginn aðhald, að gjöra ekki sèr til mínkunar, því mörgum mun þykja sætt sameiginlegt skipbrot, þó þeir líði álas í fèlagi með öðrum um, að eitthvað fari óskipulega. Þíngræðurnar mega því eitthvað telja um fyrir mèr, ef eg skal sannfærast um, að þessi sveitarstjórn verði betri, og hef eg heldur hugsað hitt, að taka mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að sveitarmenn fái rètt til, að kjósa hreppstjórann, og kjósi hann upp á hverjum 3 ára fresti, en láti kjósa menn með sèr til tíundarskipta, og að hann fái sanngjörn laun, þá skattgjaldslögin komast á.

Sýslustjórn þessi, sem hèr er sett, veit eg nú ekki til hvers á að vera, nema eg sè hún á að stipta sýslusjóð, og dæma álögur á allar sveitirnar; kann ske að hún eigi að taka það upp í laun fyrir fyrirhöfn sína; eg veit annars ekki, hvern þarfa hún á að vinna, þegar sýslumaðurinn á að vera samt. Það hefði þá heldur verið nokkursmyndar, hefði sýslumaðurinn ekki þurft að vera, og mátt brúka þetta, sem þeir eta, til annara landsins þarfa, og þetta hefði átt að vera dómsnefnd, til að dæma mál í hèraði, og aptur gæti verið fjórðúngsdómur við ömtin, og sá efsti og þriðji dómstóll landsins væri þá yfirrètturinn, svo ekki þyrfti að vera að leita með málin út í önnur lönd til hæsta-rèttar. Eg býst við, að mönnum þyki eg nú vera búinn að tala nógu leingi, og skal eg því hætta um sinn, en einúngis biðja menn, ef þeir svara mèr nokkru, að rángfæra ekki orð mín, svo eg þurfi ekki að neyðast til, að lýsa neinn ósannindamann.

Framsögumaður: Minni hluti nefndarinnar ber okkur, að við höfum sagt, að sveitarstjórnin væri hvikul og seinfær — (*J. P. Havstein*: Í fátækra-málefnum) —, en eg veit ekki, hvað hvikult er og seinfært, ef það er ekki, þegar 4 eða 5 úrskurðir falla í einu og sama málefni, 2 af sýslumanni, 2 af amtmanni, og 1 af kanselii, sem úrskurða fátækraliminn á 3 hreppa, sinn í hverjum úrskurðinum, og hinn seinasti úrskurðurinn gjörir þann hreppinn forsorgunarskyldan, sem einginn hinna fyrri úrskurðanna hafði nefnt til, og þannig kemst hinn fátæki eptir 3 eða 4 ár á réttan framfærishrepp. Þvílikt dæmi þekki eg, og var það um konu með 3 börnum að gjöra, sem óviðkomandi hreppur varð að annast allan þennan tíma.

Viðvíkjandi tölu nefndarmanna í sveitanefndunum, þá gat minni hlutinn þess, að ekki væru nema 8 bæir sumstaðar í hreppnum. Það var rætt um þetta í nefndinni, að optar mundi prestur og hreppstjóri verða kosnir, því presturinn mun þó optast meðal hinna skynsömustu í hreppnum. Þurfi eptir meiningu hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns að vera 4 í sveitarnefnd hverri, jafnvel í minnstu hreppunum, þá þarf þess líka í Loðmundarhrepp, og þá held eg þurfi líka 8 í hinum stærstu hreppunum.

Það getur verið, að það tefji meira fyrir úrslitum málefnanna, að hafa svo marga, en betra er, að tefjast viku, en eiga undir úrslitum einvalds hreppstjóra, sem stendur undir einvöldum sýslumanni, sem á yfir sér einvaldan amtmann, sem loksins stendur undir einvaldri stjórn; en töfin mun vinnast upp aptur, þegar seinasta úrlausn væri innlend, og eg ætlaði, að betri úrlausn feingist hjá sýslunefndinni, en hjá hinum alvalda sýslumanni.

Viðvíkjandi því, hvað margir skuli vera í sýslunefndinni, og hvernig skuli kjósa til hennar, þá áleit nefndin, að hentugast væri, að hún væri samsett af innansýslumönnum, já, úr sveitarnefndunum, og hver þeirra sendi 1 inn í sýslunefndina, því það er þó auðsjáanlega nauðsynlegt, að einhver þarf að vera til staðar í sýslunefndinni, sem geti gjört grein fyrir, hvernig málið er undir komið hjá hreppsnefndinni. En nefndin útilokaði frá atkvæðisrétti í sýslunefndinni þann, sem væri frá sama hrepp, og málið væri komið frá, sem atkvæði ætti að gefa um. Nefndin hefur ákveðið, að hver hreppsnefnd skyldi kjósa 1 í sýslunefndina fyrsta árið, en síðan skyldu vera 6 í henni, og

er eg enn á þeirri meiníngu, að í stórum sýslum muni ekki af veita, þó 6 sèu í nefndinni, og eg get ekki sèð, að nokkuð ynnist við, að að eins væru 4, því í þessu máli ættu menn minnst að hugsa um kostnaðinn; því sveitastjórnin *(Communal-Bestyrelsen)* er byggð á, að hver og einn vilji fá góða stjórn, án þess að horfa í nokkurt ómak eða kostnað sjálfs sín, og hef eg fyrst af þíngmanninum frá Mýrasýslu heyrt hið gagnstæða. Hann sagði í inngánginum til þeirrar laungu og fögru ræðu, sem hann hèlt, að maður leitaði ekki læknisins, fyr en menn gætu lýst sjúkdómnum, en eg held menn leiti hans opt líka til þess, að fá að vita, hvað að manni geingur. Að nefndin hefur ekki hrósað fóstri sínu, vona eg þíngmaðurinn lasti hana ekki fyrir; hún ætlaði sèr ekki að búa til frumvarp, til að senda stjórninni, heldur einúngis gefa henni nokkrar upplýsíngar. Hann hèlt það væri þeim muninum verra, að hafa svo marga í nefndinni, því þá þyrftu fleiri að launast, en það kom nefndinni aldrei til hugar; það var heldur ekki meiníng nefndarinnar, að þeir skyldu hafa nokkur laun; en eg get ekki sèð, af hverju hann hefur dregið það, að nefndin ætlaði sýslunefndinni nokkuð; því það stendur hvergi í álitsskjali nefndarinnar. Að líkja starfa sýslu-nefndarinnar við vatns- og brauðs-straff, var óheppin samlíkíng; því til þess er maður dæmdur, til að afplána afbrot; en það mun vera sú bezta umbun, að framkvæma þetta nefndarstarf með fúsum vilja.

Nefndinni kom aldrei til hugar, að sýslunefndin skyldi vera regluleg dómsnefnd, heldur að hún að eins skyldi skera úr ágreiníngi sveitanefndanna.

Eg þykist vita, að þíngmanni Mýrasýslu skilst ekki þetta betur en áður, og það var heldur ekki von mín, að koma honum í skilníng um það.

J. P. Havstein: Eg vil heldur, að þeir þíngmanna tali um þetta málefni, sem ekki hafa verið í nefndinni; en sjálfur vil eg sem minnst leingja umræðurnar um það. Það dæmi, sem hinn heiðraði framsögumaður tók af sveitarkerlíngunni, sannar ekkert; því verið getur, að allt af hafi komið fram nýjar og nýjar upplýsíngar, sem hafi breytt úrslitum málsins. Mèr finnst ekki eiga alls kostar vel við, að hreppskil, rèttahöld og refaveiðar heyri undir sýslunefndina, því slíkt viðkemur einum eða nokkrum hreppum, þar sem eg þekki til.

J. Kristjánsson: Það fylgir mèr sá annmarki, að eg er

nærsýnn nokkuð, en eg fæ ekki gjört við því; samt vil eg reyna til, að skygnast yfir þarfir alls landsins, og þá sýnist mèr, að nefndinni hafi tekizt allvel tilraun sín, að fara þess á leit, sem þörfin krefur í tilliti til sveitastjórnar hèr; þó gjörir hún að minni meiníngu kjörgeingina of þraungva, þegar kjósa skal í sýsluráðið. Manninn í sýsluráðið á að kjósa eptir uppástúngu nefndarinnar tvöföldum kosníngum; því það er sveitanefndin, sem kýs, en hún á að kjósa úr sínum flokki einúngis. Nú getur hæfilegasti maðurinn, til að sitja í sýsluráðinu, verið utannefndar á þeim missirum, sem kjósa þarf í sýsluráðið, af því menn gánga úr nefndinni annaðhvort ár, og er eptirsjón í því, að hann getur ekki verið kjörgeingur. Eg vil þess vegna taka mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að sveitanefnd kjósi einn mann, þann er hún álitur þar til hæfilegastan, annaðhvort úr sínum flokki eða af öðrum bændum, í þeirri sveit, til að vera í sýsluráði.

Hvað tölunni viðvíkur, að 4, 6, 8 menn skuli eptir stærð hreppanna vera í sveitanefndunum, þá fellst eg á það; eg vil fyrir mitt leyti eiga heldur sveitamálefnin undir fleirum mönnum, þó sumir þeirra kunni að verða einfaldir, sem menn kalla, ef þeir eru ráðvandir, heldur en undir fáum, þó greindir séu álitnir, en væru hrekkvísir. Eg álít eingan veginn aðalumtalsefni í þessu máli fárra skildínga kostnað, eða nokkurt ómak, heldur hitt, að þvílíkar sveitanefndir og sýsluráð komist á legg, sem unnið geti nokkurn veginn það verk, sem þeim er ætlað að vinna.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Það skil eg ekki, að hèr í landi sè ekki spursmál um ómak. Hèr í landi eru ómök laung og örðug, og bændur álíta sèr tíðina mjög dýrmæta. Hèr var t. a. m. eitt hreppstjórnarþíng, en þegar öðru var bætt við, þá hafa menn knurrað sáran yfir því, að verða að taka þar 2 daga frá störfum sínum, sem ekki þurfti áður nema 1. Eg sè að sönnu, að nefndin er ekki sípin með tímann, þar sem hún bætir nú við allt í einu 4 fundum á ári í sveitum, og 2 í sýslunefndum. Eg vil setja fram eitt dæmi, hvort hèr getur ekki orðið spursmál um ómak. Það verður einn fátæklíngur heylaus eða bjargarlaus í harðindum á vetrardag; þá er hann nú vanur, að fara til hreppstjórans, og hver duglegur hreppstjóri fer strax til beztu bænda í sveitinni, og útvegar þeim fátæka hjálpina. Nú færi þessi sami fátæklíngur til einhvers af þessum 8 nefndarmönnum; eg gjöri ráð fyrir, að hann segði: „þar get eg ekki einn úr

ráðið; þú verður að finna hina líka, og ef þeir kalla til mín, þá kem eg á fund með þeim, að tala um þetta„. Það kann að vera dálítið ómak fyrir fátæklínginn, að finna þá alla, því sumstaðar eru stórar og strjálbyggðar sveitir. Það er ekki stór sveitin, sem eg er í, en það gjörir samt enginn frískur maður betur á dag í slæmri færð, en að gánga frá einum enda hennar til annars, og hálf dagferð er hún þvert yfir. Nú skal sinn nefndarmaður sitja í hverju horni hennar. Skyldi ekki aumínginn hafa nokkurn harmagáng, eða verða orðinn svángur eða skepnur hans, þegar hann væri búinn að koma öllum þessum góðu mönnum saman í einn hóp, og þeir væru síðan búnir að jafna sig með, að hjálpa honum.

Framsögumaður sagði, að eg hefði stúngið upp á dómsnefnd, en það var fjærri; eg hef ekki stúngið upp á þessari sýslunefnd, en eg held það verði einslags dómsnefnd, þar hún á að dæma yfir miskliðum þeim, sem verða á milli sveitanefndanna, og dæma skyldur og álögur á alla sýslubúa eptir tíundar og fasteignar hundraða fjölda. En það er nú mín trú, að það mundi verða eins góð regla og lögun á sveitarstjórninni, að menn feingju þann rètt, að það væri ekki deingt á mann þessum ókunnugu, óhentugu og ónýtu dönsku sýslumönnum; því þægilegur og gagnlegur sýslumaður mun eins vel laga á milli sveita og þessi sýslunefnd. Eg tala ekkert betur fyrir málefninu, þó eg komi sjálfur í þessa nefnd, heldur en eg get skrifað um það, og eg held skynsamur sýslumaður geti eins vel skorið úr málum eptir greinilegum skrifum og skýrslum, eins og þó þessi nefnd komi til hans og rífist hjá honum heilan dag — (Hlátur) —. Að nefnd þessi þurfi að dæma um refaveiðar eða vegabætur á fjöllum, skil eg ekki; því eg veit ekki betur, en fjöllunum sè skipt með vissum merkjum víðast hvar á sveitirnar, og hver hreppstjóri láti því bæði hreinsa fyrir dýrum, og við halda vegum, á þeim plázum, sem hverri sveit til heyrir, og mundi því það sýslunefndarverk verða óþarft, að fara að búa til sjóði eða álögur á alþýðu í þessu skyni.

J. Guðmundsson: Eg vildi standa upp, og tala fáein orð, áður en fleiri færu að feta í fótspor þingmannsins frá Mýrasýslu, til þess að kveða upp fordæmingardóm, ekki að eins yfir álit og uppástúngur nefndarinnar, heldur líka yfir sjálft alþíngi. Hann hèlt það gjörði ekki meira gagn, að koma sjálfur á nefndarfundinn, en að skrifa til sýslumanni eða amtmanni

að heiman; en eptir sömu skoðun yrði sjálft alþingi öldúngis þýðíngarlaust um leið; því eptir því þyrftu menn ekki að koma híngað, og leggja á ráð um aðalmál landsins, heldur væri nóg, að skrifast á um það við æðstu yfirvöldin og stjórnina, sem mönnum þætti nokkuð í varið. Svona fer, þegar menn binda sig of fast við það, sem er, og hugsa ekki um það, hvernig betur má fara, eður það fyrirkomulag, sem er miklu eðlilegra. Það, sem nefndin stíngur upp á um fyrirkomulag sveitastjórna, er öldúngis gagnstætt því, sem verið hefur um nokkurn tíma; það er fyrirkomulag, sem er sama eðlis og í sömu stefnu og stiptun alþíngis; það er fyrirkomulag, grundvallað á frjálsum kosníngum þeirra manna, sem eiga einir að búa að ályktunum og framkvæmdum sveitastjórnanna. Það er að vísu satt, að nefndin stíngur upp á allt öðru fyrirkomulagi en því, sem nokkurn tíma hefur verið í landinu; þeir, sem vilja hrinda þessu fyrirkomulagi á sveitastjórn, rífa jafnframt niður stiptun alþíngis og gagnsemi þess. Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður hefur skrifað á álitsskjalið, að hann væri nefndinni í *öllu verulegu samþykkur*, nema um tölu þeirra, sem kosnir yrðu í sveitanefndirnar og sýslunefndirnar. En mèr heyrist nú á ræðum hans, að það sè orðið margt fleira, sem hann greinir á við nefndina; því nú greinir hann á við nefndina um aðalundirstöðuna á fyrirkomulagi sveitarstjórnarinnar; því ræður hans og tillögur stefna *nú* að því, að fyrirkomulagi sveitarstjórnarinnar, eins og hún er nú, sè haldið að allri undirstöðu, en að *hún* sè að eins gjörð dálítið frjálslegri.

Það getur vel verið, að fátækra-stjórnin fari vel fram, og má ske betur en annarstaðar, í norðuramtinu; eg er fremur á því, að svo sè; en hèr er um miklu fleira og meira að ræða, en þessa einstöku grein í sveitarstjórninni, og hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður hèfur ekki sagt, og má ske ekki getað sagt, að neitt annað af því, sem á að liggja undir sveitastjórn, fari vel fram í norðuramtinu.

Viðvíkjandi tölu nefndarmanna er minni hlutinn einkum ósamdóma. Framsögumaður hefur sýnt, að talan á *hreppsnefndarmönnunum* muni vera rètt hitt; því þó til sè kann ske hreppur, sem ekki hafi nema 8 eða 10 búendur, þá er þó almennast, að í hreppum sèu 30 til 40 búendur, og í fjölmennustu hreppunum eru yfir 100 búendur. En hvað viðvíkur tölu á *sýslunefndarmönnum*, vill minni hlutinn einúngis hafa 4, fyrir utan

sýslumanninn, kosna með allumsvifamikilli kosníngaraðferð, og ekki beinlínis kosna úr flokki hreppsnefndanna sjálfra; en þá mætti mjög opt bera að því, að þeir mennirnir yrðu einmitt kosnir, sem mest eru riðnir við þau mál, sem sýslunefndin ætti að hafa til meðferðar það árið. Eg fyrir mitt leyti held annars, að tala nefndarmanna í sýslunefndinni reynist heldur of lítil, en of mikil, svo mèr sýnist ekki ástæða til, að breyta því, sem nefndin hefur stúngið upp á. Viðvíkjandi miður heppnum orðatiltækjum þeim í nefndarálitinu, sem hinn sami háttvirti konúngkjörni þíngmaður talaði um, þá eru þau að eins í ástæðum, en ekki í uppástúngum nefndarálitsins, og er því hægra, að sleppa þeim eður lagfæra, þegar álitsskjalið verður samið til stjórnarinnar.

M. Andrèsson: Það mun ekki verða lángt, og enn síður merkilegt, sem eg tala í máli þessu, og er þá illu bezt af lokið. Ekki er það ásetníngur minn, að rífa niður nefndarálitið; það færi illa á því fyrir mèr, sem altíð hef viljað heldur fleiri en færri í hverri stjórn sem er, og verið illa við allt einveldi. Þó þetta nefndarálit hafi einhverja ófullkomlegleika, eins og öll mannaverk, þá þarf það ekki að virðast undarlegt, þar það er sú fyrsta uppástúnga, sem upp hefur verið borin viðvíkjandi sveita- og sýslu-stjórn; en það er mikil bót í máli, að þessar fyrstu uppástúngur eiga að gánga gegnum mikinn hreinsunareld, nefnilega þetta þíng, stjórnina, og alþíngi aptur, áður þær verða að lögum. Það er hið fyrsta, sem mèr virðist athugavert við nefndarálitið, að, eptir sem mèr skilst, ætlast nefndin til, að hreppstjórinn hafi framkvæmdarvaldið, að því verði framgeingt, sem sveitarstjórnin ályktar — (*Framsögumaður*: í fátækra-málum) —, og hún sè honum þó hjálpleg í því. Af þessu er það að vísu ljóst, að nefndin mun ætla að hafa hreppstjóra, en hitt er mèr óljóst, hvar verkahríngur hans og nefndarinnar að skiljast eða koma saman. Mèr hefði þótt æskilegt, eða jafnvel ómissandi, að nefndin hefði með fáum orðum til tekið, hvort hún ætlast til, að í hverri sveit sè 1 hreppstjóri, eða 2 í sumum, eins og verið hefur, og hvert ætlunarverk hreppstjórans skal vera, og hvort hann skal vinna að öllu leyti kauplaust, eins og hver meðlimur nefndarinnar.

Hvað sýslunefndina snertir, álít eg það ekki sem rèttast eða sanngjarnt, að ekki sitji í henni fleiri menn en 6 í þeim sýslum, hvar flestir hreppar eru; eg held nefndin hefði gjört

betur, að hafa tölu þeirra óákveðna, og að hver sýslunefnd ráði því sjálf, hversu marga hreppa hún kýs frá, sem ekki þurfi að senda mann á sýslufund það eða það árið.

Þar sem stendur í nefndarálitinu, að sýslunefndin skuli jafna kostnaði þeim, sem útheimtist til almennra þarfa, á hreppana eptir framtöldum hundruðum í föstu og lausu, hvað meinar nefndin með því? Eg veit ekki til, að fram sèu talin fasteignarhundruð, nema þau, sem tíunduð eru, en margar jarðir eru undan þegnar tíundarskyldu. Mèr er ekki ljóst, hvernig þetta á að skiljast; það væri nauðsynlegt, að nefndin vildi skýra þetta betur, og líka hitt, hvernig hún ætlar að samríma hreppstjóra og sveitarnefnd, og þó að skilja verk þeirra að nokkru leyti. Ef einhverja fleiri en mig kynni að skorta skilning á þessu, þá væri gott, að þingtíðindin upplýstu það fyrir mönnum.

J. P. Havstein: Eg vil einúngis fara fáeinum orðum viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður úr Skaptafellssýslu talaði, og get eg ekki skilið, að kosníngaraðferð sú við kosníngu sýslunefndarmanna, sem eg stakk upp á, sè ófrjáls og margbrotin, þó hver hreppur kjósi 4 menn, og kjörskrárnar síðan verði sendar til sýslumanns, sem með 2 hreppstjórum eða formönnum hreppanefnda skoði þær og telji saman atkvæði. Skoðun mín er sú, að sýslunefndin sè fyrir sýsluna, eins og hreppsnefndin er fyrir hreppinn, en eg skil ekki í því, að nokkur hreppsnefndarmaður verði af því óhæfur til þess, að sitja í sýslunefnd, þó málið, sem ræða á, sè úr hans hreppi, ef það ekki áhrærir hann persónulega.

Framsögumaður: Þar sem hinn virðulegi þingmaður Árnesínga, sem fór svo hóflegum orðum um nefndarálitið, leitar upplýsíngar viðvíkjandi ýmsu í nefndarálitinu, þá skal eg reyna, að gjöra honum hugsun nefndarinnar skiljanlega.

Nefndin nefnir hreppstjórana, sem meðlimi sveitarnefndarinnar eða ekki, allt eptir því, hvort þeir eru kosnir í hana eður ekki. Hún hugsaði sèr, að gott væri, að umsjónin hvíldi einnig á hreppstjóranum, sem líklega yrði kosinn af hreppsbúum — (*M. Andrèsson*: Það er ekki sagt hann verði kosinn) —; hann hefur mörg störf, sem fullmektugur sýslumannsins, og nefndin vildi ekki hindra hann frá, að hnauka á þeim eptir þörfum. Sami virðulegi þingmaður ætlar, að þar sem 13 eða 14 hreppar eru í sýslu, muni ekki allir komast að sýslunefndinni eptir

uppástúngu vorri, en þegar sýslunefndarmenn eru 6, komast menn að úr 18 hreppum, þegar hver má hvíla í 2 ár.

Þeir 2 þingmenn finna einga þörf til umbreytingar á fátækra-stjórninni, og þó eru komnar 3 bænarskrár úr Þingeyjar- og Skagafjarðar-sýslu, með 250 undirskriptum, og 2 frá Þórness- og Þingvalla-fundunum.

G. Brandsson: Í nefndaráliti því, er nýskeð var lesið, var á einum stað talað um það, að sumstaðar væri sú lenzka komin á, að sveitarbúar kysu sjálfir hreppstjóra sína með ráði sýslumanna, og líka, að hreppstjórar, eptir fyrirmælum sýslumanna, tækju með sèr nokkra sveitarbændur, til að skipta tíundum, og jafna niður auka-útsvörum. Það getur nú vel verið, að sýslumenn gángist fyrir þessu sumstaðar, en hèr sunnanlands held eg aðalreglan sè sú, þegar hreppstjóri segir af sèr hreppstjórn, að hlutaðeigandi sýslumaður leiti þá álits hans um það, hver líklegastur muni þar í sveit til, að taka við hreppstjórninni; stundum er líka sóknarpresturinn að þessu spurður, og er þetta látið nægja. En hvað viðvíkur aðferð þeirri, sem hèr er höfð, til að skipta tíundum, og jafna niður auka-útsvörum, þá er hún sumstaðar, og eg held víða hvar, þannin, að hreppstjórar kveðja með sèr nokkra bændur til þessa starfa, hverja þeir sjálfir útnefna. Aptur hafa aðrir tekið sèr þá reglu, að láta sveitarbúana til taka þá, ýmist 5, 7 eða 9, eptir stærð hreppanna, og hefur aðferð þessi reynzt þokkasæl. Mèr virðist nú, að þetta sýni, að málinu er eins og sjálfkrafa farið að þoka í þá stefnu, sem nefndin vill koma því. Það hefur verið álitinn meinlegur galli á hreppstjórninni, hversu stuttan tíma að hreppstjórar væru bundnir við borð, að vera í henni, og hefur þetta komið til af því, að þeir hafa að mestu leyti unnið launalaust, og þá hefur þótt ósanngjarnt, að halda þeim leingur í henni; en af því hreppstjórar margir hverjir hafa þá fyrst verið farnir að fá nokkurn veginn glöggt skynbragð á sveitarmálefnum, þá hefur mönnum þótt koma fram nokkur ósamkvæmni við þau sífeldu hreppstjóraskipti. Nú hefur nefndin stúngið upp á, að kosníng hinna nýju sveitanefnda skyldi vera þannig, að helmíngur hennar fari frá á hverjum tveimur árum, og að þá kæmu aðrir menn í stað þeirra, sem færu úr nefndinni. Eg er nú hræddur um, að þessi sífeldu umskipti leiði til sömu sundrúngar og ósamkvæmni, sem áður hefur verið kvartað yfir um hreppstjórana. Mèr hefði því fallið betur, að sveitarnefndin hefði

mátt haldast ósundruð í 3 ár að minnsta kosti, og vera svo laus við kosníngu önnur 3 ár, nema að því leyti, sem sumir meðlimir hennar hefðu sjálfkrafa viljað gjöra fyrir tilmæli annara sveitarbúa sinna — (*Framsögumaður*: Þeir eru kosnir til 4 ára) —; einnig vildi eg stínga upp á því, hvort ekki mundi betra, að tala hinna kosnu manna stæði á stöku, svo að í hverri sveitarnefnd væru t. a. m. 3, 5, eða 7, eptir stærð og ásigkomulagi hreppanna; því við gæti það borið, að nefndarmennina greindi á um eitthvert atriði, en hægra væri, að sjá meiníngamuninn, ef tala þeirra væri stök, og úrslit málanna yrðu með því auðunnari. Eg hef reyndar ekkert á móti þeirri uppástúngu nefndarinnar, að menn þessir yrðu kosnir á manntalsþíngum, og að sýslumenn þar stýrðu kosníngunum, en alltítt er það, að fáir hreppsbúar koma á manntalsþíng, og líka hitt, að sýslumenn hafa þar opt nauman afgángstíma frá öðrum embættisstörfum; en það þykir víst meiri tryggíng í þessu, heldur en að kosníngin fari fram á vorhreppskila-þíngum undir umsjón prests og hreppstjóra, því þau þíng eru þó almennt vel sótt af bændum. Nefndin hefur stúngið upp á því, að sóknarpresturinn skuli mestu ráða um kennslustaði handa börnum. Mér þykir nú þetta nokkuð skrítið, þegar litið er á þá frjálslegu stefnu, sem nefndin virðist að hafa tekið, og held eg, að það hefði ekki verið lakara, þó atkvæðafjöldi hefði feingið að ráða í því sem öðru; því verið getur, að sveitarbúar væru ekki síður en presturinn kunnugir hentugum kennslustöðum í sveit þeirra, einkum væri hann nýkominn í sóknina, og hvað viðvíkur sveitaruppalníngum, þá held eg menn þessir létu sèr annt um, að koma þeim fyrir í þá staði, hvar minnst stæði á kennslu þeirra, og minnst þyrfti með þeim að leggja; en þetta síðara atriði tæki presturinn má ske minna til greina. Að öðru leyti held eg, að honum og nefndarmönnunum mundi sem optast koma saman í þessu. Það er talað um, að í sýslusjóð þann, sem eigi að stofna, skuli renna allar þær sektir, sem gánga eigi í fátækrasjóð; en mönnum er það þó kunnugt, að hèr var fyrir fáum dögum samþykkt frumvarp til tilskipunar um helgidagahald, og var þar meðal annars stúngið upp á, að allar sektir fyrir brot þau, sem drýgð yrðu á móti áminnstu lagaboði, skyldu renna í fátækra-sjóð. Ef að nú uppástúnga þessi í sveitastjórnarlögunum, um sýslusjóðinn, yrði samþykkt, þyrfti að breyta grein þeirri í helgidagatilskipuninni, sem eg minntist á.

Hvað sjálfri sýslunefndinni viðvíkur, þá held eg hún gæti í mörgu falli orðið nauðsynleg; því það er ekki ótítt, að ágreiningur getur risið milli hreppa um hitt og þetta, t. a. m. réttahöld, óskilafé, og fleira; það er t. a. m. hérna í sýslunni ákveðið með reglugjörð, sem amtið hefur samþykkt, að úrgángur allur úr sauðfjárréttum skuli rekast sunnan að, rétt frá rétt, og loksins að það, sem ekki væri geingið út á veturnóttum, skyldi seljast við Elliðaár, en að andvirðinu skyldi síðan skipta milli allra hreppa í sýslunni; nú eru liðin meir en 12 ár, síðan ákvörðun þessi var gjörð, og hefur ekki einn skildingur þar af komið í hreppa þá, sem eru fyrir sunnan Álptaneshrepp; en þetta og margt fleira held eg nú að sýslunefndin gæti jafnað.

Eg verð að vera á sama máli og þingmaður Árnesínga, að það muni ekki sem heppilegast til tekið um þá 6 menn, sem talað er um að vera skuli í hinni áminnstu nefnd, því þar sem hreppar eru margir í sýslu, t. a. m. 12—14, sem hér á landi á sér stað, þá yrðu of margir útilokaðir frá þeim rétti, sem þeir ættu eins vel og aðrir; mundi það því ekki vera betra, þar sem svo stendur á, sem eg hef sagt, að allir hreppar sýslunnar kæmu sér saman um, hvað marga menn þeir ættu að kjósa og senda í sýslunefndina? því með svofeldu móti þyrftu ekki málefni þeirra fjærst liggjandi hreppa að verða á hakanum; því þó þeir, eins og nefndin stingur upp á, megi senda menn til sýslufundanna, sem skýri frá ýmsu, er hreppum þeirra viðvíkur, þá held eg það sé gagnslitið, þegar þeir hafa eingan atkvæðisrétt.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um það, sem hinn virðulegi þingmaður Gullbringusýslu sagði. Hann vildi ekki, að sóknarprestar hefðu hærri atkvæðisrétt viðvíkjandi kennslu barnanna; en uppfræðing únglingsins er þó altènd í ábyrgð sóknarprestsins — (satt) —. Hann gat þess í ræðu sinni, að honum líkaði það vel, að sýslunefndin annaðist skipun fjárréttа, og það ætla eg því heldur nauðsynlegt, sem mér er kunnugt, að menn hafa viljað fækka þar sauðaréttum, sem þær hafa verið því nær í hverjum hreppi, og ollað mönnum mikillar verkatafar og erviðleika, og hraknings á fé, og hafa ekki feingið því fram komið; því einginn hreppanna vildi missa sinnar réttar. Hann sagði, að með því mótinu mundi óskilafé, eða verð þess, koma niður á hreppana með meiri jöfnuði, og þeirrar meiningar er eg líka, og hef fundið, hver

ójöfnuður er í því, að fè það, sem búið er að reka rètt úr rètt hálfa sýsluna, skuli lenda í fátækra-sjóði hins síðasta hreppsins eins, ef ekki spyrst upp eigandi.

J. P. Havstein: Hinn heiðraði framsögumaður sagði áðan, að 3 bænarskrár væru að norðan um þetta efni, en þó vildi eg segja, að fátækra-stjórnin væri í góðu lagi í norður- og austuramtinu. Með tilliti til þessa skal eg leyfa mèr að geta þess, að tvær bænarskrárnar, sem eru úr Skagafirði, gánga, eptir því sem mig minnir, *mestmegnis* út á breytíngu á lögreglustjórninni, og ein einnig um húsmenn, húsaga og lausamenn; hin þriðja bænarskráin, sem er úr Þíngeyjarsýslu, ætti þá að vera vottur þess, að sveitastjórnin væri ekki góð nyrðra, en getur hún ekki verið fremur eptirhermur, eptir því sem við geingst annarstaðar, eins t. a. m. ef Þíngeyíngar hefðu farið því á flot hèr um árið, þegar Frakkar tóku upp þjóðstjórn, að fá hana líka?

Framsögumaður: Eg veit ekki, hvernig skilja á 2. atriðið í bænarskránni frá Skagafjarðarsýslu — (*J. P. Havstein*: Hún nefnir hitt fyrst) —. Já! að vísu, en í 2. grein talar hún einmitt um sveitarstjórnina; en í bænarskránni frá Þíngeyjarsýslu stendur; *„til að stjórna og ráða öllum sveitarmálefnum“*; en nefndin hefur aldrei farið fram á, að svipta hreppstjórana framkvæmdarvaldi í fátækra-málum, nema við kennslu barnanna.

M. Andrèsson: Það varð ekki eins mikið, og eg við bjóst, sem eg græddi á útskýríngu hins heiðraða framsögumanns yfir nefndarálitið. Eg verð að játa, að eg er litlu nær en áður, hvað hreppstjórana snertir, tölu þeirra, laun og verkahríng; sömuleiðis um það, hver fasteignarhundraðatala það er, sem sýslunefndin á að brúka sem gjaldstofn undir útsvör þau, sem hún á að jafna á hreppana, en sveitanefndirnar á bændur eptir efnum þeirra og ástandi. Eg vil fá að vita, hvað nefndin hefur meint í öllu þessu.

Hvað tölu þeirra snertir, sem í sýslunefndinni eiga að sitja, þá er það ójöfnuður, að hún sè jöfn í stærstu sýslunum og minnstu, nefnilega alstaðar 6. Eg áskil mèr því breytíngaratkvæði á þá leið, að sýslunefndin í þeim sýslum, hvar fleiri eru en 6 hreppar, ráði því sjálf með atkvæðafjölda, hvort nokkrir hreppar, og þá hve margir og hverjir, gángi frá, sem ekki sendi mann á sýslufund árið eptir.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Það er orðið upplýst og sannað af ræðum kunnugra og áreiðanlegra þíngmanna, að í Norður-

landi fari sveitarstjórn fullvel fram, en þaðan eru þó flestar bænarskrárnar um sveitarstjórnarbótina. Þetta er þá eins og vottur til, að nauðsynin sè ekki svo mikil á breytíngunni, sem látið er; annars kvarta þessar bænarskrár helzt um, að hreppstjórnina vanti laun, en hèr er ekkert við gjört af nefndinni; eg sè hana hvergi vísa neinum manni á nein laun, að betra sveitarstjórnina. Bænarskráin frá Þíngeyjarsýslu talar annars mest um þessa nefndarstjórn, og eptir henni sýnist að nefndin hafi mest hlaupið; en bænarskrá sú sýnist vera nokkuð skrítin, þar undir henni er fjöldi nafna, öll með sömu hendi, en stendur hvorki á henni, að hún sè afskript, nè nöfnin sèu þá rètt upp skrifuð; annars er hún nokkuð kátleg, og standa sumstaðar í henni óumræðileg orð; það er t. a. m. talið þar eitt með ókostum á sveitarstjórn, að þar sè mikil andleg staðfesta og kuldagap millum sveita og hreppa. Eg vildi, að nefndin vildi leggja út fyrir mèr þessi orð; því eg skil þau ekki — (*Biskupinn, þ. Jónassen*: Ekki skil eg þau.— (Hlátur) —. Þessi bænarskrá er því líkust því, að hún sè einhverjar eptirhermur, eins og sá 2. konúngkjörni þíngmaður hefur sagt, og er mikið, að nefndin skuli hafa getað farið eptir slíku.

Þíngmaður Skaptfellínga vildi líkja þessum sýslunefndum við alþíngi, en eg get það ekki; eg skoða þessa sýslunefnd eins og samkomu af sendimönnum sveitanna, sem hver tali fyrir sínu erindi, en sýslumaðurinn dæmi svo um eptir málavöxtum; en alþíngi skoða eg eins og eina heild landsins, sem á að taka á móti skjölum og skrifum, bæði frá konúngi og landshèruðum, leggja á þarfleg ráð, en dæma um ekkert.

Framsögumaður: Eg vil að eins benda hinum heiðraða þíngmanni á það, viðvíkjandi hinum fögru og þýðíngarmiklu orðunum í bænarskrá Þíngeyínga, sem hann þóttist ekki skilja, að þau eru tekin úr tvennum trúarbrögðum, svo eg ætla að þau sèu gjaldgeing. Þíngmaðurinn kannast án efa við það, að kristin trúarbrögð tala um, að mikið djúp sè staðfest milli himnaríkis og helvítis, svo sú hugmynd í bænarskránni þarf ekki að koma honum nè öðrum undarlega fyrir, og hvað gapið snertir, þá höfum vèr og nafnið „*ginnúngagap*“, og þar var kalt mjög, og fèll einatt hrím. Eg held því, að Þíngeyíngar eigi ekki svo örðugt með, að finna þessum orðum sínum stað. Að öðru leyti þykir mèr þíngmaðurinn leggja mikið í vitnisburð eins manns, ef hann hefur meira álit á honum, en undirskriptum

157 manna. Það er og alls ekki nema spádómur eða getgáta, að nokkur þau nöfn sèu rituð undir bænarskrána, sem ekki ættu að standa þar að rèttu lagi. Eg sè annars ekkert betra ráð fyrir þingmanninn, en hann taki sèr það breytingaratkvæði, að engin þörf sè á að breyta sveitastjórninni, og þessu máli sè alveg vísað frá, og fellt af þinginu, og það því heldur, sem slíkt breytingaratkvæði gæti, ef til vill, fyrirbyggt allt óþarfatal og umræður um málið, og sparað allan þann kostnað, sem af laungu ræðunum mundi leiða, og sem mönnum er svo tíðtalað um hèr á þinginu.

J. Kristjánsson: Ef að þessir nýstárlegu bandamenn, sem nýlega hafa talað, vilja hrinda bænarskránni úr Þingeyjarsýslu, þá vil eg þó reyna til, að styðja hana þannig, að eg viðurkenni undirstöðuatriði hennar í þá átt, er nefndin hagnýtir hana, sem sannfæringu mína. Eg vona, að þingið fari ekki að krefja mig til reikníngsskapar fyrir bænarskrána, en einúngis fullyrði eg, að nöfnin undir henni eru sönn. Eg ímynda mèr líka, að það hafi sumt verið talað hèr nýskeð, er ekki þyki skylt að segja þessu þíngi ástæður fyrir, eða standa því reikníngsskap af.

J. P. Havstein: Mèr þykir vænt um það, að eg er þó ekki sá eini, sem ber það, að sveitastjórnin fyrir norðan sè góð, þar sem hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga er á því með mèr, og hann hefur híngað til verið tekinn trúanlegur að því, sem hann hefur sagt.

G. Brandsson: Ekki get eg verið á þeirra máli, sem vilja kollsteypa grundvallarreglu þeirri, sem nefndin hefur sett um þessa nýju sveitarstjórn, en upp á því vil eg stínga við hana, hvort ekki mundi betra, að hreppstjórar væru kosnir sèrstaklega, og svo aðrir nefndarmenn þar á eptir. Eg gjöri nú ráð fyrir, að hreppstjórar, og má ske hlutaðeigandi sóknarprestur, yrðu sem optast í nefndum þessum, og ef tala hinna kosnu nefndarmanna yrði, eins og eg hef áður stúngið upp á, 3, 5, eða 7, og hreppstjóri og prestur, eða þá tveir hreppstjórar, bættust svo við í hverja þeirra, þá gætu þær orðið talsvert fjölskipaðar. Að öðru leyti ætti að taka það skýrt fram, hver verk hreppstjórunum væru ætluð fram yfir þessa nefndarmenn, hvort þau ættu að vera hin sömu, og áður hafa verið, t. a. m. uppskriptir búa, jarðaúttektir, *auktiónir*, og fleira; eins ætti það að vera til tekið, hvort þau litlu hlunnindi, sem þeir hafa haft, skyldu veitast þeim einum framvegis, og svo líka, í hvaða

sambandi þeir ættu að standa við sýslumanninn og sveitarnefndina.

Jón Samsonsson: Bænarskrár þær um sveitastjórn, sem samdar voru í Skagafjarðarsýslu, og sendar hingað til þingsins, voru sprottnar af þeirri sannfæringu manna um, að góð og skipuleg sveitastjórn væri mjög nauðsynleg í mörgu tilliti, og að hún, innifalin í nefnd í hverjum hreppi út af fyrir sig, stæði undir yfirstjórn þeirri, er heita skyldi sýslustjórn. Það þótti líka sem öldúngis víst, að sveitastjórnarnefndir þessar mundu koma mörgu góðu til leiðar, fremur en nú er, til að mynda, að þeim mundi takast, að gróðursetja margs háttar reglusemi, og koma á fèlagsskap og samtökum bæði til jarðabóta, vegabóta á fjallvegum, og þannig í meiri sameiníngu vinna að ráðstöfun margra framfara. Það hefur verið álitið hèr, að nauðsynlegt gæti verið, að einn maður, annaðhvort af meðlimum sveitastjórnarinnar í hverjum hreppi út af fyrir sig, eður af henni sjálfri valinn, skyldi sendast á fundi sýslunefndarinnar, þegar hún kemur saman svo sem fyrir alla sýsluna, til að yfirvega það, sem henni þá ber að gjöra, svo hefur jafnframt álitizt, að þeir hreppar, sem leingst væru þaðan frá burtu, mættu stöku sinnum fríjast frá, að láta nefndarmann vera á sýslufundinum, en svo getur þá á almennum nauðsynjum staðið, að maður þyrfti úr hverjum hreppi að vera viðstaddur. Eg held eg verði þess vegna að taka mèr viðauka-atkvæði við uppástúngu nefndarinnar á þá leið, að gjört verði að skyldu hverri hreppanefnd, að skrifa sýslunefndinni til, nokkru áður en hún setur fund sinn, um það, hver umvarðandi málefni sú eður sú hreppanefnd ætlar þá að bera upp, eður láta færa sýslufundinum, svo að sýslufundarstjóra aptur gæfist færi á, að ávarpa þær hreppanefndir, sem áður kynnu að vera fríjaðar frá, að vitja sýslufundar, því svo gæti að borið, að allar hreppanefndir kynnu að þurfa að hafa mann sín vegna á fundi, þegar einhver þjóðleg nauðsyn krefur samtaka og hlutteknìngar í yfirgripsmiklum fyrirtækjum, svo sem fjallvegabótum og þess háttar.

Framsögumaður: Það, sem einkum er á móti því, sem þíngmaður Skagfirðínga mælti nú, er það, að sýslunefndin verður fyrst að koma saman, áður en hún verður kölluð nefnd, og henni verði skrifað til, eða hún geti skrifað öðrum til sem nefnd. En það sjá allir, að þegar hún er komin saman, þá er það um seinan, að hún fari að birta það fjarlægum hreppum, hvað hún

ætli að gjöra að umtalsefni, og hrepparnir fari að skrifast á við hana um það. Eg býst annars við, að þegar frumvarpið frá stjórninni kemur, þá verði öll þessi sèrstöku atriði tekin fram. Nefndin ætlaði sèr aldrei að búa til frumvarp, heldur að eins biðja stjórnina um það, og jafnframt gefa henni nokkrar bendingar í aðalefni málsins. Meira var nefndinni ekki falið á hendur af þinginu, og þess vegna forðaðist hún, að hreifa neitt við hinum smásmuglegu og sèrstöku atriðum máls þessa. Þetta lá allt saman fyrir utan verkahring hennar, eins og líka það, sem þingmaður Árnesinga gat um, að í sumum sveitum væru jafnvel fleiri en einn hreppstjóri nú, og spurði, hvort nefndin hefði ætlazt til, að það væri eins eptirleiðis. Nefndin vildi ekki grípa inn í það, hvað hreppstjórar skyldu vera margir, heldur láta sýslumennina hafa óbundnar hendur í því tilliti, og ráða því, svo þeir gætu tekið þá svo marga og fáa, sem þörf væri á, eptir kríngumstæðunum. Nefndin ímyndaði sèr, að það gæti opt orðið ókljúfandi fyrir 1 hreppstjóra, að gegna því, sem honum bæri. Þetta kom og ekki nefndinni við; því hún átti að eins að stínga upp á aðalatriðum til hagkvæmrar sveitastjórnar. Þar sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður gat enn um það, hversu góð sveitastjórnin væri fyrir norðan, þá læt eg þess getið, að eg meinti ekki til hans áðan, er eg furðaði mig á því, að þingmaðurinn frá Mýrasýslu skyldi bera meira traust til eins manns vitnisburðar heldur en 157, heldur meinti eg það til þess, sem var úr því hèraði.

J. Jónsson: Þó að nefndarálitið, sem hèr er umtalsefnið, sè í stefnu sinni allfrjálslegt, þá virðist mèr það samt hafa nokkra þá annmarka, sem sèu umtalsverðir, og jafnvel ekki svo frjálslegir, sem þeir þurfa að vera; það eru til að mynda nokkrir hreppar í landinu, sem hafa færri en 10 bæi, og ekki allfáir, sem hafa þá færri en 20. Þegar nú er athugað, að í þessum fámennari hreppum skuli kjósa 4 eða 6 menn í nefnd, en þó skuli, eptir tilgángi nefndarinnar, hreppsbúarnir vera svo takmarkaðir í kosníngarrètti þeirra, að ekki megi kjósa sá bóndi, sem er 25 árum yngri, ekki sá bóndi, sem þiggur sveitarstyrk, og ekki sá bóndi, sem hefur flekkað mannorð, þá fer mèr nú að sýnast það geti orðið upp á, að kjósendurnir verði má ske eingir, eða færri en þeir, sem kjósast skulu; því ef í hinum fámenna hrepp, þar sem að eins kynnu að vera 10 bændur, vildi svo til, að tveir væru úngir bændur, einn eða svo, sem

þyrfti að þiggja einhvern lítilvægan styrk af sveitinni, einn, sem kynni einhvern tíma á æfi sinni að hafa flekkað mannorð sitt, þó það nú væri bætt, og má ske að mestu leyti gleymt í almennu áliti eða hugsunarhætti meðbræðra hans, ein eða tvær ekkjur, sem byggju þar búum sínum, og svo frv., og nær þessir allir ættu að útilokast frá kosníngunni, þá skil eg ekki, hverjir eptir eru, til að kjósa, nema má ske nefndarmannaefnin þrjú eða fjögur, sem þá annaðhvort yrðu að kjósa sig sjálfa, eða hverjir aðra. Eg skil ekki heldur, að þessi kosníngarbönd til sveitanefnda, sem nefndin hefur ákveðið, geti nokkurstaðar, jafnvel í fjölmennustu hreppum, átt vel við; því úngir bændur eru má ske bezta mannvalið í hreppnum; fátækur bóndi, þó til að mynda sveitin styrkti að uppeldi eins barns hans, getur bæði verið hygginn, og enda einhver af hinum duglegri bændum í hreppnum, þó hann, ef til vill, sè fjölskyldumaður, og sjálfsagt fátækur, og einn, sem með einhverju hálf-meinlausu lagabroti hefur þó orðið sèr úti um líkamlega refsíngu, t. a. m. verið lausamaður, eða má ske haldið eður hýst lausamann, og verið fyrir það hýddur, máske fyrir laungu síðan, að þessir allir skuli útilokast frá, að kjósa í sveitarnefnd, þykir mèr síður en ekki frjálslegt; eða ætli nefndin ætli ekki og svo að útiloka únga bóndann, sem ekki hefur fyllt 25 ár, frá að mega kjósast í nefndina? eg vildi hún vildi gjöra grein fyrir því. Tala sú, sem þíngnefndin hefur ákveðið í sveitanefndir, held eg bæði sè vel há, og líka mundi fara betur hún stæði á stöku, t. a. m. 3, 5 eða 7, svo í því tilliti, ef ágreiníngur yrði, að fleiri atkvæði rèðu úrsliti mála. Hvað prest og hreppstjóra snertir, held eg þeir ættu að vera sjálfkosnir, því mèr þykir það bæði geta verið mjög óþægilegt fyrir prestinn, að eiga að hafa hluttöku í kennslustaðar-vali hreppsbarnanna, og vera þó má ske ekki kosinn í þá nefnd, sem ákveða á staðina handa börnunum, og eins fyrir hreppstjórann, sem mèr hefur skilizt að eigi að gángast fyrir framkvæmd alls þess í hreppum, sem nefndin ákveður, og ef hann skuli þá ekki eiga rètt á, að vera í þeirri nefnd, sem á að ákveða honum starfið, þykir mèr hann undarlega hart leikinn. Þegar hèr á ofan er athugað, að nefndin á að velja úr sjálfri sèr skrifara og gjaldkera, og hreppstjórinn ekki er í þeirri nefnd, þá mun það víst, að hreppstjórinn mun fríjast við alla heimtíng, geymslu og ábyrgð á fátækra-fè í hreppnum, og um leið alla ritun og reikníngsfærslu, og þá

held eg nefndin sè í fullum skilníngi orðin hreppstjórinn. Það mun hèr að auki kunnugt nefndinni, eins og fleiri þíngmönnum, að til eru þeir hreppar eða sveitafèlög, hvar einginn er prestur í, og þarf og svo fyrir því ráð að gjöra, hvernin samband hans við sveitanefndina komist á, ef það annars á nokkuð að vera, sem þó er líklegt betur fari. Ekki hef eg enn þá skilið að fullu í tilliti til sýslunefndanna, hvort sendiboðar eða fulltrúar sveitanefndanna eigi að gjörast rækir frá sýslunefndinni ofan í hina tilteknu 6 manna tölu, ellegar fá að eins leyfi til, ef þeim sýnist svo, úr fjarlægari sveitunum, að fara hvergi á vissum tilteknum árum, og vildi eg nefndin vildi skýra það nokkuð betur. Þó eg nú að vísu sè þeirrar meiníngar, að sveitanefndir, hverjum ætluð væru og ákveðin ýmisleg störf og þjóðleg afskipti í hreppunum, gætu mörgu góðu tilleiðar komið með forsjállegum ráðum og dugnaði, þá hygg eg samt, að varúðarvert geti verið, að hafa þær mjög fjölmennar, því hinir beztu og hyggnustu menn eru jafnast ekki margir í hverjum hrepp, eða, sem mjög líklegt sè, að þá stefni allir í sömu áttina, og víst var það, meðan hreppstjórar voru svo margir, að einn eða fleiri var í hverri sókn, eins og brúkað var fram til 1808, þóttu á því töluverðir óþægir annmarkar, hvers vegna hin æðstu yfirvöld landsins hlutuðust til við stjórnina, að fækka þeim, og ákveða þeim þau skyldustörf, sem þeir nú eru háðir. Það þarf því meira, en lauslega að hyggja að því sambandi, sem nefndin á að vera í við hreppstjórann, og hann við hana, ef ekkert á að koma í bága hvað við annað, eða hvortveggja eiga að geta jöfnum höndum, og með sátt og samþykki, unnið að því sameiginlega ætlunarverki.

Eg verð að vera hinum háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanni samdóma í því, að í norður- og austur-amtinu sè fátækrastjórnin í góðu lagi, og eg ætla, þegar allt kemur til alls, að það sè yfrið náttúrlegt, því mèr hefur skilizt svo, og það fyrir fáum dögum hèr á þíngi, að menntunin og framförin í hinum fjórðúngum landsins sè mikið minni en fyrir norðan, ef það er annars satt, að hèr t. a. m. sunnanlands sè vart 10. hver maður skrifandi, en hvernin ætli nefndin núna í þessu máli hafi hugsað sèr að sveitanefndirnar gætu, þegar svo stæði á, kosið úr sjálfum sèr 4. manninn fyrir skrifara?

Eg ætla því, að þessu yfirveguðu, að áskilja mèr nokkur

breytíngaratkvæði við nefndarálitið, svo sem einhvern veginn á þann veg:

1, *að einn prestur og einn hreppstjóri í hverjum hreppi sèu sjálfkosnir í hverja sveitarnefnd.*

2, *að sveitarnefndirnar fari eptir fólksfjölda, þannig, að þær sèu 3, 5, eða 7 menn.*

3, *að kosníngarrètt eigi til að kjósa í sveitanefnd allir þeir búendur í hreppnum, sem, þegar kosníngin á fram að fara, ekki standi undir neinni ákæru frá rèttvísinnar hálfu fyrir gjört eða grunað glæpaverk, og að bændur 25 árum yngri megi kjósast í sveitanefnd.*

4, *að sveitanefndir sèu skyldugar, að eiga með sèr tvo fundi árlega, og því að eins optar, að meiri hluta nefndarmanna þyki þörf á því.*

Framsögumaður: Þar sem hinum heiðraða þíngmanni Norður-Þíngeyínga þótti það of mjög þraungvað að kosníngunum, ef eigi mættu kjósast yngri menn en 25 ára, nè þeir, sem þægju af sveit, eða æruskertir menn (Hlátur), þá hafði nefndin athugað þetta mál vandlega. Hún gat ekki ætlað, að menn fyrir innan fimm um tvítugt væru svo reyndir orðnir eða kunnugir, sem þyrfti, til að kjósa í hreppsnefndina, þó þeir hefðu kann ske tekið við búi. Um þá, er af sveit þiggja, fannst henni einginn efi, því þeir væru að nokkru leyti ekki fjár síns ráðandi, og sízt kom henni til hugar, að gefa þeim mönnum kosníngarrètt, sem hefðu flekkað mannorð eða væru æruskertir.

Hinum sama heiðraða þíngmanni þótti ekki rètt, að ákveða 4 fundi á ári fyrir hreppanefndirnar; en nefndinni gekk það til, að hún ímyndaði sèr, að ef ekkert væri ákveðið um fundarhöldin, kynnu menn að slá slöku við þau, því það væri þó tímaspillir nokkur, og hún hèlt þessa 4 fundi hvergi með öllu óþarfa. Menn vita, að haust- og vor-fundur er hvervetna ómissandi; miðsvetrar-fundurinn er og nauðsynlegur, því þá sjá menn, hvernig bjargræði manna muni verða, skepnuhöld, heyjabyrgðir og fram eptir því. Það skyldi því vera miðsumarsfundurinn, sem væri ekki nauðsynlegur, en bæði er þá hægast að sækja fund, enda mun og þá jafnan mega ræða einhver þarfleg málefni, sem jafnvel varði allt landið. Þíngmanninum fannst það og ógeðfelt fyrir hreppstjóra, að hafa á hendi framkvæmdarvald fyrir nefndina, ef hann væri ekki sjálfur í henni, og játa eg því, að sá getur maðurinn til verið, sem þetta eigi

við um. Nefndin ímyndaði sèr nú, að hreppstjóri yrði ætíð kosinn í nefndina, einkum ef hreppstjórinn væri í fyrstunni valinn af hreppsbúum. Þingmaður Norður-Þingeyínga hèlt og, að, fyrst nefndin ætti að velja sèr gjaldkera, þá mundi hreppstjóra verða það um hönd, að sækja jafnan hvert fiskvirðið til hans. En nefndin ætlaði, að hreppanefndirnar mundu ýtarlega rannsaka ástand og hæfilegleika hinna fátæku í hverjum hrepp, og gjöra áætlun yfir, hvað þeim þyrfti að leggja, og ávísa hreppstjóra síðan það fè hjá gjaldkera. En ef meiri sveitarþyngsli yrðu á miðju ári, en við hefði verið búizt, eins og optlega getur að borið, þá ætlaði nefndin, að hreppstjóri heimtaði þegar fè af hreppsnefndinni, til að bæta úr því. Nefndin ætlaði og, að sveitin mundi eiga annað fè, en það, sem til fátækra væri haft, og það áleit hún sjálfsagt að gjaldkeri hreppsnefndarinnar geymdi, en ekki hreppstjóri, ef hann væri utannefndar; annars þótti henni alllíklegt, að væri hreppstjóri nefndarmaður, mundi hann optast verða gjaldkeri hennar. Nefndin tók það fram um sýslunefndina, að í hana gæti hver hreppur sent einn mann frá sèr, og ætlaði hún það svo ljóst, að enginn mundi geta misskilið ætlun sína um það, eins og þingmaður Norður-Þingeyínga gjörði þó. Þegar sýslunefndin væri í fyrsta sinn komin saman, var það ætlun nefndarinnar, að hún ákvæði, hverjir af hinum fjærliggjandi hreppum skyldu það árið verða undan þegnir þeirri kvöð, að senda mann í nefndina, þegar fleiri hreppar væru í sýslu en 6; en vildi einhver þessara undanþegnu hreppa senda mann til nefndarinnar samt með eitthvert hreppsmál, þá mætti hann það, og skyldi sendimaður mega vera á fundi, en ekki hafa atkvæðisrètt. Hvað tölu nefndarmanna snertir, þá er eg ekki fjærri því, að greiðara kunni að verða, að fá atkvæði, ef hún stendur á stöku, en að prestur og hreppstjóri sèu sjálfkosnir, vil eg eingan veginn. Eg get vel ímyndað mèr, að menn vilji einhverra orsaka vegna ekki hafa annanhvorn þeirra, eða hvorugan, í nefndinni, og mèr finnst það afleitt, að láta menn ekki hafa eins frjálsar hendur í þessum kosningum og öðru. Það gæti og verið óþægilegt fyrir prest og hreppstjóra, að láta kasta sèr nauðugum viljugum inn í nefndina, einkum ef þeir vissu, að það væri móti vilja hreppsbúa.

P. Sigurðsson: Í tilliti til þess, er sá háttvirti framsögumaður nú mælti, þá er eg á sömu meiníngu, að nefndarkosníng í hreppunum ætti að vera alveg frjáls, því það er gagn-

stætt grundvallarreglu slíkrar sveitarnefndar, að nokkur nefndarmaður sè jafnan sjálfkosinn vegna embættisstöðu. Yrði það lögum ákveðið, að hreppsbúar kysu sjálfir hreppstjóra, sem eg álít ætti að vera, þá mundi það trautt fyrir koma, að hann yrði ekki valinn í nefndina; og þó það vildi til, sem sjaldan mundi fyrir koma, að prestur yrði ekki fyrir kosningum, þá væri það af því, að hreppsbúar treystu öðrum betur til þess starfa. Tilhögun sú, sem verið hefur á sveitastjórn, hefur haft stóra galla; en þegar á að byggja að nýju, þá þarf líka vandlega að gæta þess, að sú bygging verði sem bezt vönduð. Þar sem nefndin stingur upp á, að sveitanefnd skuli skyld til, að halda fund 4 sinnum á ári, og sýslunefnd tvisvar, þá get eg ekki sèð, hvaða gagn getur leitt af þessu. Að skipa mönnum, að halda fund um miðjan vetur, ætti hèr mjög illa við. Það þekkja flestir, að þá eru optast bæði snjóar og köföld, og bændur hafa nóg að gjöra, að hirða um skepnur sínar, og um þann tíma eru vinnumenn og bændur að fara til sjóróðra. Eg skil ekki heldur, til hvers þessar mörgu samkomur eiga að þèna. Þegar nefndirnar eiga að hafa á hendi starf og ábyrgð í fèlagsins þarfir launalaust, þá verður að gæta þess vandlega, að lögin leggi ekki á þær neinar þær skyldur, sem ekki virðist brýn nauðsyn á vera; því ef lögin hefðu nú þá ákvörðun, að sveitanefnd skyldi halda fund fjórum sinnum á ári, en hins vegar fyndu menn, að verkefni þau, er gjörðu slíkt fundarhald nauðsynlegt, væru ekki fyrir hendi, þá yrði eitt af tvennu, annaðhvort kæmi nefndin saman, og það með ólund, rètt til að hlýðnast lögunum, eða hún kæmi ekki saman, og þá væru lögin yfirtroðin, sem kæmi einasta af því, að þau ættu illa við. Sama má segja í tilliti til sýslunefndar. Það er þó ekki kostnaðarlaust fyrir menn úr fjarlægustu hreppum sýslunnar, að sækja til fundar í sýslunefnd. Eg áskil mèr því það breytingaratkvæði á þá leið, *að hreppanefnd skuli halda fund með sèr tvisvar á ári, en sýslunefnd fund með sèr einu sinni á ári; en því að eins skuli bæði hreppa- og sýslu-nefndir halda fleiri samkomur á ári hverju, að nefndarmönnum sjálfum þyki nauðsyn til bera.*

Jón Jónsson: Eg heyri það af ræðu hins heiðraða framsögumanns, að nefndin hefur hugsað í margar áttir, og gjört fyrir mörgu því ráð, þegar hún samdi nefndarálitið, sem þó er þingi þessu enn nú hulið, eða hefur verið allt að þessari tölu

hans mjög óljóst. Hann talar fyrst um únga menn, og æruskerta. Hvað þeim fyrri viðvíkur, þá skil eg ekki, hvernin hann fer að ætla úngum bændum, sem ekki hafa kann ske fyllt 25 árin, svo lítið, að þeir ekki hafi vit á, að kjósa skástu mennina í sveitarnefndina, úr því maður antekur, að þeir séu heilvita hvort heldur er, og þeir hafa feingið aðgáng inn í búandaflokkinn í hreppnum. Hvað hinum æruskertu viðvíkur, minnir mig ekki þurfi ráð fyrir þeim að gjöra, því æruskerðíng, eða missir hennar, sè úr lögum numin. En hvað fátæka bóndann snertir, sem má ske þiggi að eins lán eða vinnustyrk af sveitarfèlaginu, og geti fyrir því verið duglegur og hygginn maður, þá er það raung ályktun, að hann verði ekki fjár síns ráðandi, ellegar hann ráði nokkru um þann fjárstyrk, sem honum kann að vera veittur, þó hann kjósi í nefndina. Að fastákveða 4 fundi á ári, sè eg ekki enn hvað þýði, ef nefndin hefði þá má ske ekkert verulegt ráðslögunarefni, og að halda fund um hásumar, má ske tilefnislaust, get eg ekki aðhyllzt, heldur hitt, að þeir verði haldnir, þegar einhver sönn nauðsyn ber til þess, og þeir hafa eitthvað að þýða. Eg er enn þeirrar meiníngar, að það gæti orðið mjög óþægilegt fyrir hreppstjórann, að vera beinlínis skyldugur, að framkvæma þær athafnir, sem nefndin, að honum má ske útilokuðum úr meðlimatali sínu, hefði ákveðið honum, og mundi hann víst ekki lángdvölum gjöra sèr þá aðferð að góðu; því nefndin hefur einga vissu fyrir, að hreppstjórinn yrði ætíð kosinn í sveitanefndina, og ef framsögumaður ætlaði, að hann yrði ætíð kosinn, eins og hann þó í öðru orðinu lætur í veðri vaka, þá skil eg ekki tilgáng hans með, að hafa hann ekki sjálfkosinn. Eg ætla eingan veginn að mæla það af sveitanefndinni, að geyma fè hreppssjóðsins, fyrst framsögumanni þykir það betur fara; en hvaðan hann ætlar að ákveða henni annað fè, hefur hann ekki bent á. Um undanþágu sumra hreppa frá, að eiga atkvæðisrètt á sýslunefndarfundi, er af honum lítið upplýst; að eins ef hreppar eru fleiri en 6, þá finnst mèr hann ætli að vera svo náðugur við fjarlægustu hreppana, að þeir þó *mættu* senda mann með erindið til sýslunefndarinnar, sem þó feingi þar eingan atkvæðisrètt. Mèr er þetta fyrirkomulag ekki ljóst, því ef alla hreppa á að ske rètt, þá verða hin kosnu sýslunefndarmannaefni þó öll að koma saman, og upp kveða sjálfir dóminn með atkvæðum um það, hverjir skuli víkja, en þó gjörir framsögumaður í sama augnabliki ráð fyrir, að fjar-

lægustu hrepparnir fái þá undanþágu, að senda mann í nefndina.

E. Kúld: Eg stend nú ekki í þetta sinn upp, til að halda neina lánga ræðu; en eg vil að eins leyfa mèr að tala fáein orð með tilliti til breytíngaratkvæðis þíngmannsins úr Gullbríngusýslu um nefndarmannatöluna, að hún stæði á stöku, og um það, er þíngmaðurinn úr Norður-Þíngeyjarsýslu vildi, að prestur og hreppstjóri væru sjálfkjörnir, þá sýnist mèr hin staka tala vera ónauðsynleg. Nefndin vill hafa 6 menn í sýslunefndinni, og sýslumanninn hinn 7. Nú gjöri eg ráð fyrir, eptir því sem nefndin hefur farið fram á, að, þegar eitthvert hreppsmál er rætt, þá víki sá úr nefnd, eða gefi ekki atkvæði, sem úr þeim hrepp er, sem málið er úr, af því hann hefur kann ske áður fjallað um það í hreppsnefndinni. Þannig verða þá nefndarmenn 6, sem atkvæði gefa, þó tala þeirra annars standi á stöku, og mun þá eiga að gilda meira, ef atkvæðin annars eru jöfn, sá flokkurinn, sem sýslumannsatkvæðið fylgir, af því hann er sjálfsagður formaður sýslunefndarinnar; nú ef hreppstjórinn er sjálfkjörinn, gæti sama regla átt sèr stað í sveitanefndinni, og því held eg ríði ei á miklu þessi staka tala. En viðvíkjandi sveitastjórn í Norðurlandi — (*Konúngsfulltrúi*: Það var talað um fátækra-stjórn í Norðurlandi, en ekki sveitastjórn). —; jæja, fátækra-stjórn, að hún standi á svo gullvægum fótum, að hún þurfi ekki umbótar við, og það sè að þakka einúngis betri menntun Norðlendínga, en annara fjórðúnga búa, þá skal eg nú í þetta sinn ekki fara í neinn mannjöfnuð um það; en eg verð þó að geta þess, að ekki mun þurfa að fara þángað, til að fá dæmi til þessa; því eg veit það, að fátækra-stjórnin er sumstaðar í vesturumdæminu í ágætu horfi, og má þá allt eins þakka það menntun Vestfirðínga, ef hitt er að þakka menntun Norðlendínga. Eg man ekki, hvort þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu áskildi sèr áðan breytíngaratkvæði um það, að prestur skyldi ekki hafa meira atkvæði viðvíkjandi uppfræðíngu fátækra barna, en hver annar nefndarmaður. En hafi hann gjört það, þá ætla eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði í gagnstæða stefnu. Eg get vel ímyndað mèr, að þó presturinn væri í nefndinni, kynni hann að verða einn á bandi í því efni; því það gæti opt verið, að þar yrði rætt um uppfræðíngu efnaðs manns barns, sam einmitt væri í nefndinni; því það fer ekki ætíð saman, að barnauppfræðíngin sè betri hjá þeim efnaðri, eða sem meira

leggja til sveitar. Ef að því þingmaðurinn frá Gullbringusýslu tekur sèr breytingaratkvæði um þetta atriði, áskil eg mèr það breytingaratkvæði á móti, að hreppanefndir megi í eingu skerða rèttindi presta í umsjón þeirra um barnauppfræðinguna, þar þeir eiga að hafa alla ábyrgðina af henni á eptir, en ekki hreppanefndirnar nè aðrir.

Framsögumaður: Það, sem þingmanni Norður-Þingeyinga og mèr ber á milli um kosningarrètt til hreppanefndanna, er það, að mèr þykir það viðurhlutamikið, að sveitlægur maður geti komizt inn í hana, og þannig feingið kost á, að skapa sjálfum sèr tillag eptir geðþekkni. Þar sem okkur greinir á um, hvað sè flekkað mannorð og æruskerðing, þá talaði eg í því ekki sem lögfræðingur, heldur eptir almenningsskoðun á þessu máli, og sè eg þá ekki betur, en að kallað sè, að sá sè æruskertur, sem hefur flekkað mannorð. Þar sem hann sagði, að margir hreppar væru til, sem enginn prestur er í, þá er það satt; en eg vil spyrja hann að, hvort nokkur hreppur sè til, sem eingan prest eigi, og ef það er, þá fell eg frá því, sem eg hef áður sagt um ábyrgð hans og atkvæðisrètt. En eg veit ekki betur, en að, þó prestur búi í 3. eða 4. hrepp, þá hafi hann alla hina sömu ábyrgð á uppfræðingu barnanna í hinum fjarlægasta hrepp, eins og þeim, sem hann býr í.

G. Brandsson: Mèr getur nú ekki betur fundizt, en að hinn virðulegi þingmaður Snæfellssýslu hafi að nokkru leyti verið að berjast við sinn eiginn skugga, þar sem hann var að reyna til, að hrekja breytingaratkvæði það, sem eg aldrei hafði áskilið mèr — (*E. Kúld*: Eg spurði líka einúngis). — Annað mál var það, að eg sýndi fram á, hvað stundum kynni að geta leitt af því, ef presturinn væri einvaldur með, að koma börnum fyrir í kennslustaði; að öðru leyti held eg, að prestur og hreppstjóri, ásamt sveitarnefndinni, kæmu sèr sem optast saman um þetta; því öllum ætti að vera eins um það hugað — (*E. Kúld*: Ekki er það ætíð) —. En viðvíkjandi því, sem þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu stakk upp á, um að hreppstjórar yrðu sjálfkosnir í nefndir þessar, þá vil eg geta þess, að, þó eg í rauninni hafi ekki á móti þessari uppástúngu, þá sýnist mèr hún miður þörf, ef sú regla kæmist á, að sveitabúar feingju sjálfir að kjósa hreppstjóra sína, því þá er auðvitað, að þeir mundu optast eða ætíð í nefndunum verða, og yrði þá tala nefndarmannanna, eptir sem eg áður hef stúngið upp á,

5, 7, eða 9. Eg imynda mèr einnig, að hreppstjórarnir gætu orðið eins konar erindsrekar milli sveitarnefndarinnar og sýslumannsins, þar þeir einnig ættu, að mèr virðist, að hafa mest framkvæmdarvald af þessum nefndarmönnum.

Eg hef áður sagt, hver tala þessara nefndarmanna mèr þætti hentugust, og eins það, að þeir væru allir kosnir til þriggja ára í senn, og áskil eg mèr breytingaratkvæði á þessa leið.

M. Andrèsson: Eg skal nú ekki leingja þingræðurnar mikið, en eg vil einúngis skora á framsögumann eða nefndina, að skýra frá því, hvaða meiníngu hún hafði um laun hreppstjóranna, hvort þau skyldu vera nokkur eða alls eingin eptirleiðis. Eg vil, að þingtíðindin geti borið þetta með sèr, því mèr finnst það ekki svo glögglega orðað i nefndarálitinu. Mèr skilst og, að nefndin ætli til, að sveitanefndir hafi ekkert fyrir sitt ómak. Eg vil og óska upplýsíngar um það, hvaða hundraðatal það er, sem nefndin meinar til.

Framsögumaður: Nefndinni kom ekki til hugar, að gjöra neina breytíngu á launum hreppstjóra, eða sitja þeim í ljósi fyrir þeirri borgun, sem þeir kynnu að fá fyrir ómak sitt og erviði — *(M. Andrèsson*: Eg talaði um þau litlu laun, sem þeir hafa nú, en ekki þau, sem þeir kynnu að fá seinna) —. En það ætlaði nefndin, að, ef tillögum hennar yrði framgeingt, þá mundi lètta töluvert á störfum hreppstjóranna. Hvað hundraðatöluna snertir, þá meinti nefndin þau hundruð, sem talin eru i hrepp hverjum, bæði i fasteign og lausafè, og hún gat ekki látið það aptra sèr frá, að brúka þennan stofn, þó einstaka jörð sè án hundraðatals, því þær eru ekki svo margar, og mundi vera hægt, að gizka á sanngjarna hundraðatölu þeirra.

Konúngsfulltrúi: Eg vil skora á hinn 2. konúngkjörna þíngmann, að hann taki sèr breytíngaratkvæði um atriði þau, er hann nýlega tók fram, bæði um kosníngaraðferðina til sveitanefndanna, og um tölu meðlimanna í sveita- og sýslu-nefndunum; því það er betra, að slík atriði sèu greinilega tekin fram, og sett undir atkvæðagreiðslu, heldur en að þau felist i umræðunum á þinginu. Nefndin hefur stúngið upp á því, að meðlimir sveitanefndanna skyldu vera 4, 6, eða 8, eptir fólksfjölda; en það er ei til tekið, hver skuli ákveða töluna, og við hverjar reglur hún skuli vera bundin; en í þessu tilliti hvorutveggja held eg betra væri, að nefndin gæfi nauðsynlegar leiðbeiningar.

Framsögumaður: Það vakti fyrir nefndinni, að það mundi

verða ákveðið í frumvarpinu, hvernig hlutföllin á tölu nefndarmanna skyldu verða lögð eptir hreppsbúafjölda, og því leiddi hún það hjá sèr, sem nokkuð, er lægi fyrir utan ætlunarverk sitt. En viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður sagði áðan um tölu nefndarmanna, þá veit eg ekki, hvort það verður kölluð nefnd, sem ekki eru nema 2 menn í.

Konúngsfulltrúi: Mèr fyrir mitt leyti virðist það hentugast, vegna þess að hreppar hèr í landi eru svo mjög misstórir, að tala sveitarnefndameðlima þeirra, sem kosnir eru, væri frá 2—8. Að öðru leyti sakar það ekki, þó tala þeirra sè ei oddatala, t. a. m. 3, 5, 7, því þó atkvæði kunni að verða jafnmörg á báðar síður, þá er það þó almenn regla, að þeirra atkvæði má meira, með hverjum formaðurinn er.

J. P. Havstein: Eg er til með, að taka mèr breytingaratkvæði, ekki einúngis viðvíkjandi tölu nefndarmanna, heldur og viðvíkjandi kosníngunum til sýslunefndanna, og vil eg nú áskilja mèr rètt til þess.

Framsögumaður: Ef prestur og hreppstjóri eru sjálfkosnir í hreppanefndina, og fleiri eru hreppstjórar en einn, þá verða ekki kosníngar til hennar margbrotnar.

J. Jónsson: Eg ætla það mundi ekki óþarft, að vekja athygli nefndarinnar á því, eða komast að vissu hjá henni um það, hvort bóndinn 25 árum yngri megi kjósast í sveitarnefndina, ellegar eigi að sitja á bekk með hinum æruskertu; en til vonar og vara hef eg áskilið mèr breytingaratkvæði um það efni, ef nefndin ætlar að ganga svona fram hjá því.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Af nefndarinnar hálfu er enginn grundvöllur lagður til, að hreppstjórar verði kosnir í nefndina, og ekki vill hún, að þeir sèu sjálfkjörnir. Mèr þykir líkast til, að þeir gefi ekki um, að vera í þessari sveitarnefnd, og líkast til, að þeir verði aldrei kosnir í hana; því, þá þeir verða ekki kosnir, heldur settir af amtmanni eða sýslumanni, þá er ekki víst, hvað vinsælir þeir verða í sveit sinni, þar þeir verða þá eins og af öðru sauðahúsi. Það sèst annars ekki af nefndarálitinu annað, en þessir 6 eða 8 eigi allir að vera jafnrètthár sveitarstjórar, og enginn yfir öðrum. Það tæptir að sönnu einhverstaðar á því, að nefndin kjósi sjálf forstöðumann af flokki sínum, en eg held nefndin hafi fallið frá því aptur, því í ályktunaratriðum hennar er þess ekkert minnzt, svo ef þessari sveitarstjórn yrði það að ráði, að kjósa sèr foríngja eða framkvæmd-

armann, þá yrði það ólögboðið, og yrði hann þá ekkert bundinn við, að taka á móti þeirri kosníngu; og þó hann tæki á móti henni, þá er líkast til, að hann hefði ekki það starf á hendi, nema til næsta fundar, og þá væri annar kosinn, og yrðu þá 4 sveitarforsetarnir á ári, og 16 umskiptin á 4 árunum. Eg er annars sannfærður um, að þess leingur sem maður skoðar þetta nefndarálit, og sveitarstjórnar-tilbúníng þess, þess fleiri ókosti þess sèr maður, og í þess meiri ógaungur komast þíngmenn, svo eg held þær ræður tækju aldrei enda, og eptir allri þessari stefnu, sem nefndin og umræðurnar hafa nú tekið, held eg það væri nú rèttast, að eg taki mèr það breytíngaratkvæði, að þíngið sendi stjórninni einga bænarskrá um þetta efni.

Framsögumaður: Þíngmaðurinn frá Mýrasýslu gekk þá leiðina, sem hann vill ekki að aðrir gángi, nefnilega að leingja umræðurnar; því ef fylgt væri hans aðferð, að taka hvert atriði fyrir, sem í sveitastjórninni á sèr stað, gæti svo farið, að umræðurnar tækju aldrei enda. Þíngmaðurinn tekur nefndarálitið sem algjörlegt frumvarp; en það var aldrei ætlunarverk hennar, að búa það til, og þíngið fól henni það ekki á hendur, heldur að eins, að gefa bendíngar í aðalatriðum málsins til frumvarps, sem stjórnin byggi til. En hann vill ekki ætla stjórninni svo mikið, sem að til taka, hvernig að skuli fara, ef jöfn tala er í nefndunum.

J. P. Havstein: Eg hef áður látið það í ljósi í dag, að eg vildi, að prestur og hreppstjóri væru sjálfkjörnir í nefndina, og eg skal nú áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að þar sem eru 1 prestur og 1 hreppstjóri, þar sèu þeir sjálfkosnir í hreppsnefndina, en sèu þeir fleiri en 1, þá skuli kjósa á millum þeirra.

J. Jónsson: Eg hef og áskilið mèr það breytíngaratkvæði, að hver bóndi, sem ekki stendur undir lagaákæru, hafi kosníngarrètt til hreppanefndanna.

P. Pètursson: Sumum þíngmönnum hefur þótt það nokkuð ógreinilega tekið fram í álitsskjalinu, hvernig hún hefur ætlazt til, að skipt yrði störfum milli sveitanefndar og hreppstjóra, og eins, að hún hefði ekki skýrlega tekið fram, hvort prestur og hreppstjóri ættu að vera sjálfkjörnir. Það var í sannleika ekki vandalaust verk, sem þíngið fól nefndinni á hendur, þegar það fèkk henni þetta mál til meðferðar. Þegar nefndin fór að ræða þetta mál, varð henni það ljóst, að fyrir henni lágu 2 vegir; annar var sá, að lappa svo vel sem hún gæti upp á það, sem

nú er — *(J. Guðmundsson*: Gott!) —, eða leggja nýjan grundvöll, og reyna til, að hafa hann lagaðan eptir eðli sveitamálefna yfir höfuð, en þó svo, að hann yrði samþýddur þeim síðustu úrslitum þessara mála, sem nefndin ætlaði stjórninni að ákveða. Þennan síðar talda veg áleit nefndin réttast að fara; hún vildi leggja svo hreinan grundvöll, sem hún gæti, en hafði þó einlægt fyrir augum sèr, að tilhögun þessara mála stóð í sambandi við þá stöðu, sem Ísland kynni að fá í fyrirkomulagi gjörvalls konúngsveldisins, og þess vegna vildi nefndin láta stjórnina ráða, hvar hin síðasta afgreiðsla þessara mála ætti að vera; en hefði nú nefndin farið mjög smásmuglega út í hin sèrstaklegu atriði á hinum lægri stöðvum þessa máls, þá hefði hún, ef til vill, tekið fram fyrir hendur á stjórninni, eða gjört henni ómögulegt, að fara eptir tillögum hennar í því efni. Þessi skoðun mun hafa vakað fyrir nefndinni, og hún kann að hafa haft nokkur áhrif á tillögur hennar; hún hefur því að eins bent á, hvað hreppstjórar þyrftu að starfa, en ekki nákvæmlega til tekið verkahríng þeirra, því hún ætlaði stjórninni, að gjöra það í samhljóðun við þá aðgreiníngu, sem yrði á valdstjórnarmálum og sveitastjórnarmálum hèr á landi yfir höfuð. Nefndin játar, að framgángsmáti hennar varð að vera nokkuð blandaður, og kom það ekki til af óvandvirkni, heldur af óvissu um það stjórnarform, sem kynni að komast á í landinu. Eg vona, að þíngið sjái, hve varlega nefndin hefur viljað fara í þetta mál, og af þessari varkárni er það sprottið, að hún hefur haldið sig við undirstöðuatriði málsins, en sleppt, að til taka sum sèrstaklegri atriði; en hún hefur má ske ætlazt til of mikils af þínginu, þegar hún hugsaði, að það mundi verða eins léttstígt á þessum atriðum.

Á. Einarsson: Eg tók svo meiníngu nefndarinnar, að hún ætlaðist ekki til, að menn geingju nákvæmlega inn í smá-atriði í máli þessu, og ætlaði eg að hlýðnast þeirri reglu, hefði eg tekið nokkuð til máls í því; en mèr virðist, að fremur smásmuglega hafi verið rætt um málið svona snemma, og getur verið, að það skýri það fyrir stjórninni. En eptir því, sem þíngmaður Mýrasýslu gat um að væri í einni bænarskránni óskað, að nefnd yrði sett á milli alþínga, til að yfirvega þetta mál, þá held eg, að þetta væri óþarft, einkum þar sá 2. konúngkjörni þíngmaður hefur ráðgjört, að skrifa stjórninni um þetta mál, og held eg þá, að hún fái að lyktum næga upplýsíngu um þetta

mál. Fyrst eg stóð upp á annað borð, verð eg að geta þess, að mèr fór eins og þeim heiðraða framsögumanni, að eg furðaði mig á því, hvað margar bænarskrár komu frá Norðurlandi um breytingu á sveitarstjórninni, en sá 2. konúngkjörni þingmaður hefur skýrt frá, hvað fátækra-málefna-stjórnin væri góð í norðuramtinu, og að sýslumenn og hreppstjórar stæðu þar svo vel í köllun sinni, en þó gat hann þess, að lögreglustjórninni væri ábótavant. En ætli að ófullkomin lögreglustjórn geti ekki haft nein áhrif á fátækra-málefna-stjórnina. Eg vil taka eitt til dæmis, þegar liðið er flakk. Þingmaðurinn frá Mýrasýslu gat þess meðal annars í dag, að það væri galli á sveitarstjórnarlögunum nú, að menn gætu ekki haldið góðum hreppstjórum; en það er líka annar gallinn, að maður getur ekki orðið af með hina. Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál núna, nema geta þess, að mèr skildust svo sumar þingræðurnar, að menn væru á móti nokkurri breytingu í sveitarstjórn, og held eg, að því hefði átt að hreifa fyrri, hefði það verið alvara.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Áður en umræðunni er lokið, verð eg að geta þess, að nefndinni hefur skjátlazt, þar sem hún ætlast til, að sýslunefndin höndli um fjallgaungur og fjárrèttahald, því slíkt er sjaldan alveg innansýslumál; þess konar mál koma optast við fleirum sýslum, og mundu því bezt komin í amtmanna höndum, eins og verið hefur.

P. Pètursson: Hefði þingmaðurinn úr Mýrasýslu lesið nefndarálitið til enda, þá hefði hann sèð, að nefndin hefur ekki til tekið, hvar hin síðasta afgreiðsla þessara ætti að vera, heldur hefur lagt það á stjórnarinnar vald.

Forseti: Þar eð nú tekur einginn til máls, álít eg undirbúningsumræðu sveitastjórnarmálsins lokið, og skal eg ákveða fund aptur kl. 6. e. m. í dag, til þess að ljúka við kosningamálið.

Fundi slitið.

---

25. júlí — tuttugasti og fyrsti fundur.

Allir á fundi.

Forseti: Nú liggur fyrir, að taka kosningarlagamálið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Í þessu máli voru fram komin þessi breytíngaratkvæði:

Breytíngaratkvæði *Þ. Jónassens*:

Við 1. uppást. *a*: „að einúngis þeir bændur, sem eru í skiptitíund og upp eptir, hafi kosníngarrètt eptirleiðis til alþíngis„.

Breytíngaratkvæði *J. P. Havsteins* (samþykkt af nefndinni):

Við 1. uppást. *b*: „En þótt búlausir sèu; 1, allir *embættismenn*, sem annaðhvort hafa embættisbrèf frá konúngi eða stiptsyfirvöldunum; 2, *vísindamenn*, sem tekið hafa lærdómspróf við háskóla erlendis eða prestaskólann í Reykjavík, og sem eingum eru háðir; 3, *kaupstaðarborgarar*, sem gjalda nokkuð til sveitar sinnar, en standa ekki í skuld um þeginn sveitarstyrk".

Viðauka-atkvæði *V. Finsens*:

Við 1. uppást. *b*: „þurrabúðarmenn, sem gjalda til sveitar 6 rbdd. árlega".

Viðauka-atkvæði *P. Pèturssonar*:

Við tölulið 2 í niðurlaginu: á eptir orðunum: „til almennra þarfa", sè þessum bætt inn í: „þó sèu allir þeir undan skildir, sem þiggja sveitarstyrk".

Breytíngaratkvæði *J. Guðmundssonar*:

2. uppást. seinna atr. breytist þannig:

„Af þessari aðalreglu leiðir, að Skaptafellssýslunum, austur- og vestur-sýslunni, verður að skipta í 2 kjördæmi, og kjósa sinn aðalþíngmann og varaþíngmann úr hvorri þeirra".

Breytíngaratkvæði *Ó. Sivertsens*:

„Að ákveðið verði, ef annarhvor, fulltrúi eða varaþíngmaður, skorast undan, að taka á móti kosníngu, hvort þá eigi strax að kjósa um aptur, til að spara alþjóðlegan kostnað og ferðalag kjósandanna að nýju".

Forseti sagðist hafa látið prenta atkvæðaskrána, sem hann vonaði að hver þíngmaður hefði feingið og kynnt sèr; hún er svo hljóðandi:

Atkvæðaskrá

í

kosníngarlagamálinu.

1. *Nefndin*: að alþíngi riti konúngi þegnlega bænarskrá um,

að hann láti semja frumvarp til breytinga á kosníngarlögunum til alþíngis 8. marz 1843, og leggi það fyrir alþíngi 1855.

2. *Sama*: að í frumvarpi þessu verði settar þær undirstöðubreytíngar:
   a, að *kosníngarrètt* hafi allir bændur (sem hafa grasnyt), sem gjalda nokkuð til allra stètta.
   b, að þessir hafi kosníngarrètt, þó búlausir sèu: allir embættismenn, vísindamenn, sem eingum eru háðir, og kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar *(Communen)* að minnsta kosti 4 rbdd. árlega.
   c, að *kjörgeingi* sè óbundin við alla fjáreign eða greiðslu til almennra þarfa.
   d, Einginn skal rèttkjörinn til alþíngis, sem ekki hlýtur meira en helmíng allra þeirra atkvæða, sem greidd eru á kjörþíngi og gild.
   e, Fái ekkert fulltrúaefnið svo mörg atkvæði, skal kjósa um aptur (óbundnum kosníngum); fái þá enn einginn meira en helmíng atkvæða, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirra tveggja (eða þeirra, sem höfðu jafnmörg atkvæði), sem höfðu $\frac{1}{3}$ allra atkvæða í síðustu kosníngu, eða fleiri.
   f, Í Skaptafellssýslunum ræður einfaldur atkvæðafjöldi, eins og verið hefur.
   g, Hèðan af skal í hverju kjördæmi kjósa aðal-þíngmann sèr og vara-þíngmann sèr.

---

3. *Þ. Jónassen* (breytíngaratkvæði við 2*a,* sem kemur til atkvæða á undan 2*a)*: „að kosníngarrètt hafi einúngis þeir bændur, sem eru í skipti-tíund og þaðan upp eptir".
4. *J. P. Havstein* (samþykkt af nefndinni í staðinn fyrir 2*b,* og kemur það til atkvæða á undan 2*b,* eða í stað þess): „Kosníngarrètt hafa, þótt búlausir sèu: 1, allir embættismenn, sem annaðhvort hafa embættisbrèf frá konúngi eða stiptsyfirvöldunum; 2, vísindamenn, sem tekið hafa lærdómspróf við háskóla erlendis eða prestaskólann í Reykjavík, og sem eingum eru háðir; 3, kaupstaðarborgarar, sem gjalda nokkuð til sveitar sinnar, en standa ekki í skuld um þeginn sveitarstyrk".

5. *V. Finsen* (viðauka-atkvæði við 2*b*, eða nr. 4, sem kemur til atkvæða næst eptir þessar greinir): „að kosníngarrètt hafi þeir þurrabúðarmenn, sem gjalda til sveitar 6 rbdd. árlega“.
6. *P. Pètursson* (viðauka-atkvæði við 2*c*, sem kemur til atkvæða næst eptir 2*c)*: að eptir orðin: „almennra þarfa“, verði sett: „þó sèu allir þeir undan skildir, sem þiggja sveitarstyrk“.
7. *J. Guðmundsson* (breytíngaratkvæði við 2*f*, sem kemur til atkvæða á undan 2*f)*: „Skaptafellssýslunum (austur-og vesturs ýslunni) verður skipt í 2 kjördæmi, og kosinn sinn aðalþíngmaður og sinn vara-þíngmaður í hvorri“.
8. *Ó. Sivertsens* uppástúnga: „að ákveðið verði, ef annarhvor, fulltrúi eða varaþíngmaður, skorast undan, að taka móti kosníngu, hvort þá eigi strax að kjósa um aptur, til að spara alþjóðlegan kostnað og ferðalag kjósandanna að nýju“.

Framsögumaður: Í máli þessu eru, eins og þíngmönnum er kunnugt, komin fram alls 6 viðauka- og breytíngaratkvæði, og skal eg vera því fáorðari um þau, sem nefndin hefur sumpart aðhyllzt þau, en sumpart eru færðar móti þeim nægar ástæður við undirbúníngsumræðuna, t. a. m. eins og gjört var gegn breytíngaratkvæðinu, sem á atkvæðaskránni stendur undir töluliðnum 3, um það, að kosníngarrèttur sè bundinn við skiptitíund. Töluliðinn 4 á atkvæðaskránni hefur nefndin aðhyllzt, því það er eins og glöggvar sè tekin fram í því meiníng nefndarinnar. Viðauka-atkvæðið undir töluliðnum 5 á atkvæðaskránni er ekki þar alveg, eins og það var í upphafi borið fram. Það fer fram á svo háan gjaldstofn, að það líkist mest jarðeignargjaldstofninum, sem vèr erum nú að rífa niður. Viðauka-atkvæði það, sem er undir 6. tölulið á atkvæðaskránni, gat nefndin ekki heldur tekið til greina, mest vegna þess, að það virðist lýsa nokkurri tortryggni eða vefeingíngju á því fyrirkomulagi til að tryggja góðar kosníngar, sem nefndin hefur stúngið upp á. Nefndin gat ekki ætlað neinu kjördæmi það, að meira en helmíngur atkvæða yrði gefinn sveitarlim. Eg ætla þá í bráð að hlaupa yfir 7. breytíngaratkvæðið, og venda fáum orðum að hinu 8. Þetta breytíngaratkvæði getur verið allgott til skýríngar í sjálfu frumvarpinu til kosníngarlaganna, en nefndinni finnst því vera öldúngis of aukið inn í þessi undirstöðuatriði, sem hèr er nú einkanlega umræðan um.

En hvað breytingaratkvæðinu undir töluliðnum 7 á atkvæðaskránni viðvíkur, þá hafa hinir heiðruðu meðnefndarmenn mínir ekki getað fallizt á það. En eg verð samt að halda því fram, og vil eg nú skýra þinginu frá ástæðum mínum fyrir því. En það er mín skoðun á þessu máli, að það sè eingan veginn til vinnandi, að gjöra þá undantekníngu frá góðri, og, að allrar nefndarinnar áliti, öldúngis nauðsynlegri aðalreglu, þeirri, að meiri hluti allra atkvæða þurfi til gildrar kosníngar, að halda framvegis því fyrirkomulagi, sem er í Skaptafellssýslunum, að skipta þeim í tvær kjördeildir, og kjósa úr báðum *einn* fulltrúa með einföldum atkvæðafjölda. Af þessu yrði þá líka að leiða það, að Þíngeyjarsýslu yrði að svipta þeim rètti, sem hún hefur nú, til að kjósa 2 fulltrúa, heldur yrði vegna landslagsins, að skipta henni í tvær kjördeildir, og yrði þá einnig þar að ráða kosníngum að eins einfaldur atkvæðamunur, og yrði þannig óumflýjanlegt, að hafa undantekníngu frá nauðsynlegri og almennri aðalreglu *í tveimur* af hinum fjölmennari kjördæmum landsins. En þar til ber þess vel að gæta um Skaptafellssýslurnar, að eingar sýslur á landinu eru í raun og veru eins gjörsamlega aðskildar í öllu verulegu, eins og þær, því þær hafa eingin skipti hvor við aðra, þó þær hafi sama sýslumann. Vestri sýslan sækir kaupstaði og öll önnur viðskipti vestur fyrir sig, en eystri sýslan aptur austur í Múlasýslurnar, og innbyrðis viðskipti og kunnugleiki milli sýslubúanna innbyrðis, þeirra í austurpartinum og í vesturpartinum, er svo að segja einginn. Eystri sýslan þekkir varla nokkurn mann í suðuramtinu, og eptir þeim gildandi kosníngarlögum má hún þó ekki kjósa neinn í Múlasýslu, þar sem hún þekkir helzt til manna utanhèraðs. Ef að ekki má skipta Skaptafellssýslu í 2 kjördæmi, álít eg, að það megi því síður haldast, sem þó er nú í lögum, um Norðursýslu, því þar er einnig að eins einn sýslumaður.

Þ. Jónassen: Eg skal ekki tefja leingi tímann með því, að mæla fyrir breytíngaratkvæði mínu; það verður að mæla með sèr sjálft. Eg ætla það fari hæfilegan meðalveg, og bægi eingum frá kosníngu, sem æskilegt væri að yrði kosníngarrèttar aðnjótandi; því þó einstakir menn verði með því útilokaðir frá kosníngarrètti, er þetta eingin veruleg mótbára, því hjá þeim verður ekki komizt, hvernig sem kosníngarlögunum er komið fyrir, og enda þó þær sèu látnar óbundnar. Enda eptir nefndarinnar uppástúngu á þetta sèr stað; því ekki gjalda allir þeir til allra

stètta, sem kynnu að hafa þá hæfilegleika til að bera, sem útheimtist, til að kjósa skynsamlega alþingisfulltrúann. Eg þekki t. a. m. 2 menn, sem verið hafa hreppstjórar í Kjósarsýslu, en nú eru hættir við búskap, og borga ekkert, nema, ef til vill, eitthvað til fátækra, og þessir menn eru þó útilokaðir frá kosníngu eptir uppástúngu nefndarinnar. Þetta sýnir, að ekki er hægt, að sneiða hèr fyrir öll annnes, eða að komast hjá öllum annmörkum, hversu sem svo kosníngarlögunum er komið fyrir. Að öðru leyti virðist mèr, að almenníngur ekki hafi þann áhuga á kosníngarrèttinum, að minnsta kosti kom það ekki fram 1849, þegar kosið var til þjóðfundarins, að næg ástæða sè til, að rýmka þennan rètt meir, en eg ætlast til; og hvað sem því líður, er það sannfæríng mín, að það sè mikið áhorfsmál, að hleypa fleirum að kosníngum, þegar þær, eins og hjá oss, eru einfaldar, er eptir mínu breytíngaratkvæði komast að. Um þetta geta varla verið nein tvímæli, ef menn á annað borð vilja hafa nokkra tryggíngu fyrir því, að þeir, sem kjósa, kjósi vel og skynsamlega, og fer eg svo ekki um þetta fleirum orðum.

P. Pètursson: Áður en geingið er til atkvæða um töluliðinn 4 á atkvæðaskránni, vil eg geta þess, að í prestaskólanum eru 2 lærdómspróf. Því að þeim, sem eru orðnir meira en eins árs gamlir stúdentar, er gjört að skyldu, að gánga undir próf í skólalærdómi, áður en þeir eru teknir inn í prestaskólann, og hitt annað próf er, þegar þeir fara út úr honum. Eg er að vísu sannfærður um, að uppástúngumaður meinar hèr ekki hið fyrra próf, en eg vildi taka þetta fram, og óskaði, að í staðinn fyrir *lærdómspróf* yrði sett *embættispróf;* það er ekki nema orðabreytíng, sem eg ímynda mèr að enn megi gjöra. Viðvíkjandi viðauka-atkvæðinu undir 6. tölulið gat hinn heiðraði framsögumaður þess, að nefndin hefði ekki viljað taka það, af því það væri ekki hugsandi, að slíkt kæmi nokkurn tíma fyrir, en það er svo lèttvæg ástæða, að eg er viss um, að framsögumaður hefur aðra betri í huganum, sem hann ætlar víst að koma með, þegar eg er setztur niður. Það kann nú að vísu að vera satt, að þetta kynni að koma sjaldan fyrir, en eptir því má ekki fara, heldur verður að gjöra lögin svo úr garði, að þetta verði ómögulegt. Og þó get eg vel hugsað mèr, að þetta kynni upp á að koma; því þó það, ef til vill, sè ekki sannfærandi fyrir aðra en mig, get eg vel ímyndað mèr, að eitthvert kjördæmi kynni að hafa svo lítið álit á alþingi, að það vildi gjöra því þá hneysu, að það bæri sig saman um, að senda því

einhvern mann, sem þægi eða hefði þegið óendurgoldinn sveitarstyrk. Eg bjóst við, að það mundi verða haft fyrir ástæðu gegn viðauka-atkvæði þessu, að menn, sem þægju af sveit, væru að nokkru leyti sviptir fjárforráðum; en því hefði eg svarað svo, að eg veit ekki betur, en að enginn verði sviptur fjárforráðum nema með yfirvaldsúrskurði, eins og enginn getur feingið fjárforráð aptur, nema með úrskurði þeirra, og eg ætla, að sá úrskurður þurfi að vera þínglýstur, og þetta á sèr hèr eingan stað, þegar um sveitarstyrk er talað. Mèr þykir það undarlegt, ef þessu atriði væri sleppt hèr, þar sem menn voru nýlega svo strángir í því í sveitastjórnarmálinu, en nú er verið að tala um kosníngarlög til alþíngis framvegis, sem menn vona jafnvel eptir að síðar kunni að fá meira vald, en það hefur nú.

G. Brandsson: Við undirbúníngsumræðu þessa máls vildi eg fræðast um það hjá nefndinni, hvort allir þeir ættu að álítast bændur, sem hefðu grasnyt og gyldu nokkuð til allra stètta, því eg tók það þá fram, að sumir þeir, sem tómthúsmenn eru kallaðir, væru einmitt í þessara tölu. Eg hef nú ekki feingið greinilega utlistun yfir þetta, og þó virðist mèr hún nauðsynleg, af því það er ekki ætíð svo hægt, að að greina þessa tvo flokka, bændur og tómthúsmenn, einkum þar sem svo stendur á, sem hèrna er víða lenzka í Reykjavík, að tómthúsmenn, sem kallaðir eru, hafa talsverða grasnyt.

Hvað viðvíkur nefndarálitinu yfir höfuð, þá get eg fyrir mitt leyti ekki fundið að því í neinu verulegu, enda þó mèr finnist, að nefndin hefði ekki átt að sleppa ákvörðun þeirri, sem hún hafði gjört um kosníngarrèttinn í tilliti til borgaranna; því yrði það nú upp á, að breytíngaratkvæði hins fjórða konúngkjörna þíngmanns feingi framgáng, og svo í öðru lagi það, sem þar er næst á eptir, og sem nefndin hefur samþykkt, þá sjá allir, að kosníngarrètti bændanna yrði þraungvað um of, í samanburði við borgaranna. Hvað nú hinu fyrra breytíngaratkvæði viðvíkur, sem eg minntist á, og sem fer fram á það, að kosníngarrètt hafi einúngis þeir bændur, sem eru í skiptitíund og þaðan upp eptir, þá held eg, að það eigi mjög illa við, einkum hèr við sjávarsíðuna. Höfundur þess talaði um, að áhugi manna á kosníngum mundi daufur vera; en hvað skyldi vera fremur til að deyfa hann enn nú meir, en þessi kosníngarrèttur, sem hann stíngur upp á? því fyrir það geta ekki einúngis útilokast góðir og gagnlegir menn, sem ekki höfðu kosníngar-

rètt eptir alþingistilskipuninni, heldur líka þeir, sem eptir henni máttu kjósa sèr fulltrúa, því eg þekki nokkra menn, sem ekki geta tíundað 5 hundruð í lausafè, en eiga þó 10 hundruð í jörðu; og svona getur verið ástatt víða, þar sem eg þekki ekki til. Við þá flokkaskipun, sem gjörð er í breytíngaratkvæði hins annars konúngkjörna þíngmanns, felli eg mig vel, og gef eg atkvæði mitt fyrir tveimur fyrri uppástúngum þess, sem taka það skýrt fram, hverjir embættismenn og vísindamenn það sèu, sem meint er til, en aptur felli eg mig illa við ákvörðun þá, sem í þriðja atriði þess er tekin fram um borgarana, eins og eg hef minnzt á áður.

Viðauka-atkvæði hins 6. konúngkjörna þíngmanns verð eg að samþykkja, af því eingin önnur uppástúnga er nú til um kosníngarrètt tómthúsmannanna, sem til atkvæða geti komið. Sama er að segja um viðauka-atkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns, að eg veiti því meðmæli.

En hvað viðvíkur breytíngaratkvæði þíngmanns Skaptfellínga, þá getur vel verið, að hann hafi mikið til síns máls, þegar litið er á erviðleika þann, sem hlýtur að verða samfara kosníngum í Skaptafellssýslu, þar húu er svo löguð, að hún liggur mestöll strandleingis með sjónum lángar leiðir; en aptur er þó aðgætandi, að bæjatala í henni allri er ekki helmíngur í samanburði við það, sem er í Árnessýslu. Eg veit reyndar, að þessar ójöfnur eiga sèr víða stað, þegar bornar eru saman fólksríkar og fólksfáar sýslur, því t. a. m. Vestmannaeyjasýsla og Strandasýsla eru ekki miklar, í samanburði við sumar aðrar, og verður bágt, að varast þess konar ójöfnur, meðan hinni núverandi kjördæmaskipun er haldið, svo eg þess vegna get ekki fundið næga ástæðu til, að setja mig á móti þessu breytíngaratkvæði.

Uppástúnga þíngmannsins úr Barðastrandarsýslu finnst mèr nauðsynleg; því fái hún framgáng, er líkast til, að sá vafi hverfi, sem nokkrir hafa verið í um kosníngaraðferð eptir alþíngis-tilskipuninni.

Af því að nefndin hefur nú, að mèr virðist, fallið frá uppástúngu sinni í annari grein undir staflíðnum *b*, þá vildi eg gjarnan mega taka að mèr seinasta atriði hennar, sem stíngur upp á því, *að þeir kaupstaðaborgarar, sem gjalda 4 dali til sveitar, fái kosníngarrètt,* og gjöra það að minni uppástúngu, svo framarlega sem þetta ekki er á móti rèttu formi.

Forseti: Fyrir mitt leyti sè eg ekki neitt á móti því, að þessi uppástúnga nefndarinnar, sem hún hefur fallið frá og þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu vill taka að sèr, komi undir atkvæði.

V. Finsen: Eg kannast við það, að viðauka-atkvæði mitt, undir 5. töluliðnum á atkvæðaskránni, er þar nokkuð öðruvísi, en eg hafði ætlað mèr í fyrstu; því þá hafði eg einkum tillit til Reykjavíkur-lögsagnarumdæmis, en síðan tók eg það almennara, með hliðsjón af umræðum þeim, sem orðið höfðu við undirbúnings-meðferð málsins, og að nokkru leyti eptir samkomulagi við þingmanninn úr Gullbríngusýslu. Eg hef ákveðið gjald tómthúsmanna til 6 rbdd., og hef eg haft það svo hátt, af því að nefndin hafði stúngið upp á, að borgarar í kaupstöðum skyldu hafa kosníngarrètt, ef þeir borga 4 rbdd. til sveitar, en mèr þótti ekki hæfa, að ákveða gjaldið jafnt fyrir borgara og tómthúsmenn í kaupstöðum. Eg neita því að vísu ekki, að eptir þessu atkvæði verða þeir ekki svo margir af tómthúsmönnum, sem komast með, en aðalhugmyndin helzt þó, nefnilega sú, að þessi flokkur manna verði ekki alveg útilokaður frá kosníngarrèttinum. Með tilliti til Reykjavíkurbæjar get eg þess sèr í lagi, að nokkrir af iðnaðarmönnum hafa borgarabrèf, en sumir ekki, og sumir af þeim iðnaðarmönnum, sem hafa borgarabrèf, eru þó mjög fátækir, og í manna áliti settir hèr um bil jafnsíðis tómthúsmönnum; og skyldu nú borgarar eptir breytíngaratkvæði því, sem fram er komið, fá kosníngarrètt, án tillits til, hvað þeir gjalda til sveitar, þá væri það eptir því, sem þannig á stendur, ósanngjarnt, ef iðnaðarmaður, sem greiðir 1 rbd. til sveitar, skuli hafa kosníngarrètt, en tómthúsmaður, hvað mikið sem hann geldur, sè útilokaður.

J. Kristjánsson: Öll atkvæði á atkvæðaskrá þessari lúta að því, að breyta einúngis því einu, sem nauðsynlegt var að breyta í tilskipuninni um alþíngið frá 1843. Eg álít stefnu þessa rètta, því tilskipunin er víða vel hugsuð, og vel frá henni geingið, þó íslenzka útleggíngin sè illa verkuð. En mèr þykir 8. tölulið á atkvæðaskránni öldúngis of aukið; því í tilskipuninni eru einmitt ákvarðanir um það atriði, og vísa eg til 12., 24. og 36. gr. Líklega vilja menn þó ekki beiðast þess, að það verði með lögum ákveðið, að fulltrúaefni, sem kosið er, neiti strax og umsvifalaust kosníngu á kjörfundi, ef hann er þar staddur; því þá má búast við, að margir verði til að afsaka sig

frá þingferð, og ef þeim gefst enginn frestur til yfirvegunar, en tækifærið til að afsaka sig blasir við, munu þeir, ef til vill, líta fyrst á það, hve vinna þingmannsins er óþakklát. Það eru eingan veginn allir, sem köllun vakir hjá innra, til að verða þingmenn, og þeir munu fáir, sem hafa stóra laungun til, að verða það.

Framsögumaður: Hinn heiðraði uppástúngumaður viðauka-atkvæðisins undir staflið 6 á atkvæðaskránni hefur í lángri ræðu reynt til, að færa ástæður fyrir því. En mèr finnst viðauka-atkvæði þetta því síður takandi til greina, sem nefndin hefur alls ekki farið fram á, að breyta í neinu 4. gr. alþingistilskipunarinnar, og hún, saman borin við 5. gr. sömu tilskipunar, tekur þetta atriði ljóslega fram. Nefndin hefur ekki stúngið upp á öðrum breytíngum, en á kjörstofninum einum, en alls ekki á öðrum skilyrðum fyrir hæfilegleikum til kjörgeingis, sem alþingistilskipunin tekur fram. Hvað orðabreytíngu hins sama heiðraða þingmanns í 4. tölulið snertir, þá er eg fyrir mitt leyti ekkert á móti henni, því hún er ljósari nokkuð en orðið, sem þar stendur, enda þó eg geti ekki ímyndað mèr, að neinn hefði villzt á því, því síður, sem eg veit ekki, hvort þetta fyrra próf við prestaskólann, sem hann gat um, er í raun og veru nokkurt lærdómspróf, þar sem það á að eins að gefa vissu fyrir því, að maðurinn sè ekki búinn að týna niður skólalærdómi sínum. Hvað kaupstaðarborgara snertir, verð eg, út af því, sem hinn heiðraði þingmaður úr Gullbríngusýslu vakti máls á, að geta þess, að það er allt öðru máli að gegna um þá en bændur. Bændur hafa atvinnuveg sinn af fènaði, sem þeir tíunda, en þeir, sem hafa tekið borgarabrèf, hafa atvinnuveg sinn, og það öldúngis eins löglegan atvinnuveg, af öllu öðru, sem ekki er eða getur verið bundið við neina tíund. Nefndinni fannst því rètt, að láta það óákveðið, hvað þessir borgarar skyldu gjalda „til sveitar“, eins og um bændur „til allra stètta“. Henni þótti það nóg, ef þeir gætu sýnt það og sannað, að þeir hefðu einhverja löglega atvinnu, og gyldu nokkuð. Viðvíkjandi skiptitíundinni læt eg mèr það nægja, sem þingmaðurinn frá Gullbríngusýslu hefur fært til gegn því, að hún yrði lögð til grundvallar fyrir kosníngarrètti manna.

H. Stephensen: Viðvíkjandi breytíngaratkvæðinu undir töluliðnum 7 á atkvæðaskránni leyfi eg mèr að geta þess, að við

2 nefndarmenn gátum ekki fallizt á það, af því það var byggt á þeirri ástæðu, að kjósa yrði í 2 deildum, og því væri ekki unnt, að ná þar fullum atkvæðafjölda. Eg veit nú ekki, í hverju það er betra með Skaptafells- og Þingeyjar-sýslur, að gjöra undantekningar fyrir þær með þingmannafjöldann, heldur en hitt, sem nefndin hefur stúngið upp á, að í þeim sè látinn nægja einfaldur atkvæðafjöldi. Hvorttveggja verður undantekning, og eg vil heldur falla frá hinum fullkomna atkvæðafjölda í sýslum þessum, heldur en þær sendi hvor 2 fulltrúa til alþingis. Það mætti virðast undarlegt, ef þessar 2, í samanburði við margar aðrar, fámennu sýslur væru tvöfalt *repræsenteraðar* við hinar fjölmennari. Af þessum orsökum get eg alls ekki fallizt á þessa uppástúngu míns heiðraða meðnefndarmanns. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, sem á atkvæðaskránni stendur undir töluliðnum 3, er það nægilega tekið fram, bæði af framsögumanni og þíngmanninum úr Gullbríngusýslu, að sá kjörstofn sè alveg óhæfilegur. Sjóarbóndi sá, sem að eins tíundar 3 eða 4 hundruð, er opt miklu betri bóndi, en margur sá sveitabóndi, sem tíundar 6 eða 7 hundruð, og er hægt að sjá, hve miklum ójöfnuði þetta getur ollað, bæði við sjó og í sveit. Hvað þurrabúðarmennina snertir, þá er eg enn sem fyrri á því, að sá flokkur manna ætti aldrei að fá kosníngarrètt, því eg álít þá ekki hafa neinn löglegan atvinnuveg, heldur vera einmitt undantekníng frá lögunum, og þetta er eins álit mitt, þó þeir sèu fáir, sem að geti komizt að kosníngunum, eins og verða mundi eptir uppástúngu hins heiðraða 6. konúngkjörna þíngmanns. En að gjöra undantekníngu í þessu tilliti einúngis vegna Reykjavíkur, það álít eg óþarft; því eg get ekki ímyndað mèr, að tómthúsmennirnir þar sèu svo miklum mun betur mannkostum búnir, en þeir eru annarstaðar, að það yrðu ekki helber rángindi úr því. Borgarinn er þar á móti í miklu nánara sambandi við landið, en tómthúsmaðurinn, og er því allt öðru máli að gegna um hann. Sem nefndarmaður hef eg ekkert á móti orðabreytíngu hins 5. konúngkjörna þíngmanns, að í stafliðnum 4 á atkvæðaskránni verði sett „*embættispróf*“ fyrir „*lærdómspróf*“.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg hef nú svo sem eingu að bæta við það, sem meðnefndarmenn mínir hafa talað um breytíngaratkvæðið undir 7. tölulið á atkvæðaskránni. En ekki get eg betur sèð, en að það, sem þar er farið fram á, hlyti að verða hið

megnasta óánægjuefni fyrir hin fjölmennu kjördæmin, ef þessar 2 fámennu sýslur sendu sína 2 fulltrúana hvor til alþingis. Eg held þeim sè nóg vilnað í, í tilliti til einstaklegs ásigkomulags þeirra, ef einfaldur atkvæðafjöldi er látinn ráða hjá þeim. Uppástúngan undir töluliðnum 8 sýnist mèr vera óþörf, vegna þess, að eg skil ekki betur, en það, sem þar er farið fram á, sè leyft í alþingistilskipuninni. Eg held því, að ekki þurfi að leingja þíngræðurnar með frekari umræðum um það.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að gjöra eina athugasemd við uppástúngu nefndarinnar 2 *e*. Þar er svo að kveðið, að *fái ekkert fulltrúaefnið*, og þá sjálfsagt líka varafulltrúaefnið, *svo mörg atkvæði* (þ. e. meira en helming atkvæða), *þá skuli kjósa upp aptur með óbundnum kosníngum*. Þetta er nú með öllu rètt, og þannig plagar slík ákvörðun að vera orðuð, þar sem meira en helmíngur atkvæða útheimtist til kosníngar. Síðan er stúngið upp á því, ef einginn fær meira en helming atkvæða við aðra kosníngu, *þá skuli kjósa í þriðja sinn*, en með bundnum kosníngum, eður einúngis um þá tvo, sem feingið hafa ⅓ allra atkvæða í seinni kosníngunni, eða fleiri. En hèr við er það aðgætandi, að það ber mjög opt til, að atkvæðin dreifast svo við aðra kosníngu, að einginn fái ⅓ atkvæða, og þá verður þeim kosníngarmáta, sem nefndin hefur stúngið upp á, ekki við komið. Það er því vant, að orða svo, þegar ákvarðað er, að bundin kosníng skuli fara fram í þriðja sinn, að kjósa skuli einúngis um þá tvo, er hafa flest atkvæði, eða fleiri atkvæði, en nokkrir aðrir.

Hvað 6. breytíngaratkvæði viðvíkur, þá virðist mèr það ekki hafa svo litla þýðíngu, sem sumir þíngmenn halda, þó eg játi, að það sè nokkuð óhagkvæmlega orðað, eins og það er prentað á atkvæðaskránni. Það er sjálfsagt ekki meiníng þessa atkvæðis, að fyrirbyggja kosníngu sveitalima, eður þeirra manna, sem þiggja sveitarstyrk, þegar kosníngin fram fer; en meiníngin er, að hamla kosníngu þeirra manna, er áður hafa þegið *óendurgoldinn* sveitarstyrk, og þannig löguð er ákvörðunin eingan veginn þýðíngarlítil, og þannig er hún einnig viðtekin í kosníngarlögum Dana.

Eg verð að ráða þínginu til, að aðhyllast hið 7. breytíngaratkvæði við 2 *f*, og skal eg, hvað breytíngaratkvæði þetta snertir, halda mèr til þess, er hinn heiðraði framsögumaður þar um áður sagði. Eg veit ekki til, eins og fyrir hefur verið borið,

að nein misánægja hèr á þínginu sè risin út af því, þó tveir fulltrúar sèu hèr frá Þingeyjarsýslu; því hvorki verður því við komið, meðan sú skipun er á, að hver sýsla er kjördæmi sèr, að ei sè mikill munur á fólksfjölda í kjördæmunum, enda er ei heldur loku skotið fyrir það, að fulltrúunum á alþingi kunni seinna meir að verða fjölgað, svo að hinn áður taldi ójöfnuður minki. En það er víst með öllu dæmalaust, að í nokkrum kosníngarlögum finnist það boðið, að veruleg atriði til tryggíngar kosníngunum skuli úr fella kosníngarlögunum fyrir einstakt kjördæmi landsins, af því það er svo stórt um sig, að því hefur orðið að skipta í tvær kosníngardeildir. Sá máti, sem breytíngaratkvæðið upp á stíngur, er því lángtum eðlilegri, en sá, sem nefndin í öndverðu fór á flot; og það væru víst lángtum stærri vandkvæði á kosníngarlögunum, ef eitt kjördæmi skyldi hafa miður tryggjandi kosníngar, en öll önnur í landinu, af því það er svo óheppið, að vera stórt ummáls, en þó það sendi híngað 2 fulltrúa á þíngið, hvar til að öðru leyti, eins og framsögumaður hefur sagt, virðast vera góðar ástæður.

Eg verð að vera þeim háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanni samdóma í því, að hið 8. breytíngaratkvæði ekki sè nauðsynlegt. Það leiðir bæði af hlutarins eðli og anda kosníngarlaganna, að það er skylda kjörstjórnarinnar, að sjá um, að kosnir verði 2 menn fyrir kjördæmið, alþíngismaður og varaþíngmaður. Sèu nú þeir, sem kosnir eru til staðar á þínginu, og neiti þar strax, að taka við kosníngu, þá er það auðvitað, að það er bæði rèttur kjósanda og skylda kjörstjórnarinnar, að láta kjósa strax menn í stað þeirra, sem frá geingu; því annars yrði kosníngarfundurinn til einkis, þvert á móti því, sem til er ætlazt, og kjördæmið yrði annaðhvort fulltrúalaust eður varaþíngmannslaust, þegar kjörfundinum væri slitið.

Framsögumaður: Eg finn, að það er öldúngis rètt, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði um uppástúngu nefndarinnar, 2 *e*, um það, hvernig hún er orðuð, og ætla eg, að það mætti gjöra við því með því, að koma inn um það athugasemd í álitsskjalið til konúngs.

Viðvíkjandi hinum 6. tölulið á atkvæðaskránni, þá finnst mèr ekki sú meiníng liggja þar beinlínis í eptir orðunum, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi lagði í hann; því það er sitt hvað, „að standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk“, og „að þiggja af sveit“; hefði viðauka-atkvæði þetta verið likt orðað því, sem

konúngsfulltrúinn sagði nú að ætti að vera meiningin, þá tel eg vísara, að nefndin hefði ekki haft á móti því, sem konúngsfulltrúi fór fram á. Nefndin hefur tekið það fram í álitsskjali sínu, að hún ætlaðist til, að 4. gr. alþingistilskipunarinnar stæði óbreytt. Fyrir mínu breytíngaratkvæði þarf eg því síður að tala framar, en eg hef gjört, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi gjörði það svo vel, og betur en eg var fær um. En að því leyti, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður kallaði það *ívilnun*, ef í Skaptafellssýslu og Þíngeyjarsýslu væri einfaldur atkvæðafjöldi látinn ráða, þá get eg ekki, og víst einginn, kallað það neina ívilnun, sem ómögulegt er að koma fyrir öðruvísi; því það er auðskilið, að, ef þessum kjördæmum er skipt, hvoru í tvær kjördeildir, þá er ómögulegt, að láta meir en helming atkvæða ráða þar gildri kosníngu.

Á. Einarsson: Eg get ekki skilið í, að það sè nein beinlínis skylda fyrir kjörstjórnina, að láta kjósa um aptur undir eins, þó annarhvor, fulltrúi eða varafulltrúi, afsaki sig á kjörfundi, því það er hvergi skipað — *(Konúngsfulltrúi*: Það þarf ekki að skipa það) —. En hvernin á þá kjörstjórnin að vita, hvort maður, sem kosinn er fyrir utan kjördæmið, afsakar sig eða ekki? Eg get ekki leitt það út úr 12. gr. alþingistilskipunarinnar, að kjörstjórnin sè skyldug til, að láta kjósa á ný strax á þínginu, fyrst það er ekki skipað; því hefði það átt að vera reglan, þá átti greinin að taka það fram, og eg veit líka, að lögfræðíngarnir hafa ekki álitið, að kjósa ætti á ný, meðan einn þíngmaður væri til, og hef eg skýrt frá því áður, enda minnir mig, að eg hafi heyrt, að þessi meiníng hafi verið höfð í Danmörku, einkum framan af, meðan fulltrúaþíngin voru þar.

Konúngsfulltrúi: Þetta er allt öðru máli að gegna; því þegar sá, sem kosinn er, ekki er til staðar á kjörþínginu, svo að menn ekki geta feingið að vita, hvort hann tekur á móti kosníngu eða ekki, fyr en eptir að fundi er slitið, þá á ekki að kalla saman nýjan kjörfund til kosninga, meðan annarhvor er til, alþingismaður eða varaþíngmaður.

Ó. Sivertsen: Með tilliti til uppástúngu þeirrar, sem hèr ræðir um, get eg verið því fáorðari, sem bæði hinn háttvirti konúngsfulltrúi og hinn 1. konúngkjörni þíngmaður hafa skýrt það atriði svo vel, sem hún fer fram á. En eg ætla þó, að eigi muni hún vera borin upp án gildra orsaka. Eg mun geta

sannað það, og hinn heiðraði þingmaður frá Strandasýslu líka, að töluverður efi sè víða hvar á þessu. Eg kannast að sönnu við það, að það er hvergi bannað í lögunum, að kjósa annan í stað þess, sem afsakar sig þegar á kjörfundinum, en það er heldur hvergi leyft, og eg veit ekki, hvort lögin mega takast hèr í útvíðkaðri merkingu, eins og fram á hefur verið farið. Eg veit annars ekki betur, en þegar bæði fulltrúi og varafulltrúi hafa verið við á kjörþingunum í vesturumdæminu, þá hafi kjörstjórnin þar haft þá reglu, að spyrja þá undir eins að því, hvort þeir mundu taka við kosníngu eða ekki, en mèr er ekki kunnugt, hvort þeirri reglu hefur alstaðar verið fylgt, enda þó eg sè á því, að það muni ekki vera, og þá þykir mèr umvarðandi, að lögin sèu látin vera svo skýr og ljós, sem hæfir og vera ber. En eg skal ekki fara um þetta fleirum orðum, heldur láta mèr nægja, að því hefur verið hreift hèr á þínginu; því meiníngar þær, sem fram hafa komið, geta, ef til vill, leiðbeint mönnum hèr eptir í þessu atriði.

Konúngsfulltrúi: Með því, sem eg hef sagt um þetta breytíngaratkvæði, hefur það ei verið meiníng mín, að mótmæla því með öllu; því þó eg álíti það ekki nauðsynlegt, hef eg þó heyrt meiníngamismun vera í því tilliti; en þá þyrfti breytíngaratkvæðið að orðast betur og nákvæmar, og sèr í lagi hefði þurft, að taka það fram í 1. lið atkvæðisins, að, ef annarhvor, fulltrúi eða varaþíngmaður, skorast undan, að taka á móti kosníngu, þá sè einúngis meint til þeirrar undanskorunar, sem þá er borin upp strax á þínginu.

St. Jónsson: Í tilliti til viðauka-atkvæðisins undir 6. tölulið á atkvæðaskránni vil eg geta þess, að mèr finnst sú ákvörðun nauðsynleg, svo framarlega sem nokkur efi er á því, hvort alþíngistilskipunin standi í því atriði óhögguð fyrir nefndarálitinu, eins og framsögumaður sagði. En ekki get eg kallað það, að einn þiggi af sveit, eða standi í skuld um sveitarstyrk, þó hann hafi feingið hann, áður en hann gat unnið fyrir sèr sjálfur; því það var þá lagt foreldrum hans. Með tilliti til uppástúngunnar undir 8. tölulið, þá þykir mèr það nauðsynlegt, að slíkt sè nógu ákveðið, því það atriði þyrfti að vera sem bezt til tekið; því eg veit dæmi til þess, og hef reynslu fyrir mèr í því, að það hefur sín kjörstjórn farið hvern veginn; en eg álít það umtal, sem nú er orðið um þetta atriði, vera nóg því

til upplýsingar, og vona, að stjórnin taki það til greina, hvort sem að breytíngaratkvæðið fellur eða ekki.

J. hreppst. *Sigurðsson:* Alþingistilskipunin gjörir kjörstjórunum það að skyldu, að halda kosníngarþíng, og láta á því velja alþíngismann og varaþíngmann, sem gjörist allt við sömu kosníngunа, þar sá skal heita aðalþíngmaður, sem fær flest atkvæði, og hinn varaþíngmaður, sem fær atkvæði þar næst. Þetta gjöra kjörstjórar líka; þeir láta alla rètta kjósendur kjósa, og þá fær einn flest atkvæði, og annar þar næst, svo báðir eru valdir; og þá meina eg að allir kjörstjórar þykist hafa af lokið skyldu sinni á því þíngi, og spyrji ekkert framar um, hvort menn antaki kosníngu eður ekki; því það er ekki þeirra skylda, að ábyrgjast, að hinir gegni köllun sinni; en hvort það er þá strax eður síðar, að það komi löglega fyrir þá, að einginn sè þíngmaður til, svo að alþíngissæti sè alveg autt, þá er sjálfsagt, að þeir haldi aukakosníngu.

Lögfræðíngarnir hèr hafa nú lagt út þetta lögmál eptir sínum hugþótta, og er sú útlegging nokkuð öðruvísi, sem eg efa nú ekki að kunni að vera rètt; því þeir líklega dæma eptir þeim ósýnilega anda laganna; en þar svona er meiníngaágreiníngur, þá álít eg ómissandi, að þetta viðauka-atkvæði, 8., verði sett til atkvæða, því þá verður önnurhvor reglan skýrlega fram tekin í lögum hèr eptir.

J. P. Havstein: Það er allt öðru máli að gegna, ef fulltrúi eða varafulltrúi skorast undan kosníngu eptir kjörfund; þá er sjálfsagt, að kjósa ekki um aptur, svo leingi sem annarhvor er til, eins og það er líka sjálfsagt, að kjósa þegar annan í stað þess, sem afsakar sig á kjörfundinum, því þá er kosníngunni ekki lokið, fyr en 2 fulltrúar eru komnir. Eg verð því að álíta uppástúnguna undir töluliðnum 8 á atkvæðaskránni öldúngis óþarfa.

Framsögumaður: Mèr virðist eingin bót í, að taka uppástúnguna undir töluliðnum 8, eins orðaða og hún er, inn í niðurlagsgreinir álitsskjalsins til konúngs. Þar á móti held eg það væri gott, að benda á þetta atriði í inngángi þess; því eg held, að uppástúngan fullnægi ekki þeim tilgángi, sem menn vilja að hún hafi, eins orðuð og hún er nú.

G. Einarsson: Eg verð samt að vera á því, að, þó uppástúngan undir 8. tölulið falli hèr núna fyrir atkvæðafjölda, þá sè þó nauðsynlegt, að taka það atriði, sem hún fer fram á, greinilega fram í álitsskjali þíngsins til konúngsins — (*Fram-*

sögumaður: Það var einmitt líka mín meiníng) —; því það er víst, að það getur annars ollað töluverðum vafa og kostnaði, og menn hafa nóg dæmi til þess fyrir sèr, og þau ekki sum hver svo gömul.

Forseti: Þar eð nú tekur einginn til máls framar, álít eg ályktarumræðu máls þessa lokið, og skal eg þá leyfa mèr að biðja þíngmenn, að greiða atkvæði í því.

Síðan voru atkvæði greidd, og fór atkvæðagreiðslan þannig:

Töluliðurinn 1, *uppástúnga nefndarinnar*: samþykktur í einu hljóði.

—— 3, *breytíngaratkvæði Þ. Jónassens*: felldur með 14 gegn 7 atkv.

—— 2 *a*, *uppástúnga nefndarinnar*: samþykktur með 19 gegn 2 atkv.

—— 2 *b*, *uppástúnga nefndarinnar*: nefndin frá fèll henni, og fèllst þar á móti á töluliðinn 4.

—— 4, 1, *J. P. Havsteins*: samþykktur með 20 gegn 1 atkvæði.

—— 4, 2, *Sama*, með samþykktri orðabreytíngunni: „*embættisprófi*“ fyrir: „*lærdómsprófi*“: samþykktur með 20 gegn 1 atkv.

—— 4, 3, *Sama*: „kaupstaðarborgarar, sem gjalda nokkuð til sveitar sinnar“: felldur með 13 gegn 6 atkv.

„Kaupstaðarborgarar, sem gjalda 4 rbdd. til sveitar árlega“ (sjá 2 *b*.): samþykktur með 20 gegn 1 atkv.

—— 4, 4, *Sama*: „en standa ekki í skuld um þeginn sveitarstyrk“: samþykktur í einu hljóði.

—— 5, *viðauka-atkvæði V. Finsens*: samþykktur með 13 gegn 7 atkv.

—— 2 *c*, *uppástúnga nefndarinnar*: samþykktur með 18 gegn 3 atkv.

—— 6, *viðauka-atkvæði P. Pèturssonar*: samþykktur með 18 gegn 3 atkv.

—— 2 *d*, *uppástúnga nefndarinnar*: samþykktur með 20 gegn 1 atkv.

—— 2 *e*, *uppástúnga nefndarinnar*, með orðabreytíngu, sem getið var í umræðunni: samþykktur með 20 gegn 1 atkvæði.

Töluliðurinn 7, *breytingaratkvæði J. Guðmundssonar*: samþykktur með 14 gegn 7 atkv.

—— 2 *f*, *uppástúnga nefndarinnar*, fallinn, eptir atkvæðinu við 7. tölulið.

—— 2 *g*, *uppástúnga nefndarinnar*: samþykktur með 20 gegn 1 atkv.

—— 8, *uppástúnga Ó. Sivertsens*: samþykktur með 15 gegn 5 atkv.

Forseti: Eg hef feingið uppkast til álitsskjals til konúngs í veiðilagamálinu, sem framsögumaður, þíngmaður Barðstrendínga, gjörir má ske svo vel að lesa upp.

Álitsskjalið var þá afhent þíngmanni Barðstrendínga, prófasti Ó. Sívertsen, og las hann það upp svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis hafa komið 4 bænarskrár, frá Mýra - og Hnappadals -, Snæfellsness -, Dala - og Barðastrandar - sýslum, og eru þær allar þess efnis, að alþíngi allra-þegnsamlegast vilji beiðast þess hjá yðar hátign, að breyting nokkur verði gjörð á veiðilögum fyrir Ísland, tilskip. 20. júní 1849, að því leyti sem viðkemur selaskotum kríng um landið. Aptur er ein bænarskrá frá Ísafjarðarsýslu, sem biður um, að heldur megi áminnst veiðilög standa óbreytt, en að hinar bænarskrárnar verði að öllu leyti heyrðar.

Þínginu virtist málefni þetta mikils varðandi, og kjöri því 3 menn í nefnd, til að rannsaka það nákvæmlega; hefur það síðan verið ýtarlega rætt á tveim fundum.

Það er samhuga meiníng þíngsins, að brýn nauðsyn beri til þess í ýmsum hlutum, að friða sel fyrir skotum öðruvísi og betur, en við geingst eptir upphaflega tilgreindu lagaboði, einkum og allra-helzt þar, sem töluverð selveiði tíðkast í nótum og uppidrápi, því reynslan er þrásækilega búin að sanna og sýna, að skotin spilla fyrir allri þess konar selveiði, og rýra því um leið sannarlegt verð þeirra fasteigna landsins, hvar undir selaveiði í nótum og með uppidrápi heyrði; hefur hvað allramest borið á þessu, síðan veiðilögin leyfðu hverjum manni skot fyrir landareign sinni, og svið það, sem friðhelgar selinn fyrir skotum eptir löggjöf þessari, er svo lítið, að selurinn hittist optast nær utanvert við það svæði, sem friðlýst er, og er þar

í eigin átthögum, en þar er hann þá annaðhvort drepinn, eða þeir selir, sem skotmaðurinn ekki nær eða fær veidda, særast og skelfast, svo þeir flýja frá landstöðvum sínum, og hin vanalega selveiði fer með þessu meir og meir hnignandi, sem þó hefur verið ein meðal mestu hlunninda landsins. Aptur er á hinn bóginn ávöxturinn eða arðurinn af selaskotunum svo lítill, að nótna- og uppidráps-veiði, ef skotin ei hnekkja henni, er t. a. m. á Breiðafirði 20 falt meiri.

Þingið álítur því, að öll skot á sel eigi að af takast á Breiðafirði, því þar eru varplönd og selaveiðasker og eyjar hvað mest á landinu, og mestur skaði búinn af skotunum, og að sama bann gegn skotunum eigi einnig að ná yfir suðurhlið Snæfellsnessýslu, samt Mýra- og Hnappadals-sýslu, og nokkurn hluta Borgarfjarðarsýslu, innan ákveðinna takmarka, eptir sèrhvers þessara staða afstöðu og kringumstæðum; því víða á þessum svæðum er selveiði í nótum og með uppidrápi talsverð.

Þannig leyfir þingið sèr allra-þegnsamlegast að stínga upp á því við yðar hátign:

1. með 17 atkvæðum gegn 3, að öll byssuskot á sel verði bönnuð fyrir innan línuna frá Bjargtaungum í Barðastrandarsýslu til Öndverðarness í Snæfellssýslu, undir þær sektir, sem við eru lagðar í 15. og 16. grein tilskipunarinnar 20. júní 1849; og
2. með 12 atkvæðum gegn 7, að sama friðhelgi á sel fyrir skotum sè á öllu sviðinu, innan sjónhendingarlínu, frá Öndverðarnesi á Skipaskagatá á Akranesi,

og vill því allra-þegnsamlegast mælast til, að yðar hátign allra-mildilegast vilduð leggja bann gegn öllum selaskotum á þeim tilgreindu svæðum með allra-hæstu lagaboði.

Reykjavík 25. júlí 1853.

Allra-þegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *Ó. Sivertsen.*

Forseti: Þingmenn hafa nú heyrt álitsskjal þetta, og þar eð enginn setur neitt út á það, álít eg það samþykkt; verður það því hreinskrifað, og sent konúngsfulltrúa.

Eg skal þá leyfa mèr að ákveða fund á morgun kl. 12, og kemur þá prentsmiðjumálið og gjaftolls- og manntalsfiskamálið hvorttveggja til undirbúningsumræðu.

Fundi slitið.

26. júlí — tuttugasti og annar fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá 2 síðustu fundum var upp lesin og samþykkt.

Forseti: Það, sem til umræðu kemur í dag samkvæmt dagskránni, er fyrst *prentsmiðjumálið* til undirbúningsumræðu.

Síðan var málið afhent varaforseta, framsögumanni nefndarinnar, er las álitsskjal nefndarinnar upp svo látandi:

Hið heiðraða alþingi hefur þann 5. dag þ. m. kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit um, hver hin réttasta högun á prentsmiðju landsins mundi vera.

Bænarskrár þær, sem gefið hafa tilefni til þessa máls á þinginu, eru þessar:

1. frá almennum Þingvallafundi 29. júní í ár (nr. 3), sem fer fram á, að alþingi krefjist, að fá skýlausan reikning prentsmiðju landsins, og sjái svo um, að hún komist í það horf, sem þinginu þyki hentugast framvegis.
2. frá Norður-Þingeyjarsýslu (nr. 18), með 52 undirskriptum, að alþingi biðji konúnginn:
   a, að í hinni norðlenzku nýstofnuðu prentsmiðju á Akureyri megi prenta, hvort heldur á hennar reikning eður einstakra manna, allar þær andlegar bækur, sem í kirkjum og í heimahúsum og til úngdómsins uppfræðíngar brúkanlegar eða boðnar eru, með öllum sömu réttindum, og hin sunnlenzka prentsmiðja í því tilliti haft hefur; og
   b, að allri stjórn og tilhögun á prentsmiðju landsins verði hrundið í það lag, að hún geti staðið í fullum skilum, og undanfarnir reikníngar hennar sýndir á prenti.
3. 2 bænarskrár frá Skagafjarðarsýslu (nr. 23 og 40), með 108 undirskriptum, að alþingi sendi þá bæn til konúngsins, að sú nýja prentsmiðja, sem upp er komin á Akureyri í stað hinnar gömlu prentsmiðju á Hólum, fyrir samskot Norðlendínga og Austfirðínga, mætti mildilegast fá að njóta að nokkru leyti réttinda hinnar gömlu prentsmiðju, sem var hér um bil í hálfa þriðju öld í Norðurlandi, og þar fyrir öðlist jafnrétti í öllum greinum við Suðurlands-prentsmiðjuna í Reykjavík.
4. frá Suður-Þíngeyjarsýslu (nr. 31), með 155 undirskriptum,
   a, að prentsmiðjan norðlenzka fái að prenta allar þær bæk-

ur án undantekníngar, sem geta út breitt dýrð guðs og kristilega og þarflega upplýsíngu.

b, að stjórn og fyrirkomulagi á prentsmiðjunni í Reykjavík verði hrundið í það lag, eptir ráðum þíngsins, að hún standi í öllum skilum við hlutaðeigendur.

5. frá Eyjafjarðarsýslu (nr. 41 með fylgiskjali), með 217 undirskriptum; fer hún fram á:

a, að fá fullt frelsi, lof og leyfi til, að láta prenta í hinni nýstofnsettu prentsmiðju á Akureyri allar þær bækur, sem eru tíðkaðar bæði í kirkjum og heimahúsum, og sem út breitt geta guðs dýrð og sanna upplýsíngu, og efit dyggðir og mannkosti; eður þá fyrst um sinn,

b, að ekki sè meinað, að prenta þar hina uppáboðnu evangelisku barnalærdómsbók, ásamt messusaungsbókinni, svo fátæk alþýða líði ekki skort á þessum fyrstu guðsorðabókum, heldur geti eignazt þær með sem beztu verði.

c, að allri stjórn og fyrirkomulagi á prentsmiðju landsins verði hrundið í það lag, að hún geti staðið í fullum skilum, og felur alþíngi á hendur, að ráða það af, er bezt má fara í þessu tilliti.

Bænarskrár þessar, með samtals 592 nafna undirskriptum, sem oss eru feingnar til meðferðar, fara þá allar því fram, að prentsmiðja Norðurlands fái jafnrètti við Reykjavíkur-prentsmiðjuna, eða, sem bænarskrárnar frá Skagafirði líka kveða að orði, fái að njóta að nokkru leyti rèttinda hinnar gömlu prentsmiðju, sem í hálfa þriðju öld var í Norðlendíngafjórðúngi, og að prentsmiðju landsins verði hrundið í það lag, að hún geti staðið í fullum skilum. Þessu síðara fer einnig bænarskrá Þíngvallafundarins fram.

Á mörgum fundum hefur nefndin tekið mál þetta til ýtarlegrar yfirvegunar, og erum vèr allir komnir að þeirri niðurstöðu, að kröfur þær, sem bænarskrárnar gjöra, sèu sanngjarnar, nauðsynlegar, og á fullum rètti grundaðar.

Ætlunarverk hverrar prentsmiðju er, að út breiða og efla upplýsíngu og andlega menntun, sem bezt má verða, að góðar og fræðandi ritgjörðir geti komizt í sem flestra hendur, og með sem minnstum kostnaði.

Þetta sama hlýtur og að vera ætlunarverk Íslands-prentsmiðju, og munu varla tvímæli leika á því, að henni hafi, ef til vill, aldrei hingað til unnizt, að leysa það af hendi svo vel, sem

vera skyldi, í hið minnsta ekki með tilliti til norður- og austur-umdæmis landsins, eins og berlega og almennt er kært í bænarskránum, og veldur því meðfram fjarlægð þess umdæmis frá prentsmiðjunni, og kostnaðarsamur erviðleiki á flutníngi bókanna þángað og útbreiðslu þeirra þar. Það er því hin brýnasta nauðsyn, sem knúð hefur hið nefnda umdæmi til þess, að stofna nýja prentsmiðju, sem nú er sett á Akureyri með konúnglegu leyfi frá 14. apríl 1852, með ærnum kostnaði innbúa þess umdæmis, og ætlum vèr, að prentsmiðja sú sè með öllu nauðsynleg landinu og þessu umdæmi, sem svo er afskekkt frá Reykjavík, eigi menntun og upplýsíng að geta nokkurn veginn hindrunarlaust fylgt tímanum og fullnægt þörfum hans; því er það eindregin meiníng vor, að þeim hindrunum eigi burt að ryðja svo vandlega, sem ýtrast má, er standa blómgun þessarar nýju og þörfu stiptunar í vegi, og teljum vèr þá helzta og mesta, sem bænarskrárnar einnig taka fram í einu hljóði, að prentsmiðjan þessi nýja eptir áminnstu konúngsbrèfi 14. apríl 1852 ekki á rètt á, að prenta bækur þær, sem prentverk landsins eignar sèr forlagsrèttinn að með einkaleyfi; en það eru þær bækurnar helzt, sem mest þarf á að halda í landinu, og því eru útgeingilegastar; þær bækurnar, sem hina andlegu menntun úngra og gamalla eiga að út breiða og við halda, t. a. m. barnalærdómsbókin, sálmabók sú, sem nú er brúkuð í kirkjum og heimahúsum, og húslestrarbækur; og það er einmitt skortur þessara ómissanlegu bóka, og erviðleikinn, að eignast þær og koma þeim að sèr, sem knúð hefur innbúa norður- og austurumdæmisins til, að leggja á sig þann þúngbæra kostnað, sem stofnun hinnar nýju prentsmiðju færði með sèr, og aptur mundi að eingu verða, ef ekki yrði rýmkað um rèttindi hennar fremur en nú er. Það er því samhuga meiníng vor, að hin nýja prentsmiðja á Akureyri eigi að njóta allra sömu rèttinda, sem hin gamla prentsmiðja hèr á Suðurlandi, svo þær standi jafnt að verki, og geti keppzt hindrunarlaust hvor við aðra í, að gegna köllun sinni, að út breiða upplýsíngu og menntun í öllu landinu.

Hið annað ætlunarverk nefndarinnar í þessu máli er, að benda alþínginu á, hvernig hinni sunnlenzku prentsmiðju yrði hrundið í það lag, að hún geti staðið í fullum skilum, sem bænarskrárnar krefjast af alþíngi. Vèr höfum hèr að framan getið þess, í hverjum skilum vèr ætlum hver ein prentsmiðja eigi að

standa, nefnilega að út breiða og efla upplýsingu og menntun sem flestra, og með sem minnstum kostnaði þeirra. Vèr höfum áður drepið á, að prentsmiðju þessari hafi um lángan aldur misheppnazt það fyr nefnda, og að þar til hafi verið orsökin meðfram sá mikli erviðleiki, sem leiðir af strjálbyggð og stærð lands þessa. Hitt annað, er vèr hyggjum að hvað helzt hafi hindrað hana frá, að fullnægja kröfum þeim, sem landsmenn hafa haft og hafa til hennar, og mun um ókomna tíð hindra, ef ekki verður burt numið, eru þau óþokkuðu, og alstaðar skaðvænu, einkaleyfi, sem hvervetna eru góðu málefni til tafar, og þá ekki hvað sízt því, sem hèr ræðir um. Einkaleyfi þau, sem prentsmiðja landsins eignar sèr, til útgáfu ýmsra bóka, og þó helzt hinna andlegu, sem brúka verður við guðsþjónustu í kirkjum og heimahúsum, og barnalærdómsbókarinnar, hefur um lángan aldur verið að álíta sem óbeinlínis-skatt lagðan á landið, sem er einkunn allra einkaleyfa, og hefur hann verið því tilfinnanlegri, sem hann er lagður á alla, únga og gamla, í landinu, án þess menn hafi sèð nokkurn verulegan ágóða þar af fljóta til stiptunarinnar; en það mun nú, ef til vill, koma af því, að mönnum er að miklu ókunnugur fjárhagur hennar, og hafa tilraunir þær, sem alþíngið nú hefur gjört, til að afla sèr kunnugleika hèr um, verið að mestu árángurslausar; en það er víst, að ágóði einkaleyfanna hefur hvergi enn til góðs komið, og ekki hefur Hólastipti hið minnsta uppborið, sem þó eptir konúngsbrèfi 14. júní 1799 átti að njóta fjórða parts prentsmiðju-ágóðans til útbreiðslu upplýsíngar í því stipti, heldur hlotið vegna fjarlægðarinnar að kenna þýngra en aðrir á ókvæðum þeim, sem einokun bókasölunnar hefur lagt á alla. Vèr ætlum því, að sjálfsagt sè, að niður eigi að leggja einkaleyfi þessi, sem hafa verið þess ollandi, að nauðsynjabækur hafa verið seldar þriðjúngi, já allt að helmíngi dýrari, en annars mundu þær hafa feingizt, ef öðrum en prentsmiðju þessari hefði verið leyft, að prenta þær, en sannur arður prentsmiðjunnar sjálfrar að líkindum lítill, og oss eingínn annar kunnur, en að fjárhagur hennar, eptir brèfi stiptsyfirvaldanna til vor frá 11. þ. m., á að vera góður, svo að hún hafi á seinustu árunum greitt skuld sína, 1100 rbdd. af verði húss hennar, hvar hjá vèr þó verðum að geta þess, að stiptsyfirvöldin, ef til vill, meðfram af fjárhags-tillitinu, hafa ráðið til, að selja hana, og dómsmálastjórnarherrann í Danmörku fallizt á það. Verði einkaleyfi þessi af numin, sem vèr ætlum helzt

til ráðandi, þá hefur Akureyrar-prentsmiðjan feingið það jafnrètti, sem hún krefst og þarf, eigi hún að geta staðið; þá er uppörfun feingin fyrir fleiri prentsmiðjur að stofnsetjast í landinu, t. a. m. í Vestfirðingafjórðúngi, ef það ætti fyrir að liggja; þá er byggt fyrir frekari umkvörtun almennings yfir einokaðri sölu nauðsynlegra bóka í landinu; þá glæddist vonin um útbreiðslu menntunar og upplýsingar greiðari og meiri, en næstliðinn tíma hefur þótt vera.

Vèr erum því allir þeirrar meiníngar, að einkaleyfi landsins prentsmiðju eigi að falla niður af áður töldum ástæðum, og það því heldur, sem vèr erum stiptsyfirvöldunum og dómsmála-stjórnarherra Danmerkur, sem oss er tilkynnt í ofannefndu brèfi stiptsyfirvaldanna, þar í samdóma, að prentsmiðjan eigi að seljast í eign *privat* (einstakra)-manna, og þá eiga einkaleyfin mjög illa við, og eru með öllu óhafandi, enda mundi hún ekki verða seld með þeim svo miklu dýrari, eða landinu svo miklu meir í hag, sem einkaleyfin mundu verða því í óhag, þegar á allt er litið.

Ef alþíngi fèllist á þessar uppástúngur vorar, og konúngur vor vildi samþykkja, þá má vel fyrir því hugsa, hvernig verja skuli fè því, sem feingist fyrir prentsmiðjuna, hús hennar og óseldar bækur, en þar um vill nefndin ekki ráða þínginu til að bera upp neina ákveðna uppástúngu, heldur að það ávaxtaðist, þángað til því þætti verjandi í þarfir landsins í sömu stefnu, og konúngsbrèfið frá 14. júní 1799 til tekur, til eflíngar almennri menntun í landinu.

Vèr leyfum oss því, að ráða alþíngi til, eptir framangreindum ástæðum, að bera þá bæn fyrir hans hátign konúnginn:

1. *að af numin verði öll einkaleyfi Íslands-prentsmiðju;*
2. *að prentsmiðjan verði seld í eign privat-manna,*
3. *en verð hennar og eignir hennar allar, fyr eða seinna, brúkaðar til eflíngar almennri menntun í landinu.*

Reykjavík þann 22. dag júlímán. 1853.

H. Stephensen, P. Pètursson. J. Jónsson.
form. og framsögum.

J. Guðmundsson. Ó. Sivertsen.

Framsögumaður: Nefndin vonaði, að nefndarálit þetta væri svo skýrt, að ekki þyrfti að ræða því til upplýsíngar, og ætla eg því ekki fyrst um sinn að fara um það neinum orðum.

Á. Einarsson: Eg ætla fyrst að minnast á það, sem hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga sagði við inngángsumræðu þessa máls, að honum þætti það með öllu ótilhlýðilegt, ef nefndin, sem kosin yrði, gjörði reikninga prentsmiðjunnar að atriði málsins, og treysti því, að sá 1. konúngkjörni þingmaður andlegu stèttarinnar, og konúngsfulltrúinn gjörðu sitt til, að sú umbeðna skýrsla og greinilegir reikníngar feingjust, og má lesa það á 57. bls. þeirra prentuðu arka, sem út eru komnar af alþingistíðindunum, hvað ljúfmannlega sá háæruverðugi konúngkjörni þingmaður lofaði, að ráða bót á því umtalaða; en mèr virðist ekki, að hægðarleikur hafi verið að uppfylla þetta; því það kalla eg ekki skýrslu, þó sagt sè, að prentsmiðjan hafi nú seinustu árin borgað 1100 rbdd. af skuld sinni, og eg skil ekki, hvernig nefndin gat látið sèr þetta lynda, eða hvernig hún gat farið nokkru á flot um sölu prentsmiðjunnar, meðan ekki fást skýlausir reikníngar um fjárhag hennar. En eg vil ekki leingja þingræðurnar núna um þetta, en geymi mèr rètt til breytíngaratkvæða á þá leið, að reikníngar prentsmiðjunnar verði skoðaðir árlega, af 1 eða 2 duglegum mönnum í Reykjavík á prentsmiðjunnar kostnað, og 2, að skýrsla yfir ástand prentsmiðjunnar verði prentuð í íslenzkum blöðum við hver árslok, og að reikníngum þessum verði haldið áfram þannig árlega, ef hún ekki verður seld. Eg skil ekki, hvað stiptsyfirvöldunum getur geingið til þess, að vilja ekki gefa þessa reikninga, ef þau geta. Ef hjúin eiga að sýna vitnisburð um hegðun sína til orða og verka, og þetta hefur þingið fallizt á, þá sýnist mèr líka mætti koma með þær kröfur til embættismanna, að þeir standi reikníng af ráðsmennsku sinni, því sá reikníngsskapur fyrirbyggir alla tortryggni. Þó því sè barið við, að málin sèu umboðsleg, og komi ekki þinginu við, þá kemur það, ef til vill, þinginu við, ef eignir landsins glötuðust af hirðuleysi umsjónarmannanna, enda eru margir embættismenn farnir sjálfkrafa að gefa skýrslur yfir sjóði þá, er þeir eiga að sjá um.

E. Kúld: Það er, eins og allir vita, að eg er meðal þeirra yngstu, og kann ske yngstur allra hèr á þingi, en í nefndina voru valdir ráðnir og rosknir menn. Bráðlætið fylgir vanalega æskunni, en það rætist ekki núna, því eg er ekki í þessu máli eins bráðlátur og nefndin, sem nærri ástæðulaust vill fara að kippa einkaleyfunum undan prentsmiðjunni hèrna, og svo selja hana hverjum sem hafa vill. Eg get ekki fallizt á þessa upp-

ástúngu í nefndarálitinu, þó það má ske komi nú af því, að sannfæring mín er of úng, eða ekki eins roskin og ráðin og þeirra Allar ástæðurnar hjá nefndinni fyrir því, að nema einkaleyfin burt frá *prentsmiðju landsins,* eru, að mèr skilst, að geta óbeinlínis *(indirecte)* gefið *einstakra manna* prentsmiðju þau, sem þó yrði að minni hyggju litlu nær eptir en áður.

Þessi einkaleyfi, sem nefndinni blæðir í augum að prentsmiðja landsins hafi, eru, að hún má ein láta prenta sálmabókina, má ske passíusálmana, og barnalærdómsbókina, og nokkrar bænir, enhún á ekki einkaleyfi að Münstershugleiðingum, biflíunni, Árna og Vídalíns postillum, eða nýjum hugvekjum, og lángtum fleiri andlegum bókum, því það eiga höfundar þeirra einmitt, eða þá þeir, sem hafa aptur feingið það hjá þeim.

Eg vil taka 1 dæmi, til að sýna ábatann, sem norðlenzka prentsmiðjan hefði, ef hún líka færi að gefa út t. d. sálmabókina; prentunarkostnaðurinn mundi verða hèr um bil þessi; þetta er nú ekki nákvæmur reikníngur, því eg er ekki, eins og allir mega vita, nógu kunnugur, til að geta það, og sízt svona í snatri, enda er þess ei beinlínis þörf; 3000 exempl. upplag, á hálfar eða litlar arkir, eins og eg ætla að seinasta útgáfan sè, og henni mun ætlað að seljast upp á 6 árum:

pappír fyrir hèr um bil	312 rbdd.
(hèr um bil 6 ballar á 50 eða 52 rbd. hver; eg legg nú nokkuð mikið í pappírinn.)	
prentunarkostnaður	270 —
prófarkalestur	24 —
sölulaun, 25 af 100, ...	375 —
alls	981 rbdd.

Nú gjöri eg ekki ráð fyrir, að bókin mundi kosta 72 eða 96 skk., eins og hingað til, heldur 48 skk., svo þá kæmi inn fyrir hana 1500 rbdd., en að kostnaðinum frá reiknuðum 519 rbdd., sem er nú ábatinn, og ef hún eða allt upplagið selst á sex árum, þá verður í hreinan ábata árlega 86 ½ rbdd., svo ekki yrði neinn fjarska-ábati fyrir norðlenzku prentsmiðjuna, þó þær færu að skipta þessu á milli sín — *(Framsögumaður*: Eg veit ekki, hvort þessi bollaleggíng á verði einnar bókar á hèr við.) — *(Forseti*: Eg sè ekkert á móti því, því það er þó til upplýsíngar viðvíkjandi einkaleyfunum.) — (*H. G. Thordersen*: já) —. Eg held eins gott og betra, að þriðjúngur bókanna væri fyrir norðan, við prentsmiðjuna á Akureyri, sem þá feingi sölu-

launin, og þó hún selji nokkuð meira, þá verður hlutfallið sama. Ef að norðlenzka prentsmiðjan fær að gefa út sálmabókina líka, ætla eg henni að geta selt ¾ á móti prentsmiðjunni hèrna, og þá yrði nú reikníngurinn hèr um bil eptir sama hlutfalli og hinn svona:

prentunarkostnaður á 1000 expl.	153 rbdd.
prófarkalestur	24 —
ekki fullir 20 ballar pappírs hèr um bil	100 —
sölulaun, 25 af 100, ...	125 —
allur kostnaður . .	402 rbdd.
andvirði 1000 expl., á 3 mörk, .	500 —
ábati .	98 rbdd.

Þetta er þó minna en sölulaunin, sem eg gat um, og þó menn segðu, að hún gæti lagt meira upp, þá verður hlutfallið milli prentunarábatans og þess, sem hún ábatast af sölulaununum fyrir hinnar prentsmiðjunnar sálmabók, hið sama að rèttri tiltölu.

Það getur vel að borið, ef einkaleyfunum er sleppt, að báðar láti prenta sömu bókina, og þegar þær ætla að fara að leggja hana upp aptur, þá kann maður í Kaupmannahöfn að bjóða hana fyrir mikið minna verð, og þá getur hvorug staðið sig við, að halda áfram, og þannig verður þá, ef til vill, sálmabókarlaust. Það er þar að auki 1 bók: það er handbók presta, sem víst enginn vildi taka að sèr að prenta á sinn kostnað, af því svo lítið selst af henni, og sú, sem núna seinast er gefin út, á henni er þó ekki svo gullvægur frágángur, að menn geti ætlazt til, að hún gildi um aldur og æfi hèðan af; en meðan prentsmiðja landsins hefur einkaleyfið, þá verður þó nóg til af henni. Í nefndarálitinu stendur, að það sè *ætlun hverrar prentsmiðju, að út breiða menntun og vísindi í landinu;* en það er þó svo bezt, að hún sè almenn eign; því ætlunarverk prentsmiðju einstakra manna mun vera, að gjöra eigandann skaðlausan. Eg álít, að einkaleyfin sèu góð fyrir 1 prentsmiðju, en ekki fyrir 2, því það er til að gjöra báðar ónýtar, að leggja þau undir þær báðar; það er eins og að taka frá einni kirkjunni, og leggja til annarar, en þó sè hvorugri betur borgið eptir en áður, heldur lángtum miður. Eg get ímyndað mèr, að nefndin hafi tekið þetta fángaráð, af því henni líki ekki stjórn hennar, en án þess eg vilji nokkuð bera í bætifláka fyrir hana, verður maður þó að gæta að, að annar stjórnandanna er danskur, en hinn á óhægra fyrir, með því hann býr ekki hèr inni í bænum, og verður þannig að nokkru leyti að sjá með annara augum. Sú einasta á-

stæða, til að selja prentsmiðjuna, væri þá kann ske sú, að stiptsyfirvöldin vilja losast við stjórn hennar, og er eg nú á því, að svo eigi að vera, að prentsmiðjan eigi að komast undir aðra og hagkvæmari stjórn, en ekki vil eg selja hana strax svona, meðan maður varla veit, hvað maður selur, og kaupandinn ekki glöggt, hvað hann kaupir, og svo get eg ímyndað mèr, að menn iðruðust eptir, að hafa selt hana, og vildu óska aptur, að hún væri eign landsins, og þá er það um seinan; því of seint er að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið í hann; því þá yrði má ske búið, eptir uppástúngu nefndarinnar, að verja andvirðinu, sem núna fæst, til annara opinberra þarfa, og fyrir hvaða peninga á þá að kaupa prentsmiðju aptur handa landinu?

Eg fer ekki að sinni fleiri orðum um þetta, en áskil mèr breytíngaratkvæði hèr um bil á þessa leið:

1. *Að alþíngi nú leiði hjá sèr, að gjöra nokkrar uppástúngur um sölu prentsmiðjunnar eða burttöku einkaleyfanna, heldur sendi konúngi bænarskrá um, að hann skipi fyrir, að hið fyrsta verði gjörðar nauðsynlegar breytíngar á stjórn og umsjón prentsmiðjunnar, einkanlega í þá stefnu, sem alþíngi nú bendir til.*
2. *Að stjórn á störfum og reikníngum prentsmiðjunnar verði feingin í hendur forstöðumanninum (nú Einari Þórðarsyni) fyrir hæfileg laun og mót veði; einnig að hann skýri á hverju hálfu missiri frá fjárhag prentsmiðjunnar til stiptsyfirvaldanna, og sendi þeim reikníng með tilheyrandi skjölum við hver árslok.*
3. *Að stiptsyfirvöldin taki við hver árslok einn eða tvo óviðkomandi duglega menn, til að rannsaka ársreikníng prentsmiðjunnar undir stiptsyfirvaldanna úrskurð, og gefi á sínum tíma kvittun fyrir hvern kláraðan reikníng.*
4. *Að stiptsyfirvöldin losist með öllu við, að segja fyrir, hvað prenta megi eða prenta skuli, að undanteknum þeim andlegum bókum, sem biskupinn á að sjá um að nóg sè til af.*
5. *Að stiptamtmaðurinn verði einnig laus við stjórnarlega umsjón þess, sem prentað verður, og að sú umsjón heyri undir lögreglustjórann á löglegan hátt.*
6. *En ef nú svo fyndist ástatt, þegar búið væri að auglýsa reikningana, og breyta stjórn prentsmiðjunnar í þetta horf, að prentsmiðjan gæti ekki haldizt við að efnahag*

til, þá að alþingi gæfist færi á, að leggja ráð til, hvort selja skyldi prentsmiðjuna eða ekki.

Þ. Jónassen: Hinn heiðraði fulltrúi Snæfellsnessýslu, sem nú mælti, hefur tekið það flest fram, sem eg vildi hafa tekið fram við nefndarálitið, og get eg verið því fáorðari. Mér fór í því eins og honum, að eg gat ekki aðhyllzt það, sem nefndin segir, að það sè aðalaugnamið hverrar prentsmiðju, að efla og út breiða almenna upplýsingu, því þetta er reyndar ekki nema hálfsatt; það er rètt eins og maður segði, að eldurinn væri einúngis til þess, að sjóða við hann mat; því það er allt komið undir þeim manni, sem á eða stjórnar prentsmiðjunni, hvort hún út breiðir almenna upplýsingu eða ekki. Hugsi eigandi prentsmiðjunnar einúngis um sinn hag, prentar hann sjálfsagt einúngis þær bækurnar, sem hann hefur mestan hag af, hvort sem þær eru til nokkurs nýtar eður ekki; honum nægir, ef þær gánga vel út, og hann getur grætt á þeim, eða þurfum vèr lángt að leita? höfum vèr ekki heyrt þessu hreift, meðan prentsmiðjan hèrna var seld á leigu, þó það væri í eðli sínu, að hlutaðeigandi brúkaði prentsmiðjuna, eins og hann áleit sèr arðsamast? og mun ekki þetta mega segja yfir höfuð? Nefndin stingur upp á því, að taka frá prentsmiðjunni hennar einkarèttindi, og selja hana síðan, og verja andvirðinu, til að efla upplýsingu í landinu.

Eg verð að vera hinum heiðraða fulltrúa Snæfellsnessýslu öldúngis samdóma í því, að þessi ráðstöfun á prentsmiðjunni sè eingan veginn tiltækileg. Nefndinni hefur að vísu geingið gott til; hún hugsar sèr, að þegar búið sè að af má forlagsrèttinn, sem prentsmiðjan nú hefur til vissra bóka, t. a. m. sálmabókarinnar og lærdómsbókarinnar, m. fl., fái prentsmiðjan nyrðra hluttöku í prentun og ágóða af þessum bókum, en hún gáir ekki að því, að þegar einkaleyfi það, sem prentsmiðjan nú hefur, hvað þessar bækur snertir, er tekið í burtu, getur hver og einn prentað þessar bækur; og hvað er líklegra, en að einhver verði til að prenta þær í Kaupmannahöfn, hvar prentunarkostnaðurinn að öllum líkindum yrði miklu minni, en hann, aðflutninga og margra annara orsaka vegna, getur orðið hèr í landi? og þá getur þessi maður selt bókina aptur með svo billegu verði, að prentsmiðjurnar hèrna geta ekki staðið honum áveðurs, eða keppt við hann sèr að skaðlausu; og hvert hverfur svo ábatinn? ekki í prentsmiðjurnar, heldur í sjóð einstaks manns.

Eg get einnig hugsað mèr, að einmitt þetta verði því til fyrirstöðu, að einhver þarfleg bók komi út, vegna þess, að prentsmiðjurnar hèrna ekki þori að byrja á prentun bókarinnar, af því von er á henni frá Kaupmannahöfn.

Þá er það eitt atriði í þessu máli, sem einnig er búið að taka fram, að þær bækur, sem lítið geingur út af, en þó þarf á að halda, t. a. m. handbók presta eptirleiðis, þegar búið væri að selja prentverkið, og það orðið einstaks manns eign, ekki getur orðið prentuð, nema á kostnað hins opinbera; því ekki tekur prentsmiðjan útgáfu og forlag slíkrar bókar að sèr fyrir biskupinn. Hann verður því að liggja út fyrir prentun hennar, og yrði líklegast varið til þess andvirði prentsmiðjunnar, og það massaðist þá svona smátt og smátt algjörlega upp. Hjá þessu varð komizt hingað til, því prentsmiðjan gat staðið við, að gefa út bókina, af því hún gat unnið það aptur upp á þeim forlagsbókum sínum, sem betur geingu út.

Hvernig sem eg því lít á þetta mál, fæ eg ekki betur sèð, en að það sè hið mesta óráð, að fara nú að selja prentsmiðjuna, og taka um leið frá henni einkarèttindi hennar. Annað mál er það, að koma stjórn hennar í annað horf, en nú er. Þar við skil eg það, að stiptsyfirvöldin einúngis hafi yfirumráð prentsmiðjunnar, en að prentarinn hafi alla stjórn hennar á hendi, standi fyrir innkaupum af pappír og áhöldum og sölu bókanna, og sèr í lagi annist um, að þær sèu að fá til kaups á heutugum stöðum í landinu; að hann leggi af árlegan reikning, sem stiptsyfirvöldin nefni menn til að gegnumskoða, ráði til lykta, og láti síðan birta á prenti. Með þessum hætti ætla eg prentsmiðjan mundi komast í það horf, að hún geti fullnægt öllum sanngjörnum kröfum landsmanna, og eg vona, að prentsmiðjustjórnin muni af umræðum þessum taka sèr tilefni, að annast um, að þetta verði framkvæmt. Það er æskilegt, að prentsmiðjan nyrðra geti staðizt, og stofnun hennar er lofsvert fyrirtæki, en það er ekki æskilegt og ekki lofsvert, að hún, til þess að geta staðið sig, eyðileggi prentsmiðjuna hèrna, sem er eign landsins; þurfi hún þessa við sèr til viðurhalds, þá hefur nauðsyn hennar verið minni, en öndverðlega var gjört orð á; þá hafa vonir þær, sem menn gjörðu sèr um hana, hvergi nærri verið eins áreiðanlegar, eins og menn ímynduðu sèr, og eg dylst þess ekki, að reynslan virðist þegar að hafa sýnt fram á það, að þörf til prentsmiðju nyrðra hafi verið miklu minni, en menn

hugsuðu sèr upphaflega. Það verður þannig mín skoðun á þessu máli, að einga bænarskrá eigi að senda um það stjórninni að svo stöddu.

Framsögumaður: Hinir 3 heiðruðu þingmenn, sem nú hafa talað, fara reyndar sinn í hverja áttina, en meðan 2 þeirra haldast í hendur, fer þingmaður Strandasýslu í aðra átt. Hann vildi ekki, að nefndin færi neinu á flot í þessu máli, fyr en hún væri búin að fá skýlausa reikninga prentsmiðjunnar.

Nefndin gjörði allt sitt til, að fá upplýsingar, en svar það, sem hún fèkk frá stiptsyfirvöldunum upp á brèf sitt, var einúngis það, að á seinni árunum, síðan 1850, hefði prentsmiðjan staðið sig vel, og greitt 1100 rbdd. skuld af prenthússverðinu.

Nefndin skrifaði síðan forseta, og bað hann, að útvega sèr þessar skýrslur; og vil eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort hann hafi feingið nokkrar upplýsingar hèr að lútandi.

Forseti: Eg verð að geta þess, að eg fèkk brèf það, sem hinn háttvirti framsögumaður gat um, 12. dag þessa mánaðar; skrifaði eg stiptsyfirvöldunum daginn eptir, og bað þau um hinar sömu upplýsingar, sem nefndin hafði tekið fram, og sendi þeim brèf nefndarinnar, sem eg beiddi um aptur, um leið og eg gat þess, að eptir mínu áliti væru þær upplýsingar, sem nefndin bað um, hemi öldúngis nauðsynlegar, til að leysa ætlunarverk sitt af hendi; en eg hef síðan ekkert svar feingið, og ekki einu sinni brèf nefndarinnar til mín, sem eg bað um aptur.

Framsögumaður: Þínginu er þá ljóst, að nefndin hefur gjört allt til, að reyna að fá hinar nauðsynlegu upplýsingar, en þegar hún sá, að ekkert kom frá stiptsyfirvöldunum, komu menn sèr saman um, að bezt mundi vera, að meðhöndla málið eptir þessari vönnðu þekkingu.

Þingmaður Snæfellínga gleymdi því, að tvisvar verður gamall maður barn, eða hann víkur því svona að okkur gömlu mönnunum í nefnd þessari, en eg þykist sjá það á honum, að hann hafi að eins slitið barnsskónum. En það var ekki bráðlæti eintómt, að fara þannig í málið; það var sú innilega beiðni landsmanna, sem kom nefndinni til, að meðhöndla málið þannig, og að þingið rèði bót á högum norðlenzku prentsmiðjunnar, sem vèr hèldum feingist einúngis með því, að einkaleyfi hinnar sunnlenzku, sem sumir elska svo mjög, yrðu af numin.

Mèr kom til hugar, hvað þingið væri ósamkvæmt sjálfu sèr, þar sem menn hafa viljað höggva höfuðið af því marghöfðaða skrýmsli, verzlunar-einokuninni, en vilja hjúkra snáknum í eigin barmi sínum, einokuninni á bókasölunni, sem þó leggur óreiknanlegan skatt á hvern mann. Menn eiga eptir því að halda einkaleyfunum, svo menn fái að borga tvöfalt fyrir hverja bók, og án þess þó að vita, hvað af peningum prentsmiðjunnar verður, já, án þess að fá að vita, hvort hún leggur upp 1 skilding.

Nefndin sá það, að ef einkaleyfin fèllu (hún kallar þau óþokkasæl og skaðleg, og eg gjöri það enn), þá væri prentsmiðjan á Akureyri búin að fá jafnrètti við þá í Reykjavík. Norðlenzka prentsmiðjan verður þá skoðuð sem risin upp úr ösku hinnar gömlu Hólaprentsmiðju, og þó með ærnum kostnaði landsmanna, og þær bækurnar, sem mest verður unnið á, má þá prentsmiðjan hèrna ekki leingur hafa leyfi til að gefa út ein. Eg man að vísu ekki greinilega reikninginn, sem þingmaðurinn frá Snæfellsnessýslu las upp, en þó trúi eg hann ætlaðist til, að sálmabókin væri einúngis 18 hálfar arkir, svo prentið verður þá að vera töluvert þèttara, en það hefur verið; því sálmabókin hefur þó verið á 25 heilum örkum. Hann sagði líka, að hún mundi verða helmingi ódýrari, en hún hefur verið, en hann gat þess ekki, hvernig skrúfa ætti menn til, að selja hana með hálfu verði; og þá ætlaði hann, að, ef norðlenzka prentsmiðjan feingi jafnan rètt, þá mundi hún þó ekki fá í ágóða meir en þriðjúng á við prentsmiðjuna hèrna; en eg held hún mundi fá nærri helming, því norðuramtið er svo fjölmennt, að þar munu nærri eins margar bækur keyptar, eins og í hinum ömtunum báðum til samans.

Í breytingaratkvæðum sínum stakk hann upp á, að sunnlenzka prentsmiðjan hèldi einkaleyfunum, en stjórn hennar og reikninga átti *Einar* nokkur prentari að takast á hendur. Einar þessi getur verið lifandi í dag, þó eg viti það ekki, en hann getur verið dauður á morgun, en breytingaratkvæði þingmannsins ekki. Þessi sami Einar átti að senda norðlenzku prentsmiðjunni þriðjúng bókanna, og gefa henni sölulaun, en eg held þingmaðurinn hafi reiknað á hnè sínu, þegar hann ætlar að láta hann senda bækurnar á sinn eiginn kostnað; því eigi norðlenzka prentsmiðjan að borga flutninginn, mun hún lítið vinna á sölulaununum. Eptir þessari snjöllu ræðu þingmannsins og breyt-

íngaratkvæðunum öllum, sem henni fylgdu, þá stendur allt, hvað prentsmiðjuna áhrærir, óraskað; því þó hann taki til, að stiptsyfirvöldin eigi einúngis að hafa yfirumsjónina, þá held eg það hafi ekki verið öðruvísi hingað til.

Ef eingin bænarskrá verður send, þá verður líka sama stjórnin og hingað til; en þá vil eg líka, að reikníngarnir sèu hulinn leyndardómur; því meðan allir eru kúgaðir undir oki prentsmiðjunnar, vil eg ekki sjá þá, því mèr er ekki nema ángur, að sjá á prenti, að ósannsjarnar álögur sèu lagðar á mig nauðugan.

E. Kúld: Breytíngaratkvæðum mínum er ekki, þrátt fyrir hina laungu ræðu hins heiðraða framsögumanns, hnekkt í sannfæríngu minni, heldur en nefndarálitið í hans. Eg held nú, eptir því sem mèr skildist af orðum hans, að þetta nefndarálit sè orðið svona til af einhverjum óyndis-úrræðum, sem nefndin hefur tekið, af því reikníngarnir feingust ekki.

En þar sem hann fetti fíngur út í, að eg tók til *Einar* prentara *Þórðarson*, og hann kynni að verða dauður á morgun, þá held eg það gæti sannazt: *ekki er undir einum skjól, annan stein má finna;* því einhver feingist víst í hans stað, þó hann dæi, svo það er ekki hætt við, að prentsmiðjan þyrfti að verða stjórnlaus þess vegna. Að fara að taka einkaleyfin frá prentsmiðjunni hèrna, sem hefur gagn af þeim, meðan hún er ein um þau, og gefa þau prentsmiðjunni fyrir norðan, er eins og tekin væri selveiði frá einni sjávarjörðunni og gefin dalbónda þeim, sem ei gæti notað sèr hana, svo mèr getur eingan veginn fundizt það rètt, að fleygja þeim svona út í hvern sem hafa vill.

Hann sagði það væri ósamkvæmni, að vilja koma einokuninni af á verzluninni, en halda henni á bókunum; en það verður allt af að miklu leyti, því hver hefur einkaleyfi (ɔ: forlagsrèttinn) á sínni bók. Það var þó mikið, að hann stakk ei upp á, að nema þetta einkaleyfi eða forlagsrètt höfundanna burtu líka!?!

St. Jónsson: Þegar menn fara að hugsa sèr, hvort selja eigi prentsmiðjuna eða ekki, þá er það til fyrirstöðu, að menn vita ekki um fjárhag hennar. Nú er svo komið, sem allir vita, að hann fæst ekki, og mun mega sitja þar við að þessu sínni; en þar eð stiptsyfirvöldin hafa sjálf stúngið upp á, að selja prentsmiðjuna, og þeim er þó kunnugastur allur hagur og kring-

umstæður hennar, þá finnst mèr það ekki þurfi að vera eins ísjárvert, eins og mönnum nú farast orð um að það sè.

Viðvíkjandi einkaleyfunum, þá hefur í öðru orðinu verið gjört lítið úr þeim, en í hinu hefur verið sagt, að ef þau yrðu af numin, stæði prentsmiðjan eptir bersnauð, eins og jörðin, þegar búið væri að svipta hana hlunnindum sínum, og er þetta hvað öðru gagnstætt. Það hefur verið fram fært, að hver einstakur maður gæti þá látið prenta sálmabókina í Kaupmannahöfn, ef einkaleyfin væru lögð niður, og þá gætu þeir selt hana með betra verði. Eg veit nú ekki, hvað háskalegt þetta væri; eg held það sè þó öllum landsmönnum í hag, að bækur fáist með sem beztu verði, en prentsmiðjurnar hèr ættu að geta prentað hana með viðlíka verði; samt vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði á þá leið, að báðar prentsmiðjurnar hafi þessi einkaleyfi, því þá geta þær keppt hvor við aðra, því hjá þeirri, sem betra verð hefur, geingur líka betur út. Það er líka sönn nauðsyn, að bækurnar fáist með góðu verði; því opt eru það fátækustu mennirnir, sem mest þurfa að kaupa af barnalærdómsbókum, af því þeir hafa optast flest börn.

Það er því meining mín, að nefndin hafi ekki farið fram á neitt ókvæði í þessu tilliti, og þess vegna er eg á því, sem aldeilis sjálfsögðu, að prentsmiðjan fyrir norðan, þó hún geti staðizt, án þess að fá þessi einkaleyfi, fái jafnan rètt með þeirri sunnlenzku.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Sá heiðarlegi þingmaður Snæfellínga vill ekki missa einkaleyfin frá prentsmiðjunni, af því hún sè landsins eign; en hvar skal hann sjá ávinning af þeim fyrir landið, þegar enginn ávinningur sèst við prentsmiðjuna, og enginn stafur af reikningum hennar fær að sjást. Eg þættist heldur fá að sjá ávinning fyrir landið, ef eg feingi að sjá betra verð á bókunum, sem landsmenn þurfa að kaupa, sem líkast til yrði, ef báðar prentsmiðjurnar mættu jafnt prenta allar bækurnar; en ef svo yrði, eð einhver byðist til, að gefa út bækur í Kaupmannahöfn fyrir enn betra verð, þá þætti mèr það nú enn nú óvænt happ, sem eg tæki fegins-hendi á móti, og gæti þannin hvert mannsbarn í landinu haft stóran ábata af því, að einkaleyfin hyrfu sem fljótast, en enginn hefur ávinning af þeim, ef þau standa, svo neinn viti til.

J. Guðmundsson: Þegar í upphafi þessarar umræðu hèr í dag var svo mikið gjört úr því, og svo mörg orð borin í það,

að nefndin hafi hrapað að uppástúngum sínum, af því eingir reikníngar hafa feingizt eða yfirlit yfir fjárhag prentsmiðjunnar. Nú, eg játa það, að það hefði verið á meiru að byggja, og skýrara aðgaungu fyrir þíngið, hefðu reikníngarnir feingizt. Það er sannarlega sorglegt, þrátt fyrir heitin, sem um það voru gefin hèr um daginn, að þeir feingust ekki; það er mikill lærdómur fyrir þíngið og landsmenn, og, að eg vona, einnig lærdómur fyrir þá, sem skyldan hvílir á, að láta reikníngana af hendi.

En þó það hefði verið bæði nauðsynlegt og æskilegt, að fá að sjá skýra reiknínga fyrir ástandi og efnahag prentsmiðjunnar, þá sè eg þó ekki, að skortur þeirra svona í bráð geti verið til svo ógnarlegrar eða óvinnandi fyrirstöðu á, að selja prentsmiðjuna, eptir því sem nefndin hefur stúngið upp á, eins og þíngmaðurinn úr Strandasýslu gjörði úr því áðan. Ef prentsmiðjan er seld, eptir uppástúngu nefndarinnar, og andvirði hennar er sett í ávaxtarsaman sjóð, sem eptir ráðum alþíngis eigi að vera til einhverrar almennrar upplýsíngar í landinu, þá er auðvitað, að því fè, sem prentsmiðjan á nú hjá stiptsyfirvöldunum eptir reikníngum þeim, sem að vísu nú eru ósamdir, en sem þau geta þó aldrei færzt undan til leingdar að semja og auglýsa, að þessu fè, segi eg, má bæta við sjóðinn, sem stofnaður væri af andvirði prentsmiðjunnar, og verja á sama veg; og eg sè því ekki, að stiptsyfirvöldin geti með neinu komizt undan skyldunni á, að gjöra full og greinileg skil fyrir fjárhag prentsmiðjunnar að undanförnu, fremur fyrir það, þó lagt sè til, að selja prentsmiðjuna, eða þó þeirri tillögu yrði framgeingt. Stiptsyfirvöldin hafa lagt sjálf til við ráðgjafann, að selja prentsmiðjuna; ráðgjafinn hefur og fallizt á það. Þetta hvorttveggja sjá menn af brèfi því, sem þau rituðu nefndinni um þetta mál. Eg skil því ekki, því þíngið ætti nú að greiða atkvæði sín þvert í móti þessum tillögum og ráðstöfunum yfirvaldanna, þvert í móti sönnum og almennum hag landsmanna, og svo þvert í móti hag Norðlendínga og prentsmiðjunnar þeirra, þar eð hún, þessi nýstofnaða prentsmiðja, hlýtur að líða undir lok, ef hún fær ekki jafnrètti við sunnlenzku prentsmiðjuna.

Menn hafa hèr í salnum í dag talað svo margt og mikið um, hve hæpið og ísjárvert væri, að selja prentsmiðjuna hèr, svo að einkaleyfin yrðu lögð niður; og það hefur farið eins og vant er, þegar menn taka málin frá skökku sjónarmiði, þá komast menn einatt að skakkri niðurstöðu og rángri. Þann-

ig sagði hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður áðan, að margir einstakir menn mundu, óðar en einkaleyfin væru lögð niður, fara að láta prenta utanlands bæði sálmabókina og barnalærdómskverið, og selja hvorttveggja við svo lágu verði, að prentsmiðjurnar gætu alls ekki staðið við, að leggja þær upp, og selja fyrir jafnlítið verð, og lenti svo allur ágóðinn af slíkum fyrirtækjum í vasa þeirra einstöku manna, sem legðu þessar bækur upp. Eg held nú þessi ályktun fari mjög fjærri réttum vegi; því ef bækurnar eru seldar með miklu vægara verði, en prentsmiðjurnar geti sèr að skaðlausu selt þær og prentað, hver hefur þá mestan ábatann af því? eingan veginn sá eða þeir einstöku menn, sem leggja upp bækurnar; ábatinn fer ekki í vasa þeirra, eða minnst af honum, heldur mestur í vasa *kaupandanna;* þeir einir hafa mestan ábatann á slíkum fyrirtækjum, og þannig er þetta bein sönnun fyrir því, sem nefndin segir, að, ef einkaleyfin verði lögð niður, og prentsmiðjan seld, þá muni það opna kaupendunum veg til, að fá almennar og þarfar bækur með góðu verði, og þannig efla nauðsynlega útbreiðslu þeirra; og eg held það geti þó ekki dulizt fyrir neinum, að landsbúum verði þetta fyrirkomulag hagfeldara og ábatasamara, en hitt, að halda sem leingst við einkaleyfunum. Því hverjum eru þau í hag? ekki landsbúum yfir höfuð; fyrir þau eru allar hinar almennustu og nauðsynlegustu bækur þriðjúngi, og allt að helmíngi dýrari, en þær þurfa að vera og væru, ef einkaleyfin væru lögð niður; ekki fyrir hið forna Hólastipti, sem þó var áskilinn fjórði hluti alls ágóða einkaleyfanna, þegar hin forna prentsmiðja þar var lögð niður með konúngsbrèfi 14. júní 1799, en sem Norðlendíngar hafa aldrei feingið af einn skildíng, og ekki annan hag en þann óhag, að bókanna er þeim nú miklu erviðara og kostnaðarmeira að afla sèr, af því þessi hin forna prentsmiðja þeirra er nú svo fjærri þeim. Að síðustu hafa menn komizt að þeirri sannarlega hlægilegu niðurstöðu, að menn líka mættu til að við halda einkaleyfunum *vegna presta-handbókarinnar!!* enginn mundi fást til, að leggja upp handbókina, ef einkaleyfin væru lögð niður; þá yrðu allir prestar handbókarlausir! Mikil skelfíng! svo það yrði þá ómögulegt, að leggja upp handbókina fyrir einstöku menn, og selja hana við svo háu verði, sem þó varla munaði stórum hvern einstakan prest einu sinni á æfi sinni, að upplag hennar mætti verða skaðlaust?

Að síðustu sagði hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður, að það væri ísjárvert, að kippa fótunum undan prentsmiðju landsins, til þess að koma fótunum undir norðlenzku prentsmiðjuna; en það er enn ósèð, á hvað föstum eða góðum eða þörfum fótum hún stendur, þessi blessuð opinbera prentsmiðja, eins og hún er nú; reikníngana vantar, til þess að sýna það; en á meðan svo er, þykir mèr óþarfi, að skirrast við, að kippa undan henni þeim fótum, sem einginn sèr betur en bæði henni og landsbúum sèu að fullu óliði, en geta aptur komið á gáng prentsmiðjunni á Akureyri.

J. Kristjánsson: Mèr finnst það mætti virðast til vorkunar, þó landsmenn úr öllum fjórðúngum landsins vildu afbiðja þann þúnga skatt, sem leggst á þá vegna einkaleyfa prentsmiðjunnar. Það lítur út, eins og eins konar hræðilegur nefskattur, sem fyrst kemur á hvert barn í landinu, þegar það hefur lært að lesa, en byrjar barnalærdóminn, og aptur kemur á úngmennið þrásinnis, áður en það er staðfest, og enn aptur á hvern þann, sem eignast vill almenna messusaungs- og sálmabók. Eg skil ekki í því, að þetta gjald nemi ekki miklu fè, eða sjálfsagt margfalt meiru fè, en því, að það svari til hlunnindanna af einkaleyfum prentsmiðjunnar, og sannarlega yrði það ekki eins tilfinnanlegur skattur, sem leggja þyrfti á landsmenn, t. a. m. til að kosta prentun á handbók presta, ef ekki yrðu önnur úrræði.

P. Pètursson: Með tilliti til þess, sem sagt hefur verið hèr á þinginu, að nefndin hefði gjört bezt í, að fara ekki leingra út í mál þetta, þegar hún ekki gat feingið ánægjanlegar skýrslur frá stjórnendum prentsmiðjunnar um fjárhag hennar, verð eg að játa, að eg var á því í nefndinni, og samnefndarmenn mínir voru mèr samdóma um það, að nefndin ætti ekki að láta málið falla niður fyrir þetta, og það því síður, sem við af brèfi stiptsyfirvaldanna sáum, að þau höfðu ráðið til, að selja prentsmiðjuna, og stjórnarherra dómsmálanna hafði fallizt á það; því við þóttumst eiga það öldúngis víst, að hefðu stiptsyfirvöldin sèð landinu nokkra gróða-von að eign hennar, mundu þau aldrei hafa stúngið upp á, að selja hana, og hlutaðeigandi stjórnarherra aldrei samþykkt það. Nefndin gat því ekki dregið af þessu aðra ályktun en þá, að prentsmiðjan mundi ekki leggja stórmikið fè fyrir árlega, að minnsta kosti ekki svo mikið, að það samsvaraði þeim annmörkum, sem eru á að, halda

henni sem opinberri eign, og láta hana vera undir opinberri umsjón. Þegar nefndin bar nú þetta saman við allar aðrar hèr að lútandi kríngumstæður, og þær ástæður, sem henni þóttu mæla fram með sölu prentsmiðjunnar, gat hún ekki komizt til annarar ályktunar en þeirrar, að það væri í alla staði bezt, að selja hana; en þá annmarka, sem á því kynnu að verða, að selja hana án einkaleyfa, eða að láta þau falla niður, hèlt nefndin mætti fyrirbyggja með samníngi við kaupandann. Eg skal nú leyfa mèr að svara fáeinum smámótbárum, sem varaþíngmaður Snæfellínga kom með. Hann sagði, að það yrði lítill hagur fyrir prentsmiðjuna nyrðra, þó einkaleyfi prentsmiðjunnar hèr væru felld niður, og færði til reikníngsdæmi því til sönnunar, en sè þetta lítill *hagur* fyrir þá norðlenzku prentsmiðju, þá er það lítill *skaði* fyrir prentsmiðju landsins; annars er nokkur ósamkvæmni í þessu, og því, sem hann seinna sagði, að það væri svo mikið varið í einkaleyfin, að það mætti jafna þeim saman við hlunnindi jarðar. Hann vildi hjálpa prentsmiðjunni nyrðra með því, að prentsmiðjan hèr feingi henni bækur til sölu, og gæfi henni sölulaun; en þetta yrði lítil hjálp, nema því að eins, að prentsmiðjan hèr hefði þá eingan annan umboðs- eða bókasölumann í norður- og austur-umdæminu. Hann sagði enn fremur, að einkaleyfin væru góð fyrir eina prentsmiðju, en ekki fyrir tvær; en nefndin ætlaðist ekki til, að tvær prentsmiðjur hefðu einkaleyfin, heldur hvorug þeirra; hann hèlt, að menn mundu iðrast eptir sölunni, og gjarnan vilja kaupa prentsmiðjuna aptur, þegar fram í sækti. Eg get nú fyrir mitt leyti ekki verið hræddur við þessa sölu, og eg held, að meiri kvíði sè hjá mönnum fyrir henni, en þörf er á. Að menn iðrist eptir sölunni, gjörir ráð fyrir því, að prentsmiðjurnar fari báðar á höfuðið, en eg get ekki sèð gildar ástæður fyrir því, að svo muni fara, og eg er þá heldur ekki svo brjóstgóður, að þær megi ekki mín vegna fara á höfuðið, ef þær hreppa svo ónýta eigendur og stjórnendur; og færi svo, sem mèr nú annars þykir mjög ólíklegt, þá er æfinlega hægt, að kaupa nýja prentsmiðju fyrir það, sem nú fæst fyrir prentsmiðjuna, sem töluvert mun verða aukið af ávöxtum sínum innan þess tíma. Það var sagt hèr af öðrum þíngmanni, að það væri til að kippa fótunum undan báðum prentsmiðjunum, að fella niður einkaleyfi prentsmiðjunnar hèrna, en eg held, að það megi með eins miklum rètti segja, að það sè til að *jafna* fæturnar undir þeim báðum, þar

sem þeir, eins og nú er ástatt, eru of lángir á annari, en of stuttir á hinni. Það er sannfæríng mín, að menntun og upplýsíng sè komin svo lángt í landinu, að hvernig sem tekst til um þessar prentsmiðjur, þá sè það orðin andleg nauðsyn fyrir landið, að vera ekki prentsmiðjulaust.

P. Sigurðsson: Það hafa nokkrir þíngmenn verið mótfallnir því, að losa þau svo nefndu einkaleyfi frá prentsmiðju landsins. Mèr þykir það fyrst vanta, að reikníngar hennar verði auglýstir, svo eignir hennar og aflafè sjáist. Ef einkaleyfi þessi væru nú svo ábatasöm, þá væri ekki óliklegt, að hún stæði á föstum fótum, og ætti sjóð mikinn; en nú er það að skilja, að hún sè ekki stórrík. Eg get nú ekki ímyndað mèr annað, en stiptsyfirvöldin hafi sem trúir ráðsmenn höndlað vel með efni hennar, og vonast eg þau auglýsi reikninginn hið fyrsta. Eg get ekki sèð neina hættu við það, þó prentsmiðjan kæmist í eign einstaks manns, og þessum svo nefndu einkaleyfum væri jafnað niður á báðar prentsmiðjurnar, eða látin laus með öllu. Að bækur feingjust með betra verði frá Danmörku, tel eg óvíst yrði fremur þá en nú; og ef svo kynni að falla, þá er það aðhald fyrir prentsmiðjurnar, að selja svo billega sem yrði, en varnar því, að þær gjöri verzlunarsamtök milli sjálfra sín með bókasölu.

Á. Einarsson: Mèr sýnist það verði að vera geingið á undan sölunni, að vita, hvernig fjárhagur prentsmiðjunnar stendur, því það er eins og maður seldi skip, og vissi ekki, hvort nokkur áhöld fylgdu því; ætti svo að fara að gjöra grein fyrir því einhvern tíma seinna.

Það var sagt, að stiptsyfirvöldin ættu að vera bezt kunnug fjárhag prentsmiðjunnar, en sá kunnugleiki kemur hvergi fram, þegar maður ekkert fær að vita, hvað hún á.

H. G. Thordersen: Eg hafði ekki ætlað mèr að taka til orða í þessu máli, en þeir eru þegar orðnir svo margir, sem beint hafa ræðum sínum að stiptsyfirvöldunum, og eg er hèr á þíngi sá eini, sem getur álitið eins og til sín talað; stæði eg því ekki upp, kynni má ske einhver að taka það svo, sem væri eg annaðhvort hræddur eða fyndi mig að einhverju sekan í því málefni, sem hèr ræðir um. Að vísu mega allir sjá, að staða mín á þínginu er að því leyti miður þægileg, að eg er einn til andsvara, sviptur fulltíngi embættisbróður míns; en eg verð samt að fara um þetta nokkrum orðum, sem eg þó eingan veginn

vildi stýla svo, að þau gætu leitt til óvinsamlegrar keppni. Þegar nefndin skrifaði stiptsyfirvöldunum, og beiddi upplýsingar um reikninga prentsmiðjunnar, kom þeim saman um, að gefa þær, eins og þeim virtist mundi nægja, til þess nefndin gæti fullnægt ætlunarverki sínu með heiðri, og þótti ei þurfa til þess, að senda nákvæman reikning, heldur gefa það yfirlit, sem sýndi, að prentverksins fjárhagur stæði á góðum fótum. Auk þessa var nefndinni tilkynnt, að viðkomandi stjórnarráð hefði samþykkt, að prentverkið yrði selt, þegar búið væri að koma því í sem bezt skipulag. Þessar upplýsingar nægðu ei nefndinni, svo hún skrifaði þeim heiðraða forseta, en hann sendi stiptsyfirvöldunum brèf á ný, og var í því geingið miklu ríkara, en í hinu fyrra brèfi, eptir reikningunum, og þar í tekið fram, að þeir þyrftu að gefast frá árinu 1844 til nálægs tíma. Þegar eg bar þetta brèf undir meðstjórnara minn, sem reikningana hefur sèr í lagi undir hendi, var það hvorttveggja, að hann, sökum embættisanna um það leyti, kynokaði sèr við, að setjast sjálfur eða láta aðra setjast við, að skrifa svo lángan reikning, sem krafizt var, enda þótti stiptsyfirvöldunum ólíklegt, að þau svo sem „*administrativ*“ embættismenn stæðu í því sambandi við þingið, að það hefði myndugleika eður heimtingu á, að krefja þau í þessu efni svo sem til reikningsskapar, enda gátu þau ekki sèð, eins og nefndin ei heldur hafði í brèfum sínum leitt rök til þess, í hverju tilliti svo nákvæmar upplýsingar væru nefndinni ómissandi.

Hvað nú þessa margumtöluðu reikninga snertir, þá get eg fullvissað þingið um, að þeir eru til reglulega færðir, og eru yfirskoðaðir af þeim, sem stiptsyfirvöldin eiga yfir sèr, og að sú mun reyndin á verða, að prentverksins fè hefur verið varið með þeirri hagsýni, sem við varð komið, þegar tillit er haft til þeirra kringumstæða og mörgu erviðleika, sem einkum seinni árin hafa sameinazt við stjórn á prentverkinu. Eg þori því að segja, að þingmenn gjöra ekki vel í því, ef þeir skyldu gruna þá um trúmennsku, sem fyrir prentverkinu eiga að ráða, og vil eg eigi fara hèr um fleiri orðum.

Hvað sölu á prentverkinu viðvíkur, var sú ætlun stiptsyfirvaldanna, sem einnig er staðfest af viðkomandi stjórnarráði, að prentsmiðjunni ætti að koma í sem fullkomnast ástand, áður en salan fram færi; því bæði þótti það bezt sæma fyrir hið opinbera, að skila henni svo af hendi, enda mundi hún þá

taka meiru verði. En þar sem því nú er farið fram, að hún þá um leið eigi að missa *privilegia* eður einkarèttindi þau, sem hún nú hefur, þá er sú meiníng mín, að eigi hún að geta staðizt, muni hún ekki mega án þeirra vera; en nauðsynlegt álít eg fyrir landið, að hún geti þrifizt, eins þótt hún komist í einstaks manns eign. Að tvær prentsmiðjur fái staðizt hèr í landi, geingur yfir minn skilníng, þegar eg íhuga, hversu lítið hèr selst af bókum, og hvað leingi opt má bíða eptir borguninni; en þegar 2 prentsmiðjur, sem standa jafnt að, eiga að fara að keppast á, útheimta þær ei lítið fè, til að halda sèr í því ásigkomulagi, sem útvegi þeim álit og traust manna, en hvaðan þær eigi að taka þetta, þegar bókasalan skiptist milli þeirra heggja, sè eg ekki. Það bætist nú hèr við, að þegar einkarèttindin eru tekin burt, þá getur hver og einn látið prenta hinar útgeingilegustu bækur með lèttara verði í Kaupmannahöfn; því að prentsmiðjurnar hèr geti selt með jafngóðu verði, ef þær eiga að geta staðizt, hygg eg ekki mögulegt, þar sem hver einasti hlutur, sem prentverk þarf á að halda, verður að flytjast híngað frá Danmörku eður útlöndum, og má því til að verða hèr dýrara en þar, og svo er flutníngur bóka frá Kaupmannahöfn híngað til allra landsins parta miklu hægari og kostnaðarminni, en í landinu sjálfu, og finnst mèr sem þetta tvennt ljóslega hrindi því, að bækur, prentaðar hèr, geti nokkru sinni selzt við svo góðu verði, sem í Danmörku. Þegar nú 2 prentsmiðjur, sem standa öldúngis jafnt að, komast hèr í gáng, óttast eg mikillega (eg vildi þetta væri ei annað en hræðsla mín), að þær undir þessum kríngumstæðum mundu eyðileggja hvor aðra, og niðurstaðan verða sú, að eingin prentsmiðja yrði í landinu, sem nokkurn veginn gæti samsvarað kröfum tímanna. Ef svona skyldi fara, er auðsèð, hvílíkan skaða, og jafnvel vansa, mundi þar af leiða fyrir landið, og má ske reka að því, að stjórnin yrði aptur að taka að sèr prentsmiðjuna. Aðrir segja sína meiníngu; eg ætla ei að tala fleira í þessu máli.

E. Kúld: Eg ætlaði mèr nú ekki að verða margorður í þetta skipti, en vildi einúngis í tilliti til hins 5. konúngkjörna þíngmanns geta þess, að mèr heyrðist á tölu hans, að nefndin hefði ætlað, að stiptsyfirvöldin vildu selja prentsmiðjuna, af því hún stæði sig svo illa, en hvernig nefndin gat hugsað það, skil eg ekki, þar hún einga reiknínga hafði, sem gætu sýnt henni, að hún ekki gæti staðizt.

Eg get ekki verið samdóma hinum heiðraða þingmanni Eyfirðinga, að báðar prentsmiðjurnar hafi einkaleyfin, eins og eg líka held, að þau væru góð fyrir eina; því þó eg ekki sè spámaður, held eg það færi með prentsmiðjurnar, eins og kýrnar hans Pharaós, að hvor mundi eta aðra, úr því einkaleyfunum væri sleppt lausum, og er þó langt frá mèr, að vilja spilla fyrir máli norðlenzku prentsmiðjunnar. En úr því prentsmiðjan er orðin einstakra manna, þá verða þó bækurnar að verða dýrari, ef sanngjarnt verð væri á þeim úr prentsmiðju landsins; því meðan hún er landsins, eru öll áhöld flutt hingað ókeypis með póstskipinu, en það mundi hætta, ef hún yrði seld einstökum manni. Eg ætla og að bæta því við, að mèr þykir nú nóg búið að selja af landsins eignum, þó að þessi eign landsins, prentsmiðjan, bíði nokkuð enn óseld.

G. Brandsson: Eg tók svo orð hins virðulega þingmanns úr Strandasýslu áðan, sem hann ímyndaði sèr, að, ef prentsmiðjan yrði seld, þá mundi fylgja henni sjóður sá, sem hún kynni að eiga fyrirliggjandi, bæði hèr á staðnum, og víðs vegar um landið, í óseldum bókum og útistandandi skuldum; en eg held nú, að þessu verði ekki þannig varið, því að sjóður þessi, hvort hann væri svo mikill eða lítill, gæti verið landsins eign, eins og hann nú er, og lagzt saman við andvirði prentsmiðjunnar, þegar búið væri að selja hana; því eg gjöri ekki ráð fyrir, að annað yrði selt, en hús hennar, prentunaráhöld öll, og fyrirliggjandi prentunarefni, þegar salan færi fram, t. a. m. pappír, sverta, o. fl. Ef að nú sala hennar þætti nauðsynleg, þá get eg ekki betur sèð, en að hún mætti fara fram, þó reikninga prentsmiðjunnar vantaði um sinn, því mèr skilst ekki betur, en að bæði þingið og þjóðin ættu fullan rètt á, að krefjast þeirra seinna eins fyrir því. Nú er ekki heldur svo sem hrapað verði að, að selja hana; því mál þetta hlýtur fyrst að gánga hèðan til stjórnarinnar, og svo frá henni hingað aptur, svo þegar þessi rekspölur væri allur á enda, get eg varla öðru trúað, en að stiptsyfirvöldin yrðu búin að semja þá áminnstu reikninga og auglýsa, ef þau á annað borð ætla sèr það nokkurn tíma.

Það hefur verið margtalað um einkaleyfi prentsmiðjunnar, og um það, hvern óbeinlínis-skatt þau legðu á þjóðina. Það getur nú vel verið, að þau eigi síður við nú, en verið hefur; verið getur og, að stjórnin með þeim hafi viljað sjá um það, að ætíð skyldi vera nóg til í landinu af andlegum bókum, og hafi

hún því falið stiptsyfirvöldunum á hendur aðalumsjón þessa. Menn muna líka eptir rímnaruslinu og mörgu fleira, sem kom frá Viðey, þegar prentsmiðjan var seld þar á leigu, og það er óvíst, hvern enda það hefði haft, ef sèra Tómas sálugi Sæmundsson hefði ekki í 5. ári Fjölnis sýnt mönnum fram á, til hvers þetta leiddi, ef því væri ekki hætt, að það sumsè væri upplýsingunni til niðurdreps og þjóðinni til útörmunar.

Það hafa margir sagt, að alþýða hèr á landi væri betur að sèr, en víðast hvar í öðrum löndum, og fullt svo guðrækin; þó eru erlendis margar prentsmiðjur, sem eru einstakra manna eign, og heyrist ekki þar fyrir getið um skort á góðum guðsorðabókum. Það hefur verið sagt, að bækur frá Danmörku gætu selzt hèr með betra verði, en þær, sem hèr eru prentaðar; en hvort sem þær geta það eða ekki, þá finnst mèr, að verðmunur þeirra sè lítill, þegar þær eru hingað komnar; að minnsta kosti hefur það reynzt svo með flestu íslenzku tímaritin.

Menn hafa talað um, að Norðlendíngar muni jafnvel vilja kippa fótunum undan prentsmiðjunni hèrna. Eg er nú eingan veginn þeirrar meiníngar, heldur ætla eg hitt, að þegar þeir af lángri reynslu voru sannfærðir orðnir um, að það mundi aldrei efnt verða, sem þeim var lofað, þegar Hólaprentsmiðjan var lögð niður, þá hafi þeir viljað reyna sjálfir til, að bæta nauðþurft sína. Að prentsmiðjan hèrna þurfi að steypast, ef norðlenzka prentsmiðjan stendur, get eg ekki skilið; því hvergi ætla eg þess háttar stofnun haganlegar setta en hèr, þar sem er hinn fjölmennasti kaupstaður á landinu, og hvar flestir embættismenn og vísindamenn eru saman komnir; svo ef nægar og góðar ritgjörðir væru til hjá þessum, mundi prentsmiðjan eiga kost á, að fá þær, svo hún þess vegna þyrfti ekki að vera verkefnislaus, og þá mundu einnig nógir kaupendur fást að þeim, svo hún þess vegna gæti staðizt kostnaðinn.

Á. Einarsson: Eg þarf ekki að tala meira í þessu máli, fyrst menn eru mèr ekki samdóma í því, að áríðandi sè, að fá reikníngana, heldur álíta, að ekkert riði á þeim, áður en prentsmiðjan væri seld.

Það var ekki meiníng mín, að skera úr því, hvort þíngið ætti heimtíng á, að fá þessa reikníngana, en eg bjóst við, að stiptsyfirvöldin mundu ekki kynoka sèr við, að sýna þá, samkvæmt vilyrði því, er hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þíngmaður gaf við inngángsumræðu þessa máls. Sá háæruverðugi

konúngkjörni þingmaður gat þess, að stiptamtmaðurinn hefði kynokað sèr við, að hafa svo mikla fyrirhöfn fyrir, að láta semja reikníngana nú strax, en seinni tímar verða nú að dæma um þetta, eins og svo margt annað.

G. Einarsson: Eg verð þó fremur að vera á þeirra máli, sem ekki vilja selja einkaleyfin frá prentsmiðju landsins að svo stöddu, einmitt af þeim ástæðum, sem hèr hafa verið teknar fram. Þar hjá ber þess að gæta, og það þykir mèr mest um vert, að nú er einhver hinn óhentugasti tími til þess, að selja prentsmiðjuna, vegna þess, að hún er nú, að sögn, ekki í því æskilegasta ásigkomulagi, og því óárennilegt, að kaupa hana, og getur því farið fyrir hálfvirði. Menn hafa viðurkennt, að það þurfi að gæta hinnar mestu varúðar, þegar fara eigi að breyta gömlum stofnunum, þó að menn sjái marga galla á þeim; svo er og um þessa landsins stofnun og eign, prentsmiðjuna. Mèr sýnist það vera mjög ísjárvert, ef nú á að sleppa hendinni allsendis af þessari stofnun, og fleygja henni út fyrir lítið verð. Þetta og annað fleira, er eg ekki vil fjölyrða nú um, sýnist mèr benda á það, að menn ættu ekki að stínga upp á sölu prentsmiðjunnar í bráð, heldur að eins því, að breytíng fáist á stjórn hennar og umsjón, og hygg eg, að það geti í því tilliti vel tekizt til greina, er þíngmennirnir frá Stranda- og Snæfellsnes-sýslum hafa stúngið upp á. En til þess nú, að þetta geti feingið framgáng, þarf að bera málið undir stjórnina, og því álít eg í alla staði nauðsynlegt, að konúngi sè send bænarskrá um þetta mál. Eg man ekki, hvort hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga tók það skýrt fram í breytíngaratkvæðum sínum — *(E. Kúld*: Jú) —. Það er gott; því annars hefði eg tekið það atriði að mèr; því að eg vil fyrir eingan mun, að þetta mál farist fyrir hèr á þíngi svo, að konúngi verði ekki send bænarskrá í því. Dæmi það, sem hinn háttvirti varaforseti tók sínu máli til styrkíngar áðan af verzluninni, var að vísu heppilega valið, en nokkuð hliðdrægt útlistað, að mèr fannst; því menn hafa aldrei beðið um, að öll bönd losnuðu af verzluninni, og eins sýnist mèr ekki eiga við, nú sem stendur, að losa öll bönd af prentsmiðjunni, sem stofnun landsins, enn síður að eyða henni að öllu.

Eg er því fastur á því, að menn eigi ekki að fara frekara í þetta mál að sinni, en að beiðast umbótar á stjórn og umsjón prentsmiðjunnar, og sleppa nú ekki strax öllum tökum; en sjái

menn, þegar hin nýja tilhögun kemst á, eða fyrri, þegar menn sjá upp á víst ásigkomulag prentsmiðjunnar (því að eg verð að játa það fyrir mitt leyti, að mèr er það óljóst), og þykjast vera vissir um, að hèr er ekki annað við að gjöra, þá fyrst hefðu menn órækar ástæður til að selja.

Eg er að öllu leyti á máli þingmannsins úr Strandasýslu, að prentsmiðjan eigi ekki að seljast, fyr en hún er komin í það horf, að kaupandi viti, hvað hann kaupir. Þingið verður að líkjast góðu búmönnunum í þessu efni, og góðir búmenn selja aldrei muni sína, þegar þeir eru hvað óútgeingilegastir.

Framsögumaður: Svo mikið sem komið er um einkaleyfin, verð eg þó að bæta við fáeinum orðum.

Þingmaðurinn frá Snæfellsnessýslu gat þess áðan, að það væru fleiri einkaleyfi þessleiðis, en slík einkaleyfi hræðist eg ekki, sem hverfa á dauðadegi höfundarins — (Nei) —. Mèr nægir ekki „nei“; eg þarf að fá ástæður, sem hrindi meiningu minni — (*E. Kúld*: Erfingjarnir halda þeim) —. Það voru færð mál um það, þegar gefin voru út rit danskra höfunda, og var erfingjum höfundanna frádæmdur einkarèttur, til að gefa út bækurnar fremur öðrum.

Prentsmiðjan eignar sèr einkaleyfin, og þingið mundi gjöra sig hlægilegt í augum menntaðra þjóða, ef það beiddist, að prentsmiðjan hèrna feingi einkaleyfi, til að prenta þessar guðsorðabækur um allar aldir, sem allar eru eptir höfunda, sem fyrir langgu síðan eru dauðir, nema ef höfundur einhvers sálmsins lifir enn; sá arfur væri þá staðfastari en allir aðrir. Að prentsmiðjan hèrna ekki geti staðizt, ef hún missir einkaleyfin, er þeim muninum verri getgáta, sem menn aldrei vita, að hún hafi haft nokkurt verulegt gagn af þeim. Í breytíngaratkvæðum þingmannsins frá Snæfellsnessýslu, sem mèr að sönnu eru ókunnug, þó hann læsi þau upp í flýti, er eingin veruleg breytíng frá því, sem verið hefur; stiptsyfirvöldin eiga að vera yfirstjórn, og einn hafa á hendi sölu bókanna; öll bótin er þá, að kaupa 2 menn, til að endurskoða *(revidere)* reikníngana, og það hafa stiptsyfirvöldin áður gjört ókeypis. Þessir menn, sem halda svona í einkaleyfin, gæta ekki að þörfum allra; þeir gæta ekki að, að þau eru orðin næstum óbærileg; því bækurnar verða þess vegna bæði dýrari, og fást heldur ekki altènd. Að prentunin í Danmörku sè mikið lèttari, getur að vísu verið; en hvað verðið snertir, þá held eg ætti að standa á sama, hvort

eg flyt hingað pappír og svertu, til að prenta bókina hèr, ellegar eg kem með hana prentaða; því þá verður hún þó eins þúng, svo það skyldu þá vera samgaungurnar einar, sem væru lèttari.

J. Guðmundsson: Eg verð að leyfa mèr nokkrar athugasemdir og leiðrèttíngar við ræðu hins háæruverðuga 3. konúngkjörna þíngmanns. Hann sagði, að sèr og meðstjórnara sínum hefði virzt, að alþíngi eða nefndin hefði ekki átt með, að krefja þá um reikníngа prentsmiðjunnar. Eg ætla ekki að fara leingra út í þennan rètt yfir höfuð að tala; en eg hèlt, og held enn, að bæði þíngið og nefndin hafi átt með, að byggja á skýlausum loforðum sjálfs hins háæruverðuga þíngmanns í þessu efni. Hann sagði sjálfur hèr á 5. fundi, þegar mál þetta var hèr til inngángsumræðu, eins og lesa má í þíngtíðindunum, bls. 57:

> *„Eg skal og að mínu leyti gjöra allt, sem eg get, og gefa allar þær upplýsingar, sem mèr er unnt, viðvíkjandi reikníngum prentsmiðjunnar, og hinu sama er mèr óhult að lofa fyrir hönd meðstjórnara míns“.*

Þetta eru eigin orð hins háttvirta þíngmanns, og eg vona, að hvorki þínginu nè nefndinni verði láð, þó hún ætlaði að byggja á þeim.

Það leit þar að auki svo út, af ræðu hins sama háttvirta þíngmanns, sem nefndin hefði farið frekar í bæn sinni um upplýsingarnar, heldur en hún mátti, eða stjórnendunum hefði verið mögulegt að gegna; honum sagðist á þá leið, sem nefndin hefði beðið um „*alla*“ prentsmiðjureikníngana frá 1844, og svo, að jafnvel yrði lagður fram fyrir þíngið með þeim „hver lappinn“; en þetta er ekki sem rèttast hermt upp á nefndina. Í brèfi því, sem nefndin ritaði stiptsyfirvöldunum, eða forseta þíngsins til að senda þeim, eptir að þetta svar þeirra, sem nefndin var öldúngis jafnnær fyrir, eins eptir og áður, fór nefndin ekki fram á, nema: „að fá greinilegt *yfirlit* yfir fjárhag prentsmiðjunnar frá 1844 og til þess nú“, og „*áætlun* um, hvað mikið prentsmiðjan ætti í óseldum bókum“. Og eg held, að í hvorugu þessu hafi nefndin farið fram yfir það, sem hinn háttvirti þíngmaður hèt að leysa af hendi, og sem mátti vera lafhægt að leysa af hendi. Yfirlit þetta yfir fjárhaginn, sem beðið var um, og sem nefndinni nægði, var hægðarverk að búa til, ef bækurnar yfir reikníngsskapinn eru í reglu; eg skal búa það yfirlit til á 2 klukkustundum, ef eg hef bækurnar fyrir mèr, rètt færðar og reglulega. Og um áætlunina, um hvað mikið

væri til í óseldum bókum, er sama að segja; það getur þó ekki verið langrar stundar verk nè tímatöf, að búa hana til, svona hèr um bil nægilega (því við nefndarmenn beiddum aldrei um áreiðanlegan eða skýlausan reikning yfir þetta), ef reikningsarnir og yfirumsjónin er í því lagi, sem telja mætti víst.

Það getur verið, að þingið eigi eingan beinlínis eða þvingandi rètt yfir stiptsyfirvöldunum; eg hef ekki heldur farið því fram, eða neinn; en eg vona þau geti aldrei neitað því, að alþingi og þjóðin öll á fullan siðferðislegan rètt á, að krefjast greinilegs reikningsskapar bæði fyrir þessari og annari ráðsmennsku stiptsyfirvaldanna og annara valdsmanna, sem þeir hafa yfir opinberum sjóðum og stofnunum; og eg vil ekki efa, að þeim lærist þó bráðum, að það hvílir á þeim siðferðisleg skylda á því, að standa full skil fyrir landsbúum á allri þvílíkri ráðsmennsku.

Hinn sami háæruverðugi þingmaður sagði, að það hefði verið meining stiptsyfirvaldanna, þegar þeir lögðu til við ráðherrann, að selja prentsmiðjuna, að selja hana *með einkaleyfinu;* en þetta finnst mèr öldúngis ótækt; ef prentsmiðjan er seld *með* einkaleyfunum, þá er með öllu horfið það eptirlit, sem nú fyrir umsjón og afskipti stiptsyfirvaldanna má vænta á því, að almennu og einkaleyfis-guðsorðabækurnar verði ekki seldar með óbærilegu verði. Eg sè ekki betur, ef prentsmiðjan er seld með einkaleyfunum, en að þá sè einstökum mönnum gefinn taumlaus kostur á, að hafa guðhræðslu alþýðu beinlínis að fèþúfu.

Þingmaðurinn úr Dalasýslu sagði það væri iskyggilegt, að fara að selja prentsmiðjuna í því tvísýna ástandi, sem hún væri nú, því þá mundi ekki fást fyrir hana hálfvirði. En eg held þó það sè miklu iskyggilegra og tvísýnna, sem stiptsyfirvöldin hafa ráðgjört eða stúngið upp á við ráðherrann, að gjöra ýmsar stórkostlegar umhætur við prentsmiðjuna, áður en hún er seld, t. a. m. að kaupa til hennar nýja pressu, stækka töluvert verkstofu prentverksins, o. fl. Eg skil ekki í, hvað slíkur tilkostnaður á, rètt áður en prentsmiðjan öll er seld; því auðvitað er þó, að enginn kaupandi borgar hana þeim mun meira verði, sem þessum og öðrum slíkum tilkostnaði svarar, þegar til hans er lagt allt svona frá stofni. Það er og auðskilið, að þeim mun dýrara sem kaupandinn yrði að kaupa prentsmiðjuna, þeim mun fremur yrði hann að leitast við, að vinna það upp með því, að selja almennu og útgeingilegustu bækurnar dýrar; en

kaupandinn eða eigandi prentsmiðjunnar hefði því minni hvatir eða nauðsyn til, að selja bækurnar dýrt, sem hann hefði feingið prentsmiðjuna með vægara verði.

St. Jónsson: Í framhaldi af því, sem þingmaður Skaptfellínga sagði, held eg, að kostnaður sá, sem nú verður við endurbót prentsmiðjunnar, verði sölu hennar til fyrirstöðu; því margir eru víst ekki færir um, að kaupa hana með allri þeirri endurbót, sem um er talað; því það kann þó einhver að treystast til, að kaupa hana, eins og hún nú er, og smábæta gallana, sem ekki getur keypt hana með aðgjörðinni, og verður það þá skaði fyrir prentsmiðju landsins.

Þó stiptsyfirvöldin hafi þann ásetníng, að selja fyrir svo lítið verð, sem mögulegt er, andlegu bækurnar, þá held eg þó, að þær gætu fallið í verði, ef einkaleyfin yrðu af numin.

Það er hið fyrsta menntunarmeðal, að fá bækurnar fyrir svo lítið verð, sem unnt er, og þá gætu menn kann ske feingið 2 bækur fyrir það sama, sem 1 kostar núna, og það, að gjöra landsmönnum hægra fyrir, að eignast bækurnar, liggur til grundvallar fyrir bænarskránum, bæði í tilliti til bókaverðsins, og flutnings á þeim út um land, og held eg öllum ætti að vera skylt, að styðja að þessu augnamiði.

Menn gjöra svo mikið úr, hvað auðvelt sè, að fá bækur frá Kaupmannahöfn, en þá væri líklega bezt, að eingin prentsmiðja væri hèr á landi!! Menn hafa sagt, að á meðan prentsmiðjan væri eign landsins, feingi hún ókeypis aðflutníng sinn, en þó það hætti, þá er það ekki skaði fyrir hið opinbera, að geta flutt eitthvað í þess stað í póstskipinu.

Það er hægt að sanna, að prentsmiðjan hèr kemst ekki yfir allt, sem henni býðst, og þó vilja menn ómögulega lofa annari prentsmiðju, að lètta undir með henni með þær bækur, sem menn eigna einkaleyfin, þó það auðsjáanlega sè mörgum landsmönnum til mikils gagns og hægðar.

G. Brandsson: Ekki gæti eg lagt það til, ef prentsmiðjan á annað borð ætti að seljast, að stiptsyfirvöldin færu fyrst að gjöra henni ýmislegt til góða, t. a. m. stækka húsið, sem hún er í, því eg býst við, að sjóður hennar, ef nokkur væri, eyddist þar með að mestu, og væri vel, ef hún yrði ekki skuldug. Eg held skólahúsið hèrna sè minnilegt dæmi þess, hvernin þeim farnast húsabyggíngar.

Þíngmaðurinn frá Dalasýslu bar fyrir því nokkurn kviðboga,

að, ef prentsmiðjan yrði seld nú þegar, að þá mundi hún ekki gánga út, nema með lágu verði, og yrði það þá skaði landinu; en það hefur verið aptur sagt þar á móti, að með því betra verði, sem hún feingist, þess ódýrari yrðu aptur bækurnar frá henni, svo að allt jafnaði sig. Eg er nú að vísu sömu meiníngar, og svo held eg líka, að, þó nú prentsmiðjan yrði seld, þá mundi henni ekki verða fleygt út fyrir lítið sem ekkert. Eg gjöri ráð fyrir, að hún yrði boðin upp á reglulegu uppboðsþíngi, og má ske fleirum en einu eða tveimur; því þannig vita menn til að margar jarðir hafa seldar verið. Sumir kvíða má ske því, að fleiri óþarfa-bækur slæddust á prent, þegar prentsmiðjan væri orðin einstaks manns eign, og muna má ske eptir, hvernin það gekk til í Viðey, þegar hún var seld þar á leigu, eins og eg hef áður drepið á; en menn ættu líka að muna eptir því, hvernin allt þetta datt í dúnalogn, eptir að Fjölnir lèt til sín heyra, og það svo, að á líku hefur varla bólað síðan, nema ef menn vildu telja rímurnar, sem slæddust hèrna á prent í vetur leið.

Eg held því, að það yrði blaðamannanna ætlunarverk, að finna að og setja út á bækur þær, sem frá prentsmiðjunni kæmu eptirleiðis, ef þær reyndust miður valdar, en vera ætti, og get eg til, að þetta hèldi eiganda hennar í skefjum að nokkru leyti, og hindraði hann þannig frá, að prenta það allt, sem honum í þann svipinn kynni að vera ábatamest; því náttúrlegt væri það, þó hann, eins og aðrir, vildi í þessu sjá hag sinn. Eg held, að þíngmaðurinn frá Strandasýslu hafi misskilið mig áðan, þegar eg var að tala um prentsmiðju-reikningana; hann hèlt, að mönnum lægi í lèttu rúmi, hvernin þeim liði, ef þeir ætluðust til, að prentsmiðjan yrði seld, áður en þeir feingjust greinilegir. Eg er nú sömu meiníngar um þetta og áður, að èg held hvorttveggja gæti komizt heim hvað við annað. Mèr hefur ekki dottið í hug, að stiptsyfirvöldin ættu aldrei að gjöra reiknínga-skap ráðsmennsku sinnar í tilliti til reiknínga þessara; enda munu þau gjöra það, og þá um leið geta um, hvað því hafi valdið, ef fjárhagur hennar skyldi reynast bágari, en menn hafa ímyndað sèr; því hefðu henni viljað til einhver óhöpp, held eg þeim væri eingin minkun í, að skýra frá því satt og rètt; því slys geta opt viljað til, án þess mönnum verði beinlínis kennt um þau. Þannig vildi það til fyrir hinu íslenzka bókmenntafèlagi, þegar brann hjá því í Kaupmannahöfn, og getur

slikt viljað til annarstaðar, eins og þar fyrir utan margt annað, sem eg get ekki verið upp að telja.

E. Kúld: Framsögumaður gat þess áðan, að breytingaratkvæði mín væru sèr ókunnug; það getur nú verið, en það er hægt, að gjöra honum þau kunnugri.

Hann gat þess jafnframt, að einkaleyfi þau, sem höfundur einnar bókar hefði, væru horfin með dauða hans, en eg vona, að hinir löglærðu hèr á þingi sèu mèr samdóma í því, að erfingjarnir fá það eptir hann, að minnsta kosti um viss ár, sem erfð.

Það getur verið, að það væri rètt, að selja prentsmiðjuna, ef maður vissi, í hvaða ástandi hún er, en hinn háæruverðugi 1. konúngkjörni þingmaður andlegu stèttarinnar skýrði frá því, að hann með sitt eindæmi, ef eg hef skilið hann rètt, hafi ei átt kost á því, þar hann væri að eins annar stjórnarinn, að uppfylla í þetta sinn það vilyrði, sem hann gaf þinginu við undirbúningsumræðu þessa máls, og lái eg honum það því ekki, en vorkenni honum miklu framar, að vera í þeim sporum, að geta það ei sökum samvinnunnar með samverkamanni hans; en hann gat þess jafnframt, að reikningarnir mundu koma í ljós seinna, og þá sýnist mèr fyrst að fara að ráðgast um, að selja hana, þegar þeirri skýlu er af lètt, er nú má ske hindrar kaupandann frá, að vita, hvað hann kaupir, og seljandann, hvað hann selur.

Framsögumaður: Þar sem þingmaðurinn frá Snæfellsnessýslu ekki vill unna mèr, að heyra breytingaratkvæði hans, þá á eg rètt á því, ef eg vil; en svo var hann fljótur að þylja þau upp, að eg var búinn að gleyma því 1., þegar það 5. var búið.

Það er svo opt og mikið búið að tala um svar það, sem stiptsyfirvöldin gáfu nefndinni, þegar hún bað þau um upplýsingar á fjárhag prentsmiðjunnar, að mèr finnst þingmenn ættu að fá að heyra það, og skal eg, þar eg hef brèfið hèr hjá mèr, gjarnan lesa það upp, ef forseti ekki er á móti því, og þingmenn óska þess.

Konúngsfulltrúi: Eg fyrir mitt leyti álít rèttast, að brèfið sè lagt fram á lestrarsalinn.

Forseti: Eg skal sjá um, að brèf þau, sem farið hafa á milli í þessu máli, verði lögð fram á lestrarsalinn.

Á. Einarsson: Eg er samþykkur þingmanni Gullbringusýslu í því, að þó eitthvert slys hefði viljað til fyrir reikning-

unum, þá þurfa stiptsyfirvöldin ekki að láta það fæla sig frá, að auglýsa þá, en að öðru leyti get eg ekki skilið, að dæmið af bókmenntafèlaginu eigi hèr við, því eg get ekki ímyndað mèr, að lagður hafi verið eldur í reikníngana, og sízt, að eldurinn úr bókmenntafèlagsbókunum hafi læst sig í þá — (Hlátur).

P. Sigurðsson: Jafnvel þó það sè meiníng mín nú, að það mundi landsmönnum eins holt, að prentsmiðjan hèrna í Reykjavík væri seld einstökum manni, og þessum einkaleyfum skipt á milli þeirra, þá þykir mèr samt nokkuð ísjárvert, að mæla fram með sölu þessarar þjóðeignar vorrar, meðan svona stendur á reikníngum hennar, að þeir koma ekki fyrir daginn. Eg vona stiptsyfirvöldin hið bráðasta auglýsi þá. Þar sem þíngmaður Dalasýslu vildi losa hana frá stiptsyfirvöldunum svoleiðis, að fela hana 3. manni á hendur, en þau hefðu þó yfirumsjón hennar á hendi, þá álít eg rèttara, að þau, úr því svo væri að farið, væru að öllu laus við umsjón og ábyrgð hennar, en einasta að manni þessum væri gjört að skyldu, að auglýsa reikninga yfir efni hennar árlega, og þá gæti þíngið í nafni þjóðarinnar kosið 2 menn til yfirskoðunar reikninganna, ef þeir þættu ískyggilegir.

G. Einarsson: Eg vil með fám orðum geta þess, að hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga hefur ekki skilið ljóslega meiníngu mína, þá er eg talaði á þá leið, að eg vildi ekki, að prentsmiðjan væri seld fyrst um sinn. Helzta ástæðan mín fyrir því var sú, að eg álít það ógjörníng, að fara að selja hana einmitt um það leyti, þá hún er í hvað minnstu áliti fyrir hagnað þann, er hún færði kaupanda í aðra hönd, og að hún færi því fyrir harðla lítið verð. Mótbára þíngmannsins frá Gullbríngusýslu, að prentarinn gæti selt bækurnar með því betra verði, sem hann feingi betra kaup á prentsmiðjunni, er ekki af sem órækustum ástæðum sprottin; því að vísu *getur* prentarinn það, en ekki sagt, að hann *vilji* það, og vilji hans ræður miklu í þessu efni. Það, sem sami þíngmaður sagði, að ekki mundi hrapað að því, að selja prentsmiðjuna, heldur haldin á henni 3 uppboð, þá játa eg því, að svo kunni að verða, en það er eingan veginn þar með sagt, að nægilegt verð fáist fyrir hana, þegar þeir eru svo fáir, sem girnast eða geta girnzt, að kaupa hana. Það, sem þíngmaður Rángvellínga tók fram viðvíkjandi stjórn stiptsyfirvaldanna á prentsmiðjunni, þá vil eg geta þess,

að mèr skildust svo orð þingmanns Snæfellínga, að umsjón stiptsyfirvaldanna ætti ekki að vera í öðru fólgin eptir hinu nýja skipulagi, en að biskupinn sæi um, að nóg væri til af hinum nauðsynlegustu andlegu bókunum, og að þær væru seldar með sem lægstu verði.

Framsögumaður: Þingmaðurinn frá Dalasýslu stakk þá á endanum á kýlinu, sem nefndin ætlaði að ganga fram hjá. Skyldi nokkur fara eptir því, hvernig prentsmiðjan hefur staðið sig undir opinberri stjórn? því sú stjórn stendur svo illa að, að brúka þann eptirrekstur, hafa við þann sparnað, og svo nákvæmt reikninga-eptirlit, sem einstakur eigandi hennar mundi gjöra. En viðvíkjandi því, að svo lítið mundi fást fyrir hana núna, þá held eg, að sá, sem vildi kaupa hana, mundi gjöra reikning upp á meiri arð af henni, en *menn halda* að hafi verið undir þessari stjórn, sem nú er.

J. Jónsson: Það hafa margir hinna heiðruðu þingmanna kvartað yfir því, hvað mönnum væri ókunnugur fjárhagur prentsmiðju landsins, og látið á sèr heyra, að upplýsingarskorturinn á því hlyti að verða því til fyrirstöðu, að þingið gæti nú þegar tekið nokkra fasta ályktun um tillögur sínar, hvað við hana skyldi gjöra; en mèr lízt þetta á allt annan veg; því stiptsyfirvöldin hafa nú sjálf fullkomlega leitt það í ljós í hinu umtalaða brèfi til nefndarinnar, og hún aptur leitt það í ljós í nefndarálitinu, að fjárhagur prentsmiðjunnar er mjög þraungur, þó stiptsyfirvöldin kveði svo að orði, að hann sè góður, því það er auðsèð, að þau eru ekki stórþæg hennar vegna, og láta sèr hennar lukku nægja, þó hún lítil sè; því mèr sýnist allir geta skilið það, að stiptun þessi, sem með einokunarleyfum er búin að standa meir en 50 ár, en sem nú í næstliðnu tvö árin hefur verið að rembast við að borga 1100 rbdd. skuld, eins og stjórnendur hennar hafa upplýst, sè síður en ekki rík, eða líti út fyrir að geta orðið það framvegis með þeirri tilhögun, sem nú er. Mèr sýnist því eptir allri lýsingunni, að prentsmiðjan sè á sinn hátt í viðlíku standi, eins og útslitið hjú, sem stendur uppi fèlaust í fánýtum flíkum, og sem búið er að eyða kaupi sínu, en hángir í, að vera skuldlaust; því húsið þykir lítt brúkandi, hún sjálf þurfa að nýjast upp og endurbætast, ef reynandi sè, að selja hana; allt svo, hvað hún ætti þar fyrir utan að eiga, skyldi vera óseldar bækur, eða andvirði seldra bóka, sem ekki væri enn greitt. En hvað óseldu bókunum viðvíkur,

þá meina eg það sèu að eins þær, sem fáir girnast, því núna í þessum dögum hef eg feingið umboð og peninga norðan og austan úr landi, til að kaupa hèr nauðsynjabækur, og þetta upp á fleiri hundruð dali, og eg hef leitað þess hjá bóksölumönnum hèr, og ekki getað feingið það, sem um var beðið. Af þessu öllu meina eg fullljóst, hver hennar sanni fjárhagur er, þó hann sè ekki sýndur með reglulegum reikningi og tölum.

Eg hef mjög saknað þess, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefur aldrei tekið til máls undir umræðunum í þessu málefni í dag; því eg vonaði hann má ske væri sá einasti, sem gæti gefið þinginu vissu um rèttan skilning á einu mikilvægu atriði, sem sèr í lagi snertir Norðurland, eða hið gamla Hólabiskupsdæmi, og sem eg vildi gjarnan heyra hans meiningu um; en það er það, hver vera muni hin rètta meining konúngsbrèfsins frá 14. júní 1799, þegar Hólaprentverkið gamla var sameinað hinu sunnlenzka, og gjört eitt úr báðum, þar sem það ákveður á þá leið, að hið gamla Hólabiskupsdæmi skuli njóta ¼ parts af ágóðanum af hinu sameinaða prentverki, til útbreiðslu upplýsíngarinnar þar. Eg vil þá spyrja, hvort það muni ekki rètt skilið, að Norðurlandið eigi þá út af fyrir sig, og í þessu augnamiði, heimtíng á fjórða parti ágóðans, sem orðinn er, ef hann annars er nokkur, og eins á fjórða parti andvirðisins prentsmiðjunnar sunnlenzku, ef hún yrði seld einstökum mönnum.

Konúngsfulltrúi: Eg hafði ekki ætlað mèr að taka til máls í þetta sinn, vegna þess, að umræðunum um málið hefur verið þannig háttað, að eg, eptir stöðu minni, ekki hef álitið mèr það nauðsynlegt; en af því einn af hinum heiðruðu þíngmönnum hefur skorað á mig, að segja meiningu mína um eitt málsins atriði, þá skal eg lýsa því yfir, að eg hèr ekki get gjört neina grein á því, hvert stjórnarinnar álit kunni að vera um það atriði, þar eg um það einga upplýsíngu frá henni hef feingið, hvers ei heldur gat verið að vænta, þar eð hún ekki vissi, að þessu máli mundi nú verða hèr hreift. En þar á móti skal eg gjarnan segja þinginu mína persónulegu meiningu um tèð atriði, og er hún á þessa leið. Með þeirri ákvörðun, sem konúngsbrèfið frá 14. júní 1799 inniheldur um, að Hólastólsstipti gamla eigi rètt til ¼ í prentverkinu, álít eg bæði vera meint það, að ¼ af guðsorðabókum þeim, og öðrum nytsamlegum bókum, sem út koma frá prentsmiðjunni, skuli gánga til Norður-

lands, svo að það að sínu leyti verði eins aðnjótandi þeirrar upplýsingar, sem bækurnar út breiða, eins og hinir landsfjórðúngarnir; en sèr í lagi það, að verði prentverkið selt, að gamla Hólastipti þá njóti ¼ af andvirðinu. Að öðru leyti mun þingmönnum vera það kunnugt, að eingu af ágóða prentverksins hefur hingað til verið út deilt til landsmanna, og þá sjálfsagt heldur ekki til Norðlendingafjórðúngs, enda mun hann heldur ekki hafa verið svo mikill, að hann hafi verið meiri, en prentverkinu vel til viðurhalds.

Ó. Sivertsen: Eg stend ei upp af því, að mínir heiðruðu meðnefndarmenn hafi ei þegar, að ætlun minni, fullskýrlega tekið fram ástæður vorar fyrir nefndarálitinu; ekki heldur af því, að mèr þyki mótbárur þær svo óttalegar, sem nefndarálitið hefur feingið; því mèr var strax kennt það úngum, að vera ei myrkfælinn eða hræðast að eins skuggann. Mèr finnst trauðlega verði gjört ráð fyrir því, að breytingin á einkaleyfunum taki fætur undan báðum prentsmiðjunum, og því síður, að hún skaði eða skerði velferð landsins. Eg held, ef einkaleyfin eru seld með prentsmiðjunni, að það sè einmitt til að gjöra illt verra, hvað bókasölunni viðkemur, og vona þínginu geti skilizt það. Það er kunnugt, að einkaleyfi eru meðal upplýstra þjóða ekki orðin þokkasæl, og þess vegna er einkaleyfatíminn allvíða að styttast, enda í uppbyggilegustu efnum og fyrirtækjum, og standa opt ei leingur, en svo sem 10 ára tímabil. Einkaleyfin prentsmiðjunnar hafa nú staðið yfir 50 ár. Eg veit ei, hverja gagnsmuni landsmenn hafa haft af þeim allan þennan tíma. Þegar byrjað var, að selja bækur frá prentsmiðju landsins á Leirá, feingu þeir, sem áttu hlut í tillögunum, að landið eignaðist prentverk, dálítinn afslátt á bókunum, og jafnvel von um, að fá hann meiri, þegar bók með einkarètti yrði lögð upp aptur. En ekkert ætla eg yrði af því; bækurnar hafa leingst af verið í sama, ef ei hærra, verði, en þær voru með fyrsta, þó upp hafi verið lagðar í öðru sinni, t. a. m. Kampes siðalærdómur, Horsters ágrip, áður prentað á Hólum, að eg ei tali um andlegu bækurnar; það er einmitt dýrleiki bókanna, sem hnekkir alþýðu, að geta keypt þær, og sá dýrleiki ollir, að lestrafèlögin, sem eg hef í öðru málefni minnzt á áður, eru stofnuð, til að kaupa bækur, svo margir fátækir geti í sveit hverri lesið sömu bókina; því hversu mjög, sem hver þeirra fyrir sig vildi geta eignazt þá og þá bók, hljóta efnin að ráða.

Væri nú bókin nokkrum mun ódýrari, yrði hægra að kaupa fyrir efnalitla, og þess fleira seldist af þeim, sem aptur yrði hagur prentsmiðjunnar, þó einkaleyfin legðust niður. Þegar feður vorir skutu saman og hjálpuðust að, að landið eignaðist prentsmiðju, þá gjörðu þeir það meira fyrir afkomendur sína, en sjálfa sig, og nú sýnist, eins og afkomendurnir eigi, með viðhaldi einkaleyfanna leingur en hálfa öld, að fá, í staðinn fyrir velmeintar aðgjörðir feðra sinna, ótætis nefskattinn, sem svo var nefndur áðan, lagðan á fátækan, og efnugan, strax frá þeim tíma, sem hann lærir að lesa. Eigum vèr þá að vinna það fyrir ímyndaðan *arð* af einkaleyfunum, að við halda þessu oki á eptirkomendum vorum, sem *einginn* er feinginn nú í 50 ár? Er ei betra, að vèr unnum löndum vorum og afkomendum ágóðans, sem, þó hann sè óbeinlínis *(indirecte)*, er ærið mikill fyrir þá, námfúsa og menntagjarna, en marga fátæka, þegar þeir fá nauðsynlegar bækur með töluvert minna verði, en nú er á þeim?

Forseti: Þar eð nú tekur einginn til máls, verð eg að álíta undirbúningsumræðu prentsmiðjumálsins lokið. Það, sem þá kemur næst eptir dagskránni, er málið um *gjaftoll og manntalsfiska* í Gullbringusýslu til undirbúningsumræðu. Framsögumaður, þingmaðurinn frá Gullbringusýslu, gjörir svo vel, að lesa upp nefndarálitið.

Var þá nefndarálitið afhent þingmanninum úr Gullbringusýslu, G. Brandssyni, og las hann það upp svo hljóðandi:

Hið heiðraða alþingi hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að íhuga bænarskrá, sem komin er til þingsins frá Gullbringusýslu, sem biður um, að um gjaftollstöku í sýslu þessari skuli eptirleiðis fara, eins og siður er til í Kjósarsýslu og í öðrum sýslum í landinu, svo og, að manntalsfiska-gjald verði af tekið í Gullbringusýslu.

Vèr höfum yfirvegað þessa bænarskrá, og erum vèr nefndarmenn allir á einu máli um það, að gjaftollstaka sú, er nú á sèr stað í Gullbringusýslu, sè mjög ósanngjörn, og því full ástæða til, að fara þess á leit við stjórnina, að þessum ójöfnuði verði af lètt. Vèr getum leitt rök að því, að ójöfnuður sá, sem í gjaftollstökunni í Gullbringusýslu kemur fram, komi einkum niður á hinum fátæku, því lausafjár-tíundarstofninn er hjá sýslubúum mjög lágur, og yfir höfuð að tala miklu lægri, en vèr

ætlum hann sè í öðrum sýslum landsins. Annarstaðar fer gjaftollurinn eptir tíundarupphæðinni, en í Gullbríngusýslu er sami gjaftollur af 1 og af 9 hundruðum, og allur þorri þeirra, er gjaftoll borga, borga því, af því þeir eru flestir ekki í skiptitíund, meira en helmíngi meira, en ef þeir borguðu afgreiðslu þessa eptir sömu reglum, og farið er eptir í hinum sýslum landsins, hvar gjaftollurinn, inn til 5 hund., vex í sama hlutfalli, sem tíundarstofninn fer vaxandi.

Það fer því að líkindum, að það kunni satt að vera, sem í bænarskránni er tekið fram, að þessi ójöfnuður kunni, ef til vill, að verða sumum freistíngarefni, og að þeir segi ekki sem rèttast til, hvað þeir eiga til tíundar, svo þeir geti komizt hjá afgreiðslunni, en sem þeir, ef meiri jöfnuður væri á, lètu ógjört. Sè svo, að þetta geti átt sèr stað, virðist oss, að þar af verði ályktað, að sú rýrnun í tekjunum af sýslunni, sem gjöra má ráð fyrir að leiða muni af breytíngu þeirri, sem beðið er um í gjaftollsafgreiðslunni, muni verða minni, þegar stundir líða, en hún kemur fyrir sjónir, þegar beinlínis er farið eptir tíundinni, sem nú er, og mismunurinn reiknaður þar eptir. En hvað sem þessu líður, er það samhuga álit vort, að þessi rýrnun í tekjunum hvorki megi nè eigi til greina að koma, þegar máli skiptir um það, að koma fram sanngirni og jafnrètti, eins og vèr hyggjum hèr vera.

Vèr leyfum oss að taka það fram, þó þess reyndar ekki þurfi með, að hlutaðeigandi sýslumanni ætti að veitast endurgjald úr opinberum sjóði fyrir þá rýrnun í umboðslaunum hans, sem leiða mundi af breytíngunni á gjaftollinum, og mundi endurgjald þetta rèttast reiknað eptir t. a. m. 5 ára meðaltali næst á undan breytíngunni. Við sýslumanna-skipti kynni endurgjald þetta að geta fallið í burtu, eins og til að mynda áður hefur átt sèr stað með ýms hlunnindi, sem fylgdu sýslumannaembættum, en nú eru af numin.

Eptir að vèr þannig höfum látið álit vort í ljósi viðvíkjandi gjaftollsafgreiðslunni, skulum vèr því næst fáorðlega láta uppi meiníngu vora um manntalsfiskinn, sem goldinn er í Gullbríngusýslu, og einnig er beðið um að verði tekinn af. Það er án efa rètt hermt, að afgreiðsla þessi sè óvinsæl meðal alþýðu, og að hlutaðeigendur láti hana af hendi með nauðúng og tregðu. Verið getur og, að hún, ef til vill, aptri sumum frá, að fara til sjóróðra í Gullbríngusýslu, og þess vitum vèr ogmörg dæmi,

að hlutaðeigendur hafa látið þá, á hvers vegum þeir hafa róið, borga afgreiðslu þessa, og hefur hún þannig komið niður á öðrum, en til er ætlað, og þetta færist í vöxt með ári hverju. Oss virðist því mikið mæla með því, að þessi afgreiðsla verði tekin af eptirleiðis, þó vèr að öðru leyti eigi dyljumst þess, að eigi sèu til þessa svo yfirgnæfandi ástæður, eins og til þess, að breyta gjaftollstökunni, svo ef annars hvors ætti að fara á mis, ætti gjaftollurinn án efa að vera í fyrirrúmi, þó vèr leyfum oss að vona, að ekki þurfi til þess að koma.

Þannig verður álit vort í þessu máli, að þingið eigi að senda stjórninni þegnsamlegast bænarskrá um það:

1. *að gjaftollur í Gullbringusýslu eptirleiðis verði tekinn eptir sömu reglum, og hann er tekinn í Kjósarsýslu, og annarstaðar er landsvenja til; og*
2. *að manntalsfiskagjald það, sem á sèr stað í Gullbringusýslu, verði tekið af eptirleiðis.*

Reykjavík 22. júlímánaðar 1853.

G. Brandsson, Þ. Jónassen. M. Andrèsson.
Framsögumaður.

Framsögumaður: Eg þarf því síður að vera margorður um málefni þetta, sem nefndarálitið tekur fram, að mèr virðist, nægilegar ástæður fyrir því, og hvað gjaftollinum viðvíkur, þá varð eg ekki annars var við inngángsumræðu þessa máls, en að allir væru því meðmæltir, að hann yrði lagaður hèr í Gullbringusýslu, og goldinn samkvæmt reglum þeim, sem við gángast í öðrum sýslum. Um manntalsfiskana heyrðust mèr meiningar manna vera nokkuð skiptari, og er þó uppruni hvorstveggja gjaldsins svipaður að því leyti, sem hvortveggja er í byrjuninni komið á með hefð, og síðan venju. Það eru tvær sagnir um, hvernin manntalsfiskurinn hafi til orðið í fyrstu; önnur þeirra var sögð hèr á þinginu við inngángsumræðuna af öðrum meðnefndarmanni mínum, en hin, sem og álitin er sennilegri, er sú, að þegar fógetum var í fyrri tíð veitt Gullbringusýsla, og í veitíngarbrèfum þeirra stóð meðal annars, að þeir ættu að halda innbyggjurunum við Íslands lög og rètt, þá hafi þeir skilið það svo, að það væru einúngis innbúar þeirrar sýslu, sem meint var til; en um þær mundir voru hèr, einkum á Suðurnesjum og í Grindavík, margir útróðramenn frá öðrum sýslum, af hverra málefnum fógetar þessir opt urðu að skipta

sèr, án þess að hafa þar fyrir laun á parti, og hafi því ekki þótt ósanngjarnt, þó að gjald þetta kæmist á, sem borgun fyrir þau ómök, er fógetar þessir opt urðu að hafa. Nú er þessu orðið allt öðruvísi varið, eins og menn vita. Sýslumenn hèr fá fast-ákveðin laun, og þar að auki vissan part af tekjum sýslunnar, einnig nokkrar aukatekjur fyrir ýms aukaverk þeirra. Nú gjalda innbúar sýslu þessarar öll hin sömu gjöld, sem menn í öðrum sýslum, og eins þeir í öðrum sýslum, sem manntalsfiskinn eiga að borga að rèttu lagi. Eg gat um það við inngángsumræðu þessa máls, að gjald þetta væri farið að færast yfir á sjávarbændurna hèrna; en hvort heldur þeir eða annara sýslna innbúar greiða það, þá verður það ekki skoðað öðruvísi, en eins konar atvinnuskattur, sem leggst á sjóaraflann, þegar það linar ekkert í öðrum gjöldum.

Eg gjöri nú ráð fyrir, að helzta ástæðan móti því, að gjald þetta verði af numið, verði sú, að tekjur sýslunnar þar við rýrni, og eg neita því eingan veginn, að svo yrði; en verði stjórninni sýnt fram á, að sanngirni mæli með því, að af taka gjald þetta, þá held eg hún lèti sig ekki muna um, að endurgjalda sýslumönnunum af ríkissjóðnum þann halla í launum sínum, sem þeir yrðu fyrir; því svo hefur hún reynzt örlát fyrir skemmstu, bæði við háyfirvöld og lækna, að henni væri vel til þess treystandi. Það er heldur ekkert ódæði, að fara fram á slíkt, á meðan fjárhagur Íslands og Danmerkur fæst ekki að skilinn, og verzlunin er að mestu leyti einokuð við Dani. Þess er líka að gæta, að sýslumenn hèr hafa mjög kvartað yfir þeirri miklu ábyrgð, sem þeir yrðu að hafa á gjöldum sýslu þessarar, og væri því þá að nokkru leyti af þeim lètt. Þessar og þvílíkar umkvartanir á ójöfnuði gjaldsmátans hèr á landi ættu líka að flýta afgreiðslu skattamálsins, og sýna það um leið, að skattanefndin 1846 muni ekki hafa farið villt, þar sem hún rèð stjórninni til, að manntalsfiskar, ásamt öðrum gjöldum, sem hún til nefnir, yrðu af teknir. Þó að þingið nú vildi fallast á þetta, þá held eg, að stjórnin eins fyrir því hafi óbundnar hendur, til að gjöra við það, hvað henni gott þykir.

P. Pètursson: Eg get ekki neitað því, að mèr þykir ísjárvert, að af taka manntalsfiskinn; því bæði er gjald það svo lítið af hverjum einstökum manni, að þess gætir varla, og svo er það töluverð inntekt, þegar það kemur allt saman, fyrir það opinbera. Ef mèr skjátlar ekki, þá er gjald þetta af 60 fiska

hlut 3 fiskar, og ekki meira, þó meira fiskist. Eptir því ætti bóndi sá, sem hefur 3 menn við sjó hèr í sýslu, og þó hver um sig feingi 10 hundraða hlut, að greiða hèr um bil 60 skk. í manntalsgjald; því 3 fiskar nema hèr um bil 20 skk.; en þetta dregur sig saman, þegar það kemur frá mörgum, og eg veit ekki betur, en það sèu í ár yfir 100 rbdd. Mèr virðist því gjald þetta varla af takandi, nè tiltækilegt, að bilta því upp á aðra, sem líklega yrði þó að gjöra, til þess stjórnin gæfi samþykki sitt til þess, að það opinbera missti fè þetta. Og ef manntalsfiskurinn yrði aftekinn í Gullbríngusýslu, þá mundi fljóttlkoma tilþíngsins bæn um, að taka hann af í Snæfellsnessýslu, bænlum, að taka af sætisfiskinn við Útskálakirkju, hundraðsfiskinn í Vestmannaeyjum, og ótal slík gjöld, sem þá mundu þykja líks eðlis og þetta. Byrji maður að af taka þessa einstöku tolla, þá tæki það aldrei enda, því allt af kæmu þá í ljós nýir og nýir sèrstaklegir tollar. Eg sè því ekki, að brýn nauðsyn sè, að taka þetta manntalsgjald eða manntalsfisk af; en þar á móti er eg með því, að gjaftollurinn verði jafnaður, eða tekinn hèr í sýslu eptir sömu reglum, og annarstaðar á landinu.

Framsögumaður: Eg held hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður hafi annaðhvort ekki tekið eptir því, sem eg sagði áðan, eða þá gleymt því, að eg sagði, að gjaldgreiðsla þessi, sem hèr ræðir um, sè nú einatt meir og meir að færast yfir á sýslubúa hèr, og það er öllum auðsjáanlegt, að þetta verður töluvert útsvar af miklum skipaútveg, þegar einn maður á að greiða það. Hvað manntalstekjur hins opinbera snertir, þá ægja mèr nú ekki 100 rbdd., þegar verið er að tala um, að taka af ránglátan toll. Eg held og, að stjórnin hafi ekki ætíð horft leingi í hverja 100 ríkisdalina, þegar henni hefur boðið svo við að horfa. Það mun og vera víst, að manntalsfiskur hafi áður fyrri verið tekinn bæði á Akranesi og í Árnessýslu, en nú er hann á hvorugum staðnum, og sýnir það, að fiskur þessi hefur þó orðið af numinn, eða að hann er ekki óaftakanlegur. Í Reykjavík veit eg ekki um gjald þetta; því annar hinn heiðraði meðnefndarmaður minn, sem eg hef spurt um þetta, og hèr er þó kunnugur, hefur ekki getað sagt mèr það með nokkurri vissu, hvernig því er varið; en varla mun það vera þar nú, þó líklegt sè, að á meðan hún var óaðskilin frá sýslunni, hafi geingið jafnt yfir þær. Hvað sætisfiskinn á Suðurnesjum snertir, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður minntist á,

þá er allt öðru máli að gegna um hann; því presturinn fær hann sem borgun fyrir það, að hann annist um, að rúm sè í kirkjunni fyrir útróðrarmenn þá, sem koma utanhèraðs að. En um manntalsfiskinn veit eg ekki neina slíka gagnkvöð liggja á sýslumanni, heldur rennur hann beinlínis til hins opinbera.

P. Pètursson: Það var satt, sem þingmaðurinn frá Gullbringusýslu sagði, að eg gleymdi því áðan, að manntalsgjaldið væri nú að færast yfir á sýslubúa hèr, og líka því, að þessi tollur sè nú farinn að fæla menn frá, að róa í Gullbringusýslu. En þetta er ósannað enn, og það þyrfti þó víst að sanna það, að þeir væru nú færri, sem kæmu að til útróðra í Gullbringusýslu, en áður hefur verið. Á meðan ekki er búið að sanna það, þarf ekki að byggja neitt á þessari ástæðu nefndarálitsins. Það er og tekið þar fram sem ástæða, að manntalsfiskurinn sè óvinsælt gjald hjá alþýðu, og það má vera, að svo sè; en þetta má og segja um svo mörg önnur gjöld, og ef það væri næg ástæða til þess, að þau væru tekin af, þá veit eg ei, hvar að mundi reka á endanum. Um uppruna manntalsfisksins varðar mig ekkert; því hann er orðinn svo gamall, að eg veit hann hefur feingið næga helgi á sig.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður hefur víst ekki tekið eptir því, að eg sagði, að útvegsbændurnir væru farnir að greiða þetta gjald sjálfir, til þess að fá menn til þess, að róa hjá sèr, eða eins og að kaupa mennina til sín með því, og sýnist mèr það einmitt sanna þá sögu mína, að utanhèraðsmenn sèu farnir að fælast frá, að róa út í sýslunni, vegna þessa gjalds. Það er sjálfsagt, að eg hef ekki núna hjá mèr skriflegar sannanir fyrir þessu, en eg get útvegað þær, ef menn vilja.

E. Kúld: Hinn heiðraði 5. konúngkjörni þingmaður gat þess til áðan, að, ef manntalsfiskurinn yrði tekinn af í Gullbringusýslu, þá mundi bráðum koma bæn um sama efni frá Snæfellingum. En eg ætla að spara þeim þá bæn, þar eg mun ekki vinna þeim annað þarfara á þingi þessu, og áskilja mèr það viðauka-atkvæði, að, verði þessu framgeingt hèr í sýslunni, þá verði manntalsfiskur heldur aldrei framvegis tekinn í Snæfellsnessýslu.

H. Stephensen: Ástæða sú, sem þingmaðurinn frá Gullbringusýslu færir fyrir því, að manntalsfiskur verði tekinn af í sýslu hans, nefnilega, að útróðrarmenn bilti nú gjaldi þessu á útvegsmennina, væri mikið góð, ef hann gæti eptir sömu reglu

tekið allar þær kvaðir af, sem útróðrarmenn eru nú farnir að leggja á þá, sem útvegina eiga; því það er svo margt, sem þeir velta nú upp á þá, t. a. m. ýmsar veitíngar, sumstaðar kaffi tvisvar eða þrisvar á dag, sem þeir vilja allt hafa hjá þeim ókeypis, að þetta 3 fiska gjald hverfur öldúngis í því mikla hafi útgjalda útvegsbændanna.

Framsögumaður: Hinn háttvirti varaforseti hefur að mínu áliti styrkt mitt mál mikið með dæmi því, er hann tók, og sem eg kannast við að einnig á heima í Gullbríngusýslu. En eg skil ekki í því, hvernig maður er nokkru bættari fyrir það, að þýngslin séu svo mörg, eða hvernig það geti verið ástæða til, að losa sig ekki við þær kvaðir, sem maður getur, þó aðrar stærri liggi á manni óhaggaðar.

H. Stephensen: Það er þó gamalt orðtak, sem þíngmaðurinn víst þekkir: „að svo skal böl bæta, að bíða annars þýngra".

P. Pètursson: Mèr virðist það nokkuð undarlegt, sem þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu sagði áðan, að útvegsmenn hèr syðra yrðu að kaupa menn til, að róa á vegum sínum, í stað þess, sem eg veit til þess, að í öðrum verstöðum, t. a. m. undir Jökli fyrir vestan, hafa útróðrarmenn til skamms tíma að minnsta kosti orðið að kaupa skiprúmið sèr á parti. Mèr þykir það því ærinn munur, ef útvegseigendurnir í Gullbríngusýslu þurfa að kaupa menn á skip sín, og það lítur nærri því svo út, sem þetta sè einkanlega á vissum stöðum, þar sem menn hafa ekki nægilegt traust á þeim sem formönnum eða dúglegum sjómönnum.

P. Sigurðsson: Eg lèt það álit mitt í ljósi við inngángsumræðuna, að eg áliti það órèttvíst, að innbúar Gullbríngusýslu skyldu sæta stærri ójöfnuði í útsvari gjaftollsins, en aðrir samlandar þeirra, og sá ójöfnuður, er nú á þeim liggur í þessu, ætti að komast í burtu. Þar sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður minntist á hundraðsfiskinn í Vestmannaeyjum, þá mundi eg líka eptir honum, og áleit hann væri rètt settur í flokk með þessum manntalsfiski; því þeir eru svo líkir að eðli og uppruna, eins og einn bróðir getur öðrum líkastur orðið að ásýnd, og það sè einasta, sem milli ber, að annar heitir Jón, en annar Sveinn. Hvað uppruna þessa gjalds viðvíkur, þá sèst það fyrst af brèfi Kristjáns konúngs 4. til *Herluf Daa*, að fram að þeirri tíð hafi einginn sýslumaður verið á eyjunum; því brèf þetta segir svo, að hann skuli útvelja einn þann skynsamasta af

eyjabúum, og skikka til sýslumanns, og taka eið af honum, þar það hafi verið bagalegt fyrir sýslumenn frá fastalandinu, að teppast þar frá embætti sínu. Líks innihalds er annað brèf sama konúngs til *Pros Mund,* af 22. okt. 1633. Brèf þetta hefur fleiri dagsetníngar, sem ítrekar það sama, og bætir við, að þar manni þessum sèu eingin laun ákveðin, þá leyfist, að honum gefist 1 eða 2 fiskar af hverju hundraði, sem hver fiskar þar á eyjunni. Orð brèfsins standa svona: „Da ere vi til Freds, at hannem maae gives 1 eller 2 Fiſk af hvert Hundrede, som enhver fiſker der paa Øen". Þetta mun nú vera upphaf þessa hundraðsfiskagjalds. Að innbúar eyjanna svari gjaldi þessu til sýslumanns síns, er ekki ósanngjarnt, en að utansýslumenn, er einasta róa þar um vertíðina, og svara gjaldi til allra stètta í sínu hèraði, skuli þurfa að auki að svara atvinnuskatti af afla sínum, til að launa sýslumanni annarar sýslu, er mikill ójöfnuður, og þar til svara hærra skipsuppsátursgjaldi, það er þeirri svo nefndu tíund til prestanna, sem er hálfur hlutur af skipi hverju, sem hvergi er annarstaðar á landinu. Eg vildi því ekki undan fella, að færa þennan hundraðsfisk hèr fram á skoðunarplázin, undir eins og bróðir hans, manntalsfiskurinn var leiddur hèr inn á salinn; því væri hans nú ekki getið, má gánga að því vísu, að bænarskrár yrðu sendar inn til næsta þings frá gjaldþegnum þeim, er nú búa undir þessari álögu, og væri það ekki kostnaðarminna, bæði fyrir þingið og þjóðina. Eg áskil mèr því það viðauka-atkvæði, að hundraðsfiskagjald það, er utansýslu-útróðrarmenn eiga að svara í Vestmannaeyjum, verði af tekið.

M. Andrèsson: Eg hef mjög fáu við það að bæta, sem framsögumaðurinn hefur sagt um þetta vanskapaða skrímsli, o: manntalsfiskana, sem þeir 2 geistlegu menn, er nýlega töluðu, vilja svo fastlega halda við hefð og makt. Við inngángsumræðuna gat eg þess með fáum orðum, hvernig þeir væru fæddir í heiminn, og ætla eg ekki að taka það upp aptur, en nú held eg eg verði að leyfa mèr að segja, að þeir sèu ólöglegt, óeðlilegt og óvinsælt gjald. Að þeir sèu ólöglegir, mun óhætt að fullyrða; því sá maður hefur látið það sjást eptir sig á prenti, sem í því tilliti veit, hvað hann segir; óeðlilegt gjald eru þeir, þar þeir eru hvergi heimtaðir, nema í tveimur sýslum landsins, og þó einúngis af framandi mönnum, sem dvelja fáar vikur í hèraðinu, eða húsbændum þeirra, sem þó gjalda öll lögskipuð þegnskyldugjöld þar, sem þeir eiga heima. Af þessu tvennu

flýtur það þriðja, að þeir eru óvinsælir, og því ætli þeir sèu það ekki? erum vèr ekki sífelt að klifa á því, að vèr viljum fá jafnrètti við aðra samþegna vora í konúngsríkinu? því mundum vèr þá ekki vilja fá jafnrètti við samlanda vora í opinberum útgjöldum? Ekki veit eg, hverjum gjöldum manntalsfiskurinn getur líkzt; hann er víst flestu ólíkur, nema ef vera skyldi hundraðsfiskinum í Vestmannaeyjum; við sætisfiskinn í Útskálasókn á hann ekkert skylt; því sá fiskur er goldinn prestinum fyrir það, að hann ætlar manninum sæti í kirkjunni; en hvernig hinn heiðraði varaforseti ætlaði að bjarga manntalsfiskagjaldinu með kaffi, sem útróðrarmenn nú feingju, þar sem þeir róa, gat eg ekki almennilega skilið. Eg meina, að manntalsfiskagjaldið greiðist til hins opinbera, en ekki hef eg heyrt, að sjómenn fái, enn sem komið er, kaffi frá þeirri síðu — (Hlátur) —. Einhvern tíma hefur manntalsfiskagjaldið líka verið í Árnessýslu og á Akranesi, þó er það nú liðið undir lok fyrir laungu. Þetta sýnir, að manntalsfiskar eru þó ekki óafmáanlegir, þótt ekki kunni þeir að verða afmáðir á þessu þíngi, sem þó ætti að vera, þar þeir eru ekki sprottnir af löglegri rót.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður undraðist yfir því, að útvegsmenn í Gullbríngusýslu skyldu þurfa að kaupa menn til, að róa hjá sèr, þar sem hið gagnstæða ætti sèr stað undir Jökli fyrir vestan; hann þóttist ekki skilja í, hvaða orsök gæti verið til þessa, nema þá sú, að menn bæru ekki traust til sýslubúa sem formanna. En mèr er óhætt að segja honum, að það er ekki orsökin, heldur hin, og hún liggur í augum uppi, að fólkseklan er svo mikil hèr syðra, og kann ske meiri en fyrir vestan, og þessi ekla kemur meðfram af því, að bændur í sveit vilja heldur láta menn sína róa þar, sem manntalsfiskurinn er ekki tekinn. Eg held þessu sè líkt varið og með vinnuhjúin, sem kvartað hefur verið yfir að feingjust ekki, nema fyrir afarhátt kaup, og er skortur þeirra aðalorsök til þessa, eins og hann jafnan eykur verð á hverjum hlut, þar sem nægtirnar aptur minka það.

St. Jónsson: Það er nú í eðli sínu, að menn vilji jafna gjaftollsgreiðsluna í Gullbríngusýslu eptir sömu reglum, og í öðrum sýslum á landinu. Þessi hugmynd er ekki svo ný, því hún kemur jafnvel fram á einum stað í fyrra hepti af „*Gaman og alvöru*“ eptir dr. Stephensen. En mèr sýnist allt annað mál um manntalsfiskinn, og mèr virðast ræðurnar nú stefna að því, sem

vel geti orðið málinu öllu til fyrirstöðu. Um þetta er komin bænarskrá einúngis úr einum hrepp, svo eg held, að því verði ekki komið öllu hèr á, sem nú bryddir á. Það er nú talin nokkur ástæða bænarinnar um aftekníngu manntalsfiskjarins, bæði í nefndarálitinu og orðum framsögumanns, að rèttir gjaldendur tregðist við, að greiða hann; en mèr þykir slík ástæða mjög ísjárverð, því hana mætti síðar nota, til að nema burtu mörg gjöld önnur, er menn kynnu að hitta upp á, ef hún væri tekin til greina.

J. Guðmundsson: Viðvíkjandi manntalsfiskinum er eg samdóma þíngmanni Eyfirðínga. En hitt þykir mèr undarlegt, ef eg hef tekið rètt eptir orðum framsögumanns, að hann væri tekinn bæði af utan- og innan-sýslumönnum, eða á tveim stöðum í einu. En af því eg hreifði því við undirbúníngsumræðu þessa máls, að sami ójöfnuður væri á gjaftollinum og greiðslumáta hans í Reykjavík, eins og í Gullbríngusýslu, þá vil eg taka það fram, að Reykjavík ætti ekki í þessu máli að gjalda þess, að hún er nú orðin lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Eg vil því áskilja mèr það viðauka-atkvæði, að ójöfnuðurinn á gjaftollsgreiðslunni verði einnig tekinn af í Reykjavík, heldur að hann verði tekinn þar og greiddur eptir sömu reglum og jöfnuði, eins og annarstaðar á landinu.

P. Pètursson: Eg verð einnig að vera á sama máli viðvíkjandi aftöku manntalsfiskjarins, eins og þíngmaður Eyfirðínga. Eg hef nú heyrt 2 viðauka-atkvæði í máli þessu, nefnilega þíngmanns Snæfellínga og þíngmanns Rángvellínga, og veit ekki, hvar lenda kann, ef þessu heldur áfram. Hver veit, nema menn fari þá að afbiðja öll önnur gjöld, sem í einhverju eru líks eðlis og manntalsfiskurinn, og það er raunar ekkert líklegra, en svo muni fara. Hver veit, nema einhver stíngi þá upp á því, að taka af spítalahlutina, og fram eptir því. Hvað gjaftollinn snertir, er eg nefndinni að öllu leyti samþykkur.

H. Stephensen: Það hefur komizt dálítill snúníngur á orð mín í munni hins virðulega þíngmanns Árnesínga, og vil eg leiðrètta hann. Eg sagði, að útvegsbændur mundi lítið muna um 3 fiska, þegar þeir yrðu að kaupa útróðrarmenn á annað borð með ýmsum öðrum og mikilvægari ókjörum, sem nú eru orðin tíðkanleg. Það er að vísu satt, sem sagt var nýlega, að manntalsfiskurinn rennur inn í opinberan sjóð, en það gjörir kaffið ekki — (Hlátur) —, og er það það, sem skilur milli þeirra. Eg veit ekki, nema eg ætti að nota mèr tækifæri

það, sem nú býðst, þar sem svo lítur út, sem óánægjan sè því meiri, sem kvöðin er eldri, og taka mèr breytíngar- eða viðauka-atkvæði á þann veg, að spítalahlutir verði af teknir, og gjaftollurinn alveg numinn í burtu, sem er orðinn svo æfa-gamall, og á eingu betri grundvelli byggður en manntalsfiskarnir.

Framsögumaður: Það er þó auðsjáanlega allt annað um þau gjöld, sem á öllum liggja, en þau, sem sleingt er upp á einstaka menn, og því finnst mèr hvorki spítalahlutur nè gjaftollur, eins og hann er almennast goldinn, eigi hèr neitt skylt við. Þíngmanni Eyfirðínga þótti það eitthvað ískyggilegt, að undirskriptirnar undir bænarskrá þeirri, sem þínginu var send um þetta mál, voru flestar úr einum hrepp. Það er satt, að þær eru úr einum hrepp, en eg skýrði svo frá því, hvernig á því stæði, við inngángsumræðu máls þessa, að eg þykist ekki þurfa þess núna, þar það mun flestum þíngmönnum kunnugt, af því svo skammt er um liðið.

P. Sigurðsson: Hinum háttvirta varaforseta þótti það ástæða til, að halda kyrrum manntals- og hundraðs-fiskum, að óánægja yfir þeim væri nývöknuð. Eg held þetta sanna lítið; því þó óánægja yfir þessari gjaldgreiðslu, sem orsakast mest af þeirri ósanngirni, sem hún er byggð á, þó óánægja yfir þessu sè nýkomin inn í sal þennan, þa held eg hún sè ekki nývöknuð hjá gjaldþegnum þeim, er undir henni búa. Það þarf ekki lángt að rekja að þeim tímum, þá alþýða þagði, eins og sauður, þó valdsmennirnir þraungvuðu að kjörum hennar; og í tilliti til hundraðsfiskagjaldsins, þá var áður þar ekki betra en annarstaðar í þessu efni; þar var ætíð einn kaupmaður, og þessi hafði stundum það starf, að innkalla afgjald eyjanna; en menn hafa heyrt margt af ráðríki og ásælni kaupmanna, þegar einokunar-vald þeirra komst sem hæst, svo það var orðið að máltæki meðal alþýðu, þegar eitthvað smávegis var skipað, og hinn vildi ekki gjöra: „Hvort ertu kaupmaður eða konúngur?“ því þeir voru álitnir jafnir að myndugleika og virðíngu. Þegar vald kaupmannsins stóð í þessum blóma, þá þorðu menn ekki að hósta, því síður meira, móti skipunum þeirra, en fundið hafa þó Íslendíngar til þessarar yfirdrottnunar, þó þeir ekki þyrðu um að kvarta; því bezt finnur sá, hvar skórinn kreppir að, sem ber hann á fætinum. En þegar sá tími færðist yfir, að kaupmenn og aðrir þeirra meðnefndarmenn fóru að sigla lægra, þá kom það þrek í hina, að þeir fóru að hvísla þessu hver í eyra öðrum, svo töluðu

þeir það í húsum inni, en nú eru þeir farnir að hrópa það á þekjum uppi.

M. Andrèsson: Mig undrar á því, hvað hinn heiðraði varaforseti vill nú halda fast í ójöfnuðinn, og ætlar, að hann geti bjargað honum með því, að miða hann við það, sem aðrir kalla jöfnuð, og allir gjalda. Við spítalahlutinn getur hann ekki líkzt; hann er greiddur, að eg ætla, yfir allt land, og hef eg ekki heyrt því fylgi nein sèrleg óánægja; manntalsfiskurinn hefur líka miklu verri undirstöðu en spítalafiskurinn.

J. Kristjánsson: Eg ætla, að hèr þyki blasa við eitthvert hið heppilegasta tækifæri, til að hrinda af sèr öllum þeim kvöðum, sem óvinsælar eru, eða afbiðja þær. Það mun bezt, að sitja það ekki af sèr. Í tveimur prestaköllum í Þingeyjarsýslu eru til Pèturs og Maríu lambafóður, sem sumir þeir, er fóðra skulu, una illa. Má ske það væri reynandi, að eg bætti við tölu þeirra viðauka-atkvæða, sem komin eru, einnig viðauka-atkvæði á þá leið, að þessi lambsfóðrakvöð yrði burt numin.

H. Stephensen: Eg vil að eins benda hinum heiðraða þingmanni Árnesinga á það, að eg gekk einmitt sömu götuna og hann. Eg fór nefnilega eptir uppruna gjaldanna, og það veit hann víst, eins og eg, að uppruni gjaftollsins er í eingu betri, en uppruni manntalsfiskanna, og hann er þar að auki miklu eldri kvöð en manntalsfiskurinn. Hvað spítalahlutinn snertir, þá er þingmaðurinn, ef til vill, honum ekki eins kunnugur, því hann er kann ske einn af þeim, sem aldrei hafa goldið hann — (*M. Andrèsson*: Jú, opt) —; en það veit eg með fullri vissu, að í sjóplázunum eru mjög margir óánægðir með hann.

P. Sigurðsson: Í tilliti til þess, er sá háttvirti varaforseti sagði um óánægju manna með hospítalshlutinn, þá vil eg geta þess, að eg hef átt að heita útróðrarmaður nú yfir 20 ár, og er mèr því þetta kunnugt. Eg hef eingrar almennrar óánægju orðið var yfir því, að gjalda hann, en um það heyrði eg tíðum rætt, hvað gjört væri við hann; því mönnum þótti ekki hospítölin gjöra svo mikið gagn þjóðinni, að þau þyrftu að fá þetta tillag; en eptir að almenningi varð kunn sú ályktun, að þessu fè skyldi safna í sjóð til þess augnamiðs, að fjölga læknum í landinu, þá held eg, að almenningur láti gjald þetta með ánægju; því allir finna til þess, hver skortur er á læknum hjá oss. Annars kemur þessi hospítalshlutur máli þessu ekkert við.

H. Stephensen: Eg fráfell viðauka-atkvæði mínu, til þess, að menn þurfi ekki að leingja umræðurnar meira með því, að tala um það.

J. Kristjánsson: Og eg tek sömuleiðis mitt viðauka-atkvæði aptur.

Framsögumaður: Þingmaður Eyfirðinga talaði áðan um það, að eptir þeirri stefnu, sem mál þetta nú væri farið að taka, þá væri hann hræddur um, að það spillti fyrir sjálfu sèr við stjórnina. Eg er nú viss um, að þingmanninum geingur ekki annað en það bezta til með þessari varkárni sinni, því hann, eins og aðrir, mun fyrir hvern mun vilja, að gjaftollurinn fáist lagaður, en eg held, að þessar ræður um manntalsfiskana þurfi ekki að vera því til fyrirstöðu. Honum þótti einnig sú ástæða ísjárverð, að rèttir gjaldendur tregðuðust við, að greiða manntalsfiskana, og hèlt, að nota mætti þá sömu ástæðu, til að nema burtu mörg önnur gjöld; en honum má þó vera það kunnugt, að fæstir tregðast við, að greiða það, sem sanngjarnlega er á þá lagt. Eg held líka, að stjórnin geti af þessum umkvörtunum sèð, að þörf sè orðin á, að gjaldsmátanum hèr á landi yrði sem fyrst breytt til batnaðar, og lèti sèr því þetta að kenníngu verða.

M. Andrèsson: Eg ætla einúngis að taka það fram, að tilgáta hins háttvirta varaforseta áðan var ekki rètt; því eg þekki spítalahlutinn dável, þar sem eg hef greitt hann í full 40 ár, og stundum af fleiri hlutum en einum. En eg er samt einn af þeim, sem aldrei hef heyrt neina umkvörtun yfir því gjaldi, og það enda síðan spítalar voru lagðir niður, og gjaldinu safnað í sjóð; því menn hugsa hann verði þó einhvern tíma að almennum notum.

J. Guðmundsson: Eg vil biðja nefndina að athuga, hvort ekki sè ástæða til, að taka uppástúnguna um manntalsfiskinn aptur, eða hvort það muni ekki geta spillt fyrir öllu málinu, ef henni er haldið; því mèr heyrist ræður þingmanna lúta heldur að því.

E. Kúld: Eg bar upp viðauka-atkvæði mitt í því skyni, að, *ef* manntalsfiskurinn í Gullbríngusýslu yrði numinn í burtu, *þá* yrði hann og numinn burtu í Snæfellsnessýslu, svo Snæfellíngar seinna þyrftu ei að fara að senda þar um bænarskrá til næsta alþíngis, og því tek eg það ekki aptur, fyr en nefndin

hefur tekið sína uppástúngu aptur, eða þingið hefur fellt hana með atkvæðafjölda.

M. Andrèsson: Eg sem nefndarmaður tek ekki aptur uppástúnguna um manntalsfiskinn; því eg sè einga nauðsyn til þess.

P. Sigurðsson. Eg ekki heldur; því eg ímynda mèr, að uppástúngan megi vel vera, þar sem hún er.

P. Pètursson: Eg held, að það sè ekki nauðsyn, að nefndin taki uppástúnguna aptur, því atkvæði ráða hjá þínginu, og menn eru án efa búnir að hugsa svo um hana, og skýra hana fyrir sèr, að þeir vita, hvernig þeir vilji greiða atkvæði sín.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þingmaður Skaptfellínga hefur án efa misskilið mig áðan; því eg sagði að eins, að manntalsgjaldið færðist yfir á útvegsbændurna hèr í sýslunni, en eg sagði aldrei, að sama gjaldið væri goldið bæði af utan- og innan-sýslumönnum, og held eg þetta megi vera honum fullskiljanlegt. Ekki get eg skilið í því, að uppástúngan um manntalsfiskana þurfi að spilla fyrir því, að gjaftollurinn fáist jafnaður. Þetta eru þó tvær aðgreindar uppástúngur, sem til atkvæða koma hvor í sínu lagi, og á þá þingið frjálst, að gjöra við þær, hvað því gott þykir; og þó þær yrðu nú báðar samþykktar hèr á þínginu, getur stjórnin eins fyrir því að skilið þær, og samþykkt aðra, eða báðar, eða hvoruga, eptir sem henni finnst ástæða til.

Forseti: Þar eð nú taka ekki fleiri til máls, verð eg að álíta undirbúníngsumræðu þessari lokið. Eg skal þá ákveða næsta fund á morgun kl. 12, og verður þá tekið til inngángsumræðu uppástúnga þíngmannsins frá Rángárvallasýslu, viðvíkjandi farbanni þíngmanns Húnvetníinga, *erfðafestumálið* til undirbúníngsumræðu, og til álýktarumræðu og atkvæðagreiðslu *gjaftolla* - og *manntalsfiska-málið* úr Gullbríngusýslu.

Fundi slitið.

---

27. júlí — tuttugasti og þriðji fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það, sem samkvæmt dagskránni kemur til um-

ræðu í dag, er fyrst uppástúnga þingmannsins úr Rángárvallasýslu um, að alþingi beri upp umkvörtun sína við konúng viðvíkjandi farbanni þingmanns Húnvetninga, sem kemur til inngángsumræðu og nefndarkosningar, eða annarar ráðstöfunar, sem þingið ákveður.

Uppástúngan var því næst afhent þingmanni Rángvellinga, Páli Sigurðssyni.

P. Sigurðsson: Má eg lesa uppástúnguna upp fyrir þinginu?

Forseti: Jú.

P. Sigurðsson: Uppástúngan er svo hljóðandi:

Eins og hið heiðraða þing mun minnast, fór svo atkvæðagreiðslan um gildi kosningarinnar á hinum nýja varaþingmanni úr Húnavatnssýslu, *R. M. Ólsen* umboðsmanni, sem var kvaddur til, að koma á þingið í þetta sinn, að sú kosning var gjörð ógild, svo maðurinn varð að víkja af þinginu og heim aptur. Svona er það nú komið, að Húnavatnssýsla, eitt fjölmennasta kjördæmið, hefur hèr að þessu sinni eingan þingmann. Konúngsfulltrúinn skýrði frá því, eins og þingið man, þegar umræðurnar voru um þessa kosningu, að amtmaðurinn í norður- og austur-amtinu hefði skrifað sèr, „að hann hefði sèð sig neyddan til, að banna aðalþingmanninum, lækni *Jósef Skaptasyni*, að fara hingað á þing, og eiga þingsetu hèr í sumar“, og konúngsfulltrúinn skýrði líka frá, að þingmaður þessi hefði skrifað sèr, „að hann gæti ekki komið til alþingis í sumar, þar hann áliti sèr skylt, að hlýða amtmanni sínum“.

Svona stendur þá þetta mál. Kjördæmið er hèr nú þingmannslaust í sumar, og það er auðsjáanlega komið einúngis undir úrskurði sama yfirvalds, hvort það verður ekki þingmannslaust hin 2 þingin, sem eptir eru til næstu kosninga, undir úrskurði þess yfirvalds, sem ekki þykist þurfa að gjöra þinginu neina grein fyrir ástæðum hans. Þannig sýnist mèr, að ekki sè einúngis kjördæmið svipt rètti til, að eiga hèr fulltrúa þessi þrjú þing, ekki einúngis einstökum manni órèttur gjör, með því honum er meinuð þingsetan, heldur beinlínis misboðið rètti alls alþingis, með því það er svipt löglega kosnum þingmanni, gagnstætt því, sem niðurlagið í 12. grein alþingistilskipunarinnar auðsjáanlega ætlast til.

Konúngsfulltrúinn sagði undir umræðunni um þessar kosningar, „að, ef nokkur þingmaður væri þeirrar meiningar, að með

þessu sè einstökum mönnum órèttur gjör, þá yrði hann að fara með það eptir alþingistilskipunarinnar 77. grein. Eg vona, að hið heiðraða þing sè sömu meiningar. Eg hef nú leitazt við, að sýna, að hèr sè misboðið rètti kjördæmisins, og þingmannsins sjálfs, og alls alþingis, og þess vegna álít eg skyldu mína, að bera þetta mál upp fyrir hinu heiðraða þingi, samkvæmt alþingistilskipunarinnar 77. grein, og krefjast, að alþingi beri upp um þetta umkvörtun sína í þegnlegu álitsskjali til konúngsins.

Reykjavík þann 18. júlí 1853.

P. Sigurðsson.

P. Sigurðsson: Málefni það, er uppástúnga þessi hnígur að, er víst þingmönnum í fersku minni, og má eg því fara þess færri orðum hèr um. Þegar mál þetta kom hèr til umræðu á 1. fundi, þá heyrði eg einga ástæðu færða fram um það, að aðalþingmaður Húnvetninga væri ekki löglega kosinn; því hefði hann verið álitinn í flokki þeirra embættismanna, sem stjórnin bannar nú þingsetu fyrir hönd þjóðarinnar, þá mundi stiptamtmaður hafa bannað þingmanninum, að taka móti kosningu, hefði ekki sýslumaður verið búinn áður að aðvara kjósendur. Hvort stiptamtmaður hefur kallað þingmanninn til þingsetunnar með köllunarbrèfi, jafnt og aðra þingmenn, er mèr að vísu óljóst, þó það sè meining mín, að svo hafi verið. En nú fær þingmaður þessi þá auglýsingu frá yfirvaldi sínu, hvar með honum er bönnuð þingseta hèr í sumar. Þar nú bann þetta ekki nær leingra, en fyrir þetta þing, þá leiðir þar af, að það er einasta komið undir endurnýjuðu banni sama yfirvalds, hvort þingmaður þessi fær að mæta á næsta þingi, eða nær setu sem fulltrúi fyrir kjördæmið þau 2 þing, sem eptir eru, og hann er kosinn til; og að svo vöxnu máli álít eg fulltrúasæti kjördæmis þessa ekki autt eptir löggjöfinni, og meðan svo stendur, geti það ekki kosið sèr fulltrúa. Þetta álít eg tilfinnanlegan rèttarhnekki. Fulltrúi þessi er að vísu sýslulæknir, en það var hann eins árið 1851, þegar hann átti setu á þjóðfundinum. Til fundar þess var kosið eptir þeim frjálsari kosningarlögum, sem sýnir það, að eins þeir fleiri, sem nú þeir færri, kjósendur bera tiltrú til hans. Norðurland er heldur ekki miður farið í tilliti til læknaskipunar, en hinir fjórðúngar landsins; þar er fjórðúngslæknir, eins og í hverjum hinna, og þar til er sagt, að aðstoðarlæknir

sè einmitt í Húnaþíngi. Fjórðúngslæknir okkar Sunnlendínga var áður kosinn þíngmaður, og sat hèr á þíngi 1845, og var ekki um talað. Vèr megum líka þakka það forsjóninni, að land vort hefur notið almennrar heilbrigði þetta ár, og allt fram á þennan tíma. Það má að vísu hugsa, að þessi þíngmaður og þetta kjördæmi standi mèr einasta fyrir augum. Eg játa það, að blóðund þessi sè nú bráðust, því hún stendur opnust fyrir; en jafnframt og eg lít á mál þetta sem einstaks manns og einstakra manna rèttarhnekki, þá renni eg líka þánka mínum til afleiðínganna, er hèr af geta flotið; því það er gamall málsháttur, „að þegar náúngans veggur brennur, sè þínum hætt". Hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði undir fyrri umræðu máls þessa, að það mundi aldrei til þess koma, að amtmenn banni bændum hèr á landi, að taka móti kosníngum til alþíngis eða koma á þíng. Eg er nú á gagnstæðri meiníngu, að ekki einasta amtmenn, heldur líka sýslumenn kynnu að taka upp á því, að banna bændum þíngsetu, að sýslumaður finni sèr það til ástæðu, að segja við hreppstjórann: „Þú átt óklárada sveitarreikníngа", við stefnuvottinn: „Þú þarft að stefna í opinberu máli; eg banna ykkur að fara á þíngið", og þar til að banna bæði þessum, og eins bændum, þíngsetu, og fram færa eingar ástæður fyrir, og vil eg leyfa mèr að til færa eitt dæmi, sem bæði þeim háttvirta konúngsfulltrúa og fleiri þíngmönnum er ekki með öllu ókunnugt. Þegar kosníngarlögin af 23. sept. 1849 náðu hèr lagagildi, feingu fyrst Vestmannaeyjar, eylandið ókennda, kosníngar- og kjörgeingis-rètt inn á lóð sína. Samkvæmt lögum þessum fóru kosníngar þar fram sem annarstaðar, og annar þeirra, er fyrir valinu varð, var bóndi; en nokkrum tíma fyrir þjóðfundinn tók þáverandi sýslumaður eyjamanna, sem þó sjálfur hafði veitt manni þessum atkvæði sitt, með nokkrum öðrum eyjaskeggjum, að búa til úr löglegri kosníngu fundarmannsins einhvern ókosníngа-öfugugga, eða hvað eg á að nefna það, og í krapti þessa skrímslis bannaði hann fundarmanninum förina, og þetta var þó bóndi. Það þótti líka nýmæli vorið það, þegar það boð gekk út frá efsta embættismanni lands vors, og tilvonandi konúngsfulltrúa þjóðfundarins, sem bannaði mönnum að koma saman til skrafs og ráðagjörða, eður að halda frjálsa fundi, og blaðið „Lanztíðindin", með allri þeirri hæversku, sem því var annars lagin, rèð mönnum þó alvarlega frá fundarhaldi á Þíngvöllum í það sinn. Þetta þótti mönnum óvanalegur og öldúngis óþekkt-

ur besefi; því þó menn færu að skygnast í sögu fyrri aldanna, fyrst þegar alveldissól katólsku biskupanna stóð í hádegisstað, og þeir þreingdu að rèttindum manna á margan veg, og síðan, þegar útlendir einveldisþjónar náðu mestum yfirráðum og kúguðu alþýðu hlífðarlaust, eins og þeir gátu við komið, og sum hroðaverk þeirra lifa enn meðal þjóðarinnar í ófrægri endurminníngu, þá fundu menn þó ekki, að þvílikt bann hefði fyr verið út gefið, og í þess meiri jötunmóð fannst mönnum það vera hnoðað saman, sem landsmönnum þótti miklu varða málefni það, er þá átti að koma samsumars til opinberrar umræðu og úrslita; því þeir álitu það merkilegast allra þeirra mála, er opinberlega hefðu rædd verið, síðan land þetta byggðist, og undir úrsliti þess ekki einasta komin vera kjör sjálfra þeirra, heldur líka sinna sona, og þeirra sona, og allrar ættar sinnar síðan, meðan land þetta byggist, og sýslumönnum þeim, er nokkurs virtu þjóðrèttindi sjálfra sín og samlanda sinna, þótti sendíng þessi svo afkáraleg og snubbótt, að þeir gátu ekki virt hana þess, að spila henni út meðal sýslubúa sinna. Þar þetta hefur nú átt sèr stað nú 2 þíng í samfellu, þá er víst ekki ómögulegt, að 3. eða fleiri tilfelli líkrar tegundar komi fyrir á næsta þíngi. Færu nú þessi bönn að dynja yfir menn, og það óvörum, eins og skriða úr fjalli eða skollinn úr sauðarleggnum, þá held eg, að þíngmenn færu fljótt að afsaka sig og sitja heima, heldur en eiga í nokkru stríði við yfirvald sitt í þessu efni. Kosníngar- og kjör-rèttur vor Íslendínga er líka nú sem stendur fullþraungur, þó ekki bættist það við, að fulltrúar þeir, sem þjóðin kysi fyrir sína hönd, þyrftu í hvert sinn að eiga það undir einskærri náð og miskunsemi hvers einstaks embættismanns, hvort þeir næðu þíngsetu eða ekki; það mundi líka setja þann hvekk að kjósendum, þegar þeir gætu eingan fundið, sem óhult væri að kjósa, að þeir mundu bráðum hætta kosníngunni, og þá væri líka þíng þetta í andarslitrum, og annaðhvort hallaðist alveg út af á horbóginn í kúgunar-doðasótt, eða einasta yrði eptir samfundur fáeinna konúngkjörinna embættismanna.

Það var brýnt fyrir mönnum, þegar alþíngiskostnaðarreikníngamálið var undir umræðu, að það væri þíngsins skylda, að gæta þess, að stíga ekki út yfir takmörk þau, er því væru sett að lögum. Það játa eg fúslega, að það sè bæði þíngsins og hvers einstaks skylda, að halda sèr innan laganna takmarka; en hins vegar er það líka þíngsins skylda, að gæta þess vand-

lega, að rèttur þess sè ekki skertur, og neyta allra krapta til, að velta hverjum þeim steini frá, hvort sem hann er stærri eða smærri, er leggst svo skaðlega á vebönd þau, sem þingi þessu eru sett með lögum, að hætta er af búin, að þau brákist eða bresti. Eg vona þingmenn skoði mál þetta grandgæfilega með öllum afleiðingum, er hèr af geta sprottið. Mèr þykir það svo mikilvægt, að eg verð að óska, að það verði nefnd kosin í því.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ekki svara mörgu upp á ræðu hins virðulega uppástúngumanns að því leyti, sem hann gjörði ráð fyrir, að, ef málefni því, sem nú er undir umræðu, ei væri fram fylgt af þinginu, mundi verða óvíst, hvar staðar næmi með órètt þann, er hann hèlt að embættismenn mundu gjöra þinginu og þjóðinni með því, að banna þeim mönnum, er kosnir yrðu, för til alþingis og setu þar; því eg er sannfærður um, og svo munu allir óvilhallir menn vera, að gersakir þær, sem hann í þessu tilliti hefur gjört embættismönnunum, eru á eingum rökum byggðar. Eg skal einúngis benda framsögumanni og þinginu til þess, hvort það muni vera vel gjört, eða leiða til nokkurra góðra afleiðínga, að vekja vantraust til embættismanna, eður óeiníngu milli þeirra og annara landsmanna; og þar að auki skal eg benda til þess, að það er því heldur hæpið og ótilhlýðilegt, að gjöra slíkt hèr á þinginu, sem það er mjög óvíst, hvað lángt þingsins rèttur nær, til að fara fram í slík málefni, og að þingið þess vegna í þeim auðveldlega kynni að leiðast afvega.

Eg skal nú snúa mèr til uppástúngunnar. Þar eru sèr í lagi tekin fram 3 atriði, á hverjum uppástúngan er byggð, 1, að kjördæminu sè misboðið í því, að hamla fulltrúa þess, að mæta hèr á þingi; 2, að alþingi sè rángt til gjört með því, að svipta það einum fulltrúa; og 3, að þingmanninum sjálfum sè órèttur gjör í því, að honum var bönnuð þingseta. Uppástúngumaður hefur að nokkru leyti byggt uppástúngu sína á þeim orðum, er eg sagði hèr á þinginu, þegar rætt var um þessar kosníngar, „að, ef nokkur þingmaður væri þeirrar meiníngar, að með þessu sè einstökum mönnum órèttur gjör, þá yrði hann að fara með það eptir alþingistilsk. 77. gr.“; en þar með meinti eg, að kærumálið yrði að koma frá þingmanni Húnvetníinga sjálfum, og eg skil ei betur, en að, þegar þessi þingmaður hefur einga klögun sent híngað til þingsins, hafi uppástúngumaður einga heimild til, að koma fram með klögumál hans vegna hèr

á þínginu; og auk þessa hefur hin tilvitnaða grein alþingistilskipunarinnar án efa tillit til annarar tegundar af órètti, en hèr er spurníng um; því þar er gjört ráð fyrir, að kærandi komi fram með sannanir fyrir þeim órètti, er hann hefur orðið fyrir, en hèr er einúngis spurníng um, hvort hlutaðeigandi yfirvald, eptir þeim gildandi lagaboðum, hafi haft rètt til, að banna þíngmanninum að fara til þíngs eða ekki. Þar að auki skal eg geta þess, að, ef einn læknir, sem kosinn er til alþíngis, ekki getur feingið annan yfirheyrðan lækni, til að gæta embættis síns, meðan hann er burtu, þá er það ísjárvert fyrir hlutaðeigandi yfirvald, að leyfa honum lánga burtuveru frá umdæmi sínu, því þar á getur, ef til vill, riðið lif og heilsa margra sjúklínga. Um órètt þann, er kjördæmið á að hafa orðið fyrir, vil eg ekki tala, því eingin umkvörtun er frá því komin; og hvað óskunda þann snertir, er þíngið skal hafa beðið, þá hefði því verið innanhandar, að bæta hann, með því að leyfa varafulltrúanum þíngsetu; og það verður án efa að álítast nokkuð vafasamt, hvort formgallinn á kosníngu hans hafi verið svo mikilvægur, að full orsök hafi verið til, að hrinda honum hèðan, þar 11 atkvæði voru á móti setu hans hèr, en 10 með, auk mín, sem ekki átti atkvæðisrètt.

Þar það nú sýnist að vera aðalaugnamið uppástúngunnar, að fyrirbyggja, að kjördæmið eptirleiðis verði þíngmannslaust á næstkomandi 2 þíngum, skal eg geta þess, að eg, sem konúngsfulltrúi, hef í hyggju, að rita hlutaðeigandi stjórnarherra um það, hvort ei megi kjósa varafulltrúa undir líkum kríngumstæðum, og seinast áttu sèr stað í Húnavatnssýslu, svo að kjörstjórnirnar hèr í landi eptirleiðis ekki þurfi að vera í vafa um, hverri reglu þær í þessu efni eigi að fylgja, og þá mun mèr um leið gefast tilefni til, að leggja svo undir, að kjördæmið skuli ei verða þíngmannslaust eptirleiðis, auk þess sem eg er viss um, að bæði hlutaðeigandi amtmaður, og eins kjördæmisins innbúar sjálfir, muni bera umhyggju fyrir því, að einhver mæti hèr á þíngi frá kjördæminu. Eg vil því skjóta því til hins heiðraða uppástúngumanns, hvort hann ei undir þessum kríngumstæðum vilji taka uppástúngu sína til baka aptur.

J. P. Havstein: Það er nú lángt frá mèr, að vilja eða ætla mèr að svara öllu, sem uppástúngumaður kom með í ræðu sinni, og sem mèr sýndist margt hvað vera öldúngis óviðkomandi efninu. Eg skyldi ekki hafa talað eitt orð í þessu máli, ef eg

ætlaði ekki, að rètti allra embættismanna væri misboðið með þeirri aðferð, sem höfð hefur verið við mig hèr á þingi; því eins má klaga hvern einn og atyrða, þó hann gjöri ekki annað, en það, sem hann hefur gildan rètt til og góðar ástæður fyrir. Klögunin segir meðal annars, að eg hafi *misboðið rètti kjördæmisins,* Húnavatnssýslu. Undir þessu álasi get eg ekki legið, því eg veit ekki til annars, en að eg hafi gjört, hvað í mínu valdi stóð, til þess að Húnavatnssýsla feingi fulltrúa á alþingi, nefnilega umboðsmann Ólsen, sem þingið rak í burtu. Strax í vor skrifaði eg sýslumanni Húnvetninga, að Skaptasen mætti ekki fara á þing í sumar, og bar eg fyrir, eptir því sem mèr finnst gildar ástæður, þó eg finni mèr ekki skylt, að greina þinginu frá því. Jafnframt ritaði eg konúngsfulltrúa annað brèf, og bað hann að kalla varaþingmann Húnvetninga til þings. Hann gjörði það; varaþingmaðurinn, Ólsen, kom, og þèr vitið, hvernig fór. Eg veit það með rökum, að Húnvetningar eru margir á mínu máli með, að rètt hafi verið, að banna Skaptasen þingför, og sè eg það meðal annars á *privatbrèfi* einu, sem sýslumaður Húnvetninga reit mèr með lækni Skaptasen, þá er hann kom suður hèr um daginn. Þetta brèf sendi Skaptasen dreing sinn með upp þángað, sem eg bý, en ekki fyr en eptir 1. fund vorn hèr á þinginu, og var hann þá þó búinn að vera hèr í bænum nokkra daga. Eg skal biðja þingmenn að meta það sjálfa, af hverju sú aðferð hans geti verið sprottin. En svo eg minnist nokkuð á brèf þetta, skal eg að eins geta þess, að í því er sagt meðal annars, „að sýslubúarnir kunni mèr sem amtmanni hátt og dýrt þakklæti fyrir það, að eg bannaði Skaptasen að fara á þing, og að það sè, eptir flestra meiningu þar, því nær óguðlegt, að læknirinn hlaupi á þing frá stöðu sinni, og það væri þá eins gott, að lýsa alla læknaskipun ónýta".

Ekki skil eg heldur í því, sem segir í klöguninni, að eg hafi *misboðið rètti þingmannsins sjálfs;* því Skaptasen er með konúngsbrèfi, dagsettu 15. des. 1837, settur af konúngi, til að vera læknir í Húnavatnssýslu og nokkrum hluta Skagafjarðarsýslu. *Hann* hefur þess vegna allar hinar sömu skyldur, eins og hver hèraðslæknir (Distriktslæge), þó hann sè ekki kallaður því nafni, og stendur í sama hlutfalli við amtmann sinn, eins og þeir. En hvað viðvíkur för Skaptasens til þjóðfundarins 1851, þá skal eg upplýsa, hvernig það gekk til. Áður en hann reið á þing, gjörði hann ráð fyrir því við mig munnlega, að fá

hèraðslækni Johnsen til, að gegna læknis-störfum fyrir sig, á meðan hann væri í burtu, og ætlaði að rita mèr þar að lútandi, svo eg á reglulegan hátt gæti *constitúerað* Johnsen í hans stað; en þetta gjörði nú ekki Skaptasen, heldur setti hann sjálfur kennslupilt sinn til læknis í Húnavatnssýslu, og reið svo á þing. Eg var veikur um þær mundir, og gat lítið gegnt embættisstörfum, og varð að láta þetta fara svona, þó illa væri að farið; en eg hèt því samt, að þetta skyldi ekki aptur að bera, meðan eg ætti yfir því að sjá.

Þá er það enn eitt atriði í klöguninni, að eg hafi *misboðið rètti alþingis*. Eg veit ekki, hvernig eg hef gjört það; eg held miklu fremur, að þingið hafi misboðið rètti mínum, þar sem það hefur þolað, að eg með frekju hef verið krafinn til þess, að standa reikningsskap þann fyrir embættisgjörðir mínar, sem það að minni ætlun á eingan rètt á að heimta. Ef þingið mætti þannig ganga að hverjum embættismanni og krefja hann til reikningsskapar fyrir verk sín, þá gæti hver þingmaður geingið á það lag út um allt land, og klagað hvern sem honum sýndist; þá gætu menn klagað sýslumann fyrir það, ef maður væri hræddur um, að hann hefði tekið skatt af nokkrum, sem maður hèldi að eigi væri í skatti, hreppstjórann fyrir útsvörin, kennarann við skólann fyrir hörku við einhvern lærisvein, og það án þess, að sá vildi má ske hafa það, sem klagað væri fyrir. Það er auðsèð, hvað af þessu mundi leiða, og hvað það væri óviðurkvæmilegt og fjarstætt öllum rètti. En að því leyti, sem snertir rètt alþingis í þessu máli, þá átti það kost á, að taka varaþingmanninn, Ólsen, sem kallaður var til þingsetu í þetta skipti, og sem eg held hafi verið öldúngis rèttkjörinn. Og þó einhver galli hefði verið á kosníngu hans, þá veit eg ekki betur, en að sú regla sè við höfð erlendis, að taka heldur þingmann, þó galli sè á kosníngu hans, heldur en láta kjördæmið verða fulltrúalaust, ef menn að eins vita, að það er sá maður, sem kjördæmið annars vill hafa fyrir fulltrúa, og það ætla eg hægt að sýna um Ólsen. Á kjörþínginu voru 15 menn; þar af kusu 12 J. Skaptasen, en 9 sèra J. Jónsson, sem afsakaði sig þá undir eins á þínginu. Þá var strax kosinn maður í hans stað, og fèkk þá R. M. Ólsen 9 atkvæði, svo af því má sjá, að kjósendur hafa viljað hafa hann fyrir varafulltrúa. Eg vona nú annars, að alþingi fari ekki leingra fram í þessu máli. Það er heldur eingin bein úppástúnga borin um það fyrir þíng-

ið, og þar er ekki minnzt á, hvort eg á að verða settur frá embætti, heingjast, eða hvað, og ætla eg þó, að eptir 63. gr. alþingistilskipunarinnar geti þingið ekki tekið til greina nema beinlínis uppástúngur; en það er ekki hèr, og því mótmæli eg þessari klögun, og leyfi mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort farandi sè leingra fram í þetta mál. Eg skal þó geta þess líka, að, ef þingið fèllist á, að senda konúngi klögunarbæn um þetta, þá yrði að upplýsa málið allt, bæði hvernig það hefur geingið til í hèraði og hèr við þingið. Eg hafði annars hugsað, að það mætti ráða bót á þessu með hægu móti. Eg ímyndaði mèr, að það mætti rita Skaptasen brèf, og heimta af honum *Erklæring* eða skýrslu um það, hvort hann vilji fara á hin tvö þíngin, sem eptir eru, og hann er kosinn til, eða ekki. Ef hann þá segði, að hann vildi það ekki, þá væri ekki um neitt að tala; því þá yrði að kjósa að nýju; en ef hann segðist vilja fara, þá yrði hann að skuldbinda sig til, að hafa til taks examineraðan lækni, sem setja mætti í stað hans, og ef hann gjörði það, þá gæti eg ekkert haft á móti för hans, því það er það skilyrði, sem sett er í instrúxi fyrir lækna hèr á landi í 2. gr. En ef hann neitaði, að gefa slíka skuldbindíngu, þá yrði eg að bera aðferð hans undir stjórnina, og þá veit eg ekki, hvernig fara kynni. En eg skal ekki fara um þetta fleirum orðum, heldur að eins skjóta því til forseta, hvort ekki muni bezt fyrir þingið, að vísa málinu frá sèr, samkvæmt 62. gr. alþingistilskipunarinnar.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil leyfa mèr að sameina ósk mína með þess hæstvirta konúngsfulltrúa við flutníngsmanninn, að hann taki þennan verka sinn til sín aptur; því eg fæ ei fyrir mitt leyti sèð, að af umtali um hann geti leitt neitt gott, hvorki fyrir það einstaka nè það almenna, en mèr þykir hið gagnstæða lángtum líklegra.

Forseti: Viðvíkjandi formspurníngu þeirri, sem hèr hefur orðið, má eg geta þess, að eg sè ekki annað, en að uppástúngan sè í því tilliti gallalaus. Þar er fyrst og fremst einmitt gjörð beinlínis uppástúnga, og þar að auki er í 77. gr. alþingistilskipunarinnar skýrt tekið fram, að alþingi megi rita konúngi þegnlegar „tillögur“ í málum, og þá ekki að eins uppástúngur. En hvað snertir frekju þá, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður gat um að þingið hefði sýnt sèr í máli þessu, og sem eg get að nokkru leyti tekið til mín, þar

eð og var sá, sem einna helzt hreifði þessu máli á fyrsta fundi, þá get eg skirskotað til hins hæstvirta konúngsfulltrúa um það, að þar hafi eingin frekja verið í frammi höfð; því hann mundi hafa haft ráð með, að bæla niður alla frekju, og halda reglu, og mundi einnig hafa gjört það, ef út af henni hefði verið brugðið í það sinn, þegar hann stýrði sjálfur fundinum.

J. Guðmundsson: Eg get þó ekki gjört eins lítið úr nauðsyninni á, að hreifa þessu máli og skýra það sem bezt, eins og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi virtist ráðan að benda til. Þessi ráðstöfun amtmannsins fyrir norðan, með að meina lækni Jósef Skaptasyni þíngsetu hèr í sumar, er öldúngis einstakleg, og mjög iskyggileg, bæði þegar litið er til þess, hvaða aðferð aðrir æðri valdstjórnarmenn hafa brúkað í þessu efni, og svo að öllum afleiðíngunum til. Aðferð annara æðri valdsmanna hefur að undanförnu verið þessi: Biskupinn hefur leyft öllum prestum, sem kosnir hafa verið til þíngs, að fara á alþíngi, ef þeir feingju annan prest til, að þjóna brauðinu á meðan. Amtmaðurinn í suðuramtinu leyfði orðalaust hèraðslæknunum í suðuramtinu, að fara á þíng 1845. Þessi sami valdsmaður, sem nú bannaði Jósef lækni Skaptasyni, að fara til þessa þíngs, leyfði sama þíngmanni, að fara frá sama embætti til þjóðfundarins 1851. Og konúngurinn hefur sjálfur kvatt landlæknirn til þíngsetu hèr — (*J. P. Havstein*: Það er annað mál; hann er hèr búsettur á staðnum) —. Nei, það er ekki annað mál; því landlæknirinn á að gegna víðar læknastörfum, en í Reykjavík; hann á þar að auki að gegna öllum hèraðslæknastörfum í Gullbríngu- og Kjósar- og Borgarfjarðar-sýslu, svo þetta er ekki annað mál. Eg tek það enn fram, ef mál þetta væri ekki tilhlýðilega skýrt nú, þá gæti ýmsar iskyggilegar afleiðíngar leitt af því, bæði með tilliti til annara valdstjórnarmanna, og svo einkum, hvað þennan valdstjórnarmann áhrærir, sem bann þetta kom frá, er hèr ræðir um. Hann gæti t. a. m., ef þetta væri látið svona óátalið, látið sèr þóknast, að banna kosnum hreppstjóra, að fara til þíngs, því hann hefði margra vandamála að gæta í hreppi sínum um þíngtímann; hann gæti látið sèr þóknast, að banna rèttkosnum umboðsmanni, að fara til þíngs, því það kynni að losna um þíngtímann einhver jörðin, og þá yrði hann að vera viðstaddur, að passa upp á ekkjuna og jörðina, eða byggja aptur. Ótal slík tilfelli og ástæður gætu menn fundið sèr til, ef þetta bann á þíngreið alþíngismannsins úr

Húnavatnssýslu ætti að líðast óátalið og óraunsakað. Eg er öldúngis samdóma hinum hæstvirta konúngsfulltrúa í því, að menn eigi hèr að fara sem vægilegast í þetta mál, en eingan veginn vægilegar en svo, að það geti vel staðizt með *rètti* þíngsins, og *sóma* þíngsins, og *skyldu* þíngsins. Og mèr getur ekki skilizt betur, og naumast getur neinum skilizt öðruvísi, en niðurlag 12. gr. í alþíngistilsk. bendi valdstjórnarmönnunum öldúngis auðskiljanlega til, hvað varlega þeir eigi að fara í slíkri kyrrsetníngu rèttkjörinna alþíngismanna; því þegar löggjafinn hefur sagt þar með berum orðum, að hann treysti því, að þeir menn, sem með kosníngu til alþíngis verði fyrir beinu trausti landsmanna, skorist ekki án öldúngis sèrdeilislegra og mikilvægra ástæða undan kosníngu, þá hefur konúngurinn einnig þar með gefið valdsmönnum sínum öldúngis skiljanlega bendíngu um, að *þeir* megi eingan veginn leggja þeim mönnum hindranir eða forboð í veg frá, að sitja á þíngi, sem til þess eru kosnir, nema öldúngis augljósar og verulegar kringumstæður gjöri það óumflýjanlega nauðsynlegt.

Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi virtist áðan að vefeingja að nokkru rètt þíngsins til, að fara inn í eða meðhöndla þetta mál á þann hátt, sem uppástúngan fer fram á; hann hèlt, að á meðan eingin klögun væri komin fram á þíngi frá þíngmanninum sjálfum, og eingar sannanir fyrir því, sem hann kærði, þá yrði þetta mál varla tekið hèr til greina eptir 77. gr. í alþíngistilsk. En hvað sannanir þessar áhrærir, þá eru þær órækt komnar fram í því, að hinn 2. konúngkjörni þíngmaður hefur bæði ritað konúngsfulltrúanum, og játað, að hann hafi bannað þíngmanni Húnvetníinga, að eiga hèr þíngsetu í sumar; en hvað klögunina snertir, þá er hún að vísu ekki beinlínis komin fram frá sjálfum þíngmanninum, en þetta bann misbýður og fleirum en honum; það misbýður kjördæminu, og misbýður rètti þessa heiðraða þíngs, þar sem það er svipt einum meðlimi þess, öldúngis tilefnis- og ástæðu-laust, eptir því sem næst verður komizt. Og eg held öldúngis vafalaust, að þíngið sem heild megi skoða sig sem „*móralska* (siðferðislega) persónu“ eptir lagalegri skoðun, og eigi því fullan rètt á, að standa á rètti sínum, og bera upp umkvörtun, ef því er misboðið, og allt svo, að það megi sjálft meðhöndla þetta mál eptir § 77. Eg get ekki heldur fellt mig sem bezt við ályktanir hins hæstvirta konúngsfulltrúa, sem hann leiddi út af atkvæðagreiðslu þíngs-

ins, um gildi kosníngar varaþíngmannsins, hèr á fyrsta fundi. Hann sagði, að sèr virtist það mikið vafasamt, hvort kosníng varaþíngmannsins væri hrundið af óyggjandi ástæðum, fyrst að ekki hefði verið fyrir því nema 11 atkvæði móti 10. En eg verð að segja, að mèr og öllum hlýtur að vera það miklu vafasamara, hvort það sè í neinu rèttara, að byggja á þessari *seinni* atkvæðagreiðslu, sem konúngsfulltrúinn lèt gánga aptur, heldur en á þeirri *fyrri* atkvæðagreiðslu um sama efni, sem hann lagði fyrir sjálfur, og átti með að leggja fyrir, af því hann stjórnaði fundinum í forsetastað; því í þeirri atkvæðagreiðslu voru 10 móti gildi kosníngarinnar, en að eins 7 með því; mèr er njög vafasamt, hvort það hafi verið rètt í „forminu", úr því konúngsfulltrúi var þannig einu sinni búinn að krefjast atkvæðagreiðslu þíngsins, að leyfa nýjar umræður um sama efni, og taka svo nýja atkvæðagreiðslu, og álíta gildari en þá fyrri.

Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður hefur nú í lángri tölu leitazt við, að verja þessa aðferð amtmannsins fyrir norðan í, að meina þíngmanni Húnvetníinga þíngsetu hèr í sumar, og hann hefur byggt mikið á erindisbrèfi hèraðslækna á Íslandi; en þó það kunni að vera gott og gilt, þá hefur konúngur sjálfur ekki álitið sig bundinn við það, þegar hann kvaddi landlækninn til þíngsetu, eins og eg sagði áðan; þar til ber þess vel að gæta, að þíngmaður Húnvetníinga, Jósef Skaptason, er ekki hèraðslæknir eða konúnglegur embættismaður, svo erindisbrèfið getur ekki náð til hans; og víst var um það, að þessi sami amtmaður lèt það ekki ná til hans, þegar hann leyfði sama lækni á þjóðfundinn 1851. Þetta var líka og er hættulaust. Hinn háttvirti þíngmaður hefur ekki viljað skýra þínginu frá, á hvaða ástæðum hann hafi byggt það, nú að meina þíngmanni þessum þíngsetu hèr í sumar. Eg get nú skýrt honum frá því og þínginu. Amtmaðurinn ritaði sýslumanninum í Húnavatnssýslu, og bað hann tjá Jósef Skaptasyni, að honum gæti ekki leyfzt, að yfirgefa embætti sitt eða fara til þíngs í sumar, „af því megn kvefsótt („Influenza") hefði geingið í vetur í Danmörku og öðrum útlöndum, og væri almennt búizt við eða talið víst, að þessi sótt kæmi í sumar til Íslands". Þetta voru nú ástæðurnar, sem amtmaðurinn byggði á bannið: *vonin í*, að kvefsóttin sú kæmi hèr í sumar, sem gekk í útlöndum í vetur. En eg get sagt hinum háttvirta þíngmanni með fullum sanni, að þessi von hefur brugðizt; sóttin, sem von var á,

og sem þingmaðurinn var kyrrsettur fyrir, hún var ókomin í Húnavatnssýslu núna fyrir fáum dögum, þegar pósturinn fór þar suður um.

Svona er það undir komið, að þingið er svipt einum þingmanni sínum, og eitt hið fjölmennasta kjördæmi svipt rètti sínum, að eiga hèr þingmann í sumar, til að halda svörum uppi fyrir sig. Og hefði valdsmaðurinn, sem þessu veldur, haft þor til, eða þótzt eiga rètt á, að meina þingmanninum, að koma á þing *öll þessi* 3 þing, sem hann er kosinn fyrir, og hefði því lagt fyrir, að kjósa á ný nú þegar, þá hefði verið öllu öðru máli að gegna; því þá hefði ekki kjördæmið átt það á hættu, sem það á nú, að verða hèr fulltrúalaust einnig 2 hin næstu þing. Það er nefnilega auðsjáanlega komið undir velþóknun hins sama valdsmanns, hvort hann leyfir lækni Jósef Skaptasyni, að fara til þings 1855 og 1857. Nú dugir ekki framar að hánga í því, eða halda fram, að kosníng varaþingmannsins, sem hèr var felld um daginn með atkvæðafjölda, hafi verið gild, eða sè það. Því eins víst og það er, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður sagði áðan, að alþingi eigi ekkert með, að breyta úrskurðum valdstjórnarinnar, eins víst er hitt og órækt, að þess konar atkvæðagreiðsla og úrskurður alþingis, eins og sá, sem hèr ræðir um, á ekki undir neina valdstjórn; ekkert stjórnarvald getur ónýtt þess konar úrskurði þingsins. Frá öllu þessu sjónarmiði, sem nú er tekið fram, var þinginu skylt að skoða þetta mál, og hreifa því, og eg ætla, að allir þingmenn megi kunna hinum heiðraða uppástúngumanni þakkir fyrir, hvað vel og stillilega, en þó alvarlega, hann hefur gjört það. Annað mál er það, að hinn heiðraði uppástúngumaður og þingið allt taki nú, eptir þær umræður, sem komnar eru, til greina, bæði fullvissun hins hæstvirta konúngsfulltrúa um, að hann skuli svo gánga á milli við stjórnina, að kjördæmi þetta verði ekki fulltrúalaust hèr hin næstu tvö þing, og í sameiníngu þar með það, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður hèt fyrir skemmstu, að hann mundi ekki leggja hindranir eða bann fyrir það, að læknir Jósef Skaptason kæmi á þing framvegis, ef hann feingi mann fyrir sig, til að þjóna embættinu, á meðan á þingi stendur. Eg að mínu leyti tel því víst, og vildi mega biðja hinn háttvirta þingmann, að skýra nákvæmar frá því, hvort hann mundi ekki láta sèr lynda, að t. d. hèraðslæknirinn í norðuramtinu, Eggert Jónsson, gegndi

læknisverkum í Húnavatnssýslu, á meðan J. Skaptason væri á þingi, einkum undir öllum almennum kringumstæðum, og þegar eingin sótt geingur þar, um það leyti þingreið byrjar, eins og nú var laust við í ár. Vil eg leggja til við hinn heiðraða uppástúngumann, að hann taki uppástúngu sína aptur, ef hinn konúngkjörni þingmaður heitir þessu, og í krapti þess, sem konúngsfulltrúinn hèt.

P. Pètursson: Eg vil spyrja uppástúngumann að, hvort hann, eptir þeim upplýsíngum, sem nú eru komnar fram, vilji ekki taka uppástúnguna aptur.

P. Sigurðsson: Hinn háttvirti forseti og hinn virðulegi fulltrúi Skaptfellínga hafa svo ljóslega hrundið þeim viðbárum, er bæði sá háttvirti konúngsfulltrúi og hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður voru að bjástra við, með að reyna, að veikja lagaheimild þá, er eg hefði fyrir uppástúngu þessari, að eg hef þar eingu við að bæta; það mun líka verða örðugt, að verja það, að ekki hafi í þessu verið hallað rètti, bæði þingmannsins, kjörþingisins, og þessa þings. Hvað því viðvíkur, er bæði hinn háttvirti konúngsfulltrúi og 2 hinir konúngkjörnu þingmenn hafa vakið máls á, hvort eg ekki vildi taka þessa uppástúngu aptur, þá, eptir því, sem hinum háttvirta konúngsfulltrúa fórust orð, að sèð skyldi verða um það, að kjördæmið ekki yrði fulltrúalaust þessi 2 eptirkomandi þing, og hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður yfir lýsti, að meina ekki þingmanninum förina, ef hann setti *examíneraðan* mann í stað sinn, þá er að vísu mikið úr þessu bætt, en eg held, að þingmanninum kynni að verða það ómögulegt, að fá þann mann fyrir sig, sem lært hefði læknisfræði í Danmörku; því þeir menn eru hèr ekki til, utan þeir fáu, er þjóna læknisembættum, en fjórðúngslæknirinn getur neitað, þó beðinn væri, um þetta, ef honum sýnist. Það kynni því mega nægja, ef maður feingist, sem nokkuð væri æfður í læknisfræði, þó ekki væri útlærður, og ef meiri hluti manna í kjördæminu væri því samþykkur. Að instrúx læknа sè hèr lögleitt, getur vel verið, en sú ákvörðun, að embættismaður, hver helzt sem er, megi ekki vera 2 dögum leingur út úr umdæmi sínu, á ekki hèr sem bezt við; því það getur orðið jafnbagalegt fyrir embættismanninn, að setja honum svo þraung takmörk, að hann geti varla snúið sèr við, eins og það getur orðið skaðlegt, að þau sèu eingin eða of rúm. Eg vil

nú heyra álit fleiri þingmanna um efni þetta, áður en eg læt það uppskátt, hvort eg tek uppástúngu mína aptur eða ekki.

J. P. Havstein: Eptir embættisstöðu minni, sem amtmaður nyrðra, á eg bágt með, að binda mig við nokkrar reglur, sem þingi þessu mætti þóknast að setja, hvað fararleyfi Skaptasens snertir; og mun hann einmitt þess vegna hafa feingið læknisembætti það, er hann hefur nú, að það hafi þótt örðugt fyrir hèraðslækninn fyrir norðan, að gegna öllu því umdæmi, er hann upphaflega átti að hafa. Skilyrði það, sem eg krefst af Skaptasen fyrir því, að hann geti sótt þing framvegis, er ekki annað, en að hann skuldbindi sig til, að hafa til taks examineraðan lækni, sem eg geti sett í hans stað, og það er það eina skilyrði, sem eg þori að lofa að gángast undir fyrir fararleyfi hans. Þíngmaður Skaptfellínga held eg hafi talað sumt það, sem hèr átti alls ekki við, og ekki veit eg betur, en að konúngur hafi hið síðasta úrslit þeirra mála, sem hèr koma fyrir, í sinni hendi, eins og eg get ekki heldur kannast við, að eg hafi í neinu viljað brjóta niður rètt þíngsins; mèr finnst þar á móti, að þíngið hafi viljað brjóta rètt á mèr, eins og eg hef áður sýnt og sagt. Að öðru leyti vil eg spyrja hinn heiðraða þíngmann, hvort hann hafi haft umboð til þess frá þínginu, að prenta það í blað sitt, sem stendur í Þjóðólfi, 5. ári, bls. 112: „Þetta atvik hefur, ef til vill, ráðið meiru við atkvæðagreiðslu þíngmanna, en það, hvað formgallinn er mikill í sjálfu sèr“, og auglýsa það svona, eins og hann gjörir.

Forseti: Eg verð að biðja þíngmanninn að halda sèr við efnið, en slá ekki út í þá sálma, sem því eru lítt viðkomandi.

J. P. Havstein: Mèr finnst þetta vera málinu viðkomandi og því til upplýsingar.

Konúngsfulltrúi: Eg verð þó að vera forsetanum samdóma í því, að það eigi miður við, að draga blaða-artíkula inn í þíngræðurnar.

P. Pètursson: Eg stíng upp á, að þíngið gángi til dagskráarinnar, í trausti til þess, sem konúngsfulltrúinn hefur sagt fyrir stjórnarinnar hönd, að Húnavatnssýsla muni ekki verða fulltrúalaus á þeim tveimur næstu alþíngum, og bið eg hinn heiðraða forseta, að skjóta þessari uppástúngu til atkvæða þíngsins.

J. Guðmundsson: Má eg tala nokkur orð?

J. P. Havstein: Ef þessi þingmaður fær að tala, þá verð eg að biðja um orðið líka.

Forseti: Á meðan eg er forseti, þá er það mitt, að gefa þeim orðið, sem á það. Þingmaður Skaptfellinga hefur orðið.

J. Guðmundsson: Eg skal ekki gefa tilefni til langrar eða frekari umræðu. Eg vil einúngis leyfa mèr að taka aptur fram, að eg stakk áðan að eins upp á, að hinn 2. konúngkjörni þingmaður tæki gilt, að hèraðslæknir E. Johnsen yrði settur til, að gegna fyrir J. Skaptasen undir öllum almennum kríngumstæðum, og ef eingin almenn sótt geingi, þegar þingið byrjaði.

Eg sè ekki neina þörf á, að rita lækni J. Skaptasyni, til að vita, hvort hann vilji þiggja þingsetu; hann er sjálfur búinn að lýsa yfir vilja sínum í þessu, þar sem hann hefur ritað konúngsfulltrúanum og sagt, „að hann komi ekki á þing í sumar, af því hann *vilji* ekki, eða treystist ekki, að brjóta á móti skipun yfirvalds síns“. Með þessu hefur hann, að mèr skilst, lýst skýlaust yfir, að hann *vilji* koma á þing, ef hann mætti.

Það, sem hinn háttvirti sami þingmaður var að skírskota til blaðsins „*Þjóðólfs*“ um þetta mál, og skora á mig um það, sem þar er sagt, þá vil eg að eins segja honum og þínginu það, að þingmaður Skaptfellinga finnur sèr alls ekki skylt, að ábyrgjast *hèr*, eða halda *hèr* svörum uppi fyrir þær meiníngar, sem blaðið Þjóðólfur sýnist að fylgja fram.

J. P. Havstein: Má eg nú tala? Eg veit ekki, hvort eg má tala; því það lítur svo út, sem vissir menn sèu einir um orðið.

Forseti: Hinn háttvirti þingmaður veit þó svo mikið til þíngreglu, að ekki stoðar, að allir tali í einu; eg skal ekki gjöra þingmanninum neinn órètt, svo hann megi ekki tala, þegar að honum kemur. Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður á orðið.

J. P. Havstein: Eg vil að eins geta þess, mínu máli til enn meiri styrkíngar, að læknir J. Skaptasen, eptir því sem mèr er skrifað úr Húnavatnssýslu, hefur jafnvel sjálfur lýst því yfir, að hann verði feginn, að losast við þíngsetu í þetta sinn.

P. Pètursson: Eg leyfi mèr að ítreka þá bæn mína, að hinn háttvirti forseti vilji skjóta uppástúngu minni til atkvæða þíngsins.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Viðvíkjandi því, sem uppástúngan fór fram, að misboðið hafi verið rètti þíngmannsins sjálfs,

þá varð það óglöggt fyrir mèr af ræðu hins 2. hæstvirta konúngkjörna þíngmanns, þá hann sagði, að þíngmaðurinn mundi fá fararleyfi til alþíngis framvegis, ef hann skaffaði fullveðja lækni í staðinn sinn, þá varð það mèr óglöggt, segi eg, hvort þíngmanninum í Húnavatnssýslu var gefinn þessi kostur á næstliðnu vori, þá hann vildi gegna köllun sinni til þessa þíngs, er nú stendur yfir, og hafi það ekki verið, þá sýnist mèr, að uppástúngumaður hafi rètt sagt, að rètti hans hafi verið misboðið fremur en annara embættismanna, sem mega fara, ef þeir setja mann í sinn stað. Hinn sami konúngkjörni þíngmaður vildi ei heldur kannast við, að misboðið hafi verið rètti Húnavatnssýslu, þar hann hafi vísað sýslumanninum, að láta varamanninn fara, en eg álít ekkert bættan rètt kjördæmisins með því, að vísa því á, að senda þann mann til þíngs, sem var ólöglega valinn, og þíngið varð því að hrinda strax. Eg held, að það hafi snemma verið farið að misbjóða rètti Húnvetníinga í þessu; því þegar eg kem á kosníngarþíng, og kýs þar 2 menn, eins og alþíngislögin segja mèr, þá 2, sem eg var búinn að gjöra mèr hugfasta, þá segi eg misboðið rètti mínum, ef mèr er strax skipað, að kjósa óforhugsað aðra, þó þessir komist undan.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort það eigi vel við, að leingja nú þíngræðurnar mikið um það efni, sem áður er útkljáð hèr á þínginu, og ekki á í raun og veru við þetta mál.

Forseti: Þíngmaðurinn er ekki sá fyrsti, sem nú hreifir þessu máli, og sè eg ekki, að ástæða sè til, að taka af honum orðið fyrir þá sök. Þíngmaðurinn úr Mýrasýslu má tala.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Til þess er frestur settur í lögunum, sem kjörskráin á að liggja fyrir sjónum manna, að kjósendur eiga að hafa umþeinkíngartíma, og það er til tekið í alþíngistilskipuninni, að, ef einhverjum misheppnast, að kjósa, nefnilega, að hann kýs einhvern, sem ekki er kjörgeingur, þá skal hann ekki mega kjósa strax, heldur skal honum vikið frá um stund, svo hann ekki kjósi óforhugsað; en eg heyri sagt, að svo hafi verið farið með rètt Húnvetníinga, fyrst, að kosníngarþíngið hafi verið sett á þeirri tíð, sem þeim var rètt ómögulegt, að sækja það, nefnilega um rèttirnar, svo þar komu einir 15 menn, og svo þegar þeir voru búnir að kjósa rètt, þá var þeim, þessum svona fáu, skipað, að kjósa strax óforhugsað aptur fulltrúa fyrir allt kjördæmið.

J. P. Havstein: Eg verð að láta þíngmenn vita það, að

eg finn ekki ástæðu til, að gjöra þínginu frekari grein, en eg hef nú gjört, fyrir embættisstörfum mínum í þessu máli.

St. Jónsson: Mèr sýnist nú, að bæði konúngsfulltrúi og hinn 2. konúngkjörni þingmaður sèu búnir að gefa töluverða vissu fyrir því, að kjördæmið, Húnavatnssýsla, verði ekki fulltrúalaust eptirleiðis, og sá síðar nefndi hefur getið þess, að hann hafi leyft J. Skaptasyni förina á þjóðfundinn með því skilorði,að fjórðúngslæknirinn fyrir norðan gegndi störfum hans, ef með þyrfti, um fjærverutíma hins, og mun hann því eins hèr eptir leyfa J. Skaptasyni þingferð með sömu skilmálum, ef eingin sèrleg nauðsyn verður því til fyrirstöðu. Mèr finnast því nægar líkur feingnar fyrir því, að J. Skaptasyni ekki verði bægt frá þingsetu hèr eptir. Eg sè því ekki betur, en að mál þetta geti nú fallið niður; uppástúngumaður hefur líka talað líklega um, að hann mundi fáanlegur til, að taka uppástúnguna aptur, ef sú umtalaða vissa feingist.

P. Sigurðsson: Eptir orðum hins hæstvirta konúngsfulltrúa og hins háttvirta 2. konúngkjörna þingmanns álít eg nú máli þessu lokið; því eg sè ekki betur, en þeir hafi tekið að sèr, að annast um það, að kjördæmið verði ekki fulltrúalaust framar, og eins að þingmanninum sè ekki hindrun sýnd án nægra orsaka, og það var einmitt það, sem uppástúngan fór fram á. Þess vegna tek eg hana nú aptur.

Forseti: Af því að eg álít, að mál þetta sè þá fallið, sè eg ekki, að gánga þurfi til atkvæða um uppástúngu þingmanns Rángvellínga, nè heldur um uppástúngu hins háttvirta 5. konúngkjörna þingmanns.

Það, sem þá liggur næst fyrir hendi eptir dagskránni, er, að taka erfðafestumálið til undirbúníngsumræðu, og gjörir framsögumaður, þingmaður Eyfirðínga, svo vel, að lesa upp nefndarálitið.

Nefndarálitið var því næst afhent framsögumanni, St. Jónssyni, og las hann það upp svo hljóðandi:

Hið heiðraða alþíngi hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að íhuga og segja álít vort um bænarskrá, sem komin er til þíngsins frá Húnavatnssýslu, um, að erfðafesta verði innleidd hèr á klausturjörðunum, og aðrir jarðeigendur hvattir til, að selja leiguliðum sínum ábýlisjarðir þeirra á sama hátt, allt með

þeim nákvæmari skilyrðum, sem í bænarskránni eru tekin fram og til greind.

Vèr höfum rætt þetta mál nákvæmlega, og verður álit vort um það, sem fylgir.

Það er að vísu samhuga álit vort, að erfðafesta hafi marga góða kosti í för með sèr, eins og vèr að hinu leytinu sjáum á henni ýmsa annmarka, þó kostirnir, ef til vill, sèu yfirgnæfandi, en oss virðist þetta mál svo miklu varðandi, að það eigi skilið, að það sè vandlega skoðað á allar hliðar, áður en því er farið algjörlega á flot. En eins og enn er komið, hafa fæstir af landsmönnum skýra hugmynd um málið, sem ekki heldur er ætlandi, þar sem erfðafesta er öldúngis ókunn hèr á landi, hvar menn einúngis þekkja fullkominn eignarrètt. Vèr ætlum því, að málið sjálft hafi gott af því, að því sè frestað að svo stöddu; því vèr gjörum ráð fyrir, að menn fari af tilefni því, sem hèr er gefið, að hugsa um málið, og leitast við, að skýra það fyrir sèr, og að dagblöðin, ef til vill, taki það einnig til umtalsefnis. Þegar svo málið með þessum hætti er orðið skýrt almenníngi, ætlum vèr fyrst þann tíma kominn, á hverjum málið eigi að bera upp og ræða á þessu þíngi. Þessi skoðun vor á meðferð málsins styrktist af þeirri ástæðu, að málinu nú að eins er hreift í einni bænarskrá, sem að eins er undirskrifuð af fáeinum mönnum; því þetta er oss sönnun fyrir því, að þekking á málinu ekki enn þá sè búin að ryðja sèr til rúms meðal almennings.

Þannig verður álit vort í þessu máli:

að þíngið eigi ekki að svo stöddu að taka mál þetta til umræðu, nè að senda bænarskrá um það stjórninni.

Reykjavík, 24. júlí 1853.

Þ. Jónassen, formaður. *St. Jónsson,* framsögum. *J. Guðmundsson. P. Pètursson. Á. Einarsson.*

Framsögumaður: Eg álít ekki þörf á, að fara mörgum orðum um mál það, sem hèr ræðir um, og það því síður, sem þeir eru, ef til vill, ekki allfáir á þínginu, sem kunna að vera á því með nefndinni, að málið vinni einmitt við, að því sè frestað, svo almenníngur fái tóm og tækifæri til, að kynna sèr það, áður en það kæmi aptur fyrir alþíngi. Eg ætla mèr því ekki að tala meira um það að sinni.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Eg verð að láta það í ljósi, að

mèr þykir vænt um þetta nefndarálit, að það ræður þínginu frá, að senda bænarskrá um þetta efni, því eg hef einatt ímyndað mèr, að flestum ærlegum Íslendíngum mundi þykja það einhver sú aumasta eign, þessi erfðafestu-eign; hún kann að sönnu að geta haft sína kosti, en Íslendíngum hefur verið svo varið, að þeir hafa heldur viljað eiga lítið, og eiga það, sem þeir eiga; kostina á erfðafestu-eign eru menn enn ekki farnir að þekkja, og vil eg nú gefa mönnum frísprok, að athuga þá, áður en alþíngi fer neitt að biðja um þess slags.

G. Brandsson: Eg verð að láta í ljósi það álit mitt, að nefndin hafi farið vel og hyggilega í þetta mál. Mèr er nú að vísu ekki vel kunnugt um, hvernig þessum erfðafestum er varið, nema af því, sem um þær er ritað í Reykjavíkurpóstinum, og eptir því, sem þar segir frá, þá eru á þeim æði-margir og miklir annmarkar, og þó munu þeir vera fleiri, en þar er getið um, ef vel er að gáð. Eptir því, sem mèr skilst, þá geingur jörð sú, sem seld er með erfðafestu, til erfingja þess, sem í fyrstu fèkk hana þannig keypta, og svo þannig mann eptir mann; eins á hina síðuna geingur afgjald hennar og aukaþóknun við hver eigandaskipti til erfingja þess, sem hana seldi í fyrstu; jörðin á að standa í veði fyrir því, sem ógoldið er af andvirði hennar; en þó sá, sem hana keypti, eða erfingjar hans, níði hana niður, svo hún þar við rýrni í verði, þá verður þeim ekki þar fyrir út af henni byggt, og sama er um það, að þó þeim, sem hana hefði feingið með erfðafestu, lægi á, að selja part af henni, og sæi sèr þar við hagnað, þá má hann það ekki. Eg held því, að málefni þetta sè þess eðlis, að það þurfi að skoðast grandgæfilega, áður en leingra er farið fram í það, svo þó þíngið nú vísi því frá sèr, þá held eg, að þar með sè lítill skaði skeður.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að álíta, að nefndin hafi tekið rètta stefnu í þessu máli, og vil því ei fara um það fleiri orðum; en óska, að hinir heiðruðu þíngmenn, vegna hins nauma tíma, sem vèr eigum eptir, og hinna mörgu og mikilvægu málefna, sem enn þá eru óafgreidd, vildu stytta umræðurnar um þetta mál, svo mikið sem mögulegt er, og fara um það sem fæstum orðum, einkum þeir, sem eru nefndinni samdóma.

P Pètursson: Eg vil leyfa mèr að geta þess, að einn af nefndarmönnum, sem einnig er blaðamaður, hefur, ef mig minnir rètt, lofað, að taka mál þetta til yfirvegunar í blaði sínu, til

að skýra það sem bezt fyrir landsmönnum; þar að auki verður og bænarskrá Húnvetninga prentuð í alþingistíðindunum, eptir samkomulagi við forseta. Eg er þess vegna á þeirri meiningu, að mál þetta hafi gott af því, að bíða.

Framsögumaður: Eg vil að eins bæta því við ræðu hins háttvirta 5. konúngkjörna þingmanns, að eg er í efa um, að margir af þingmönnum séu færir til, að skýra mikið mál þetta fyrir almenníngi með því, að tala mikið um það í þetta sinn, og það mun bladamönnum takast betur, af því líka, að þeir geta yfirvegað það mál í góðu tómi.

Forseti: Eg ætti nú má ske sízt allra að hvetja til lángra umræða, en af því að svo margir hafa haldið öptrunar-ræður, finnst mèr ekki vera af vegi að geta þess, að eg held málið geti ekki haft neinn skaða af því, þó það væri rætt nokkuð, og því vil eg spyrja, hvort einginn þingmanna nú vilji taka til máls.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Eg verð í tveimur tilliti feginn, að nefndin tók svona í þetta mál; fyrst er það, að alþingi hefur nóg að starfa, þó þetta mál yrði ekki lángrætt, sem eg vil nú vona, og í öðru lagi er eg einatt á móti því, að verið sè að selja þessa opinberu fasteign landsins; því eg held, að föðurlandinu sè eins gott, að eiga jarðirnar sínar óseldar, eins og peníngana, sem fyrir þær koma; menn vita ekki, hvað um þá kann að verða, eptir því sem farið hefur stundum, en þessar erfðafestubænarskrár miðuðu helzt til þess, að keyptar yrðu þessar þjóðeignir.

Konúngsfulltrúi: Eg vona, að einginn taki orð mín svo, sem eg vilji banna þingmönnum umræður um mál þetta; einúngis vildi eg benda til þess, hve nauðsynlegt það væri, að ekki væru aðrar umræður um það fluttar, en þær, sem þèna til, að skýra það í þess verulegu atriðum.

J. Kristjánsson: Sumir hafa lýst svo forfeðrum vorum, að þeir hafi verið menn nokkuð fègjarnir. Hvað sem þessu líður, þá ætla eg það muni einkenni vor, niðja þeirra fornu Íslendínga, að vèr keppum aldrei eptir, að eiga neina þess konar eign, sem hvorki getur heitið eign nè eignarleysi. Eg held þess vegna, að nefndin hafi gjört rètt í því, að fara ekki leingra fram í málefnið um erfðafestuna, og eg tel það ekki ómaksins vert, að skýra það málefni í dagblöðum í því skyni, að víða úr landinu geti komið að bænarskrár um það til ókominna þínga,

má ske til tafar einúngis; því svo mun því ætið reiða af í nefndum sem nú.

P. Sigurðsson: Eg vil einúngis lýsa því yfir, að eg er öldúngis samdóma nefndinni í þessu máli, og gef atkvæði mitt fyrir því, að málinu verði slegið á frest í þetta sinn.

Forseti: Fyrst enginn tekur framar til máls, álít eg undirbúningsumræðu þessa máls lokið. Atkvæðagreiðslan fer ekki fram núna, heldur verður málið á öðrum fundi tekið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Þá er að taka til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um gjaftoll og manntalsfisk í Gullbringusýslu.

Í þessu máli voru komin fram eptirfylgjandi viðauka - atkvæði.

1. *J. Guðmundssonar*:

   Að ójöfnuður sá, sem er á gjaftollsgreiðslunni í *Reykjavíkur - kaupstað*, eins og í Gullbringusýslu, hjá því sem er í öllum öðrum hèruðum landsins, sè numinn úr lögum og af tekinn.

2. *E. Kúlds*:

   Ef þingið fellst á, að beiðast þess, að manntalsfiskagjaldið í Gullbringusýslu verði numið úr lögum, þá verði ekki heldur gjald þetta krafið í Snæfellsnessýslu, en sýslumanninum, sem þar er nú, verði bætt upp úr opinberum sjóði rýrnun sú á tekjum hans, er af því kann að rísa, að þetta gjald þar er tekið úr lögum.

3. *P. Sigurðssonar*:

   „Líka skal það hundraðsfiska-gjald, sem utansýsluútróðrarmenn hafa átt að svara í Vestmannaeyjum, tekið úr lögum“.

Forseti: Eg hef látið prenta uppástúngur og viðauka-atkvæði þau, sem komin eru fram við nefndarálitið.

Atkvæðaskráin var þannig hljóðandi:

Atkvæðaskrá

í

málinu um gjaftolla og manntalsfiska í Gullbringusýslu.

1. *Nefndin*: að gjaftollur verði eptirleiðis tekinn í Gullbringusýslu eptir sömu reglum, og hann er tekinn í Kjósarsýslu, og annarstaðar er landsvenja til.
2. *J. Guðmundsson*: að gjaftollur verði einnig tekinn eptir landsvenju í Reykjavíkur-lögsagnar-umdæmi.

3. *Nefndin*: að manntalsfiska-gjald það, sem á sèr stað í Gullbríngusýslu, verði tekið af eptirleiðis.
4. *E. Kúld*: að manntalsfiska-gjaldið falli niður í Snæfellsnessýslu, en sýslumanninum, sem þar er nú, verði bætt upp úr opinberum sjóði rýrnun sú á tekjum hans, er af því kann að rísa, að þetta gjald þar er tekið úr lögum.
5. *P. Sigurðsson*: að hundraðsfiska-gjald utansýslu-útróðrarmanna í Vestmannaeyjum verði tekið úr lögum.
6. Vill þingið, að konúngi verði rituð bænarskrá um þau atriði, sem samþykkt eru?

Framsögumaður: Eg skal nú ekki láta margrætt um málefni þetta, sem svo margt var talað um í gær, og því síður þarf eg þess í tilliti til gjaftollsins, sem mèr hefur virzt, að þingið allt eins og með einu átaki vildi kippa honum í lag; það er líka mjög samkvæmt þeirri aðalskoðun þess, að jöfnuður manna í millum eigi hvervetna að hafa stað, þar sem honum verði komið á; en nokkuð annað hefur nú orðið upp á hjá sumum þingmönnum, þegar talað hefur verið um manntalsfiskana, og þó eru þeir líks eðlis, og þessi einstaklegi gjaftollur; sá er einúngis munurinn, að hann kemur þýngst niður á þeim fátækustu, en manntalsfiskarnir lenda bæði á fátækum og ríkum. Eg skyldi nú ekki hafa talað eitt orð um þá, hefðu þeir legið á í öllum verstöðum kríng um allt land, en það er þessi ójöfnuður í gjaldgreiðslunni sýslna í milli, sem eg kann verst við. Það var mikið talað um það hèr í gær, að af nema einkaleyfi; en hvað er einkaleyfi, ef það er ekki það, hvernin sýslumennirnir mega heimta manntalsfiskana, og held eg það mætti því missast?

Hvað þeim uppástúngum viðvíkur, sem ýmsir menn hafa tekið sèr, og nú eru hèr á atkvæðaskránni, þá ætla eg ekki að mótmæla neinni þeirra; því þær fara allar í sömu stefnu, sem uppástúngur nefndarinnar, og væri það þá ósamkvæmni af mèr og ójöfnuður, að vilja hrinda þeim; að öðru leyti vona eg þingið gæti þeirrar jafnaðarreglu við atkvæðagreiðslu þessa máls, sem það virðist í svo mörgu öðru að hafa sett sèr, og að það hvorki í þessu nè öðru verði sjálfu sèr ósamkvæmt.

Á. Einarsson: Eg talaði ekkert seinast, þegar þetta mál var rætt til undirbúnings hèr á þingi, og eg ætla heldur ekki að fara mörgum orðum um það núna. Eg vildi einúngis geta þess, að jafnrètti það, sem framsögumaðurinn talar um að

komist á, ef manntalsfiskurinn verði af numinn í Gullbringusýslu, verður víst ekki alls kostar fullkomið.

Í Bjarneyjum eru til dæmis goldnir 2 fjórðúngar fiska fyrir skipsuppsátur, auk alls annars þar að lútandi, og þá ætti það gjald í reyndinni líka að verða af numið, ef jafnrètti ætti fullkomlega að fást fyrir alla gjaldendur, er svona stendur á fyrir. Eg get því ekki gefið atkvæði mitt fyrir því, að jafnrètti verði í þessu umtalaða efni, eins og framsögumaður vill, um allt land; því ekki er hægt, að koma því við að svo stöddu.

Framsögumaður: Hinn virðulega þingmann Strandasýslu vantaði, að skýra frá því í ræðu sinni, hvort að Bjarneyjar þær, er hann nefndi, væru opinber eign, eða heyrðu einstökum mönnum til; en frá því þurfti hann ekki að segja mèr, að landsvenja sè, að gjalda lóðareiganda fyrir skipsuppsátur; því það vissi eg áður; og er því varið líkt og með aðra samninga, sem menn gjöra sín í millum, til að mynda um húsaleigu, landskuld, og margt fleira, svo þetta dæmi hans var þess vegna ekki sem heppilegast valið.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg hef nú ekki aukið þingræðurnar um þetta mál, og skal nú heldur ekki gjöra það mikið; því nú á eg heldur ekki að tala nema einu sinni. Þegar eg minnist á gjaftollinn, þá þykir mèr allt mæla með því, að hann eigi að gjaldast eptir sömu reglum í Gullbringusýslu, og í öllum hinum sýslum landsins, og gjaldmáta-mismunurinn takist hèr af, sèrdeilis þar það eru einmitt fátækir, sem bera hann; en þá eg lít á manntalsfiskinn, þá get eg skoðað það mál á margar hliðar. Það er meir en satt, sem framsögumaður segir, að hann sè ójafnt lagður á, þar hann sè ekki í öllum sýslum; það er nú líka eina ástæðan hans; en við verðum líka að gá að því, að rýra ekki mikið inntekt landsins; því nóg er við hana að gjöra; það er líka strax farið að bóla á því, að menn fari þá að biðja um, að fleiri tollar verði af numdir, sem ekki getur þó staðizt, og eg er hræddur um, að stjórnin setji augun í það. Eg held nefndin gjörði rèttast, að taka þessa uppástúngu um manntalsfiskinn aptur, svo að hún spilli ekki fyrir gjaftolls-málinu. Það er vonandi, að þá fáist það; annars er manntalsfiskurinn ekki svo ójafnt lagður á, þegar maður fer að gá að því, að hann er lagður á sjóaraflann, sem annars ekki stendur undir þúngum skatta-álögum; hann leggst ekki á minni en 60 fiska hlut; hann liggur á flestum sýslum landsins, nefni-

ega mönnum þeim úr öllum sýslum, sem róa í Gullbringu- og Snæfells-sýslum, sem eru þá frá Skaptafells-, Rángárvalla- og Árnes-sýslum, Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfellsnes-, Dala- og Barðastrandar-sýslum, Húnavatns-, Skagafjarðar- og jafnvel Eyjafjarðar-sýslu, svo hann liggur þá á flestum sýslum, og verður nú mestur ójöfnuðurinn í því, að Gullbringusýslu-búar sjálfir skuli vera friir við hann, svo eg held eg gefi ekki atkvæði mitt fyrir, að hann verði tekinn af. Eg vildi annars helzt ekkert atkvæði um hann þurfa að gefa. Ætli það sè ekki bezt, að hann biði með þolinmæði, þar til skattgjaldslögin taka hann af?

E. Kúld. Eg verð, viðvíkjandi viðauka-atkvæði mínu undir 4. tölulið á atkvæðaskránni, að geta þess, að eg tók það meðfram, til að sanna spádóm hins 5. konúngkjörna þingmanns, að fleiri mundu seinna fara líku á flot, og til að spara kjósendum mínum, að leita þess seinna með bænarskrám, og þá undir eins hinum seinni alþingum, að ræða það mál Snæfellinga vegna; og ef nr. 3 fellur, er eg til með, að taka mitt breytingaratkvæði aptur.

V. Finsen: Eg talaði fáein orð við inngángsumræðu þessa máls, og lèt þá í ljósi það álit, að í Reykjavík væri ekki svo mjög mikil þörf á, að breyta gjaftollsgreiðslunni, en eg verð reyndar að vera á því, ef greiðslunni verði breytt í Gullbringusýslu, að þá eigi einnig að breyta henni í Reykjavík. En það er eitt atriði, sem eg hafði tekið eptir við fyrri umræðu málsins, og sem eg vildi vekja máls á. Eg veit ekki betur, en að sá greiðslumáti á gjaftollinum sè sá almenni, að sá, sem á ½ hundrað, geldur fisk, o. s. frv., en í Gullbringusýslu og í Reykjavík geldur reyndar sá, sem tíundar 1 hundrað, 10 fiska, en sá, sem ekki á nema ½ hundrað, er laus við gjaftollinn. Það kunna nú í Reykjavík að vera svo sem 10 manns á ári, sem telja fram ½ hundrað; stundum kunna það að vera fleiri; eitt ár voru það 15 menn; væri nú greiðslunni breytt, þá geingi þessi breyting að nokkru leyti út á, að leggja skatt á þá, sem áður hafa verið lausir við hann. Reyndar er 1 fiskur ekki mikið gjald, en mèr finnst það þó vera atriði, sem komið geti til greina, og vildi eg biðja hinn heiðraða 4. konúngkjörna þingmann, að skýra frá, hvað margir þeir sèu, sem í Gullbringusýslu telja ekki fram nema ½ hundrað.

Framsögumaður: Eg held, að hinn 6. konúngkjörni varaþingmaður hafi ekki tekið eptir því, að í bænarskránni frá

Gullbríngusýslu var einmitt stúngið upp á því, að af fyrsta hálfu lausafjár-hundraði yrði goldinn 1 fiskur í gjaftoll, og var þar farið eptir því, sem menn hèldu að við geingist í öðrum sýslum, af því amtmaður Bjarni Þorsteinsson hefur tekið það fram í ritgjörð þeirri, sem eg minntist á við inngángsumræðu þessa máls; því þegar bænarskráin var samin, var ritgjörð þessi höfð til hliðsjónar. Eg veit nú reyndar ekki, hvort það er venja, að taka gjaftoll af hálfu lausafjár-hundraði; það má sýslumönnunum bezt vera kunnugt um. Nefndin hefur tekið það fram, að hann yrði goldinn í Gullbríngusýslu samkvæmt því, sem við geingst í Kjósarsýslu og annarstaðar, og kom það til af því, að Kjósarsýsla er sama lögsagnarumdæmi, sem sýsla þessi, og er þar af auðsær ójöfnuður sá, sem verið hefur í gjaldmáta þessum að undanförnu, og það, að þörf sè, að breyta honum.

Þíngmaðurinn frá Mýrasýslu barmaði sèr yfir því, að manntalsfiskar væru ekki beinlínis lagðir á innbúana í Gullbríngusýslu; en eg var þó búinn að segja bæði honum og öðrum frá því, að gjald þetta væri farið að færast yfir á þá, og hèlt eg þetta mætti vera honum næg huggun í bráð; að minnsta kosti þykist eg vita, að hann muni ekki misunna Mýrasýslumönnum þess lèttis, sem þeim þar með getur orðið í lófa laginn.

P. Pètursson: Við undirbúníngsumræðuna lèt eg það í ljósi, að mig á greindi við nefndarálitið, með því mèr þótti óráðlegt, að vilja taka af manntalsfiska-gjaldið, og það byggði eg meðfram á því, að hina einstöku munaði ekki mikið um það, en að það munaði miklu, þegar það kæmi saman allt á einn stað, og vil eg þessu til frekari staðfestíngar geta þess, að eptir því, sem eg hef komizt næst, hefur manntalsfika-gjaldið í Gullbríngusýslu þetta ár numið meir en 1500 fiskum, sem greiðast eiga sýslumanni.

Hvað þeirri ástæðu viðvíkur, sem framsögumaður hefur svo opt borið fyrir sig, að gjald þetta færðist yfir á útvegsbændurna, þá sjá þó allir, að ekki má fara of mjög eptir henni, og að þetta verður að skoða sem frjálsan samníng; væri þessi ástæða góð og gild, þá mætti ekkert gjald leggja á fasteignir af ótta fyrir því, að jarðeigendur legðu það aptur á landsetana.

Þó það hafi verið til fært, að uppruni þessa gjalds væri ískyggilegur, þá má þó eiga það víst, að það muni vera stað-

fest fyrir Gullbringusýslu, eins og það var fyrir Snæfellsnessýslu með konúngsúrskurði, sem birtur var á alþingi 1781.

Eg verð að álíta, að það spilli fyrir gjaftollinum, að biðja um leið um, að manntalsfiskurinn verði af numinu, og þar að auki munu, eins og eg sagði við undirbúningsumræðuna, og sem nú þegar er fram komið í breytingaratkvæðum þeim, sem upp eru borin, margir á eptir biðja um, að önnur gjöld þessu lík verði af numin. Að öðru leyti er eg samdóma hinum virðulega þingmanni úr Mýrasýslu í því, að, ef 3. töluliður á atkvæðaskránni fær samþykki þingsins, þá eigi einnig 4. og 5. að fá það.

St. Jónsson: Eg vildi geta þess, viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði framsögumaður sagði, að þetta manntalsfiskagjald biltist á útvegsbændur, þá mun það optast vera eptir frjálsum samningi milli hvorratveggja, sem ekki getur komið öðrum við, og virðist því gjöra hèr lítið til. En viðvíkjandi ágreiningi þingmannsins úr Strandasýslu og framsögumanns, þá er það meining þingmannsins frá Strandasýslu, að gjaldþegnum megi standa á sama, hvort gjaldið fellur í opinberan sjóð eða ekki, ef þeir annars þurfa að gjalda það.

Jón Guðmundsson: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði 6. konúngkjörni þingmaður sagði það ísjárvert, að innleiða þá gjaftollsgreiðslu hèr í Gullbringusýslu og Reykjavík, sem liggi beint við eptir uppástúngu nefndarinnar og breytingaratkvæði mínu, að koma þeim í gjaftoll, sem tíunda að eins ½ hundrað, og hingað til hafa verið gjaftollsfríir í þessum 2 lögsagnar-umdæmum, þá finnst mèr enginn vafi geta verið á því, að heldur eigi þessir fáu að greiða *einn* fisk í gjaftoll, eins hèr og alstaðar annarstaðar á landinu, heldur en að hinum fjöldanum, sem tíunda eitt hundrað og allt að 9, skuli gjörast, að greiða frá 6—8 fiska fram yfir það, sem þeir greiða alstaðar annarstaðar á landinu, sem tíunda þó jafnmikið; og þess ber og vel að gæta, sem hinn heiðraði framsögumaður hreifði hèr um daginn, og eg veit til að satt er hèr í Reykjavík, að ýmsir þessir, sem eru nú í *hálfu* hundraði, eru það meðfram til þess, að komast undan þessari ósanngjörnu gjaftollsgreiðslu, 10 fiska gjaldinu, sem á sèr hèr stað, en hvergi annarstaðar.

Þ. Jónassen: Af því eg af umræðum þingmanna hef tekið eptir því, að menn vilji ekki, að manntalsfiskagjaldið takist af, vil eg geta þess, að nefndin hefur tekið það fram í álitsskjal-

inu, að þó henni þyki það æskilegt, að uppástúngu hennar yrði framkvæmt, vill hún þó, ef annarshvors skyldi án vera, lagfæríngar á gjaftollinum, eða aftekníngar manntalsfiskanna, að hið síðara atriðið verði út undan, ef bæði ekki geta komizt að, og eg vil, sem einn af nefndarmönnum, fyrir mitt leyti því ekki halda fastlega fram með manntalsfiskunum, einkum ef það skyldi spilla fyrir hinu atriðinu, sem eg álít miklu meira umvarðandi.

En hvað það snertir, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður tók fram um gjaftollinn, að uppástúnga nefndarinnar leiddi til þess, að þeir, sem áður hefðu verið gjaftollsfríir, þeir nefnilega, sem ekki tíunda nema 60 áln., eða minna en 1 hndr., yrðu nú gjaftollsskyldugir, get eg þess, að þetta er eingin veruleg mótbára; því þessir menn eru yfrið fáir, en þeir þar á móti margir í Gullbríngusýslu, sem einúngis tíunda 1 hndr., og þeir gjalda þannig, eins og hinn heiðraði fulltrúi Skaptafellssýslu tók fram, 8 og 9 fiska fram yfir það, sem þeir annars, og eptir því sem almennt við geingst, ættu að greiða. Í Kjósarsýslu eru mjög fáir, sem tíunda minna en 1 hndr., ef þeir annars tíunda nokkuð, og ætla eg megi fullyrða, að ekki hafi verið geingið á seinni árum eptir þeim fáu tíundarfiskum, sem þeim bar að greiða, og þannig mun því vera háttað annarstaðar, að sýslumenn gángi annaðhvort öldúngis ekki, eða þá með mikilli hlífð, eptir slíkum smámunum.

H. Stephensen: Mèr finnst það vera ástæðuleysi, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður gat um, að hèr yrði lagður eptir uppástúngu nefndarinnar gjaftollur á nýja menn, þá í Reykjavíkur-umdæmi, sem að eins tíunda ½ hundrað, og sem hingað til hafa eingan gjaftoll greitt; því ef aðalástæða nefndarinnar fyrir því, að af nema ójöfnuð gjaftollsins í Gullbríngusýslu, er jöfnuður, þá sýnist mèr Reykjavík ætti að vera undir sömu lögum. En eins og eg gjarnan gef atkvæði mitt fyrir því, að gjaftolls-ójöfnuðurinn verði af numinn, þannig get eg ekki gefið jákvæði mitt fyrir því, að manntalsfiskurinn verði af tekinn.

M. Andrèsson: Eg ætla nú ekki að tala mikið um manntalsfiskinn, sem kasaður var í gær, en breiddur upp í dag. Eg þykist verða þess var, að ekki allfáir hèr á þínginu óska þess, að hann verkist vel, svo hann verði sem leingst við lýði. Það er eitt, sem hinir heiðruðu þíngmenn, er fastast vilja halda í hann, leiða þó hjá sèr að færa honum til málbóta, og það er,

að nokkur jöfnuður eigi sèr stað við greiðslu hans; þess er heldur eingin von, að þeir komi með þá ástæðu, því hún er ekki til. Fyrir utan það, að hann er ekki greiddur nema í fáum sýslum landsins, þá er annar ójöfnuðurinn ekki betri, að hann er tekinn eins af fátækasta aumingja, sem dregst til sjóar af bjargarleysi, og ríkasta manni; og í því tilliti líkist hann nefskatti, sem aldrei hefur verið þokkasæll, hvar sem hann hefur átt sèr stað.

Þó þetta þing vilji halda manntalsfiskagjaldinu, og það einkum vegna þess, að landssjóðurinn megi ekki missa það, hversu órèttlátt sem það sè, þá munu þó þessar umræður gefa tilefni til annara frekari síðar meir. Eg tala svo ekki meira um það að þessu sinni. Atkvæðin skera úr málum, eptir því sem auðna ræður.

J. Kristjánsson: Mèr þykir það óviðfeldið, að rýma saman í eina bæn, að tekinn verði af gjaftolls-ójöfnuðurinn í Gullbringusýslu og manntalsfiskagjaldið. Manntalsfiskagjaldið er ekki einstaklegt í þessari sýslu, og mèr sýnist það gjald vera byggt á grundvelli þeim, að, þar sem manntalsfiskur er tekinn, þar eru sèrstakleg hlunnindi; það eru útræðin. Líka mælir sanngirni fyrir þessu gjaldi; því í hèruðin, hvar útræðin eru, safnast víðs vegar að úr öðrum hèruðum fjöldi manna um nokkurn tíma ársins; en þetta hlýtur að valda lögreglustjórninni mikils áhuga og starfs, er hún skal vernda og hegna, eptir sem hver vinnur til.

Jón Samsonsson: Eg get nú ekki skilið, að þingið þurfi að álíta sèr það óumflýjanlega nauðsyn, að byggja einni ósanngirninni heima, fyrst annari var byggt út hèr í Gullbringusýslunni, nefnil. gjaftollinum, sem þar hefur leingi verið ósanngjarnari en annarstaðar, eður að manntalsfiskurinn verði ekki af numinn, ef gjaftollurinn verður gjörður sanngjarnari. Eg held, að þingið syndgaði ekki mjög mikið, þó það að því leyti, sem í þess valdi stendur, gæfi þessu hvorutveggja passann til burtferðar undir eins, þó með því skilyrði, að viðkomandi embættismenn, sem nú eru, liði þar fyrir eingan skaða á embættislaunum sínum, að því leyti, er viðkemur gjaftollinum.

Konúngsfulltrúi: Áður en mál þetta fer til atkvæða, verð eg að fara um það fáeinum orðum. Þó ætla eg mèr ei, að flytja forsvarsræðu fyrir gjaftollstökunni í Gullbringusýslu, því það er almennt viðurkennt, að hún sè ósanngjörn. En þar á

mót er það miður ljóst, hvort þing þetta væri sjálfu sèr samkvæmt, ef það sendi konúngi bænarskrá í þessu máli. Hingað hafa komið á þingið bænarskrár um breytíngu tíundarlaganna, og var hún felld hèr á þínginu, þótt talsverð rök væru færð fyrir því, að fasteignartíundin, eins og hún nú er goldin, væri miklum ójöfnuði bundin, af því þínginu þótti ekki hlýða, að taka þetta einstaka gjald fyrir til umræðu, þar sem von er á nýjum skattgjaldslögum, sem vonandi er að bæti allar slíkar misfellur, og hinum sama framgángsmáta virðist mèr að þingið ætti að fylgja í tilliti til manntalsfiskanna og gjaftollsins í Gullbríngusýslu. Þingið sendir án efa konúngi bænarskrár í þeim tilgángi og með þeirri ósk, að þær verði bænheyrðar. Mèr er nú að sönnu ekki unnt að vita, hvernig stjórnin muni taka undir bænarskrá í þessu efni, ef hún verður send; en hitt þykist eg mega fullyrða, að þingið væri vissara um bænheyrslu, ef það gæti bent stjórninni á einhverjar hentugar tekjur í stað þess, sem konúngssjóðurinn missir við aftöku manntalsfiskanna, og breytíngu gjaftollsins í Gullbríngusýslu.

Verði gjaftollinum breytt í Gullbríngusýslu, álít eg það tilhlýðilegt, að honum verði breytt í Reykjavík, og eins að manntalsfiskarnir verði af teknir í Snæfellsnessýslu, ef þeir verða af numdir í Gullbríngusýslu.

Breytíngaratkvæðið um hundraðsfiskagjaldið í Vestmannaeyjum var svo seint upp borið hèr á þínginu, svo lítið rætt, og þar að auki ekki yfirvegað af neinni nefnd, að eg vil skjóta því til þíngmanna, hvort þeir séu þessu gjaldi, uppruna þess og ásigkomulagi svo kunnugir, að þeir um aftöku þess geti fellt nokkuð áreiðanlegt atkvæði.

Framsögumaður: Hinn háttvirti konúngsfulltrúi talaði um það, að hingað til þíngsins hefðu komið bænarskrár um breytíngu tíundarlaganna. Eg veit nú ekki, hvort hann hefur meint til bænarskrár þeirrar, sem hèrna kom fyrir um daginn um tíund á jörðum, eða þeirra, sem hingað komu 1849, sem fóru fram á það, að umbreyta grundvelli tíundarlaganna; en það, sem í þeim var farið fram á, náði yfir allt land, en hèr er einúngis talað um, að laga nokkuð gjaldgreiðsluna í einni sýslu, svo innbúar hennar megi vera háðir sömu reglum eða óreglum, og annarstaðar við gángast. Hann hèlt, að þar sem von væri á nýjum skattgjaldslögum, þá mundi þetta betur geymt þángað til; en einmitt þetta sama var borið fyrir 1849,

þegar tilrætt var um manntalsfiskana, og þó eru skattalögin ókomin enn, og geta dregizt töluvert. Hann hèlt, að þingið hefði verið vissara um, að fá bænheyrslu, ef það hefði getað bent á einhverjar hentugar tekjur í stað þess, sem konúngssjóðurinn yrði að missa við aftöku manntalsfiskanna og breytíngu gjaftollsins; en eg held, að það sè ekki ómögulegt, og skírskota eg til orða sjálfrar stjórnarinnar, þar sem hún segir, að það sè ómögulegt, að reikna skaða þann allan, sem Ísland hafi af því, hvernin verzlun þess er varið, og held eg þá, að konúngssjóðurinn geti sótt skaðabæturnar í verzlunarokið, einkum þar stjórnin virðist að skoða Ísland sem hèrað eða sveit í Danmörku.

Þar sem þingmaður Eyjafjarðarsýslu talaði um manntalsfiskana, sem farnir væru að færast yfir á sýslubúa hèr, og vildi líkja þeim við frjálsa samninga manna í millum, þá verð eg nú að skoða þetta nokkuð öðruvísi, en hann gjörði; því þessir manntalsfiskar virðast mèr vera eins konar neyðargjald, sem sýslubúar hèr verða að greiða, til þess að geta fleytt sjávarútveg sínum. En hvað því viðvíkur, að gjaldþegnunum megi standa á sama, hvort gjaldið falli til hins opinbera eða einstakra manna, þá er það að vísu satt, ef það er sanngjarnlega lagt á, en mèr virðist hèr nú vera allt öðru máli að skipta. Eg legg því mál þetta svona vaxið undir atkvæði þingsins, og er það hèðan af á þess valdi, að úrskurða það til lífs eða dauða, eptir sem því þykir bezt og sanngjarnast.

Konúngsfulltrúi: Eg get ei viðurkennt, að athugasemdir hins heiðraða framsögumanns um tíundargjaldið sèu á rèttum rökum byggðar, því eins og gjaftollurinn í Gullbríngusýslu er ójafn þeim, sem tekinn er í öðrum sýslum landsins, eins er líka fasteignartíundargjaldið líkum ójöfnuði bundið, þar sem sumar jarðir eru öldúngis tíundarfríar, en aðrar þar á móti, og það stundum þær, sem eru lángt of háar að hundraðatölu, svara öllum fjórum tíundum.

Framsögumaður: Það getur nú verið, að eg hafi ekki skilið rètt hinn háttvirta konúngsfulltrúa, þar sem hann var að tala um tíundarlögin, en þó hugsaði eg, að bænarskrárnar, sem að þeim lutu, hefðu verið nokkuð annars eðlis, en það, sem nú er verið að fara fram á. Ójöfnuðurinn í tíundarlögunum grípur svo víða til, að eg held, að þeim þyrfti að um steypa gjörsamlega, ef hann ætti allur að hverfa, og yrði þetta víst

ekkert hægðarverk á stuttum tíma, enda þó full nauðsyn kynni að mæla fram með því.

Konúngsfulltrúi: Það getur þó víst ekki verið framsögumannsins meiníng, að umræður þeirra hèr á þínginu, er breyta vildu láta tíundarlögunum, hafi lotið að því, að þessi ójöfnuður skyldi haldast, heldur mun meiníng þeirra hafa verið sú, að ójöfnuður þessi skyldi af nemast.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til umræðu um þetta mál, álít eg ályktarumræðunni lokið, og bið því þíngmenn að gánga til atkvæða.

Síðan voru atkvæði greidd, og fóru þau þannig:

1. *Nefndarinnar*: . . samþykkt með 20 atkvæðum gegn 1.
2. *J. Guðmundssonar*: ——— — 17 ——— — 1.
3. *Nefndarinnar*: . . . fellt — 13 ——— — 5.
4. *E. Kúlds*: tók uppástúngumaður aptur.
5. *P. Sigurðssonar*: tók uppástúngumaður aptur, þar uppástúnga nefndarinnar fèll með atkvæðafjölda.

Síðan lèt forseti gánga til atkvæða um, hvort bænarskrá skyldi senda til konúngs um atriði þau, sem samþykkt voru, og var það viðtekið með 19 atkvæðum gegn 2.

Því næst ákvað forseti fund næsta dag kl. 12, og sagði þá yrði tekið til undirbúníngsumræðu „lagaboðamálið“, og „erfðafestumálið“ til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Fundi slitið.

---

28. júlí — tuttugasti og fjórði fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt 39. grein alþíngistilskipunarinnar er þeim lögboðna alþíngistíma lokið í dag, og skal eg skýra frá, hvernig málin standa nú. 9 þeirra eru nú alveg búin; 2 af þeim eru konúngleg, en 7 eru þegnleg; 8 eru þá eptir, 3 stjórnarmálefni, en 5 þegnlegar uppástúngur og bænarskrár; af þessum 8 eru 3 rædd til undirbúníngs, en hin 5 eru enn órædd; nefndarálit í einu þeirra hef eg feingið, og er það þegar búið undir umræðu, og rètt í þessu fèkk eg annað; eg veit þar að auki, að hið þriðja er senn búið, og hið fjórða mun verða það hèr um bil í miðri næstu viku.

Ef nú er talið saman það, sem eptir er, og hver umræða talin sèr í lagi, þá þarf 13 umræður til þess, að geta rætt þessi mál, og mun því alls ekki veita af 10 virkum dögum til þess, það er til 9. dags í næsta mánuði, að honum meðtöldum; þarf þó samt að gjöra ráð fyrir fundi á hverjum degi, og að umræður verði um tvö mál á sama fundi optar en einu sinni.

Hinum háttvirta konúngsfulltrúa og þíngmönnum er kunnugt, að þíngið hefur veika krapta, og því hljóta störf þess að koma mest niður á einstaka menn; en samt ætla eg, að meðferð málanna hafi geingið fljótt að öllum vonum.

Eg vil því spyrja hinn háttvirta konúngsfulltrúa, í tilliti til þess, sem hann lèt í ljósi fyrir nokkrum dögum síðan, þegar tilrætt varð um þetta efni, hvort hann vilji ekki leingja þíngtímann til 9. ágúst næstkomandi.

Konúngsfulltrúi: Áður en eg gef hinum háttvirta forseta svar upp á spurníngu hans, vil eg skora á hinn virðulega framsögumann í jarðamatsmálinu, að til greina nákvæmlega, hve nær nefndarálitið í því máli muni verða búið, svo það verði fram lagt á þínginu.

J. Guðmundsson: Af nefndarálitinu í jarðamatinu er góður helmíngur búinn, og mætti þegar fara að hreinskrifa hann í kvöld eður á morgun; hinn helmíngurinn vona eg verði búinn í uppkasti á sunnudagskvöldið, og þá mætti hreinskrifa það á mánudaginn eða þriðjudaginn. Eg vona hinn háttvirti konúngsfulltrúi hafi tillit til þess, að þó búið sè að ræða málið á þíngi, þá þarf töluverðan tíma til, að búa til álitsskjalið til konúngs.

Konúngsfulltrúi: Eg hef áður tilkynnt hinum heiðruðu þíngmönnum, að eg eingan myndugleika hef feingið frá hans hátign konúnginum til, að leingja þíngtímann; en þó eg nú kríngumstæðanna vegna ráðist í, að gjöra það, verð eg að ákveða hina eptiræsktu leingíngu þíngtímans svo stutta, sem afgreiðsla hinna óafloknu konúnglegu málefna útheimtir, þegar allur sá hraði er við hafður, sem framast er mögulegt; og með tilliti til þessa skora eg á hinn háttvirta forseta, að láta hin óloknu konúnglegu málefni sitja í fyrirrúmi, og flýta þeim sem mest, og ræðst eg því í, að leingja þíngtímann til hins 8. ág., að þeim degi meðtöldum.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur í dag til undirbúníngsumræðu konúnglegt álitsmál um innleiðslu nokkurra danskra lagaboða hèr á landi.

Framsögumaður, þingmaður Skaptfellinga, gjörir má ske svo vel, að lesa upp nefndarálitið.

Síðan las framsögumaður það upp svo hljóðandi:

Eins og konúngur vor með úrskurði frá 10. nóv. 1844 bauð fulltrúa sínum á alþingi Íslendínga, að bera undir álit þingsins, þegar það væri, þau lagaboð fyrir Danmörku, sem mættu virðast að eiga við að lögleiða á Íslandi, þannig hefur fulltrúi konúngs í þetta sinni, samkvæmt fyrirmælum löggæzlu-ráðgjafans í brèfi frá 23. maí þ. á., borið upp á þessu þingi af lagaboðum þeim, sem komin eru út fyrir Danmörku á árunum 1847 - 51, þau, er nú skal greina, og lagt svo fyrir, að þingið segði, hvort, og með hverjum breytíngum, þau geti átt við á Íslandi.

Lagaboð þau, sem löggæzlu - ráðgjafinn þannig ætlast til að kunni að geta náð lagagildi á Íslandi, eru þessi:

1. Opið brèf frá 17. febr. 1847, um laun talsmanna við hæsta-rètt í sakamálum.
2. Lagaboð frá 5. apr. 1850, sem veitir aðkomandi Gyðíngum leyfi til, að setjast að í ríkinu.
3. Lagaboð frá 29. desember 1850, um hegníngarvinnu.
4. Lagaboð frá 25. apr. 1850 um, að auglýsíngar í dagblaðinu *Altonaer- Mercur,* etc., eptirleiðis falli í burtu.
5. Lagaboð frá 3. jan. 1851, um prentfrelsi.

Eptir að vèr ýtarlega höfum yfirvegað þetta mál, skulum vèr leyfa oss að segja um það álit vort, sem fylgir.

Áhrærandi brèfið frá 17. febr. 1847, viðvíkjandi launum fyrir vörn í sakamálum við hæsta-rètt, virðist nefndinni, að það sè sjálfsagt, að þetta lagaboð, sem er orðið gildandi löggjöf fyrir hæsta-rètt, nái einnig til þeirra sakamála, sem skotið er frá Íslandi til hæsta-rèttar.

Brèfið frá 5. apr. 1850 um, að Gyðíngar megi setjast að á Íslandi, virðist nefndinni muni verða hèr þýðíngarlítið, þar sem nefndin ætlar, að Gyðíngar hafi, eptir tilsk. frá 17. nóv. 1786, § 1, og 1787 fyrir Ísland, leyfi til, að setjast hèr að, og reka verzlun, án þess þeir þó hingað til hafi neytt þessa leyfis; en þar eð þó þetta getur, ef til vill, orðið efamál, virðist nefndinni, til þess að taka af öll tvímæli, rètt, að lagaboð þetta nái gildi á Íslandi, svo að Gyðíngum eptirleiðis sè heimilt, að setjast hèr að með sömu kjörum og sama skilyrði og í Danmörku.

Brèfið frá 25. apr. 1850 um, að auglýsíngar þær, er áður

átti að birta í dagblaðinu *Altonaer- Mercur,* eptirleiðis skuli falla í burtu, virðist nefndinni sjálfsagt að hèr eigi að öðlast lagagildi, þar eð auglýsingarskylda sú, sem hèr ræðir um, og nú á í burtu að falla, einnig átti sèr stað hèr á landi í einstökum tilfellum, t. a. m. op. br. 4. maí 1778, § 1, og op. br. 2. júní 1819, § 2.

Lagaboðið frá 3. jan. 1851, um prentfrelsið, er svo mikilvæg rèttarbót, og þar að auki svo frjálsleg í sínum einstöku ákvörðunum, að hún hefur mikla yfirburði fram yfir þá nú gildandi tilskipun um prentfrelsið, frá 24. sept. 1799; vèr hikum oss því ekki við, að ráða þínginu til, að taka þetta lagaboð, og skulum einúngis leyfa oss, að taka fram þær einstöku breytíngar í því, sem sèrstakt ásigkomulag þessa lands útheimtir á þessa leið:

Við 3. grein. Eins og hèr á landi hagar til, virðist oss sá 3 mánaða tími, innan hvers útgaungu áskorun sú, sem seinasti liður þessarar greinar til tekur, skal fara fram, of naumur, og stíngum vèr því upp á því, að hann sè leingdur til 6 mánaða.

Við 4. grein. Sú í þessari grein ákveðna sekt, af 20—500 rbdd., er eptir grundvallarreglunni í tilsk. frá 24. jan. 1838 yrði 10—250 rbdd., virðist oss allt of mikil, þar sem ekki verður gjört ráð fyrir, að hèr gángi út strax af nokkurri bók nema fáein exemplör, og þess vegna miklu minni freistíng, og þá aptur miklu minni þörf, að lagaboðið leggi svo þúngt straff við, ef út af væri brugðið, og ætlum vèr því 5—50 rbdd. sekt hæfilega fyrir yfirtroðslu þá, sem hèr ræðir um, og jafnframt nægilega, til að hindra, að hún eigi sèr stað.

Við 5. grein. Fyrri hluta þessarar greinar viljum vèr orða þannig:

> „Hver sá, sem á prenti eggjar til uppreistar gegn konúnginum, eða til þess með ofríki að breyta stjórnarskipun þeirri, sem er á komin að lögum (ɔ: að forfatníngsmæssig Vei), skal“, o. s. frv.

Við 6. grein. Þar eð, enn sem komið er, ekki verður komið við á Íslandi fángelsisstraffi í þeim skilníngi, sem í tilskipun þessari er gjört ráð fyrir, leiðir þar af, að þetta straff ekki getur að svo stöddu átt sèr stað hèr á landi, og virðist oss því, að fángelsi því, sem þessi grein ákveður, eigi að snúa upp í fjársekt, frá 25—500 rbdd. eptir málavöxtum, en að fángelsisstraff taki við undir eins, og búið er að koma hèr upp fángelsum,

hvers vèr ætlum eigi muni verða leingi að bíða í Reykjavíkurbæ, og, ef til vill, ekki heldur á Akureyri.

Við 8. grein. Af sömu ástæðu, og vèr þegar til greindum, stíngum vèr upp á því, að fángelsisstraff það, sem í greininni er ákveðið, sè breytt í fjársekt, frá 10—50 rbdd.

Við 11. grein. Þessari grein viljum vèr halda óbreyttri, en þó lagaðri, eins og hún er fyrir Færeyjar.

Við 13. grein. Í staðinn fyrir, að löggæzluráðherranum, í upphafi greinarinnar, er falið á hendur, að ákveða, hvort eitthvert rit eigi að sæta laga-ákæru að tilstuðlun hins opinbera eða ekki, ætlum vèr slíkt hèr á landi rèttast sè falið hlutaðeigandi stiptamtmanni eða amtmanni.

Við 17. grein. Hèr viljum vèr fella úr orðin: „Lagaboðið frá 5. júlí 1850, og“, en halda greininni að öðru leyti óbreyttri.

Þetta eru nú þau lagaboð, sem löggæzluráðherrann hefur álitið gæti orðið spursmál um að lögleiða á Íslandi af þeim fyrir Danmörku útgeingnu lagaboðum á árunum 1847—1851, en þínginu er leyft þar að auki, að taka og segja álit sitt, ef því kynni að virðast, að fleiri af lagaboðum þessum gætu átt hèr við, annaðhvort óbreytt, eða með breytíngum þeim, sem þínginu mættu virðast hagfeldar, og því er það, að vèr leyfum oss að leiða athuga þíngsins að *kans.* brèfi frá 9. nóv. 1847, sem ákvarðar nákvæmar fermíngaraldurinn, þar sem nefndin hyggur, að ákvörðun sú, sem í brèfinu er gjörð, mundi koma sèr vel á Íslandi, hvar opt kann eins á að standa og í Danmörku, að hlutaðeigendum standi það ei á alllitlu, að fá börn sín fermd, þó ei hafi þau algjörlega náð lögboðnum fermíngaraldri, en ekki ætið hægt, að nálgast biskupsleyfi, allrasízt í tækan tíma. Þess vegna leyfir nefndin sèr að stínga upp á því við þíngið, að þetta brèf verði gjört gildandi á Íslandi þannig, *að þau börn, sem innan Jónsmessu það vor, sem þau á að ferma, hafa náð lögboðnum fermíngaraldri, megi fyrir aldurs sakir takast til fermingar, ef kunnátta þeirra og andlegur þroski ekki er að öðru leyti til fyrirstöðu.*

Eptir að nefndin þannig hefur sagt álit sitt um þau lagaboð, sem hlutaðeigandi stjórnarherra hefur beinlínis ætlazt til að lögð yrðu fyrir þíngið, og gjört ráð fyrir að því næst yrðu lögleidd hèr á landi, og þau, sem nefndinni hefur þar að auki þótt nauðsyn að innleiða hèr, hefur hann þar að auki getið nokkurra lagaboða, sem á því umrædda tímabili eru komin út

frá fjárhirzlustjórn ríkisins, sem spursmál geti orðið um, hvort ekki ætti útþrykkilega að lögleiða á Íslandi; en það er:

1. Lagaboð frá 30. júní 1850, um ávísun embættislauna og greiðslu þeirra fyrir fram.
2. Lagaboð frá 5. jan. 1851, um eptirlaun (*Pensioner);* og
3. Lagaboð frá sama degi, um skyldu embættismanna, að leggja í lífsábyrgðarsjóðinn.

Þessi lög koma, eins og hèr hagar til, einúngis við fáum mönnum, og þar til er þegar almennt farið að taka þau 2 fyr nefndu þessara lagaboða hèr til greina, og fjárhirzluráðgjafinn hefur líka látið löggæzluráðgjafanum þá meiníngu sína í ljósi, að lagaboð þessi mundi mega heimfæra til Íslands, og beinlínis lögleiða þar, hvort sem þau yrðu lögð fyrir alþíngi eða ekki. Það kynni því að virðast svo, að ekki sè ástæða til, að leggja ofangreind lagaboð fyrir alþíngi. En eins og löggæzluráðherrann ekki virðist að hafa þessa skoðun á málinu, heldur þá, að rèttast sè, að bera lagaboð þessi undir þíngið, þannig verður nefndin og að álíta, að þessi meðferð málsins sè hin eðlilegasta, eins og hún líka er samkvæm alþíngistilskipuninni. Ekki ætlast samt nefndin til þess, að lagaboð þessi verði rædd á þínginu, heldur en opna brèfið frá 17. febr. 1847, sem fyr er getið, heldur einúngis til þess, að þau verði þar fram lögð á íslenzku, og þar næst auglýst hèr á prenti, hlutaðeigendum til eptirbreytni. Nefndin aðhyllist því heldur þessa skoðun á málinu, hvað viðvíkur lagaboðinu um skyldu embættismanna, að annast um, að ekkjur þeirra hafi að þeim liðnum viðurværi úr lífsábyrgðarsjóðnum, sem hennι er kunnugt, að það þykir efa bundið, hvort skylda sú, er hèr ræðir um, ekki sè með ekkjusjóðnum liðin undir lok, hvað íslenzka embættismenn snertir, þar sem ekkert hefur verið auglýst hèr á landi um fyrirkomulag, rèttindi og skyldur slíkrar stofnunar (Livsforsikrings-Anstalt), sem í Danmörku kom í staðinn fyrir ekkjusjóðinn. Um hin lagaboðin er nokkuð öðru máli að gegna, því þó vèr álítum það rèttast, að þau einnig yrðu lögð út á íslenzku, prentuð og birt, erum vèr þó ekki svo fastir á því, að vèr viljum halda því fastlega fram, ef þínginu virðist á annan veg.

Þannig verður það sameiginlegt álit vort, að þíngið eigi að biðja um, að eptirfylgjandi lagaboð fái lagagildi á Íslandi:

1. *Kans.* brèf frá 9. nóv. 1847, sem inniheldur nákvæmari ákvörðun um fermíngaraldur barna, þó með þeirri breytíngu,

að þau börn, sem innan Jónsmessu það vor, sem þau á að ferma, hafa náð lögboðnum fermingaraldri, megi fyrir aldurs sakir, og án biskupsleyfis, taka til fermingar.

2. Brèfið frá 5. apr. 1850 um, að Gyðingar megi setjast að á Íslandi, orðað á þá leið, að Gyðingum eptirleiðis sè heimilt, að setjast hèr að með sömu kjörum og rèttindum og í Danmörku.
3. Brèfið frá 25. apr. 1850 um, að auglýsingar þær, sem áður átti að birta í blaðinu *Altonaer- Mercur,* eptirleiðis falli í burtu.
4. Lagaboð frá 3. jan. 1851, um prentfrelsi, með breytingum þeim, sem vèr höfum til greint hèr að framan, nefnilega:

   Við 3. grein: að „*3 mánuðir*“ breytist í „*6 mánuði*“.

   Við 4. grein: að í staðinn fyrir: „*20—500 rbdd. sekt*“, verði sett: „*5—50 rbdd.*“

   Við 5. grein: að fyrri hluti hennar orðist þannig:

   „*Hver sá, sem á prenti eggjar til uppreistar gegn konúnginum, eða til þess með ofríki að breyta stjórnarskipun þeirri, sem á er komin að lögum* (að forfatningsmæssig Vei), *skal*“, o. s. frv.

   Við 6. grein: að í stað: „*fángelsis frá 3 mánuðum til 2 ára*“, komi: „*fjársektir, frá 25—500 rbdd., eptir málavöxtum.*

   Við 7. grein: sömuleiðis: „*fjársekt frá 25—150 rbdd*“.

   Við 8. grein: sömuleiðis: „*frá 10 rbdd.—50 rbdd*“.

   Við 11. grein: að í þessa grein sè bætt inn í milli orðanna: „málaloka“ og „eða“: „*leiðrèttingu, sem þó ekki má vera leingri, en fjórði partur úr einu númeri tímaritsins*“.

   Við 13. grein: að í stað „*dómsmálastjórnarherrans*“, í upphafi greinarinnar, verði sett: „*hlutaðeigandi stiptamtmaður eða amtmaður*“.

   Við 17. grein: að úr sèu felld orðin: „*lagaboðið dagsett 5. júní 1850 og*“.
5. að lagaboðið frá 5. jan. 1851, um skyldu embættismanna, að sjá ekkjum sínum fyrir eptirlaunum úr lífsábyrgðar-

sjóðnum, verði með berum orðum og óbreytt gjört að lögum.

Reykjavík, 23. júlí 1853.

Þ. Jónassen, formaður. *J. P. Havstein.* *Jón Guðmundsson,* framsögumaður.

J. Kristjánsson.

Í tilliti til míns litla ágreiningsskjals, um fermingaraldur barna.

J. Sigurðsson.

Eg, sem er einn nefndarmanna í málinu um, hvað heimfærast megi, til að verða gildandi hèr á landi af lagaboðum þeim, sem út hafa komið fyrir Danmörku á árunum 1847—1852, hef með mikilli ánægju og góðri sannfæringu getað samþýðzt öllum athugasemdum, breytingum, uppástungum og samþykktum minna heiðruðu meðnefndarmanna við nefnd lagaboð, einúngis að einu undanskildu, sem er *Kancel. Plac.* af 9. nóvember 1847, um aldur barna, er fermast mega. Lagaboð þetta geingur út frá þeirri skoðun, að í Danmörku er fermingardagur barna tvisvar á ári, nefnil. í apríl á vor, og október á haust; ætlast það því til, að barn það, er ekki verði fullra 14 ára við útgaungu aprílmánaðar, en fæðzt hefur á sumartímanum, verði að bíða til næsta fermingardags, sem gæti orðið í það allra leingsta 5 mánuðir. Nú vita það allir, að hèr á landi er ekki vanalegur fermingartími barna, utan einu sinni á ári, nefnil. á vorin um maímánaðar útgaungu eður byrjun júní.

Nú hefur meiri hluti nefndarinnar ályktað, að einúngis þau börn, sem fylltu 14 ára aldur fyrir Jónsmessu, mættu á nefndum tíma staðfestast, annars ekki. Sannfæring mín hefur leitt mig inn á nokkuð aðra skoðun hèr um. Eg hef nokkrum sinnum orðið var við álit og ræður alþýðu um þetta efni, og þar alþingi voru er nú gefinn kostur á, að ræða þetta mál, finnst mèr það vera skylda þess, að sorga fyrir því, að þjóð vor búi ekki undir lakari lögum í þessu efni, en samþegnar vorir í Danmörku. Í fyrsta bragði mun þingið nú fljótt sjá, að eptir áliti meiri hluta nefndarinnar hljóta þau börn, sem fylla 14 ár seinast í júnímánuði, að bíða eptir fermingu allt sitt 15. ár, eður á 12. mánuð; verða það strax næstum þrefalt lakari kjör, en í Danmörku, og munu Íslendingar ekki þakka fulltrúaþingi sínu fyrir slíka löggjöf.

Þá eg nú að öðru leyti yfirvega eptir beztu sannfæringu

sanngirnisástæður í þessu máli, þá er eg fyllilega samdóma, bæði meiri hluta nefndarinnar og laganna meiningu, að hvert barn skuli vera búið að ná 14 ára andlegum þroska og menntun, til að mega fermast. Eg vil líka segja, að hvert það barn, sem svo lángt er komið á 14. ár, að afmælisdagur þess er á sumrinu, er komið að þessu laganna takmarki; því hèr er sá siður í landi, að öll menntunarvon er á vetrartímanum, sem þá er umliðinn af 14. árinu; virðist því prestinum barnið eptir menntun og skilníngi vera verðugt að mega fermast, þá sýnist allt feingið, sem löggjafarans meining útheimtir, og ekkert að hamla því frá, að fá framgaungu, utan ef væri of ónákvæmt laganna band. Á hinn bóginn getur hlutaðeigendum opt verið stór bagi að því, ef svona gömlum og verðugum börnum væri fyrirmunuð fermingarframgánga um heilt ár. Eg vil taka fram nokkur dæmi: Þá dreingir eru líklegir og komnir á 15. ár, vilja menn kann ske koma þeim að sjó, koma þeim til skóla, til siglíngar, eður í læri til handverksmanna, að þeir geti farið að þjóna fyrir dreing, koma sveitarbörnum og öðrum meðgjafarbörnum af meðlagsstyrk, o. s. frv.; allir þessir hagsmunir geta mönnum verið fyrirmunaðir, ef fylgt er áliti meiri hluta nefndarinnar.

Af framanskrifuðu get eg því ekki sèð annað sanngjarnara, þarflegra eður rèttara, en að ráða þínginu til, allraþegnsamlegast að beiðast þess:

að þau börn, sem sóknarpresturinn álítur að menntun og skilníngi verðug til fermingar, og komin eru svo lángt á 14. ár, þá prestur setur barnafermingardaginn, að þau fylla árið fyrir næstkomandi októbermánaðar útgaungu, megi vafalaust takast til fermingar, og megi þannig einúngis hið síðara atriði Kanc. Plac. *af 9. nóvember 1847 öðlast lagagildi hèr á landi, en þá útlátist orðið:* „om Efteraaret".

Reykjavík, 21. júlí 1853.

Jón Sigurðsson:

Framsögumaður: Eg hef eingu hèr við að bæta, fyr en ef umræðurnar kann ske gefa tilefni til þess.

P. Pètursson: Eg felli mig yfir höfuð vel við nefndarálitið í máli þessu, en verð þó að biðja nefndina, að upplýsa það fyrir mèr, hvað henni hefur geingið til, að vilja lögleiða hèr sum þeirra lagaboða, sem hún hefur farið fram á, t. a. m.

um laun talsmanna við hæsta-rètt, sem mèr virðist oss að miklu leyti óviðkomandi. Eins um það, er nefndin hefur ráðið til, að lögleiða hèr tilskip. 5. jan. 1851, um eptirlaun embættismanna, öldúngis óbreytta; því þó eg sè henni að vísu samdóma í því, að hún eigi hèr að innleiðast, virðist mèr þó 12. gr. þeirrar tilsk. hefði átt að fellast úr. Mèr getur nefnilega ekki skilizt, hvernig það getur átt við hèr, sem þar stendur t. d. um, að til taka seinna um eptirlaun présta með sèrstöku lagaboði, eða um nýlendur, nema vèr annaðhvort skoðum sjálfa oss sem nýlendu, eða þá, að vèr ættum nýlendu annarstaðar. Eg vil því áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis á þá leið, að lagaboðinu um laun talsmanna við hæsta-rètt verði sleppt, og eins 12. gr. felld úr tilsk. 5. jan. 1851, og greinatalan í henni síðan löguð þar eptir.

Viðvíkjandi kanselíbrèfi 9. nóv. 1847 hefði eg helzt óskað, að nefndin hefði ekki tekið það með; því það þarf að skoðast frá mörgum hliðum, áður það væri innleitt hèr á landi. Nefndin hefur og ráðið til, að taka lagaboðið um prentfrelsi, og er eg á því með nefndinni, að það ætti að vísu að fá lagagildi hèr á landi. En mèr virðist nefndin ekki hafa haft þá nákvæmni við það sumstaðar, sem óskandi væri, t. a. m. í 1. gr., þar sem stendur: „*hèr í ríkinu*“; því það ætla eg að helzt ætti að falla úr, hæði þar og annarstaðar í þeirri tilskipun, að minnsta kosti aptur að 14. gr., og fyrir þessi orð koma: „*hèr á landi*“. Mèr þykir og undarlegt, að nefndin hefur ekki lækkað sektir við prentarann, og það því heldur, sem hún hefur lækkað aðrar sektir svo mikið. Eg veit ekki betur, en að það sè aðalreglan, að ákveða sektir hèr helmíngi minni en í Danmörku. Eg tek mèr því það breytingaratkvæði, að sektin verði ákveðin frá 5 til 250 rbdd. Við 4. gr. kemur þessi ójöfnuður ljósast fram, þar sem nefndin tekur til $\frac{1}{4}$ af 20, og $\frac{1}{10}$ af 500 rbdd. við það, sem er í Danmörku, og áskil eg mèr breytingaratkvæði við það á þá leið, að þar verði 10 til 250 rbdd. Viðvíkjandi 6. gr. skil eg ekki, hvernig nefndin hefur geingið fram hjá 5. gr., og sett fèbætur fyrir ríkisfángelsi, og ekki veit eg, hvernig útlegð úr landi getur átt hèr við. Mèr finnst og hæfilegra, að einhver önnur refsíng en fèbætur hefði legið við, að svívirða konúnginn í ritum, en þó tek eg mèr ekki breytíngaratkvæði við það að svo komnu. Eg get að vísu ekki haft á móti því, að lífsábyrgðarlögin verði lögleidd hèr á landi, en þó

ætla eg það ekki svo nauðsynlegt; því stjórnin getur skoðað það sem stjórnarverk, að halda embættismönnum hèr til, að leggja í lífsábyrgðarsjóðinn, og eg álít það ekki öldúngis rètt, sem nefndin hefur sagt, að það lagaboð, og reglur um það, sè lítt þekkt eða óþekkt hèr á landi; því eg veit ekki betur, en að stjórnin hafi sent þeim embættismönnum, bæði lagaboðið og reglurnar, sem hún hefur boðið, að leggja í áminnstan sjóð.

V. Finsen: Mèr hefur líka yfir höfuð að tala fallið vel við nefndarálitið, en eg verð samt að leyfa mèr nokkrar athugasemdir við það. Hvað nú fyrst snertir lagaboðið frá 3. jan 1851, um prentfrelsi, þá get eg í flestum atriðum skírskotað til ræðu hins heiðraða þíngmanns, sem nú settist niður; þó verð eg heldur að vera samdóma nefndinni í, að sektin í 4. gr. þurfi ekki að vera eins há og í danska lagaboðinu. Þar á móti verð eg að álíta sekt þá, sem nefndin hefur stúngið upp á við 6. gr., 25—500 rbdd., allt of lága. Það er allt of lítið, að þurfa ekki að borga meira en 25 rbdd. fyrir, að *„drótta að konúnginum ránglátum eða svívirðilegum athöfnum“*, eins og stendur í greininni; eg held hver þjóð hafi sóma af því, að setja ekki of lágt straff-ið fyrir brot gegn virðíngu þeirri, sem menn eiga að hafa fyrir konúngi sínum, og væri, ef til vill, rèttast, að láta ekki slík brot sleppa með fjársekt; en að minnsta kosti álít eg nauðsynlegt, að sektin verði ekki minni en 100—500 rbdd.; hin sama athuga-semd á heima við 7. gr., að 250 rbdd. sekt er of lítil hegníng fyrir brot það, sem í greininni ræðir um, nefnilega, að drótta að útlendum ríkjum ránglátum og skammarlegum athöfnum, og held eg hlutaðeigandi stjórn, sem æskti þess, að mál væri höfðað út af slíkum meiðandi ummælum, mundi ekki þykja slík hegníng mikil eða samsvarandi brotinu. Eg skal að eins enn þá benda til þess, að 4. gr. mundi gjöra ekki ómerkilega breytíngu á því, sem nú á sèr stað sunnanlands; nú eru það stiptsyfirvöldin, sem eiga að lesa rit þau, sem út koma, en eptir greininni á þetta að leggjast á fógetann; þetta mundi nokkuð auka honum störf; en það er sjálfsagt, að þessi embættismaður mundi ekki geta afsakað sig frá starfa þessum, og mun það einnig í rauninni vera rèttast, að starf það liggi á fógetanum. Að því leyti nefndin hefur stúngið upp á, að löggilda lagaboð 5. apr. 1850, um aðgáng Gyðínga til, að setjast að í ríkinu, þá hefur nefndin sjálf álitið, að slíkt lagaboð ekki þyrfti hèr, þar

eð Gyðingar eptir þeim gildandi lögum hafi rètt til, að setjast hèr að, og eg er líka helzt hneigður til, að skilja lögin á þá leið; en hvaða álit sem menn kunna nú að hafa um það, þá vildi eg fremur ráða frá, að löggilda lagaboðið. Það er kunnugt, að Gyðingar eru þjóð, sem hefur marga góða kosti, en þeim fylgja einnig ókostir; Gyðingar eru ágætir í menntuðum og fjölmennum stöðum, einkum þegar þeir sjálfir eru í álitlegri stöðu, en í þeim stöðum, þar sem allt er smátt, eins og hjá okkur, er eg hræddur um að þeir kunni að verða hættulegir; menn vita, að þeir eru af náttúrunni lagaðir fyrir kaupskap, og fyrir að græða, og mundu þeir, ef til vill, sjúga menn út, og er ekki að vita, hvaða skaði af því kynni að fljóta. Að öðru leyti þætti mèr bezt, ef ekkert yrði ákveðið um þetta mál; það lítur ófrjálslega út, að gefa atkvæði á móti Gyðingum, en að löggilda lagaboðið, er hèr um bil sama, og að bjóða Gyðingum, að koma hingað og setjast hèr að, og vildi eg því helzt skjóta því til nefndarinnar, hvort hún ekki fyndi ástæðu til, að taka upp-ástúngu sína aptur um þetta lagaboð. Hvað snertir lagaboðið frá 5. jan. 1851, um eptirlaun, get eg haldið mèr til hins 5. konúngkjörna þingmanns, hvað 12. greinina snertir, sem einnig eg álít rètt að fella úr; en líka í 1. gr. er kafli, sem ætti að nema í burt, nefnilega um eptirlaun embættismanna þeirra, sem eru í þjónustu ríkisþingsins, eða þeirra stiptana, hverra tekjur og útgjöld eru ákveðin í ríkisfjárhaldslögunum. Þó er það einkum ein ákvörðun í lagaboði þessu, sem eg vildi leiða athygli þingmanna að, og sem nauðsynlega þyrfti að breyta; það er nefnilega í 14. gr. fyrir skipað, að, ef einhver hefur ekki í heilt ár vitjað eptirlauna sinna, þá skuli eptirlaunin fyrir það ár tilfalla sjóðnum, sem þau eru borguð úr. Það er nú kunnugt, að ferðir eru hèr sjaldgæfar, og sumpart þess vegna, sumpart af gamalli venju, eru það margir hèr á landi, sem eru vanir að hefja eptirlaun sín ekki nema einu sinni á ári, helzt til 30. júní hvers árs. Nú gæti maður ímyndað sèr, að einhver lèti sækja eptirlaun sín í ár t. a. m. 1. júlí, en að ári kynni að vilja svo til, að eptirlaunanna væri ekki vitjað, fyr en t. a. m. 15. júlí, og þá ætti hann, eptir lagaboðinu, að vera búinn að missa eptirlaun sín fyrir það umliðna ár; en það er auðsætt, hve ósanngjörn slík ákvörðun væri. Eg held það mætti vel sleppa ákvörðun þessari; því ákvarðanirnar í 7. og 11. gr. um, að sá, sem ekki vitjar eptirlaunanna í 3 ár, skuli

með öllu missa eptirlaunarètt sinn, er víst nóg tryggíng hèr á landi. Áhrærandi lagaboðið frá 5. jan. 1851, um skyldu embættismannanna, að leggja í lífsábyrgðarsjóðinn, leyfi eg mèr að geta þess, að niðurlagið í 2. gr., um presta, á, ef til vill, ekki öldúngis vel við hèr á landi, af því hèr hagar ekki eins til um eptirlaun presta-ekkna og í Danmörku, hvar prestsekknasjóðir eru til. En í 3. gr. lagaboðsins er ákvörðun, sem eg álít fulla nauðsyn á að breyta. Þar er nefnilega fyrir mælt, að einginn prestur megi undir 100 rbdd. sekt gipta nokkurn embættismann, sem rètt hefur til eptirlauna, fyr en embættismaðurinn hefur útvegað sèr vitnisburð frá ríkisfjárstjórnarráðinu um, að hann sè búinn að leggja í ekkjusjóðinn, eða sè undan þeginn þeirri skyldu, að gjöra það. Ef nú þessari reglu ætti að fylgja, þá yrði embættismaðurinn að bíða, ef til vill, hálft eða heilt ár, áður hann gæti gipzt, og getur löggjafinn ómögulega ætlazt til slíks, eins og líka er kunnugt, að hin fyrri ákvörðun, sem gilti hèr á landi um þetta efni, og sem tók sama fram, hefur ekkert haft að þýða hèr á landi; en komi nú þetta nýja lagaboð hingað með þessari ítrekuðu ákvörðun, þá kynni þó einhver presturinn að verða hræddur, og það er þó á hinn bóginn illt, að hafa ákvarðanir, sem einga þýðíngu hafa. Eg held þessu mætti breyta á þann veg, að embættismaðurinn eigi að hafa vitnisburð frá amtmanni sínum um, að hann hafi sent amtmanni bónarbrèf til ríkisfjárstjórnarráðsins um, að mega leggja í lífsábyrgðarsjóðinn. Eg hef hugsað um, hvort ástæða kynni að vera til, að löggilda hèr fleiri lagaboð en þau, sem hèr hefur verið rætt um, og hefur mèr helzt dottið í hug lagaboð 10. marz 1852, sem tekur af sóttvarnarhald gegn gulu drepsóttinni og kólerusótt, af því mèr finnst þetta lagaboð hljóti fullt eins vel að eiga við hèr og í Danmörku; en af því svo stendur á, að vèr höfum nýlega frètt, að kólera er í Danmörku, treysti eg mèr undir þessum kríngumstæðum ekki til, að bera upp uppástúngu um, að lagaboðið verði hèr lögleitt.

Konúngsfulltrúi: Það eru einúngis fáeinar athugasemdir, sem eg hef að gjöra við nefndarálitið; því það fer allt í sömu stefnu sem stjórnin, í tilliti til þess, hver lagaboð eigi að lögleiða á Íslandi af þeim, er út hafa komið á árunum 1847—1852. Eg skal einúngis biðja nefndina, áður en eg kem fram með þær fáu athugasemdir, er eg hef að gjöra, að yfirvega nákvæmlega bendíngar þær, sem þeir 2 heiðruðu kon-

úngkjörnu þíngmenn, er næst á undan hafa talað, hafa komið fram með.

Min 1. athugasemd er sú, að, þó eg sè nefndinni samdóma í því, að hið opna brèf frá 17. febr. 1847, viðvíkjandi launum fyrir vörn í sakamálum við hæsta-rètt, sè gildandi lög fyrir nefndan rètt, held eg þó vel fallið, að það væri lögleitt hèr á landi, hvar alþýða optast má bera kostnað þann, er af slíkri vörn leiðir, með þeirri athugasemd, er dómsmálastjórnarherrann hefur tekið fram í brèfi sínu til mín 23. maí þ. á., sem eg hef feingið nefndinni til hliðsjónar, nefnilega, að konúngsbrèfið frá 21. des. 1831 eigi við málefni það, sem hèr um ræðir.

Eg er samdóma nefndinni í því, að hún í uppástúngunni nr. 2 hefur farið því á flot, að lagaboðið 5. apr. 1850 um, að framandi Gyðíngar megi setjast að hèr í ríkinu, öðlist gildi hèr á landi, þó þetta lagaboð, eins og dómsmálastjórnarherrann hefur vikið á, nú sem stendur, hafi litla þýðíngu, meðan hin íslenzka verzlun ekki er orðin frjáls; en þar á móti vil eg leiða athuga hinnar heiðruðu nefndar að því, að eg held það miður fallið, að þíngið taki inn í álitsskjal sitt til konúngs þá athugasemd, er nefndin í skjali sínu hefur tekið fram, nefnilega, „að Gyðíngar eptir tilskipun frá 17. nóv. 1786, § 1, og 1787 fyrir Ísland, hafi leyfi til, að setjast hèr að“; því þó svo væri, gæti hèr ei verið meint til annara Gyðínga en þeirra, sem eru danskir borgarar; en lagaboð það, sem nú er spurníng um að lögleiða hèr á landi, höndlar einúngis um framandi Gyðínga; og líka veit eg til, að tilsk. frá 17. nóv. 1786 § 1 hefur fyrrum af stjórninni verið skilin svo, að ekki væri öðrum leyft, að setjast hèr að í Íslandi, en þeim, er viðurkenndu kristna trú, en að Gyðíngar væru útilokaðir þar frá, og eg verð og að viðurkenna, að þetta er mín persónulega meiníng um þann rètta skilníng þessa lagaboðs.

Nefndin hefur stúngið upp á, að þeir 3 mánuðir, sem til eru teknir í 3. grein laganna um prentfrelsi frá 3. jan. 1851, verði leingdir til 6 mánaða; en eg veit þó ei, hvort slíkt er nauðsynlegt, eptir því sem hèr til hagar. Hèr eru, eins og menn vita, einúngis 2 prentsmiðjur, önnur í Reykjavík og önnur á Akureyri. Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi er búsettur í Reykjavík, og amtmaðurinn í norður- og austur-amtinu nálægt Akureyri; en nú hefur nefndin við 13. grein stúngið upp á, að hlutaðeigandi stiptamtmanni eða amtmanni verði falið á

hendur starf það, sem lagaboðið í Danmörku ætlar dómsmálastjórnarherranum; og þar eg verð að álíta slíka breytíngu nauðsynlega hèr á landi, get eg ei skilið, að sú tímaleingíng, sem nefndin hefur stúngið upp á, eigi vel við.

Við 4. grein hefur nefndin stúngið upp á, að sú þar tiltekna fjársekt, 20—500 rbdd., skyldi hèr vera 5—50 rbdd. Það er nú sjálfsagt, að eptir tilsk. 24. jan. 1838 ætti þessi sekt, eins og allar þær, sem til eru teknar í lagaboðinu um prentfrelsið, að mínka til helmínga; en hvort sú ýtarlegri lækkun sektarinnar, sem nefndin hefur stúngið upp á, fær meðhald stjórnarinnar eða ekki, get eg ekkert um sagt. Eg fyrir mitt leyti er uppástúngu nefndarinnar ekki svo mótfallinn; því þess ber að gæta, að fátækt er hèr almennt mikil, en líkamleg refsíng liggur við, ef fjársektirnar verður að afplána.

Hvað athugasemdir nefndarinnar við 5. grein áhrærir, verð eg að vera á því, að það sè vel fallið, að ákvörðunin í tilliti til ríkisþíngsins sè felld úr greininni.

Eg verð að vera þeim konúngkjörna þíngmanni, sem þar um hefur áður talað, samdóma í því, að *mínimum* eða lægsta stig þeirrar fjársektar, sem nefndin hefur stúngið upp á við 6. grein, sè of lágt, í tilliti til þess lagabrots, sem þar ræðir um.

Nefndin hefur stúngið upp á, að lögleiða hèr *kanselíplacat* af 9. nóv. 1847, um fermíngaraldur barna. Í nefndinni sjálfri hefur orðið ágreiníngur um, hvernig breyta skyldi ákvörðuninni í lagaboði þessu, og eg get þess til, að þar um verði líka ágreiníngur meðal þíngmanna. Eg fyrir mitt leyti hef nokkurn efa um, hvort uppástúngur nefndarinnar, bæði meiri og minni hlutans, eigi hèr alls kostar vel við. Eg hef nú sjálfur í þessu tilliti hvorki mikla reynslu eða þekkíngu, hvar á mót þeir heiðruðu geistlegu menn, sem setu eiga hèr á þínginu, eru að mínu áliti þess bezt umkomnir, að dæma um, hvað bezt sè tilfallið í þessu efni. En skyldi nú annaðhvort hinni heiðruðu nefnd eða þínginu ekki takast, að koma sèr saman um þær ákvarðanir í þessu máli, sem hentugar virðast, og út liti fyrir, að þíngið með miklum atkvæðafjölda eða einhuga vildi fallast á, vil eg skjóta því til þíngsins og nefndarinnar, hvort ei mundi tiltækilegast í þetta sinn, að skjóta á frest, að stínga upp á því, að áður nefnt lagaboð verði hèr lögleitt, en bíða eptir því, þángað til hentug uppástúnga hèðan frá landi síðar kæmi um þetta málefni frá þeim mönnum,

er þar á hafa bezt skynbragð, og virðast mèr þessar umræður mættu vera upphvatníng til þess.

H. G. Thordersen: Eg álít mèr of vaxið, að dæma um þau lagaboð, sem hèr ræðir um, nema ef vera skyldi um það eina, er snertir, að prestum gefist leyfi til, að ferma börn, þó ei hafi alveg fyllt 14. árið. Eg felli mig í því efni vel við álit meiri hluta nefndarinnar, og sè ekki, þó eg væri beðinn um álit mitt, að eg gæti fundið ástæðu til, að mæla á móti, að uppástúnga hans mætti verða hèr að lögum. Það er mjög leiðinlegt fyrir presta, einkum hèr í landi, hvar þeir eiga svo lángt til biskups, að þurfa að sækja um leyfi til, að ferma börn, sem ei vantar nema fáa daga, eður svo sem ½ mánuð eður þar um bil, upp á fullan aldur, en eru að öðru fær til, að fermast. Þótt lög ákveði vissan fermíngardag, vita allir, að því hefur aldrei orðið fylgt hèr í landi, hvar prestar bæði sökum vegaleingdar í sóknunum, torfæra og veðráttufars, samt fl., hafa orðið að fara eptir kríngumstæðunum, og sè eg ekki, að hèr verði gjörð breytíng á; en flestir ferma þó börn um hvítasunnuleytið, stundum nokkru fyr, fáir seinna, og sýnist mèr þá vel hlýða, að prestur megi ferma hvert barn, er hann annars álítur þar til fært, sem, eins og meiri hlutinn stíngur upp á, er fullra 14 ára á Jónsmessu; það munar hèr svo litlu á fullan aldur, að mèr virðist prestinum megi án alls skaða hlífa við, að sækja um biskupsleyfi, eður við þeim leiðindum, að verða að vísa barni frá fyrir svo lítið. Minni hlutinn hefur ritað ágreiníngsatkvæði, sem er vel samið í þá átt, sem það stefnir, en mèr þykir hann aptur vilja gefa prestum allt of mikið vald til, að víkja svo mjög frá lögboðnum aldri, þar sem prestur, er fermir um vorið, má taka barn, sem ei verður fullra 14 ára, fyr en í enda októbermánaðar. Á þessu sýnist heldur eingin þörf; því þegar svo á stendur, að það er áríðandi fyrir velferð barnsins, að ná fermíngu, hefur biskup myndugleika til í þessum kríngumstæðum, að veita leyfi, þegar hann hefur fyrir sèr prests- og prófastsvitnisburði. Það má með eingu móti gánga út frá því, að það sè nauðsyn, að ferma barnið, undir eins og það er 14 ára; það getur á því reki vantað bæði nægilega þekkíngu og andlegan þroska, svo fermíngin þess vegna verði að dragast fram yfir 14 ára aldurinn; margir skynsamir foreldrar æskja þess ei heldur svo snemma. Undantekníngarnar frá fullum laga-aldri verða því ei svo margar, og veitir þá þess hægra, að sækja um bisk-

upsleyfi í þeim einstöku tilfellum. Vèr megum ei bera vora fámennu söfnuði saman við þá í Danmörku, hvar sá mikli fólksfjöldi og hinir mörgu atvinnuvegir gjöra undantekníngarnar fleiri. Þess er enn fremur í þessu tilliti að gæta, að það eptir lögunum er leyfilegt, að ferma hèr tvisvar sinnum á ári, vor og haust; sè nú beðið um, eins og minni hlutinn gjörir, að börn, sem verða fullra 14 ára í útgaungu októbermánaðar, megi ferma að vorinu, sè eg ei betur, en um leið yrði að biðja um, að það lagaboð yrði upphafið, sem leyfir fermíngu að haustinu til. Að vísu er sú venja í landinu, að ferma ei nema einu sinni á ári, og kemur það til af því, að söfnuðir vorir eru fólksfáir, nema fáeinir, hvar á meðal einkum Reykjavík, hvar eg ætla að nærfelt þegar sè orðið nauðsynlegt, að ferma tvisvar á ári. Þegar þetta er leyfilegt, ætla eg það hverjum góðum og sanngjörnum presti, að hann fermi barnið að haustinu til, ef hann sèr, að barnsins velferð, vegna einhverra sèrlegra orsaka, útheimtir það. Eg get þess vegna ekki samsinnt áliti minni hlutans, en læt mèr vel lynda það, sem meiri hlutinn hefur farið fram á.

Hinar löggjafirnar er eg ekki maður til að dæma um, en fyrst eg stóð upp hvort sem var, get eg ei annað, en gefið mitt fullkomið samþykki því, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður mælti viðvíkjandi lagaboðinu um, að Gyðíngar mættu setjast hèr að. Mèr virðist, sem þetta mál mætti liggja í þagnaðargildi; eg er hræddur um hið sama, sem sá heiðraði þíngmaður, að þeir, Gyðíngarnir, mundu verða oss kænni í kaupum og sölum, og fèlagi voru, eins og því er háttað, standa lítil heill af aðsetri þeirra hèr. Eg veit einginn tekur svo orð mín, sem mæli eg móti þeim trúarbragðanna vegna. Mèr lízt bezt, að láta sèr lynda þá eldri löggjöf, en að vilja útvega sèr nýja um þetta, virðist mèr, eins og sèum vèr að falast eptir þeim; en til þess finn eg ei tilefni; það væri lítill vegur, ef þeir sjálfir beiddu um, að mega koma til vor; meðan ekki bryddir á því, þykir mèr í þessu efni allur dagur til stefnu.

G. Einarsson: Ein á meðal þeirra laga-ákvarðana, sem nefndin í máli þessu hefur stúngið upp á að yrðu lögleiddar hèr á landi, af þeim, sem út hafa komið fyrir Danmörku á árunum 1847—52, er opið brèf frá kanselíinu, dagsett 9. nóvember 1847, sem ákveður óraskanlegt takmark, þegar reiknaður er aldur barna þeirra, sem taka má til fermíngar. Um þetta laga-

boð vildi eg leyfa mèr að fara nokkrum orðum, enda þótt eg sè í raun rèttri helzt á þeirra máli, sem vilja fresta því, að lagaboð þetta yrði lögleitt hèr að svo stöddu, og þurfi því ekki í því tilliti að ræða um það. Þegar eg þá skoða málið frá þeirri hlið, að það sè þörf á, að löggilda nefnt kanselíbrèf fyrir Ísland, þá fellst eg á þær ástæður, er nefndin hefur tekið fram, bæði hinn meiri hluti hennar og minni hluti, fyrir þörfinni á löggildingu þessa lagaboðs hèr á landi; en þegar eg fylgist með nefndinni leingra inn í efnið, og kemur að aðaltriðinu, hversu mikið aldursleyfið megi vera, hvað megi nefnilega vanta upp á 14. árið mest, til þess að barnið megi fermast það ár, þá get eg fyrir mitt leyti ekki fallizt á uppástúngu meiri hluta nefndarinnar, en verð heldur að vera á máli minni hlutans, og skal eg nú leyfa mèr að skýra þínginu frá skoðun minni í því efni.

Meiri hluti nefndarinnar stíngur upp á Jónsmessu, eða 24. júní, sem aldurstakmarki, innan hvers að barnið, sem fermast á það vor, verði að vera 14 ára; nú er hinn lögskipaði fermíngartími, samkvæmt tilskip. af 29. maí 1744, á vorum, sunnudagurinn fyrir Urbanusmessu, 25. maí, og þá er það að eins mánaðartími, sem um er rýmkað. Nú er vert að athuga þetta nákvæmar. Tilskipunin af 25. maí 1759 segir með berum orðum, að börnin skuli vera fullra 14 ára, þegar þau sèu fermd, og frá því er eingin undantekníng, nema með aldursleyfi frá hlutaðeigandi biskupi. Eg álít þetta góða reglu, og að henni sè ekki breytandi, nema því að eins, að veruleg umbót komi í því tilliti, sem menn vilja breyta henni fyrir. Nefndin er öll á því máli, að hlutaðeigendum standi það ekki á alllitlu opt og einatt, að fá börn sín fermd, þó að þau hafi ekki náð algjörlega lögboðnum fermingaraldri, en ekki ætið hægt, að nálgast biskupsleyfi. Þetta er öldúngis satt; en fyrst þetta er satt og rètt, þá átti meiri hluti nefndarinnar, þegar hann á annað borð tók í mál, að breyta frá því, sem verið hefur, að hafa rètt tillit til hvorstveggja, bæði til hinna líkamlegu þarfa barnanna og þeirra, sem að þeim standa, og líka til hins, að börnin fyrir hið sama liðu sem minnst eða misstu í íandlegu tilliti. Í þessu tilliti virðist mèr meiri hlutinn hafi ekki skoðað nógu skýrt nè nógu lángt, hvernig ástatt er hèr á landi. Hèr eru börn jafnast ekki fermd, nema einu sinni á ári, nefnilega að vorinu, nálægt hinum lögskipaða fermingardegi, og upp frá þeim tíma og allt til haustnótta leyfa útistörf og aðrar kríngum-

stæður fólki ekki, að uppfræða börn mikið, svo börnum fer ekki, að það heita megi, fram á þeim tíma í andlegum efnum; hins vegar getur það opt orðið bagi í útvortis tilliti, að barn komist ekki á framfæri, er menn kalla, á 14. árinu. Eg álít því, eptir því sem eg þekki til, að það muni litlu í andlegum þroska og kunnáttu barnsins, hvort barnið, er fermast á, er 14 ára að vorinu, eða það vantar þriðjúng árs upp á árið, frá þeim tíma að telja, og eg fyrir mitt leyti get ekki gjört svo lítið úr prestastèttinni, að henni sè ekki trúandi til, að hafa rètta umsjón og reglu á, að slíkt aldursleyfi væri ekki misbrúkað. Það er þó í umsjón þeirra og ábyrgð kristileg menntun hinna úngu, og þeir eiga að svara fyrir misbrest þann, er á kann að vera, og þá get eg ekki sèð, að meira sè vandhæfi á þessu, en mörgu öðru. Þegar eg því fer að gánga inn á þetta mál, sem breytíngu frá því, sem verið hefur, aðhyllist eg að því leyti, sem tímann áhrærir, uppástúngu minni hlutans, en orðun uppástúngunnar kann eg ekki við, með því líka að þar er ekki gjört ráð fyrir fermíngu að haustinu, sem þó bæði er lögboðin og brúkast stöku sinnum. Mèr virðist nóg, að fylgja sem næst þessu íslenzkaða opna brèfi um fermíngartakmarkið, sem orðið getur; áskil eg mèr því breytíngaratkvæði í þessu tilliti á þá leið: *„að það verði með lögum ákveðið, að þau börn, sem verða fullra 14 ára fyrir lok októbermánaðar, megi án aldursleyfis taka til fermíngar á því ári, hafi þau að öðru leyti þá kristilega menntun og andlegan þroska, sem áskilið er í hinum gildandi lagaboðum um fermíngu barna á Íslandi.“*

Þó að eg hafi nú orðið þannig fjölorðari um þetta mál, en eg bjóst við, er það ekki af því, að eg vilji ota því fram, heldur af því, að eg vildi reyna til að sýna, að annaðhvort væri ekki vert, að hreifa við málinu, og láta það falla, eða þá að gjöra á því verulega breytíngu.

H. Stephensen: Eg verð að lýsa því yfir, að eg í mörgum greinum er samþykkur hinum háæruverðuga 3. konúngkjörna þíngmanni, sem áðan talaði. Eg er ekki fjærri því, að þetta ætti helzt að standa við það, sem verið hefur; því mèr finnst eingin nauðsyn bera til þess, að staðfesta barnið, fyr en það er orðið 14 ára; það munu líka mjög fá börn, sem presturinn getur sagt það um, að þau sèu fullfær til, að staðfestast; það er sjálfsagt, að margt 14 ára gamalt barn er búið að nema lærdómsbókina, en eg þekki ekkert barn, sem hafi feingið þá andlegu staðfestu, áður en

það er orðið 14 ára, að óhætt sè að senda það út í heiminn. Að fylgja meiri hluta nefndarinnar, er að gefa prestinum leyfi til, að gjöra undanþágur *(dispensera)* frá lögunum, og það getur opt orðið ógeðfellt fyrir hann, til dæmis þegar hann hefur neitað 4 eða 5 börnum, þá að lofa því sjötta það — (satt) —.

Mèr virðist það ekki heldur svo mjög áríðandi fyrir foreldrana eða sveitarstjórnina, að þau verði fermd, fyr en þau eru fullra 14 ára; því þó kann skè sèu margir foreldrar, sem vilja koma þeim burt frá sèr, þá verður þó skaðinn fyrir barnið meiri en ábatinn; því úr því barnið er komið í vist, hugsa vist fæstir húsbændur um, að það nemi meira.

Ágreiningsálitið er því síður takandi, sem það er illgjörandi, að samsinna hinu. Það er, eins og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður sagði, í lögum, að tvisvar á ári má ferma börn, og það hef eg gjört, en aldrei fyr, en þau hafa verið orðin 14 ára, og mín eigin börn ekki fyr, en þau hafa verið orðin 15 ára. Ef fara ætti að leita leyfis biskupsins fyrir 1 mánuð, þá verður biskupinn einúngis að fara eptir vitnisburði prestsins, og þá er leyfi biskupsins ekki stórt meira en prestsins, og því vil eg, að sem sjaldnast sè leitað leyfis biskupsins.

Eg vil ekki banna Gyðíngum að koma híngað vegna trúarbragðanna, heldur af því þeir hafa nóg í því leyfi, sem þeir nú þegar hafa. Fátækt og tortryggni hèr í landi verður líka að mæla á móti því, að þeim sè boðið, að koma híngað.

Pètur mikli sagði, að hann treysti að vísu Rússum sínum, að sjá við verzlunarprettum Gyðínga, en þeir mundu ekki þrífast þar, og sama kynni að verða upp á fyrir þeim, þó þeir kæmu til Íslands, og vil eg ekki narra þá híngað.

G. Brandsson: Mèr þykir það nokkuð undarlegt, að menn skuli halda, að prestum vorum sè ekki trúandi til, að gæta skyldu sinnar í tilliti til barnafermíngar, nema aldur þeirra sè einskorðaður við 14 ár, þegar þau eiga að konfirmerast; en úr því þau eru svona gömul, þá eru þeir að miklu leyti einráðir um þetta, hvort börnin eru vel eða illa að sèr — (nei) —. Eg veit til, að börn hafa ekki verið konfirmeruð, fyr en þau voru 18 ára, og jafnvel eldri, og hafa þó verið miklu miður að sèr, en sum önnur á 14. ári; er það þá ekki hart, að prestar skuli ekki mega hèr í fara eptir eigin sannfæríngu sinni? því margir þeirra eru þó þekktir að reglusemi og vandvirkni í þessu, og sumir þeirra hafa þó ekki bundið sig eingaungu

við þeimán 14 ára aldur; þannig gekk það einnig til, þegar eg var konfirmeraður, að talsvert vantaði mig til, að fylla 14. árið, og var þó prestur sá, sem það gjörði, sèra Brynjólfur sálugi á Útskálum, almennt álitinn vandlátur og reglufastur; en það var ekki eg einn, heldur fleiri, sem hann konfirmeraði um leið, sem ekki höfðu náð þessum 14 ára aldri, þar sem aptur sum börnin voru miklu eldri. Eg gæti fært til fleiri dæmi þessu lík, ef eg vildi, og líka sannað mönnum það, að þessir úngu hafa ekki orðið lakari menn en hinir, sem konfirmeraðir voru eldri. Menn vita þó, að gáfað barn og vel siðað hefur optast næma tilfinníngu fyrir því, sem er fagurt og háleitt, og þar hjá mikla laungun til, að komast sem fyrst í kristinna manna tölu, og vill þess vegna leggja hart á sig, hvað lærdóm og uppfræðíngu snertir; nú vita menn, að ókonfirmerað barn má ekki gánga til guðsborðs, og má ske ekki þjónustast, þó það liggi fyrir dauðanum — (jú) —, og held eg, að með þessu háttalagi sè lítil ábyrgð fyrir því, að hinar næmu og góðu tilfinníngar, sem guðhræðslan er vön að birtast í, og sem mjög eru samboðnar þessum aldri, verði ekki talsvert meiddar, og hvað þá þegar þekkíng og skilníngur trúarbragðanna er þessu samfara, má ske betur en hjá mörgum fullorðnum. Að leita biskupsleyfis um barnafermíngu, getur opt orðið að litlu liði, og stundum er það næstum ómögulegt fyrir þá, sem lángt eru í burtu, t. a. m. úr Múlasýslum, og þar sem líkt stendur á. Það var ekki rètt hermt, sem sagt var hèr áðan, að húsfeður skiptu sèr lítið eða ekkert af uppfræðíngu barna, úr því þau væru konfirmeruð. Eg veit marga, sem gjöra sèr þó far um þetta, og sama er að segja um prestana, ekki einúngis þegar þeir húsvitja, heldur opt og tíðum, þegar þeir yfirheyra og spyrja önnur börn; þannig veit eg til, að sum þeirra hafa verið spurð af prestinum í tvö ár, eptir að hann hafði konfirmerað þau. Þessar sagnir um skeytíngarleysi húsbænda, og jafnvel presta, eru áþekkar því, þegar sagt var hèr á þíngi, að það væri ekki meir en tíundi hver bóndi, sem gæti skrifað vitnisburð handa hjúi sínu, og held eg jafnervitt, að sanna hvorttveggja. Eg held þess vegna, að menn þurfi ekki að vera hræddir um, að foreldrar eða húsbændur sleppi að öllu leyti hendinni af börnunum, þegar búið er að konfirmera þau; því það er móthverft því, sem reynslan hefur sýnt hèr að undanförnu.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Það kann nú að þykja nokkuð djarft til tekið, að eg skyldi leyfa mèr að gjöra ágreiníngsálit móti samnefndarmönnum mínum, þar þeir voru allir vísinda-menn, lögfræðíngar og prestur; en eg gjörði það ekki í því skyni, að eg þættist skynja betur en þeir, heldur þóttist eg hafa rètt á, að halda minni sannfæríngu mèr, og láta hana í ljósi fyrir þínginu, og eg hugga mig við það, að þíngmenn muni þó sjá, að hún hefur þó nokkrar sannleiks- og sanngirnis-ástæður við að styðjast, og sú lánga ræða hins háæruverðuga 3. konúngkjörna þíngmanns hefur ekki hrakið þær í hinu minnsta; því þar hann sagði, að menn vildu skylda presta til, að ferma börn, ef þau mættu fermast vegna aldurs, hvernin sem þau væru að sèr, þá getur einginn með rèttu lagt þá þýðíng í orð mín, eða það skriflega álit mitt; því þó presturinn taki ekki barnið, fyr en það er 16 eða 17 vetra, veit eg eingan tala um það, þegar það vantar sína kristindóms-hæfilegleika. Prestinn álíta menn færan og myndugan til, að dæma um hæfilegleikann, og ef barnið er hæfilegt til, að kristnast, þá vil eg ekki láta lögin vera svo óhentug og ósanngjörn, að þau sèu því til fyrirstöðu, eða menn þurfi að vera að sækja um slíkt til biskups með ærn-um kostnaði yfir lánga vegi. Slíkt er óþarfa-krókur, er lögin gjöra á leið manns, til að ná rèttindum sínum; því biskupinn þekkir ekki barnið eins vel og presturinn, og getur ekki farið eptir neinu, nema vitnisburði prestsins; og er það merkilegt, ef presturinn skal vera fullvèðja að gefa barninu vitnisburðinn, eptir hverjum að biskupinn ályktar það að vera hæfilegt, en hann skyldi ekki vera ráðandi að því, að ferma það eptir sinni *embættis-sannfæríngu*. Slíkt sjá allir heilvita menn að eru þýðíngar- og ástæðu-lausir útúrdúrar, að vilja hafa lög svo-leiðis. Hinn háæruverðugi þíngmaður sagði, að þetta kæmi hèr sjaldan að baga, því hèr væri fámennt, og litlir söfnuðir; en eg vil segja, að þetta getur víst komið hèr að meiri baga en í Danmörk, því hèr eru aptur margir söfnuðir, og leingri og verri leið, að ná biskupsleyfi. Þó hèr megi ferma börn á haustum, þá er það þó ekki vanalegt, og slíkt eru eingin þægilegheit, ef lögin byndu menn til þess, prestinn til að gjöra aukaferm-íngu, en hlutaðeigendur til að láta barnið vera að halda við og standa undir yfirheyrslu allt sumarið. Það eru þó allir hèrna í þíngsalnum svo íslenzkir, að þeir vita, að við þurfum að brúka sumartímann til annars, en að liggja í hókum; það ríður á því

lífið allra, lífið valdstèttanna, og viðhald allra stiptana, að menn sviki ekki af sèr sumarið; því ef svo er, þá er kvikfèð, allur lífshjargarstofninn, farið. Ef eg gæti náð til alþýðu út um landið, þá skyldi eg sanna það með nægum rökum, að það hefur kviknað víða megn óánægja yfir þeim stráng leika með þetta aldurstermen, sem brúkað hefur verið nú á seinni tíðum, og mest síðan þessi biskup kom, sem kann ske hefur komið af þessu danska plakati; á fyrri tíðum var ekki brúkaður þessi siður, og mun enginn geta sannað, að börn hafi verið kristnuð óverðugri. Prófastur sálugi Pètur Pètursson í Stafholti var guðhræddur og rækilegur maður í embætti sínu; það mun enginn geta þar á móti borið; þó tók hann opt börn ýngri en fullra 14 ára, og þar á meðal var eg eitt; því mig vantaði $\frac{2}{3}$ upp á 14. árið. Í þeim sama fermíngarflokki voru líka 16 vetra börn, og lèt hann þau ekki standa fyrir hinum ýngri. Eg verð að vera á móti breytíngaratkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns, að málinu sè nú frestað, og eingin bæn um það send; því eg veit, að alþýðu þætti vænt um, ef nú væri neytt tækifærisins, og beðið um þetta síðara aldurstermen í plakatinu af 9. nóv. 1847, og eg held, að það sè skylda alþíngis, að gjöra það, fyrst plakatið var sent því frá stjórninni, til að segja álit sitt um það. En að öðru leytinu er það hreint tilgángslaust, að láta lög meina barninu fermíngu, þó það vanti nokkrar vikur af sumartímanum hèr til fulls 14 ára aldurs, nema ef það væri sá tilgángur, að gjöra mönnum opt óþægilegheit í líkamlegum efnum, sem lög eiga þó víst ekki að gjöra, þegar þau andlega græða þá ekkert við það. Hefði þessi uppástúnga mín verið borin hèr upp á þínginu af æðri mönnum, þá hefði hún víst feingið meðhald, en það kann nú að spilla fyrir henni, að hún er borin upp af minni háttar manni.

P. Pètursson: Varaforseti tók fram helztu ástæðurnar gegn breytíngu á þessu; eg skal að eins bæta því við, að mèr virðist lítið vera unnið með breytíngaruppástúngu meiri hlutans, og hún vera þannig löguð, að hún gjöri prestana enn þá óvinsælli, en þeir eru nú, þegar þeir verða að neita um, að taka börn til fermíngar. Eg get því ómögulega fallizt á uppástúngu meiri hlutans, og vildi eg heldur fallast á það, sem minni hlutinn hefur farið fram á, en held þó yfir höfuð, að bezt verði, að skjóta þessu máli á frest, helzt af þeirri ástæðu, að þó únglingar kunni, ef til vill, ekki að læra mikið eða lesa

upp um sumartímann, þá munar þó mikið á þessum aldri um hvert hálft árið í andlegu tilliti, og á hverju hálfu ári taka únglingar miklum þroska; því það er ekki nóg, að læra kristindóminn; það ríður öllu meira á því, að geta heimfært það til sín, sem maður hefur numið; en til þessa þarf nokkurn þroska og lífsreynslu. Þess vegna get eg ekki heldur gefið atkvæði mitt fyrir uppástúngu minni hlutans.

P. Sigurðsson: Það mun vera í þessu efni, eins og mörgum öðrum, að reynslan verður sá vissasti skólameistari. Eg held, að það hafi verið almenn siðvenja á þessari öld, að staðfesta börn 14 ára og á fjórtánda árinu, án þess það hafi verið bannað niður, hve nær á árinu þau ættu afmælisdag; þess munu prestar optar hafa gætt, að staðfesta einasta þau, sem voru upplýst í betra lagi, þó þau ekki væru fullra 14 ára, en síður þau, sem fákænari voru; eg held enginn geti betur metið þetta en presturinn. Eg er á sama máli, og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður, að það sé leyfilegt, að ferma börn á haustin, en samt er það svo sjaldan sem aldrei gjört, og það er vissasti votturinn, að það þykir óhentugur tími; það verða líka allir að játa, sem þekkja til sveitalífsins, ef þeir vildu skoða það, að það er mjög frábrugðið staðalífinu í Kaupmannahöfn, og enda staðalífinu hérna í Reykjavík; menntun og uppfræðsla úngdómsins er mestöll á vetrum, en sláttur og aðrar sumaranmir verða því til fyrirstöðu, að börnin verði látin meira en halda þeim lærdómi í minni, er þau lærðu á vetrinum. Eg held það sé líkt með þann andlega þroska og þann líkamlega, að hann taki ekki meira framfarastökk, þegar barnið endar 14. árið, hafi hann verið vesall tveimur eða þremur mánuðum áður. Eg þekki ekki, að þeir, sem nú eru vaxnir, og fermdir voru á 14. árinu, séu til jafnaðar lakar upplýstir, hvorki í trúarfræði eða öðru, en hinir, sem eignuðust allt 14. árið, áður þeir voru fermdir. En nú fyrir fáum árum fór þessi dönskusletta að koma í sveitirnar, að ekkert barn mætti fermast, fyr en fullra 14 ára, og líkaði flestum illa, bæði prestum og alþýðu; því þegar barnið hefur verið bæði af presti og meðhjálpurum álitið verðugt til að fermast, en einasta staðið í vegi, að 1 eða 2 mánuði vantaði upp á árið, þá hafa bæði þeir, sem að barninu standa, og prestur verið þjáðir af þraungbýli laganna. Þar sem hinn háttvirti varaforseti sagði, að allur fjöldi húsbænda láti sér lítið annt um uppfræðíngu úngdómsins, hafi hann meint einasta til sumartímans, þá

nær þessi framsaga hans nokkurri átt; en hafi hann meint yfir höfuð, þá held eg hann eigi örðugt, að sanna þettà; það er líka í mótsögn við það, sem hann áður sagði, eins og fleiri hafa látið þá meiníngu í ljósi, að það mundi uppfræðíngu þeirri, sem úngdómurinn nú fær í heimahúsum, meir til hnekkis en framfara, að stofnaðir væru barnaskólar í sveitunum.

J. Kristjánsson: Það er nú, ef til vill, tími fyrir mig, að þegja, en eg vil samt spyrja einúngis að einni spurníngu. Sá lögákveðni aldur úngmenna og venjulegi, þegar þau konfirmerast, er frá fullum 14 árum til 18 ára. En lýsir það ekki misviturleik, er það fyrir skömmu þótti ótiltækilegt, að nokkur skyldi vera skyldugur til, að taka vitnisburðarbók fyrir hegðun sína, fyrri en hann væri 18 vetra, mèr skildist af þeim ástæðum, að maðurinn fari eiginlega þá fyrst að hafa vald á sjálfum sèr, að vilja nú á hinn bóginn fara að þoka fermíngaraldrinum að hálfu fjórtánda ári, af þeim ástæðum, að úngmennið geti þá þegar verið búið að hafa vald á sjálfu sèr, til að geta gjört góða grein á kristindóms-þekkíngu sinni, og full skil á trúarsannfæríngu sinni? Eg held meiri hluta nefndarinnar hafi ekki komið til hugar, að hún feingi þakkir fyrir neinar sèrlegar lagabætur, þó hún stýngi upp á þessari litlu rýmkun áhrærandi aldurinn. Eg veit heldur ekki, nema mörgum kynni að þykja það eins mikil bót, að 15. árið yrði einmitt lögboðinn fermíngaraldur, eins og hitt, að missirið drægist frá 14 árunum, ef að þannig gæfist meira veð fyrir því, að úngmennin yrðu betri þegnar í kirkjufèlaginu og í borgaralegu fèlagi.

Það er eingan veginn rètt hermt, að úngmennum sè eingrar framfarar eða uppfræðíngar von á sumarmissirinu, sem um er verið að ræða; því eg veit til þess, að sumir prestar yfirheyra börn á sumrum eptir embættisgjörð á sunnudögum. Það þykir mèr kynlegt, að þeir menn, sem drótta því að merkum prestum, að þeir fermi börn án lagaheimilda, skuli ota því svo fast fram, að prestar yfir höfuð hafi í þessu efni sem óbundnastar hendur.

G. Brandsson: Mèr finnst þó, að uppástúnga þíngmannsins, sem núna settist niður, sè ekki sem heppilegust, þegar hann vildi binda konfirmatiónsaldur barna við 15 ár. Það er mönnum kunnugt, að á þessu þíngi hefur opt að undanförnu verið talað um, að kjör presta hèr á landi væru mjög bág, en menn vita líka til þess, að þegar börn eru fermd, þá er það

ekki sjaldgæft, að stöku skildingar hrjóti að sóknarprestinum. Nú ber það opt við, að börn deyja á 15. árinu, og er það þá eptir þessari uppástúngu auðsjáanlegt tap fyrir prestinn. Eg vildi því ráða hinum heiðraða þíngmanni til, að fara sem minust fram á þetta, stètt sinni í óhag, og reyndar ætla eg, að þetta hafi fremur óvart en viljandi skroppið fram af vörum hans.

H. Stephensen: Viðvíkjandi því, sem 1 eða 2 þíngmenn hafa borið mèr á brýn, þá talaði eg hvorki um feður nè fósturfeður, heldur um aðra húsbændur, og margir þeirra gjöra sèr ekki svo mikið ómak, sem skyldi, fyrir uppfræðíngu únglínganna, heldur láta þeir nægja það, sem þeir hafa feingið, áður en þeir voru konfirmeraðir. Viðvíkjandi því, sem þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, að það yrði skaði fyrir prestana, ef börnin ekki væru konfirmeruð, fyr en þau væru 15 ára, þá held eg sá skaði kæmi einúngis fram, ef þau dæju milli 14 og 15 ára, en á þeim aldri deyja þó fæstir.

M. Andrèsson: Mèr finnst eitt unnið með því, að lögleiða hèr kanselíbrèfið með þeirri breytíng, sem þykir bezt eiga við, og það er, að fá þann dag fastsettan, á hverjum barnið skuli vera búið að fylla hið 14. ár á því sumri, þegar það má fermast. Það getur spunnizt út úr því nokkur ágreiníngur, að 14 ára aldurinn er einúngis bundinn við þann fermíngardag, sem presturinn útvelur, en allir prestar ferma ekki á sama tíma; þess vegna getur það að borið, að velgáfað barn nær ekki aðgángi í sinni sókn, vegna þess að presturinn konfirmerar svo snemma á vori, má ske 3 — 4 vikur af sumri, en hefði feingið framgáng í næstu sókn, því presturinn þar fermir ekki fyr en undir Jónsmessu; þetta veit eg til að valdið hefur á stundum óánægju meðal fólks; fèlli þetta frá, þá mínkar ágreiníngsefnið; því þá er ekki eptir, nema dómur prestsins um það, hvort barnið er hæfilegt til fermíngar eða ei, og hlýtur hann ætíð að eiga rètt á, að meta það. Eg felli mig því vel við, að 14 ára aldurinn bindist við vissan mánaðardag, og hefði ekki verið fram kominar hèr uppástúngur um þann tíma, held eg eg hefði bezt fellt mig við hann um miðjan júlímánuð; því það er mitt á milli fermíngartímanna í Danmörku, sem eru bæði haust og vor.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Þegar eg gjörði ágreiníngsálitið, þá vakti það fyrir mèr, að danska plakatið gekk út á það, að í Danmörku eru börn fermd tvisvar á ári, og eru því 2 aldurstermen sett í plakatinu; hèr er aptur ekki fermt nema einu

sinni á ári, og þarf því ekki nema 1 aldurstermen; nú þeinkti eg, að það væri formlegast, að taka annaðhvort aldurstermenið, sem plakatið hefði, til að fylgja, og samþykkja annanhvorn kafla þess, þar ekki ættu báðir hèr við; nú sá eg, að síðara aldurstermenið gat vel átt hèr við, og því vildi eg fylgja þeirri reglu, að biðja um það, að lögleitt yrði síðara atriði þess fyrirlagða plakats. Að sönnu hefði eg gjört mig rólegan, þó að þetta aldurstakmark hefði verið sett nokknð fyrri, svo sem við septembermánaðarlok, en það þótti mèr þá óformlegra, og tilgángslaust í tilliti til andlegra framfara. Eg vildi sorga fyrir því, að vèr Íslendíngar þyrftum ekki að búa undir miklu lakari kjörum, en þeir í Danmörk; nú er það sýnt, að þar geta það í það leingsta orðið 5 mánuðir, sem barnið þarf að bíða af sínu 15. ári eptir fermíngu; hèr getur það líka orðið eptir minni uppástúngu 7. mánuðir. Þó þessi frestur sè nú nokkuð leingri en í Danmörku, þá get eg unað þessu, þar ekki munar meiru; en að láta börn hèr bíða allt sitt 15. ár, eður 12 mánuði á móti 5, get eg ekki liðið; því nefndarálitið meiri hlutans er miklu þreingra og ófrelsislegra fyrir okkur hèr, heldur en plakatið fyrir þá í Danmörku; því það ætlar þó mánaðarfrest með aldurinn, en hèr væri þá enginn frestur; því hèr er helzt vanalegt, að ferma börn á trinitatissunnudag, sem stundum getur verið í 9. viku sumars, og Jónsmessan getur líka verið í 9. viku sumars; þar hjá yrði þá að fella það konúnglega plakat, þar sem eg vildi samþykkja það að nokkru leyti. Sá heiðarlegi meðnefndarmaður minn, þíngmaðurinn frá Suður-Þíngeyjarsýslu, bjóst við, að taka sèr breytíngaratkvæði upp á 15 ára aldur, eða þó heldur 18 ára aldur. Eg hef heyrt sagt, að úr því væri kallað tvísýnt, hvort það ætti að liggja fyrir manni, að fá að kristnast. Eg held það væri brotaminnst fyrir þíngmanninn þá, að taka sèr það breytíngaratkvæði, að enginn prestur mætti konfirmera nokkurt barn, fyrri en það lægi við á hitt borðið, að það feingi ekki inngáng í kristnina fyrir elliórum.

P. Pètursson: Eg hef aldrei heyrt getið um nokkurt það lagaboð, sem banni, að konfirmera menn eldri en tvítuga, eins og mèr skildist á þíngmanninum úr Mýrasýslu. Það kemur engan veginn til af tortryggni við prestana, eins og sumir hafa látið í ljósi, að eg og þeir, sem hafa sömu skoðun á þessu og eg, viljum láta fermíngaraldurinn vera óbreyttan, heldur

einmitt til að fyrirbyggja þá óvild, sem af þessari breytingu mundi leiða milli sóknarprestsins og sóknarbarna hans. Það þarf ekki að koma af tortryggni við prestana, þó biskupinn gefi fermingarleyfi, heldur er það eðlileg trygging, eins í þessu efni sem öðru, því fremur, sem eg veit ekki til, að biskupinum sè gefið vald til, að leyfa fermingu of úngra barna, nema undir sèrlegum kringumstæðum, þegar bæði prestur og prófastur eru búnir að vitna um kunnáttu og andlegan þroska barnsins, og eins um, að það sè af einhverjum sèrlegum tilknýjandi ástæðum nauðsynlegt, t. d., að únglingurinn eigi að fara burt hèðan af landi. Ekki skil eg heldur í, að svo örðugt sè, að ná þessu biskupsleyfi; því optast mun presturinn áður þekkja slik tilfelli, og vera kunnugur kunnáttu og kristilegri þekkingu barna í sóknum sínum, svo hann mun optast nær geta í tíma hreift þessu máli, og náð aptur hinu umbeðna leyfi. Það er auðvitað, að hèr er ekki talað um það vald, sem biskupinn hefur til, að leyfa fermingu þeirra únglinga, sem eru óvenjulega tornæmir, og komnir eru undir eða um tvítugsaldur.

G. Einarsson: Eg verð að svara því nokkrum orðum, er hinn háttvirti varaforseti drap á í ræðu sinni áðan, enda þótt að búið sè að minnast á það áður af öðrum þingmönnum. Hann sagði einhvern veginn á þá leið, að þegar fermd börn færu frá foreldrunum, og kæmu til vandalausra, þá væri uppfræðing þeirra forsómuð. Eg verð öldúngis að þverneita því, að þetta almenna orðatiltæki eigi við, þar sem eg þekki til; eg þekki marga þá húshændur og marga þá presta, er leggja jafnmikla stund á andlega menntun og framfarir úngmenna hin næstu ár, eptir að þau eru fermd, eins og fyrir fermínguna, og ef hann þykist geta sannað, að úngmennum hafi verið forsómuð í andlegum efnum, þegar þau komu fermd til vandalausra, þá þykist eg eins vel geta sannað, að fermd úngmenni hafi tekið stórum framförum í andlegri uppfræðingu, einmitt fyrir umsjón hinna vandalausu húsbændanna, er þau fóru til, eða þá fyrir aðhald hins nýja sóknarprests þeirra, þegar því máli þótti skipta.

Framsögumaður: Þær ýmsu athugasemdir, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður hreifði þegar í upphafi á umræðu þessa máls, gegn nefndarálitinu, hefði eg getað sparað honum sumar hverjar, og átt að spara honum, um leið og eg lauk við að lesa upp nefndarálitið, með því að gjöra þær tvær

aðalathugasemdir, sem nefndinni hafði komið ásamt að hreifa strax í umræðunni; 1. að nefndin hefði ekki haft færi á, að bera svo nákvæmlega saman hina íslenzku útleggingu, sem hèr er lögð fram, við danska textann, að nefndin gæti um það sagt, að hve miklu leyti hún væri svo fullkomin, að eingra orðabreytinga þyrfti við, og því mundi rèttast, að sjá um, að þessa yrði getið í álitsskjalinu, svo að íslenzka lagaboðsins yrði löguð öldúngis samkvæmt hinu danska lagaboði, að svo miklu leyti sem ekki yrði stúngið upp á sèrstökum breytíngum á því; 2. að nefndin áliti sjálfsagt, að þíngið tæki fram í álitsskjali sínu, að *allar sektir* lagaboðsins, þar sem nefndin hefði ekki fundið sèrstaka ástæðu til, að breyta þeim, yrðu lækkaðar til helminga, samkvæmt hinni almennu grundvallarreglu í tilskip. 24. jan. 1838. Fyrir þetta hefðu margar af hinum fyrri athugasemdum hins háæruverðuga þíngmanns getað sparazt. En eg hefði allt um það ekki getað sparað honum margar hinar athugasemdirnar og aðfinníngarnar við nefndarálitið, sem einúngis komu til af því, að hann hafði auðsjáanlega ekki lesið, hvorki það nè uppástúngur nefndarinnar, nè t. a. m. sjálft frumvarp laganna um prentfrelsið, sem hann fann svo margt athugavert við.

Eg ætla nú að halda þánkagánginum og þræðinum í þessum athugasemdum hans í sömu röð, og hann fór þeim fram.

Hið fyrsta breytíngaratkvæði, sem hann bar upp, var við lagaboðið 17. febrúar 1847. En nefndin hefur í álitsskjali sínu tekið skýrt fram, að af því þetta væri lögleidd löggjöf í Danmörku, og gildandi fyrir hæsta-rètt, þá bæri þínginu ekki að ræða það eða greiða um það atkvæði, heldur að eins lýsa yfir í álitsskjalinu til konúngs, að það áliti sjálfsagt, að þessi löggjöf, sem gildir fyrir hæsta-rètt yfir höfuð, yrði einnig að ná til þeirra sakamála, sem geingju frá Íslandi til hæsta-rèttar. Því hefur nefndin sleppt þessu lagaboði úr uppástúngu-atriðunum, eins og þíngmaðurinn mátti sjá, og kemst því ekki þetta breytíngaratkvæði hans að.

Hið sama fannst nefndinni um þau 2 lagaboð: „um ávísanir eða fyrirframgreiðslu á embættismannalaunum“ og „um eptirlaun“ (Pensioner). Bæði þessi lagaboð er farið að hafa við hèr á landi; þau eru og almenn lög, og orðin gildandi alstaðar annarstaðar í konúngsveldinu, og þau snerta eingar skyldur manna, en veita þeim að eins veruleg hlunnindi. Af þessum

ástæðum áleit nefndin, og hefur tekið það skýrt fram í álitsskjalinu, að þau mætti beinlínis álíta gildandi hèr á landi, án þess þörf væri, að taka það fram í uppástúngu-atriðunum. Því eru breytíngaratkvæði hins háæruverðuga þíngmanns við þessi lagaboð bæði undirstöðulaus, og komast ekki að, og svo eru þau í sjálfu sèr víst næsta ísjárverð um lög, sem gilda, og er ætlað að gilda, yfir gjörvallt konúngsveldið.

Öðru máli fannst nefndinni vera að gegna um lagaboðið 5. jan. 1851, um skyldu embættismanna, til að leggja fè í lífsábyrgðarsjóðinn, og sjá þannig ekkjum þeirra borgið fyrir eptirlaunum að sjálfum þeim liðnum. Þetta lagaboð er öldúngis nýtt, og áhrærir stiptun, sem komin er í stað hins forna „ekkjusjóðs“, sem lögboðið var að skyldi heimfærast til Íslands, seinast með tilsk. 30. apr. 1824. Þetta lagaboð snertir verulegar skyldur og rèttindi ýmsra einstakra manna, og því þótti nefndinni það öldúngis nauðsynlegt, að það kæmi til umræðu og atkvæðagreiðslu hèr á þínginu; og nefndin gat ekki líkað við, að leggja til, að þíngið beiddist, að það einnig yrði lögleitt hèr, að svo miklu leyti sem það gæti átt við hèr á landi. En af því einnig þetta lagaboð er mjög almennt, og orðið lögleitt og gildandi annarstaðar í ríkinu, þá fannst nefndinni það mjög vafasamt, hvort hagfelt mundi vera, eða jafnvel, hvort þíngið ætti með, að ræða það í einstökum pörtum, eða stínga upp á sèrstökum breytíngum við það. Og mèr er það t. a. m. mikið vafamál, hvort breytíng sú, sem hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður stakk upp á, um 100 rbdd. sektina, ef prestar gæfu í hjónaband þann embættismann, sem ekki sannaði áður, að hann væri búinn að ábyrgjast ekkju sinni eptirlaun, er ekki næsta ísjárverð, og það því fremur, sem þessi sama ákvörðun var hèr í lögum um „ekkjusjóðinn“, meðan hann stóð, nefnil. í tilsk. 30. apr. 1824.

Um kanselíbrèf 9. nóvember 1847 má virðast að nóg sè þegar búið að ræða. Eg skil ómögulega, hvað þeim geingur til, eða hvaða ávinníng þeir þíngmenn hugsa sèr þar við, sem vilja fresta þessu máli til næsta eða annars þings. Eg veit ekki, hvaða aðrar eða fleiri upplýsíngar menn geta þá átt vísar, fremur en nú; nógan meiníngamun, þá eins og nú, bæði í bænarskrám og umræðum, og nýjan tilkostnað og tímatöf við umræður og meðhöndlun málsins, sem þó gjörir menn eingu nær, það ætla eg muni verða allur ávinníngurinn af frestuninni. Aðal-

hagnaðurinn af uppástúngu nefndarinnar er sá, að fyrir það veitist prestum og foreldrum nokkuð rýmri, og að eg ætla hæfilega rúmur, rèttur, en verið hefur, til þess að fá framgeingt fermingu barna án biskupsleyfis; og eg verð að leyfa mèr að vekja sèrdeilislega athygli þingmanna að því, sem hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þingmaður sagði áðan, að þó ekki væri lögákveðið leingra tímabil, sem leyft væri að binda 14 ára aldurinn við og fermínguna án biskupsleyfis, þá stæði það enn, sem væri í lögum og hefði verið, að leita mætti, eins eptir sem áður, leyfi biskupsins um fermingu þeirra barna, er þættu til þess fær, sem ekki fylltu 14. árið, fyr en *eptir* þetta takmark, og t. a. m. innan þess tímabils, sem minni hlutinn hefur stúngið upp á. Nokkrir þingmenn hafa sagt hèr í dag, að biskupinn yrði þó að byggja þetta leyfi á meðmælum og skýrslum prestsins um hæfileglleik barnsins; það er öldúngis rètt, en hitt er ekki rètt, sem þeir ályktuðu hèr af og bættu við, að þá væri það þannig á prestsins valdi, og væri eins gott, að lögin legðu það undir hans eindæmi, og án þess hann þyrfti að skýra yfirmönnum sínum frá því, eða fá til þess leyfi biskups. En það hefur allt af þótt, og má þykja, mikil tryggíng vera í því fólgin, að hinir lægri embættismenn geti ekki ráðið af, upp á eindæmi sitt, ýmisleg embættisverk, heldur verði fyrst að rita um það álit sitt og ástæður, og leggja hvorttveggja undir yfirvegun og úrskurð hinna æðri embættismanna.

Um lagaboðið 5. apríl 1850 er það að segja, að nefndinni fannst ekki vera ástæða til, að meina Gyðingum, að setjast hèr að, úr því þeim væri leyft það alstaðar annarstaðar í ríkjum Danakonúngs. Af þessu ramsakaði nefndin þá hina eldri lagastaði, sem hèr voru gildandi um þetta mál, og fann hún þá fyrst, að 1. gr. í tilsk. 17. nóv. 1786 leyfir að eins „öllum trúarbragðaflokkum *kristinnar trúar*“, að hafa hèr við trúarbragða-iðkanir sínar. Þetta nær því auðsjáanlega ekki til Gyðínga; þeim er ekki leyft, að hafa hèr sínar trúarbragða-æfingar. Aptur segir í tilsk. 13. júní 1787, II, 4: „Þannig mega útlendir menn framvegis, eins og landsbúar, bæði fá jarðir til leigu og til eignar, með öllum sama rètti“, o. s. frv., og það án alls mismunar á, hvort þeir eru innlendir eða útlendir, *eða hverra trúarbragða sem þeir eru* (eller af hvad Religion de ere). Þetta áleit nefndin svo almenna og undantekníngarlausa laga-ákvörðun, að hún hlyti einnig að ná til Gyðínga; því áleit nefndin, að

þeim væri vaſalaust heimilt, að setjast hèr að, verzla hèr og kaupa jarðir, o. s. frv., en að þeir mættu þó ekki eptir tilsk. 17. nóv. 1786, 1. gr., hafa hèr við trúarbragða-iðkanir sínar. Þannig komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að rèttast mundi vera, að þetta lagaboð yrði einnig upphafið, og Gyðingum einnig leyft hèr, eins og í Danmörku, að hafa hèr opinberlega við trúarbragða-iðkanir sínar, t. d. í samkundum sínum, úr því þeim væri þó leyft í eldri lögum, að setjast hèr að, eða með öðrum orðum, að Gyðingar mættu setjast hèr að með sömu skyldum og rèttindum sem í Danmörku. Og þó hinn háttvirti konúngkjörni varaþingmaður virðist að hafa nokkuð til síns máls um það, sem hann áleit ísjár- og varhuga-vert við komu og aðsetur Gyðinga hèr, þá gat hvorki nefndin, nè get eg enn, gjört eins mikið úr því, eins og hann gjörði.

Þá kemur löggjöfin um prentfrelsi, og hef eg þegar getið þess, að um hinar sèrstöku orðabreytíngar, sem hinn háæruverðugi 5. konúngkjörni þíngmaður hreifði við fyrstu greinarnar, og sem vist þarf víðar að fara fram á í lagaboðinu, megi beiðast almennrar lagfæríngar, um leið og lagaboðið verður gjört gildandi. Sama þíngmann hneixlaði það, að nefndin hafði stúngið upp á fjársekt í stað fángelsishegníngar í 6. gr., en þó ekki stúngið upp á neinni breytíngu á þessari hegníngu í 5. gr.; en hann hefði sjálfsagt átt hægt með að sjá, hvernig á þessu stóð, hefði hann lesið báðar greinarnar svo lítið grandgæfilegar; því í 5. gr. er talað um *„ríkisfángelsi“* (Statsfængsel), og er það ekki nema eitt eða mest tvö í öllu ríkinu, svo þeir, sem yrðu hèr sekir eptir þeirri grein, yrðu sjálfsagt að sigla, til að líða þá hegníngu á hinum tiltekna stað. Í 6. gr. er aptur að eins talað um *almennt* eður *einfalt* fángelsisstraff, sem á sèr stað hvar sem er í Danmörku, en sem hèr er ekki til sem stendur, eptir tilsk. 24. jan. 1838, og því þótti nefndinni öldúngis nauðsynlegt, að ákveða fjársekt í stað þeirrar hegníngar, svo að ekki þyrfti t. d. að reka að hýðíngu í slíkum málum, eins og tèð tilsk. 1838 ráðgjörir. En í þessari sömu (6.) grein frumvarpsins hefur rángskrifazt hjá nefndinni 25—500, í stað 50—500 rbdd., eins og í 9. gr. En þó nokkrir þíngmenn hafi látið á sèr skilja, að þetta sè of lítil hegníng fyrir, að eigna konúnginum á prenti svívirðilegar athafnir, þá ætla eg þó, að hún samsvari þeirri fángelsishegníngu, sem ákveðin er í danska textanum, eptir þeim mælikvarða fyrir þessu, sem tekin er fram

í tilsk. 1838, og með tilliti til, að þessi sama tilsk. ákveður helmingi minni fjársektir hèr, heldur en í Danmörku.

Um athugasemdir hins háttvirta 5. konúngkjörna þingmanns við 4. gr. þarf eg því síður að vera margorður, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi er búinn að hrekja þær.

Konúngsfulltrúi: Þegar eg í fyrra sinn talaði, gat eg þess, að eg væri samþykkur uppástúngu nefndarinnar undir nr. 2, og eg hafði því eptir stöðu minni, sem erindsreki stjórnarinnar, einga frekari athugasemd þar um að gjöra. Bending sú, er eg gaf nefndinni um þann, að minni hyggju, rètta skilníng á tilsk. 17. nóv. 1786, § 1, laut einúngis að því, að benda til þess, að það mundi ei eiga vel við, að taka upp í bænarskrá þingsins til konúngs þá athugasemd í álitsskjalinu, sem skýrði frá, hvernig nefndin skildi áminnsta lagagrein. Mín persónulega meiníng um skilníng lagastaðsins, er hèr um ræðir, hefur eingan veginn breytzt við þá grein úr tilskipuninni frá 13. júní 1787, er hinn heiðraði framsögumaður nýlega las upp, því hún var mèr kunnug áður; en eg hef þann skilníng, að þessi síðast nefnda grein eigi að skiljast samkvæmt 1. greininni í tilskip. frá 1786, sem er höfuðlagastaðurinn. Þessi grein fyrir skipar, að mínu áliti, og ætlast til, að ei skuli gjöra greinarmun milli þeirra 3 aðaltrúarjátníngaflokka, er játa kristna trú, nefnilega lúterskra, reformertra og katólskra, og að þessum greinarmun einúngis lýtur boðið í þeirri tilvitnuðu grein tilskipunarinnar frá 1787; þar á móti fæ eg með eingu móti skilið, að tilgángur hennar hafi verið, að hingað mættu koma, setjast hèr að, og eignast hèr fasteign, Tyrkir, heiðíngjar eða Gyðíngar.

P. Pètursson: Framsögumaður gjörði ýmsar athugasemdir við það, er eg sagði um nefndarálitið, og játa eg, að sumar þeirra kunna að vera á góðum rökum byggðar. Hann gat þess, að nefndin hefði ekki feingið tíma til, að bera íslenzku útlegginguna saman við danska textann. En í tilliti til þess, sem hann sagði, að lagaboðið um eptirlaun embættismanna hefði feingið hèr lagagildi, þá verð eg að geta þess, að eg þekki ekki aðra aðferð, til að lögleiða hèr á landi, en að bera annaðhvort frumvörp eða lög, sem gilda í Danmörku, fyrst undir þetta þíng, og held eg, að ekkert geti feingið hèr lagagildi, sem ekki er áður borið undir það. Að lagaboðið um eptirlaun embættismanna gildir hèr, verður að skoða sem stjórnarverk (Regjeringshandling), og stjórnin á frjálst, að gjöra við embættis-

menn sína, hvað henni þóknast; hún getur veitt þeim hlunnindi og lagt þeim byrðar á herðar, og þeir eru skyldir, að hlýða henni; en þó geta menn ekki sagt, að þess háttar boð séu þar fyrir lögleidd hèr á landi. En þegar þingið er búið að samþykkja, að lagaboðið um eptirlaunin skuli gilda hèr, þá skil eg ekki, hvernin 12. greinin verður numin burt, og hún á þó, eins og hver maður sèr, hèr alls ekki við.

V. Finsen: Hinn heiðraði framsögumaður sagði, að það væri hlunnindi, sem lagaboðin frá 5. jan. 1851, um eptirlaun, og skyldu embættismanna, að leggja í lífsábyrgðarsjóðinn, færu fram á, og hafi stjórnarherrann lofað, að hann skyldi láta þessi hlunnindi einnig ná til vor Íslendinga. Það er nú reyndar ætíð gott, að hafa loforð, en eg fyrir mitt leyti gæti ímyndað mèr, að sá fjárhaldsráðgjafi, sem kæmi eptir þann, sem nú er, kynni að vera annarar meiníngar um gildi þessara lagaboða hèr, og áliti þá rèttast, að láta okkur hèr ekki verða aðnjótandi þessara rèttinda, og þau eru þó fyrir suma embættismenn hèr ekki lítil; sýslumenn feingu áður, eins og kunnugt er, mjög lítil eptirlaun, af því áður voru eptirlaunin að eins reiknuð eptir föstum launum, en nú eru óvissu tekjurnar teknar með, og fá nú sýslumenn hèr eptirlaun jafnt að tiltölu við aðra embættismenn. Eins og sèst af brèfi því frá dómsmálastjórnarráðinu frá 23. maí þ. á., sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefur birt þínginu, hefur fjárhaldsráðgjafinn ekki heldur haft neitt á móti því, að lagaboð þessi væru lögð fyrir þíngið, heldur að eins álitið óþarft, að þau væru lögð fyrir það; en það er vissulega ekki óþarft, eins og eg þegar hef sýnt. Þegar stjórnin vill leggja fyrir alþíngi slík almenn lagaboð, held eg þíngið ætti ekki að verða til, að skjóta frá sèr þeim málum, og álít eg því einnig, að lagaboðið um málsfærslulaunin við hæsta-rètt eigi að takast til meðferðar hèr. Eg get ekki jafnað þessu lagaboði saman við lagaboð um prestapeninga í Kaupmannahöfn; því það er þó kunnugt, að hæsti-rèttur er æðsti dómstóll okkar Íslendinga, og stendur yfir öllum dómstólum hèr. Það er sjálfsagt, að þessi lagaboð kunna opt að vera þess eðlis, að ekki kynni að vera mikið spursmál um, að þau verði öðruvísi fyrir Ísland, en fyrir hina parta konúngsveldisins; en mèr finnst það vera rètt og gagnlegt, að þau verði þó rædd hèr. Hvað nú snertir hin umgetnu lagaboð frá 5. jan. 1851, þá kynni mönnum, ef til vill, virðast minna undir því komið, hvort numið yrði eða ekki num-

ið úr lagaboðum þessum það, sem byggt er á ásigkomulag það, sem er í Danmörku, en sem ekki á sèr stað hèr, en í öllu falli verða menn að játa, að þar sem sèrlegt ásigkomulag er á Íslandi, þannig að það, sem stendur í lagaboðinu, getur ekki átt sèr stað hèr, þar sè nauðsynlegt, að ákvörðunnnum verði breytt samkvæmt því, hvernig þannig á stendur, eins og t. a. m. er í síðustu grein lagaboðsins um eptirlaun, og í 3. gr. lagaboðsins um skyldu embættismanna, að leggja í ekknasjóðinn. En eg er reyndar á því, að það eigi helzt að gánga svo frá lagaboðum þessum, að þau eigi vel við hèr í öllu tilliti, og áskil eg mèr því breytíngaratkvæði um öll þau atriði, sem eg hef tekið fram, og eins um, að orðunum í lagaboðinu um eptirlaun, 2. gr., um þá embættismenn, sem eru við konúngshirðina, verði sleppt úr. Mèr skilst, að nefndin vilji gefa Gyðíngum full rèttindi, en mèr finnst það nokkuð ísjárvert, með þessu lagaboði að gefa þeim þannig öll þessi rèttindi; því það er þó margt, sem þyrfti að hugsa um áður; eg vil t. a. m. benda til, hvaða lög ættu að gilda um giptíngar milli Gyðínga og kristinna, hvernig trúarbragðarèttindum þeirra hèr skyldi vera varið, o. s. frv.

J. Jónsson: Það hefur einginn hinna heiðruðu þíngmanna enn nú vikið ræðu sinni að hinni 4. gr. lagaboðsins frá 3. jan. 1851, um prentfrelsið, þar sem svo kveður að orði: „af sèrhverju því riti, sem ekki er stærra en 6 arkir, skal prentarinn, jafnframt því, sem hann lætur af hendi ritið úr prentsmiðjunni, og í síðasta lagi áður en ein stund er liðin, frá því hann byrjaði að láta ritið af hendi, senda eitt exemplar af því á lögregluhúsið". Það lítur svo út, að hèr sè gjört ráð fyrir, að lögregluhúsið og prenthúsið standi hvort við hliðina á öðru, og svo mun nú líka vera ástatt í Danmörku, að ekki sè lángt að ná til lögreglustjóranna, í hverju tilfelli sem á því liggur. Þetta sama á sèr líka stað hèrna í Reykjavík; en þegar til þess er litið, sem hinum heiðruðu þíngmönnum er kunnugt, að í Norðurlandi er stofnsett prentsmiðja, og þó hún standi enn nú veikum fótum, er hún samt sett þar með konúnglegu leyfi, og eg meina hún eigi fullkomlega að vera undir laganna vernd, og henni ekki að gjörast erviðara fyrir, eptir því sem hún stendur að, heldur en þeirri sunnlenzku prentsmiðju; því þó hún sè fèlítil og nýtekin til starfa, þá er hèr, eins og máltækið segir, ekki að vita, að hverju barni gagn verður; en á Akureyri er einginn

lögreglustjóri, og gæti opt verið ómögulegt fyrir prentarann, að ná til hans á fyrsta klukkutíma, eptir að ritið er komið út; því bæði gæti þá viljað svo til, að lögreglustjórinn væri á embættisferð, og í svo miklum fjarska við prentsmiðjuna, að fleiri dagleiðum sætti, en aptur á hina síðuna lægi strax á, að koma ritlinginum út til alþýðu, helzt þegar um tímarit er að gjöra, svo ef þessi grein lagaboðsins á nokkuð verulegt að þýða, eins og hún er orðuð, þá mun eg, vegna hinna sèrstöku kringumstæða hinnar norðlenzku prentsmiðju, áskilja mèr eitt eður tvö breytíngaratkvæði, en ekki ætla eg að bera þau upp, fyr en hinn heiðraði framsögumaður, eða einhver annar þíngmanna, er búinn að skýra meiníngunа í þessari grein.

Framsögumaður: Eg vildi einúngis mega benda þeim háttvirtu þíngmönnum, 5. og 6. konúngkjörna, til þess, að ef þeir ætla að halda fram þessum sèrstöku breytíngaratkvæðum sínum við lagafrumvörpin um ávísanir og fyrirframgreiðslu embættismannalauna, og um eptirlaunin, sem eg líka tók fram áðan í ræðu minni, að nefndin hefur ekki tekið þessi 2 lagaboð eða lögleiðslu þeirra inn í uppástúngu-atriði sín. Ef því þessi sèrstöku breytíngaratkvæði eiga að geta haft framgáng, þá verða þau að eiga að styðjast við einhverja aðaluppástúngu um, að lögleiða hèr bæði þessi lagaboð *öll;* en það er ekki, og því álít eg öldúngis nauðsynlegt, að þeir áskilji sèr viðaukaatkvæði um þetta, svo að hin sèrstöku breytíngaratkvæði eigi eitthvað við að styðjast.

Það getur verið, að ýmislegt sè ískyggilegt og varúðarvert við, að hleypa Gyðíngum hèr inn, og þar á meðal það, sem hinn konúngkjörni varaþíngmaður hreifði fyrir skemmstu um giptíngar milli kristinna og Gyðínga; en auðvitað er, að, ef fallizt yrði á uppástúngu nefndarinnar í þessu efni, þá yrði hèr einnig að innleiða lög þau, sem þar að lytu, og nú gilda í Danmörku, bæði þau um giptíngarnar, og t. a. m. líka um löglegan eið Gyðínga, sem þeir, þar sem þeir annars eru í kristnu landi, verða að vinna í samkundu sinni, eptir lög-ákveðnu formi.

Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður úr nyrðri Þíngeyjarsýslu hreifði við 4. gr. prentfrelsislaganna, þá kom þetta efni einnig til umræðu í nefndinni. En henni fannst eingin nauðsyn á, að stínga upp á neinni sèrstakri ákvörðun um þetta fyrir Akureyri, bæði vegna þess, að sá meðnefndarmaður,

sem er amtmaður þar, taldi víst, að sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu mundi von bráðar verða gjört að skyldu, að hafa bústað sinn á Akureyri, og af því nefndin að öðru leyti áleit sjálfsagt, að sýslumaðurinn, á meðan hann ekki væri búsettur í kaupstaðnum, yrði, bæði í þessum og öðrum tilfellum, að hafa þar einhvern fullmektugann.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Hinn háttvirti framsögumaður hélt áðan í ræðu sinni, að þó aldursfrestur væri nokkuð naumur frá fermingardegi barna, þá mundi mega bæta úr því með því, að fá hér biskupsleyfi; en mér þykir það mjög tvísýnt, því opt og tíðum getur presturinn ekki vitnað um menntun og andlegan þroska barnsins, fyrri en vor er komið, og þá er víða af landi hér svo laung og torveld leið, að ná biskupsleyfi, að það er ómögulegt, áður börnin eru fermd, og mundu menn optast standa heldur af rètti sínum og hagsmunum, en að berjast í slíku. Lögin ættu líka að vera svo heutug í þessu falli, að sem sjaldnast þyrfti að koma að því, að verða að vera að sækja þessi biskupsleyfi; því honum má vera það óþægilegt, að verða að vera að gefa úrskurði í því efni, sem hann er ekkert fróðari í en presturinn, sem biður um úrskurðinn, og mér heyrðist það á ræðu hans áðan, að hann ekki æskti eptir, að standa mikið í brèfaskriptum um það efni. Slíkar umsóknir frá ýmsum mundu líka að mestu niður falla, og menn verða ánægðir, ef 14 ára aldurs fresturinn væri, eins og eg hef upp á stúngið, nefnilega, til haustnótta, þó eg kunni að ímynda mèr, að í einstöku tilfelli kynni að verða sótt um þetta leyfi samt, þá börn eru vel að sèr; því þau eru þó dæmin, að ekkert ódæði hefur þótt, að ferma þau, þó þau ekki fylltu 14 ár, fyr en undir jólin. En þar sem menn hafa verið að segja, að sá andlegi þroskinn þurfi að vaxa um þessar fáu vikur, sem á aldurinn kann að vanta fram eptir sumrinu, þá eingin uppfræðingarvon er, en nógar annir og snúningar fyrir únglínga, þá er slíkt svo fáfeingileg ástæða, að eg get ekki heyrt hana. Ef að presturinn álítur, að barnið hafi að vorinu feingið næga þekkíngu og andarþroska, til að fermast, þá held eg sè nóg; því guð mun eins bæta við það þeim andlega þroska, sem hann ætlar að veita því á sumrinu, þó að það sè orðið kristið. Hitt veit eg ekki til, að nokkur maður sè svo þeinkjandi, eður svo stífur, að skrúfa prestinn, til að ferma þau börn, sem ekki hafa þekkíngu til, að taka á móti því; og þó einhver kynni nú að vera

svo gjörður, þá vil eg ekki láta mèr til hugar koma, að nokkur prestur sè sú hèrvilla, að láta menn neyða sig til slíks móti sinni guðlegri sannfæríngu. Sá heiðarlegi varaforseti þóttist ei skynja það, er þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu mælti, að það gæti spillt kjörum presta, ef þeir ekki mættu ferma börn, fyr en 15 vetra, þar þá kæmi fermíngarkaupið af þeim 15 vetra í staðinn 14 vetra, en eg veit til, að margur hefur dáið á sínu 15. aldursári, og hefði þá eptir þessu formi aldrei verið staðfestur; en eg veit eingan hafa fæðzt á sínu 15. aldursári aptur í skarðið handa prestum að ferma.

St. Jónsson: Það hefur nú verið rætt hèr mikið um fermíngaraldur barna, bæði með og móti, en þó hefur einginn áskilið sèr breytíngaratkvæði í því tilliti, hvorki eptir minni nè meiri hluta nefndarinnar, svo ekki er fyrir að sjá, hvort verða kann ofan á við atkvæðagreiðslu málsins. Sumir ætla bezt muni vera, að fresta málinu, en eg hlýt þar að vera á sama máli og framsögumaður, að það bæti líklega ekki neitt fyrir því, nè skýri það í neinu. Það hlýtur að vísu að vera mjög óþægilegt, að vera beðinn um það, sem maður getur ekki veitt, en úr því má bæta nokkuð með því, að fermíngartíminn er svo misjafn, og ekki hjá öllum prestum hinn sami. Prestum er því innan handar, að hliðra dálítið til, og bíða nokkrar vikur með fermínguna, svo hin efnilegu börn, sem annars yrðu af fermíngu það árið, gætu komið með, og mèr finnst þeim órèttur gjör, ef þeim er ekki ætluð slík tilhliðrunarsemi við þau tækifæri, sem hennar er þörf, og henni verður komið við. En eg álít nú þá tíma-ákvörðun hentugasta í þessu, sem væri mitt á milli þess, sem kanselíbr. 9. d. nóvemb. 1847 fer fram á, og áskil eg mèr því það breytíngaratkvæði, að í staðinn fyrir „*aprílmánuð*“ verði sett: „*júlímánuð*“.

J. Jónsson: Eg er að vísu nokkru nær fyrir ræðu hinna heiðruðu þíngmanna um rèttan skilníng hinnar 4. gr. í lagaboðinu um prentfrelsið; þó get eg ekki með öllu látið mèr lynda þær tilgátur, sem framsögumaður sagði að til tals hefðu komið í nefndinni, nefnilega, að lögreglustjórinn í Eyjafjarðarsýslu mundi innan skamms þurfa að taka sèr bólstað á Akureyri, ellegar hafa þar að minnsta kosti fullmektugann, til, auk annars, að taka á móti því riti, sem frá prentsmiðjunni kæmi í hvert skipti; en af því hvorttveggja þetta er mjög óvíst, og þó einkum það, að honum gæti orðið gjört að skyldu, að hafa nokkurn full-

mektugann á Akureyri, þá sè eg ekki, að með þessum lauslegu ráðagjörðum verði gjörð full trygging fyrir því, að það geti þó ekki að borið, að prentaranum verði mjög óþægilegt, eða má ske ómögulegt, bókstaflega að hlýða fyrirmælunum í hinni áminnstu 4. gr., ef þau annars eiga að skiljast, eins og orðin liggja til.

P. Pèturssen: Það, sem mèr gekk einkum til, að mæla með því, að innleiðslu þessa opna brèfs um fermingaraldur barna yrði frestað, var það, að eg áleit einga nauðsyn bera til þess, að nú þegar væri beðið um breytingu á því, sem verið hefur, og það því síður, sem eingin bænarskrá hafði komið um það efni frá þjóðinni til þingsins. Brèf þetta var og eigi heldur sent hingað frá stjórninni, heldur hefur nefndin smeygt því inn á meðal lagaboða þeirra, sem henni voru feingin til meðferðar. Eg held því, að, væri málinu skotið á frest, þá muni sú hreifing, sem nú er orðin á því hèr á þingi, vekja athygli landsmanna á því, svo þeir sendi um það bænarskrár til næsta þings, ef þeim þykir þess þurfa, og ætla eg, að málið vinni einmitt mikið við það, því þá hlýtur það að upplýsast meir, en nú er orðið. Eg er og viss um það, að, ef biskupi landsins hefði þótt nauðsyn á nokkurri breytingu í þessu efni, þá hefði hann ritað, eða ritaði stjórninni um það, og þá mundi hún óðar leggja fram frumvarp viðvíkjandi því fyrir þingið. En þar eð þetta er ekki enn komið fram, álít eg, að nauðsynin sè ekki mikil enn.

V. Finsen: Viðvíkjandi því, sem þingmaðurinn úr Norður-Þingeyjarsýslu minntist á 4. gr. í prentfrelsislögunum, þá held eg, að þar sè einúngis sú meiníngin, að prentarinn, í síðasta lagi einni stundu eptir að hann er farinn að út býta ritinu, eigi að senda eitt exemplar af stað til lögreglustjórnarinnar, hve nær sem það svo kemst í hendur hennar. Eg veit líka, að það er haft svo í Danmörku, og það er auðvitað, að opt getur bókin verið komin í margra hendur þar, áður en lögreglustjórinn er búinn að lesa hana, einkum ef bókin er stór, og langan tíma þarf til, að yfir fara hana. Eg held því, að þessi ákvörðun geti hèr aldrei orðið að baga fyrir prentarann.

Þ. Jónassen: Eg skal leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að þar sem hinn heiðraði 5. konúngkjörni þingmaður talaði á þá leið, að nefndin hefði eins og laumað kanselíbrèfinu frá 1847, „um nákvæmari ákvarðanir á fermingaraldrinum“, inn á milli

þeirra lagaboða, sem hún átti að segja álit sitt um, þá er þetta ekki rètt skoðað; því nefndin hafði í þetta skipti, eins og þær, sem áður hafa verið kosnar hèr á þingi til þess, að yfirvega lagaboð þau fyrir Danmörku, sem þá var spursmál um að lögleiða hèr á landi, fulla heimild til, að taka jafnframt til yfirvegunar, hvort eingin önnur, en þau tilgreindu lagaboð frá því tiltekna tímabili, gætu átt við á Íslandi, og þetta er beinlínis tekið fram af konúngsfulltrúa, eins og sjá má af þingtíðindunum núna. Nefndin hafði þannig gilda ástæðu til þess, að taka ofannefnt kanselíbrèf inn undir þau lagaboð, sem hún átti að segja álit sitt um, og umræður þær, sem þegar eru orðnar út af brèfinu, votta það ljóslega, að nefndinni ekki hefur skjátlazt í því, að vekja spursmál um, hvort það gæti ekki einnig átt vel við hèr á landi.

P. Pètursson: Hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður hefur öldúngis misskilið mig, ef hann hefur tekið orð mín áðan svo, sem eg ætlaði, að nefndin hefði ekki haft fullan rètt til, að taka hið opna brèf um fermingaraldurinn til yfirvegunar; því mèr hefur aldrei komið til hugar, að hún hafi gjört rángt í því. En þó nefndin hefði rètt til þess, þá er það eingin ástæða fyrir því, að nauðsynlegt sè, að aðhyllast það, eða innleiða það hèr, þar sem eingin hvöt er komin til þess, hvorki frá stjórninni nè þjóðinni, og það var mín meining, að eg vildi heyra ætlun landsmanna um þetta mál, áður en þingið tæki það til yfirvegunar og meðferðar. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði 6. konúngkjörni þingmaður talaði um skilníng á 4. gr. í prentfrelsislögunum, þá efast eg ekki um, að það sè rètt, sem hann sagði; en eg skil þó ekki í því, hvernig þá á að taka orðin sem á eptir koma: *„skal hann þegar fá kvittun fyrir því“;* því þar við teingjast orðin í næstu gr. á eptir: *„Ef af þessu er brugðið, þá“,* o. s. frv. Mèr finnst þetta allt í samanheingi benda til þess, að prentarinn megi ekki selja bókina eða út býta henni, nema 1 stund, áður en hann er búinn að fá kvittun lögreglustjórans fyrir afhendíngu hennar, og eg skil ekki, hvaða þýðíngu þetta gæti annars haft í löggjöfinni.

V. Finsen: Eg held, að orðið *„þegar“*, sem hèr stendur í greininni, tákni einúngis: *undir eins og bókin er komin til lögreglustjórans,* og finnst mèr, að sá skilníngur liggi enn ljósar í dönskunni, Eg veit og fyrir víst, að menn hafa tekið það einmitt svo í Danmörku. Hèr stendur og: *„jafnframt og hann*

út býtir“ (ɔ: bókinni), og það lítur til þess, að þetta fari fram samhliða eða samtíða hvort öðru, því annars væri það meiningarlaust.

J. Jónsson: Af öllum þeim ummælum og skýringum, sem fram eru komnar um þessa umtöluðu 4. grein, er eg þó loksins kominn að þeirri raun, að orð hennar sèu ekki alls kostar svo ljós, að þau verði ekki skilin á fleiri en einn veg, ef þau standa óbreytt, eins og hin íslenzka þýðing hefur þau. Eg er nú að vísu ekki fastur á þeirri meiningu, að breyting á þessari grein sè aldeilis nauðsynleg; þó ætla eg til vonar og vara, og svo mönnum gefist kostur á, að hugsa sig um til næstu umræðu, að áskilja mèr tvö breytingaratkvæði á þá leið: 1. að fyrir: „*eina stund*“, verði sett: „*einn sólarhringur*“, og 2. fyrir: „*að senda á lögregluhúsið*“, verði sett: „*á leið til lögreglustjórans*“. Bætur þær, sem ákveðnar eru hèr fyrir brot á móti þessu, ætla eg án efa að verði lækkaðar, eptir sama hlutfalli og aðrar sektir á Íslandi, og áskil eg mèr einnig breytingaratkvæði um það — (*Forseti*: Nefndin hefur sjálf gjört það) —. Eg sleppi því þá.

P. Pètursson: Eg styrkist nú enn betur í ætlun minni um þessa ákvörðun í 4. gr. við það, er eg heyrði dönskuna; því þetta: „afgives paa Politikammeret“, sýnist mèr beinlínis tákna, að það eigi að vera búið að afhenda ritið, og fá kvittun fyrir því, áður því sè leingur út býtt, en til tekið er. Eg hef og dæmi fyrir mèr í blöðunum, þar sem maður einn var í vetur ákærður og sektaður fyrir það í Kaupmannahöfn, að hann hefði ekki lagt ritið í tækan tíma á þann stað, sem vera bar, sem eg ætla að sè skápur í lögregluhúsinu; en hann þóttist hafa gjört það, en gat ekki sannað það, og var því sektaður.

H. Stephensen: Ef maður má reiða sig á útleggínguna, sem hèr liggur nú fyrir, þá finnst mèr, að menn glími hèr við ekki neitt. Á þessari 1 stund, sem prentaranum er leyft að selja bókina, getur hann, ef til vill, selt helminginn af upplaginu, einkum ef það er eitthvert níðritið; því auguń fýsir illt að sjá. Eg sè því ekki, að það sè rètt, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður fer fram á. Mèr finnst það vera nóg eptir orðum greinarinnar, ef prentarinn er búinn að senda ritið á leið til lögreglustjórans innan einnar stundar, frá því hann byrjaði að selja það.

V. Finsen: Mèr finnst það enn styrkja þá meiningu, sem eg hef áður látið í ljósi um skilníng þessarar 4. greinar, að hèr

stendur „*byrjaði*“, en ekki „*byrjar*“; því þar í liggur, að hann sè farinn að selja ritið. Hvað þmáli því viðvíkur, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður minntist á, þá kannast eg að nokkru leyti líka við það; en þar var, að eg ætla, spurníngin að eins um það, hvort maðurinn hefði lagt ritið í kassann á réttum tíma eða ekki, nefnilega, hvort meira en 1 stund hefði ekki verið liðin, frá því útbýtíngin byrjaði, þángað til sent var til lögreglustjórans, og fyrir það mun hann hafa verið sektaður, að hann gat ekki sannað, að hann hefði sent bókina á réttum tíma. Það er enn þá ein ástæða, sem gjörir það öldúngis ljóst, að meiníngin er sú, sem eg sagði. Grundvallarlögin dönsku hafa nefnilega alveg tekið öll fyrirbyggjandi meðöl, þau sem áður voru brúkuð við prentuð rit *(Prævention, Censur)* úr lögum; en ætti greinin að skiljast, eins og sá háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður vill, þá væri það einmitt slíkt band, sem grundvallarlögin hafa af tekið.

P. Pètursson: Ef þetta er satt, þá sè eg ekki, til hvers þessi ákvörðun er, eða hvaða gagn sè að henni, því maður getur sent ritið á stað á réttum tíma, en bæði má sjá svo um, að það komist ekki í hendur lögreglustjóranum, fyr en seint og síðar meir, og líka getur því tálmazt, t. a. m. ef sendimaður veikist á leiðinni, eða veður og færð er ill. Einkum get eg ímyndað mèr, að þetta gæti borið að fyrir norðan, þar sem opt kann að vera langt til hans að sækja frá prentsmiðjunni. Eg ímynda mèr, að þar geti maður jafnvel verið búinn að selja allt upplagið, áður en kvittunin er feingin, og einkum ef það gæti átt sèr stað, sem hinn háttvirti varaforseti gat um, að maður kynni að geta selt hálft upplagið á einni stundu.

H. Stephensen: Eg held, að dæmi hins háttvirta 5. konúngkjörna þingmanns hafi sannað það gagnstæða við það, sem það átti að sanna. Þegar eg sagði áðan, að maður kynni, ef til vill, að geta selt hálft upplagið á einni stundu, þá hafði eg einkum í huga kríngumstæður þær, sem eru í Kaupmannahöfn, því hèr mun það vera eins lítt mögulegt, eins og eg ætla það ómögulegt, sem hann gat á, að mánuður kynni að gánga til sendifararinnar til lögreglustjórans, og að ritið verði upp selt, áður en það kemur í hendur lögreglustjórans, ef honum er sent það á réttum tíma.

P. Pètursson: Eg ætla, að það sè ekki til neins, að þrefa meira um þetta mál. Eg vil að eins leiða athygli manna að

því, hvort það sè til nokkurs fyrir oss, að lögleiða þær ákvarðanir, sem ekki geta feingið hèr neina þýðingu, og til hvers það sè, að leggja stórsektir við því, sem ekki getur komið fyrir.

H. Stephensen: Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður vill í þessu atriði vera strángari en löggjafinn er, og held eg, að þess gjörist þó eingin þörf. Það er auðsèð, að lögreglustjórinn getur ekki gefið þá kvittun, sem þingmaðurinn meinar, undir eins og hann tekur við bókinni, helzt ef hún er stór, því þá þarf þess leingri tíma til, að lesa hana, og sè eg þá ekki, hvernig það ætti að geta hamlað útbreiðslu hennar.

P. Pètursson: Það kann að vera, að það sè ekki svo hægt hèr á landi, en í Kaupmannahöfn er miklu hægra, að hamla útbreiðslu bóka, ef maður vill.

H. Stephensen: Eg er þá gagnstæðrar meiníngar um það; því eg held, að í Kaupmannahöfn sè lángtum hægra, að leyna bók, en hèr á landi, að minnsta kosti treysti eg mèr betur til þess þar en hèr. Hèr hafa menn og víst allt eins góðar bækur yfir þá, sem ritin kaupa, eins og í Kaupmannahöfn, svo það yrði, ef til vill, enn síður mögulegt hèr, að leyna þeim, heldur en þar.

Konúngsfulltrúi: Út af umræðum þeim, sem hèr hafa orðið á þínginu, skal eg til skýríngar málinu geta þess, að 4 fyrstu greinirnar í lagaboðinu frá 3. jan. 1851, um prentfrelsið, eru ei skrifaðar í þeim tilgángi, að hamla því, að bók sú, er þykir vítaverð, komi út meðal alþýðu; því slíkar fyrirbyggjandi ráðstafanir (præventive Forholdsregler) eru, eins og einn hinna heiðruðu konúngkjörnu þíngmanna áður hefur um getið, af teknar í grundvallarlögum Dana; heldur eru þær skrifaðar til þess, að lögreglustjórnin geti feingið að vita, hver sá er, sem eptir lögum á að hafa ábyrgð á ritinu, og að hann ei geti skotið sèr undan lögboðinni hegníngu, ef ritið stríðir á móti prentfrelsislögunum.

Forseti: Þar eð nú tekur eingínn til máls, þá álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið, og er þá samkvæmt dagskránni næst að taka *erfðafestumálið* til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Við nefndarálitið í því máli hefur ekkert breytíngaratkvæði verið gjört, þar eingínn mælti neitt móti því við undirbúníngsumræðuna.

Framsögumaður: Eptir undirbúníngsumræðunni í gær um mál þetta, álít eg mèr eínga þörf, að fara neinum orðum um

málið nú, fyr en ef ræður þingmanna skyldu gefa mèr tilefni til þess.

M. Andrèsson: Eg stend upp einúngis til þess, að þakka nefndinni fyrir það, hvernig hún hefur farið í mál þetta, og hvaða stefnu hún hefur tekið í því, því þar með hefur hún sparað mönnum umræður um það, eða mótmæli gegn því.

Forseti: Af því nú tekur einginn til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um uppástúngu nefndarinnar.

Því næst voru atkvæði greidd, og var uppástúnga nefndarinnar, *að þingið sendi einga bænarskrá til konúngs í þessu máli,* samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Þar eð nú er ekki fleira að taka fyrir í dag, þá skal eg ákveða fund á morgun kl. 12, og verður þá *stjórnarbótarmálið* tekið til undirbúningsumræðu.

Fundi slitið.

---

29. júlí — tuttugasti og fimmti fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Reykvíkínga, jústizráð J. Thorstensen, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það, sem fyrst kemur til umræðu í dag samkvæmt dagskránni, er málefnið um bót á stjórnarskipuninni. Framsögumaður, þingmaður Skaptfellínga, gjörir svo vel og les upp nefndarálitið.

Því næst var nefndarálitið afhent þingmanni Skaptfellínga, lögfræðíngi J. Guðmundssyni, og las hann það upp svo hljóðandi:

Hið heiðraða alþingi kaus oss undirskrifaða í nefnd til þess, að semja og bera upp álit vort um eptirfylgjandi bænarskrár, sem eru að þessu sinni sendar til alþingis:

1. Frá Þingvallafundinum þ. á. (nr. 6) um, að konúngur minnist sem fyrst rèttinda vorra og heityrða sinna í brèfi sínu 23. sept. 1848, og gjöri oss á þann hátt, sem alþingi getur álitið *oss* haganlegast fyrir land vort, hluttakandi í stjórnarbót þeirri, sem hann gefur samþegnum vorum.
2. Frá fundi að Kollabúðum 22. f. m. (nr. 10) um, að konúngur veiti oss sem fyrst þá stjórnarbót, sem til var ætlað af

meiri hluta nefndarinnar á þjóðþinginu 1851, þó með þeim breytíngum, er alþíngi fyndist nú nauðsyn á því að gjöra, o. s. frv.

3, 4. Tvær bænarskrár úr Þíngeyjarsýslu (nr. 33 og 49), er skora á alþíngi, að það riti konúnginum ávarp eður bænarskrá um, að hann minnist heityrða sinna 23. sept. 1848, og láti oss Íslendínga samkvæmt þeim verða aðnjótandi rèttinda vorra, o. s. frv.

5. Bænarskrá (nr. 43) úr nyrðra kjördæminu í sömu sýslu um, að konúnginum mætti þóknast, með ráði alþíngis að velja sèr íslenzkan mann í ráðaneyti sitt, sem sèr í lagi sè erindsreki vor í hinum konúnglega aðsetursstað.

6. Bænarskrá (nr. 7) frá Þíngvallafundinum 29. f. m., að þíngið kosti kapps um, að fá að vita, hvort konúngsfulltrúinn og forsetinn og hinir aðrir konúngkjörnir hafi gefið nokkurt álit um tilhögun stjórnarinnar hjá oss eptirleiðis, og ef það hefur verið, að þíngið sjái um, að sem fyrst verði gefinn kostur á, að sjá það á prenti.

Um þessa síðustu bænarskrá (nr. 7) varð svo útrætt í inngángsumræðu þessa máls, að nefndin álítur sèr óviðkomandi, að taka hana frekar til greina.

Hinar allar bænarskrárnar fara fram á það, með meira eður minna mismunandi orðatiltækjum, að þetta heiðraða þíng semji og riti konúngi þegnlegt ávarp eður bænarskrá þess efnis, að hann minnist og láti framgeingt verða konúnglegum heityrðum sínum í brèfi hans 23. sept. 1848, samkvæmt sèrstöku ásigkomulagi voru og rèttindum, sem bæði vor allra-mildasti konúngur, sem nú ríkir, og feður hans hafa viðurkennt og látið Íslendínga verða aðnjótandi.

Eins og umræður flestra þíngmanna lutu að, þegar í inngángsumræðu þessa máls, hefur og nefndin einhuga komizt að þeirri niðurstöðu, að hinu heiðraða þíngi beri, að rita um þetta mál *bænarskrá* til konúngsins, en ekki *ávarp*.

Sú er og einhuga og óbifanleg sannfæríng nefndarmanna, að í þessari bænarskrá beri þínginu ekki að þessu sinni, að taka fram neinar sèrstaklegar eður smágjörvar reglur fyrir *öllu* fyrirkomulagi á stöðu Íslands í konúngsveldinu *(Monarchiet)*, eða fyrir öllu fyrirkomulagi sèrhverrar greinar af stjórninni hèr í landinu sjálfu, en þessa sízt, að alþíngi beri nú, eins og virðist að vera helzt farið fram á í bænarskránni nr. 10, að taka

til yfirvegunar og umræðu stjórnarlaga-frumvarp það, sem meiri hluti stjórnarlaga-nefndarinnar á fundinum 1851 varð ásáttur um; því þar með mundi þetta þing takast á hendur þau verk, sem því er ekki ætlað, hvorki eptir konúngsbr. 23. sept. 1848, nè auglýsíngunni 12. maí 1852, og sem þínginu þar til, eptir því sem það er nú skipað, mundi vera með öllu of vaxið.

Hins vegar álítur nefndin, að hin beinlínis heit vors allramildasta konúngs, í brèfi hans 23. sept. 1848, geti ekki álitizt uppfyllt með þjóðfundarhaldinu 1851, og ekki heldur af sèr brotin með tillögum þess fundar, nè heldur aptur kölluð með auglýsíngunni 12. maí 1852, heldur miklu fremur, að auglýsíngin 1852 endurnýi heityrði vors mildasta konúngs í brèfi hans 1848 um, að hann ætli sèr enn staðfastlega, að láta Ísland verða aðnjótandi samkynja stjórnarbótar, og á kemst í gjörvöllu ríki hans *(Monarchiet)*, í fullri samhljóðun við fyrirkomulag stjórnarinnar í gjörvöllu konúngsveldinu, og þó jafnframt lagaða eptir sèrstöku ásigkomulagi þessa landshluta veldis hans, og hinni miklu fjarlægð frá meginríkinu og veldisstóli konúngsins sjálfs, og í hina sömu stefnu, sem hinir hásælu feður hans, einkum faðir hans Kristján konúngur 8. viðurkenndi rèttindi vor til sèrstaklegs fyrirkomulags stjórnarinnar hèr á landi, til jafns við það, sem kæmist á í hinum hlutum konúngsveldisins, hver viðurkenníng kom ljósast fram í stofnun alþíngis, sem í hinum verulegustu atriðum var veitt jafnrètti við hin önnur ráðgefandi fulltrúaþíng, sem þá voru þegar stofnuð í hinum öðrum hlutum ríkisins.

Með fullri sannfæríngu um, að þessi grundvallarskoðun sè rètt, og að hið heiðraða þíng muni aðhyllast hana með oss, leyfir nefndin sèr að snúa alhygli þíngsins að hinni almennu boðun konúngs 28. jan. 1852, og þess aðalfyrirkomulags á stjórninni í gjörvöllu konúngsveldinu framvegis, sem konúngur vor lýsir þar yfir að hann ætli að láta verða framgeingt í gjörvöllum löndum sínum og ríkjum. En þótt Ísland sè ekki nefnt sèrstaklega í *þessari* boðun, álítur nefndin víst, að það fyrirkomulag á stjórn gjörvalls konúngsveldisins, sem þar er lýst yfir, geti og hljóti eins að ná til þessa lands, eptir sèrstöku ásigkomulagi þess og þörfum, og það því fremur, sem konúngsbrèfið 23. sept. 1848 hafði *þegar áður* heitið Íslandi jafnri hluttekníngu í þeirri stjórnarbót, sem á kæmist í öllu ríkinu, og auglýsíngin 12. maí segir á þá leið, „að þegar sá tími komi,

að konúnginum þyki ráð, að ákveða aðrar reglur um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, þá verði það ekki fyr, en leitað hafi verið um það ráða alþingis, samkvæmt tilsk. 8. marz 1843, 79. gr.“

Bæði af þessum ástæðum, og því, að vor mildi konúngur og stjórn hans virðist að láta það vera aðaltakmark sitt og mið, að framgeingt geti orðið því fyrirkomulagi á stjórn gjörvalls konúngsveldisins, sem lýst er yfir í boðuninni 28. jan. 1852, og af því nefndin er eindregið þeirrar sannfæringar, að það fyrirkomulag, sem þar er stefnt að, megi einnig verða landi voru hið hagfeldasta í bráð og leingd, ef því er skipað hèr samkvæmt sèrstöku ástandi vor Íslendinga og fjarlægð Íslands frá meginríkinu, þá verður nefndin að ráða til, að hið heiðraða þing einhuga og hreinskilnislega aðhyllist þær grundvallarreglur fyrir fyrirkomulagi á stjórn Íslands framvegis, sem lýst er yfir í boðuninni 28. jan. 1852 að konúngur ætli að láta verða framgeingt í gjörvöllu ríki sínu. Og á þessum grundvallaratriðum, og með stöðugu tilliti til sèrstaks ásigkomulags og þarfa Íslands, ætlar nefndin að leyfa sèr að byggja þær tillögur sínar um hin helztu og mikilvægustu undirstöðu-atriði í fyrirkomulagi og skipun stjórnarinnar hèr á landi, og um stöðu þess í fyrirkomulagi ríkisins, sem hún mun stínga upp á í álitsskjali þessu. Því eins og auglýsingin 12. mai 1852 virðist beinlínis að ráðgjöra, að konúngur sjálfur og stjórn hans ætli sèr að *hafa upptökin* (tage Initiativet) með, að semja algjörlega, og leggja fram fyrir alþingi, það frumvarp „til breytíngar á stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins“ (Islands forfatningsmæssige Stilling i Riget), sem bezt þyki við eiga, svo er og nefndin föst á því, eins og hún hefur þegar lýst yfir hèr að framan, að henni beri því síður að semja, eður alþingi nú að ræða og undir búa, neitt þvílíkt algjörlegt frumvarp, heldur að eins að taka fram þau hin helztu undirstöðu-atriði, sem að ætlun alþingis og allra landsbúa ekki megi missa sjónar á, þegar konúngur vor láti búa til þetta áminnsta frumvarp, ef fyrirkomulagið á að geta orðið landi voru svo hollt og hagfelt, sem hann hefur sjálfur lýst yfir að hann til ætlist, og vera í þeirri samhljóðun, bæði við það fyrirkomulag, sem boðað er að komast eigi á yfir gjörvallt konúngsveldið í auglýsíngunni 28. jan. 1852, og við þær sèrstaklegu stjórnarráðstafanir og rèttindi, sem land vort hefur aðnotið um lángan

aldur, og sem einnig hinir síðustu Danakonúngar hafa látið þennan landshluta verða aðnjótandi.

En það finnst nefndinni aptur eins vafalaust, að eins og konúngurinn hefur lýst svo hiklaust yfir í boðunum sínum til Íslendínga 1848 og 1852, að stjórnarbót sú, sem komist á í gjörvöllu ríki hans, hljóti einnig að ná til Íslands, eins leiði það beint af stiptun og lögákveðnum réttindum alþíngis, að það megi í þegnlegri bænarskrá taka fram þau hin helztu undirstöðu-atriði til þessa fyrirkomulags stjórnarinnar hèr, sem því og öllum landsbúum þyki öldúngis ómissandi að tekin yrðu þá til greina.

Þegar nú nefndin hefur verið að koma sèr niður á þessum undirstöðu-atriðum, sem hún mun taka fram hèr á eptir, hefur hún einkanlega haft fyrir augum sèr, að hve nær, sem breytt yrði fyrirkomulagi á stjórn þessa lands, þá yrði sú breyting einkum að lúta að því, að stjórn landsins, yfir höfuð að tala, yrði svo traust, og með því afli (kraftig) og svo samfelld (concentreret), sem hið almenna og endilega fyrirkomulag stjórnarinnar í gjörvöllu konúngsveldinu, samkvæmt boðuninni 28. jan. 1852, fremst leyfði. Og það dylst vart fyrir neinum Íslendíng, sem hefur vit á, að hugleiða þetta mál, og getur vart dulizt fyrir neinum réttsýnum manni, af hverri þjóð sem hann er, að það er einkanlega, og yfir höfuð að tala, hin margskiptu valdstjórnar- og önnur stjórnar-störf milli hinna ýmsu stjórnarvalda (Institutioner) með of takmörkuðum verkahríng, og milli hinna ýmsu valdstjórnarmanna með sundurleitri skoðun, og á ýmsum og fjarlægum stöðum, bæði hèr í landi og í Danmörku, sem gjöra það stjórnarfyrirkomulag, sem nú er hèr í landi, óhagkvæmt og ísjárvert, bæði fyrir innbúa þessa lands og yfirstjórnendurna í Danmörku, einkum á meðan svo fá sem eingin málefni, hverrar og hvað lítilvægrar tegundar sem eru, geta átt undir hin síðustu úrslit stjórnarvaldanna hèr á landi, heldur verða flestöll, og geta svo að segja öll án undantekníngar átt undir síðustu úrgreiðslu eða úrslit hinna ýmsu stjórnarvalda í Danmörku.

Út frá þessum aðalskoðunum, sem nú eru teknar fram, hefur nefndin geingið. Og finnst henni þá eðlilegast og réttast, að vekja fyrst athygli hins heiðraða þíngs að þeirri aðalstiptuninni, sem einmitt gjörir oss Íslendíngum kost á, að kveða upp formlega og ræða þetta mál, en það er að sjálfri alþíngisstiptuninni.

Hið fyrsta, sem frá upphafi og almennt hefur þótt ábótavant við þessa stiptun, eru *kosníngarlögin* til alþíngis, og hefur meiri hlutinn af oss nefndarmönnum þegar í sèrstöku nefndaráliti, samkvæmt því, sem hið heiðraða þíng fól oss, kveðið upp undirstöðu-atriði til þeirra breytínga á kosníngarlögunum, sem mundu þykja nauðsynlegastar að taka til greina í hinu nýja frumvarpi til kosníngarlaga, sem stjórnin væri beðin um, hverju meiri hlutans atkvæði má vænta að minni hlutinn okkar á sínum tíma veiti jákvæði sitt.

Hið annað, sem beint leiðir af þeirri aðalskoðun á fyrirkomulagi hinna ýmsu stjórnarvalda hèr á landi, sem vèr höfum þegar útlistað, er það, að alþíngi vort hljóti þeim mun meiri og rýmri verkahríng, en það hefur nú, sem fyrirkomulag stjórnarinnar í öllu ríkinu lýtur að því, bæði eptir stjórnarskránni, og boðuninni 28. jan. 1852, að þegnar konúngs vors í hinum ýmsu hlutum veldis hans bæði hafa þegar feingið og eigi að fá meiri hluttekníngu og ályktunarvald í sínum málum, heldur en var, þegar alþíngi og öunur ráðgefandi þíng voru stofnsett. Boðunin 28. jan. segir og með berum orðum, að stöndin, sem eigi að komast á í Slèsvík og Holstein, eigi að fá *ályktunarvald* (beſluttende Myndighed) í öllum þeim málum, sem áður lágu undir þau, á meðan þau voru ráðgefandi. Því verður nefndin og að leggja til, að hið heiðraða þíng taki eindregið fram í bænarskrá sinni, að alþíngi voru verði veitt ályktandi eður löggjafarvald í öllum hèr innlendum málum.

En þó að sú hugsun sè fyrir mörgum allóaðskiljanleg frá svo rýmkuðu valdi alþíngis, sem vèr tókum nú fram, að þá eigi of fáir fulltrúar setu á þínginu, og enn þótt nefndin sè yfir höfuð að tala á því máli, einkum ef jafnmargir konúngkjörnir menn ættu að eiga staðfasta þíngsetu eptir sem áður, þá hefur nefndinni samt að þessu sinni ekki þótt óumflýjanlegt, að taka fram um þetta neina sèrstaka uppástúngu. Og nefndinni þykir nægja, að hreifa þessu atriði svona, til þess að vekja að því athygli bæði konúngs vors, og einkum hins heiðraða þíngs og allra landsbúa, svo að þetta atriði mætti verða yfirvegunar- og umræðu-efni, þángað til konúngur leggur algjört stjórnarbótarfrumvarp fyrir þíngið; mætti þá svo fara, að menn, eins og nú er næst meiníngu nokkurra nefndarmanna, áliti eins ráðlegt að hafa t. a. m. þíngtímann þeim mun leingri, sem færri væru þíngmennirnir.

En bæði af því, að hvorki nefndinni nè heldur alþingi mun geta hugsazt nein stjórnarbót hèr á landi, nè nein föst eða veruleg umbót á fyrirkomulagi Íslands í stöðu ríkisins svo, að hún ekki byrji á, og stefni að, þeirri rýmkun á valdi og verkahring alþingis, sem vèr höfum nú bent til, þá finnst og nefndinni leiða beint þar af, að umbót og fyrirkomulag hinna annara aðalstjórnarvalda í þessu landi sem öðrum, *framkvæmdarvaldsins* og *dómsvaldsins,* verður að vera í réttu hlutfalli við hinn rýmkaða og aukna verkahring *löggjafarvaldsins* (alþingis). Því er nefndin eindregið þeirrar meiníngar, að ein þurfi að vera, og á einum stað, aðalframkvæmdarstjórn í landinu; að í þeirri stjórn ættu að vera 3 menn, og að þeir ættu að hafa aðsetur sitt í Reykjavík, einkum á meðan alþingi er haldið á þeim stað, sem nefndin hyggur að ekki sè ástæða til að bregða út af.

Landstjórn þessi álítur nefndin að ætti að hafa á hendi samsvarandi framkvæmdar - og valdstjórnar-vald því, sem alþingi yrði veitt löggjafarvald, það er að skilja, síðustu meðferð og úrslit þeirra innlendu mála hèr, sem ekki verður lögákveðið um, t. a. m. einkum löggjafarmál, að eigi að liggja undir úrskurð konúngs eður ráðaneytis hans (miniſteriel Afgjørelſe), og að hún þar til hljóti að eiga setu, og halda svörum uppi af hendi stjórnarinnar, í alþingi. Þar sem landstjórn þessari þannig yrði að ætla svona mikil og mikilvæg störf, þá er auðráðið, hve áríðandi sè, að hún bæði sè saman á einum stað, t. d. í Reykjavík, og sè skipuð reyndum og menntuðum aðkvæðamönnum.

Af hinum sömu ástæðum er og nefndin þeirrar meiníngar, að yfirdómsvaldið hèr á landi þurfi að öðlast þá rýmkun, sem samsvari því fyrirkomulagi hinna tveggja stjórnarvaldanna, er vèr nú tókum fram. Og nefndin álítur sèr því fremur skylt, að vekja athygli að þessu efni, sem hið forna þíng vort hafði frá upphafi dómsvaldið í öllum innlendum málum, og að breyting á þessu hófst fyrst fyrir einstaklegar bænarskrár til konúngs frá einstökum mönnum um, að þeir mættu leggja mál sín undir hæsta-rètt, að æðsti dómur í öllum sakamálum þessa lands (Overkrimínalret) var hèr aptur stofnsettur að konúngs boði frá 1807—1815, að konúngur vor sjálfur er nú ekki leingur forseti í hæsta-rètti, og að yfirdómur vor hefur til þessa verið svo úr garði gjörður, bæði að dómandatölu og þeim þraungu kjörum,

sem þeir hafa átt við að búa, að þennan æðsta dómstól lands vors hefur skort bæði á það afl og álit og athvarf reyndra undirdómanda, sem svo mikilvægu stjórnarvaldi, sem hinu æðsta dómsvaldi, í hverju landi er öldúngis ómissandi.

Nefndin er því eindregið á því, að hið heiðraða þing eigi að biðja konúnginn, að rýmka svo vald og afl og kjör yfirdóms þessa lands, sem samsvari bæði hinu rýmkaða löggjafarvaldi alþingis, og framkvæmdarvaldi landstjórnarinnar, sem því hlýtur að vera samfara, þó svo, að í alla staði sè þess gætt, sem beinlínis leiðir af hinu æðsta valdi konúngsins, svo að t. d. eingínn lífleysisdómur nái framkvæmd, fyr en málið er að minnsta kosti borið upp fyrir konúnginn.

En eins og nefndinni bæði þótti nauðsyn og rètt, að byggja þessi þrjú undirstöðu-atriði, sem nú eru tekin fram, meðfram á hinu sèrstaka ástandi og þörfum Íslands, á hinni miklu fjarlægð þess frá veldisstóli konúngs vors, og á þeim stjórnarráðstöfunum, sem hingað til hafa komið fram við þetta land af hendi konúnga vorra í hina sömu stefnu, jafnframt og nefndin þó hefur haft stöðugt og eindregið tillit til þess fyrirkomulags stjórnarinnar, sem lýst er yfir í boðuninni 28. jan. 1852 að eigi að verða að lögum í gjörvöllu konúngsveldinu, eins verður og nefndin að aðhyllast, að því leyti Ísland snertir, þann hluta þessa fyrirkomulags stjórnarinnar í Danaveldi, sem lýtur að því, að öll hin sameiginlegu mál konúngsveldisins eigi undir eitt og sama aðalstjórnarvald, sem skipað verði að lögum (en før Behandlingen af fælleds Anliggender fælleds Forfatning), og að Íslandi veitist rèttur til, og gefist kostur á, að eiga fyrir kosna fulltrúa sína, sem alþíngi kjósi með meir en helmíngi allra atkvæða, atkvæðisrètt í öllum þessum sameiginlegu málum, að rèttri tiltölu og jöfnuði við aðra hluta konúngsveldisins, á því ríkisþíngi gjörvalls konúngsveldisins, sem til þess yrði stofnað.

Hið 5. undirstöðu-atriði, sem nefndinni fannst öldúngis nauðsynlegt að vekja máls á, og að þíngið í bænarskrá sinni veki að athygli konúngs vors, er um það embættisvald, er hafi á hendi sumpart sjálft hina síðustu meðferð og úrgreiðslu, en sumpart að bera fram fyrir konúnginn, undir samþykki hans eður úrskurð, þau mál, sem gánga eiga til konúngsins, bæði frá alþíngi og frá hinni sameinuðu landstjórn á Íslandi. Nefndin hefur þegar tekið fram, að það sè einkum hin margskiptu valdstjórnar- og önnur stjórnar-störf, sem liggi undir ýms stjórnar-

völd og ýmsa stjórnarmenn, bæði hèr og erlendis, sem gjöri fyrirkomulag það, sem nú er á stjórn Íslands, óhagkvæmt og ísjárvert, bæði fyrir innbúa þessa lands, og einnig fyrir sjálfa yfirstjórnendurna í Danmörku. Og það getur vart dulizt fyrir þessum yfirstjórnendum sjálfum, nè fyrir vorum mildasta konúngi, auk heldur fyrir Íslendíngum, að fyrirkomulag þetta á hinni síðustu úrgreiðslu málanna hèðan af landi, sem þeim er ætluð, hlýtur að verða þeim því óhagkvæmari og erfiðari, sem sitt málið liggur undir hvern, og þeir eru þar til ekki jafnan hinir sömu, er eiga að hafa hina síðustu meðferð og úrslit þessara mála til afgreiðslu, heldur skiptast þeir einatt um, eingan veginn eptir því, sem ekki er heldur að vænta, hvernig mál þau stefna hèðan af landi, sem undir þá liggja, heldur eptir því, sem aðalmálunum í meginríkinu þykir affarabezt og hollast. Þessi margs konar sundurskipting málanna, og þessi breyting yfirstjórnandanna sjálfra, sem einginn getur hèr á landi vitað nè fyrir sèð, fyr en hún er á komin, hlýtur að orsaka embættismönnunum hèr á landi hinnar mestu óvissu og vafa um þá stefnu, sem sè rèttust og tiltækilegust í undirbúníngi málanna undir hina síðustu afgreiðslu og úrslit, og olla því, að sjálf þessi síðasta meðferð og úrslit málanna skorta það almenna og óyggjandi álit og traust, sem er öldúngis nauðsynlegt í þessu efni, og eiga mætti víst, ef einn og sami embættismaður væri kjörinn af konúnginum, til að hafa þessi störf öll á hendi af Íslands hálfu, og væri ætlað það, sumpart að leggja sjálfur á málin hinn síðasta úrskurð, en sumpart að bera upp fyrir konúnginn þau mál öll, sem undir hann liggja, til hinnar síðustu úrgreiðslu.

Því verður nefndin einnig eindregið að ráða þínginu til, að bera upp fyrir konúnginn þau vandkvæði og óvissu, sem nú sem stendur allauðsjáanlega leiða af því fyrirkomulagi á hinni síðustu meðferð og úrgreiðslu málanna hèðan af landi, sem nú þykja eiga sèr stað, og jafnframt benda konúnginum til (þenßille), hvort hann, bæði af þessum ástæðum, og samkvæmt bæði hinum öðrum undirstöðu-atriðum fyrir fyrirkomulagi stjórnarinnar hèr á landi, og því aðalfyrirkomulagi á stjórn gjörvalls konúngsveldisins, sem lýst er yfir í boðuninni 28. jan. 1852, finni ekki tilefni til, að fela einum og sama embættismanni hina síðustu meðferð allra þeirra mála, sem ekki lægju annaðhvort undir úrgreiðslu sameiginlegra stjórnarvalda fyrir allt konúngsveldið (boðun 28. jan.

1852, 4. atr.), eða ekki gætu náð löglegri (forfatningsmæssig) afgreiðslu hèr á landi.

Samkvæmt þeim ástæðum, sem nú eru teknar fram, leyfir nefndin sèr að leggja til, að þetta heiðraða þing riti konúngi vorum þegnlega bænarskrá, og biðji, að í frumvarpi því, sem hann láti semja og leggja fyrir alþíngi, til stjórnarbótar hèr á landi, og til þess, að ákveða nákvæmar stöðu Íslands í fyrirkomulagi konúngsveldisins, verði eptirfylgjandi atriði tekin til greina og aðalundirstöðu.

1. *Að verkahríngur og vald alþíngis verði svo aukið, að því verði veitt ályktunarvald (löggjafarvald) í öllum þeim málum, sem áður hafa legið undir meðferð þess.*
2. *Að ein verði sett og á einum stað, í Reykjavík, þriggja manna yfirstjórn á landi hèr, sem hafi á hendi til síðustu úrslita öll þau valdstjórnarverk og framkvæmdarvald í íslenzkum málum, sem ekki verður lögákveðið um að hljóti að liggja undir úrskurð konúngsins eða ráðaneytis hans.*

   Að þessir yfirstjórnendur eigi setu á alþíngi, og haldi þar svörum uppi fyrir hönd stjórnarinnar.
3. *Að verkahríngur, dómandatala og kjör yfirdómsins á Íslandi verði aukin svo, að hið æðsta dómsvald landsins verði í fullri samhljóðun við ályktunarvald alþíngis í löggjafarmálum, og við framkvæmdarvald yfirstjórnarinnar í valdstjórnarmálum.*
4. *Að Íslendíngum fyrir kosna fulltrúa sína veitist rèttur til, og verði gefinn kostur á, að eiga atkvæðisrètt, að jafnri tiltölu við aðra hluta ríkisins, í öllum sameiginlegum málum alls konúngsveldisins, þeim, er lögð verða undir umræður og úrslit eins aðalríkisþíngs fyrir gjörvallt konúngsveldið.*

   Að alþíngi kjósi þessa fulltrúa með meir en helming allra atkvæða.

   Enn fremur verður nefndin að ráða þínginu til, að taka inn í bænaskrána þetta breytíngaratkæði (Henstillíngspunct):

5. *Hvort konúngurinn, samkvæmt bæði því fyrirkomulagi á stjórnarvöldunum hèr á landi, sem nú er stúngið upp á, og því aðalfyrirkomulagi á stjórn gjörvalls konúngsveldisins, sem lýst er yfir að eigi að komast á í boðun kon-*

úngs 28. jan. 1852, finni ekki ástæðu til, að fela einum og sama embættismanni hina síðustu meðferð þeirra mála, sem lögákveðið verði um að ekki geti útkljáðzt hèr á landi, og að hann beri síðan þau mál upp fyrir konúnginn til úrskurðar eður samþykkis.

Reykjavík, þann 24. júlí 1853.

J. Guðmundsson, P. Pètursson. H. Stephensen.
formaður og framsögum.

Þ. Sveinbjörnsson. V. Finsen.

Framsögumaður: Eg skal nú fara því færri orðum um þetta nefndarálit, sem eg hef vissa von um, að þingið sjái, að nefndin hefur gjört sèr far um, að vanda það, svo sem henni var mögulegt, og tekið fram hin helztu atriði í stjórnarhögum vorum, og þau, sem einkanlega hafa vakað bæði fyrir þjóðinni og alþingi. Nefndin gat ekki álitið, að hún hefði rètt á, eða sèr bæri, að búa til algjört eða skipulegt frumvarp í máli þessu, og hefur til fært í álitsskjalinu ástæður fyrir því, heldur einúngis að benda stjórninni á aðalatriði þau, sem sèr fyndist helzt eiga að taka til greina í frumvarpi því, sem hún legði á sínum tíma fyrir þing hèr í landi. Eg vildi nú mega vekja hjá þingmönnum nákvæmt athygli að því, hvort það mundi ekki einmitt spilla máli þessu, ef farið væri nú að ræða einstakleg atriði þess, þau er snerta sjálft frumvarpið, sem um er beðið, eða hin einstöku atriði þess, eða hvort eigi muni ríða mest á, og hvort það ætti ekki að vera aðalefnið í þessari umræðu, að halda sèr við aðalatriðin, sem nefndin hefur tekið fram, eða aðalbreytíngar við þau, eða önnur slík atriði, sem mönnum þætti nefndinni hafa sèzt yfir. En eg skal nú ekki fara um þetta fleirum orðum, fyr en ræður manna kynnu að gefa mèr tilefni til þess.

Konúngsfulltrúi: Eptir minni hyggju hefur nefndinni tekizt svo vel, að semja álitsskjal það, er nú var upp lesið, bæði í því, að taka fram hin mest áríðandi grundvallaratriði áhrærandi stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, og líka í því, að hafa það tillit, er vera átti, til boðunar vors allra-mildilegasta konúngs frá 28. jan. 1852 um fyrirkomulagið á stjórn alls ríkisins, að eg er viss um, að stjórnin muni taka bænarskrá frá þessu þingi, ef hún verður samin samkvæmt uppástúngum þeim, er nefndarálitið inniheldur, til nákvæmustu yfirvegunar. Af því nefndin, eins og eg held öldúngis rètt vera, einúngis hefur tekið fram

hin verulegustu grundvallaratriði málsins, finn eg einga ástæðu til, að gjöra neina athugasemd við nefndarálitið, en læt einúngis þá ósk mína í ljósi, að þingið mætti verða eins samhuga í því, að fallast á uppástúngu nefndarinnar, eins og hún hefur verið samhuga í því, að semja þær og bera þær upp fyrir þinginu.

Þ. Jónassen: Eg skal fylgja ráðum hins heiðraða framsögumanns, að fjölyrða ekki um þetta mál, og því einúngis leyfa mèr að gjöra fylgjandi athugasemd við nefndarálitið.

Nefndin hefur, þegar hún var búin að segja álit sitt um málið, og gjöra uppástúngur sínar í því, bætt aptan við bendíngaruppástúngu (Henstillíngspunct) um það, hvort það ekki mundi æskilegt, að konúngur fæli einum og sama manni á vald, að hafa á hendi síðustu meðferð þeirra mála frá Íslandi, sem lögákveðið yrði um að ekki geti útkljáðzt hèr á landi, nè heldur væru sameiginleg mál, svo að hann bæri þau fram fyrir konúnginn, til hans allra-hæsta úrskurðar eða samþykkis.

Eg skil ekki betur, en að þetta atriði sè svo *mikilsvert* fyrir þetta land, að það, ef til vill, sè það, sem oss er mestu varðandi, og að nefndin því hefði átt að gjöra það, eigi síður en hin önnur atriði málsins, að uppástúngu-atriði.

Það hagar nefnilega, eins og alkunnugt er, svo til, að mál hèðan frá landi, sem fara til stjórnarinnar skiptast til seinustu meðferðar og úrslita milli stjórnarherranna eptir eðli málanna og innihaldi. Þetta hefur mikla annmarka, þegar aðgætist, að það verða og hljóta að verða svo opt stjórnarherraskipti; því þar af leiðir, að í grundvallarreglum þeim, sem ráða úrsliti og afgreiðslu málanna, ekki getur verið æskileg staðfesta; því það er ekki við því að búast, að sá stjórnarherra, sem tekur við, aðhyllist grundvallarreglur hins, er fór frá, og það getur enda hugsazt, að hann hafi öldúngis frábrugðna skoðun á mikilvægum málefnum þessa lands.

Þetta vandkvæði átti sèr ekki stað, meðan stjórnarráðin *(Collegia)* voru uppi; því þó þar líka yrðu mannaskipti, voru þar þó ætíð einhverjir eptir, sem hèldu uppi viðteknum grundvallarreglum, og þar með var sameinuð svo nákvæm þekking á málunum og landsins hag yfir höfuð, að varla verður gjört ráð fyrir henni eins nákvæmlegri nú og þá, með þeim iðulegu stjórnarherraskiptum. Þetta leiðir mig til þeirrar sannfæríngar, að oss Íslendínga varði mest af öllu, að mál vor erlendis, í þeirra síðustu meðferð hjá stjórninni, sèu falin einum og sama manni,

sem beri þau upp fyrir hans hátign konúnginn, til úrskurðar eða samþykkis.

Vèr Íslendingar erum að vísu lítil og fámenn þjóð, en vèr höfum svo margt einstaklegt hjá oss, og frábrugðið því, sem er í Danmörku, að einúngis sá maður, sem þekkir nákvæmlega, hvernig hèr hagar til, getur haft ljósa hugmynd um mál hèðan frá landi, og einúngis slíkur maður getur skorið þannig úr málum vorum, að vèr með fullu trúnaðartrausti getum átt þau undir honum til seinustu meðferðar. Eg tek það því upp aptur, að þetta atriði er í mínum augum eitt það helzta, sem oss varðar um að biðja, hvernig sem svo öðru líður í stjórnarfyrirkomulagi þessa lands. Þegar því nefndin hefur að eins gjört þetta að bendingaratriði, er eg sannfærður um, að hún hefur haft þar til mikilvægar ástæður; að öðru leyti er eg því öldúngis samdóma, að nefndin hafi farið með þetta mikilvæga málefni með þeirri varkárni og stillingu, sem vera átti og málinu var samboðin, og því fremur getum vèr átt von á því, að það fái náðuga áheyrslu hjá stjórninni, og skal eg svo ekki fara hèr um fleirum orðum.

Konúngsfulltrúi: Eg þarf að sönnu ekki að taka það af hinum heiðraða framsögumanni, að halda svörum uppi fyrir nefndarálitið, og eg ætla mèr heldur ei að mótmæla þeim ástæðum, er hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður, er nú mælti, fram bar í ræðu sinni; en eg vil einúngis benda til þess, að eg held nefndin hafi valið rètt form fyrir atriði það, er hún hefur tekið fram undir nr. 5, þar sem hún hefur kallað atriði þetta bendíngaratkvæði (Henſtilíngspunct), en ekki uppástúngu (Indſtilling); því þó nefndin hafi haft sömu sannfæríngu um gildi þessa atriðis, sem hinna, er hún hefur fram borið, er þó þess að gæta, að þetta atriði snertir nákvæmar konúngsins forrèttindi *(Prærogativer)*, heldur en hin önnur, sem hún hefur upp borið, og því virðist mèr það rèttara, að nefndin, af lotníngu fyrir konúngsins hátign, hefur valið þessu atriði þetta form.

M. Andrèsson: Eg stend nú upp mest til þess, að láta í ljósi ánægju mína yfir nefndaráliti þessu, að því leyti sem eg ber skyn á það, sem lítið er. En þó má eg játa það, að mèr þykir það atriði, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður tók fram í ræðu sinni, nokkuð athugavert, og eg skildi ekki í, því það væri ekki einnig tekið eins og uppástúnga, eins og hin önnur atriði málsins, heldur eins og bendíngaratriði. Mèr finnst þó það einkar-áríðandi fyrir oss, til þess að stjórn lands

vors geti komizt í skipulegt lag. Því hefur og verið hreift í fleirum bænarskrám hèðan eins og einhverju hinu mikilvægasta atriði í stjórnarskipunarmálinu, t. a. m. skömmu eptir þjóðfundarslitin í bænarskrá frá Eyfirðingum var það talið fyrir öðru, og eins eða líkt var það tekið fram í bænarskrá Árnesinga. Þegar eg las nú þetta bendíngaratriði nefndarinnar, kom mèr það í hug, að í auglýsíngu konúngs af 12. maí 1852 var margt af áður nefndum bænum Íslendínga kallað heimildarlausar kröfur, nema þetta atriði, sem þar er ekki minnzt á, svo mèr lá við að halda, að stjórnin áliti, að vèr værum eigi heimildarlausir fyrir þessari vorri bæn eða kröfu, eða hvað sem stjórninni þóknast að nefna það. Eg hef því hugsað, að þetta kynni nú að vera fáanlegt, og eg ætla, að hin önnur atriðin, sem nefndin tekur fram, verði ekki, svo vel fari, að skilin frá þessu. Ekki get eg heldur með neinu móti ætlað konúnginum það, að hann mundi ekki eins hafa veitt oss bæn vora fyrir það, þó þetta bendíngaratriði hefði verið í uppástúngu-formi.

Konúngsfulltrúi: Eg skal einúngis bæta því við það, er eg sagði áðan, að þó þetta atriði sè sett einúngis sem bendíng, þá mun þó stjórnin leggja eins mikla þýðíngu í það, eins og þó það væri bein uppástúnga, og fara meir eptir efni þess og innihaldi, en eptir forminu, sem það er innklætt í.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefur svo vel svarað upp á athugasemdir þeirra tveggja heiðruðu þíngmanna við nefndarálitið, að eg þarf þar eingu við að bæta. En eg vil geta þess, að það vakti fyrir nefndinni, að það heyrði til forrèttinda konúngsins, að nefna sèr ráðgjafa, og því hafði hún þessa aðferð, sem nú er verið að tala um. En þar sem hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga kvað svo að orði, að þetta síðasta atriði sè „að skilið“ í nefndarálitinu frá hinum fyrri, þá held eg, að þíngmaður Árnesínga hafi ekki heyrt rètt; því það er í raun og veru alls ekki að skilið frá þeim, heldur eptir ástæðunum í nákvæmu sambandi og óaðskiljanlegu við þau.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg er ekki fær um, að tala um þetta málefni, en eptir þeirri þekkíngu og ígrundun, sem eg hef á því, þá þykir mèr nefndarálitið hafa tekizt mikið vel, og eg held það sè mikið hóglega og nærfærnislega samið; það fer víst ekki of lángt, og eg held ekki heldur mikið of skammt; því fáist þetta, sem um er beðið, þá horfir allt í áttina og stendur til bóta. Einkanlega var mèr það sönn ánægja, að heyra það af

munni hins hæstvirta konúngsfulltrúa, að hann fèllist á nefndarálitið, og að konúngur mundi eins vel taka til greina þessa bendingu um íslenzkan ráðgjafa í Íslands-málefnum, eins og þó slíkt hefði verið ýtarleg bæn eða áskorun til hans, þar eg hafði líka áður gjört mèr þessa sömu von.

Á. Einarsson: Mèr datt sama í hug og hinum 4. heiðraða konúngkjörna þíngmanni, og hinum heiðraða þíngmanni Árnesínga. Eg veit, að Íslendíngum er um ekkert annara í stjórnarbót sinni, en um það, að einn ráðgjafi verði settur yfir hin íslenzku mál; en það nægir, ef konúngur tekur eins til greina bendíngar þíngsins um það, eins og beina uppástúngu. Þíngið hefur og hreift þessu atriði í öðrum málum, nefnilega undirskriptarmálinu, og sýnt fram á, hversu bagalegt það væri, að ráðgjafa vantaði fyrir hin íslenzku mál sèr í lagi. Samt sem áður áskil eg mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þá leið, að bendíngaratriði nefndarinnar verði gjört að uppástúngu; því eg nota mèr þann rètt ekki, nema því að eins, að mèr þyki þörf á því.

Konúngsfulltrúi: Eg skal enn nú geta þess, að menn hafa mörg dæmi frá ráðgjafaþíngunum í Danmörku, að þau hafa komið fram með bendíngaratkvæði, og hefur þó stjórnin allt eins tekið þau til greina, eins og þau atriði, hvar um þíngin hafa borið upp beinar uppástúngur.

Framsögumaður: Eg vil og mega benda þíngmönnum á það, að þó nefndin hafi í niðurlagsatriðunum borið þetta atriði um ráðgjafann upp að eins sem bendíngaratriði, en ekki uppástúngu-atriði, þá hefur nefndin eingu óskarpar tekið fram í ástæðunum vandkvæði þau, sem leiddu af því fyrirkomulagi, sem nú er í þessu efni, því, að enginn ráðgjafi er út af fyrir sig fyrir Íslands hönd, nè fært óljósari rök fyrir þessu bendíngaratriði sínu, en hverju hinu uppástúngu-atriðinu. Nefndin hefur jafnvel enn skarpar og ljósar tekið þessi vandkvæði fram, eins og ástæðurnar í nefndarálitinu sýna.

G. Brandsson: Eg ætla, að hver einstakur maður geti fundið það, að hann muni ekki óljúfari á, að veita öðrum bæn sína, þó hann beri hana ekki beinlínis fram í fast-ákveðnum orðatiltækjum, heldur með eins konar fyrirspurn eða bendingu fari þess á leit, sem hann óskar eptir; sè nú svo, að sá, sem beðinn er, hafi bæði meira vald og álit, en hinn, sem biður, þá mun aðferð þessi optast eiga vel við, og vinna meira en önnur strángari; og heimfæri menn nú þetta til þess, sem nú er um-

ræðuefni, þá held eg nefndinni hafi hèr sem annarstaðar heppnazt, að fara meðalveginn; konúngi vorum er ekki heldur ókunnugt um vilja Íslendínga í þessu heldur en öðru, svo hann þess vegna þurfi að vera í vafa um, hvort hann eigi að veita þeim þessa bæn sína. Mèr finnst líka, að vèr þurfum ekki eingaungu að eiga undir stjórninni með þetta, heldur undir sjálfum honum, þegar hann einn hefur vald til, að kjósa sèr ráðgjafa, eins og sagt hefur verið að væri ein af forrèttindum hans; og því fremur, sem við hann einn væri að eiga, mundu Íslendíngar treysta vísdómi hans og mildi til, að veita fullnægju hógværum óskum þeirra í þessu sem öðru.

Á. Einarsson: Eg tók líka eptir því, að bendíngaratriði þetta var tekið fram í ástæðum nefndarálitsins, eins og um það hefði átt að gjöra beina uppástúngu, og því ber eg eigi upp breytíngaratkvæðið, en læt mèr nú lynda útskýríngar þær, sem gjörðar eru yfir þetta mál, en þótti betra, að þessu var hreift, svo það sæist af þíngtíðindunum, að Íslendíngum væri ekki snúinn hugur í þessu atriði.

M. Andrèsson: Eg ætla mèr nú ekki að fara lángt inn í þetta mál, heldur að eins geta þess, að mèr finnst það gefa betri von um bænheyrsluna, að hèr er svo lítill ágreiníngur um meðal þíngmanna, og ástæðurnar fyrir bendíngaratriðinu eru líka fullt eins sterkar hjá nefndinni, eins og fyrir uppástúngunum, eins og framsögumaður tók fram.

P. Sigurðsson: Eg stend nú einasta upp, til að láta það álit mitt í ljósi, að mèr þykir nefndinni hafa tekizt ágætlega, að leysa þennan starfa af hendi, bæði hvað stefnu þess yfir höfuð snertir, og eins undirstöðu-atriði þau, er nefndin hefur tekið fram. Eg var að vísu einn af þeim, sem þótti ekki nógu ljóslega tekið fram atriði það, sem nú hefur helzt orðið umræðuefni; en við umræðurnar hefur það skýrzt fyrir mèr, svo eg læt mèr vel lynda; mèr er líka ánægja að heyra, hvað ágætlega að bæði hinn háttvirti konúngsfulltrúi og fleiri hinna konúngkjörnu manna taka nú í málefni þetta; því nú sýnist, sem nýr vonargeisli renni upp í sal þessum undan myrkva þeim og kulda, er auglýsíngin af 12. maí 1852 hafði í för sinni, og þó hún væri harðyrt oss til handa, þá gat hún þó ekki meira áorkað, en að von sú, er Íslendíngar höfðu til uppfyllíngar þess loforðs, er konúngur vor hafði auglýst áður, varð daprari, að loforð þetta kynni að verða nokkuð seinfærara, en menn höfðu

við búizt, áður en auglýsing þessi birtist. Eg gef því fúslega nefndaráliti þessu atkvæði mitt.

Framsögumaður: Eg verð að láta það í ljósi, að mèr þykir vænt um, hvernig ræðurnar hafa nú fallið um þetta atriði, og eg álít mjög vel tilfallið, að því var hreift hèr í umræðunum; því það er, að eg ætla, í fyrsta sinni, sem frá alþingi kemur fram atriði í þessu formi og með þessu nafni, „bendingaratriði", eða sem Danir nefna „Henſtillingspunct", eins og nefndin nú hefur gjört, og ef þessi aðferð nefndarinnar hefði ekki verið útlistuð í ræðum manna, þá get eg vel ímyndað mèr, að landsmenn hefðu hneixlazt á henni, og á þessu nýja nafni og óþekkta formi.

V. Finsen: Eg vil leyfa mèr að gjöra eina athugasemd. Það hafa nefnilega af vangá gleymzt nokkur orð í niðurlagi 5. tölul. í uppástúngu nefndarinnar; þar stendur, að sá eini ráðgjafi fyrir Ísland, sem þar er gjört ráð fyrir, eigi að hafa öll þau mál Íslandi viðkomandi, sem ekki eru lögð undir landstjórnina hèr; en þar á að standa: *„öll þau mál, Ísland áhrærandi, sem ekki annaðhvort heyra undir hin sameiginlegu stjórnarvöld fyrir allt ríkið, eða undir hina innlendu landstjórn hèr"*. Það er tekið svona fram í ástæðunum í nefndarálitinu, og það stendur líka öldúngis heima við það, að nefndin hefur að öllu aðhyllzt hina konúnglegu auglýsingu frá 28. jan. 1852, og einkum líka þau undirstöðu-atriði fyrir óraskanlegu sambandi alls konúngsveldisins, sem þar eru tekin fram, nefnilega, eitt ríkisþing fyrir allt konúngsveldið, og sameiginlegt framkvæmdarvald í þeim málum, þar sem stjórnin fyrir gjörvallt konúngsveldið á að vera sameiginleg. Eg hef álitið nauðsynlegt, nú við undirbúningsumræðuna að geta þessa atriðis, sem einúngis hefur gleymzt að taka fram, svo það verði leiðrètt fyrir ályktarumræðuna.

Framsögumaður: Nefndin ætlaði, að þetta skyldi vera líkt orðað í niðurlaginu og í ástæðunum, en það hefur án efa gleymzt, eins og hinn heiðraði meðnefndarmaður minn nýlega sagði. En eg sè ekki, að neitt geti verið móti því, að taka það þar inn, áður en ályktarumræða og atkvæðagreiðsla fer fram í málinu.

Forseti: Þar eð nú tekur einginn til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið.

Það, sem enn framar liggur fyrir í dag, er, að lesa upp og bera undir álit þingsins eitt álitsskjal og tvær bænarskrár til konúngs, sem eg hef feingið í hendur.

Fyrsta álitsskjalið er í málinu „um fjölgun þingstaða í Ár-

nessýslu", og vil eg biðja framsögumann nefndarinnar, þingmann Árnesinga, að lesa það upp.

Álitsskjalið var síðan afhent þingmanni Árnesinga, M. Andrèssyni, sem las það upp, og, eptir að nokkrir þingmenn höfðu gjört við það athugasemdir sínar, og það var leiðrètt eptir þeim, var það samþykkt af þinginu, svo hljóðandi:

Til konúngs.

Yðar konúnglegu hátign hefur allra-mildilegast þóknazt, að leggja fyrir alþingi til ráðaneytis frumvarp til opins brèfs um fjölgun þingstaða í Árnessýslu. Eptir að þriggja manna nefnd, sem sett var í þessu máli, hafði yfirvegað það rækilega, hefur það verið rætt á tveimur aðalfundum, og leyfir þingið sèr allra-þegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt á þessa leið.

Bæði af ástæðum fyrir hinu konúnglega frumvarpi, sem og líka nákvæmum kunnugleika nokkurra manna á þinginu, er það upplýst, að eptir næstliðin aldamót hafi öllum þingstöðum verið raskað í 8 hreppum í Árnessýslu, þannig, að Selvogshreppur, sem átti þingstað á Nesi, hafi síðan sótt þing að Bakkarholti í Ölvesi; Villingaholtshreppur, sem átti þingstað í Vælugerði, Gaulverjabæjarhreppur, sem átti þingstað í Gaulverjabæ, Stokkseyrarhreppur, sem átti þingstað á Stokkseyri, Sandvíkurhr., sem átti þingstað í Stóru-Sandvík, og Hraungerðishreppur, sem átti þingstað í Hraungerði, hafi allir sótt manntalsþing að Hróarsholti í Villingaholtshrepp; og sömuleiðis hafi Skeiðahreppur, sem átti þingstað á Húsatóptum, og Gnúpverjahreppur, sem átti þingstað á Stóra-Núpi, sótt manntalsþing að Saudlæk í síðar nefndum hreppi.

Hvernig þessari breytíngu hafi háttað verið, verður ekki sagt með fullri vissu; en eptir því, sem næst verður komizt, mun hún hafa komizt á með samkomulagi þáverandi sýslumanns, kanseliráðs Steindórs Finnssonar, við bændurna í áður nefndum hreppum, og að þeir hafi eptir látið honum, að fækka þannig þingstöðum, til að spara honum lángt ferðalag, þá í aldurdómi hans; þeim gömlu þingstöðum hefur því ekki raskað verið með neinu lagaboði nè að háyfirvalda-ráðstöfun.

Þar eð nú hreppstjórar og aðrir sveitabændur í áður nefndum hreppum hafa samhuga beiðzt þess, að upp mætti taka alla hina fornu þingstaði, og að þeim yrði leyft, að byggja þar á kostnað sjálfra sín ný þínghús, ekki einúngis til þess, að í þeim verði haldin manntalsþing, heldur einnig aukaþing

og önnur rèttarhöld, þá varð þinginu að virðast yfirgnæfandi ástæður fyrir því, að stínga upp á þeim breytíngum á frumvarpi yðar hátignar, sem hèr á eptir mun sagt verða.

Þíngið leyfir sèr enn fremur að geta þess, að áður en mál þetta var tekið til meðferðar, kom til þíngsins bænarskrá frá bændum í hinum forna Þíngvallahreppi í Árnessýslu, sem hefur um liðugan 20 ára tíma verið sameinaður Grafníngshreppi. Bænarskráin fer fram á það, að alþíngi vilji bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign, að Þingvallahreppi mættu allra-mildilegast veitast þau rèttindi, að fá þíngstað á Þíngvöllum, og mega byggja þar þínghús á kostnað sveitarbúa. Bænarskrá þessi var afhent til meðferðar nefnd þeirri, sem kosin var í þessu máli, og síðan tók þíngið bæn þessa til umræðu og atkvæðagreiðslu, eins og aðalmálið.

Nokkrir þíngmanna álitu að vísu, að bændur í Þíngvallahreppi hefðu mikilvægar ástæður til, að beiðast þíngstaðar heima hjá sèr, en samt sem áður fannst meiri hluta þíngsins, að nú sem stæði yrði að hafa sèrlegt tillit til þess, að þessi hinn forni Þíngvallahreppur er enn þá í óraskaðri sameiníngu með, og því að eins nokkur partur af þeim sameinaða Grafnings- og Þíngvalla-hreppi.

Meiri hluti þíngmanna (13 atkvæði móti 7) áleit því, að þessi bæn væri nú of snemma upp borin, og bæri því þínginu ekki að mæla með henni að þessu sinni.

Af hinum framanskrifuðu ástæðum leyfir því þíngið sèr allra-þegnsamlegast, eptir atkvæðagreiðslu þess, í einu hljóði að biðja, að yðar hátign veiti mildilegast frumvarpi yðar um fjölgun þíngstaða í Árnessýslu lagagildi með eptirfylgjandi breytíngum, sem einnig eru samþykktar í einu hljóði:

1. *að í Árnessýslu skuli taka upp aptur hina fornu þíngstaði í eptirfylgjandi hreppum: á Nesi fyrir Selvogshrepp, á Stokkseyri fyrir Stokkseyrarhrepp, í Gaulverjabæ fyrir Gaulverjabæjarhrepp, í Stóru-Sandvik fyrir Sandvíkurhrepp, í Vælugerði fyrir Villingaholtshrepp, í Hraungerði fyrir Hraungerðishrepp, á Húsatóptum fyrir Skeiðahrepp, og á Stóra-Núpi fyrir Gnúpverjahrepp.*
2. *að hreppsbúar í hverjum þessara hreppa séu skyldir til, eptir fyrirmælum sýslumanns, að byggja ný þínghús, svo væn og rúmgóð, að ekki verði að fundið.*

Reykjavík, 29. júlí 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. M. Andrèsson

Forseti: Þá er næst bænarskrá alþingis til konúngs um „stofnun búnaðarskóla á Íslandi“. Framsögumaður, þingmaður Snæfellínga, gjörir svo vel, að lesa hana upp.

Bænarskráin var þá afhent framsögumanni, sèra E. Kúld, sem las hana upp, og, eptir að þingmenn höfðu gjört við hana athugasemdir sínar, og búið var að leiðrètta hana eptir þeim, var hún samþykkt af þínginu svo hljóðandi:

Til Konúngs.

Fyrir alþingið var lögð bænarskrá frá 157 mönnum í Þíngeyjarsýslu um það, að þingið færi þess á leit, að yðar konúnglegri hátign mætti þóknast, að stofna hèr á landi búnaðarskóla, og að til hans væri varið ávöxtum hinna fornu klaustureigna. Sömuleiðis var og önnur bænarskrá frá 21 búanda í Kjósar-og Kjalarnes-hreppum lögð fyrir þingið um það, að jarðyrkjuskóli yrði sem fyrst stofnaður af *Thorchillii* sjóðnum, hvar fátækir únglíngar úr nefndum hreppum nytu uppeldis og tilsagnar kostnaðarlaust.

Til að íhuga þetta mál, kaus þingið 5 manna nefnd, ræddi það síðan á tveimur fundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú allra-þegnsamlegast að bera upp álit sitt á því þannig.

Það er sameiginlegt álit þingsins, að ekkert fái betur eflt hag og velferð þessa lands, en ef bændastèttin gæti orðið betur menntuð í búnaði, en nú er, enda er laungun bændastèttarinnar til menntunar og alls konar framfara í þessari grein nú þegar orðin harðla mikil og almenn, og fer sívaxandi. Og þegar þess er gætt, að landbúnaðurinn og allar þær atvinnugreinir, sem þar að lúta, eru, og hljóta að vera, aðalfóturinn undir allri velmegun og framför landsins, þá má það vera augljóst hverjum manni, sem til þekkir, að eingin stjórnarráðstöfun gæti orðið öllum stèttum landsins, æðri og lægri, kærari, eða landi og lýð heilladrjúgari, en ef settur yrði hèr á stofn sæmilegur búnaðarskóli.

Jafnvel þó alþingi áliti ekki nauðsynlegt, að taka fram sèr í lagi þau atriði, sem til kennslu þyrftu að koma í þessum skóla, þar eð þingið veit, að svo framarlega, sem yðar hátign mætti þóknast, að bæta úr þessari miklu þörf landsins, og efla framför þess með því, að setja á stofn einhverja þá þörfustu, og landi og lýð heillavænlegustu stofnun, sem þeinkzt getur hèr á landi, búnaðarskólann, þá muni yðar konúnglega ráðvísi sjá

svo um, að stofnun þessi beri verðuglega vott um sinn konúnglega höfund, þá leyfir það sèr þó að eins að geta fáeinna atriða, sem einkanlega virðist nauðsynlegt að kennsla gæti veitzt í, bæði bóklega og verklega:

1. *a,* jarðvegsfræði, eður þekking á hinu ytra og innra eðli jarðvegsins;
   b, grasafræði, o: að þekkja grös, not þeirra og lífseðli;
   c, dýrafræði, einkum hvað þau venjulegu húsdýr snertir, þeirra eðli, byggingu og fleira;
   d, eðlisfræði, að því leyti, sem hún viðkemur jarðyrkju, einkum *mechanisk Physik;*
   e, ensku eða þjóðversku, auk íslenzku, dönsku og reiknings.
2. *a,* að kunna að fara með og hagnýta öll þau verkfæri, sem til þess þarf, að endurbæta jarðveginn;
   b, hirðing jarðarinnar og húsa, og viðhald á verkfærum;
   c, hirðing fènaðar;
   d, hirðing fóðurs og matjurta;
   e, bústjórn.

Þinginu er það kunnugt, að svo mikill áhugi á málefni þessu hefur nú næsta leingi vakað hjá þjóðinni, að þegar hafa nokkrir menn í hèruðum haft við orð, að reyna til, að koma þvílíkum skólum á hjá sèr með samskotum af eigin ramleik; en allt til þessa hefur þó sú reyndin á orðið, að því hefur ei orðið framgeingt fyrir þá skuld, að alþýða er ei einfær um, að standast svo mikinn kostnað, sem til slíkrar stofnunar útheimtist, án þess stjórnin eigi þar í verulegan þátt; því fjárhagur landsbúa hamlar þeim jafnan frá, að ráðast í svo mikilvæg fyrirtæki, sem þetta; en þó vonar þingið, að ef þessi skóli kemst vel á fót, mundi má ske eingin stofnun geta vænt sèr meiri styrks af alþýðu. Þingið álítur rètt, að þeir, sem í skólann verða teknir til menntunar, borgi framfæri sitt í skólanum sjálfir; en til þess, að hinir fátækari, sem ei hafa faung á því, skuli ei fátæktar vegna bægjast frá skólanum, álítur þingið það vel mega fara, að nokkru af tekjum búnaðarsjóða amtanna mætti verja þeim til styrktar með ráði hlutaðeigandi amtmanna.

Skóla þessum álítur þingið þurfi að ætla hentuga bújörð leigulaust, og er það í fyrsta áliti mikill kostnaður, en sá kostnaður bætist aptur með þeim jarðabótum, er sjálfsagt yrðu á jörðinni að verða við það, sem störf skólans kæmu einmitt

niður á henni. Þingið álítur og óumflýjanlega nauðsynlegt, að á jörð þessari verði byggt hæfilegt og rúmgott hús handa skólanum, til íbúðar fyrir kennara og lærisveinana, að kennurunum verði ákveðin hæfileg laun, og lögð til þau verkfæri, er kennslan útheimtir að við þurfi að hafa, og önnur nauðsynleg búsáhöld, svo að skólinn sè að öllum útbúnaði vaxinn þeim störfum, sem honum eru ætluð að leysa af hendi.

Þingið hefur ekki getað beinlínis mælt fram með bænarskránni úr Þingeyjarsýslu í því, að til skólastofnunar þessarar verði varið ávöxtum hinna fornu klaustureigna, þar eð þinginu er kunnugt, að þessu er, nú sem stendur, varið til launa embættismanna á landi hèr, og annara fastra og venjulegra útgjalda landsins. Ekki áleit þingið heldur tiltækilegt, að stofna jarðyrkjuskóla sèr fyrir Kjalarnesþing af *Thorchillii* sjóðnum, bæði af því, að þingið gekk að nokkru leyti í tvær sveitir, hvort það væri samkvæmt gjafarans tilgángi, að verja vöxtum sjóðsins til búnaðarskóla, og svo í annan stað áleit þingið, að vextir sjóðs þessa væru ei nægir til, að koma slíkum skóla svo á stofn, að hann yrði að fullu liði; þó með því þinginu var ei ókunnugt, að umráðamenn þessa sjóðs og stjórnarráðin höfðu álitið, að rètt væri, að verja honum til nokkuð líkrar stofnunar, urðu fleiri atkvæði þingsins með því, að beiðast þess, að yðar hátign mildilegast samþykki, að ákveðinn hluti af *Thorchillii* sjóðnum, t. d. núna fyrst, sem svari þeirri tiltölu, er Kjalarnesþing, að Reykjavík undanskildri, gæti átt til sjóðsins, yrði veittur fátækum úngmennum úr því þingi til styrks að nema búnaðarfræði í skólanum.

Þingið vonar því heldur, að yðar hátign mildilegast styðji þetta mál á þann veg, er einhlítur má verða því til framkvæmdar, sem það hefur sèð þess vott, að stjórnin hefur gjört talsverðar tilraunir til, að styrkja einstöku únglínga hèðan, sem hafa iðkað jarðyrkju erlendis, en þessar tilraunir hafa ei haft þau eptiræsktu not fyrir landið, einmitt fyrir þá skuld, að þessir menn hafa ei, þá þeir komu út hingað aptur, haft neitt færi á, eða nein efni til, að kenna út frá sèr það, sem þeir höfðu numið erlendis.

Eptir framansögðu leyfir alþingi sèr allra-þegnsamlegast að bera fram þá bæn fyrir yðar konúnglegu hátign:

1. með 19 atkvæðum gegn 1: *að yðar hátign allra-mildilegast láti stofna einn jarðyrkju- og búnaðar-skóla fyrir allt*

Ísland, helzt í suðurumdæminu, þar sem kenndar verði hinar helztu greinir búnaðar og jarðyrkju, og sú bókleg menntun, sem því hlýtur að vera samfara.

2. sömuleiðis með 19 atkvæðum gegn 1: *að yðar hátign allra-mildilegast leggi til skóla þessa, á opinberan kostnað, hentuga bújörð leigulaust, sem og veiti skólanum nægilegt fé til bygginga, búsáhalda, verkfæra, nægilegra kennaralauna, og annars þess fyrirkomulags, sem slíkur skóli útheimtir.*
3. með 18 atkvæðum gegn 2: *að yðar hátign veiti því samþykki, að tiltekinn hluti vaxtanna af búnaðarsjóðum vesturamtsins og norður- og austur-amtsins megi að ráði amtmannanna gánga árlega til meðgjafarstyrks með efnilegum en fátækum ungmennum úr þeim umdæmum, sem vilja læra búnaðarfræði í skólanum.*
4. með 10 atkvæðum gegn 9: *að yðar hátign allra-mildilegast samþykki, að ákveðinn hluti af vöxtum Thorchillii sjóðsins, t. d. núna fyrst, sem svari þeirri tiltölu, er Kjalarnesþing gæti átt til sjóðsins, yrði veittur fátækum ungmennum úr því þingi, til styrks að nema búnaðarfræði í skólanum.*

Reykjavík, 29. júlí 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. E. Kuld.

Forseti: Þá er bænarskrá alþingis um endurbót á hússtjórnarlögunum, og vil eg biðja framsögumann, hinn 5. konúngkjörna þingmann, að gjöra svo vel og lesa hana upp.

Var bænarskráin því næst afhent framsögumanni, prof. P. Pèturssyni, sem las hana upp, og, eptir að þingmenn höfðu gjört við hana athugasemdir þær, er þeim þótti þurfa, og búið var að lagfæra hana þar eptir, var hún samþykkt af þinginu svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþingis hafa komið 3 bænarskrár, sín úr hverju kjördæmi landsins, sem allar lúta að því, að sýna, hvílíka þörf land þetta hafi á, að fá ný hússtjórnarlög, og skora á þingið, að bera þá allra-þegnsamlegustu bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign, að yðar hátign allra-mildilegast viljið gefa út laga-

boð um innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa hèr á landi, og tekur ein bænarskráin það þar að auki fram, að hin umbeðna tilskipun einnig megi ná til húsmanna eða þurrabúðarmanna og lausamanna.

Málefni þetta var fyrst hugleitt af 5 manna nefnd, og síðan rætt á lögskipaðan hátt, og leyfir alþingi sèr allra-þegnsamlegast að skýra yðar hátign frá áliti sínu um það á þessa leið.

Það hefur leingi verið almennt viðurkennt hèr á landi, að landið vantaði hagkvæmt lagaboð um innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa, og þessi skortur er því tilfinnanlegri, sem hann gjörir vart við sig í daglegum viðskiptum og samneyti manna; hann er því tilfinnanlegri, sem góð og regluleg hússtjórn er hèr, ei síður en annarstaðar, undirstaða undir velfarnan og framförum þjóðfèlagsins yfir höfuð, og sem það hèr, ei síður en annarstaðar, er lifandi sannfæring allra, að hússtjórnin þurfi, til þess að geta farið vel fram, að eiga sèr stuðning og aðhald í góðum og hagkvæmum lögum. Um þetta mál varð þegar tilrætt í embættismannanefndum þeim, sem að boði yðar hátignar áttu fundi með sèr í Reykjavík árin 1839 og 1841, og könnuðust þær við, að brýn nauðsyn bæri til, að fá hèr innleidd ný hússtjórnarlög, og árið 1847 sendi alþingi yðar hátign allra-þegnsamlegustu bæn um, að yðar hátign allra-mildilegast lètuð endurskoða húsagatilskipun 3. júní 1746, ásamt 2 öðrum tilskipunum frá sama tíma. Af auglýsingu þeirri um árángur af þegnlegum tillögum alþingis og öðrum uppástúngum á fundinum 1849, sem fulltrúi yðar hátignar hefur birt þínginu, hefur þingið sèð, að hlutaðeigandi stjórnarráð yðar hátignar hefur, í tilefni af áminnstri bæn alþingis 1847, leitað álits yfirvalda hèr á landi um tilskipun 3. júní 1746, og að þau hafa látið í ljósi, að ákvarðanir þær, sem í henni standa, ættu ekki við þennan tíma, og öll þörf væri á nýju lagaboði um þetta efni. Eins og þingið telur það víst, að þessar yfirvalda-skýrslur muni innihalda margar þær bendíngar um landsins sèrstaklega hèr að lútandi ásigkomulag, sem hafa mætti tillit til við tilbúníng nýrra hússtjórnarlaga, eins virðist líka ásigkomulag landsins í sumu tilliti ekki vera svo frábrugðið eða einkennilegt, að ekki megi við hin almennu undirstöðu-atriði slíkra laga hafa hliðsjón af þeirri fyrir Danmörk og hertogadæmin, Slèsvík og Holstein, gildandi löggjöf. Með tilliti til þessa vonar þingið, að þær tálmanir, sem

áður hafa verið því til fyrirstöðu, að ný hússtjórnarlög yrðu gefin út fyrir landið, sèu nú að miklu leyti horfnar, og með tilliti til þeirrar tilknýjandi þarfar, sem ár frá ári rekur meir og meir eptir þessu máli, álítur þingið það mjög svo æskilegt, að því gæti sem fyrst orðið framgeingt.

Bænarskrár þær, sem sendar eru þinginu um þetta mál, hafa gefið því tilefni til, að taka til umræðu nokkur sèrstakleg atriði, sem þar að lúta, og að hve miklu leyti það mundi eiga við, að þau væru tekin til greina í hinni eptiræsktu löggjöf, og skal þingið í þessu tilliti allra-þegnsamlegast leyfa sèr að geta þess, að það hyggur, að ákvörðun um löggilta vitnisburðarbók fyrir hvert hjú mundi verða bæði húsbændum til leiðbeiningar í hjúavalinu, og siðferðislegt aðhald fyrir hjúin til að vanda ráð sitt, og auðsýna húsbændum sínum trú og hollustu.

Að vísu er það í tilskipun 3. júní 1746, 26. gr., boðið, að hjúin taki vitnisburði um framferði sitt hjá húsbændum sínum; en þar er þess ekki getið, að hvert hjú skuli hafa löggiltar vitnisburðarbækur, sem þingið þó verður að álíta nauðsynlegt til þess, að vitnisburðirnir geti orðið sem áreiðanlegastir, og greiðsla þeirra við haldizt og farið skipulega fram, og álítur þingið af sömu ástæðum meiri tryggíngu í því fólgna, að þessar vitnisburðarbækur sèu löggiltar af hlutaðeigandi sýslumönnum, en af sveitarstjórn, eins og stúngið hefur verið upp á, hvar hjá þó viss tala þeirra kynni til hægðarauka að geta legið til útbýtíngar fyrir hvern hrepp hjá viðkomandi hreppstjórum. Viðvíkjandi því, hve nær hvert hjú fyrst ætti að skyldast til, að útvega sèr slíka vitnisburðarbók, hafa þinginu þótt yfirgnæfandi ástæður mæla fram með því, að til taka 18 ára aldurinn, sem það tímabil, er æskumaðurinn væri orðinn að nokkru leyti sjálfum sèr ráðandi, og búinn að ná nokkurri staðfestu í hugsun og breytni, þannig, að hver konfirmeraður maður, karl sem kona, undir eins og þau fara í vist og þau eru 18 ára gömul, væru skyld til, að hafa vitnisburðarbók löggilta af hlutaðeigandi sýslumanni, en að öll önnur hjú skylduðust til þessa innan viss tíma, eptir að tilskipunin væri birt almenníngi. Það virðist þinginu einnig nauðsynlegt, að húsbændur sèu ekki látnir sjálfráðir að því, hvort þeir vilji rita í þessar bækur vitnisburð um hegðun og þjónustu hjúanna, heldur sè þeim gjört þetta að skyldu, eins og það líka, til leiðbeiníngar viðkomandi sóknarprestum, væri mjög æskilegt, að þeir ætið feingju til yfir-

skoðunar vitnisburðarbækur hjúa þeirra, sem koma inn í prestakallið; en að öðru leyti er það meining þingsins, að laga megi þessar vitnisburðarbækur eptir þeim, sem í Danmörku og hertogadæmunum eru fyrir skipaðar, þó með þeim breytingum, sem eptir ásigkomulagi landsins kynnu að virðast nauðsynlegar.

Þar á mót hefur þingið ekki fundið ástæðu til þess, sem önnur bænarskrá fór á flot, að bera þá bæn fram fyrir yðar hátign,að yðar hátign allra-mildilegast vilduð leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til tilskipunar um, að hvert hjú geti feingið kaupgjaldsbók, eða löggilt skírteini, sem gæfi óræka vissu um viðskipti húsbóndans og hjúsins, nè heldur til þess, að bera uppástúngu um þetta atriði sèr í lagi fram fyrir yðar hátign.

Að hæfilegar ákvarðanir um húsmenn eða þurrabúðarmenn og lausamenn yrðu gjörðar, annaðhvort sèr í lagi, en þó jafnframt nýju lagaboði um innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa, eða þó öllu heldur þannig, að þessi löggjöf verði látin ná til áminnstra flokka, þykir þinginu mjög mikils umvarðandi. Að vísu kynnu slíkar ákvarðanir í straungum skilníngi sýnast heyra undir sèrstaklegt lagaboð, þar eð húsmenn, eða þurrabúðarmenn, og lausamenn eru sèrstakir flokkar manna, sem lifa út af fyrir sig; en þó standa þessir flokkar í svo nánu sambandi við, og hafa svo mikil áhrif á, vinnuhjúahald og kjör búanda yfir höfuð hèr á landi, að þinginu þykir mjög svo tilhlýðilegt, að hin eptiræskta löggjöf um innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa hefði tillit til þeirra, og að sú grundvallarregla væri í tilliti til lausamanna ítrekuð, að allir sèu skyldir að gánga í vist, sèu þeir ekki búandi, eða hafi annan lögmætan atvinnuveg, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem nauðsynlegar þættu, og að fèbætur komi í stað þeirra þvingunarmeðala, sem beitt hefur verið, til að koma í veg fyrir lausamennsku; en að í tilliti til þurrabúðarmanna verði þær reglur, sem um þá eru gjörðar í konúngsbrèfi 21. júlí 1808, og reglug. 8. jan. 1834, VII, 21, lagaðar og teknar inn í hið nýja lagaboð.

Samkvæmt framanskrifuðu leyfir alþingi sèr því allra-þegnsamlegast með samhljóða atkvæðum að bera þá bæn fram fyrir yðar hátign, að yðar hátign vilji allra-mildilegast, svo fljótt sem verður, leggja fyrir alþingi frumvarp til nýrra laga um innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa hèr á landi, um þurra-

búðarmenn og lausamenn, og að í þessu lagaboði verði meðal annars ákveðið:

a, *að hver konfirmeraður maður, þegar hann er 18 ára, undir eins og hann fer í vist, og hvert hjú, sem er í vist, innan viss tiltekins tíma, eptir að tilskipunin er birt almenníngi, sèu skyld til, að hafa vitnisburðarbók, löggilta af hlutaðeigandi sýslumanni, sem húsbændur skuli skrifa í vitnisburð um hegðun og þjónustu hjúanna, og að prestar fái ætið til yfirskoðunar vitnisburðarbækur hjúa þeirra, sem koma inn í prestakallið.* Með 15 atkvæðum gegn 5.

b, *að sú grundvallarregla verði útrekuð í tilliti til lausamanna, að allir sèu skyldir, að fara í vist, nema þeir sèu búandi, eða hafi annan lögmætan atvinnuveg, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem nauðsynlegar þættu, og að fèbætur komi í stað þeirra þvingunarmeðala, sem beitt hefur verið, til að koma í veg fyrir lausamennsku.* Með samhljóða atkvæðum.

c, *að í tilliti til þurrabúðarmanna verði þær reglur, sem um þá eru gjörðar í konúngsbrèfi 21. júlí 1808, og reglug. 8. jan. 1834, VII, 21, lagaðar og ánýjaðar.* Með samhljóða atkvæðum.

Reykjavík, 29. júlí 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. P. Pètursson.

Forseti: Eg skal þá láta hreinskrifa álitsskjalið og bænarskrárnar, sem nú var lesið upp, og senda síðan konúngsfulltrúanum.

Þar nú er ekki meira fyrir hendi í dag, skal eg leyfa mèr að ákveða fund á morgun kl. 12, og verður þá *sveitarstjórnarmálið* tekið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Fundi slitið.

---

30. júlí — tuttugasti og sjötti fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það, sem í dag kemur til umræðu samkvæmt dagskránni, er *sveitarstjórnarmálið* til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Í þessu máli voru fram komin þessi breytíngaratkvæði:

J. hreppst. *Sigurðssonar*:

1. Að sveitarstjórnin verði bætt og gjörð frjálslegri þannig, að hèr eptir verði hver hreppstjóri kosinn til 3 ára, af öllum sinnar sveitar búendum; á hverjum 3 árum verði kosið um aptur, og að hreppstjórar fái sanngjörn laun fyrir starfa sinn, sem sè einn viss lítill deill af þegnskyldugjöldum sveitarbænda, þá skattgjaldslögin komast á.

En ef breytíngaratkvæði þetta fellur,

2. að eingin bænarskrá sè send konúngi um sveitarstjórnarmálefni frá þessu þíngi.

G. Brandssonar:

Að menn þeir, sem kosnir verða í sveitanefndirnar sèu 3, 5 eða 7 að tölu, og gildi kosníng allra þeirra um þrjú ár í senn.

J. P. Havsteins:

1. Í hverri hreppsnefnd sèu annaðhvort 2 eða 4 menn, eptir stærð hreppsins að búandatölu, kosnir af hreppsbændum, og þar að auki prestur og hreppstjóri sjálfkjörnir; sèu annaðhvort tveir prestar eða tveir hreppstjórar í hreppnum, skal kjósa á milli þeirra.
2. Í sýslunefnd skulu vera 4 menn í hverri sýslu, auk sýslumanns, og skal hver hreppsnefnd kjósa þessa menn, annaðhvort úr sínum flokki eða fyrir utan sig, en innan sýslu; kjörskrárnar skulu sendast sýslumanni, og skal hann, með aðstoð tveggja hreppstjóra, eða formanna tveggja hreppanefnda, telja upp atkvæðin, sem greidd hafa verið.

J. Jónssonar:

1. Að einn prestur sè sjálfkosinn í hverja sveitarnefnd; að einn hreppstjóri sè sjálfkosinn í hverja sveitanefnd.
2. Að fjöldi sveitarnefndarmeðlimanna fari eptir fjölmenni hreppanna, svoleiðis, að þeir verði ákveðnir með stakri tölu, sem sè 3, 5 og 7.
3. Að kosníngarrètt eigi, til að kjósa í sveitanefnd: *a*, allir þeir búendur í hreppnum, sem hafa óskert sitt persónulega frelsi; *b*, eða að minnsta kosti allir þeir búendur, sem, þegar kosníngin fer fram, ekki standa undir neinni laga-ákæru frá rèttvísinnar hálfu.
4. Að í sveitanefnd megi kjósa hreppsbændur, þó ýngri sèu en 25 ára.

5. Að sveitanefndir sèu ekki skyldugar, að eiga nema tvo nefndarfundi á ári, nema því að eins, að meiri hluta nefndarmanna þyki þörf á því.

Jóns Samsonssonar (viðauka-atkvæði):

„Sveitastjórnarnefnd í hverjum hreppi sè skyldug til, að skrifa formanni sýslunefndarinnar til, með nægilegum fyrirvara, þegar hún hefur áformað, að bera upp á sýslufundi sèrstaklega, en þó almenning umvarðandi uppástúngu, svo sýslustjórnar-formaður geti, áður en næsti sýslufundur byrjar, gjört það kunnugt þeim hreppanefndum, sem eptir áður gjörðri ráðstöfun, áttu að því sinni að frijast við, að láta mann úr sínum flokki mæta á sýslufundi.

J. Kristjánssonar:

Að í hverja sýslunefnd kjósi hver sveitanefnd einn mann (með atkvæðafjölda), annaðhvort úr sínum flokki, eða (utan nefndar) úr þeim hrepp, *etc.*

P. Sigurðssonar:

1. Sveitanefndir skulu halda 2 fundi á ári, vor og haust, og þar að auki svo opt, sem þörf krefur.
2. Fund skal sýslunefndin hafa einn á ári hverju, og þar að auki skal formaður nefndarinnar hafa rètt til, að ákveða fund svo opt, sem þörf krefur.

M. Andrèssonar:

Þar sem fleiri en 6 hreppar eru í sýslu, skal það á sýslunefndanna valdi, að ákveða með atkvæðafjölda, hvort fleiri hreppar, og þá hverjir, sendi mann á sýslunefndarfund á ári hverju.

Forseti: Eg hef látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, og vona eg allir þingmenn hafi feingið hana.

Atkvæðaskráin var svo hljóðandi:

Atkvæðaskrá

í

sveitastjórnarmálinu.

1. Aðal-uppástúnga *J.* hreppst. *Sigurðssonar*: að sveitastjórnin verði bætt og gjörð frjálslegri, þannig: *a)* að hèr eptir verði hver hreppstjóri kosinn til þriggja ára, af öllum sinnar sveitar búendum; *b)* á hverjum þrem árum verði kosið um aptur; *c)* að hreppstjórar fái sanngjörn laun fyrir starfa sinn, sem sè einn viss lítill hluti af þegnskyldugjöldum bænda, þá skattgjaldslögin komast á.

2. Vara-uppástúnga hins *sama*: að eingin bænarskrá verði send konúngi um sveitastjórnarmálefni frá þessu þíngi.
3. *Nefndin*: að alþíngi sendi konúngi bænarskrá um, að hann láti leggja sem fyrst fyrir alþíngi frumvarp til sveitastjórnar-laga.
4. *Nefndin*: að í þessu frumvarpi verði þessi undirstöðu-atriði tekin til greina:

a. Sveitarnefnd verði kosin í hverjum hreppi af búendum, eptir atkvæðafjölda, á manntalsþingum.

J. Jónsson (í stað 4 *b)*: að kosníngarrètt eigi, til að kjósa í sveitanefnd: *a)* allir þeir búendur í hreppnum, sem hafa óskert sitt persónulega frelsi; *b)* eða að minnsta kosti allir þeir búendur, sem, þegar kosníngin fer fram, ekki standa undir neinni laga-ákæru frá rèttvísinnar hálfu.

Sami (við 4 *c)*: að í sveitanefnd megi kjósa hreppsbændur, þó ýngri sèu en 25 ára.

b. Kosníngarrètt hafi allir búendur, sem eru fullra 25 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, og ekki þiggja af sveit.

c. Kjörgeingi hafi allir þeir, sem kosníngarrètt eiga, ef þeir gjalda til sveitar.

d. Nefndarmenn skulu skyldir, að taka móti kosníngum, nema lögmætar hindranir banni, og ber sýslumanni að meta þær.

J. Jónsson: *a)* að einn prestur sè sjálfkosinn í hverja sveitanefnd;
b) að einn hreppstjóri sè sjálfkosinn í hverja sveitanefnd.

J. P. Havstein (í staðinn fyrir nefndarinnar *e)*: Í hverri hreppsnefnd sèu annaðhvort 2 eða 4 menn, eptir stærð hreppsins að búandatölu, kosnir af hreppsbændum, og þar að auki prestur og hreppstjóri sjálfkjörnir; sèu annaðhvort tveir prestar eða tveir hreppstjórar í hreppnum, skal kjósa milli þeirra.

J. Jónsson: að fjöldi sveitarnefndar-meðlimanna farí eptir fjölmenni hreppanna, svoleiðis, að þeir verði ákveðnir með stakri tölu, sem sè 3, 5 og 7.

G. Brandsson (í stað nefndarinnar *e, f, g)*: að í sveitanefndum verði 3, 5 eða 7 menn, og gildi kosníng allra þeirra um 3 ár í senn.

e. Í sveitanefndum sèu 4, 6, 8 menn, eptir búanda-fjölda hreppanna.

f. Helmingur fyrstu nefnda geingur frá að 2 árum liðnum eptir hlutkesti.

g. Nefndarmenn hafi forstöðu sveitarmála á hendi í 4 ár.

h. Nefnd hver kýs sèr formann úr flokki sínum, er stjórni fundum og annist ritstörf hennar; gjaldkera kýs hún einnig; en ábyrgð á sveitarsjóðnum hefur nefndin öll.

i. Kjósa má nefndarmann á ný, strax sem hann geingur úr nefnd, en skorast má hann þó undan kosníngu, þángað til hann hefur jafnlángan tíma verið frí við nefndarstörf, sem hann næst áður hafði þau á hendi.

J. Jónsson (við 4 *k)*: að sveitanefndir sèu ekki skyldugar, að eiga nema 2 nefndarfundi á ári, nema því að eins, að meiri hluta nefndarmanna þyki þörf á því.

P. Sigurðsson (samþykkt af nefndinni fyrir 4 *k)*: Sveitanefndir skulu halda tvo fundi á ári, vor og haust, og þar að auki svo opt, sem þörf krefur.

k. Sveitarnefndir skulu halda fjóra fundi á ári, á hverju hálfu missiri hið minnsta, og þar að auki svo opt þörf krefur.

l. Nefndir þessar stjórni og ráði öllum sveitar- *(communal-)* málefnum og nauðsynjum, og ákveði og jafni niður á búendur, eptir efnum þeirra og ástandi, því fè, sem til þessa útheimtist.

m. Sveitarnefndir jafni og niður á búendur hreppanna, eptir efnum og ástandi, þeim kostnaði, sem sýslunefndin jafnar á hreppana eptir áætlun sinni.

J. P. Havstein (í stað 5 *a, d, e, f)*: Í sýslunefnd skulu vera 4 menn í hverri sýslu, auk sýslumanns, og skal hver hreppsnefnd kjósa þessa menn, annaðhvort úr sínum flokki eða fyrir utan sig, en innan sýslu; kjörskrárnar skulu sendast sýslumanni, og skal hann, með aðstoð tveggja hreppstjóra, eða formanna tveggja hreppanefnda, telja upp atkvæðin, sem greidd hafa verið.

5. *a,* Nefnd verði sett í hverri sýslu (sýsluráð; sýslunefnd), og

sèu í henni 6 menn, þar sem svo eru margir hreppar í sýslu eða fleiri.

b. Sýslumaður er sjálfkjörinn í hverja sýslunefnd; hann er formaður nefndarinnar og hefur atkvæðisrètt í öllum málum; atkvæði hans sker úr þeim málum, þar sem atkvæði annars eru jöfn.

c. Í Skaptafellssýslum sè sín nefndin í hvorri, og sýslumaður formaður þeirra.

J. Kristjánsson (í staðinn fyrir 5 *d*): að í hverja sýslunefnd kjósi hver sveitanefnd einn mann (með atkvæðafjölda), annaðhvort úr sínum flokki eða (utan nefndar) úr þeim hrepp.

d. Í hverja sýslunefnd kjósi hver sveitanefnd einn úr sínum flokki hið fyrsta ár.

M. Andrèsson (samþykkt af nefndinni í staðinn fyrir 5 *c*): Þar sem eru fleiri en 6 hreppar í sýslu, skal það á sýslunefndanna valdi, að ákveða með atkvæðafjölda, hvort fleiri hreppar, og þá hverjir, sendi mann á sýslunefndarfund á ári hverju.

e. Sýslunefndin ákveði þá og þar eptir árlega með atkvæðafjölda, hverjir hreppar síðan megi komast hjá, að senda fulltrúa hin næstu 2 ár.

f. Enginn hreppur má frijast frá, að senda fulltrúa í sýsluráð, leingur en 2 ár í samfellu.

g. Rètt á hver sveitarnefnd á, þó ekki eigi hún það ár að senda sýslunefndarmann, að senda fulltrúa sinn til sýslunefndar, til að upplýsa og halda svörum uppi fyrir þau málefni, sem þá sveitarnefnd varðar, en eingan eiga þeir atkvæðisrètt á þeim sýslunefndarfundum.

h. Ekki á sýslunefndarmaður atkvæði í þeim málum, sem sèrstaklega við koma sveitarfèlagi hans, og hann hefur haft afskipti af sem sveitarnefndarmaður.

P. Sigurðsson (samþykkt af nefndinni í staðinn fyrir 5 *i*): Fund skal sýslunefndin hafa einn á ári hverju, og þar að auki skal formaður nefndarinnar hafa rètt til, að ákveða fund, svo opt sem þörf krefur.

i. Fundi skal sýslunefnd hafa hið minnsta tvo, haust og vor.

k. Ætlunarverk sýslunefndanna sè: *a*) að skera úr ágreiningi þeim, sem verða kann milli sveitanefndanna í sýsl-

unni; *b*) hin sömu ætlunarverk, að svo miklu leyti, sem gjörvalla sýsluna snertir, sem hverri sveitarnefnd eru ætluð í sínum hreppi; *c*) að sýslunefndin gjöri áætlun um upphæð þess kostnaðar, sem þessi almennu störf í sýslunni ár hvert útheimta, og jafni honum niður á hreppana eptir hundraðatölu þeirra í föstu og lausu; að sýslusjóðir verði þannig stofnaðir, og að til þeirra gángi hèðan af allar þær fjársektir, sem hingað til hafa átt að falla til fátækra-fjárhirzlu, án tillits til sveitar þeirrar, hvar brotið skeður.

Jón Samsonsson (viðauka-atkvæði): Sveitastjórnarnefnd í hverjum hreppi sè skyldug til, að skrifa formanni sýslunefndarinnar til, með nægilegum fyrirvara, þegar hún hefur áformað, að bera upp á sýslufundi sèrstaklega, en þó almenníng umvarðandi, uppástúngu, svo sýslustjórnarformaður geti, áður en næsti sýslufundur byrjar, gjört það kunnugt þeim hreppanefndum, sem eptir áður gjörðri ráðstöfun áttu að því sinni að fríjast við, að láta mann úr sínum flokki mæta á sýslufundi.

l. Að hin síðasta meðferð og úrslit sveitamálefna hèr á landi verði ákveðin samkvæmt þessum undirstöðu-atriðum, og í samhljóðun við þá stjórnartilhögun alls konúngsveldisins og stöðu Íslands í fyrirkomulagi þess, sem verður að lögum.

Framsögumaður: Þar eð mál þetta nú fyrir skömmu var rætt til undirbúnings, álít eg óþarft, að lesa upp nefndarálitið, en skal einúngis fara fám orðum um breytíngaratkvæðin, sem fram eru komin við það.

Fyrsta atriði í aðaluppástúngu þíngmannsins frá Mýrasýslu fer beint á móti öllum bænarskránum og tilætlun þíngsins sjálfs, þegar málið var rætt til undirbúnings, tekið til meðferðar, og nefnd kosin í því; það vill hafa allt í sama forminu, og verið hefur, og til tekur þau kosníngarlög, sem eru þau rýmstu, sem eg veit, þar sem hver búandi maður má kjósa, hvort heldur hann hefur ærlegt eða óærlegt mannorð. Annað atriði þessarar aðaluppástúngu fer í reyndinni fram á hið sama, og verið hefur; því hreppstjórinn hefur ekki verið skyldur, að vera nema 3 ár, og er þess vegna verra, að ákveða það svona; því þegar hreppstjórinn er duglegur, vilja menn alla jafna halda

honum leingur, en eptir breytíngaratkvæðinu skal á 3 ára fresti kjósa um aptur. Þriðja atriði í þessari fyrstu uppástúngu bendir til þess, að þingið skuli nú þegar fara að leggja á útgjald, grundað á skattgjaldslögum, sem maður getur hugsað sèr að aldrei komi út; eg veit ekki heldur, hvernig stjórninni mundi lítast á það; en að öðru leyti er ekki farandi um það fleiri orðum, þar eð einúngis er beðið um, að stjórnin sendi frumvarp viðvíkjandi þessu máli til þingsins.

Vara-uppástúnga hins sama þingmanns sýnir, að meiníng hans hefur verið, að þingið skuli hafa sælt gjört, og um leið, að hann hefur búizt við, að aðaluppástúngan *mundi* falla, og fer hèr fram á, að hún *skuli* falla.

Við 4. nefndaruppástúngu, staflið *b*, hefur þingmaðurinn úr Norður-Þingeyjarsýslu borið fram það breytíngaratkvæði, að allir, sem hafi persónulegt frelsi sitt, skuli mega kjósa í sveitanefndina; mèr er nú ekki ljóst, hvort hann með því vill hafa þá, sem í varðhaldi eru, eina undanskilda, sem ekki geta komizt að, að kjósa, hvort eð er, ellegar þá, sem ekki hafa fullt fjárforráð, og þannig eru ómyndugir, ellegar, eins og hann lèt í ljósi við undirbúníngsumræðuna, þá, sem dragast áfram með hjálp sveitarstyrksins, og þannig líka eru að álíta sem ómyndugir eða hálfmyndugir, en þeir vill nefndin hvorki að hafi kosníngarrètt nè kjörgeingi. Í 2. staflið þessarar uppástúngu hans, þar sem stendur, að allir hafi kosníngarrètt, sem ekki standi undir laga-ákæru frá rèttvísinnar hálfu, þegar kosníngin fer fram, þá virðist mèr, að í því liggi, að sá, sem komizt hefur upp um, og liðið hefur hegníngu eptir dómi, sè betri en sá, sem er undir laga-ákæru, þó hann kann ske sè sýkn saka; en ef þessir menn hafa kosníngarrètt, þá verð eg að álíta, að þeir sèu líka kjörgeingir, fyrst uppástúngumaður ekki fer þar neinum orðum um, en nefndin, við hverrar álit breytíngaratkvæðin eru tekin, vill hafa hvern þann kjörgeingan, sem kosníngarrètt hefur, ef hann leggur fátækum, og finnst mèr þó fara illa á, að þeir komist inn í sveitastjórnina, sem kann ske eru þríhýddir; því þá þekki eg, sem það hafa verið, og þó búa allvel.

Viðvíkjandi breytíngaratkvæði hins sama um, að hreppsbændur megi kjósa til sveitarnefndarinnar, þó ekki sèu 25 ára að aldri, þá þóttist nefndin vita, að flestir bændur væru eldri,

og þar að auki ætla menn þeim úngu minni þekkíngu og staðfestu.

Hvað áhrærir breytíngaratkvæði sama þíngmanns, að 1 prestur og 1 hreppstjóri sèu sjálfkosnir í sveitanefndina, þá sýnist mèr það ekki vera alls kostar tiltækilegt; því fyrir þá sjálfa er opt óþægilegt, að gánga inn í sveitanefndina að nauðugum hinum nefndarmönnunum, og má ske á móti eigin vilja sínum. Á móti þessu breytíngaratkvæði er þar að auki það, að opt eru fleiri en 1 prestur og 1 hreppstjóri í sama hreppnum, og þíngmaðurinn getur ekkert um, hvort kjósa eigi í milli þeirra, eða hvernig skuli ákveða, hvor þeirra sè sjálfkosinn.

Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður, meðnefndarmaður okkar, hefur stúngið upp á því sama, en að kosið yrði meðal þeirra, ef þeir væru fleiri en 2 í hreppnum. Ágreiníngur hans er annars einasta sá, að í minnstu hreppunum verða 4, og er það eins og nefndarálitið fer fram á, en í hverjum hinna stærri verða eptir hans uppástúngu 6 nefndarmenn, en eptir uppástúngu nefndarinnar 6 eða 8, svo að nefndin skiptir þá tölunni í 3 flokka, meðan hann skiptir henni einúngis í 2; mèr sýnist þó betur fara á því, að 8 sèu nefndarmenn í hreppsnefndinni, þegar 80 til 100 bændur eru í hreppnum, ef þeir eiga að vera 6, þegar búendurnir eru 30 eða 40.

Þíngmaðurinn úr Norður-Þíngeyjarsýslu vill láta tölu hreppsnefndarmannanna standa á stöku. Nefndin hefði fallizt á það, hefði hún sèð nokkuð betra í því; en hún ætlaðist til, að formaður hreppsnefndarinnar skyldi skera úr, ef jöfn væru atkvæði í henni, eins og sýslumaður skal gjöra það í sýslunefndinni.

Þíngmaður Gullbríngusýslu vill einnig, að talan standi á stöku, og bætir því við: „og gildi kosníng allra þeirra um 3 ár í senn“. Hreppstjórar hafa hingað til *ekki verið skyldugir,* að þjóna nema 3 ár í senn, og eg vildi heldur, ef annaðhvort skyldi vera, leysa þann undan byrðinni, sem í 3 ár er búinn að þjóna með alúð, en hinn, sem einatt hefur legið á liði sínu, og því þykir mèr bezt, að skipta um, eins og nefndarálitið fer fram á.

Við 4 *k* eru borin upp 2 breytíngaratkvæði, og hefur nefndin fremur aðhyllzt þíngmannsins úr Rángárvallasýslu, heldur en þíngmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu; því henni þótti betra, að fyrir utan þessa 2 ákveðnu fundi yrði fundur haldinn,

þegar nauðsyn krefði, en að láta það vera bundið við vilja meiri hluta nefndarmanna, sem ekki er svo hægt að fá að vita, meðan nefndarmenn eru tvístraðir, hver á sínu heimili.

Viðvíkjandi breytingaratkvæði hins annars konúngkjörna þingmanns við nefndarinnar *5 a, d, e, f*, þá þótti nefndinni tala sú, sem hann til tekur, of fámenn, þar sem hreppurnir eru 6 eða fleiri; undantekníng er Skaptafellssýsla, hvar 3 hreppar eru í öðrum partinum, en 4 í hinum, og sín nefndin verður þó að vera fyrir hvorn partinn; menn búast líka altènd við, að árafjöldinn dragi, og því hefur nefndin tekið til, að svo marga skyldi kjósa.

Hinn sami háttvirti þingmaður vill einnig, að kjósa megi í sýslunefndina alstaðar innan sýslu, en nefndin hèlt, að það mundi fara að fækka um fína drætti, þegar búið væri að kjósa í sveitarnefndirnar, og því áleit hún bezt, að sveitarnefndirnar kysu úr sínum flokki, því annars mundu fjarlægu hreppurnir líka, helzt hægðarinnar vegna, kjósa menn úr þeim hreppnum, þar sem sýslufundinn á að halda, og það væri illa ráðið; því þá yrðu þeir mestmegnis kosnir, sem skeyta mest um málefni síns hrepps og sjálfa sig. Nefndin hefur líka stúngið upp á, að sýslunefndarmaður skyldi ekki hafa atkvæðisrètt í þeim málum, sem hann hefur haft afskipti af sem sveitanefndarmaður, eða sem viðkoma sveitarfèlagi hans; en ef kjósa mætti alstaðar innan sýslu, þá gætu allir í sýslunefndinni verið riðnir við málið, sem gefa á atkvæði um, og þá yrðu, ef til vill, eingin atkvæði greidd, nema af sýslumanni einum, og því hefur nefndin stúngið upp á, að 1 skyldi kjósa úr hverri sveitanefnd. Þingmaðurinn úr Suður-Þingeyjarsýslu hefur stúngið upp á, að í sýslunefndinni skyldi 1 vera fyrir hverja hreppsnefnd; en nefndinni þótti þá verða of margir í sýslunefndinni, t. d. þar sem 14 hreppar eru, ættu þá að vera 14 í sýslunefndinni, fyrir utan sýslumann, og hún hefur líka sèð fyrir þörfum hreppanna, þegar hver hreppur má senda, *ef hann vill.*

Á breytingaratkvæði þingmanns Árnesinga hefur nefndin fallizt, að nefnilega þar sem hreppurnir eru svo margir, að allir komast ekki að, þar skuli sýslunefndin skera úr, hverjir skuli senda fulltrúa í sýslunefndina.

Nefndinni er heldur ekki um að gjöra, að uppástúngur hennar standi, heldur að þær verði sem frjálsastar, og svo er um þetta breytingaratkvæði.

Þingmaður Rángvellinga hefur stúngið upp á, að einúngis 1 sýslufundur verði haldinn á ári hverju, og hefur nefndin fúslega fallizt á þetta, því ekki þarf nema 1 sýslufund, þegar að eins eru 2 sveitafundir.

Hvað áhrærir viðauka-atkvæði þingmanns Skagfirðinga við uppástúngu nefndarinnar 5 *k*, þá sýnist mèr það gefa formanni sýslunefndarinnar meiri rètt, en hann á að hafa, já, sama rètt, og sýslunefndin öll sameinuð annars á að hafa, og getur því nefndin ekki fallizt á það.

Fleiri breytíngaratkvæði eru ekki upp borin við nefndarálitið, svo eg fer ekki fleiri orðum um það að sinni.

G. Brandsson: Eg stend nú ekki upp í þeim tilgángi, að mæla mikið fram með breytíngaratkvæði því, sem eg hafði tekið mèr við þetta mál; því munar svo litlu frá nefndaruppástúngunni, að mönnum mun þykja það á litlu standa, hvort það stendur eða fellur; einúngis voru það nokkur orð hins heiðraða varaforseta í ræðu þeirri, sem hann nú flutti, sem knúðu mig til, að tala lítið eitt. Að eg vildi ákveða staka tölu nefndarmannanna, kom til af því, að eg ætlaðist til, að atkvæðamunur skyldi ráða, ef þá greindi á um eitthvert málefni; en að eg ekki stakk upp á fleirum í hverja sveitarnefnd, en 3, 5, 7, var þess vegna, að eg gjörði ráð fyrir, að hreppstjóri og má ske prestur yrðu í henni þar að auki, einkum ef hreppstjórinn yrði kosinn af innbúum sveitar sinnar, hvað mèr í alla staði þykir mega og eiga að vera. Nefndin hefur enda í álítsskjali sínu gefið tilefni til þess, að farið var að tileinka hreppstjórum og prestum nokkuð í þessum nefndarstörfum; því hún tók svo óskýrt fram, hvert ætlunarverk hreppstjóranna ætti að vera, í hvaða sambandi þeir ættu að vera við sveitina, og aptur við sýslumanninn. Að kosníng þessara nefndarmanna skyldi gilda um 3 ár í senn, ætlaðist eg til að væri ekki miður tryggjandi, en nefndaruppástúngan, sem fer fram á það, að helmíngur nefndarmannanna fari frá að hverjum tveim árum liðnum, því þau sífeldu umskipti hèlt eg mundu valda meiri ósamhljóðun á sveitarstjórninni, heldur en ef þau væru sjaldnar, og það enda þó helmíngur þessara manna ætti að vera kyrr í nefndinni um 4 ár. Það var heldur aldrei meiníng mín, að ekki mætti kjósa þá sömu aptur eptir 3 ár, ef þeir reyndust vel. Hinn háttvirti varaforseti sagði áðan á þá leið, að hann vildi veita þeim burtfararleyfi úr nefndinni eptir 3 ár, sem vel hefðu þjónað í

henni, fremur en hinum, sem þar hefði verið að litlu eða eingu liði. Mèr getur nú ekki betur fundizt, en að þetta sè harðla mögur ástæða; því eptir þessari skoðun ætti ónýti maðurinn að vera árinu leingur, sjálfum sèr til leiðinda og vanvirðu, nefndinni og störfum hennar til tafar og hnekkis, en sveitinni allri til skaða, og vona eg því, að menn vari sig á þessu.

Eg skal nú ekki vera margorður um breytíngaratkvæði þau önnur, sem komin eru fram í þessu máli, því síður, sem hinn heiðraði varaforseti hefur áður farið um þau mörgum orðum.

Hvað hinu fyrsta þeirra viðvíkur, þá sè eg ekki, hvað á móti því hefði verið, ef uppástúngumaður þess hefði tekið það fram, að sú hreppstjórakosníng, sem hann talar um, ætti að fara fram samkvæmt þeim kosníngarlögum, sem nefndin hefur stúngið upp á; því sveitanefndin gat allt að einu orðið kosin fyrir því, svo hvorugt þurfti að ríða í bága við annað; en af því þetta er svo óákveðið, þá held eg menn eigi bágt með, að aðhyllast það.

Breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Norður-Þíngeyjarsýslu, sem fer fram á það, að rýmka kosníngarrèttinn meir, en nefndin hefur gjört, get eg ekki fallizt á; því þó svo kunni stundum við að bera, að sá, sem hefur verið dæmdur til, að líða hegníngu fyrir afbrot sín, sjái að sèr, þegar frá líður, og verði má ske duglegur og uppbyggilegur maður, þá er eg samt hræddur um, að, ef þetta yrði gjört að almennri reglu, þá mundu margir fá kosníngarrètt, sem ekki ættu það skilið, af því mestur þorri þeirra mundi fremur spilla en bæta. Einnig verð eg að vera á því máli, að ekki sè vert, að kjósa í nefndirnar yngri menn en þá, sem eru 25 ára að aldri; því þó einhverjir afbragðsmenn kynnu einhverstaðar að finnast, sem ekki hefðu náð þessum aldri, þá þyrftu þeir ekki leingi að bíða, þángað til þeir yrðu kjörgeingir, og varla getur sá maður haft mikla lífsreynslu, sem ekki er orðinn 25 ára gamall, en hún mun þó reynast nauðsynleg í þessu sem öðru. Þessi sami þíngmaður hefur einnig stúngið upp á því, að lögboðnir fundir sveitanefndanna skuli vera tveir á ári, og breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Rángárvallasýslu stefnir í sömu áttina. Eg verð nú að játa, að eg felli mig betur við þetta, heldur en það, sem nefndin í fyrstu ætlaðist til, nefnilega, að fundir þessir skyldu árlega vera 4, enda sè eg, að nefndin hefur breytt skoðun sinni á þessu.

Miðsvetrarfundir í misjöfnu veðri og færð geta opt verið ó þægilegir, og stundum ómögulegir, og miðsumarsfundir ónotalegir fyrir atvinnu og bjargræði manna, enda eru margir aukafundir, sem menn geta sótt, um vor- og sumar-tímann, t a. m. hreppskilaþing, manntalsþing, og svo þar að auki fleiri kirkjufundir, en á veturna gefst færi á; fjárrèttir á haustum eru líka opt vanar að vera fjölmennar, og geta menn þá og endranær ræðzt við um sitt hvað það, er þeim þykir máli skipta.

Þar sem hinn annar konúngkjörni þingmaður stingur upp á því, að í hverri sýslunefnd skuli einúngis vera 4 menn, auk sýslumanns, þá kemur þar fram líkur ójöfnuður, eins og í þeirri hans uppástúngu, að í hverri hreppsnefnd sèu 2 eða 4 menn, auk prests og hreppstjóra; því eins og þeir hreppar eru til, sem hafa ekki fleiri en 10 búendur, og aptur aðrir, sem hafa yfir 100 búendur, þannig getur mismunur þessi átt sèr líkan stað í tilliti til sýslnanna; því beri menn t. a. m. Árnessýslu saman við Vestmannaeyja- eða Stranda-sýslu, held eg mismunurinn verði öllum auðsær, og get eg því ekki veitt þessari uppástúngu meðmæli mitt, en vil heldur fallast á breytíngaratkvæði þingmannsins úr Suður-Þíngeyjarsýslu, sem mèr finnst vera bæði sanngjarnt og frjálslegt, og held eg það geti vel samrýmzt skoðun nefndarinnar, þar sem hún talar um, hverjir hreppar megi frijast frá, að senda fulltrúa á sýslufund. Uppástúnga þingmannsins fer því fram, að allir hreppar í sýslu hverri hafi jafnan rètt til, að kjósa og senda fulltrúa á sýslufundinn, en nefndarinnar, að sumir þeirra þurfi ekki að nota sèr rètt þennan, fremur en þeir sjálfir vilji, og held eg, að vel megi koma þessu saman.

Viðvíkjandi breytíngaratkvæði þingmannsins úr Árnessýslu, sem nefndin hefur samþykkt, verð eg að gjöra þá athugasemd, að, ef uppástúnga nefndarinnar næst á eptir fellur burtu, þá vantar ákvörðun um það, hve nær sýslunefndirnar eigi að ákveða tölu hreppa þeirra, sem eiga að senda mann á sýslufund ár hvert; því þegar nefndin, eða nokkur hluti hennar, er komin saman, þá getur hún það ekki fyrir það ár, og verður það þess vegna að vera ákvarðað árinu áður; því væri þetta ekki meiníngin, þá þyrfti að kalla saman aukafund á ári hverju, til að ákveða þetta.

Eg verð að vera á sömu meiníngu, sem þingmaður Ráng-vellínga, um það, að 1 lögboðinn sýslufundur nægi á ári hverju,

og ætla eg hann bezt haldinn að haustinu til; því þá eru, eins og eg áðan tók fram, svo margir aðrir fundir um garð geingnir að vorinu og sumrinu til, að líklegt væri, að menn á einhverjum þeirra hefðu borið sig saman um einhver þau mál, sem þeir ætluðu að leggja fyrir sýslunefndina.

Mèr þykir það nokkuð óviðfeldið, þar sem nefndin er að tala um gjöld þau, sem eiga að ganga í sýslusjóð þann, sem hún vill stofna; hún talar um, að jafna þeim niður á hreppana eptir hundraðatölu þeirra í föstu og lausu, en getur ekkert um aðra gjaldstofna. Menn vita þó, að eins og hèr í Reykjavík eru bæði borgarar og tómthúsmenn, sem hafa talsverð efni, þó þeir tíundi lítið eða ekkert, þannig geta þeir verið og eru víðar til á landinu, bæði í kaupstöðum og annarstaðar, og væri ósanngjarnt, að sleppa þeim öldúngis frá, að greiða nokkuð í þennan sjóð.

Nefndin hefur enn fremur stúngið upp á því, að í hann ættu að renna allar þær fjársektir, sem hingað til hafa átt að falla til fátækra-fjárhirzlu; en ætti þessu að verða framgeingt, þá þyrfti að umbreyta mörgum eldri lagaboðum, þar sem þess konar bætur eru fyrir skipaðar, og svo riði þetta í bága við frumvarp það til helgidagatilskipunar, sem samþykkt var hèr á þínginu fyrir fáum dögum. Mèr sýnist því ráðlegra, að þessu sinni að sleppa þessari uppástúngu, og ætla eg ekki að fara hèr um fleiri orðum.

Jón hreppst. *Sigurðsson*: Eg þarf ekki að forsvara breytíngaruppástúngu mína; því eg vona hún forsvari sig sjálf; ekki ætlaði eg heldur að standa upp, til að hallmæla mikið nefndaruppástúngunni; því eg vænti, að nokkuð hafi þótt af slíku komið við undirbúníngsumræðuna. Nefndarálitið hefur sýnt sig sjálft fleirum, sem sjá má af því, að fleiri en helmingur af þíngmönnum hafa gjört við það breytíngaratkvæði, og sumir mörg, og vill það sannast, sem fyr hefur verið fram tekið, að eptir því, sem það verður betur skoðað, eptir því sjáist á því fleiri misfellurnar; því ofan á allan þennan breytíngaratkvæðatæting, þá er nú nefndin sjálf sundurþykk, og hefur 2 skoðunarhætti. Framsögumaður vill ei hafa sveitar- eða sýslu-nefnd með stakri tölu, en ætlast til, að formannsatkvæði skuli ráða, en líklega þar, sem jöfn er tala á hvorri meiníngu. Í sýslunefnd eiga nú að vera 6, og sýslumaður sá 7., og hans atkvæði skal þar nú ætíð ráða. Hann segir, að þar verði ekki heldur stakur, því

einginn eigi atkvæðisrètt fyrir því sveitarmáli, sem hann sè frá, eða hafi áður um fjallað. Nú eru 6 nefndarmenn, en 14 sveitir í sýslunni, og verða þá 8, sem einginn maðurinn er frá, og eiga því allir atkvæðisrètt í þessara sveita málefnum, og sýslumaður ætíð; þá á eg nú von á, að verði stakur; nú verða 4 á annari meiningu, en 3 á hinni, og er nú sýslumaðurinn einn af þeim; nú á hans atkvæði ætíð að ráða; svo á þá í sýslunefndum minni hlutinn að ráða; þetta mun sumum þykja skrítin regla; það er þá eins og byggingin fari að standa á höfði, þegar hún fer að hækka. Framsögumaður sagði og, að eg hefði byggt hreppstjóralaunin á því, sem ekki er til orðið, nefnilega skattgjaldslögunum, en eg verð að minna hann á það, að eg tók mèr ekki daufleg dæmi; því þetta hefur nefndin látið sèr sóma, þar sem hún byggði hin síðustu og æðstu úrslit og meðferð sveitarmálefna hèr á landi, já sjálft höfuðið á sveitarstjórnina, á því, sem enn er ekki til orðið, nefnilega á því fyrirkomulagi alls konúngsveldisins, sem síðan verði gjört að lögum, en hve nær eða hvernin, veit einginn.

Framsögumaður segir, að uppástúnga mín fari í allt aðra átt en bænarskrárnar, sem komið hafi um þetta efni; en eg held, að honum hafi orðið mismæli, og hafi ætlað að segja, að nefndaruppástúngan fari í aðra átt en þær; því bænarskrárnar biðja ekki um þessa nefndarstjórn; þær biðja um, að sveitarstjórn sè bætt og löguð, og það, sem hana nú vanti, sè afl, álit og laun; að þessu öllu vildi eg láta mína uppástúngu miða, og er það fyrst, að sveitirnar fái það frelsi, að kjósa sèr hreppstjórann, nefnilega vinsælasta, færasta og hentugasta manninn, sem til er í sveitinni; því eg þekki einga eins góða lögun á sveitarstjórn, eins og að fá duglegan og vinsælan hreppstjóra; þegar sjálfur forínginn er vinsæll og duglegur, þá er feingið álitið, og þegar hreppstjórinn á sèr alla beztu menn hliðholla, og getur haft alla sína sveitarmenn, svo sem í einni nefnd, sèr fylgjandi að öllum góðum framkvæmdum, þá er komið aflið, já, af því þá er framkvæmdaraflið allt í einum stað, en ekki sundur skipt í þessa 8 parta, þessa sundrúngu, sem nefndin hefur sett; eg get því ekki skilið, að nokkur þíngmaður geti með góðri samvizku (eða sannfæríngu) gefið atkvæði sitt á móti því frelsi, að sveitarmenn fái sjálfir að kjósa hreppstjórann sinn; en til þess, að sveitirnar geti haft not af þessu frelsi, og höndlað þessa hentugustu menn við embætti sitt, þá verður að

útvega þeim sannsgjörn laun; það þarf líka að laga slíkt, svo það sè ekki stjórninni til skaða og minkunar, eins og verið hefur, og að hreppstjórar kasti ekki höndunum til svo áríðandi sýslunar, sem hreppstjórnin er, í því skyni, að losast sem fyrst við hana, heldur að þeir geti feingið geðþekkni á embættinu, og alúð, til að rækja það vel, og kost á, að missa sig frá sinni heimilisvinnu; þá getur hann fyrst gætt að, að réttindi fram fari í sveitinni, og menn sèu hlýðugir lögum og yfirvalda-fyrirskipunum; því eingínn yfirmaður mun betur geta lagað siðferði og þánkafar manna, en vinsæll og kunnugur hreppstjóri; hann getur t. a. m. komið á réttri og góðri tíundarframtölu, án þess að hafa nokkra misklið eða lagadeilur; því hann veit, hvað hver á, og getur sjálfur talið það upp fyrir þeim í einrúmi; þetta hefur þó öðrum yfirmönnum optast geingið örðugt að laga; og eg vil spyrja nefndina, hvað vel hún heldur að kippist upp réttindin í þessum hlut, þegar þessi 8 manna stjórn kemur; það verða líkast til þeir efnugustu í sveitinni, sem kann ske hafi helzt dregið undan áður; kann ske þeir fái nýja andagipt, að fara að telja frómlega fram, um leið og þeir fá þessi þægilegheit, að fara að standa í óútmálanlegu sveitarargi fyrir ekki neitt; en ef svona stór flokkur úr sveitinni lagar sig ekki sem frómlegast, þá munu hinir smærri ekki lagast of vel; það mun því sannast, að 1 góður hreppstjóri, sem hefur feingið alúð á embætti sínu, skyldur við stjórnina, og ást og tiltrú sinna sveitarmanna, mun verða betri og stöðugri undirstaða hinna æðri stètta, en þessir mörgu sveitarnefndarrambaldar. En af því, að öll mannleg verk og áform geta brugðizt, og hreppstjórinn, þó hann sè bæði kosinn og launaður, getur misreynzt, þá hef eg stúngið upp á því, góðri sveitarstjórn til tryggingar, að hreppstjórinn sè kosinn upp á hverjum 3 árum, svo að, ef sveitarmönnum líkar ekki hreppstjórinn, þá geti þeir þegjandi og hljóðalaust vikið honum frá, og kosið sèr annan, svo að þá þarf einga mæðu, fyrirhöfn, óvild nè lagadeilur að hafa við, til að skipta um. Það er nú auðsèð, að þetta er sveitarstjórninni sú bezta réttarbót í þessu falli; en eg tel það henni meiri réttarbót í hinu, nefnilega, að þetta er vaktandi kríngumstæða, að hreppstjórinn, sem hefur feingið laun, og vill nú halda embætti sínu, vandi sig sem allra-bezt; því þá á hann víst, ef sveitarmönnum fellur vel við hann, að þeir kjósi hann, þann sama, ætið aptur; en ef miður er,

þá má hann fljótt víkja; mundi því þessi uppástúnga verða eitt stakt líf og viðhald góðrar sveitarstjórnar. Þessu get eg ekki líkt við einveldi, eins og sumir kalla það; því það vita allir, að hreppstjórar eiga yfir sèr lög og yfirvöld, og svo snart sem þeir gjöra rángt, standa þeir ólukkunni íklæddir; því þá eru þeir dæmdir og klagaðir; en hvað heldur, væri þó ekki af numið einveldi þeirra nú, þar þeir væru svona umsetnir að neðan, að, ef þeir ekki reyndust sem bezt, þá mættu þeir þegjandi, án allra klagana, víkja embættið.

Eg hef þannin sýnt, að mitt ráð er, að umbæta og laga þessa sveitarstjórn, sem er, en ekki að forkasta henni, og búa til aðra nýja, sem ekki er reynd að neinu góðu. Eg fyrir mitt leyti hef einga trú á henni; vel má hún reynast; og sízt vil eg núna fara að biðja konúng um, að hafa hana fyrir undirstöðu við frumvarp; því ef frumvarp kemur, þá fá menn kost á, að ræða þetta mál, og taka þá þessa reglu, ef hún þykir þá betur við eiga; því eg get ímyndað mèr, að þá yrðu komnar bendíngar frá landsmönnum til þíngsins um þetta efni; vildi eg því, að þíngið nú hugsaði ekki meira, en banda málinu í þá átt, sem lagaði það, en setti það ekki strax í annað horf, svo það bindi ekki á sèr hendurnar síðar, hvað sem mönnum þá kynni að lítast. Mèr gæti skilizt, að þessar nefndir og nefndarfundir gætu átt við dómsvald; en framkvæmdarvaldið, í hverju mest eru innifalin hreppstjórnarverk, hygg eg ætíð betur komið í eins duglegs manns höndum. En vilji þíngmenn fallast á þessar sveitarnefndir, þá þurfa þeir ekki að hrinda minni uppástúngu fyrir það, að hreppstjórinn sè kosinn, og menn fái sama frjálsræði til þess, eins og að kjósa sveitanefndarmanninn, þegar hreppstjóri á þó annars að vera.

Eg ætla nú ekki leingur að forsvara mína uppástúngu, því eg vona þíngmenn sjái einga hættu við hana, og hún þurfi því ekki meira forsvars við, sem líka ber nú vel í veiði, þar eg á nú ekki að standa upp framar, til að tala eður svara í þessu máli.

Framsögumaður: Eg vildi benda hinum virðulega þíngmanni Gullbríngusýslu á, að, ef þeir sömu 3, 5 eða 7 eiga að verða í sveitarnefndinni í 3 ár, og síðan öll nefndin kjósast aptur, þá má svo fara, að einginn þeirra vilji taka á móti kosníngu aptur, og kæmu þá einúngis ókunnugir menn í nefndina, en eptir uppástúngu nefndarinnar á ekki nema helmíngurinn

að gánga úr að 2 árum liðnum, og þannig verða allt af kunnugir menn í nefndinni.

Þingmaður Mýrasýslu sagðist enda með því, sem hann byrjaði, að breytingaratkvæði hans þyrfti ekki forsvars með; en þurfi það ekki forsvars, þá er ekki heldur vert, að áreita það.

J. Guðmundsson: Eg ætlaði einmitt að byrja tölu mína nú með líkri athugasemd. Hinn heiðraði þingmaður úr Mýrasýslu lauk ræðu sinni áðan með þeirri athugasemd, „að hann þyrfti ekki að tala fremur fram með breytingaratkvæðum sínum, því þau forsvöruðu sig sjálf“. Jú, annaðhvort er, að þau verða að forsvara sig sjálf, eða falla; því uppástúngumaðurinn hefur sannarlega ekki haldið uppi neinni vörn fyrir þau; hann hefur í sannleika hvorki varið þau með ræðu sinni hèr í dag, nè með þeirri, sem hann flutti, þegar málið var hèr til inngángsumræðu um daginn. Og eg skyldi sannarlega ekki tefja þingið á, að elta þessa ræðu hans, því hún var í sjálfu sèr ekki þess verð, ef það hefði ekki sýnzt svo, og mætti sýnast svo í fljótu bragði, sem hann hefði verið að reyna að hrekja, og tekizt að nokkru að hrekja gagnsemi og nauðsyn þess undirstöðufyrirkomulags, sem nefndin nú hefur stúngið upp á; hinn heiðraði þingmaður hefur verið að bera þetta við, og að fikra við þetta, líkt og þegar kisa flensar í kring um heitan mat. En af því það er nauðsyn, að gjöra þetta fyrirkomulag, sem nú er stúngið upp á, svo ljóst og svo skiljanlegt fyrir almenníngi, sem mögulegt er, og í hverju það verulega mismuni frá því fyrirkomulagi, sem nú er á sveitastjórninni, þess vegna stend eg nú upp; en þetta nýja fyrirkomulag og þennan mikla mismun, sem á því er og hinu, sem er nú, í þessu skilur þingmaðurinn ekki vitund; það er auðráðið af öllu því, sem hann hefur rætt í þessu máli, frá upphafi til enda. Þingmaðurinn vildi sanna, hvað óviðfeldnar og óvinsælar þessar uppástúngur þættu nú þegar hèr á þíngínu, með því „að meir en helmíngur þingmanna hefði borið upp við þær breytíngaratkvæði“! Sèr hann þá ekki það, sem allir mega sjá, að öll breytíngaratkvæðin, sem eru borin upp við þetta mál, þau fara öll í hina sömu stefnu, og uppástúngur nefndarinnar, hreint öll, nema þetta eina breytíngaratkvæði, sem er frá sjálfum honum? Þetta eina breytíngaratkvæði hans fer fram á, að gjöra sveitastjórnina, *sem er nú*, frjálslegri. Þingmaðurinn lýsti því sjálfur yfir áðan, hvað hann

ætlaði sèr að ávinna með þessu frjálslegra fyrirkomulagi; hann vildi það ávinnist, að sveitastjórnin feingi „*meira afl*“ og „*meira álit*“. Þetta ætlar hann að takist með, ef valinn væri „*með öllum atkvæðum einn bezti fèlagsbróðir í hverjum hreppi*“, og „*að ekki væri annað betra meðal til en þetta*“. En eg vildi mega spyrja: er ómögulegt, að til sèu tveir eða fleiri beztu fèlagsbræður í hverjum hreppi? Það getur verið, eg skal ekki bera það til baka, að hinn heiðraði þingmaður eigi því láni að fagna, að hann sè sá einasti bezti fèlagsbróðir, sem hans hreppur á til; en eg þekki marga hreppa, þar sem völ er á miklu fleiri mönnum, en einum, bæði til hreppstjóra, eins og þeir eru nú, og til sveitastjórnarmanna, eins og upp á er stúngið; þarna vona eg því sè strax auðsènn *einn* kosturinn af því fyrirkomulagi, sem upp á er stúngið; það er einmitt optar svo, að völ er á fleirum en einum, og fleirum en tveimur, sem þykja almennt góðir menn í sveit; en sínum augum lítur hver á silfrið; einum þykir þessi beztur, öðrum hinn; en þegar velja má 2 og fleiri í sveitanefnd, þá missa menn síður af þeim, sem er til þess vel fallinn, að annast um málefni sveitarinnar. Hið annað, sem þingmaðurinn vildi afla sveitastjórninni, eins og hún er nú, álits með og afls, það eru „*launin*“ handa hreppstjóranum; launin handa þeim talaði hann um fyrst og seinast. En það er einmitt hin gagnstæða skoðun, sem geingið er út frá í frjálslegu fyrirkomulagi sveitastjórna um allan heim; fyrst sú, að margar hendur vinni lètt verk, og þó einum sè of vaxið og ofætlun, að hafa þau störf og leysa vel af hendi, þá megi það vel takast fleirum í samvinnu; þar næst, að einmitt af því, að þessi störf eru ætluð fleirum en einum eða 2 af hinum beztu mönnum í hverri sveit svona til skipta, þá er geingið út frá því, og talið víst að sjálfsögðu, að til þessara starfa verði kosnir þeir menn, sem hafa svo miklar mætur á velfarnan sveitar sinnar, að þeir vilji og gjöri að takast á hendur, með öðrum jafníngjum sínum, umsjón og stjórn hinna helztu sveitarmálefna launalaust, þegar þeir verða ekki bundnir við þá skyldu nema fá ár í senn.

Hinn sami heiðraði þingmaður bar auðsjáanlega ekkert skyn á mismuninn, sem er á milli starfa sveitastjórnarinnar, eins og nú er stúngið upp á henni, og hreppstjórnarstarfanna, eins og þau hafa verið; hann heldur, að sveitarnefndirnar eigi að gegna *öllum* hreppstjórnarverkum, og að einginn hreppstjóri eigi fram-

ar að vera til, þegar sveitanefndirnar kæmust á. Þetta er öldúngis skakkt á litið, nefndinni hefur aldrei komið það til hugar, og gat ekki komið það til hugar; og bæði þíngmaðurinn sjálfur og aðrir sjá þetta ljósast af breytíngaratkvæðinu, sem stíngur upp á, að hreppstjórinn skuli vera sjálfkosinn í sveitarnefndina. Hreppstjóri, einn í hverri sveit, verður eins að vera eptir sem áður, þó þessar sveitanefndir komist á, sem gegni fyrir hönd sýslumannsins, og eins og aðstoðarmaður hans, lögreglufram kvæmdar- og öðrum valdstjórnar-störfum, öldúngis eins og hingað til, eptir því sem við þarf; en fátækra-málefni öll, og önnur hrein og bein sveitarmál, þau gánga aptur frá störfum hreppstjóra og til sveitanefndanna; en þær eiga aptur ekkert að sýsla um nein lögreglu- eða valdstjórnar-verk, fremur en t. a. m. alþíngi hefur neinar slíkar sýslanir á hendi — (*J.* hreppst. *Sigurðsson*: Sveitastjórn álít eg framkvæmdarvald.) —. Já, það er öldúngis skakkt álitið, eins og eg er búinn að sýna, og eins og það var öldúngis skakkt, að hugsa sèr nokkurs konar dómsvald sameinað með sýslunefndunum, og mèr skildist, að þíngmanninn færi þá eitthvað að dreyma til kviðdómanna í fornöld; en dómsvaldið á heldur ekki neitt skylt við sveitastjórnarvaldið; það er í hugsun og stefnu áþekkast og náskyldast alþíngisstiptuninni, eins og hún er nú, eða með rýmra valdi, en á ekkert skylt við, hvorki framkvæmdarvald nè dómsvald.

Eg vona, að mèr hafi nú tekizt, að sýna, að hvorki forsvara breytíngaratkvæði þíngmannsins sig sjálf, og að því síður hefur hann fært ástæður fyrir þeim. Þar að auki er breytíngaratkvæðið 1 *c* öldúngis fráleitt af öðrum ástæðum. Þar er stúngið upp á, að hreppstjórar fái hæfileg laun, og skuli það verða tekið til greina, þegar skattalöggjöfin verður rædd. Hèr er þá ætlazt til, að þíngið fari nú þegar að ræða og taka ályktun fyrir sig fram um eina grein af skattamálinu, þessu einhverju því merkilegasta máli, og sem nú liggur ekki fyrir, og einginn veit hve nær kemur til umræðu; og eg vona öllum verði ljóst, að þetta nær eingri átt.

Eg held því að vísu, að þíngmaðurinn hafi sagt það satt, sem hann sagði áðan í ræðu sinni, „að það væri einginn hrekkur í breytíngaratkvæði hans“; nei, það er víst einginn hrekkur í þeim, en þau eru *vitleysa*.

J. Kristjánsson: Eg ætla mèr ekki að vera lángorður í

þetta skipti, framar en vant er. Enn sem fyrri el eg þá von, að málefni þessu um, að fá haganlega sveitastjórn, reiði vel af hjá þínginu; því þegar vèr biðjum um frumvarp frá stjórninni til hennar, getum vèr borið fyrir oss eigin reynslu, og bent á hana; það er að skilja, að bændur hafa að undanförnu margvíða verið að koma upp nokkurs konar nefndum í hreppum sínum, til að greiða úr ýmsum sveitarmálefnum, og hefur þeim þótt þetta betur gefast, en það, að hreppstjóri sè einn í ráðum, og valdsmenn hafa að minnsta kosti ekki hindrað það, að bændur kysu menn í þessar nefndir, ef þeir hafa ekki einmitt hlynnt að því. Líka hafa bændur víða átt kost á því, að kveða upp á manntalsþingum, hver þeir mundu helzt vilja að yrði hreppstjóri, þegar hreppstjóra vantar, o. fl. Þetta er nú að vísu allt saman gott og blessað, samt vil eg ekki, að hèr nemi staðar við, því eg get t. a. m. eingar sèrlegar mætur haft á því, að bændur kjósi hreppstjórann, þegar eg lít á það jafnframt, að hreppstjóri er líka lögreglumaður; aptur hef eg lítið traust á sveitanefndum þeim, sem eru að koma upp, og bændur mega nú hafa að ósekju, meðal annars vegna þess, að t. a. m. eins og eg hef heyrt að sumir menn hræðist, að Asíukólera geti, ef til vill, flutzt hingað til landsins, þannig má það að bera, að *pólitisk* sýki einhver gæti slæðzt hèr inn, sem hæglega kynni að valda því, að valdstjórnarmenn þyrðu ekki annað, en banna þeim áminnstu sveitanefndum að eiga fundi, er þær einga lagavernd hafa, eða eru ekki lögboðnar. Svo eg segi þá óspurt, þá varð mèr bilt við, þegar atkvæðaskráin sú, sem eg hef nú fyrir mèr, skaut fyrst upp höfðinu; þó er mèr nú horfinn sá ótti.

Um breytingaratkvæðið mitt vil eg fara sem fæstum orðum; einúngis ætla eg að drepa á það, að mèr skilst, eins og nefndin hafi tekið það í annari þýðingu, en eg meinti það. Um þetta er reyndar sjálfum mèr að kenna, því það er tæplega orðað. Eg ætlaðist aldrei til, að við það breyttist tala þeirra manna, sem eptir uppástúngu nefndarinnar væru í sýsluráðinu, þó orðin: *„hið fyrsta ár“*, vöntuðu við það. Það er enn sem fyr, að mèr þykir það of bundið, að sveitanefndin skuli ekki mega kjósa manninn í sýslunefndina fyrir utan sig, ef hann gefur kost á sèr, og hún vildi, af því svo getur staðið á, að sá sè utan nefndar, þegar kosníng fer fram, sem sjálf nefndin álítur bezt fallinn til þess, að vera í sýsluráðinu, bæði sakir vitsmuna og góðvilja.

E. Kúld: Eg skal nú ekki í þetta sinn leingja til muna þíngræðurnar. En það er að eins eitt eða tvö orð í ræðu hins virðulega þíngmanns Mýramanna, sem eg get ekki stillt mig um að svara, jafnvel þó búið sè að taka margt til greina og svara til fulls af því, sem hann talaði. Hann sagði nefnilega, að hann hèldi, að einginn þíngmaður gæti með *góðri samvizku* gefið atkvæði sitt móti aðaluppástúngu hans, sem hèr stendur fyrst á atkvæðaskránni. En eg má þá segja honum og þínginu það, að eg hef fyrir laungu álitið hana þess maklega, að leiðast á höggstokkinn, og það með dágóðri samvizku. Uppástúngumaður skildi ekki í því, hvernig að sumum mönnum hefði getað fundizt einhvers konar einveldis-þefur af þessari sinni miklu uppástúngu; en eg held, að hún standi skör hærra; því mèr finnst hún ilma af rússneskum einveldis-anda. Uppástúngan er nú líka nokkuð skrítilega orðuð; þar er nefnilega tekið fram, að hreppstjóri skuli vera kosinn af *öllum* hreppsbændum; þá skilst mèr, að, ef hann vantar eitt einasta atkvæði, þá verði hann ekki hreppstjóri eptir því. Þetta þykir mèr koma undarlega heim við þá ákvörðun, sem þingið tók nýlega í helgidagamálinu, þar sem það var gjört hreppstjórum að skyldu, að handtaka drykkjumenn, sem óspektir gjörðu við kirkjuna; því sè nú einn drykkjumaður í hreppnum, þá getur hann ollað því, að þar verði einginn hreppstjóri, með því, að gefa ekki atkvæði sitt, og það er ekki ónáttúrlegt, þó hann gjörði það, þegar hann veit, hvers hann á von af honum, nefnilega, að hreppstjórinn handtaki hann við kirkjuna. Hvað því viðvíkur, er þíngmaðurinn fer fram á, að fá ný laun handa hreppstjórum, einmitt þegar á að lètta á þeim störfum og ómaki, þá get eg ekki kallað það annað, en einhvern einstakan hreppstjórabarlóm. En eg skal nú ekki tala fleira um ræðu þessa virðulega þíngmanns eða uppástúnguna hans, og ekki heldur um hinar aðrar uppástúngur nè breytíngaratkvæði, sem gjörð hafa verið við nefndarálit þetta, nema það eitt, að mèr finnst eingin þörf á því, sem þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu fer fram á, að nefndarmannatalan standi á stöku; því mèr finnst það liggja í augum uppi, að hver nefnd hafi sèr formann, og þá ræður sá flokkurinn, þegar jöfn atkvæði eru, sem formanninum fylgir, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þar sem talað er um sýslustjórn.

J. Jónsson: Þó það yfir höfuð sè mín aðalregla, að vera

fáorður á þingum, þá getur skeð, að út af því beri í þetta sinn; því þau 5 breytingaratkvæði, sem eg hafði tekið við þetta málefni, hafa orðið fyrir mjög straungum dómi af hinum háttvirta framsögumanni nefndarinnar. En áður en eg hreifi við hverju þeirra út af fyrir sig, vil eg leyfa mèr að benda hinu heiðraða þingi á þá aðalreglu, sem nefndin sýnist að hafa bundið sig við í þessu máli, en það er sú, að hún vill sýnast og vera í aðra röndina mjög frjálsleg, en er þó aptur í hina mjög ófrjálsleg, og það án nokkurra verulegra eða yfirgnæfandi ástæðna; þannig t. a. m. vill hún binda kosníngarrètt til sveitanefnda heima í hreppum, og hvort þeir eru fjölmennir eða fámennir, líku bandi, og stjórnin batt kosníngarnar til þjóðþingisins, og menn nú hèr um bil vilja hafa til alþíngisins framvegis, svo nefndin í tilliti til sveitanefnda-kosníngarinna vill semja sig í því tilliti að háttum stjórnarinnar, sem mest er takmarkað, en er eins og hún gæti ekki að því, að stjórnin hafði miklu háleitari tilgáng, og djúpsettari skoðun og ástæður með tilgángsinn á þeim kosníngar-takmörkunum, sem hún hefur lagt á kosníngarrètt manna til þjóð- og al-þínga, þar sem að eins 40 (á þjóðþínginu) eða 20 (á alþíngunum) þjóðkjörnir menn úr landinu öllu eru þar saman komnir, til að segja upp álit sitt og ráðleggíngar, opt um hin allra-mikilvægustu málefni, sem í fyllsta skilníngi viðkoma almennri velferð lands og lýða, og sem að margir þeirra manna, sem hlytu að kjósast í sveitanefndirnar heima í hreppunum, hvorki mundu hafa hyggindi, og enn síður þekkíngu, til að geta sagt neitt verulegt um, þó þeir væru má ske vaxnir því, að vera góðir meðlimir í sveitanefndum. Eg vil því biðja hina heiðruðu þíngmenn, að hyggja að því, hvað lángtum meira liggur á, að tryggja með allri mögulegri, en um leið skynsamri, varúð kosníngu eins einasta manns úr hverju kjördæmi, sem á að verða þíngmaður, heldur en að ætla að tryggja með þýðíngarlitlu útilokunarbandi eins eða má ske tveggja hreppsbúa kosníngu frá að kjósa í fjölmenna sveitarnefnd; því það mun varla mögulegt, að hugsa sèr dæmi til, að þó eitt eða tvö atkvæði hreppsbænda yrðu mjög svo óheppin, að þau gætu haft nokkra verulega verkun á sveitanefndarkosníngunna, þar sem kjósa á 4, 6 eða 8 menn, og þar sem atkvæði greiðast af flestum eða öllum hreppsbændum, en þar í móti er auðsèð, að eitt eða tvö atkvæði, ef þau eru ógætileg, geta á kjörfundi heillar sýslu, má ske mjög fámennum, og

þegar einasta einn þingmann (auk varaþingmanns) er verið að kjósa, komið að miklu óliði, svo það verður í fljótu bragði auðsèð, hvort hèr er líku saman að jafna, að kjósa 20 menn til alþínga frá 20 kjördæmum, opt með fáum atkvæðum, ellegar að kjósa nokkuð yfir eina þúsund manns í sveitanefndir í öllu landinu, og það með atkvæðum flestra landsins búanda, og hygg eg þá fullkomlega leitt í ljós, að eitt ógætið atkvæði í hverjum hrepp, þó það ætti sèr stað, geti ekki gjört neitt til sakar, fyrir utan það, að eingin sterk líkindi eru til óskynsamlegri atkvæða í sveitastjórnarval frá þeim persónum, sem nefndin amast við, heldur en hverjum annara hreppsbænda.

Það hefur verið upplýst hèr á þinginu, og það er mèr líka kunnugt um Norðurland, að menn eru á manntalsþingum farnir að kjósa hreppstjóra, og á hreppstjórnarþingum aðstoðarmenn hreppstjóranna, og má eg fullherma, að eingin sú varúð, sem nefndin nú vill ráða til að brúka, um útilokun úngra bænda, útilokun þeirra bænda, sem má ske þiggi lítinn sveitarstyrk, eða þeirra bænda, sem bætt hafa fyrir brot sín, hefur átt sèr stað, og munu þess víst eingin fram komin dæmi, að þessir menn hafi aflagað svo kosníngarnar, að nokkurt minnsta mein hafi orðið að; það er því að minni meiníngu mjög varlega gjörandi, að innleiða það ófrelsi og ójafnrètti í fèlagsskap manna, sem ekkert verulegt getur þýtt, nema að eins aukið almenna óvinsæld, bæði þeirra manna, sem útilokast, og eins hinna, sem sjá meðbræður sína útilokaða að þarflausu frá almennum rèttindum, en hverjum fyr tèðu þó mun af nefndinni vera ætlað að bera hinar almennu fèlagsskyldur eptir fullkomnustu tiltölu við hina aðra meðfèlagsmenn sína, og ekki verða útilokaðir, þegar til skyldustarfanna eða gjaldanna kemur.

Eptir þessa almennu skoðun mína vil eg minnast lítið eitt á hvert af þeim breytingaratkvæðum út af fyrir sig, sem hinum heiðraða framsögumanni þóttu svo ísjárverð. Hið fyrsta var í þá átt, að allir hreppsbændur skyldu hafa kosníngarrètt til sveitanefnda, eður þær þrjár tegundir óhæfilegleikanna á vissum mönnum, sem nefndin hefur gjört svo mikið úr, ekki ættu að verða teknar til greina. Ek skil ekki, hvað nefndin gat verulegt haft fyrir augum með þann únga bóndann, sem fèlagið er þó búið að taka á móti sem meðlim inn í sveitarfèlag sitt, og farið að trúa honum fyrir konu, börnum og bújörð, og sem lögin eru búin að álíta sem fullkomnaðan mann. Þessi maður-

inu getur opt, og einkum nú, þar sem allir hljóta að viðurkenna, að yngri menniruir eru þeir betur menntuðu, þessi maðurinn, segi eg, getur opt verið hinn ómissanlegasti sveitarnefndinni, og allra hreppsbænda hugur stefnt á hann, enda þó lögin kasti á hann þeirri fyrirlitníngu, að hann ekki eingáng megi kjósa í nefndina, því síður kjósast, og þótt framsögumaður segi, að hann þurfi ekki leingi að bíða, þángað til hann komist að, þá er þess að gæta, að annar æskumaðurinn fyllir rúmið aptur í hins stað, sem aldrinum nær.

Hvað fátæktina snertir, eða þann hreppsmanninn, sem þiggur af sveit, þá hefur það ekki í rauninni meira fyrir sèr en hitt; því opt getur verið duglegur og hygginn bóndi, þó fjölskylda, heilsubrestur, óhappa-tilfelli, eða margt þvílíkt verki til þess, að hann kunni að neyðast til, að þiggja af sveitinni endurgjaldslaust uppfóstur barns, vinnustyrk, eður jafnvel lán af sveitarsjóð, sem þó er allt þegið af sveit, og það þekki eg heldur ekki til, að, eptir kenníngu hins heiðraða framsögumanns, að þeir menn sèu fyrir fátækt sína eða bágbornar kríngumstæður gjörðir ómyndugir, svo þeir þess vegna ekki megi kjósast, svo þó þessi fái að kjósa, sè eg ekki hann geti haft stóra áverkun á hans eigin sèrstaklega hag, og þótt hann hefði kjörgeingi, væri það á valdi meðbræðra hans, hvort hann yrði kosinn í nefndina eður ekki.

Hvað nú þriðju tegundina snertir, nefnilega þann manninn, sem hefur flekkað mannorð sitt, þá kann nú helzt að vera um það hugsandi; þó hef eg einga yfirgnæfandi ástæðu fundið fyrir því, að útiloka hann, vegna þess, sem þegar er sýnt, að atkvæði t. a. m. eins manns getur í sveitanefndarkosníngu ekki orðið þýðíngarmikið; því menn verða þó að halda, og byggja það á reynslunni, að ekki sè mikill fjöldi af þrifleingdum þjófum eða bófum í hverjum einstökum hrepp; en minna má nú gagn gjöra; því sá, sem aptur og aptur hefur þannig brotið, mun sem optast vera kominn úr hreppsbændatölunni, svo varla sè um hann talandi; en hitt getur gefizt, að til sèu og verði menn, sem í þessum eður þvílíkum skilníngi hafi flekkað mannorð sitt, og má ske fyrir laungu síðan, og sem nú eru orðnir hinir betri bændur hreppanna, og á hverjum straffið hafi náð hinum rètta og sanna tilgángi, og hverra yfirsjónir má ske á yngri árum, sèu gleymdar og út slèttar úr hugum meðbræðra þeirra, en hverjar nú verða að dragast fram í endurminníngar manna,

þegar á að fara að kjósa í sveitanefndirnar. Það er líklegt allir geti fundið það, hversu óþægilegt það má vera fyrir þann mann sjálfan, og alla, sem að honum standa, að sjá sig á þann hátt fyrirlitinn með þess konar útvortis opinberum atvikum, þar sem ekki er um meira að gjöra, en að almúgamenn eru að kjósa nokkra almúgamenn úr eigin flokki sínum, og sýnist mèr þessi útilokun frá almennum rètti og svo fyrrur einar, og undir öllum kringumstæðum ekkert áríðandi, helzt þegar litið er til þess, hvað fáir þeir menn eru yfir höfuð að tala, og þegar þeim þó í öllu öðru er gefið bæði kirkjulegt og borgaralegt frelsi, sem öðrum mönnum.

Hvað mitt annað breytíngaratkvæði snertir, þá hef eg allareiðu talað fyrir því hèr að framan, og nenni ekki að taka það upp aptur; einúngis vil eg geta þess, að opt getur staðið svo á, að bóndinn frá tvítugsaldri til tuttugu og fimm ára sè hinn líklegasti maður í sveitanefnd, hvern allir búendur vildu kjósa, ef mættu, og það er líka sá aldurinn, þegar fjör og dugur manna er í mestum þroska og blóma, og er það ekki hyggilegt, að útiloka hann frá kjörgeingi sveitanefndar.

En hvað því viðvíkur, að útiloka prestinn og hreppstjórann frá, að vera sjálfkosna, þá ætla eg nefndin verði þar eingan veginn sjálfri sèr samkvæm, þegar presturinn þó skal skyldugur, að ráða mestu um kennslustaði barna, en vera þó ekki, fremur en verkast vill, nálægur við þá ráðstöfun nefndarinnar, sem hún gjörir á samastöðum barnanna, og eiga eingan atkvæðisrètt um það mál, hversu óhyggilega sem nefndin hefur farið að því. Allt hið sama er um hreppstjórann, þegar nefndin, ef til vill, að honum fjærverandi og óafvitandi, hefur ráðstafað hverju einu, sem hann þá sem lögreglumaður á á eptir að framkvæma. Eg hef áður drepið á það, að nefndin í þessu máli hafi verið að semja sig að háttum stjórnarinnar, þegar um ófrjálslegar kosníngar er að gjöra; en nefndin gætir þvert á móti ekkert að einu mikilvægu atriði, og sem stjórnin þó ætíð hefur kostað kapps um að tryggja í þíngunum, en það er það, að þíngið skuli aldrei með öllu fara á mis hygginna og viturra manna; en við þessu hefur nefndin, ef til vill, einga tryggingu hugsað sèr; því þegar svo bæri undir, að hvorki hreppstjóri eða prestur væru kosnir, þá getur það verið mjög hæpið, að þeir menn sèu til í sumum hreppunum, sem höndulega farist þau ýmsu vandaverk, sem fyrir koma, bæði við útsvaraniður-

jöfnun, almennar ráðstafanir, og margt fleira; en þar sem hinn heiðraði framsögumaður finnur þessu breytíngaratkvæði það til foráttu, að opt sèu fleiri en einn prestur og einn hreppstjóri í hverjum hrepp, og þá verði að kjósa milli, en þess hafi eg ekki getið, þá vildi eg leyfa mèr að svara því, að eg ætlaði honum væri það kunnugt, að það bæði er og þykir óþarft, nú að taka fram hvert smá-atvik í því málefni, sem koma á fyrir næsta þíng aptur sem frumvarp, og ætlaði eg hèr nægði að fullu, að gjöra það svo sem undirstöðugrein, að prestur og hreppstjóri yrðu ekki útilokaðir úr sveitanefndum, heldur sem sjálfsagðir í þær. Það má yfir höfuð vera mikið traust, sem hinn heiðraði framsögumaður hefur allt í einu feingið á menntun alþýðumanna, síðan hann fyrir fáum dögum meinti, að ekki tíundi hver bænda gæti skammlaust orðað og klórað húsbóndavitnisburð án prests hjálpar, og öll forsómun ætti stað á uppfræðíngu nýfermdra únglinga, þegar þeir væru skroppnir úr foreldrahúsum.

Hvað tölu sveitarnefndarmanna snertir, þá ætla eg stök tala fari betur en jöfn í ágreiníngstilfellum; því það eru þó ætíð heldur líkindi, eða ættu að vera líkindi til, að hinir fleiri fari rèttari veg í máli hverju, en hinir færri; þó kann nú að bera út af því stundum. Hvað fjóra fundi á ári snertir, þá ætlaði eg svo gæti farið, að þeir, ef til vill, væru þýðíngarlausir, þegar kringumstæðurnar ekki útheimtu þá, og það ætla eg fari hótinu betur, að binda þá ekki skylduböndum svo marga, heldur að það væri á valdi meiri hluta nefndarmanna, hve nær og hvort fund skyldi halda, og ætla eg nefndin gjörði rèttara, að taka þetta atkvæði þannig orðað, heldur en eins og þíngmaður Ráng vellínga bar það upp: „svo opt sem þörf krefur"; því hver á að dæma um, hve nær þörfin er á samkomum nefndarinnar, ef ekki hún sjálf eða meiri hluti hennar.

Hinn heiðraði framsögumaður benti því að mèr, að, ef breytíngaratkvæði mín hefðu verið tekin, þá hefðu allir, hvernin sem voru, komizt inn í nefndirnar; en eg bið hann að athuga, að það var ekki nema að eins úngi bóndinn, sem eg óskaði kjörgeingis, en hvorki sá, er lagt kynni að vera af sveit, eða hinn með flekkaða mannorðið. Það, sem hinn heiðraði framsögumaður fann ekki rèttan skilníng í, hvað gæti verið persónulegt ófrelsi, annað en *arrest*, þá vil eg benda honum til, sem hann þó líklega áður veit, að sakamenn eru ei altíð lausir við dóm-

inn, þó þeir sèu búnir að út taka straffið; það er opt meiri eða minni tími, sem þeir eptir á eiga að standa undir lögreglustjórans sèrlegri tilsjón, og hafa því um þann tíma ekki fullt frelsi.

Hvað hinum öðrum breytíngaratkvæðum viðvíkur, þá ætla eg búið sè að tala um þau og dæma, eptir sem hver er lundaður, og ætla eg að leiða þau hjá mèr í þetta sinn.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þíngmaður Norður-Þíngeyínga hefur nú borið margt fram í tölu sinni til styrkíngar breytíngaratkvæðum sínum. En eg ætla, að eg hafi hrundið mörgu af því, undir eins og umræðan byrjaði áðan; en þó verð eg að minnast á sitt hvað af því, sem hann til færði núna. Eg hef aldrei nokkurn tíma verið þar, sem sveitarfèlag hafi trúað neinum manni fyrir konu og börnum, og varla nokkru sínni heldur fyrir jörð; því það eru sjaldnast sveitafèlögin, sem byggja jarðir, heldur eigendur þeirra, og byggja þeir þær þá sveitlægum ónytjúngum því að eins, að þeir eigi ekki annars úrkosti. Hinn sami heiðraði þíngmaður sagði og, að það væri hart, að útiloka dómfellda menn (en með æruskertum mönnum meina eg ekki aðra en þá, sem dómfelldir eru fyrir svívirðilegt afbrot) frá kosníngum til sveitanefnda. Eg neita nú þessu að vísu ekki, ef lángt er um liðið, frá því þeir brutu og liðu straff fyrir, og þeir hafa síðan sýnt góða umbót lífnaðarins, en eg held það mundi líta nokkuð undarlega út, ef þíngið færi að biðja konúng, að gefa þeim kosníngarrètt, sem fleingdur hefði verið daginn áður, en kosníngar færu fram; því eg skil ekki annað, en þeir hlytu að vera undir sama skilyrði og hinir, sem væru hýddir fyrir nokkrum árum, og það yrði eins tilfinnanlegt fyrir þessa menn, ef einhver áratala, t. a. m. 10 ár, væri til tekin, jafnvel þó eg viti það, að margur geti þá verið búinn að iðrast glæps síns. Eg skil ekki heldur í því, að minna sè í húfi með kosníngar til sveitanefndanna, en alþíngis, þar sem svo fáir eru valdir, eins og þíngmaðurinn sagði; því sè prestur og hreppstjóri sjálfkosnir í sveitanefndina, og ekki verði fleiri í henni en 4, þá eru að eins tveir, sem kjósa skal, og þetta vill þíngmaðurinn hafa. En úr því verður ekki annað en það, að það verður óverulegt kák við það gamla, þar sem hver maður má kjósa þessa 2 menn, og allir kjósendur eru kjörgeingir, eins og verður eptir hans uppástúngu, þar sem hann hefur ekki gjört neina breytíngu við þá uppástúngu nefndarinnar, að hver, sem kosníngarrètt hefur, sè einnig kjör-

geingur. Viðvikjandi því, sem eg heyri bæði þennan og fleiri þingmenn vera á því, að prestur og hreppstjóri skuli vera sjálfkosnir í sveitanefndina, þá má eg geta þess, að nefndin ætlaðist til, að hreppsbúar skyldu hafa svo frjálsar hendur, sem unnt væri, til að kjósa. Ef að það er sá prestur eða hreppstjóri, sem er ráðríkur, og menn vilja ekki hafa í nefndinni, þá get eg vel ímyndað mèr, að þeir ráði hèr um bil öllu einir eptir sem áður, og getur það auðsjáanlega orðið til mikils tjóns og mjög hættulegt, einkum þar sem hreppar eru fámennir, og það getur kann ske fælt duganlismenn frá, að vera í nefndinni. Eg get og ekki ætlað það, að kosníngar misheppnist svo mjög, að einginn verði fær um, að starfa það, sem nefndinni ber, þó ekki sè í henni hreppstjóri nè prestur, sem varla er ætlandi að verða muni, nema því að eins, að svo fari betur Hèr á landi er nú til eitt slíkt fèlag, sem þessar nefndir kýs, og það er hèrna í Reykjavík, og mig minnir ekki betur, en að þar hafi einginn lögfelldur maður kosníngarrètt eptir lögum þeim, sem um það gilda. Í sveitum eru enn eingin slík lög til, og því er ekki að miða við það, þó þar hafi allir bændur mátt kjósa þessa aðstoðarmenn handa hreppstjórum, þar sem það hefur verið siður. En vèr erum nú að biðja um þessi kosníngarlög handa sveitunum, og það væri þá undarlegt, ef vèr bæðum um kosníngarrètt handa þeim mönnum, sem alstaðar er vant að undan skilja kosníngarrètti, til hvers sem er. Hvað aldurstakmörkun nefndarinnar snertir, þá veit eg það vel, að maður er fjörugastur, á meðan maður er úngur, eins og þíngmaður Norður-Þíngeyínga sagði, en eg held, og það af eigin reynslu, því eg hef líka verið tvítugur og þar í kríng um, að fjörið sè bezt með nokkurri reynslu. Eg get því ekki sèð, að þetta sè nein ástæða móti aldursákvörðun nefndarinnar.

Hann vèk því og að mèr, þíngmaðurinn, að eg áliti þann mann ekki myndugan, sem þægi af sveit, og eg veit ekki, nema að sá, sem elur hyski sitt af sveitarstyrk, og lifir í leti og ómennsku, ætti að rèttu lagi að vera undir nákvæmri umsjá sveitarstjórnarinnar, og þá er hann tæplega meira en hálfmyndugur, úr því hann er að nokkru leyti ekki fjár síns ráðandi.

Viðvíkjandi breytíngaratkvæði hins sama heiðraða þíngmanns við uppástúngu nefndarinnar 4 *k*, þá get eg ekki verið á hans máli. Nefndin er ekki til, fyr en hún er búin að

koma saman, og þá fyrst getur hún með atkvæðafjölda ákveðið, nær fund skuli halda aptur.

M. Andrèsson: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um breytíngaratkvæði mitt í þessu máli, og það því síður, sem það hefur orðið svo heppið, að öðlast meðhald nefndarinnar; einúngis vil eg geta þess, að ætti 5. uppástúnga nefndarinnar undir stafliðnum *e* að falla í burtu, þá er ekki nógu ljóslega tekið fram (eins og þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu drap á), hvar og hve nær sýslunefndin skal ákvarða það, hverjar sveitanefndir skuli senda mann á sýslufundinn. Það virðist að sönnu sjálfsagt, að það hljóti að vera á fyrra árs fundi hennar.

Um þau mörgu breytíngaratkvæði, sem fram hafa komið í þessu máli, verð eg líka fáorður; flestum þeirra verð eg að vera mótfallinn, og felli mig miður við þau, en uppástúngur nefndarinnar. 1. breytíngaratkvæðið hefur orðið fyrir þeim mótblástri, að óþarfi sýnist á hann að bæta; mèr virðist höfundur þess vera að berjast við nokkuð það, sem þessu máli kemur ekki við, þar sem hann er að tala um kosníngu hreppstjórans, sem skuli vera nokkurs konar einvaldsherra; maðurinn vill einga sveitanefnd hafa.

Ekki get eg heldur fellt mig við breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Norður-Þíngeyjarsýslu, um rýmkun kosníngarrèttarins til sveitarnefndarinnar; eg vil halda því orði óbreyttu, sem orðið er vanalegt í öllum kosníngalögum: „óflekkað mannorð“, og eins vil eg halda við 25 ára aldur, og að maðurinn þiggi ekki af sveit. Líka verð eg að vera mótfallinn þeim breytíngaratkvæðum, sem vilja rýmka kjörgeingi sýslunefndarmanna. Ef sveitanefndirnar mega kjósa þá menn annarstaðar, en úr flokki sjálfra sín, þá er að öllu ótiltekið, hverja kjörkosti þeir menn skuli hafa. Ekki vil eg heldur, að prestur eða hreppstjóri sè sjálfkosinn í sveitarnefnd; það þarf enginn að vera hræddur um það, að þeir verði ekki kosnir í hana, ef þeir á annað borð eru hæfir til þess; en sèu þeir það ekki, hvaða gagn gjöra þeir þá í henni? Ekki get eg heldur álitið það nokkra niðrun fyrir þá, þó þeir þurfi að kjósast, eins og aðrir meðlimir sveitarfèlagsins.

Af öllu því rusli, sem á atkvæðaskránni er hrært saman við uppástúngur nefndarinnar, felli eg mig einna bezt við viðauka-atkvæði þíngmanns Skagfirðínga; þau tilfelli geta opt að

borið, sem gjöri það nauðsynlegt, að þær sveitanefndir, sem ekki er ætlað það ár að senda mann á sýslufundinn, fái að vita, ef einhver önnur sveitarnefnd ætlar að bera þar fram eitthvert það málefni, sem allt héraðið varðar miklu, og kann ske mest þá sveit, sem í það sinn átti að vera útilokuð frá sýslufundi.

P. Pèturssou: Eg skal einúngis leyfa mèr að gjöra dálitla athugasemd við uppástúngu þingmannsins úr Suður-Þíngeyjarsýslu í staðinn fyrir nefndarinnar 5 *d.* Mèr finnst raunar, að hún fari nær nefndarinnar meiníngu, heldur en uppástúnga hins 2. konúngkjörna þingmanns, en eg get þó ekki fallizt á hana að því leyti, að þar er sveitanefndinni gefið leyfi til, að velja utannefndarmenn í sýslunefndina; það held eg að sè mjög ísjárvert; því sveitanefndin hefur ekki að eins ábyrgð á gjörðum sínum fyrir sveitarfèlaginu, heldur og fyrir sýslunefndinni. Eg get nú ímyndað mèr einhverja duglitla sveitanefnd, sem, ef hún má velja utannefndarmann fyrir sig til sýslunefndar, þá velji einhvern dugandis-mann, og feli honum á hendur, að krafla fram úr ódugnaði sínum. Þetta getur og opt lent á sama manni, og ollað honum mikils ómaks og umsvifa. Þegar svona er valið, þá getur og tekizt svo til, að sýslunefndarmaðurinn sè óduglegur og hirðulaus, svo í hvorutveggja falli ætla eg að þessi aðferð geti verið mjög ísjárverð, og jafnvel óhafandi; en rèttast og einfaldast held eg það sè, að sveitarnefndin kjósi sýslunefndarmann úr sínum eigin flokki, eins og nefndin ætlast til; því þá stendur hann fyrir sínum eigin gjörðum.

Það er búið að tala nokkuð um það, að 1 prestur og 1 hreppstjóri skuli vera sjálfkosinn í sveitanefnd hverja. Eg játa, að eg var og fyrst á því í nefndinni; en það var af því, að eg vildi sem minnsta breytíngu gjöra frá því, sem er. En hèr er ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að halda því, sem er, eða búa til annað nýtt, og það er aðgætandi, að prestur og hreppstjóri eru eptir uppástúngu nefndarinnar ekki útilokaðir frá sveitanefndinni; því sveitarmenn eiga kost á, að kjósa þá, ef þeir vilja, eins og sumir þíngmenn hafa þegar tekið fram. Ef að þeir eru nú duglegir menn, þá má ætla, að þeir sèu nærri því sjálfkosnir, því þá munu þeir ætíð verða teknir í nefndina. En aðalgrundvellinum er ekki raskað, þeim nefnilega, að allir sèu kosnir. En væru þeir sjálfkosnir, þá vil eg einúngis benda þínginu á, hvaða gagn mundi vera í

því, að fá ónýtan prest eða hreppstjóra í slíka nefnd, þvert á móti allra hreppsbúa geði; eða hvaða áhuga það mundi vekja hjá hinum nefndarmönnum, ef þeir ættu einúngis að vera undirtyllur hins sjálfkosna prests og hreppstjóra. Þíngmaður Norður-Þíngeyínga mælti það fyrir þessu, að, ef prestur væri ekki sjálfkosinn, kæmist hann, ef til vildi, ekki í nefndina, og þá ætti hann óhægra með, að sjá um uppfræðíngu barnanna í söfnuðinum. Þessu hefur framsögumaður svarað. En eg er líka hræddur um, að, þó sá prestur sè í sveitanefnd, sem hreppsbúum þykir ekki treystandi til þess, þá verði hann ofur-afskiptalítill um börnin, og eg hef nokkra reynslu fyrir mèr í þessu. Hinn sami þíngmaður hèlt og, að það mundi verða örðugt fyrir sveitarnefndina, að jafna niður útsvörum á bændur, ef hreppstjóri væri ekki í nefnd. En eg held, að, fyrst að hreppstjórar eru nú farnir að nefna menn með sèr til þess, þá muni kunnugleiki á því starfi vera orðinn svo mikill, að mönnum verði eingin skotaskuld úr því, þó hreppstjóri væri nú ekki með.

Jón Samsonsson: Viðauka-atkvæði það, er eg tók mèr, og ætlaðist til að kæmi inn í álit nefndarinnar, átti að benda til þess, að þá einhverjar sèrstaklegar, og þó má ske almenníngi viðkomandi nauðsynjar krefðu þess, að allar þessar hreppanefndir tækju þátt í sýslunefndarfundi, sem vel mögulega gæti skeð, þá vildi eg miklu heldur, að góð og gild forföll, fremur en vantandi nauðsynleg ákvörðun í hèr að lútandi lagaboð, gæfu leyfi til, að sitja heima, og vanrækja þess vegna, að sækja sýslufundinn, þegar þörf krefur. Að öðru leyti ætla eg nú ekki að mæla fyrir þessu mínu viðauka-atkvæði; það verður að standa eða falla, eins og breytíngaratkvæðin hin önnur, sem hèr eru upp borin við þetta mál.

G. Einarsson: Eg hef ekki tekið fyrri til máls í málefni þessu, en eg vil þó ekki láta það svo verða til lykta leitt, að eg fari ekki um það fáeinum orðum. Eg minnist þá fyrst á breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu í stað 4 *b*, og verð eg að vera á hans máli að því leyti, að mèr þykir margt mæla með því, er hann stíngur upp á, og eg tel albúið, að kosníngarlög samkvæmt hans uppástúngu yrðu miklu vinsælli en hin, sem nefndin hefur stúngið upp á. Það er líka mjög ísjárvert í hverju fèlagi sem er, að svipta þá fullkomnum fèlagsrètti, sem eiga þó í fullum mæli að gegna fèlagsskyld-

unum. Eg veit það vel, að í lagalegum skilníngi eru gildar og góðar ástæður mót breytíngaratkvæði þíngmannsins, en í siðferðislegum skilníngi má telja margt til breytíngaratkvæðinu til gildis, um hvað eg vil nú ekki fjölyrða, þar eð eg get ekki eindregið mælt með því eða fallizt á það. Eg verð að vera fastur á því, að prestar eigi ekki að vera sjálfkosnir í sveitanefndir. Bæði yrði þetta of þúng byrði fyrir marga presta í þeim prestaköllum, þar sem tvær og, ef til vill, þrjár sveitir heyra undir, og þar hjá er það mjög varúðarvert fyrir sveitanefndirnar sjálfar; því, að vèr vitum það, að prestur austan af landi getur flutzt vestur á Vestfirði; kandídat, uppalinn í kaupstað, getur fyrst orðið prestur upp til sveita, og þegar nú þessir menn koma þarna að öllu ókunnugir, og hljóta nú að taka til starfa, þá getur margt óþægilegt af því leitt, bæði fyrir prestana og sveitastjórnirnar — (gott!) —. Það er nokkru öðru máli að gegna um, að hreppstjórinn sè sjálfkosinn, og þó þykir mèr það ísjárvert.

Hvað uppástúngu nefndarinnar viðvíkur undir saml. 4 *i*, þá hefur nefndinni gleymzt, að taka þar fram þau atvik, þá einhver, sem er í sveitanefnd, burt kallast eða flytur burt úr hreppnum, að þá skuli kjósa á ný; en þetta stendur á litlu í þetta skipti, og orðleingi eg því ekki um það.

Mèr virðist betur eiga við breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu við 4 *k*, en þíngmannsins úr Rángárvallasýslu. Það er þó ísjárvert, að láta það öldúngis óákveðið milli nefndarmanna sjálfra, hve nær skuli aukafund halda, ef þá á greinir sín á milli, og hygg eg, að það sè rètt, að taka til, að meiri hlutinn skuli ráða.

Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður tók það skýrt fram, er eg vildi sagt hafa um breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Suður-Þíngeyjarsýslu, og sleppi eg því, að tala um það.

Það, sem stendur í nefndaruppástúngunni 5 *k*, að jafna skuli kostnaðinum niður á hreppana eptir *hundraðatölu* þeirra í *föstu og lausu*, á það get eg ekki fallizt, og hafa aðrir þíngmenn tekið fram ástæður fyrir því, og veit eg, að þíngið tekur þær til greina; þetta atriði þarf sjálfsagt einhvern viðauka, sem nú er of seint að bera upp.

Hvað viðauka-atkvæði þíngmanns Skagfirðínga viðvíkur, þá er stefna þess og tilgángur góður, og það gæti opt orðið mjög hagkvæmt fyrir hlutaðeigendur, og mæli eg því fram með því.

P. Sigurðsson: Það tókst þá af mèr ómakið, að þurfa að halda svörum uppi fyrir króa þá, er hèr standa á atkvæðaskránni, og mèr eru eignaðir, þar nefndin hefur svo góðfúslega tekið þá að sèr til allrar umönnunar, og sá maður tekið að sèr forsvar þessara smælingja, sem hvorki skortir vit eða þrek, og þar til er kunnur að því, að bera jafnnákvæma umhyggju fyrir hvers kyns framförum fósturbarna sinna, eins og sinna eigin. Hvað atkvæðaskrá þessari viðvíkur, þá stendur fyrst á henni aðaluppástúnga, og þar næst vara-uppástúnga þingmannsins úr Mýrasýslu. Þær hafa nú orðið fyrir hörðum fordómi, og verið herfilega húðstrýktar hèr í salnum, og það bæði á bak og brjóst. Eg get ekki sèð, að þær hafi átt þessa ráðningu skilið; því hann mun ekki verða sá einasti Íslendingur, sem hafi óljósar hugmyndir um heillaríka ávexti þessarar nýbreytni, og álíti málefni þetta sè of snemma upp borið. Það er þjóðareinkenni okkar Íslendinga, að við erum seinir til nýbreytinga, og viljum halda því gamla kyrru, og þó við sjáum marga galla á því, þángað til við fullkomlega sannfærumst, að nýbreytni þessi sè virkileg endurbót; en þá erum við líka manna fúsastir, að fallast á þær. Þessa aðgætni álít eg sanna þjóðkosti; því þó það leiði af sèr, að við verðum heldur seinfærir, að fylgja umbreytíngum tímanna, þá hlaupa menn miklu síður á sig, eða kollhlaupa sig, eins og sumar aðrar þjóðir, sem gleypa við hverri þeirri nýbreytni, sem fyrst kemur upp, vegna þess þær ekki gæta að ókostum þeim, er nýbreytni þessi hefur í för með sèr. Mál þetta kom til umræðu á sýslufundi okkar í vor. Menn þekktu gallana á tilhögun þeirri, sem nú er, en treystust þó ekki til, sízt á litlum tíma, að búa til uppástúngur til annarar byggíngar, sem betri væri, og þess vegna sýndist mönnum rèttara, að fresta þessu, og hugsa sig betur um, heldur en sleingja þessu svona upp á þíngið og stjórnina. Bænarskrár um þetta efni eru komnar til þíngsins frá nokkrum sýslum, og þar gætu menn vonast eptir að hugmyndir manna um tilhögun þessarar nýju byggíngar væru hvað ljósastar; en í bænarskránum sè eg ekki tekið fram, hvernig hezt mundi að laga byggíngu þessa, og því held eg, að þeir, sem bænarskrárnar eru frá komnar, hafi ekki haft vel ljósa hugmynd hèr um heldur. Væri þíng þetta löggjafarþíng, þá hikaði eg ekki við, að veita vara-uppástúngu þíngmannsins úr Mýrasýslu atkvæði mitt, að máli þessu væri frestað; en þar eg hef þá von, að þjóðin skýri mál þetta

fyrir sèr, bæði í ræðum og ritum, jafnt og hússtjórnarmálið, meðan þau eru í undirbúningi hjá stjórninni, og eg er á sömu skoðun og nefndin í því, að umbæta þurfi hèraðastjórnina frá rótum, þá vil eg minnast á nokkur breytingaratkvæði, sem fram eru komin við nefndarálitið, og er þá fyrst breytingaratkvæði þingmannsins úr Norður-Þingeyjarsýslu; það má að vísu margt mæla móti því, en það sýnist líka eiga illa við, að útiloka þann mann, sem einhvern tíma á yngri árum hefur missèð sig, en væri orðinn framtaksmesti maður og mesta sveitarstytta. Og hvað 2. breytingaratkvæði sama þingmanns snertir, þá eru þeir optast efnilegustu mennirnir, sem giptast eða reisa búskap yngri en 25 ára. Eg gef því þessum 2 breytingaratkvæðum meðmæli mitt. En að prestur og hreppstjóri sèu sjálfkosnir, er eg mótfallinn; því hver sá prestur, og líka hreppstjóri, sem nokkuð lætur sèr vera annt um framfarir sóknar sinnar eða sveitar, mun ætíð verða kosinn í nefndina; en skyldi hitt að bera, að einhver þessara reyndist öðruvísi, þá ætti hann ekki í nefndinni að vera. Um tölu nefndarmanna og verkasvið er eg samþykkur nefndinni. Í tilliti til sýslunefnda veiti eg nefndinni atkvæði mitt með breytingum þeim, er hún og hefur aðhyllzt; einasta greininni undir bókstafnum *k* er enn ekki víst að eg samþykki. Viðauka-atkvæði þingmanns Skagfirðinga finnst mèr vera þarflegt, og því fellst eg á það.

St. Jónsson: Mig minnir, að einginn hafi enn svarað upp á eitt atriði í ræðu hins heiðraða þingmanns frá Gullbringusýslu, nefnilega, að það ætti ekki við í Reykjavík, að fjársektir geingju í sýslusjóð, eins og sagt er í uppástúngu nefndarinnar 5 *k*. Með tilliti til þessa vil eg einúngis geta þess til skýringar, að Reykjavík er alveg undan skilin; því hún er búin að fá sveitastjórn í því formi, sem nú er verið að biðja um fyrir hin önnur hèruð í landinu — (*G. Brandsson*: Eg meinti ekki til Reykjavíkur eingaungu, heldur til allra tómthúsmanna og borgara í landinu) —.

Viðvíkjandi breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyínga við 4 *b* skal eg geta þess, að eg hefði getað fallizt á það fyrir mitt leyti, að 20—25 ára gamlir bændur með óflekkuðu mannorði hefðu kosningarrètt til nefndanna, ef það hefði orðið borið upp út af fyrir sig, sem eg held ekki verði, af því það verður ekki dregið út úr breytingaratkvæðinu til atkvæðagreiðslu, svo eg verð því að vera alveg á meiningu nefndarinnar í þessu.

Það er nú í raun og veru búið að tala nóg um aðaluppástúngu þingmannsins úr Mýrasýslu, svo eg skal ekki fara um það mörgum orðum. Hann hefur auðsjáanlega geingið út frá allt annari skoðun en nefndin; hann heldur ekki upp á orðtækið, að margar hendur vinni lètt verk; en þar sem nefndin vill koma á nýrri sveitastjórn, þar vill hann að eins lappa upp á þá, sem nú er, og í raun rèttri eingu breyta; hann álítur, að í hverri sveit sè einn maður, sem skari svo lángt fram úr öllum hinum, og hann á að kjósast; en ef hann ekki vill vera leingur, þá er ráðið til; en þar fannst mèr hann komast í bága við sjálfan sig, þar sem hann sagði, að, ef hann vildi losast undan hreppstjórn, þá mundi hann slá slöku við störfin. Eg skil ekki, hvernig þetta kemur heim við frábæra dugnaðar- og ráðvendnis-manninn hans, sem hann gjörði ráð fyrir að hver hreppur ætti, og gæti gjört að hreppstjóra sínum; því eg hefði haldið, að slíkur dánumaður mundi heldur vilja leita höndum sínum hróðurs, með því að leysa störf sín sem bezt af hendi, á meðan hann væri í þeirri stöðu.

Á. Einarsson: Eg get ætíð kennt í brjósti um þá menn, sem sjálfir baka sèr einhverja hegníngu og hljóta hana, og því vildi eg ekki hafa þurft að bæta neinu við álas það, sem þíngmaður Mýramanna hefur nú orðið að heyra, sem svör upp á tölu hans í dag. En hann benti þó á það eitt meðal annars, að það mundi vera ísjárvert, að taka rika menn inn í sveitarnefnd, af því að þeir kynnu helzt að draga fè sitt undan tíund. Eg hef nú reynslu fyrir mèr fyrir því gagnstæða; því eg veit, að einum hreppstjóra hefur einmitt tekizt, að koma tíundarframtali í betra lag, einmitt með því, að þeir voru kosnir í nefndina, sem niður átti að jafna sveitarútsvörin, er menn hèldu að ekki teldu rètt fram til tíundar — (*Jón* hreppst. *Sigurðsson*: En hreppstjórinn setti til nefndina eptir sínum kunnugleika, svo hann kom þá löguninni á) —, og sem einmitt voru efnaðir menn. Þegar þeir áttu að fara að jafna útsvarinu á aðra fátækari búendur, þá knúði sómatilfinníngin þá fljótt til þess, að láta það verða sem rèttast á öllum, og einnig á sjálfum sèr, og hafa ekki við þennan undandrátt; því tillit var haft til tíundarframtalsins við niðurjöfnun útsvarsins, og svona mun flestum mönnum fara, sem nokkur sómatilfinníng er í.

Það var mjög nákvæmlega tekið fram við undirbúníngsumræðu máls þessa, að því ríði á að koma frá þjóðinni sjálfri,

og hafa sem íslenzkasta rót að unnt væri. Eg held því, að það sè öldúngis ógjörníngur fyrir þíngið, að ónýta nú þetta verk sitt, eins og vara-atkvæði þíngmannsins úr Mýrasýslu fer fram á, og biðja síðan um frumvarp til sveitastjórnarlaga frá stjórninni. Mèr finnst, að það væri einhver hin hraparlegasta mótsögn, sem þíngið gæti komizt í við sjálft sig, og því er eg þessu vara-atkvæði öldúngis fráhverfur.

Hvað aldurstakmörkunina snertir, sem tekið er fram í breytíngaratkvæðinu (við 4 *b*), þykir mèr það hart, og enda skaðlegt, að 24 ára gamall bóndi hafi ekki kosníngarrètt til sveitarstjórnarmeðlims; því eg álít, að hver bóndi, sem er kvongaður, og trúað er fyrir jörð, ætti að mega kjósast, ef sveitúngar hans hafa traust á honum; því það getur opt verið, að hann sè einhver greindasti maðurinn í sveitinni, þó úngur sè. Eg mun því ekki gefa atkvæði mitt móti því áminnsta breytíngaratkvæði.

Ef það breytíngaratkvæði feingi framgáng, að prestur og hreppstjóri væru sjálfkosnir í sveitanefndina, þá ætla eg, að með því væri sá ófrelsisfleygur rekinn inn í málefni þetta, að á því mundi hver sá maður hneixlast, sem gæti hugsað frjálslega, og það kynni opt að bægja betri mönnum frá; enda þekki eg til sumra presta, er vel geta sèð af, að vera í nefndum þessum, og er það ekki lagið, þó þeir stundi vel sitt embætti; líka hafa verið færð fyrir því gild rök á þínginu, að prestar og hreppstjórar yrðu kosnir, ef þeir væru vel til þess fallnir. Eg veit til þess, að menn eru víða farnir að kjósa nefndir í sveitunum, til að jafna niður útsvörunum, og þykir það hvervetna betur fara. Íslendíngar eru svo gjörðir, að þeir vilja mikið heldur gefa 1 rbd., en láta af hendi 1 sk. nauðugir; en þegar nefndirnar eru, leggja nefndarmenn sjálfir á sig útsvarið, og knýr sómatilfinníngin þá til, að draga sig síður í hlè, eða mögla um of hátt útsvar, ef þeir hafa verið í nefndinni, enda eiga aðrir nefndarmenn hægra að sannfæra þá. Eg vil því af þessum ástæðum ekki mæla á móti því, að sveitanefndir verði sem fjölskipaðastar. Það er allt annað mál um sýslunefndirnar; því vegaleingd og ýmislegt fleira getur gjört það ísjárvert, að hafa þær mjög fjölmennar.

Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði um breytíngaratkvæðið við 4 *k*, þá skil eg ekki, að *nefndin* sè ekki *nefnd*, fyrri en hún er komin saman; því þegar hún

er kosin, álít eg hana orðna *nefnd*, og geta nefndarmenn þá hæglega skrifazt á, eða fundizt við ýms tækifæri, ef þeim þykir þörf á, að halda nefndarfund um eitthvert málefni, og því þætti mèr vel til fallið, að orðin úr breytíngaratkvæði þíngmannsins fyrir Norður-Þíngeyjarsýslu við 4 *k*: „*því að eins, að meiri hluta nefndarmanna þyki þörf á því*“, kæmi til atkvæða aptan við uppástúngu þíngmanns Rángvellínga, sem nefndin hefur samþykkt í staðinn fyrir 4 *k*.

Seinni hluti breytíngaratkvæðis þíngmanns Suður-Þíngeyínga við 5 *d* finnst mèr ekki eiga illa við, þó hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður hafi mælt móti því, og er mèr næst geði, að gefa því atkvæði mitt.

Það er ein uppástúnga, nefnilega 5 *h*, sem einginn hefur hreift við, en eg verð að segja það, að mèr finnst hún ekki alls kostar viðfeldin, og athugavert, að gefa henni atkvæði á þessu þíngi; því um hana mætti biðja seinna, ef frumvarp kæmi, og landsmönnum geðjaðist hún vel. Mèr þykir það ísjárvert, ef einn hreppur hefur nokkurt mál að kæra fyrir sýslunefnd, að þá skuli sá nefndarmaður, sem frá þeim hrepp er, ekki hafa atkvæðisrètt. Mèr finnst það öldúngis eins, og ef alþíngismaðurinn mætti ekki gefa atkvæði í því máli, sem upp væri borið úr kjördæmi hans, t. a. m. ef beðið væri um, að setja kauptún í hèraðinu, eða hefðu Breiðfirðíngar ekki mátt gefa atkvæði í veiðilagamálinu núna.

V. Finsen: Eg get ekki fellt mig við uppástúngu nefndarinnar um, hvernig kjósa skuli í sýslunefndirnar. Eptir uppástúngu hennar á hver sveitastjórn að kjósa einn af flokki sínum í sýslunefndina, en eg get vel ímyndað mèr, að miklu duglegri menn væru utan sveitanefndarinnar eða utan sveitarinnar, sem menn heldur vildu kjósa; sýslunefndin á ekki að vera fyrir hinar einstöku sveitir í sýslunni, heldur fyrir alla sýsluna sem heild. Eg er enn fremur hræddur um, að ekki kunni að fara alls kostar vel, þegar tvær fámennar sveitastjórnir, t. a. m. 5 manns, eiga að kjósa mann úr sínum flokki í sýslunefnd; það kann þá vel að vera, að í sveitastjórninni sè prestur eða annar málsmetandi maður eða einhver höfðíngjum; honum mundi þá þykja skömm, að verða ekki kosinn í sýslunefndina, og gánga út frá því sem sjálfsögðu við samnefndarmenn sína; og þó hann væri eingan veginn vel hæfur til þess, að gegna þessari köllun, þá gæti vel skeð, að hinir nefndarmenn-

irnir vildu þá ekki vera að styggja þennan málsmetandi mann, eða vera að þrefa um það, heldur kjósa þannig mann, sem þeir sjálfir álitu miður duglegan. Ef hrepparnir eiga að hafa fulltrúa í sýslunefndinni, kann eg ekki við, að láta sýslunefndina sjálfa ákveða, hverjir hreppar eigi það og það ár að senda fulltrúa í nefndina; sýslunefndin kynni þá, ef til vill, að fara eptir því, hverjir menn væru í hinum einstöku sveitarstjórnum, og það kynni þá að gánga út yfir einstöku hreppa. Verst er það samt, að eptir uppástúngu nefndarinnar hafa hrepparnir ekki allt af fulltrúa í sýslunefndinni, heldur eru útilokaðir sum árin; þeir kunna þá að verða útilokaðir frá, að hafa atkvæði, þegar mest liggur á fyrir þeim. Þeim vandkvæðum, sem þannig, að mínu áliti, finnast við nefndaruppástúnguna, held eg menn komist hjá með því, að gefa atkvæði fyrir uppástúngu hins 2. konúngkjörna þíngmanns, sem eg held ekkert verði að fundið, og mundu menn þá jafnframt sleppa hjá breytíngaratkvæðinu undir tölulið *h*, sem þíngmaðurinn úr Strandasýslu minntist á.

Konúngsfulltrúi: Eg álít það ekki nauðsynlegt, að leingja þíngræðurnar með því, að tala um breytíngaratkvæði þau, sem hèr hafa fram komið; því eg þykist geta ráðið af umræðum þíngmanna, hvernig þeim muni reiða af við atkvæðagreiðsluna, og er það einmitt í þá átt, sem að mínu áliti er rèttast. Þó verð eg við 1. breytíngaratkvæði *a* og *b* að gjöra þá athugasemd, að þó hreppsbændur víða segi álit sitt um, hvern þeir helzt vilji hafa til hreppstjóra, þá er það þó eingan veginn kosning í laganna skilníngi, eður í þeim skilníngi, sem nú er upp á stúngið hèr á þínginu að sveitanefndarmenn skuli verða kosnir, heldur fá þeir embættisbrèf frá amtmanni, og þurfa að fá það eins eptirleiðis, einmitt af þeim orsökum, er hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga áður tók fram, að þeir eru lögregluþjónar, aðstoðarmenn sýslumannanna, og því nokkurs konar embættismenn (offentlige Functionærer). Breytíngaratkvæðið við nefndaruppástúnguna 4 *b* álít eg óhafandi.

Eg get eingan veginn fellt mig við máta þann, hvernig skipa skuli menn í sýslunefndir, og að minni hyggju er hinn mesti galli sá, að nokkrir partar af sýslum þeim, hvar hrepparnir eru fleiri en tala sýslunefndarmanna, verða fulltrúalausir (ikke repræsenterede), og mótstríðir þetta öllum rèttum hugmyndum um jafnrètti og „*Repræsentation*“. Eg felli mig því betur við breytíngaratkv. hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns; því það

er ekki þeim áminnsta galla bundið. Menn gætu líka hugsað sèr aðra fleiri máta, til að fyrirbyggja þennan galla, t. a. m. þann, að skipta sýslunni í eins margar kosníngardeildir, eins og sýslunefndarmenn eiga að vera, að slá tveimur hreppum saman, til að velja einn fulltrúa, þar sem því vegna afstöðunnar má vel við koma, t. a. m. í þeirri sýslu, sem hefur 7 hreppa, en á að hafa 6 sýslunefndarmenn, o. s. frv. Þessi galli við kosníngaraðferðina, og þeir fleiri aðrir, er vera kunna við sumar af nefndaruppástúngunum verða nú í þetta sinn ekki leingur bættir, og vil eg því ei ræða leingur um þá; en á þeim lánga vegi, sem uppástúngurnar og þar að lútandi bænarskrá þíngsins enn nú eiga ófarinn, þángað til þær koma hingað aptur sem frumvarp, má hæglega bæta alla slíka galla.

Í nefndaruppástúngunni 5 *k* ætla eg bezt mundi fara, að sleppa út orðunum: *„eptir hundraðatölu þeirra í föstu og lausu“;* því þetta held eg ekki rètt að einskorða nú þegar, og líka held eg, að seinasti liður af þessari uppástúngu, um sýslusjóðina, ætti að falla burtu; því það er án efa ísjárvert svona í fljótu bragði *(incidenter),* og í einstaklegri uppástúngu, að vilja breyta þeirri almennu grundvallarreglu laganna, að leggja fjársektir fyrir afbrot til fátækra-sjóðanna.

J. P. Havstein: Það gladdi mig, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður aðhylltust báðir uppástúngu þá, sem eg hef gjört í staðinn fyrir nefndarinnar 4 *e.* Eg sè það að vísu, að menn elska hèr svo mikið tölufjöldann, að eg býst ekki við öðru, en þessi uppástúnga verði felld, einúngis þess vegna. En hvað hinni síðari uppástúngu minni viðvíkur, þá hafa þíngmenn sagt það hèr, að þegar mál kæmu fyrir sýslunefndina úr þeim hreppum, þar sem einhverjir af sýslunefndarmönnum ættu heima, þá yrðu þeir fyrir þá sök óhæfir til, að skera úr þeim málum; en þetta hlýtur ekki að vera satt, þegar sýslunefndarmennirnir eru kosnir á þann hátt, sem eg hef stúngið upp á, af hverri hreppsnefnd fyrir alla sýsluna. Eg skal ekki leingja þíngræðurnar í dag, heldur en vant er, heldur lofa öðrum að komast að.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að bæta nokkrum orðum við það, sem þíngmaður Eyfirðínga mælti áðan viðvíkjandi ræðu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, þar sem honum þótti það undarlegt, ef sektir fyrir brot gegn þessum sveitastjórnarlögum skyldu nú verða ákveðnar í sýslusjóð, af því

þingið hefði í helgidagamálinu ákveðið, að þær fèllu í fátækrasjóð. En það er aðgætandi, að þegar frumvarpið til tilskipunarinnar um sunnu- og helgi-daga-haldið var rætt, þá var enginn sýslusjóður til, nema kann ske í huga einstakra manna. Nú þar á móti er verið að ræða uppástúngur til frumvarps, og þingið vonar, að tilskipunin um helgidagahaldið verði fyrir laungu orðin hèr að lögum, þegar þessar uppástúngur verða orðnar að frumvarpi, og getur þá hvorttveggja þetta vel komizt heim; því þá yrði sú ákvörðun um sektirnar, sem í helgidagatilskipuninni stæði, numin burtu, og löguð eptir hinni síðari tilskipun.

Eg vil og bæta því við það, er hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður svaraði upp á ræðu þingmannsins fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, að það væri ókljúfandi fyrir sveitarnefndina, að jafna niður auka-útsvörunum, ef hvorki væri í henni prestur nè hreppstjóri, að eg verð að vera því öldúngis mótfallinn. Sè það í vestur- og norður-ömtunum orðið að reglu, að hreppstjóri hafi nefnd manna með sèr, til að jafna niður auka-útsvörum, þá veit eg og, að sú regla er einnig víða komin á í suðuramtinu, enda þó hún sè ekki lögum bundin, nè að æðri yfirvalda-tilhlutun, svo eg ætla menn þessu niðurjöfnunarstarfi svo kunnuga orðna, að þessi kvíði sè öldúngis óþarfur. Það er og víða í suðuramtinu, sem nú er farið að kjósa hreppstjóra reglulega á manntalsþingum, og veit eg, að sýslumaður hefur á stundum leitað viðkomandi prests álits um, hvort þann skyldi taka fyrir hreppstjóra, sem flest hafði atkvæði, eða einhvern annan, sem næst atkvæði hefði feingið, og hefur presturinn þá því miður nokkuð getað ráðið hreppstjóravalinu.

Þar sem hinn heiðraði þingmaður úr Strandasýslu styrkti breytíngaratkvæði þingmannsins fyrir Norður-Þingeyjarsýslu við 4 *k* nefndarinnar, þá ætla eg, að honum hafi skjátlazt nokkuð í því, að meiri hluti nefndarinnar skuli ákveða fund; því nefndin stakk upp á 4, 6 eða 8 mönnum í nefnd, og er þá meiri hlutinn 3 af 4, 4 af 6, og 6 af 8. En það er svo miklu meiri hluti, að eg ætla það vandsèð, þegar snapa skal þessi atkvæði saman heima á bæjum, að þau fáist öll, þó þörf kunni að vera á, að fundur sè haldinn.

Hinn 6. konúngkjörni þingmaður gat ekki fallizt á kosníngaraðferð þá til sýslunefndanna, sem nefndin hafði stúngið upp á, og var heldur með uppástúngu hins 2. konúngkjörna

þingmanns í því tilliti. Nefndin hefði víst ekki horft í, að hver hreppur sendi fulltrúa sinn í sýslunefndina, ef það hefði ekki vakað fyrir henni, hversu miklu ómaki og örðugleikum það væri bundið úr fjarlægum hreppum, ef þeir væru einatt skyldir, að senda mann til sýslunefndar. Þess vegna stakk nefndin upp á 2 árum frijum, sem sýslunefndin skyldi með atkvæðafjölda veita þeim eða þeim hreppi, sem mest nauðsyn þætti til bera í hvert skipti, að losast við þessa skyldu. En þó vildi hún, að þessir undanþegnu hreppar mættu senda erindsreka sína til sýslunefndarinnar með þau mál, sem þeim þætti sig miklu varða. Nefndin ætlaði að gjöra hreppunum þetta í hag, en ekki til þess, að neinn hreppur yrði út undan, og því ákvað hún, að aldrei mættu vera nema 2 frí ár samfleytt.

Viðbára sú, sem komið var með áðan gegn því, að sveitanefnd kjósi mann úr sínum flokki til sýslunefndar, nefnilega, að einhver höfðínginn kynni að vera í sveitanefndinni, sem með ráðríki neyddi nefndina til, að kjósa sig á sýslufund, er að minni ætlun mjög mögur; því slíkur höfðingi er óhafandi í sveitanefnd með þeim gúngum, sem hann getur kúgað til, að gjöra, hvað sem hann vill.

Þar sem menn hafa talað um, að hundraðatalan væri ekki góður grundvöllur, þá játa eg það að vísu; en mèr er spurníng, hvar sú undirstaða sè, sem sè gallalaus, eða hvaða undirstaða nú verði lögð önnur en þessi. Nefndin ætlaði og sýslunefndinni að eins, að fara eptir hundraðatölu hreppanna, þegar hún væri að jafna á þá, en sveitanefndirnar skyldu aptur jafna hvers hrepps hluta niður á hreppsbúana eptir efnum og ástandi.

Forseti: Þar eð nú tekur enginn til máls framar, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn, að gánga til atkvæða um uppástúngur þær, sem gjörðar eru í málinu og á atkvæðaskránni standa.

Því næst voru atkvæði greidd, og fór atkvæðagreiðslan þannig:

Töluliður 1., aðaluppástúnga *J.* hreppst. *Sigurðssonar*: felldur með 15 gegn 1 atkvæði.

—— 2., vara-uppástúnga hins *sama*: um hann voru ei greidd atkvæði, því atkvæði um hann þóttu felast í atkvæði um tölulíðinn 3.

Töluliður 3., uppástúnga *nefndarinnar*: samþykktur með 18 atkvæðum.

—— 4., uppástúnga *nefndarinnar*:

—— *a*: samþykktur með 19 atkvæðum.

J. Jónssonar breytíngaratkvæði í stað 4 *b*: fellt með 14 gegn 2 atkvæðum.

—— *b*: samþykktur með 18 gegn 3 atkvæðum.

J. Jónssonar breytíngaratkvæði við 4 *c* (um kjörgeingi yngri bænda en 25 ára): fellt með 11 gegn 5 atkvæðum.

—— *c*: samþykktur með 16 atkvæðum.

—— *d*: samþykktur með 18 atkvæðum.

J. Jónssonar uppástúnga *a*: felld með 14 gegn 2 atkvæðum.

b: felld með 16 gegn 2 atkvæðum.

J. P. Havsteins uppástúnga í staðinn fyrir 4 *e*: „Í hverri hreppsnefnd sèu annaðhvort 2 eða 4 menn, eptir stærð hreppsins að búandatölu, kosnir af hreppsbændum“, felld með 13 gegn 3 atkvæðum.

Miðliðurinn: „og þar að auki prestur og hreppstjóri sjálfkjörnir“, var álitinn fallinn með uppástúngu J. Jónssonar *a, b*.

Seinasti liðurinn: „sèu annaðhvort tveir prestar eða tveir hreppstjórar í hreppnum, skal kjósa milli þeirra“, felldur með 13 gegn 2 atkv.

J. Jónssonar uppástúnga: felld með 14 gegn 4 atkvæðum.

G. Brandssonar uppástúnga í stað nefndarinnar 4 *e, f, g*: tekin aptur af uppástúngumanni.

—— 4 *e*: samþykktur með 13 gegn 5 atkvæðum.

—— *f*: samþykktur með 17 atkvæðum.

—— *g*: samþykktur með 19 atkvæðum.

—— *h*: samþykktur með 18 atkvæðum.

—— *i*: samþykktur með 19 atkvæðum.

J. Jónssonar breytíngaratkvæði við 4 *k*: fellt með 12 gegn 6 atkvæðum.

P. Sigurðssonar uppástúnga fyrir 4 *k*: samþykkt með 15 gegn 1 atkvæði.

Töluliður 4., *k*: var þá álitinn burt fallinn.

l: samþykktur með 17 atkvæðum.

m: samþykktur með 16 atkvæðum.

J. P. Havsteins uppástúnga i stað 5 *a, b, d*: felld með 10 gegn 8 atkvæðum;

en þar eð 10 var ekki meiri hluti allra atkvæða á þinginu, kvaðst forseti verða að leita atkvæða með nafnakalli, og bað þá segja já, sem aðhylltust greinina, en hina nei.

já (sögðu):	nei (sögðu):
V. Finsen.	G. Einarsson.
Þ. Sveinbjörnsson.	H. G. Thordersen.
J. P. Havstein.	P. Pètursson.
Þ. Jónassen.	J. Guðmundsson.
J. Thorstensen.	P. Sigurðsson.
Ó. Sivertsen.	M. Andrèsson.
Á. Einarsson.	G. Brandsson.
J. Samsonsson.	H. Stephensen.
J. Jónsson.	J. hreppst. Sigurðsson.
	E. Kúld.
	St. Jónsson.
	J. Kristjánsson.

Þannig var þá uppástúngan felld með 12 gegn 9 atkvæðum.

Töluliður 5., uppástúnga *nefndarinnar*:

—— *a*: samþykktur með 13 atkvæðum gegn 2.

—— *b*: samþykktur með 18 atkvæðum.

—— *c*: samþykktur með 15 atkvæðum.

J. Kristjánssonar uppástúnga i staðinn fyrir 5 *d*: felld með 12 gegn 3 atkvæðum.

—— *d*: samþykktur með 15 gegn 2 atkvæðum.

M. Andrèssonar uppástúnga i staðinn fyrir 5 *e*: samþykkt með 13 gegn 1 atkvæði.

—— *e*: var þá fallinn.

—— *f*: samþykktur með 13 gegn 2 atkvæðum.

—— *g*: samþykktur með 15 gegn 3 atkvæðum.

—— *h*: felldur með 10 gegn 8 atkvæðum.

Leitaði þá forseti atkvæða um þessa grein með nafnakalli, af sömu orsök og áður, og með sömu aðferð og þá.

já (sögðu):	nei (sögðu):
V. Finsen.	G. Einarsson.
P. Pètursson.	Þ. Sveinbjörnsson.
J. Guðmundsson.	J. P. Havstein.
P. Sigurðsson.	H. G. Thordersen.
H. Stephensen.	Þ. Jónassen.
E. Kúld.	M. Andrèsson.
J. Samsonsson.	G. Brandsson.
St. Jónsson.	J. Thorstensen.
J. Kristjánsson.	J. hreppst Sigurðsson.
	Ó Sivertsen.
	Á. Einarsson.
	J. Jónsson.

Var þá uppástúngan fallin fyrir 12 atkv. gegn 9.

P. Sigurðssonar uppástúnga í staðinn fyrir 5 *i*: samþykkt með 15 gegn 2 atkvæðum.

Töluliður 5. *i*: var þá fallinn.

—— *k*, *a*: samþykktur með 18 atkvæðum.

—— *b*: samþykktur með 18 atkvæðum.

—— *c*: „að sýslunefndin gjöri áætlun um upphæð þess kostnaðar, sem þessi almennu störf í sýslunni ár hvert útheimta“, samþykktur með 18 atkv.

„og jafni honum niður á hreppana eptir hundraðatölu þeirra í föstu og lausu“, samþykktur með 8 gegn 7 atkvæðum.

Forseti lèt þá greiða atkvæði um þennan lið uppástúngunnar með nafnakalli, af sömu ástæðum og með sömu aðferð sem áður.

já (sögðu):	nei (sögðu):
G. Einarsson.	V. Finsen.
H. G. Thordersen.	Þ. Sveinbjörnsson.
Þ. Jónassen.	J. P. Havstein.
P. Pètursson.	M. Andrèsson.
J. Guðmundsson.	G. Brandsson.
P. Sigurðsson.	J. hreppst. Sigurðsson.
H. Stephensen.	E. Kúld.
J. Thorstensen.	Ó. Sivertsen.
St. Jónsson.	Á Einarsson.
J. Kristjánsson.	J. Samsonsson.
	J. Jónsson.

Var þá liðurinn fallinn fyrir 11 gegn 10 atkvæðum.

Því næst var seinasti liður uppástúngunnar borinn undir atkvæði:

„að sýslusjóðir verði þannig stofnaðir, og að til þeirra gángi hèðan af allar þær fjársektir, sem hingað til hafa átt að falla til fátækra-fjárhirzlu, án tillits til sveitar þeirrar, hvar brotið skeður", — og var hann felldur með 10 gegn 8 atkvæðum.

Forseti lèt þá enn greiða atkvæði með nafnakalli, af sömu ástæðum og eptir sömu reglu og áður.

já (sögðu):	nei (sögðu):
J. P. Havstein.	V. Finsen.
H. G. Thordersen.	G. Einarsson.
P. Pètursson.	Þ. Sveinbjörnsson.
J. Guðmundsson.	Þ. Jónassen.
H. Stephensen.	P. Sigurðsson.
J. Thorstensen.	M. Andrèsson.
Á. Einarsson.	G. Brandsson.
St. Jónsson.	J. hreppst. Sigurðsson.
J. Kristjánsson.	E. Kúld.
	Ó. Sivertsen.
	J. Samsonsson.
	J. Jónsson.

Þannig var þessi liður felldur með 12 gegn 9 atkvæðum.

J. Samsonssonar viðauka-atkvæði: samþykkt með 11 gegn 7 atkvæðum.

Töluliðurinn 5. *l*: samþykktur með 19 atkvæðum.

Því næst var leitað atkvæða um, hvort alþingi vildi senda konúngi bænarskrá um, að þessi atriði, sem samþykkt eru, yrðu gjörð að undirstöðu-atriðum í lagafrumvarpi; var það samþykkt með 20 atkvæðum.

Forseti: Þá er þessari atkvæðagreiðslu nú lokið.

Eg hef feingið uppkast til álitsskjals til konúngs viðvíkjandi frumvarpi til tilskipunar um sunnu- og helgi-daga-hald á Íslandi. Framsögumaður, hinn háttvirti varaforseti, gjörir svo vel, að lesa það upp.

Framsögumaður, H. Stephensen, las þá upp álitsskjalið, og var það síðan samþykkt af þinginu, svo hljóðandi:

Til konúngs.

Yðar konúnglegu hátign hefur mildilegast þóknazt, að láta

fulltrúa yðar leggja fyrir alþingi konúnglegt frumvarp yðar hátignar til tilskipunar handa Íslandi um sunnudaga- og helgidaga-hald.

Eptir að frumvarpið er ýtarlega rannsakað af 5 manna nefnd, og síðan rætt á lögboðinn hátt á 2 aðalfundum þingsins, leyfir það sèr allra-þegnsamlegast að láta yðar hátign í ljósi álit sitt um það á þessa leið.

Þingið viðurkennir samhuga, að lagafrumvarp þetta lýsi kristilegum guðræknis- og frjálslyndis-anda, og aðhyllist því frumvarpið eindregið í öllum þess ákvörðunum yfir höfuð; en sèrstaklegt ásigkomulag lands þessa gjörir ýmsar smábreytingar við það nauðsynlegar að meiningu þingsins, en sem ekki í neinu raska aðalákvörðunum þess, og leyfir þingið sèr nú að bera upp við yðar konúnglegu hátign allra-þegnsamlegast uppástúngur sínar um breytingar þessar.

Í 1. grein hefur þinginu þótt betur eiga við fyrir land það, hvar svo fáar skemmtanir eru, og því nær eingar almennar, að ekki væru þær fáu, sem til eru, bannaðar á helgidögum, sem eru einustu stundirnar, sem allur þorri þjóðarinnar á kost á, að leita sèr skemmtana. Eptir lands-háttum og fjarlægð margra frá sóknarkirkjum þeirra fannst þinginu helgin þurfa og eiga að vera bundin við miðaptan, en ekki eina stund eptir nón, og á þessi ákvörðun sèr einnig rót í huga þjóðarinnar. Þinginu hefur þótt betur hlýða, að burt væru numin úr frumvarpinu orðin: *„einkum um messutímann“;* því það ætlar, að þau mundu draga of mjög úr helgihaldinu, ef þeim væri haldið.

Við 2. grein finnst þinginu athugandi, að hinn fyrsti liður ekki væri svo orðaður, að vel ætti við á landi hèr, og verður því að ráða til breytingar í orðaskipun. Margt er það fleira hèr á landi, sem verði hey-afla að tjóni, en votviðri ein, þar sem bæði granda honum stormar, og flóð sjávar og vatna; því ætlar þingið, að leyfið til, að bjarga heyi á helgum dögum, megi ekki vera bundið við tjón það að eins, sem hey-aflanum stendur af votviðrum. Í öllum veiðistöðum landsins geta brim og ógæftir lángstundum hindrað sjósóknir, og þörfin, að sækja sjó á helgum dögum, má alstaðar verða brýn, þar sem atvinnu er leitað mestmegnis eða eingaungu af sjónum; því verður þingið að stínga upp á þeirri breytíngu í frumvarpinu, að leyfið til helgidaga-veiða verði ekki bundið við einstök verpláz, heldur sè það almennt, þegar nauðsyn krefur. Ásigkomulag

landsins og þar af leiðandi erviðleiki ferðalaga, einkum sjóferðanna, ráða brýnt til þess, að sjófarendum öllum sè leyft, að halda áfram ferðum sínum á helgum dögum, og vinna það allt, sem af sjóferðunum leiðir, t. a. m. að ferma og afferma, o. s. frv.

Við 3. grein finnst þinginu það athugandi, að eingin verzlun ætti að vera leyfð á helgum dögum, fyrri en eptir miðaptan, og verður þingið því að stinga upp á þeirri orðabreytingu í fyrri hluta greinarinnar, sem taki betur fram bann mót allri verzlun á helgidaga-morgnum, en frumvarpið virðist gjöra.

Við 4. grein. Þinginu finnst orðaskipun þessarar greinar ekki eiga fullkomlega við það ásigkomulag, sem hèr er, og verður því að stinga upp á, að hún verði orðuð á aðra leið, en í frumvarpinu er, þar töluverður munur er á stöðu gestgjafa og veitingamanna í Danmörku, og þeirra fáu, sem enn eru, eða fyrst um sinn munu verða, hèr á landi.

Við 5. grein finnst þinginu það athugavert, að sumar ákvarðanir hennar eingan veginn eigi við háttu landsins, og verður því að stinga upp á, að tveir kaflar hennar, fyrsti og seinasti, falli burt, en miðkaflinn verði lagaður eptir ásigkomulagi landsins, og því, sem hèr á sèr stað, hvar á meðal þingið telur það, er í þessu falli alls ekki má missa sjónar á, að víða er það hèr á landi, að fleiri eru kirkjusóknir en ein í einum og sama hreppi, og hreppstjóri þar að eins einn, en hreppstjórarnir eru þeir einu lögreglumennirnir, sem geta haft gætur á hegðun manna við kirkjufundi; en þegar svo stendur á, fær hreppstjóri ekki gætt reglu í öllum kirkjum hrepps síns, og því verður þessi skylda einnig að leggjast meðhjálpurum prestanna á herðar, sem ætið eru við hverja kirkju, og eru jafnframt siðamenn í kirkjunni.

Úr 6. grein óskar þingið orðunum: *„eður skjalaskrifara“* sleppt, þar þess háttar muni óþarft að taka fram sèrstaklega í þessu landi.

Við 9. grein er það athugandi, að orðið *„lágnætti“* brúkast í íslenzku máli um lángan tíma nætur, þegar nótt er myrk, en *„miðnætti“* að eins um lægsta nótt (kl. 12), sem hèr einnig meinast. Það þykir og nauðsynlegt, að nákvæmlega verði ákveðið, hvað helgi hins almenna bænadags reiknist laung; því þar um kynni annars verða meiningamunur.

Við 13. grein. Það finnst þinginu óeðlilegt, að menn skyldu mega leita leyfis hjá lögreglustjóra, sem hèr optast verður

hreppstjóri, ef þeir vildu gjöra eitthvað, sem þeir ekki vita hvort getur staðizt eptir tilskipuninni eða ekki, og að lögreglustjóri þá geti leyft það, ef það eptir skoðun hans ekki er á móti grundvallarreglum tilskipunarinnar. Þinginu finnst það eðlilegra, að sá, sem í vafa kynni verða um réttan skilning á einhverju í tilskipuninni, leiti um það álits þeirra embættismanna, er lögreglu eiga að gæta, og mundu það þá einasta verða sýslumennirnir.

Í 15. grein finnst þinginu orðið *„kirkjurækni“* eiga betur við en heil setning, sem ekki gefur meira til kynna. Þinginu finnst einnig vel hlýða, að stínga upp á litlum viðauka í sömu grein, til að styrkja, sem mest verður, prestana með aðstoð hreppstjóra og meðhjálpara.

Þegar þingið ræddi þetta konúnglega frumvarp, leyfið um helgidagaveiðar og fjársektir þær, sem í því eru lagðar við afbrotum gegn því, leiddist það inn á umræður um fátækra-hlut þann, sem löggjöfin ákveður að greiðast skuli af allri helgidagaveiði, en þar eð hann hefur leingi þótt óvinsæll, svo að margur, ef til vill, hefur freistazt til, að koma sèr hjá, að greiða hann, og laga-ástæða fyrir honum þegar horfin, vegna endurbótar þeirrar, sem komin er á fyrirkomulag fátækra-stjórnarinnar, þá finnst þinginu ástæða til, að beiðast þess, að fátækrahlutur úr helgidagaveiðum verði tekinn úr lögum, og bætir þeirri þegnsamlegu uppástúngu sinni við niðurlag frumvarpsins.

Samkvæmt því, sem hèr að framan er tilgreint, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast, með 20 atkvæðum gegn 1, að biðja yðar konúnglegu hátign um, að þessu konúnglega frumvarpi yðar hátignar verði veitt lagagildi á Íslandi, með eptirfylgjandi breytíngum og viðauka-ákvörðunum:

a, með 17 atkvæðum gegn 3: *að í stað orðanna í 1. grein*: „skal öll ónauðsynleg vinna og allar skemmtanir hætta“, *verði sett,* „skal einga ónauðsynlega vinnu vinna“.

b, með 17 atkvæðum gegn 3: *að í stað orðanna í sömu grein, og alstaðar, hvar þau koma fyrir í frumvarpinu*: „þángað til einni stundu eptir nón“, *verði sett*: „til miðaptans“.

c, með 12 atkvæðum gegn 8: *að orðin í sömu grein*: „einkum um messutímann“, *verði úr felld,*

d, með 18 atkvæðum gegn 2: *að í 2. grein verði fyrir orðin*: „að nota tíma þennan um heyskapartímann til að þurka hey og hirða það, þegar ekki má draga þennan starfa sökum

votviðra", *sett*; „að bjarga heyi og hirða, þegar nauðsyn krefur".

e, með 16 atkvæðum gegn 2: *að í sömu grein verði fyrir orðin*: „Fiskimönnum skal og heimilt á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, ekki einúngis að vinna að nauðsynlegum störfum, sem ekki mega dragast, til að bjarga veiðiskap sínum og veiðitólum, heldur skal þeim einnig leyft, þegar mikið liggur við, einkum í fiskileysis-árum, eður í þeim fiskiverum, þar sem brim og gæftaleysi tálma mjög sjósóknum", *sett*: „Heimilt skal og fiskimönnum og öðrum veiðimönnum á þessum tíma, að bjarga veiðiskap sínum og veiðarfærum; einnig skal þeim leyft, þegar mikið liggur við, t. a. m. í fiskileysis-árum, eða þá ógæftir hamla mjög sjósóknum", *o. s. frv.*

f, með 18 atkv. gegn 2: *að tvær seinustu klausurnar í sömu grein*: „Ferma má einnig og afferma skip á þessum tíma, þegar svo stendur á, að nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind; þó skal slíkt ekki gjöra, meðan á sjálfri messunni stendur, nema brýn nauðsyn beri til", *verði settar í eina þannig orðaða*: „svo má og ferma og afferma önnur skip, og halda áfram sjóferðum, þegar sæta þarf góðu veðri og leiði; en þó skal ekki slíkt gjöra um sjálfan messutímann, nema brýn nauðsyn beri til".

g, með 13 atkvæðum gegn 4: *að 1. liður 3. greinar*: „Á tíma þeim á sunnudögum og öðrum helgidögum, þegar boðið er að hver maður skuli hætta þess konar vinnu, sem til er tekin í 2. grein, skal hætta kaupum og sölum í búðum kaupmanna og annara sölumanna, og skal þeim búðum lokað", *verði þannig orðaður*: „Á sunnudögum og öðrum helgum dögum, á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, skal búðum verzlunarmanna og annara sölumanna loka, og hvorki kaup nè sala fram fara".

h, með 18 atkvæðum gegn 2: *að 4. grein verði þannig orðuð*: „Gestgjafar eða aðrir veitíngamenn mega ekki á sunnudögum eða öðrum helgum, fyrri en eptir miðaptan, veita mönnum drykkjur eða leyfa spil í húsum sínum, en veita mega þeir mat eða þess konar hressíngu, þó fyr sè".

i, með 17 atkvæðum gegn 1: *að 1. liður 5. greinar falli burt.*

k, með 16 atkvæðum gegn 2: *að seinasti liður sömu greinar verði felldur úr.*

l, með 11 atkvæðum gegn 5: *að fyrri hluti greinarinnar verði þannig orðaður*: „Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. grein, skal öll ósiðsamleg hegðun, háreysti og drykkjulæti vera stranglega bönnuð við alla kirkjufundi“, *og*

m, með 18 atkvæðum gegn 2: *að framhald hennar verði svo orðað*: „og skulu hreppstjórar og meðhjálparar gæta þess vandlega, og handtaka þá menn við kirkjur, ef á liggur, sem hèr á móti brjóta“.

n, með 15 atkvæðum gegn 5: *að sleppt verði úr 6. grein orðinu*: „eður skjalaskrifara“.

o, með 15 atkvæðum gegn 5: *að seinasti liður 7. greinar verði þannig orðaður*: „Sè þetta leyfi ekki feingið, má ekkert slikt fundarhald boða“.

p, með 14 atkvæðum gegn 4: *að fyrir orðið* „lágnætti“ *í 9. grein verði sett* „miðnætti“.

q, með 12 atkvæðum gegn 7: *að eptir orðin í sömu grein*: „allan bænadaginn“, *verði bætt við*: „nefnilega frá miðjum aptni á fimmtudaginn til miðaptans á föstudaginn“.

r, með 14 atkvæðum gegn 6: *að í staðinn fyrir orðin í 13. grein*: „Sè nokkur í vafa um, hvort eitthvað, sem hann vill gjöra, geti staðizt eptir tilskipuninni eður ekki, getur hann leitað álits lögreglustjóra, og ef honum virðist það ekki vera á móti grundvallarreglum tilskipunarinnar, getur hann leyft það“, *verði sett*: „Sè nokkur í vafa um rèttan skilníng á einhverju í henni, þá leiti hann um það álits þessara embættismanna“.

s, með 11 atkvæðum gegn 7: *að fyrir orðin í 15. grein*: „þá sannfæríng, að þeir verði fúsir á, að færa sèr guðsþjónustuna í nyt“, *verði sett orðið*: „kirkjurækni“.

t, með 10 atkvæðum gegn 7: *að eptir orðin í sömu grein*: „guðrækilegu hugarfari“, *verði bætt við*: „og skulu hreppstjórar og meðhjálparar prestanna vera þeim í öllu þessu samtaka, og veita þeim alla mögulega aðstoð“.

u, með 11 atkvæðum gegn 9: *að við niðurlag 16. greina verði bætt við*: „sömuleiðis er allur hlutur til fátækra úr helgidagaveiðum úr lögum numinn“.

Á þessar orðabreytingar hefur þingið enn fremur fallizt í einu hljóði:

1. *í 2. grein, að sett verði*: „skal einginn vinna þá vinnu neina, sem trufli aðra í guðrækilegum hugleiðingum þeirra“, *fyrir*: „skal einginn starfa að utanbæjarvinnu eða annari vinnu, sem svo mikill skarkali verður af, að það trufli aðra í hugarfari því, sem eptir tilgángi sunnu- og annara helgi-daga hæfir þess konar tíma“.
2. *í 7. grein*: „að hann getur hvorki hindrað kirkjuferð nè valdið nokkurri óreglu“, *fyrir*: „að það getur ekki tafið þá, sem á honum eiga að vera, frá, að fara í kirkju, og ekki er hætt við, að hann valdi neinni óreglu“.
3. *í 9. grein*: „hinn almenna bænadag“ *tvisvar, fyrir*: „kóngsbænadag“.
4. *í 10. grein*: „svo sök verði gefin á“, *fyrir*: „svo sök á verði gefin“.

Reykjavík 30. d. júlímánaðar 1853.
Allra-þegnsamlegast.
J. Sigurðsson. H. Stephensen.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að ákveða næsta fund á mánudaginn kl. 12, og skal eg á morgun til taka í dagskránni, hvað þá verður tekið fyrir.

Fundi slitið.

---

1. ágúst — tuttugasti og sjöundi fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það, sem í dag samkvæmt dagskránni fyrst kemur til umræðu, er *stjórnarbótarmálið* til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Atkvæðaskrána hef eg látið prenta, og vona eg allir þingmenn hafi feingið hana.

Atkvæðaskráin er svo hljóðandi:

Atkvæðaskrá
í
stjórnarbótarmálinu.

1. *Nefndin*: að verkahríngur og vald alþíngis verði svo aukið, að því verði veitt ályktunarvald (löggjafarvald) í öllum þeim málum, sem áður hafa legið undir meðferð þess.
2. *Sama*: að ein verði sett og á einum stað, í Reykjavík,

þriggja manna yfirstjórn í landi hèr, sem hafi á hendi til síðustu úrslita öll þau valdstjórnarverk og framkvæmdarvald í íslenzkum málum, sem ekki verður lögákveðið um að hljóti að leggja undir úrskurð konúngsins eða ráðaneytis hans. Að þessir yfirstjórnendur eigi setu á alþíngi, og haldi þar svörum uppi fyrir hönd stjórnarinnar.

3. *Sama*: að verkahríngur, dómandatala og kjör yfirdómsins á Íslandi verði aukin svo, að hið æðsta dómsvald landsins verði í fullri samhljóðun við ályktunarvald alþíngis í löggjafarmálum, og við framkvæmdarvald yfirstjórnarinnar í valdstjórnarmálum.
4. *Sama*: að Íslendíngum, fyrir kosna fulltrúa sína, veitist rèttur til, og verði gefinn kostur á, að eiga atkvæðisrètt, að jafnri tiltölu við aðra hluta ríkisins, í öllum sameiginlegum málum alls konúngsveldisins, þeim, er lögð verða undir umræður og úrslit eins aðal-ríkisþíngs fyrir gjörvallt konúngsveldið. Að alþíngi kjósi þessa fulltrúa með meir en helmíng allra atkvæða.
5. *Sama* (bendíngar-atriði): hvort konúngurinn, samkvæmt bæði því fyrirkomulagi á stjórnarvöldunum hèr á landi, sem nú er stúngið upp á, og því aðalfyrirkomulagi á stjórn gjörvalls konúngsveldisins, sem lýst er yfir að eigi að komast á í boðun konúngs 28. jan. 1852, finni ekki ástæðu til, að fela einum og sama embættismanni hina síðustu meðferð þeirra mála, sem lögákveðið verði um að ekki [eigi undir úrslit þeirra ráðgjafa, sem þess konar mál liggja undir í gjörvöllu konúngsveldinu, eða ekki] geti útkljáðzt hèr á landi, og að hann beri síðan þau mál upp fyrir konúnginn, til úrskurðar eður samþykkis.
6. *Sama*: að alþíngi riti konúngi bænarskrá, og biðji, að í frumvarpi því, sem hann láti semja, og leggja fyrir alþíngi, til stjórnarbótar hèr á landi, og til þess, að ákveða nákvæmar stöðu Íslands í fyrirkomulagi konúngsveldisins, verði framantöld atriði tekin til greina og aðal-undirstöðu.

Framsögumaður: Það eru engin breytíngaratkvæði komin fram við nefndarálitið, og þarf eg því að eins að hreifa viðauka, sem eg eptir bendíngu hins 6. konúngkjörna þíngmanns hef tekið inn í 5. tölulið á atkvæðaskránni, og nú er settur þar milli sviga, og er sá viðauki samkvæmur ástæðunum fyrir því atriði í nefndarálitinu.

G. Brandsson: Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um mál þetta, sem fèkk svo góðar viðtökur, þegar það var rætt til undirbúnings, að alls enginn gjörði þar á nokkra breytingu. Eg játa einnig fúslega, að mèr fellur málið og frágángur þess vel í geð; það var einúngis ein athugasemd, sem eg vildi hreifa, af því hvorki nefndin nè neinn þingmaður hefur orðið til þess. Eg býst við, þegar menn fara að lesa þingtíðindi þessa árs, og sjá þar uppástúngurnar í máli þessu, að þá muni margur ímynda sèr, að það stjórnarform, sem hèr er stúngið upp á, muni ekki geta komizt á án töluverðs kostnaðarauka fyrir landið; því þar sem farið er fram á það, að þriggja manna yfirstjórn verði sett, án þess þó að taka það fram, hvort amtastjórn sú, sem nú er, skuli haldast eða ekki, og svo í öðru lagi, að dómandatala í landsyfirrèttinum verði aukin, þá er ekki láandi, þó einhverjir kynnu að spyrja, hvaðan ætti að taka fè til launa handa öllum þessum embættismönnum. Eg fyrir mitt leyti þykist nú geta sèð, hvað nefndinni muni hafa geingið til, að fara ekki dýpra í málið, en hún hefur farið, eða að fara að tala um, hvað stjórnarathöfnin hèr á landi mundi kosta eptir þessum uppástúngum hennar; því fyrst er nú það, að þessar uppástúngur eru einúngis undirstöðu-atriði, sem óskað er eptir að konúngur taki til greina, þegar hann lætur semja frumvarp til stjórnarbótar hèr á landi, en nú er ekki gott að gizka á, hversu það frumvarp verður lagað, og þá ekki heldur, hvern kostnað það hefur í för með sèr, og svo er ekki gott, að gjöra sèr ljósa hugmynd um fjárhag landsins, meðan verzlunarmálið og skattamálið eru óútkljáð, og öll fjárhagsviðskipti Íslands og Danmerkur eru í því horfi, sem þau eru nú. Mèr þótti ekki öldúngis óþarft, að vekja máls á þessu, og vildi eg biðja nefndina eða hinn háttvirta framsögumann hennar, að skýra frá, hvort meining hennar hafi ekki verið sú, sem eg hef hèr tekið fram.

Framsögumaður: Nefndin hefur aldrei ætlað sèr, að taka annað fram, en hin helztu undirstöðu-atriði, sem hún vildi að yrðu tekin til greina, og kæmu inn í frumvarp stjórnarinnar, og þess vegna vildi hún ekki, nè þótti eiga við, að hreifa neinum sèrstaklegum atriðum, t. d. líkum þeim, sem hinn heiðraði þingmaður úr Gullbringusýslu nú hreifði.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktar-

umræðu þessa máls lokið, og bið eg því þingmenn að gánga til atkvæða.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. uppástúnga nefndarinnar samþykkt með 19 atkv. gegn 2.
2. —— —— samþykkt með 19 — gegn 2.
3. —— —— samþykkt með 18 — gegn 3.
4. —— —— samþykkt með 20 — gegn 1.
5. —— —— samþykkt með 20 —
6. —— —— samþykkt með 20 — gegn 1.

Forseti: Því næst kemur til undirbúningsumræðu samkvæmt dagskránni „*konúnglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík*“.

Framsögumaður, hinn háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður, gjörir svo vel, að lesa upp nefndarálitið.

Framsögumaður las síðan upp nefndarálitið svo látandi:

Hið heiðraða þing hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að semja og kveða upp álit vort um frumvarp það til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík, sem stjórnin hefur lagt fyrir þingið.

Eins og kunnugt er, hefur barnaskóli verið áður í Reykjavík, en varð að hætta 1849, af því fè þraut, til að halda honum við. Þeim skóla var einkum ábótavant í því, að eingin skylda var fyrir bæjarmenn, að halda honum við, og eingin nauðúng fyrir foreldrana, að láta börn sín gánga í skólann, og getur slíkur skóli aldrei staðizt í þeim bæ, sem ekki er fólksríkari og ekki fleiri efnaðir menn, en í Reykjavík. En eins og þörf bæjarmanna hafði komið þeim til, að stofna skóla þennan árið 1830, þannig hafa menn, síðan skóli þessi leið undir lok, fundið meira og meira til þess, hve áríðandi og nauðsynlegt fyrir barna-uppfræðínguna og siðferðið slíkur skóli er fyrir bæinn, og vèr getum því ekki annað, en heilsað með gleði frumvarpi þessu, sem miðar til, að bæta úr verulegri þörf Reykjavíkur-búa.

En vèr getum jafnframt ekki misst sjónar á því, að þörfin til, að koma upp barnaskólum, er farin að gjöra vart við sig víðar um landið, og að þessi þörf hlýtur að vakna meir og meir, og frá þessu sjónarmiði álítum vèr þá frumvarpið sem frumvarp um stofnun hins fyrsta barnaskóla á Íslandi, sem hljóti að verða í mörgu tilliti fyrirmynd fyrir skólum þeim, sem

síðar kunna að koma upp hèr á landi, og hefur nefndin því að nokkru leyti, við íhugun þessa máls, meðfram haft hliðsjón til, hvernig tekizt gæti, að koma upp slíkum barnaskólum annarstaðar hèr á landi, einkum í verzlunarstöðum eða þèttbyggðum sjávarplázum.

Frumvarpið er mjög stutt, ekki nema 2 greinir, og sèst það á ástæðunum, að tvö leingri frumvörp hafi verið búin til, annað 1848 af barnaskólanefndinni, sem þá var, og hitt af stiptsyfirvöldunum árið 1849, hver frumvörp hafa innihaldið hinar nauðsynlegu ákvarðanir um tilhögun skólans, aðferð á kennslunni, o. s. frv.; en skólastjórnarráðið hefur álitið þessar ákvarðanir þess eðlis, að stjórnin eigi að skera úr þeim, eins og það mundi verða óþarflega örðugt og fyrirhafnarmikið, ef með málið yrði farið sem löggjafarmálefni, að breyta seinna ákvörðunum þeim, sem gjörðar yrðu, og hafi því stjórnin að eins viljað leggja þau atriði fyrir þingið, sem gjöra þyrfti að lögum, en það er í fyrsta lagi, að Reykjavíkurbúar skuli skyldir, að stofna barnaskóla á eigin kostnað, og í öðru lagi, að foreldrar skuli skyldir, að senda börn sín í skóla, þegar þeir ekki á annan hátt sjá um uppfræðing þeirra, og skal nauðúng við liggja.

Nefndin, sem hefur haft til yfirlesturs skjöl þau frá kirkju- og kennslu-stjórnarráðinu, sem áhræra málefni þetta, getur nú ekki annað en fallizt á ástæður þær, sem hafa leitt stjórnarráðið til þess, að leggja ekki fyrir þingið hinar einstöku ákvarðanir um fyrirkomulag skólans, þess heldur, sem vèr erum fullvissir um, að ákvarðanir þessar muni ekki verða gjörðar af stjórninni, fyr en eptir nákvæma yfirvegun hinna einstöku atriða. Nefndin hefur heldur ekki getað fundið nein önnur aðalundirstöðu-atriði, sem nauðsynlega þyrfti að gjöra að lögum, en þau 2, sem stjórnin hefur tekið fram.

Hvað nú annað þessara undirstöðu-atriða snertir, skyldu foreldranna, að senda börn sín í skóla, þá fellum vèr oss vel við ákvörðun þessa með viðbæti þeim, sem er að lesa í ástæðunum: *„þegar foreldrarnir ekki á annan hátt sjá um uppfræðing barnanna“*, þannig að foreldrarnir sèu skyldir til, annaðhvort að senda börnin í skólann, eða þá sjá um með öðru móti, að börnin fái þá kennslu, sem skólastjórnin álítur nægilega, einkum í bóklestri og kristindómi. En nefndin verður að álíta, að þessi ákvörðun, og eins ákvörðunin um, á hvaða aldri börnin eigi að vera skyld að gánga í skóla, eptir uppástúngunum

frá 7 til 14 ára, hljóti nauðsynlega að takast greinilegar fram, en gjört er í frumvarpinu, þar eð þessi skylda foreldranna við skólann er verulegt undirstöðu-atriði í fyrirkomulagi skólans, og álítum vèr því, að bæta þyrfti hèr að lútandi ákvörðunum inn í frumvarpið.

Hið síðara undirstöðu-atriði, sem tekið er fram í frumvarpinu, og sem einkum hefur gefið nefndinni nóg umhugsunarefni, er skylda sú, sem lögð er á Reykjavíkur-búa, að stofna á sinn kostnað og við halda þessum skóla. Þess ber nú að geta, að eingin áætlun finnst að hafa verið gjörð um útgjöld skólans, og um tekjur hans stendur að eins í frumvarpinu, að kostnaðinum skuli jafna niður á bæjarmenn, *að því leyti* fè það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til; en af ofanáminnstum skjölum, sem oss hafa verið lèð, sèst það, að tekjur þær, sem ætlaðar eru skólanum, auk þess sem jafnað er á bæjarmenn, eru að eins þessar:

1. kennslukaup fyrir börnin;
2. bætur fyrir brot gegn skólareglugjörðinni;
3. gjafir;

en hvað mikið tekjur þessar muni gefa af sèr, eða hvað miklum parti af kostnaðinum þar með mundi lètt af bæjarmönnum við niðurjöfnunina, hefur ekki verið ætlazt á, eins og ekki heldur var von að stjórnin gæti, þar eð slíkt útheimtir nákvæma þekkingu til allra kringumstæðna. Þar eð nú nefndin hlýtur að álíta það ísjárvert, að leggja á bæjarbúa slíkar álögur, sem hèr ræðir um, án þess að minnsta kosti að yfirvega, að hve miklu leyti bæjarmenn muni vera færir um, að bera þær, höfum vèr álitið það skyldu vora, að búa til áætlun yfir útgjöld og tekjur skólans, og yfirvega þar næst, í hvaða hlutfalli útgjöld skólans mundu koma við tekjur þær, sem með sannsýni mætti leggja skólanum.

Þegar stofna á skóla, sem sè nægilegur fyrir barnafjölda þann, sem er í Reykjavík, verður ómögulegt, að fá hús á leigu handa skólanum, heldur verður sjálfsagt að byggja til þess skólahús. Hús þetta gjörum vèr að muni með öllum útbúnaði, borðum og bekkjum, o. s. frv., kosta að minnsta kosti 5000 rbdd., og mundi, ef til vill, mega fá lán af opinberum sjóði til þess, móti því að greiða 6 af hundraði af upphæð þessari á ári hverju, þángað til skuldin væri fullborguð. Fyrsti kennari við skólann álítum vèr að ætti að hafa svo viðunanleg laun,

með tilliti til þess, hvað kostnaðarsamt er að lifa í Reykjavík, að ekki þyrfti of opt að skipta um hann, og gjörum vèr handa honum 500 rbdd. á ári, auk húsnæðis í skólanum. Undirkennara mætti fá fyrir 200 rbdd. auk húsnæðis. Loksins álítum vèr nauðsynlegt, eptir kröfum tímanna, og eptir þeirri skoðun, sem er algeing hjá hinum menntaðri mönnum í Reykjavík, að ekki verði komizt hjá, að láta stúlkubörn fá kennslu sèr í lagi, og þyrfti til kvennmanns, sem ætti að kenna þeim, að vèr hyggjum, 200 rbdd.; hún ætti eigi að hafa húsnæði í skólahúsinu. Árleg útgjöld skólans yrðu þá þessi:

1. Borgun og vextir af láni því, sem bærinn feingi til skólabyggingar, $6\frac{2}{3}$ af 5000 rbdd.	300 rbdd.	
brunabótafè, hèr um bil	50 —	
		350 rbdd.
2. Laun til kennara:		
1. kennara	500 —	
2. kennara	200 —	
kennimóður fyrir stúlkubörnin . . .	200 —	
		900 —
3. Til viðurhalds skólahússins, til áhalda og ýmsra útgjalda, hèr um bil		150 —
4. Eldiviður		100 —
Samtals árleg útgjöld . .		1500 rbdd.

Vèr ætlum, að áætlun þessi sè alls ekki of há, og sumir okkar nefndarmanna eru jafnvel hræddir um, að hún sè, ef til vill, heldur of lág, eins og reynslan sýnir að áætlanir yfir útgjöld optsinnis eru. En það er fast álit vort, að útgjöld þessi megi ekki minka í neinu verulegu, eigi skólinn nokkurn veginn að samsvara þörfum bæjarins.

Hvað nú tekjur þær snertir, sem greiða ætti af útgjöld þessi, þá hefur, eins og þegar var sagt, verið ráðgjört, að tekjur skólans ættu að vera þessar 4: *kennslukaup, bætur, gjafir,* og það, sem þetta þrennt hrykki ekki til, *niðurjöfnuð bæjargjöld til skólans,* samkvæmt reglugjörð 27. nóv. 1846, eður, sem nefna mætti gjöld þessi, „*skólaskattur*“. Þar eð ekki er að búast við, að skólanum bætist mikið með gjöfum, og varla heldur er þess að óska eður vænta, að sektir þær, sem á falla á ári hverju, nemi mikilli upphæð, eru þannig aðaltekjur skólans eptir þessu: *kennslukaup* fyrir börnin og *skólaskattur.*

Í Reykjavík eru nú sem stendur rúmlega 160 börn frá 7

til 14 ára, og mætti, ef til vill, gjöra ráð fyrir, að rúm 100 af þeim geingju í skólann. Í frumvarpi stiptsyfirvaldanna er stúngið upp á, að kennslukaupið fyrir hvert barn sè 2 mörk á mánuði, eður 4 rbdd. á ári; barnaskólanefndin hafði aptur stúngið upp á 6 rbdd. á ári, og virðist kennslustjórnarráðið hafi verið helzt hneigt til, að aðhyllast þessa uppástúngu. Eptir því mætti gjöra ráð fyrir, að hèr um bil 600 rbdd. væru borgaðir í kennslukaup á ári hverju, en nefndin er eindregið þeirrar sannfæringar, eptir þekkingu sinni til efnahags manna í Reykjavík, að þó gjald þetta sè ekki mikið fyrir borgarana og hina efnaðri meðal tómthúsmanna, sem eru meiri partur bæjarbúa, þá sè gjald þetta allt of hátt fyrir hina fátækari meðal tómthúsmanna, og það jafnvel, þó það væri 4 rbdd., og mun naumast skjátla mikið í því, að af þeim 160 börnum, sem vèr teljum í Reykjavík frá 7 til 14 ára, sè 40 til 50 börn, þar á meðal nokkur á sveit, ekki fær um að greiða hvorki 6 nè 4 rbdd., og má gjöra ráð fyrir, að hèr um bil öll þessi fátækari börn verði send á skólann.

Þannig mundi þá í kennslukaup ekki koma inn 600 rbdd., heldur 300 til 400 rbdd. á ári.

Út af þessu hefur nefndin fundið tilefni til, að yfirvega, hvort ekki fátækir foreldrar í Reykjavík gætu haft tilkall til, að fá styrk til borgunar uppfræðíngar barna sinna af *Thorchillii* sjóði, sem hinn fyrri barnaskóli í Reykjavík fèkk á ári hverju nokkurn styrk af (100—150 rbdd.), en hver styrkur var tekinn frá bænum 1848.

Meiri hluti nefndarinnar er nú eindregið þeirrar sannfæríngar, að gjafasjóður þessi, eptir rèttum skilníngi á gjafabrèfum, eigi hvorki að notast til, að stofna af honum búnaðarskóla nè uppeldisstiptun, heldur uppfræðíngarstiptun. Þetta virðist oss fljóta af því, *að* um kennslu á búnaðarfræði eður um uppeldi barnanna, til að verða uppbyggilegir menn, er alls ekki rætt í gjafabrèfinu; *að* ákvörðunin um, að börnin eigi að fá styrk til fæðis og fata, með fl., var öldúngis nauðsynlegur viðauki, eins og ástatt er í sveit, að þar geta börnin ekki frá fjarlægum bæjum ferðazt á hverjum degi til skólans; *að* orðin í gjafabrèfinu, þar sem er rætt um styrk *„til húsaleigu“*, jafnvel sýnast að gjöra ráð fyrir, að öll börnin verði ekki á einum og sama bæ, heldur t. a. m. á næstu bæjum kríng um skólann, og hvað meiníngu þá snertir, að sjóðurinn sè ætlaður til bún-

aðarskóla, *að* gjört er ráð fyrir, að börnin verði í skólanum ekki leingur, en þángað til *„þau geti sjálf unnið fyrir sèr hjá öðrum“*, þ. e. í vist; en um það leyti, sem börnin eru fær um, að fara í vist, og vinna fyrir sèr sjálf með því móti, þá ættu þau einmitt fyrst að geta byrjað að stunda kennsluna í búnaðarfræði.

Vèr álítum því sjóði þessum, samkvæmt tilgángi gjafarans, einúngis rètt varið til kristilegrar uppfræðíngar handa fátækum börnum í Kjalarnesþíngi. Þetta álítum vèr það verulega í gjafabrèfinu, en það, sem sagt er um fæði, klæði, með fl., fyrir börnin, skoðum vèr, eptir áður sögðu, sem miður verulegt.

Thorchillii sjóður mun við síðustu árslok hafa verið hèr um bil að upphæð 17,800 rbdd., og ætti hann eptir því við lok ársins 1855, eður að $2\frac{1}{2}$ ári liðnu, að vera orðinn 20,000 rbdd.

Ætti nú að stofna barnaskóla á einhverri hentugri jörð í Kjalarnesþíngi af þeim 800 rbdd., sem eru vextirnir af upphæð þessari, þá fáum vèr ekki betur sèð, en að lítið gagn mundi í raun og veru verða af slíkri stofnun. Menn mundu ekki komast hjá, að byggja skólahús, og kennarinn ætti að fá laun nokkur; og þó maður ætli ekki meira en 25—30 rbdd. fyrir húsnæði eða húsaleigu, fæði og föt, m. fl., fyrir hvert barn, þá verður niðurstaðan sú, að varla munu fleiri börn geta notið góðs af stiptuninni, en 16—20, og er það ekki mikið af þeim hèr um bil 800 börnum, á aldrinum frá 7 til 14 ára, sem gjöra má ráð fyrir að sèu í Kjalarnesþíngi.

Vèr ætlum, að hin kristilega uppfræðíng, sem Jóni heitnum Þorkelssyni var svo annt um, muni litlum framförum taka í Kjalarnesþíngi, þó stofnsettur væri slíkur skóli. Þegar nú þess er gætt, að laungunin eða þörfin til barnaskóla hefur hingað til ekki mjög mikið látið sig í ljósi, einkum í Gullbríngu- og Kjósar-sýslum, þá getum vèr ekki álitið, að sjóði þessum verði betur varið með öðru móti, en að hann, eða mestur hluti hans, verði látinn fyrst um sinn standa á vöxtum og aukast, þángað til þörfin til barnaskóla væri farin að koma meira fram, og sjóðurinn búinn að ná þeirri upphæð, að af honum mætti verða góður stofn, annaðhvort til að stofna einn góðan skóla, eða til að styrkja hina einstöku smáskóla, sem menn, þegar fram líða stundir, eflaust munu reyna til að koma upp, og álítum vèr það að öllu samkvæmt verulegum tilgángi gjafarans, þó þannig væri vöxtunum varið til fleiri skóla, sè þess að eins

óraskanlega gætt, að höfuðstóllinn verði, eins og Thorchillius hefur fyrir mælt, „standandi upphæð“ (ſtaaende Summa), sem aldrei megi hreifa við eða skipta í sundur. Vèr höfum hingað til talað um Kjalarnesþing yfir höfuð, en um Reykjavík, sem var partur af Kjalarnesþingi, þegar gjöfin gjörðist, er reyndar nokkuð öðru máli að gegna, en um hina partana, eður Gullbringu- og Kjósar-sýslu.

Reykjavík var árið 1759, þá gjöfin gjörðist, ekki til, en nú er Reykjavík umdæmi sèr, hefur stofnanir (Inſtitutioner) sèr í lagi, og þar sem vèr getum ekki álitið annað, en að fátækir tómthúsmenn í Reykjavík hafi fullkomlega eins mikinn rètt til styrks af *Thorchillii* sjóði, eins og hverjir aðrir fátæklingar úr Kjalarnesþingi, þá leiðir það af mismuninum á kaupstaðar- og sveita-lífinu, að tómthúsmaðurinn í Reykjavík getur ekki haft eins mikið gagn af, að láta son sinn, sem gjöra má ráð fyrir að optast nær muni verða kaupstaðarbúi eins og faðir hans, vera í sveitaskóla, eins lítið og sveitamaðurinn mundi ætíð vilja á kjósa, að láta son sinn ala æsku sína í kaupstað. Eigi Reykjavík þess vegna að hafa jafnt gagn við hina aðra innbúa Kjalarnesþings af sjóðnum, og jafnrètti í þessu tilliti við þá, virðist Reykjavík, sem einnig mismunar í því frá Gullbringu- og Kjósarsýslu, að þar á að koma upp barnaskóla, eiga tilkall til, að fá sèr í lagi sinn ákveðna árlega hluta af *Thorchillii* sjóði eptir fólksfjölda sínum í samanburði við fólksfjöldann í öllu Kjalarnesþingi. Upphæð sú, sem þannig ætti að falla til Reykjavíkur, ætti að ákvarðast eptir fólksfjölda-tiltölunni, eins og hún er nú, og ætti Reykjavík að njóta góðs af því fè frá þeim tíma, að skólinn væri stofnaður hèr, en hinn hlutinn af vöxtunum ætlum vèr að ætti að leggjast upp fyrst um sinn, eins og þegar var stúngið upp á. Sjóðurinn mundi þannig aukast meira og meira; en það er sjálfsagt, að Reykjavík ætti ekki fyrir því, og ekki heldur þó fólksfjöldinn jykist í Reykjavík í samanburði við sýsluna, að fá meiri hlutdeild í sjóðnum, en vaxtarupphæð þá, sem einu sinni væri til tekin. Þessi uppástúnga virðist oss vera bæði sýslubúum og Reykjavíkurbúum í hag.

Vèr gjörum þannig ráð fyrir, að Reykjavík yrðu ánafnaðir af vöxtunum af *Thorchillii* sjóði á ári hverju 170 rbdd., sem mun hèr um bil samsvara tiltölunni milli fólksfjölda Reykjavíkurbæjar og Gullbringu- og Kjósar-sýslu, og ætti fè því að verja í kennslukaup fyrir fátækustu börnin í bænum.

Með þessu móti verður mögulegt, að fá 6 rbdd. í kennslukaup fyrir hvert barn, og er þess í því tilliti að geta, að oss þykir eitthvað fagurt í því, að öll börnin gjaldi sama kaup fyrir sömu kennslu. Þar eð vèr höfum gjört ráð fyrir hèr um bil 100 börnum, þá yrði þannig borgað í kennslukaup . . 600 rbdd. Eptir áætlun nefndarinnar áttu útgjöld skólans að verða 1500 rbdd.; eru þá eptir . . . . . 900 rbdd., sem þannig yrði að jafna niður á bæjarmenn samkvæmt reglugjörð 27. nóv. 1846, § 19.

Í álitsskjali nokkru frá 16. október 1848 hefur nú bæjarfulltrúanefnd Reykjavíkurbæjar, næst því að geta þess, að bæjargjöldin það ár hafi verið hèr um bil 1200 rbdd., látið í ljósi, að það hæsta, sem bærinn mundi þola að jafnað væri til skólans, auk nefndra 1200 rbdd., sem ætlaðir voru til annara útgjalda, mundi vera 600 rbdd., þannig að bæjargjöldin alls yrðu 1800 rbdd.

Þó nú þetta mætti skilja svo, að jafna mætti á bæinn 600 rbdd. á ári hverju, þá sèst það, að upphæð þessi mundi ekki hrökkva til, heldur vantaði samt 300 rbdd. En þar að auki er þess að geta, að áætlun þessi frá fulltrúanefndinni geingur að eins út frá bæjargjöldunum, eins og upphæð þeirra var það árið, nefnilega 1200 rbdd. Að sönnu hafa bæjargjöldin árin 1850, 51 og 52 ekki verið hærri, heldur jafnvel nokkuð lægri, en árið 1848, en árið 1849 voru gjöld þau, sem jöfnuð voru á bæjarmenn, alls 1630 rbdd., og í ár voru þau upprunalega ákveðin til 1670 rbdd., en sett síðan niður í 1300 rbdd., og á þeim tveim árum hefðu þá bæjarmenn ekki átt að geta goldið meira, en hèr um bil 200 rbdd. til skólans, og eptir þekkingu sinni til Reykjavíkur getur nefndin heldur ekki álitið það fært, að jafna 600 rbdd. á ári hverju til skólans á bæjarmenn, heldur álitum vèr, að 300—400 rbdd. viðbót við það, sem nú er goldið, muni verða fullþúng byrði. Þetta mun hverjum þeim skiljast, sem gætir að því, að lángmestur hluti innbúanna í Reykjavík eru tómthúsmenn, af hverjum margir eru fátækir, og af hverjum mikil sveitarþýngsli orsakast; á meðal búanda í Reykjavík má óhult telja að rúmlega $\frac{2}{3}$ sèu tómthúsmenn, og ekki nema $\frac{1}{3}$, og naumast það, borgarar eða embættismenn.

Nefndin hefur því ekki getað komið til annarar niðurstöðu, en að tekjur þær, sem stjórnin hefur ætlað barnaskólanum í Reykjavík, muni í hæsta lagi gefa af sèr á ári hverju

900 til 1000 rbdd., og vantar þá þannig enn 5 eða 600 rbdd. til nauðsynlegra útgjalda skólans.

Það hefur nú áður verið stúngið upp á ýmsum tekjum, sem leggja mætti barnaskólanum í Reykjavík, t. a. m. tolli af mó, sem tekinn er upp í landareign bæjarins, gjaldi af aðkomandi útróðrarmönnum, o. s. frv.; en auk þess, að þeir tveir áminnstu tollar mundu naumast gefa af sèr samtals 100 rbdd. á ári, þá þykir oss ekki eiga við, að leggja barnaskólanum slíkar tekjur, sem þar að auki er vansèð hvað vel kæmu inn. Fremur hefði nefndinni getað dottið í hug, að skólanum hefði, eins og alþýðuskólum í Danmörku (sbr. tilsk. 23. jan. 1739, 33. grein), verið lagðir ljóstollarnir, sem nú tilfalla dómkirkjunni, og sem vèr ætlum megi telja að sèu af kaupstaðnum hèr um bil 100 rbdd. á ári, en nefndin hefur álitið uppástúngu þar um miður sæma, þar eð kirkjan ekki mundi verða fær um, að bera árleg útgjöld sín, ef allir ljóstollarnir væru teknir frá henni. Sömuleiðis hefur nefndinni hugkvæmzt, að leggja mætti skólanum gjald nokkurt, annaðhvort af vörum, sem eru fluttar út frá Reykjavík, hvert gjald ekki mundi verða þúngbært (2 af 1000 mundi gefa hèr um bil 3 til 400 rbdd. á ári), eða gjald af hverju skipi, sem kæmi með farm til bæjarins frá Danmörku eða útlöndum, og mun slíkt gjald á sumum stöðum vera lagt barnaskólum, t. a. m. í Rússlandi (2 mörk af hverri lest mundu gefa af sèr hèr um bil 330 rbdd.). En það, sem nefndin af þeim ýmsu uppástúngum, sem þannig hafa komið undir umræðu, hefur einkum orðið að aðhyllast, er tollur á brennivínssölu í smákaupum og á brennivínsveitíngum, eins og tíðkast í Noregi, og það þess heldur, sem tollur þessi þar er lagður til líks augnamiðs, og hèr er stúngið upp á. Í Noregi voru fátækrasjóðirnir í hraki, og til þess að bæta úr þörfum þeirra, var tollur þessi á lagður. Ákvarðanirnar um toll þennan eru einkum ýtarlega tilgreindar í löggjöf frá 6. sept. 1845. Þar er svo fyrir skipað, að sèrlegt leyfisbrèf eða borgarabrèf þarf til, að mega veita brennivín eða selja það í minni kaupum en 40 potta; að sveitastjórnirnar skuli ákveða, hvað margir megi fá slík leyfisbrèf; að á ári hverju skuli af sveitarstjórninni gjörð áætlun um, hvað mikið af brennivíni muni á næsta ári verða veitt eða selt í smákaupum undir 40 potta; eru svo reiknaðir 4 skk. af hverjum potti, og gjald þetta eptir ákveðnum reglum lagt á þá, sem hafa leyfisbrèfin. Brennivínssölumenn þessir mega ekki

hafa opið leingur á kvöldin, en til kl. 10, og veiti þeir nokkrum of mikið brennivín, svo hann verði drukkinn, þá eru þeir sektaðir um spesíu fyrir hvern slíkan ölvaðan mann. Þeir kaupmenn, sem ekki hafa leyfisbréf, mega ekki undir sekt selja eða gefa nokkrum manni, þó það sè ekki nema eitt staup. Tollur þessi hefur orðið fátækra-sjóðunum í Noregi til mikilla nota, og koma á ári hverju inn af honum hèr um bil 160,000 rbdd. Það, sem einkum virðist mæla með, að lögleiða hèr slíkan brennivínstoll, er það, að öll veiting af brennivíni í búðum hlýtur þar með að hætta. Það getur ekki dulizt fyrir neinum, hve óviðurkvæmilegt og ósæmandi það er, að hver búð í landinu skuli jafnframt vera veitingastaður, þar sem brennivínið er veitt eða selt í staupatali, án nokkurrar reglu, og í kaupstöðum þeim, þar sem nokkuð fleiri eru sölubúðir, gánga þá líka iðjuleysíngjarnir og drykkjumennirnir frá einni búðinni til annarar, til þess að gleðja sig við búðarborðin. Vèr ætlum enn fremur, að það sè lítill skaði, þó þeir, sem ekki hafa mikil efni til, að kaupa brennivínið, borgi hvern pott 4 skildíngum dýrara en áður; það fremur veikir en eykur freistnina fyrir honum, og einkum á þetta sèr stað um þá, sem búa í kaupstöðunum eða í nánd við þá. Þess er að geta, að slíkur brennivínstollur er að eins goldinn af því, sem veitt er eða selt í minni kaupum, en 40 potta, ekki af öllu brennivíni, og er þannig slíkur tollur ekki því til fyrirstöðu, þó stjórnin síðar kynni að vilja leggja gjald nokkurt á brennivín til konúngssjóðs. Vèr víkjum nú aptur til þess, sem vèr bentum til í fyrstu, að stofnsetníng hins fyrsta barnaskóla hèr á landi getur að miklu leyti gefið ástæðu til, að yfirvega, hvort ekki megi koma á barnaskólum víðar um landið. Nefndinni hefur því virzt ástæða til, að stínga upp á, að lagður sè tollur á veitíngu og sölu brennivíns í smákaupum um allt land, og ætti þá því, sem þannig gyldist, að verja til, að koma smámsaman upp barnaskólum þannig, að hvert lögsagnarumdæmi skyldi verja tolli þeim, sem þar yrði goldinn, til skóla í því hèraði eða umdæmi. Þar, sem því ekki yrði komið við í hinum minni verzlunarstöðum, að fá mann til, að taka leyfisbréf til brennivíns sölu og veitínga, mætti leyfa kaupmanni söluna, og leggja á hann tollinn.

Nefndin ætlar, að með þessu móti muni landið án mikils tilkostnaðar öðlast efni til þess, að koma smámsaman upp barnaskólum víða um landið. Til Reykjavíkurbæjar eru fluttir á

ári hverju hèr um bil 70,000 pottar af brennivíni, auk hinna ýmsu sèrstöku brennivínstegunda, *romms* og *extrakts,* sem tollurinn hlyti víst líka að gánga yfir, og gjörum vèr ráð fyrir, að af því muni, ef til vill, 15,000 pottar verða seldir eða veittir í minni kaupum, en 40 pottar; það yrði þá 600 rbdd. gjald á ári hverju, og þegar fè þetta væri lagt barnaskólanum, þá gætu með þessu móti tekjurnar hrokkið fyrir útgjöldunum.

Um leið og vèr nú þannig ekki hikum við, að ráða þínginu til, að fara fram á við stjórnina, að slíkur tollur, sem nú var um rætt, verði lagður á í öllum kauptúnum hèr á landi, þá getum vèr samt ekki dulizt þess, að það hlýtur að vera undir óvissu komið, hvort stjórnin muni aðhyllast slíka uppástúngu um toll, sem reyndar á sèr stað í líku augnamiði í nærskyldu landi, en sem reyndar einga fyrirmynd hefur í Danmörku; en skyldi stjórnin þannig hvorki fallast á, að leggja á toll þennan, nè heldur að veita barnaskólanum í Reykjavík aðrar nægilegar tekjur, þá þykir oss viðurhlutamikið, að ráða til, að frumvarpið verði að lögum að svo stöddu, þar eð með því yrði lögð á bæjarmenn í Reykjavík sú byrði, sem þeir mundu alls ekki færir að bera, ef skólinn feingi ekki slíkar tekjur, og viljum vèr því ráða þínginu til, að biðja stjórnina, að fresta frumvarpi þessu, þángað til húið er að ánafna skólanum þær tekjur, sem geta virzt nægilegar, þannig, að frumvarpið verði aptur lagt fyrir alþíngi 1855, með þeim breytíngum, sem bent hefur verið til hèr fyrir ofan, jafnframt því, að frumvarp um hinar áminnstu tekjur skólans verði lagt fyrir alþíngið.

Samkvæmt framanskrifuðu leyfum vèr oss því að stínga upp á:

1. *að þíngið fari fram á, að stjórnin ánafni Reykjavíkurbæ á ári hverju 170 rbdd. af vöxtunum af* Thorchillii *gjafasjóði, þannig, að fè þessu skuli verja til uppfræðíngar í barnaskóla bæjarins fyrir hin mest þurfandi og fátækustu börn í bæjarins umdæmi.*
2. *að þíngið beiðist þess, að stjórnin leggi fyrir alþíngi 1855 frumvarp til tilskipunar um toll á öllum kauptúnum hèr á landi á brennivíns veitíngu og sölu í smákaupum, lagað í öllum verulegum atriðum eptir löggjöf fyrir Noreg 6. sept. 1845, og að tolli þessum verði varið til þess, að stofna og við halda barnaskólum í hinum ein-*

stöku lögsagnarumdæmum landsins, þar sem tollurinn er goldinn.

3. *að þingið beiðist þess, að frumvarpi því um stofnun barnaskóla í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir þingið, verði slegið á frest, þángað til ákveðnar verði nefndum barnaskóla annaðhvort þær tekjur, sem getið er í 1. og 2. tölulið, eða þá aðrar tekjur, sem samsvari þörfum skólans, þannig, að frumvarpið verði lagt fyrir alþingi 1855, jafnframt því, að frumvarp um slíkar tekjur verði lagt fyrir þingið.*

Reykjavík, 27. júlí 1853.

þ. Sveinbjörnsson. V. Finsen, J. Thorstensen.

framsögumaður.

Þessu álitsskjali er eg samþykkur að öllu öðru en því, er viðvíkur *Thorchillii* gjafasjóði og styrk af honum.

H. G. Thordersen,

formaður.

Þessu álitsskjali er eg og með öllu samdóma, nema að því leyti, sem eg hef nokkuð aðra skoðun á því, hversu vöxtunum af *Thorchillii* sjóðnum sè réttilegast varið, eptir tilgángi gjafarans og kringumstæðunum, sem nú eru, með þann sjóð.

E. Kúld.

Framsögumaður: Eg ætla ekki að gjöra neinar athugasemdir, fyr en eg heyri, hvert ræður þingmanna stefna.

H. Stephensen: Hin heiðraða nefnd, sem tekið hefur þetta mál til yfirvegunar, hefur auðsjáanlega fúslega viljað gegna boði stjórnarinnar, já, meira en það; því hún stingur upp á, að leggja álögur á allt landið, til að koma við ásteytingarlítið brennivinstollinum í Reykjavík, af því henni annars finnst ókljúfandi, að geta komið þar skólanum á.

Mig furðaði, þegar eg sá nefndarálitið, að þessi hreppur, sá lángríkasti í landinu, ekki skyldi hafa efni á, að uppfræða börn sín undir konfirmatsíón; hvernig eiga þá hinir hrepparnir að geta það?

Nefndin segir, að það sè ókljúfandi fyrir foreldrana hèr, að borga kennslukaup, en eg held það sè ekki ókljúfandi fyrir foreldrana hèr, þegar hver staularabóndinn gjörir það; því þó stundum verði að koma börnunum burtu til kennslu, hef eg eingan heyrt berja sèr um, að hann gæti ekki borgað

kennslukaupið. Nefndin hefur stúngið upp á, að borgaðir yrðu 4 dalir fyrir barnið, líklega fyrir 9 eða 10 mánaða kennslu; en í minni sókn hafa verið borgaðir 5 til 6 rbdd. fyrir kennslu í 6 mánuði; eg held líka móðir barnsins, ef hún sleppur hjá, að uppfræða það, geti unnið fyrir 1 rbd. á mánuði á þeim tíma, sem hún annars hefði varið til uppfræðíngar barninu.

Eg held þess vegna eingar öfgar, þó foreldrarnir greiddu 1 dal um mánuðinn; og ef kennslutíminn yrði nú í 9 mánuði, og 100 börn, af þeim 160 börnum, sem nefndin segir sèu hèr, sæktu skólann, þá feingi skólinn þannig 900 rbdd.

Það væri líka má ske rèttara, að gjöra mun á borguninni; því eins og þeir ríkari líklega gjarnan vildu borga vel fyrir börn sín, þannig er það skylda sveitarstjórnarinnar, að sjá hinum fátæku fyrir menntun, eins og uppfóstri.

Þannig mundi nú vanta minna en nefndin ætlar, og einkum ef kennarinn ekki feingi 500 rbdd., eins og nefndin hefur til ætlazt, en sem mèr þykir vel mikið, þó það væri menntaður maður, sem kann ske hefði geingið hèr í gegnum báða skólana; og mikið má það vera, ef ekki einhver þvílíkur feingist, í þeirri von, að hann heldur feingi brauð á eptir, í 4—5 ár fyrir 3—400 rbdd.; það er sjálfsagt, að ef það væri æfilángt embætti, þá er það ekki of mikið.

Að gjöra ráð fyrir því, að naumlega $\frac{2}{3}$ partar barna mundu gánga í barnaskólann, veit eg ekki á hvaða rökum er byggt; því ef Reykvíkíngar elskuðu þennan skóla, held eg, að allir mundu keppast um, að koma börnum sínum inn í hann, en mèr virðist það vera skylda embættismanna og borgaranna í bænum, að gánga á undan með góðu eptirdæmi, og þá borga þeir víst með fúsu geði svo mikið, að ef skólinn væri allt árið um kríng, feingi hann í kennslulaun 10—1200 dali um árið.

Um *Thorchillii* sjóðinn ætlaði eg mèr ekki að fara mörgum orðum, og það því heldur, sem nefndina greinir á um hann, og þeir 2, sem í minni hlutanum eru, koma víst fram með á-stæður sínar. Reykjavík sè eg reiknar sèr $\frac{1}{4}$ eða $\frac{1}{5}$ af vöxtum sjóðsins, nefnilega 170 rbdd., og þó var Reykjavík 1759, þegar testamentisgjörðin fór fram, einginn kaupstaður, og þó eg ekki viti, hvað mörg býli þá voru í Reykjavík, hefur það hlutfall ekki getað átt sèr stað, sem nefndin álítur, með því hún þannig skiptir vöxtunum; því það kemur ekki gjafabrèfinu við, þó

Reykjavík sè nú búin að draga að sèr þennan sæg af tómthúsmönnum, sem ekki geta alið önn fyrir börnum sínum.

En nefndinni er svo annt um þennan skóla, að þegar hún er búin að stínga upp á og fikra við ýmisleg gjöld til skólans, þá stíngur hún upp á skatti á vörurnar, sem fluttar verða til bæjarins (kvað þetta vera rússneskt bragð, til að halda við barnaskólum, og óska eg ekki, að það verði hèr innleitt), eða þá á vörur þær, sem verða burt fluttar frá Reykjavík, eg veit nú ekki hvort heldur til annara landa, eða út til hèraða landsins, eða hvorttveggja; en hvað sem það er, álít eg það ótiltækilegt, og vera óbeinlínis-skatt á Íslendínga. Þá tekur nefndin til brennuvínsins, og þykist þar hafa feingið þann stofninn, sem byggja megi skólann á, og vill, að 4 skk. sèu lagðir á hvern pott, sem seldur er í minna mæli en 40 potta. Ef leggja ætti nú þennan skatt á, þá mundu einhverjir verða að fá einkaleyfi, að skeinkja út og selja í smámæli brennivínið, en verzlunarmenn mundu þá verða að hætta þeim kaupum; en það hygg eg landsmönnum óhagkvæmt; því þá yrðu þeir að fara til brennuvínssalanna um það litla, sem þeir vildu kaupa af brennuvíni, og mundu þá þurfa til þeirra kaupa peninga, en þeir hafa nú ekki legið lausir fyrir hjá kaupmönnunum, og getur þetta valdið óþægum örðugleikum. Þíngið er að brjótast fyrir, að verzlunarfrelsi komist á, og nú skyldi svo þessi ónotalegi skattur vera lagður á verzlunina. Mèr er annars sama; hvað hár tollur er lagður á brennivín það, sem drukkið er á Reykjavíkur-lóð, og af Reykjavíkur-búum, en að sveitamenn skuli greiða toll til Reykjavíkur, þykir mèr eingin ástæða til; þeir þiggja eingan styrk af Reykjavík, til að mennta börn sín, og mega sjá þeim borgið á annan hátt, og áskil eg mèr því breytingaratkvæði á þá leið, *að tollurinn á brennuvínssölu sè að eins bundinn við það, sem í Reykjavík er selt, og drukkið af bæjarbúum.*

Þá er 1 gjaldstofn, sem nefndin hefur drepið á, og hvarflað frá aptur; það er mórinn; mèr finnst þó ekki fjærri sanni, þegar tómthúsmennirnir í Reykjavík eru hèr um bil $\frac{2}{3}$ partar allra innbúandanna, að þeir borgi mótoll; því þeir eiga einga þúfu, og mótak er vanalega leigt annarstaðar, og sýnist mèr húsmaðurinn ekki geta krafizt, að taka upp svo mikinn mó, sem hann vill, nema hann borgi sanngjarna leigu eptir, svo sem 1 fiskvirði fyrir fetið í leingd, 10 fóta breiðrar grafar, og geymi

eg mèr rètt til viðauka-atkvæðis hèr að lútandi. Nefndin tæpti á, að leggja hèr eitthvert gjald á sjóróðrarmenn, en þá er nefndin komin inn á sama ópokkagjaldið og manntalsfiskurinn er, sem nýlega var verið að tala um að taka af.

Annar gjaldstofn er *uppsátur* skipa og vergögn. Alstaðar um land gelzt hann, og mun vera frá 20 til 40 fiska; húsmenn hafa hèr því nær allir útveg, en einga lóð, og nota þó uppsátur, án þess að gjalda nokkuð fyrir. Eg hef einnig orðið var við, að húsmenn hèr hafa ærinn fjölda af hrossum, sem verða allt af að gánga á annara manna lóð, án þess þeir borgi nokkuð fyrir það; mèr sýnist því vel til fallið, að þeir borgi árlega 1 dal fyrir hvert hross, og tek eg mèr viðauka-atkvæði viðvíkjandi því, að tekinn sè tollur af nó, uppsátri og hrossum hèr í Reykjavík, og þá ætla eg skólinn sè búinn að fá nóg, svo ekki þurfi að grípa til *Thorchillii* sjóðsins, eða fara að leggja toll á brennivín, að minnsta kosti ekki á annað en það, sem Reykvíkingar sjálfir drekka.

J. Guðmundsson: Eg hef varla heyrt fleiri tala um frumvarp stjórnarinnar í þessu máli, en þá, sem hafa kallað það vandræðamál; og þegar eg sá það, fannst mèr það líka. Eg kveið því fyrir, ef eg yrði kosinn í þá nefnd, og er eg þó ekki kvíðafyllri en hver annar fyrir nefndarkosningum. Eg get því að svo miklu leyti ekki legið nefndinni á hálsi fyrir aðgjörðir sínar. Nefndinni var, að minni ætlun, ekki hægt, að sjá, hvað stjórnin meinti með þessu frumvarpi, nema ef það væri það eitt, að fá samþykki þingsins til þess, að Reykvíkingar mættu stofna barnaskóla á kostnað sjálfra sinna.

Það er nú aðalregla mín í slíkum málum, að athuga fyrst, hvort eg muni geta byggt fastar umræður um málefnið sjálft við nefndarálitið eða uppástúngur þess, eða breytíngaratkvæði, sem lúta að sjálfu málinu. Á *þessu* nefndaráliti finnst mèr mjög ervitt að byggja neitt því um líkt.

Umræðurnar eru þegar farnar að sýna fram á, að þetta er satt, og þessi legíó af breytíngar-atkvæðum, og öðrum eins og þeim, sem hinn heiðraði varaforseti hefur ráðgjört að bera upp, og það er lítill vandi, að koma með slíkar breytíngar; en þess ber fyrst að gæta, að þær eigi við eitthvað að styðjast. En mèr finnst það þó einkum athugandi, að nefndin hefur bundið aðaluppástúngu sína við aðra uppástúngu, sem frumvarpið gefur ekkert tilefni til, nefnilega um brennivínsskattinn og frum-

varp það til hans, sem nefndin vill biðja um. Í því tilliti finnst mèr þess fyrst að gæta, hvort þingið hefur rètt til, að ræða slíkt málefni nú, og held eg, að það fari fjærri; því brennivinsskatturinn er verulegur óbeinlínis-skattur, og því veruleg grein af skattalöggjöfinni. Eg ætla því, að það sè mjög ísjárvert fyrir þetta þing, að gefa sig neitt við því efni, eða að ræða og ákveða nú svona fyrir sig fram verulega grein af þessu almenna og vandasama aðalmáli landsins, og svo hvernig henni eigi að verja. Væri nú þingið á sama máli og eg um þetta, þá þætti mèr fróðlegt að vita, hvernig það ætlaði að greiða atkvæði um hinar uppástúngur nefndarinnar. Viðauka- og breytingar-atkvæði hljóta þó ætið að styðjast við eitthvað það, sem þingið ætlar sèr ekki að fella.

Stjórnin hefur og tekið það atriði fram í ástæðum frumvarpsins, hvort ekki eigi að neyða menn til, að láta börn sín gánga í skóla þennan; en það minnir mig að nefndin hafi ekki minnzt á. Eg hefði helzt verið á því, að þingið leiddi stjórninni fyrir sjónir, að Reykjavík sè ekki einfær um, að koma upp barnaskóla á eigin kostnað. En eg held, að á meðan bæði verzlunin og skattalögin eru í því horfi, sem þau eru nú, þá sè ekki rètt, að stínga upp á neinum skatti til barnaskólans hèr, og held, að það sè hvorki ofdirfska nè óráð fyrir þingið, að láta stjórninni þá von manna í ljósi, að hún styrki til þessa fyrirtækis. Það er alkunnugt, að Danir hafa ómetanlegan hag af verzluninni á Íslandi, eins og fjárstjórnarráðgjafinn hefur sjálfur játað, og þá líka verzluninni í Reykjavík. Eg held og, að þessi styrkur þyrfti ekki að vera eins mikill og nefndin hefur ætlað. Eg skil nefnilega ekki *heldur* í því, að gjalda þurfi 6 af hundraði af láni því, sem tekið væri til skólahússbyggingarinnar, þar sem stjórnin geldur sjálf ekki nema 3½ af hundraði af vaxtafè því, sem hún tekur hèr við, og sagt er að henni þyki fremur byrði að en hagur. Eg verð því að halda, að stjórnin þoli, að ljá peningana með þessum kostum, og ekki þyngri, án afdrags.

Þá get eg ekki heldur sèð, að það sè hyggilegt, að ætla 1. kennara við barnaskólann 500 rbdd. í laun; því það er meira, en flest prestaköll hèr á landi gefa af sèr, og yrði það þá til þess, að kennarinn yrði eilífur augnakarl í embættinu. En mèr sýnist þetta embætti einmitt eiga að vera meðmæling fyrir presta-efnin, til að fá gott brauð, eptir að þeir hefðu gegnt því

í 3 eða 4 ár, og launin að vísu viðunanleg fyrir einhleypan mann, en ekki meiri en svo, að þau væri bein hvöt fyrir hann, að gegna embættinu vel, svo hann ætti annað betra í vændum. Það gæti og verið hvöt fyrir undirkennarann, til að vanda sig, þegar hann gæti átt von á, að verða seinna 1. kennari. Ef þetta væri haft svona, þá ætla eg, að það gæti undir eins minkað nokkuð kostnaðinn, sem nefndin hefur gjört ráð fyrir, svo ekki þurfi á eins miklu fé að halda frá stjórninni.

Þar sem nefndin minnist á *Thorchillii* sjóðinn, virðist mèr, að hún sè ekki samkvæm sjálfri sèr í ástæðunum og niðurlaginu; því standi sjóðurinn leingi á vöxtum, svo hann t. a. m. yrði 50,000 rbdd., þá yrðu vextirnir 2000 rbdd., og þá ætla eg, að Reykjavík liði skaða við, að fara eptir uppástúngu nefndarinnar.

H. G. Thordersen: Eg var einn í þessari nefnd, og á greindi við hana einúngis í því, sem snerti *Thorchillii* gjafasjóð, þar eg ei gat samsinnt því, að af honum væri tekinn styrkur handa barnaskólanum, enda er þetta í rauninni ekkert aðalatriði; því 170 rbdd. tillag árlega nemur á hvorugan bóginn svo miklu, að nefndarálitið standi með því eður falli. Eg vil ekki út af svo einstöku atriði leingja þingræðurnar, og má ske með því gefa tilefni til þess, að menn missi sjónar á aðalstefnu málefnisins; samt get eg ei komizt hjá, að vitna til þess, sem eg áður hef sagt viðvíkjandi fyr nefndum gjafasjóði, þegar rætt var um búnaðarskóla, og þarf eg ei að ítreka það hèr aptur; eg lýsti því þar, að staða mín í þessu máli væri sú, að eg gæti ekki samþykkt því, að hreift væri við *Thorchillii* sjóði. Þegar nú meiri hlutinn vill fá tillag úr honum að tiltölu fyrir Reykjavík, skilst mèr eins og hann sjálfsagt ætlist til, að hin önnur hèruð í Kjalarnesþingi fái einnig sinn part úr honum að sömu tiltölu, og verð eg um þetta að ítreka sömu meiningu og áður hef látið í ljósi, að með því, að sundra og skipta sjóðnum þannig í smáparta, ávinni menn ei annað, en að miklu fé verði eytt, svo að eingum verði að verulegum notum, og hefði eg miklu betur fellt mig við, hefði kostur verið á því, að annaðhvort barnaskóli hèr, eður annar uppbyggilegur skóli, feingi allan sjóðinn; því þar með væri svo mikið feingið handa þeirri stiptun, að hemi mundi borgið, og þá líklegt, að sjóðurinn yrði til einhvers verulegs gagns, en að tæta hann svona í sundur, og

tvístra um allt Kjalarnesþing hingað og þángað, eptir því sem hver vill hafa, álít eg hið mesta óráð.

En eg vil ei spilla góðu málefni, og, að minni hyggju, vönduðu nefndaráliti með því, að stagla á ágreiningi mínum í þessu eina atriði, sem lítið gjörir til eður frá, þar eg líka er fullviss um, að stjórnin muni taka í þann streinginn, sem hún með tilliti til gjafabréfsins finnur samkvæmastan réttvísi og sanngirni.

Ekki til að spilla málefni þessu stóð eg upp, heldur til þess, að því, sem eg gæti, að styrkja það af öllum mætti, og mæla með, að það verði einhuga borið fram fyrir konúnginn. Sá mun einginn, sem leiði það í nokkurn efa, að barnaskóli sé ómissandi fyrir Reykjavík, og þarf því ekki að taka það fram; en eins viss og eg er um þetta, eins hef eg það traust til þingmanna, að þótt þetta mál sé sérstaklegt fyrir eitt hérað landsins, og að því leyti nái ei til þeirra fjarlægari, muni þeir ekki einúngis líta á nauðsyn þessa eina héraðs, heldur einnig sjá, að sú tilætlaða stofnun stendur í vissu sambandi við gagn og sóma alls landsins, þar sem nú er verið að ræða um hinn fyrsta barnaskóla í því, sem ekki einúngis getur orðið uppbyggilegur því eina héraði, heldur og til fyrirmyndar og eptirdæmis, þar sem menn á öðrum stöðum kynnu vilja stofna líka skóla. Að vísu get eg ei ætlað, að slík skólastofnun sé upp leggjandi til sveita; en nú þegar er farið að brydda á slíkri nauðsyn í sumum kaupstöðum og þéttbyggðum sjávarplázum, og mun án alls efa þessi nauðsyn fara heldur vaxandi en minkandi. Þannig hygg eg þingmönnum sæmi, að leggja fremur gott til, að þessi fyrsti skóli geti komizt á, þó hann sé í einstöku héraði, og dragi ekki úr nauðsyn hans, miklu fremur mæli með því, að hann geti þegar í upphafi orðið byggður af nægum efnum, svo ei fari um hann, eins og sumt annað, sem vér byggjum, að það dettur um sjálft sig svo að segja rétt á eptir hælunum á oss, af því of mjög var til sparað í fyrstu, og miklu heldur vildi eg mæla á móti skóla, en fá hann svo aumlega úr garði gjörðan, að hann innan skamms yrði að veslast upp aptur.

Ýmsar athugasemdir eru þegar fram komnar gegn nefndarálitinu; þar á meðal er því farið fram, að Reykjavík sé einhver ríkasti hreppur í landinu, og dregið af því, að óhætt sé að ætla innbúunum, að leggja 9 rbdd. með hverju barni árlega, og gjöri það 900 rbdd. Eg hefði nú eptir minni þekkingu ætlað, að Reykjavík mundi með fátækari hreppum; það leiðir ei nema

til rángrar áætlunar, að halda fram auðlegðinni, þar sem hún er ekki fyrir. Nefndarmenn álitu sèr skylt, að lýsa efnahag Reykjavíkur, eins og hann er í rann og sannleika, og flestir þeirra voru kunnugir í því efni; eg t. a. m. er hèr fæddur og uppalinn, og hef þar á ofan verið hèr prestur í 10 ár, og þekki í sannleika um þann tíma efnahag sóknarfólks míns, einkum tómthúsmanna og embættismanna. Ókunnugir menn úr öðrum hèruðum geta ei dæmt um þetta, og því verður við það að standa, sem við nefndarmenn, svo sem kunnugir, höfum um það sagt, allt svo leingi ekki er tilefni til, að reingja sannsögli vort.

Eg ætla því nefndin, til þess að sem flestir gætu borgað með börnum sínum, hafi farið þann rètta meðalveg, með að taka til 6 rbdd. í kennslukaup.

Það þótti of mikið til tekið, að ætla kennaranum 500 rbdd. í árleg laun, af því þetta embætti ætti að vera meðmælingavegur til prestakalls fyrir duglega kennendur, en eingan, með svo háum launum, mundi lánga til, að sækja um vor rýru prestaköll. Eg get nú vel skilið þá góðu hugsun, sem hèr liggur til grundvallar, en fæ allt að einu ekki verið þessu samdóma; þessi stofnun er nefnilega svo áríðandi, að eg álít það ótækt, að sá, sem á að vera yfirkennari og umsjónarmaður með svo mikilli stiptun, sæki um þetta embætti í þeirri von, að geta losazt við það aptur sem fyrst; embætti þetta er og svo ervitt, þreytandi, jafnvel leiðinlegt, en þó hæst áríðandi fyrir marga, að eg get lítilla heilla vænt af því, ef yfirkennarinn getur ei geingið að því með nokkurn veginn ánægju, og í þeirri von, að hann kunni að verða við það leingur heldur en skemur, en það getur hann ei, ef launin eru svo lítil, að hann naumlega einhleypur getur fætt sig og klætt fyrir þau, og þó nefndin hafi nú ætlað honum 500 rbdd. árlega, geta þeir, sem til þekkja, hversu dýrt er að lifa í Reykjavík, dæmt um, hvort þetta má ei heldur heita hóflega til tekið.

Víst veit eg, að víða eru lítil laun barnaskólakennanda; en þegar vèr nú viljum stofna hinn fyrsta þess konar skóla, vildi eg vèr heiðruðum þetta vandasama embætti með því, að ætla í hið minnsta yfirkennaranum bærileg laun, en gjöra ei fyrir fram ráð fyrir honum svo sem að eins gesti og aðkomandi í skólanum.

Það þótti lítið, að nefndin hafði ei gjört ráð fyrir nema 100 börnum af hèr um bil 160, sem eru milli 7 og 14 ára, en þá

hefur efalaust gleymzt, að gjöra ráð fyrir þeim börnum, sem viðkomendur mundu með öðru móti vilja og geta veitt næga tilsögn, og verða því ei skyldaðir til, að láta börn sín ganga í skóla, og mundu þessir, ef til vill, ekki verða fáir, einkum meðal hinna efnaðri.

Þar sem eingin efni voru fyrir hendi, þóttist nefndin með eingu móti geta geingið fram hjá því atriði; því til lítils mundi, að lögleiða skólann, ef hann á eptir yrði að detta um sjálfan sig sökum efnaleysis, og hefur hinn heiðraði fulltrúi Skaptfellínga tekið það fram, að nefndin í þessu tilliti átti ekki, ef svo má segja, við barn að berjast, þar sem frumvarpið var; hún varð því að stínga upp á ýmsum tollum til skólans; af þessum hefur nú einkanlega brennivínstollurinn mætt mótmælum, en nefndin hafði sèr fyrir augum, að þegar toll þurfti á að leggja hvort sem var, mundi rèttast, að leggja hann á þann hlut, sem ekki einúngis var ónauðsynlegur, heldur einnig skaðlegur; en tvísýnna þótti, nú þegar að leggja toll á svo nauðsynlegan hlut sem mó, og með því gefa tilefni til, að hækka á honum verðið. Það verður líka hver og einn að sjá, að með því, að leggja beinlínis ýmsa tolla á bæjarmenn eingaungu, gjöra menn þeim aptur erviðara, að greiða bæði kennslukaup og skólaskatt; nefndarinnar meining var ei sú, að gefa beinlínis uppástúngu um þessa tolla, heldur benda til þess, sem henni þætti tiltækilegast, í því skyni, að stjórnin sæi, hver úrræði helzt væru fyrir hendi, og tæki svo til þeirra, sem henni þættu nýtilegust; en geti þíngmenn ekki orðið nefndinni samdóma í þessu, verða þeir, ef þeir ætla sèr að fella ei þetta mál, sem víst eingínn ætlar sèr, að stínga upp á öðrum tekjum fyrir skólann, svo að honum nægi.

P. Pètursson: Þegar eg las nefndarálitið, gat það ekki dulizt fyrir mèr, að nefndin hefur haft mikið fyrir, að semja það, og að hún vandlega hefur hugsað út í þetta mál. Nefndin hefur komizt til þeirrar aðalályktunar, að bærinn sè ekki af eigin rammleik fær um, að bera þann tilkostnað, sem þarf til, að stofna hèr reglulegan barnaskóla, og að þíngið eigi því að biðja stjórnina, að fresta því, að lögleiða þetta frumvarp, þángað til einhver vegur sæist til, að kljúfa tilkostnaðinn. Hversu ógeðfellt sem þetta að öðru leyti er, verð eg þó að vera því samdóma. En eg er ekki alls kostar ánægður með formið á nefndarálitinu, að því leyti, sem nefndin hefur sett

aðaluppástúnguna, nefnilega, að biðja stjórnina, að fresta lögleiðíngu frumvarpsins, á eptir öðrum uppástúngum sínum, t. d. um brennivínsskattinn; því eg fæ ekki betur sèð, en að aðaluppástúngan hefði átt að koma fyrst, og síðan, ef nefndin svo vildi, bendíngar til stjórnarinnar um, hvernig tiltækilegast mundi vera, að fá það fè, sem til barnaskóla-stofnunar hèr þyrfti, en sem bærinn ekki gæti greitt, eins og nú er ástatt; þó held eg ekki, að þessar tekju-uppástúngur nefndarinnar standi í svo nánu sambandi við aðaluppástúnguna, eins og þíngmaður Skaptfellínga fór fram á, að þíngið geti ekki samþykkt hana, þó það felldi þær. Nefndin hefur játað, að áætlun sín um útgjöld til skólabyggíngar og skólastofnunar muni vera of lág; en því hefur þá nefndin gjört hana of lága? hún hefur þó gjört áætlun til þess, að þíngið og stjórnin gætu byggt eitthvað víst á henni um tilkostnaðinn yfir höfuð; en þetta verður ómögulegt fyrir stjórnina og þíngið, ef áætlunin er óáreiðanleg. Eg er nú líka þeirrar meiníngar, að áætlunin um, hvað þurfi til skólabyggíngarinnar, sè að minnsta kosti of lág. Nefndin hefur ætlað til þessa 5000 rbdd.; en nefndin hefur ekki ætlað skólann nema 100 börnum, og það þykir mèr undarlegt, þar sem þó nefndin játar, að hèr sèu 160 börn á þeim aldri, sem til tekinn er fyrir skólagaungu, og það þó beinlínis er tekið fram í frumvarpinu, að *öll* börn, sem hèr eiga heima, eigi að geta feingið tilsögn í skólanum; það er því auðsèð, að nefndin í þessu tilliti hefur gjört húsrúmið of lítið, og því ætlað of lítið fè til byggíngarinnar. Af nefndarálitinu sèst ekki, að nefndin hafi ætlazt til, að skólabörnunum yrði skipt í fleiri staði en tvo, ɔ: pilta og stúlkur; en það er þó svo sem auðvitað, að svo mörg börn á ýmsum aldri muni vera misjafnt komin, og að það verður öldúngis nauðsynlegt, að skipta skólanum í fleiri bekki; því annars mundu fáir heldri menn senda börn sín þángað, og það væri þó til, að eyðileggja skólann; það er því auðsèð, að húsrúmið þarf einnig í þessu tilliti að vera töluvert stærra, en nefndin hefur til ætlazt, og að of lítið fè er ætlað fyrir byggíngunni, með því líka það er auðsèð, að þegar bekkjaskipti þurfa í skólanum, þá þarf þar líka fleiri kennara, að minnsta kosti tímakennara, svo áætlunin verður einnig í því tilliti of lág. Eg held því, að það verði niðurstaðan, að jafna þurfi meiru niður á bæinn, en þeim 900 rbdd., sem nefndín hefur gjört ráð fyrir. Nefndin hefur þar að auki tekizt meira í fáng, en stjórnarfrum-

varpið gaf henni tilefni til; því hún hefur farið að leggja ráðin á, hvernig koma ætti upp skólum víðs vegar út um landið, og með því hefur hún leiðzt til, að vilja leggja brennivínsskattinn víðar á en hèr. Ekki skil eg heldur í, að það muni koma á daginn, sem nefndin hefur getið til, að *smáskólar* muni með tímanum komast á í Kjalarnesþingi. Hvað þær uppástúngur, um toll af mó, hestum og skipsuppsátri, snertir, sem hreift hefur verið, þá gæti eg helzt fallizt á móskattinn, ef eg áliti það ekki ísjárvert fyrir bæinn, að það við haldist, sem nú tíðkast, að einstakir menn rífi upp landareignina, hvar og hvernig sem þeir vilja; því þetta er óregla, sem kann að leiða til þurrðar á mótakinu með tímanum.

Framsögumaður: Hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þingmaður hefur þegar svarað nokkrum af þeim athugasemdum, sem fram hafa komið gegn nefndarálitinu, og get eg því yfir höfuð haldið mèr til þess, sem hann hefur sagt. Eg held hinn heiðraði varaforseti sè sá einasti, sem mundi kalla Reykjavík ríkasta hreppinn í landinu; það sýnir sig bezt í því, að hrepparnir til sveita flestir standa sig svo vel, að mjög margir af þeim leggja upp, og setja jafnaðarlega peninga á vöxtu, en í Reykjavík hafa menn jafnvel neyðzt til, að taka af þeim litla höfuðstól, sem fátækra-sjóðurinn á, til útgjaldanna, sem á fátækra-sjóðnum liggja; það má og nærri geta, hvað auðugur sá bær muni vera, þar sem af 1300 manns eru 8 til 900 tómthúsmenn, af hverjum nokkrir kunna að vera nokkurn veginn efnaðir, en allur fjöldinn fátækur; það er því með eingu móti að gjöra ráð fyrir, að þessir menn geti goldið 1 rbd. á mánuði. Áður fyrri, þá barnaskólinn var í Reykjavík, var kennslukaupið síðast sett í 1 rbd. *um árið*, og þeir gátu ekki einu sinni borgað það. Hinum sama þingmanni þótti of mikið, að ætla fyrsta kennara 500 rbdd. í laun; en eg vil leiða athygli hans að því, að það er töluverður vandi, að standa fyrir kennslunni í slíkum skóla, þar sem eru 100 börn eða fleiri, og sá vandi, að eingan veginn er að gjöra ráð fyrir því, að hver sá, sem nýsloppinn er úr latínuskólanum, sè fær um það; í barnaskóla, þar sem svo mörg börn eru, er ómögulegt að komast yfir kennsluna, nema með því, að nota að nokkru leyti hina svo nefndu innbyrðis-kennslu, og verður fyrsti kennari að vera svo fær, að hann geti leiðbeint undirkennaranum, sem gjört er ráð fyrir að fái lítil laun, og þess vegna mundi opt skipta um. Sama þing-

manni þótti nefndin hafa gjört ráð fyrir of fáum börnum, nefnilega að eins 100 af 160; en eg verð fremur að vera hræddur um, að börnin verði, ef til vill, ekki einu sinni 100; því eingin af þeim uppástúngum, sem komið hafa inn til stjórnarinnar um fyrirkomulag skólans, hafa gjört ráð fyrir skólanauðúng, heldur að eins uppfræðíngarnauðúng, nefnilega, að foreldrarnir skuli annaðhvort sjá um uppfræðíngu barnanna í heimahúsum, svo vel megi við þá uppfræðíngu una, eða þá senda þau í skóla, og má nærri geta, að sumir foreldrar muni þá kjósa, að kenna börnum sínum sjálfir, til að komast hjá, að borga kennslukaupið til skólans. Eg held þannig eingan veginn, að meira gæti feingizt í kennslukaup, en nefndin hefur gjört ráð fyrir. Það er sjálfsagt, að einstöku menn eru færir um, að borga miklu meira en 6 rbdd., en það er mjög óviðkunnanlegt, að setja hátt kennslukaup fyrir nokkra, minna fyrir suma, og ekkert fyrir suma. Hinn heiðraði varaforseti hélt, að of lítið væri, að gjöra ráð fyrir, að einúngis $\frac{1}{6}$ eða $\frac{1}{5}$ af öllu brennivíni, sem flutt er til Reykjavíkur, verði selt í smákaupum; það muni verða miklu meira; nú, verði það meira, þá skal eg fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti því; en það mun reynast, að, þegar tollurinn er lagður á, þá munu fleiri kaupa í stórkaupum, eða yfir 40 potta, en nú. Í Noregi gefur brennivínstollurinn í kaupstöðum, sem hafa þetta 2000 innbúa, svo sem 2000 rbdd. á ári; eptir sama hlutfalli ætti Reykjavík að fá inn núna 1000 rbdd., en, ef til vill, er ekki drukkið eins mikið hèr og í Noregi. Eg neita því ekki, að það kunni að vera hálfóþægilegt fyrir sveitamanninn, að geta ekki tekið brennivín á sama stað, sem hann annars verzlar, en ekki get eg sèð, að mikil vandræði verði úr því; það er líka t. a. m. óþægilegt, að geta ekki feingið læknismeðöl hjá kaupmanni þeim, sem maður leggur inn hjá, heldur verða að fara til lyfsalans; en mèr er kunnugt, að lyfsalinn tekur við borgun með innskript hjá kaupmanninum, og gæti það sama átt sèr stað um brennivínssölumennina. Sami þíngmaður stakk loksins upp á ýmsum smátollum, sem ættu að geta bætt úr þörfum Reykjavíkur í því umrædda tilliti, einkum mótolli, uppsáturstolli, o. s. frv., og mætti sjálfsagt finna upp miklu fleiri; það mætti stínga upp á hestatolli og hundatolli; nefndin hefur nú hugsað mikið um slíka tolla, af hverjum sumir sjálfsagt að öðru leyti eiga að komast á í Reykjavík; en vèr gátum ekki álitið, að meira mundi fást af mónum,

að frádregnum kostnaði, en svo sem 50 rbdd.; hrossatollurinn ætluðum við mundi gefa svo sem 40 rbdd.; því þegar tollur væri lagður á, mundu menn hætta að hafa hesta; gjald af sjóróðrarmönnum mundi gefa 30 rbdd., svo gjöld þessi gefa þá af sèr rúma 100 rbdd., ef menn vilja vera vissir um, að ætlast ekki til of mikils. Eg felli mig ekki við, að stínga upp á öllum þessum smágjöldum til skólans, sem mætti auka óendanlega, og taka til að mynda toll af þeim, sem taka borgarabrèf, af þeim, er giptast samkvæmt konúnglegu leyfisbrèfi, eins og tíðkast í Noregi, o. s. frv.; en slík gjöld geta ekki bætt úr þörfinni, og verður það þá ekki annað en tómt kák.

Hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga hafði það einkum á móti brennivínstollinum, að slíkur tollur væri óbeinlínis-skattur, sem væri grein af aðalskattalögunum, og væri of snemmt, að hreifa við slíkum skatti, fyr en verzlunarfrelsi kæmist á, og ný skattalöggjöf væri innleidd. En menn verða að gæta að því, að hèr er að eins rætt um, að leggja toll á brennivín í smákaupum, ekki á allt brennivín, og kæmi nefndaruppástúngan ekki í minnsta máta í bága við það, þó stjórnin vildi síðar leggja skatt á allt brennivín; þá mundi skatturinn verða lagður til ríkissjóðsins, en hèr er það til sveitanna, og skil eg ekki, hvers vegna sveita-álögur þurfi að bíða eptir hinum almennu skattalögum; þingið hefur nýlega rætt slíkan sveitaskatt, sem stóð öldúngis eins á og hèr, nefnilega í sveitarstjórnarmálinu, þar sem þingið ályktaði, að sýslunefndin gæti jafnað niður á sýslunna kostnaði þeim, sem geingi til almennra þarfa sýslunnar; því vildu menn ekki fresta þeim álögum? Þingmaður Skaptfellinga vildi, að stjórnin skyldi styrkja skólann; en eg verð að álíta það mjög óvíst, hvort slíkur styrkur mundi fást; það mál yrði þá að leggjast fyrir ríkisþingið, og er óvíst, hvað fúsir þeir væru þar, að leggja fè til, að stofna að eins einn barnaskóla hèr á landi. Eg held, að brennivínstollur sá, sem nefndin hefur stúngið upp á, væri gagnlegur, þó eingar tekjur feingjust af honum, þess heldur, ef hann er notaður, til að koma á svo gagnlegu fyrirtæki, og hèr ræðir um. Eg er reyndar á því, að barnaskólar eigi ekki að verða almennir hèr á landi; því uppfræðingin í heimahúsum er eflaust, þar sem henni er varið eins og hèr á landi, einkum upp til sveita, miklu heilladrýgri en skólakennsla; en allt fyrir það held eg, að mikið gagn gæti orðið að skólum á einstöku stöðum, einkum þannig, að efnaðir menn gætu kom-

ið sínum börnum þángað, til að læra ýmislegt það, sem þau ekki hafi færi á að læra heima. Eg get ekki verið öldúngis samdóma hinum 5. konúngkjörna þíngmanni í því, að skólahúsið mundi kosta meira en 5000 rbdd.; það er reyndar sjálfsagt, að húsið verður heldur að vera handa fleiri börnum en færri, en hvað viðvíkur því, að eptir áliti hans mundi þurfa, ef til vill, 4 bekki, 2 handa piltbörnum og 2 handa stúlkubörnum, held eg þó, að það mætti, ef til vill, hafa stúlkubörn á yngri árunum í bekk með piltbörnum. Hvað snertir uppástúngu nefndarinnar um *Thorchillii* sjóð, þá hefur henni virzt rètt, að biðja heldur um minna af honum, en að biðja um meira, og mega svo búast við, að missa það aptur; Reykjavík er líka betra, að fá nokkuð af sjóðnum nú þegar, en að fá meira síðar, því mest er um vert fyrir skólann, að hafa vissar og fastar tekjur; en þegar hann er einu sinni kominn á fót, er það miður varðandi, þó honum bætist tekjur úr því. Að því leyti þíngmaður Skaptfellínga minntist á þá 6 af hundraði, sem nefndin gjörir ráð fyrir yrðu borgaðir af láninu til skólabyggíngarinnar, þá hefur hann víst misskilið þetta; meiníng nefndarinnar er sú, að allt það, sem borgað er, bæði upp í skuldir og vexti af henni, sè 6 af hundraði.

J. Kristjánsson: Það kynni mönnum sýnast í fyrsta áliti, sem skólamál þetta skipti litlu þá þíngmenn, sem eru úr hèruðum í fjarlægð við Reykjavík, eða í öðrum landsfjórðúngi; en þess ber að gæta, að Reykjavík er á Íslandi. Þegar eg heyrði nefndarálitið, fannst mèr nefndin vera allt af að berjast við mestu vandræði, sem á því munu vera, að koma upp barnaskólanum. Líklega mun vera bágt til bjargar, enda hefur hèr orðið ráðfátt. Nefndin á samt heiður skilinn fyrir það, að hún vekur athygli manna á því, að hèr megi ekki leiða í lög skólaþvíngun, eða neyða foreldra til þess, að láta börn sín gánga í skólann, ef þeir annist uppfræðíngu og menntun barnanna á annan veg; því þess konar þvíngun hefði verið með öllu óviðunanleg, vegna þess, að eptir því, sem hèr á landi hagar, hafa, eru og verða barnaskólar einúngis erviðleg nauðsyn á einstökustu stöðum, það er þar, sem fjöldi barna eru í sama byggðarlagi eða bæ, t. a. m. ef svo er í Reykjavík, og geta ekki feingið uppfræðíngu í heimahúsum. Þetta atvik rýrir auðsjáanlega tilvonandi tekjur skólans; en samt fer nefndin, eins og betur fór, með varúð fram á það, að ætla skólanum miklar tekjur fyrir af-

brot á móti skólareglugjörð þeirri, sem ekki er búið að semja, og ekki er að vita hve hagleg verður. En brennivínstollurinn, sem nefndin stingur upp á, er aptur mjög óheppilegur; þó hann sè hugsaður að dæmi Noregsmanna, þá er það lítil ástæða, og eg ímynda mèr, að nefndinni hefði tekizt betur, að hugsa skólanum fyrir fè, ef hún hefði hugsað að dæmi Vespatians keisara; því þá hefði ekki dulizt fyrir henni t. a. m. torfskurður og hagagánga, og, eg vil bæta enn við, vatnsheflar bæjarins, hvar menn úr ýmsum löndum taka sèr vatn. Ef stjórnin síðar meir leggur ekki toll á brennivín, en þess þykir þörf, þá er tími til, að biðja þess, en ekki ætla eg, að sá brennivínstollur, sem nefndin stingur upp á, mundi vana óþarfa-brennivínskaupin; eg get eins ímyndað mèr, að hann yrði til að auka þau, og margur mundi sá, ef til vill, er þá keypti 40 potta, sem ella hefði ekki keypt nema 30 potta, má ske 20, til að komast hjá tollinum. Fyrst stjórninni hefur ekki þóknazt, að eiga þetta skólamál við bæjarstjórnina hèr, heldur leggja þetta frumvarp til skólastofnunarinnar fyrir þingið, en þingið getur þó enn ekki sèð, hvaðan fjár er von, þá skil eg ekki, hvað það getur annað gjört, en beiðzt, að frestað verði stofnuninni, eins og nefndin ræður til; en eg hefði helzt óskað, að þingið þyrfti ekki að hafa mál þetta til meðferðar aptur, nema það jafnframt feingi að hafa fyrir sèr frumvarpið til reglugjörðar fyrir skólanum, og uppástúngurnar um það, hvernig honum gæti aflazt fè til viðurhalds.

G. Brandsson: Eg tók eptir því, að í nefndarálitinu var sagt, að barnaskóli hefði verið hèr í Reykjavík frá árinu 1830 til 1849, og að skóli þessi hefði árlega feingið úr *Thorchillii* sjóðnum 150 dali, eða samtals í þessi 18 ár, sem hann stóð, 2700 dali. Þeir, sem hafa lesið gjafabrèf Jóns Þorkelssonar, og undir eins eru kunnugir kennslu þeirri, sem við gekkst í hinum áminnsta barnaskóla, geta bezt borið um það, hvort tilgángi gjafarans muni hafa verið fullnægt með þeirri tilhögun, sem höfð var á kennslunni. Þar sem gjafabrèfið tileinkar sjóðinn einúngis fátækum börnum í Kjalarnesþíngi, svo þau fyrir hans tilstyrk verði uppfrædd í kristilegum trúarbrögðum, þá held eg, að þessa hafi ekki verið svo nákvæmlega gætt hèr í Reykjavík, eins og óskandi hefði verið; því í skóla þessum voru ekki síður ríkra en fátækra manna börn, svo það, sem skólinn var styrktur með af áminnstum sjóði, hlaut að falla

jafnt í allra hlut, og það allt eins, þó að styrk þessum hefði verið varið, til að launa barnakennaranum; þar að auki mun hafa verið kennt fleira í skóla þessum, en gjafabréfið gjörir ráð fyrir, svo sem danska, réttritun, skript, nokkuð í mannkynssögunni og landaskipunarfræðinni, og má ske fleira, sem eg hef ekki af að segja. Nú stingur nefndin upp á, að fá árlega hér eptir til barnaskóla þess, sem hér á að stofna, 170 dali úr hinum áminnsta *Thorchillii* sjóði, og gefur mönnum í skyn, að það sé rétt reiknaður hluti Reykjavíkur af 800 dölum, þegar borið er saman fólkstal þar og í Gullbringusýslu. Í Reykjavíkur-þinghá segja menn að muni vera frá 12 til 13 hundruð manns, en í Gullbringu- og Kjósar-sýslu rúmar 5000, og fer þetta þá ekki fjærri vegi, enda þó eg hafði, að það sé vel í lagt. En eg vildi nú mega spyrja, hvort nefndin ætlast þá til, að þeir 2700 dalir, sem Reykjavík hefur feingið fyrir fram úr *Thorchillii* sjóðnum, skuli álítast sem gjöf, er innbúarnir í Gullbringu - og Kjósar-sýslu hefðu greitt henni. Eg fyrir mitt leyti verð öldúngis að mótmæla því, að svo eigi að vera. Þar sem nefndin að öðru leyti ætlar að byggja barnaskóla þennan á brennivínskútum og þaðan af minni brennivínsílátum, þá held eg, að grundvöllur sá verði bæði valtur og brothættur; nefndarálitið sjálft gefur einnig ástæðu til, að menn hugsi þannin, þar sem í því stendur, að með þessum brennivínstolli muni veiting þess og sala í smákaupum hætta; og ef nú svo yrði, þá mundi tollurinn fara þar eptir, og þá ekki draga skólann lángt á leið; að öðru leyti þætti mér fýsilegt að vita, hvernin menn ætla sér að hafa gát á þessari brennivínssölu, og það um allt land, eins og nefndin hefur stúngið upp á að yrði.

Hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þingmaður talaði áðan mikið um það, að menn mættu ekki byrja of smámunalega með aðrar eins stofnanir og þessi væri; eg er honum að vísu samþykkur í þessu; en hafi grundvöllur hennar verið smámunalega lagður af nefndinni, þá mun yfirbyggíngin verða að fara þar eptir, og skírskota eg meðal annars til þess, sem hinn 5. konúngkjörni þingmaður áðan sagði viðvíkjandi áætlun nefndarinnar um, hvað skólinn mundi kosta, og heyrðist mér ekki betur, en að honum þætti áætlun þessi of smámunaleg. Oss Íslendíngum hefur þó sjaldan verið borið það, að við þyrðum ekki að fara fram á nógu mikið, einkum þar sem stjórnin ætti annars vegar hlut að máli; fremur hefur verið sagt, að oss

væri hætt við, að kollhlaupa okkur, og ætti það þá að vera bending til þess, að vèr byrjuðum ekki of geist. Það hefur enginn orðið til, að minnast á laun þau, sem barnakennarar höfðu hèr, á meðan skólinn stóð, og verð eg þá að gjöra það uppskátt, sem eg hef heyrt um það, nefnilega, að þau hafi verið 200 dalir, og mèr hefur verið sagt, að aldrei hafi þó skort hèr barnakennara, heldur hafi menn sótzt eptir því. Nú þykir mèr nefndin hafa orðið ærið lángstig frá þessu, þar sem hún er að ákveða kennaralaunin, og held eg minna mætti nægja en það, sem hún fer fram á; því með þessu fyrirkomulagi gæti sú orðið niðurstaðan, að barnakennarinn fyndi ekki orsök til, að sækjast eptir öðru betra, sem hann þá líka væri óviss um hvort feingist, og lèti svo móka, ef hann gæti lafað við skólann ákærulítill; en hefði hann nú minni laun, mundi það örfa kapp hans, til að sækjast eptir því embætti, sem gæfi honum betri arð, og þá mundi hann reyna til, að standa sem bezt í stöðu sinni, svo hann þar með gjörði sig verðugan fyrir það, sem hann vildi eptir sækjast.

Það hefur verið talað hèr um ýmsa tolla, og þar á meðal toll af mó. Eg er nú hræddur um, að, ef hann ætti að leggjast á þá, sem móinn selja, þá mundu þeir hækka verð hans að því skapi, svo að tollurinn þá kæmi niður á þeim, sem móinn yrðu að kaupa, t. a. m. kaupmönnum, borgurum, embættismönnum, og fleirum bæjarmönnum hèr í Reykjavík; öðru máli væri má ske að gegna um toll fyrir hagagaungu hrossa og skipsuppsátur, hversu vinsælt sem það yrði.

Eg verð nú helzt að vera á þeirra máli, sem vilja fresta málefni þessu, meðan undirbúningur þess er ekki betri, en nú er hann, þar sem sumar þessar tolla-uppástúngur grípa bæði inn í verzlunarmálið og skattalögin, sem hvorttveggja er óútkljáð, og óvíst um hve nær verður.

E. Kúld: Eg ætlaði mèr ekki að taka til orðs í þessu máli, og eg skal ekki heldur leingja umræðurnar mikið í þetta sinn. En eg verð þó að tala nokkur orð, því eg tók svo ræðu hins háttvirta varaforseta, sem hann ætlaði það skyldu mína, að skýra nokkuð gjör frá ástæðum þeim, sem eg hafði fyrir þessum litla ágreiningi mínum við nefndina. En um það get eg verið því fáorðari, sem eg er í öllu verulegu samþykkur hinum heiðruðu meðnefndarmönnum mínum, og mig á greinir ekki við þá, nema að eins viðvíkjandi *Thorchillii* sjóðnum, og

eg get skírskotað til þess, sem eg hef áður talað um hann í búnaðarskólamálinu, og hvaða skilníng og skoðun eg hafði á tilgángi hans og notkun.

En viðvíkjandi því, sem bæði hinn heiðraði varaforseti og hinn 5. konúngkjörni þíngmaður álitu, að nefndin hefði farið leingra, en henni bar, eptir þessu fallega frumvarpi, sem fyrir hana var lagt, þar sem hún fór fram á, að tollur yrði lagður á brennivínið í smásölu um land allt, og láta hann gánga til viðkomandi hreppa til barnaskólastofnunar þar, viðvíkjandi þessu vil eg að eins benda þínginu á, að nefndin vissi það, að víða er svo ástatt í landi hèr, að þar má koma við barnaskóla. Mèr dettur þar fyrir ekki í hug, að mæla með því, að barnaskólar verði stofnaðir uppi í sveitum; því þar er eg sannfærður um, að þeir mundu skemma foreldrakennsluna, sem eg álít svo heilladrjúga og affarasæla. Þar á móti eru barnaskólar að minni ætlun þarfir mjög t. a. m. í kaupstöðum og sumum verstöðum, og þar mætti víða koma þeim vel við, ef efnin ei vantaði. Þar að auki vakir og sú skoðun fyrir mèr, að brennivínið geti aldrei heitið nauðsynjavara, eins og mèr heyrðist einn þíngmanna nýlega kalla það. Eg er öldúngis samdóma hinum heiðraða varaforseta í því, að nú sè meira selt í smákaupum af brennivíni en sjöttúngur þess; en það fer af, þegar tollurinn kæmist á, því þá mundu menn heldur hliðra sèr hjá smákaupunum, til þess, að komast hjá tollinum, svo eg ætla, að nefndin hafi alls ekki tekið of lítið til, þegar hún nefndi sjöttúnginn. Eg sè annars ekki betur, en að hinum heiðraða varaforseta sèu nokkuð mislagðar hendur, þar sem hann vill gjarnan lofa Reykvíkíngum, að kaupa hvert staup fyrir 8 skk., en láta aðkomandi menn fá það með kann ske hálfu betra verði, það er með öðrum orðum, hann vill fæla Reykvíkínga frá, að drekka brennivín heima hjá sèr, en gefa utanbæjarmönnum einkaleyfi til, að fylla sig, jafnvel í sjálfri Reykjavík, eptir geðþekkni, og furðar mig stórum á þessu af svo sanngjörnum manni, sem hann er.

Hvað uppástúngu nefndarinnar um gjald á útróðrarmönnum snertir, þá hefur það þótt ósanngjarnt, en eg sè ekki, hvað á móti því er, eða í hverju það er ósanngjarnara, en t. a. m. manntalsfiskurinn, sem sumir hèldu svo mikið með hèrna um daginn, og sem þíngið vildi ekki nema burtu.

Viðvíkjandi kennslukaupinu, 6 eða 4 rbdd., eins og hinn

heiðraði varaforseti talaði um, með barni um árið, þá játa eg, að það er harla lítið, en eg vil að eins benda mönnum á það, sem eg veit að títt er í sveitum, hvað sem hèr kann að vera, að fúlga sú, sem lögð er á hausti með barni, sem af sveit þiggur, og jafnvel sem fullefnaðir foreldrar koma í fóstur, er sjaldan mikið yfir 20 rbdd., og á það að vera fyrir allt, sem barninu er veitt, föt, fæði og kristileg uppfræðing, og mèr er þá spurn, hvort að af þeim 20 rbdd. muni verða meira en svo sem 4 rbdd., sem gángi eins og í uppfræðingarkaup. Eg held nú, að það sè bæði rètt, og líka eitthvað fagurt í því, að allir gjaldi jafnt með börnunum, þar sem allir fá jafnt í aðra hönd. Það er og aðgætandi, að eptir uppástúngu nefndarinnar borgar sá ríkari í raun og veru meira til skólans, en hinn fátækari, þegar því verður jafnað niður á bæjarbúa, sem á vantar handa skólanum, og lendir þá í sama stað, hvort það er goldið svo, eða sem kennslukaup.

Hinum heiðraða varaforseta þótti það undarlegt, að Reykjavík skyldi ekki geta borið þessa stofnun sjálf, þar sem hann kallaði hana ríkasta hreppinn á landinu. Eg veit nú ekki, hvort hún er svo rík; því mèr er ókunnugt um þær kríngl óttu á kistubotnunum hjá Reykvíkíngum; en hitt veit eg, að Reykjavík er fólksríkasti hreppurinn á landinu, og þá undir eins ríkastur af börnum; en því fleiri börn, því meiri er kennsla barnanna.

Upp á það, sem þíngmaður Skaptfellínga minntist á gjaldið 6 af hundraði, hefur framsögumaður svarað, og vil eg einúngis bæta því við, að nefndin bjóst ei við, að ástæðurnar leyfðu stjórninni, að lána barnaskólanum 5000 rbdd. leigulaust um lángan tíma; en með því, að gjalda 6 af hundraði, er allt af borgað nokkuð af láninu, og það á þann hátt, er mönnum getur orðið það ótilfinnanlegast, og álít eg það mikinn kost; því að lokum borgast lánið svona nærri ósjálfrátt með 6% gjaldinu, og álít eg það gott; því þegar skuldin er goldin, þá er hún gleymd.

Þíngmanni Skaptfellínga og þíngmanninum úr Gullbríngusýslu þótti báðum launin við barnaskólann of há eptir uppástúngu nefndarinnar; en nefndinni gekk það til, að hún vildi ekki, að kennarinn þyrfti að hlaupa frá embættinu sökum fèleysis, og ekki get eg verið hræddur um, að ónýtur kennari muni verða þar eilífur augnakarl, eins og einhver sagði áðan; því bæði fær þessi skóli án efa reglugjörð og yfirstjórn fyrir sig; reglu-

gjörðin leggur kennaranum skyldur á herðar, og ef hann ei uppfyllir þessar skyldur, þá er yfirstjórnin ónýt, ef hún lèti slíkt líðast, og rýmdi honum ekki frá.

Viðvíkjandi bekkjafjöldanum ímynda eg mèr, að 3 sèu nóg, þó börnin sèu mörg; því á meðan þau eru úng, held eg, að stúlkur og piltar megi vera óaðskilin, og það geti eingan hneixlað, þó embættismaður eða höfðingi sè, og get eg þessa í tilliti til þess, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður fór fram á áðan, um aðskilnað bekkjanna.

Hvað það snertir, sem þingmaður Suður-Þingeyinga hèlt, að ekki væri leggjandi tollur á brennivínið vegna þess, að brennivínsmennirnir mundu þurfa þess sjálfir við, sem af því gæfist, sèr til viðurhalds, þá er eg á því, að þeir kosti náúngann allt eins mikið, og því svarar. En eg hirði alls ekki um, hvort þeir koma á sveitina vikunni fyr eða seinna. Það var annars aldrei meining nefndarinnar, að brennivínsgjaldið yrði svo mikið, að skólinn yrði stofnaður af því, heldur einúngis, að hann gæti haft styrk af því til viðurhalds.

J. Guðmundsson: Mèr skilst ekki betur, en að aðaluppástúnga nefndarinnar sè, að fresta þessu máli, og þess vegna skil eg ekki heldur, hvers vegna menn eru hèr að ræða um einstök atriði þess svo nákvæmlega. Eg sè ekki neina ástæðu til, hvorki fyrir nefndina nè þingið, að ræða leingur um þennan brennivínstoll, eða hvað maður á að kalla hann; því það er svo sèrstaklegt atriði í máli þessu, og því óviðkomandi með öllu, eins og eg hef áður sýnt. Eg vil því einúngis snúa mèr að tveimur atriðum. Eg held nefnilega, að hinn háttvirti varaforseti hafi fullkomlega rètt í því, að Reykjavík sè hinn ríkasti hreppur á landinu, því eg ætla hún sè ríkari en mörg hver sýslan, því meira fè er þar allt af í veltu, en í margri sýslunni er. En samt sem áður ætla eg, að það sè rètt hjá nefndinni, að Reykjavík sè enn sem komið er ekki einfær um, að stofna handa sèr barnaskóla og bera hann. Mèr finnst nú ekki vera nema tvennt til, annaðhvort að hætta alveg við þetta mál og slá því á frest, eða biðja stjórnina, að stofna hann, og styrkja í bráð Reykjavíkurbúa til þess, að halda hann, þángað til verzlunarmálið og tekjustofnar sjálfra þeirra eru komnir í fast horf. Eg vil því áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis þar að lútandi; því eg vil fyrir eingan mun, að málið

falli niður, og að staðarbúar þannig leiti forgefins á alþingi um þetta mál í annað sinn.

P. Pèturssou: Tveir nefndarmenn hafa nú talað um áætlun þá, sem nefndin gjörði í tilliti til skólabyggingarinnar, og hafa ekki ástæður þær, sem þeir hafa til færi, getað sannfært mig um, að áætlunin sè ekki of lág. Eg held það hefði verið nauðsynlegt fyrir nefndina, að gjöra um þetta vissa og greinilega áætlun, og eins um það, hve mikið bærinn gæti látið í tè af sínum eigin kröptum, svo stjórnin og þingið hefði eitthvað víst að byggja á. Að 5000 rbdd. verði of lítið fè til barnaskólabyggingar hèr, eigi skólinn að fullnægja þörfum bæjarins, og samsvara því fyrirkomulagi hans, sem nefndin hefur farið fram á, þar um ætla eg því síður að fara mörgum orðum, sem eg held, að bygging allra opinberra húsa hèr í bænum sanni þetta til hlítar. Það er svo vant að vera, að þegar hið opinbera þarf að láta byggja hús, eða jafnvel þegar fleiri en einn eiga að standa fyrir verkinu, þá vinnst svo að því, að allt verður helmingi dýrara en annars. Þó eg ekki vilji taka samlíkingu eða draga ályktun af þessu húsi, sem við erum staddir í, þá verður manni þó ósjálfrátt að detta í hug það óvenjulega fè, sem það hefur kostað, og þó er þetta skólahús að eins ætlað 60 lærisveinum, en barnaskólahúsið ætti að vera fyrir 100 eða 160 börn, og þar að auki hefur nefndin ætlazt til, að 2 kennarar hefðu þar aðsetur sitt, hvar af annar sjálfsagt væri giptur og byggi niðri í stofunni. Menn gætu hèr helzt tekið dæmi af gildaskálanum nýja hèr í bænum, sem hefur kostað allt að 6000 rbdd., og þar var þó öll hagsýni við höfð; og sjálfsagt yrði barnaskólinn stærri, eins og líka því húsi þyrftu að fylgja útihús fyrir mó og fleira, sem gildaskálann vantar. Eg get því ekki skilið í, að bygging skólans mundi kosta minna en hèr um bil 8000 rbdd., og áskil eg mèr það undirbreytingaratkvæði við breytingaratkvæði þingmanns Skaptfellinga, að stjórnin vilji veita 8000 rbdd. lán, til að byggja skólann og nauðsynleg útihús fyrir. Hvað mótollinn snertir, þá held eg, að framsögumaður hafi gjört of lítið úr því fè, sem þannig feingist; því eg held mótóllurinn mundi nema 200 rbdd. Setjum, að hèr í bænum sèu 200 húsfeður, og hver taki eða kaupi 100 hesta mós, sem er nú mikils til of lítið, þá verða það 20,000 hestar, og ef 1 sk. er tekinn af hverjum hesti, þá verða það 200 rbdd. Því hefur verið hreift, að þessi tollur legðist á kaup-

endur; en það ætla eg ekki mundi verða; því verði mórinn dýrari, en hann nú er, þá verður betra, að brenna steinkolum, eins og margir hèr eru byrjaðir á. En annað mál er það, hvort það sè bænum hollt, eins og eg gat um áðan, að láta þannig hvern einn skemma mótakið og umturna því, eins og hann vill; það er óregla, sem ætti að koma í veg fyrir með öðru móti, en leggja toll á hana. Ekki sè eg neitt sèrlegt á móti því, að leggja toll á hestagaungu og skipsuppsátur; en hvorki mundi þetta nema mjög miklu, og svo viðkemur það mál, eins og um móinn, einkanlega bæjarstjórninni.

Á. Einarsson: Það hefur verið sagt, að ekki hafi verið við barn að berjast, þar sem frumvarp stjórnarinnar hafi verið; en eg held, að *þingið* fari að berjast við börnin í Reykjavík, ef *það* vill, að málið falli nú niður. Mèr sýnist það líka undarlegt, ef stjórnin er beðin að fresta málinu, og undir eins um frumvarp, en þó eingar uppástúngur sendar. Eptir allar þær leiðbeiníngar, sem stjórnin hefur feingið frá embættismönnum í Reykjavík um þetta mál, hefur hún þó samið frumvarpið, og er eg hræddur um, að þingið fái ekki þær upplýsíngar til næsta þings, eða fjárstyrk, eptir því sem hèr hafa farið fram ræður í dag, að það verði þá færara til, að segja álit sitt um málið en nú.

Mèr virðist nú tvennt fyrir höndum, annaðhvort að biðja stjórnina um styrk, líkt og þingmaður Skaptfellínga stakk upp á, eða að fella málið algjörlega niður, og bæjarmenn reyni sjálfir, að koma kennslunni á; en til þess þurfa þeir ekki frumvarp frá stjórninni, ef hún vill ekkert styrkja þá. Eg saknaði þess úr nefndarálitinu, þegar bent var til, hvernig tekið væri skipagjaldið í Rússlandi, að þess var ekki getið um leið, að Rússakeisari stofnsetti 6000 almúgaskóla á einu ári, og því eru menn svo kurteysir, að voga ekki að biðja okkar milda konúng að styrkja til, að koma einum barnaskóla á fót á öllu Íslandi, og það í þeim stað, sem mest er álitin nauðsyn til þess, og sè nauðsyn til þess, hvað leingi á að draga það? Kvennfólkið er nú farið að stofna kennslu handa stúlkubörnum, og er líklegt, að karlmennirnir verði ekki eptirbátar, ef þingið vill ekki biðja stjórnina að skerast í þetta mál, meir en hún hefur gjört; enda hefur börnum verið kennt hèr í nokkurs *konar* skóla, síðan barnaskólinn hætti; en ef því verður ekki haldið leingur áfram, og málinu þó frestað enn, eg veit ekki

hvað leingi, þá er það vottur þess, að menn annaðhvort ekki *vilja* eða *þurfa* barnaskóla í Reykjavík, og þó er hvorttveggja viðurkennt.

Eg vil ekki tala um skattauppástúngur nefndarinnar, þar svo er mikið búið að því, og eg hef álitið það mál bæði óviðkomandi nefndinni og þínginu að þessu sinni, þegar litið er til þess í ástæðum frumvarpsins, hvor þau 2 atriði sèu í málinu, sem eiginlega hafi heyrt undir þingið.

Hvað ágreiníngi þeim viðvíkur, sem risinn er út af launum yfirkennarans við barnaskólann, þá held eg það mætti vera full hvöt fyrir hann, að rækja vel embætti sitt, þegar hann ætti von á, að það mælti vel fram með honum til embættis síðar, og hann ætti með því endurlausnarvon frá þessu mæðusama og leiðinlega starfi, sem kallað hefur verið.

Eg vona, að þingið hugsi sig vel um, áður en það fellir málið niður, eptir allar þessar umræður; því enn er tími til, að bera upp breytíngaratkvæði, er málinu kynnu að vera til styrkíngar, og verst þykir mèr, að biðja um nýtt frumvarp, ef málið verður nú fellt.

H. Stephensen: Það er nú þegar búið að tala mikið um meiníngar mínar, þær sem eg lèt í ljósi áðan, og hafa sumir orðið til að mótmæla sumum þeirra, en sumir aptur verið sumum þeirra meðmæltir. Eg hef allt af verið þeirrar meiníngar, og er það enn, að þessu þingi geti ekki komið við, að hugsa um barnaskólastofnun í einni sèrstakri sveit á landinu; en fyrst að stjórnin hefur nú skotið því fyrir þingið í þetta sinn, þá ætla eg, að það sè sjálfsögð skylda þess, að íhuga það mál vandlega, og segja stjórninni svo greinilega frá áliti sínu á því, sem unnt er. Eg get enn ekki komizt niður á þá meiníngu, að það sè skylda landsmanna yfir höfuð, að hjálpa Reykjavík til þess, að stofna barnaskóla hjá sèr, eins og eg ætla það ekki sanngjarnt, að Reykjavík ætti að skyldast til, að hjálpa hverjum einstökum hreppi á landinu, til að koma slíkri eða viðlíkri stofnun upp. Hvað ríkidæmið snertir, þá ætla eg, að það verði aldrei hrakið, að Reykjavík sè lángríkasti hreppurinn á landinu; því bæði eru þar mestir peníngar í veltu, og yfir höfuð mest fè í brúkun. Það er sjálfsagt, að helzt of mikið geingur raunar út úr henni af fè þessu, og að þar eru einnig margir fátæklíngar, og fleiri en í nokkrum öðrum hrepp, sem náttúrlegt er eptir fólksfjöldanum. Eptir orð-

um hins háttvirta 3. konúngkjörna þingmanns er ekki að búast við, að af 160 börnum gángi fleiri en 100 í skólann, og kann ske færri, og það einmitt fátækra manna börnin, sem ekki eiga kost á, að fá aðra menntun. Þetta þykir mèr nokkuð undarlegt, því eg bjóst við, að ríkismennirnir mundu gánga á undan öðrum í þessu, og efalaust greiða 1 rbd. með barninu um mánuðinn, eins og eg stakk upp á, og þar að auki gefa skólanum gjafir. Hinn sami háttvirti þingmaður sagði, að það væri ekki rètt, að ætla 1. kennaranum við skóla þennan lítil laun, og það er víst satt; en eg ætla honum nægi 3 eða 4 hundruð dala, þar sem embætti þetta ætti að minni hyggju að vera vegur og meðmæling til góðs prestakalls á eptir. Eg held og, að því leiðinlegra sem það embætti er, eins og þingmaðurinn sagði, því síður ætti að halda manni við það æfilángt. Það er og meining mín, að, ef 2 kennarar eru, þá muni hinn 2. kennari jafnan reyna til, að verða 1. kennari, þegar það sæti losnar, svo einatt verði sá kunnugur allri tilhögun í skólanum, sem það embætti hefur. Framsögumaður sagði, að 1. kennari við skóla þennan þyrfti að vera sèrstaklega menntaður, og það gef eg vel eptir. En hvaðan fáum vèr þann mann hèr, þar sem enginn slíkur kennaraskóli er, og ekkert nema latínuskólinn og prestaskólinn. En fáist einn slíkur kennari fyrst, þá er vonandi hann fáist æfinlega; því líklega yrði hann skyldur, að vera við embættið í 5 ár, eins og prestarnir á fátæku brauðunum, til þess það mæli með honum, og þá ætla eg undirkennaranum að vera orðinn fær um, að koma í hans stað, og svo fram eptir því um hina. Hann gat þess og, að ekki ætti að neyða menn til, að láta börn sín gánga í skólann, heldur einúngis til þess, að uppfræða börn sín, og játa eg það, að hart er, að vera neyddur til þess, sem maður vill ekki; en eg hèlt, að það mundi aldrei þurfa að neyða neinn til þess, að nota skólann, ef hann væri góður; en ef hann er ónýtur, þá vil eg hann ekki heldur handa fátæku börnunum; því þau þurfa allt eins góðrar menntunar við og hin, og kann ske fremur; því þar sem ríkismaðurinn getur haldið á fram að mennta sitt barn, eptir að það er komið úr barnaskólanum, þar getur hinn fátæki það ekki, og hans barn verður að búa að því, sem því var þar kennt. Framsögumanni þótti það ankanalegt af mèr, að eg skyldi stínga upp á því, að hluttektin í gjöf *Thorchillii* færi eptir hlutfalli því, sem var á fólkstölu Reykjavíkur við annan

hluta Kjalarnesþings, þegar gjöfin var gefin, eða 1759, og fór hann einhvern veginn á þá leið orðum um það, að Reykjavík hefði þá ekki verið til. Hann hefur með því án efa meint, að Reykjavík hafi þá ekki verið orðinn kaupstaður; því það vita bæði hann og aðrir, að hún var til; því hún er allra bæja elzt á Íslandi.

Framsögumaður barðist fyrir því um daginn, að tómthúsmennirnir feingju kosningarrètt, af því þeir væru svo duglegir menn, að minnsta kosti í Reykjavík, en nú segir hann, að þeir geti það ekki, sem hver staularabóndi í sveit gjörir orðalaust og án annara aðstoðar, en það er, að uppfræða börn sín, á meðan þau eru úng.

Uppástúngur þær, sem eg gjörði, gjörði eg af því, að eg hèlt, að mál þetta mundi ekki verða fellt hèr á þinginu, og af því að eg gat ómögulega fellt mig við brennivinstollinn nefndarinnar. Mèr þótti það ótilhlýðilegt, að leggja slíkan toll á þá, sem skipta við Reykjavík. Hinn 5. konúngkjörni þingmaður hefur sýnt fram á, bæði hversu saungjarnt væri, að leggja toll á móskurðinn, og hversu mikið hann mundi gefa af sèr. Eg byggði hann nú einkum á því, að eg ætlaði, að tómthúsmenn ættu ekki rètt á, að róta upp jörðinni, og rífa sundur landið fyrir þeim, sem það hefðu til brúkunar. Á þessu sama byggði eg og toll af skipsuppsátri; því eg hèlt, að tómthúsmenn mundu ekki heldur eiga neitt tilkall til þess fyrir ekkert, þó eg viti raunar ekki, hvernig samninga þeir kunna að gjöra, þegar þeir setja sig hèr niður, ef þeir setja sig ekki niður þegjandi, og íleingjast hèr, þángað til þeir annaðhvort eru reknir í burtu, eða hefðast inn í fèlagið. Eg veit heldur ekki betur, en að það sè siður annarstaðar í Gullbríngusýslu, að taka leigu eptir skipsuppsátur, og það fyrir 2 manna far 20 fiska, og eg ætla, að fyrir skipsuppsátur sè í flestum veiðistöðum á landinu tekinn einhver tollur, og þá fannst mèr eingin óhæfa í því, að það væri einnig gjört hèr í Reykjavík. Eins held eg og, að það sè á eingu byggt, að tómthúsmenn eigi rètt á, að hafa hesta í annara landi, og það manna, sem einatt eru að kvarta yfir því og klaga það; en eg veit, að það er hið bezta 60 fiska virði fyrir þá, að eiga þannig hest hèr í Reykjavík. Eg veit ekki, hvort þeir telja hestana sína einu sinni til tíundar; þó er mèr næst geði, að halda það farist fyrir á stundum. Eg sè því ekki, hvers vegna ekki mætti leggja

ofur-litið gjald á hesta þessara blessuðu tómthúsmanna. Hvað nú það snertir, að brennivínssalan muni minka við það, ef tollur kemst á það, þá er það eins víst, að því meira, sem brennivínssalan minkar, því minni verður og tollurinn, og undir eins minna gagn af honum fyrir barnaskólann. En hvað hitt snertir, sem hèr hefur nú verið sagt, að þessi tollur kunni að auka drykkjuskap í landinu, þá vil eg alls ekki leggja með því; því vèr höfum nóg af honum, þó hann sè ekki aukinn. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Snæfellinga vitnaði til manntalsfiskanna, til að helga með álögur nefndarinnar á útróðrarmenn, þá vil eg geta þess, að menn vildu ekki fella hann, af því menn voru hræddir um, að þá mundu landsmenn biðja um, að svo mörgum gjöldum yrði lètt af sèr; en eg ætla, að það sè eingin ástæða til þess, að leggja nú spánýjan toll eða gjald á, samkynja honum, og eingu sanngjarnari; því það held eg sè með öllu ótiltækilegt. Hann sagði og, að 4 rbdd. um árið væru ekki nóg kennslukaup með barni, en vildi þó helga það með því, að draga dæmi af meðgjöf með sveitarómaga. En eg ætla það fjarstætt í slíku máli, sem hèr ræðir um, að miða við það, hvað lagt er með sveitarómaga; því það er ætið minna, en þarf, og gjöra menn það til þess, að þurfa ekki að svara miklu út í einu, og margir vilja heldur hafa ómagann hjá sèr, en leggja honum til annara; því það er síður tilfinnanlegt, að gefa honum mat á hverjum degi, kann ske 8. eða 9. manni, en að svara þeirri fúlgu í einu lagi, sem búið, ef til vill, ekki þolir, hvort heldur það er í mat eða öðru. Eptir þessu má nú öldúngis ekki fara, þegar verið er að tala um meðgjöf með barni í skóla. Hinn sami heiðraði þingmaður barðist og fyrir því, að allir borguðu jafnt með börnunum, af því það væri svo *fagurt;* en mèr sýnist það einmitt *ófagurt,* að fátæklingurinn borgi eins og hinn ríki. Hann sagði og, að hinn ríki maður gyldi í raun-inni meira til barnaskólans en hinn fátæki; því hann gyldi meira af því, sem jafnað yrði á bæjarbúa. En nefndin, og að minnsta kosti eg, hef ætlað svo til, að eingu þyrfti að jafna á bæinn handa skólanum sèr á parti. — *(Framsögumaður*: Jú, nefndin hefur ætlað til, að á bæinn yrði jafnað niður 3 eða 4 hundruðum dala handa skólanum*)* —. Jú, ef brennivínstollurinn hennar yrði ekki svo hár, að það yrði óþarfi. Eg vona annars, að þingið biðji stjórnina um, að þessu máli verði frestað, þáng-

að til menn eru komnir að einhverri undirstöðu í því, og einhver vegur sèst til, að fá því framgeingt.

Ó. Sivertsen: Eg stend ei upp af því, að eg hugsi mèr að geta glöggvara skýrt málefni þetta, heldur en nú er þegar gjört í laungum fæðum þar að lútandi. En af því meiningarnar sýnast fara í ýmsar áttir, leyfi eg mèr að grípa nokkuð á einfaldri skoðun minni. Ef mönnum er annt um limina, hygg eg mönnum ætti ei síður að vera annt um höfuðið. Eg kveð ei svo að orði af því, að Reykjavík kallast höfuðstaður hèr, heldur kalla eg þennan barnaskóla, ef hann kemst á, svo sem þann fyrsta barnaskóla, höfuð þess konar skóla í landinu, sem víst munu sumstaðar þarflegir, þó eg eingan veginn segi það af því, að eg haldi ei mest af foreldralegu kennslunni alstaðar til sveita, og álíti hana betur henta en barnaskóla þar; því eg þekki enda svo mikið, að margir úngir menn úr þvílíkum skólum erlendis eru eingu betur að sèr, en sveitamenn hèr, nema miður sè. Hèr í Reykjavík ætla eg sè öðru máli að gegna; því hygg eg, að menn ættu að halda því örugglega fram, að fá barnaskólann stofnsettan sem fyrst, og leita meðalanna, sem til þess þurfa. Nefndin hefur nú að nokkru leyti byrjað á því; en bæði er, að þau munu ekki nægja, og svo hafa þau meðöl ærið misjöfn álit. Um Jóns sáluga Þorkelssonar sjóð er nú komin svo biltíngafull skoðun, að mèr sýnist eins og önnur hlið hans sè orðin að *grílu,* sem mig stuggar við, hin hliðin að einhverjum *ginnandi glampa,* sem eg get ei horft á, enda virðist mèr ei fylla mikla þörf skólans það, sem um er talað að leggist til frá honum, svo eg held það þýði ei svo mikið, ef aðrar dálítið stærri styttur mætti finna. Hvað brennivínstollinn snertir, þá segi eg það satt, að mèr er ei svo vel við sölu og drykkju þess, að eg geti ei vel vitað, að tollur komi á það, en þó þykir mèr hann nokkuð ísjárverður, sè hann svona lagður á. Mèr virðist hann komi miður við fyrir barnaskóla, og eigi heldur heima hjá landskatti, sem leggjast eigi á með skattgjaldslögunum á sínum tíma. Fyrirkomulaginu á tolli þessum eins og nefndarálitið kveður upp, kem eg eigi vel fyrir mig; mèr þykir það mikið tvísýnt; eg veit ei, hvernin fer um þennan toll af staupum, pelum og þess konar smákaupum brennivínsins, eða hvort það muni ei leiða eptir sig, að margir hlaupi til og kaupi brennivín í hvert skipti meira en svo, að nemi tolli, og á hinn bóginn, hvort seljend-

ur mundu ætið og alstaðar segja til smákaupanna, sem tollur lægi við; eða hvar er lögreglustjórn, sem jafnan gæti gáð að því? Eg verð þess vegna að fallast á breytingaratkvæði hins heiðraða varaforseta, um skipsuppsátur, mótak og hrossabeit. Eg veit ei betur, en víðast hvar í verstöðum sè goldið fyrir skipsuppsátur og fiskireiti, og jafnvel fyrir uppsátur í veiðistöðu, þó skipið sè mjög lítið brúkað til fiskiróðra; því mætti það þá ei vera eins hèrna? Eg veit hvergi til, að ei sè goldið fyrir mótak þeim, sem land á, eða býr á því. Ætti þá eigi að vera eins hèr? og eg held, að hvorttveggja þetta gjald gæti orðið nokkurs vert. Um hrossabeitartoll get eg ei, sem miður kunnugur, sagt, hvort miklu muni nema; hitt veit eg, að hann er sanngjarn, þegar menn vita, hver hagaþraung hèr er, og hvern usla hrossin gjöra í högunum, þegar menn annarstaðar í landinu verða jafnvel að borga hagabeit fyrir 1 eða 2 sauðkindur, og því heldur fyrir fleiri. Það veit eg líka, að nokkuð töluvert muni vera hèr til af hestum, þegar eg hef sèð heilmörgum hrossum safnað saman til *útreiða* strax á sunnudagsmorgna, á *undan* og *um* messutíma, sem eg hef ei vanizt í sveitum, þó fjölskipaðar hafi verið åf hrossum. Eg held því, að þetta talda, og má ske fleira því um líkt, gæti orðið talsverður styrkur fyrir barnaskólann hèr, og þótt það yrði ekki nóg, sem mèr skildist þó vera varaforseta meining, hygg eg menn ættu allra-þegnsamlegast að biðja stjórnina um styrk til skólans í bráð, meðan ei rýmkast um verzlunina, og þángað til sú umbeðna frjálsa verzlun kemst á. Eg held þeir efnuðu í bænum ættu fúslega að borga vel kennslu barna sinna í skólanum, og sveitarstjórnin annast um borgun fyrir kennslu fátækustu barnanna, eins og sveitirnar á landsbyggðinni gjöra um kennslu þeirra barna, sem þær eiga að annast, og eg vona menn felli ei þetta umvarðandi málefni, að barnaskóli þessi stofnist hèr hið bráðasta.

G. Einarsson: Það eru nú þegar orðnar lángar umræður um þetta mál, og menn þó, að eg hygg, litlu nær takmarkinu, út frá hverju eg ætla að nefndin þegar hafi villzt upphaflega, og því komið ruglíngur á alla þá rèttu og verulegu skoðun. Það hefur verið tekið fram hèr á þíngi í umræðum um þær þegnlegu uppástúngur nefndarinna, að menn ættu að halda sèr við efnið, og fara ekki út í smásálmana; en því skyldu menn þá ekki gæta þessarar reglu, þegar um konúnglegt frumvarp er

að gjöra? Það tekur þó skýrt fram, hvað vera skuli æthunarverk þingsins, nefnilega tvennt, að segja álit sitt um, hvort ekki skuli stofna barnaskóla í Reykjavík, er bæjarbúar séu skyldir til að láta börn sín menntast í, ef þeir ekki sjá fyrir uppfræðing þeirra á annan hátt, og hvort ekki skuli jafna kostnaðinum niður á bæjarmenn, að því leyti, sem fé það ekki hrökkur til, sem ákveðið er til stofnunar og viðurhalds skólans. Hvað nú þetta fé er, veit eg ekki af öðru en nefndarálitinu, sem segir, að þar með meinist gjafir til skólans, sektafé fyrir afbrot gegn skólalögunum, og kennslufé með börnunum. Nú mun allt þingið vera samdóma nefndinni í því, að barnaskóla þurfi við hér í Reykjavík; en þá er að tala um kostnaðinn; og þegar hann er virtur fyrir sér, þá átti nefndin að ráðfæra sig þar um við bæjarstjórnina, og gat til leiðbeiningar fyrir þingið tekið áætlanir þar af inn í nefndarálit sitt, eins og hún hefur líka að nokkru leyti gjört; en þessir aukatollar mega engan veginn koma fram í aðaluppástungunum, nè heldur að gjöra um þá breytingaratkvæði; enn síður á það við, að fara að hreifa hér nýjum tolli, og vilja fara að innleiða hann um allt land. Eg álít því hvergi eiga skylt við þetta mál þau breytingaratkvæði, sem hér hafa verið borin upp um þessa smátolla, og þegar nú nefndin og þingið sér, að hér vantar fé, þá er ekki annað til, en annaðhvort að ráða hreinlega frá frumvarpinu að svo komnu, eða þá gánga með eindregnum anda inn á breytingaratkvæði þingmanns Skaptfellinga, og er eg helzt á því, því eg kalla það í alla staði tiltækilegt, að fara slíks á leit.

Framsögumaður: Eg verð líka að vera á því, sem þingmaðurinn, sem nú settist niður, sagði, að menn ættu ekki í þessu máli að stinga upp á öllum þessum smágjöldum. Það er víst, að það er full ástæða til, að leggja á nokkur slík gjöld hér í Reykjavík, og hefur verið opt rætt um, að koma nokkrum af þeim á, en þau eiga að leggjast til bæjarsjóðs, ekki til skólans, og að öðru leyti er hér í mörg horn að líta, og ýmsar stofnanir, sem þyrftu að komast á, eg vil að eins benda til sóttvarnarhaldsráðstafana. Það hefur verið sagt, að nefndin hafi ekki haft neina ástæðu til, að gjöra uppástúngu sína um brennivínstollinn, en eg vil þó biðja menn að athuga, að nefndin gat ekki komizt til annarar niðurstöðu, en að útgjöld skólans yrðu of mikil í samanburði við tekjurnar, og þá finnst mér nefndin hafi verið í

sínum fullkomnasta rètti, þá hún stakk upp á þeim tekjum, sem gætu gjört það mögulegt, að stofna skólann, og þó brennivínstollurinn verði eptir uppástúngu nefndarinnar ekki einúngis Reykjavík að góðu, heldur einnig öðrum kaupstöðum landsins, og tollurinn þannig snerti ekki að eins Reykjavík, heldur meðfram aðra staði landsins, þá sè eg ekki, að nefndin hafi þar með farið út fyrir ætlunarverk sitt. Menn hafa sagt, að nefndin vildi leggja álögur á allt landið handa Reykjavík, eða Reykjavíkur vegna, en menn verða þó að gæta að því, að Reykjavík hefur ekki gagn af öðru en því, sem selst þar á staðnum, og þannig hvert umdæmi af því, sem selst í kaupstöðunum í því hèraði, og hafa allir þeir staðir jafngott af tollinum eptir tiltölu, og er það kunnugt, að þörfin til barnaskóla er víðar en í Reykjavík, og mikil nauðsyn á, að koma þeim á; eg vil að eins nefna Eyrarbakka, hvar skóli hefur verið í vetur, Hafnarfjörð, Vestmannaeyjar, Akureyri og víðar. Það er reyndar sjálfsagt, að það má segja, að álögurnar sèu að nokkru leyti lagðar á sveitamenn, sem koma til kaupstaðanna, en í fyrsta lagi vil eg spyrja, hvaða álögur það eru, þar sem hverjum einum er það innan handar, að kaupa þeim mun minna af þessari ónauðsynja-vöru, sem honum er sjálfum ætið bezt að kaupa sem minnst af? og veit eg, að hèr er enginn á þingi, sem ekki vildi, að þessir peníngar væru sparaðir; og í öðru lagi er þess að geta, að sveitamaðurinn hefur líka gagn af því, að almenn upplýsíng fer vaxandi í öllu landinu, eins og ætti að verða af skólunum, og loksins gefst sveitamanninum tækifæri til, að láta kenna börnum sínum það, sem þeir annars ekki mundu hafa færi á að læra. Sú mótbára kom líka fram gegn brennivínstollinum, að menn færu þá að drekka meira en áður, að sá, sem ætlaði að eins að kaupa 20 potta, hann keypti kann ske 40 potta, til þess, að komast hjá, að borga tollinn. Eg held nú reyndar það mætti vera einhver sèrstaklega lyntur maður, sem slíkt gæti dottið í hug. Að öðu leyti er það eingin furða, þó brennivínstollur þessi mæti mótspyrnu; það er ætið vant að vera svo um nýjar álögur; en eg gæti vel ímyndað mèr, að uppástúngur um hann kæmu optar fram á þínginu, og mundu menn seinast sannfærast um gagnsemi hans. Hinn háttvirt 5. konúngkjörni þíngmaður heldur, að til skólahússins muni þurfa 8000 rbdd.; það er nú sjálfsagt, að áætlanir um slíkt eru ætið vandasamar og óvissar, og er þess getið í nefndarálitinu, að

sumir nefndarmanna hafa verið hræddir um, að útgjöldin mundu verða meiri, en gjört var ráð fyrir; eg skal því ekki beinlínis mótmæla áliti hans í þessu tilliti, en eg verð samt að geta þess, að húsið handa barnaskólanum má með eingu móti bera saman við það, sem við stöndum í; það er þó sá mikli munur, að í barnaskólahúsinu eiga börnin ekki að sofa á nóttunni, og kennurunum þyrfti ekki að ætla mikið herbergi. Hvað hinum einstöku tollum viðvíkur, sem rætt hefur verið um, þá er sjálfsagt mögulegt, að fá 200 rbdd. upp úr mótollinum, en þar af fer mikið í kostnað til umsjónarmanna, o. fl. Af mómýrunum hafa verið úthlutuð mönnum móstál, til að taka upp mó sinn í, og held eg maður gæti ekki lagt á hvert fet í þeim þannig úthlutuðu plázum. Hinn háttvirti varaforseti hélt, að beztu mennirnir mundu keppast við, að gefa skólanum; það getur nú skeð, en eg held reynslan sýni það, að þó menn hafi ást á einhverju fyrirtæki í fyrstu, og gefi til þess fyrst, þá kólnar það fljótt. Að því leyti eg talaði máli tómthúsmanna um daginn við umræðuna um kosníngarlögin, þá er þess vel að gæta, að sumir af þeim kunna að vera sæmilega efnaðir menn, en margir eru aptur fátækir, og er hitt þá svo sem undantekníng. Að því leyti þess var getið, að hèr mundu viðgángast tíundarsvik, þá mun það vera víðar en hèr; mèr er nær að halda, að sèrhver hinna heiðruðu þíngmanna, sem hèr sitja, muni hafa af því sama að segja, hver úr sínu hèraði. Hinn háttvirti þíngmaður Barðstrendínga fór nokkrum orðum um, hvernig menn gætu vitað, hvað mikið selst af brennivíninu; hann mun ekki hafa tekið eptir því í nefndarálitinu, að þar er sagt frá, að í Noregi er búin til áætlun um, hvað mikið muni seljast á hverju í hönd farandi ári, og mætti því haga eins hèr. Eg skal loksins geta þess, að það verulegasta í nefndarálitinu er í rauninni það, að frumvarpinu verði frestað, þángað til einhverjar vissar nægilegar tekjur verði útvegaðar skólanum, hitt er miður verulegt, uppástúngur þær, sem nefndin hefur gjört um, hvernig bæta skyldi úr þessari þörf skólans, og sem reyndar voru þær beztu, sem nefndin gat fundið, og er það ætíð gott, að þíngmönnum nú hefur gefizt tækifæri til, að segja álit sitt um þær.

Konúngsfulltrúi: Það eru einúngis 2 athugasemdir, sem mèr þykir nauðsynlegt að gjöra við þessa umræðu málsins. Sú fyrri á að vera þínginu til leiðbeiníngar, og hefur orsakazt af nokkrum umræðum, sem hèr hafa farið fram í dag. Nefnd

sú, er komið hefur sèr saman um það álitsskjal, sem nú er undir umræðu, er skipuð þeim mönnum, sem bæði eru svo vitrir og gagnkunnugir högum Reykjavíkurbæjar, að eg fyrir mitt leyti treystist eingan veginn til, að bera brigður á þá sögusögn þeirra, að bæjarmenn sèu ekki færir um, að bera þann kostnað, er stofnun og viðhald barnaskólans útkrefur, þegar þessi kostnaður einúngis ætti að greiðast með niðurjöfnun á bæjarbúa, og ekkert fè annað er fyrir hendi, til að lètta undir hann. Þegar nú svo á stendur, og eingin önnur ráð eru fyrir hendi, en að stínga upp á nýjum álögum, er þurfa samþykki stjórnarinnar, fæ eg ekki betur sèð, en að nefndin hafi verið neydd til, að stínga upp á því, að fresta málinu, og eg verð því að ráða þínginu til, að fallast á þá 3. uppástúngu nefndarinnar.

Hin önnur athugasemd mín er einúngis gjörð fyrir nefndina, og óska eg, að nefndin vildi taka hana til nákvæmlegrar yfirvegunar, áður en atkvæðaskráin er samin, og málið fer til síðustu umræðu. Nefndin hefur í 2. uppástúngu sinni farið því á flot, að í öllum kauptúnum hèr á landi verði tollur lagður á brennivínsveitíngu og sölu, og að tolli þessum verði varið til þess, að stofna og við halda barnaskólum í hinum einstöku lögsagnarumdæmum landsins. En eg verð að álíta það eiga mjög illa við í svo einstaklegu málefni, sem þetta er, þar sem einúngis ræðir um, að stofnsetja barnaskóla í Reykjavíkurbæ, að stínga upp á því, að leggja toll og álögur á allt land, og það þó ei í almennar þarfir, heldur til einstaklegra stiptana á einstöku stöðum, sem menn hèr á þínginu einga næga upplýsíngu hafa um hvort þar verður á fót komið, hvort þær eru þar nauðsynlegar, og hvort menn óska þeirra þar eða ekki. Nefndin verður því, að mèr virðist, að stínga upp á einstaklegum álögum á Reykjavíkurbæ, hvers innbúar, eptir stjórnarinnar tilætlun, einir verða að bera þann kostnað, er flýtur af stofnun og viðurhaldi barnaskólans hèr í Reykjavík.

H. Stephensen: Eg vil einúngis geta þess, að mèr fannst það liggja í orðum þíngmannsins úr Dalasýslu, að þíngmenn ættu ekki með, að taka sèr breytíngaratkvæði í máli þessu. En eg hef allt aðra skoðun á því; hèr liggur fyrir nefndarálit, sem verið er að ræða, og ef nefndin hefur átt með, að stínga upp á brennivínstollinum, eins og framsögumaður leitaðist við að sanna í seinni hluta ræðu sinnar, eptir að hann í upphafi hennar var búinn að samsinna þíngmanninum, þá eiga líka

þingmenn eins með, að taka sèr breytíngaratkvæði við hann. Af því eg gjöri ráð fyrir, að þingið hafi ráð það, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi lagði því, þá vil eg ekki fara að svara hinum einstöku atriðum, sem framsögumaður kom með í ræðu sinni.

P. Sigurðsson: Eg hafði ekki ætlað mèr, að leingja þíngræður í þessu máli, sem eru orðnar æði-lángar. Eg hef hèr til verið á þeirri skoðun, að barnaskóli mundi vera þarflegur hèrna í Reykjavík, en eg sá ekki, að nefndinni hefði tekizt, að vísa mönnum á þau byggíngarefni, hvar af skóli þessi yrði reistur, og því hafði eg sömu skoðun, og sá háttvirti konúngsfulltrúi, að rèttast mundi, að fresta máli þessu. En af ræðu hins háttvirta framsögumanns fer eg að efast um, að bæjarbúum sè eins mikið kappsmál í, að fá hann, og látið er í veðri vaka, þar hann sagði, að þeir ríkari mundu ekki gefa mikið til hans, og þeir fátækari ekki mundu láta börn sín gánga í hann, ef þeir gætu kennt þeim heima; eg vil ekki heldur bera þau orð hans til baka, er hann segir um tómthúsmennina, því eg hef heyrt á tal nokkurra þeirra um þetta; framsögumaður yfir lýsir nú með þessu, að ekki sè áhugi sjálfra Reykjavíkurinnbúa svo fjörugur, að kosta upp á barnaskóla hjá sèr, eins og þó yfirlýst er, að nauðsyn sè á honum; það má líka sýnast, að þeir, sem byggja dýrðlegar hallir til íbúðar sjálfum sèr og veitíngahús, gætu sjálfir lagt mikinn styrk til, að koma hèr upp barnaskóla, ef bæði væri þar til vilji og samtök. Þetta sýnist og að nefndin hafi sèð, þegar hún greip til þeirra óyndisúrræða, að stínga upp á þessum brennivínstolli, og er furða, að henni gat dottið í hug, að mönnum upp til sveita mundi vera Reykjavík svo kær, að þeir vildu láta leggja toll á sig til þessarar stofnunar; því fyrir utan það, sem hèr hefur verið tekið ljóslega fram, að þvílíkir tollar eru öldúngis óhafandi á verzluninni, eins og hún nú stendur, þá mundu líka landsmenn kunna sèr það ráð, að kaupa í fèlagi 40 potta eður meira, til að losast við tollinn. Nefndin hefur líka með þessari brennivínstolls-uppástúngu farið út yfir takmörk þau, sem stjórnarfrumvarpið með ljósum orðum til tekur, að kostnaði þessum skuli jafna niður á bæjarmenn. Þau breytíngaratkvæði, sem borin hafa verið upp við málið, fara í sömu stefnu og frumvarpið, að þau stínga upp á ýmsum tollum hèr af bæjarbúum; þau get eg vel aðhyllzt, verði það ekki af ráðið, að

fresta máli þessu, sem eg álít rèttast. En að þessu sinni ætla eg ekki að taka mèr neitt víns- nè brennivíns-atkvæði, hvað sem eg gjöri seinna.

G. Brandsson: Það var einkum eitt atriði í ræðu hins heiðraða framsögumanns, sem knúði mig til, að standa upp. Þar sem hann var að áminna menn um, að líta ekki fyrirlitlega á mál þetta, þó það væri einstaklegt fyrir Reykjavík, þá veit eg ekki, hver ástæða honum gafst til þess; því þær laungu ræður, sem orðnar eru um þetta mál, held eg sanni það, að menn hafi fullkomlega gefið því gaum, og ætla eg þess vegna, að fyrirsláttur hans hafi verið óþarfur.

Ekki fæ eg enn vel skilið, hvernin nefndin gat farið að óska eptir, að barnaskólar kæmust á hingað og þángað út um landið, meðan henni gafst eingin átylla til þess, hvorki af frumvarpi stjórnarinnar nè af bænarskrám neinna landsmanna, og ekki heldur af uppástúngum nokkurs, eða nokkurra þíngmanna. Eg býst því við, að hún hafi gripið til þessa neyðarúrræðis, til að bjarga með brennivínstolli þeim, sem hún vildi að yrði lagður á um land allt; en að hinu leytinu skil eg nú ekki, að hvaða liði þessi brennivínstollur verður, þar sem framsögumaður endurtók áðan í ræðu sinni, að hann ætti að leggjast á til þess, að brennivíns veitíngar og sala mínkuðu eða hættu að mestu leyti, og er mèr óljóst, hvernin hann ætlar að koma hvorutveggja þessu heim.

Eg fór þess áðan á leit, að nefndin eða framsögumaður hennar skýrði fyrir mèr, hvort ætlazt væri til, að þeir 2700 dalir, sem Reykjavík hefur feingið úr *Thorchillii* sjóðnum, skyldu vera gjöf til hennar frá öðrum innbúum í Kjalarnesþíngi; en þessu hefur eingu orði verið svarað, og þykir mèr það nokkuð tómlegt. Eg ítreka þess vegna mótmæli þau, er eg hafði áðan um þetta, og eg get ekki annað ímyndað mèr, en að hver einn innbúi í Kjósar- og Gullbríngu-sýslu gjöri einmitt hið sama.

Framsögumaðurinn hefur sagt, að þó þessi barnaskóli í Reykjavík yrði ekki nema einn, þá gæti landið allt haft gott af honum; því menntunin frá honum mundi dreifast viðs vegar. Þetta getur nú vel verið; en hitt getur eins vel átt sèr stað, að únglíngar þeir í sveitum, sem eru vel uppaldir, geti seinna orðið Reykjavík uppbyggilegir, og er þá goldið líku líkt. Það hefur verið talað um, að barnaskóli þessi geti orðið, og eigi að verða,

eins konar handyrðaskóli fyrir stúlkubörn hèr í Reykjavík, og þá fer nú þetta að verða nokkuð svipað ætlunarverki búnaðarskóla þess, sem svo margt og mikið var talað um hèrna um daginn, og hvers vegna að sumum þótti ódæði að snerta *Thorchillii* sjóðinn. Eg sè því ekki betur, en að nefndin, eða nokkur hluti hennar, sè með þessu komin í eins konar mótsögn við sjálfa sig, og ætla eg þess vegna máli þessu betur frestað, eins og eg hef áður sagt.

J. P. Havstein: Það verður hèr sem optar, að auðurinn er afl þeirra hluta, er gjöra skal; en nú vilja efnin vanta. Umræðurnar hafa fallið svo, að eg held varla, að þingið fallist á brennivínsskattinn, sem nefndin hefur stúngið upp á, enda ætla eg, að hann eigi hèr ekki heima. Það á vel við, að minni hyggju, ef verzlunin verður gefin frjáls, að leggja skatt á allt brennivín, sem til landsins flyzt, en mèr finnst þá liggja beint við, að hann muni verða látinn gánga í landssjóðinn, en verði ekki inntekt sveitanna. Eg þykist nú vera sannfærður um, að stjórnin hvorki geti nè vilji leggja fè til stofnunar þess skóla, sem hèr er umtalsefnið, sízt nema hún sjái, að landsmenn þeir, sem þar eiga hlut að máli, að minnsta kosti sýni vilja hjá sèr, til að styrkja hann með einhverju. Menn hafa gjört ráð fyrir gjöfum, sem verða mættu þessum skóla til styrktar; menn hafa stúngið upp á ýmsum tollum handa honum, t. a. m. að leggja gjöld á móskurð, hrossabeit og skipsuppsátur hèr í Reykjavík, og held eg, að nokkuð mundi þó draga sig saman, þegar þar við bætist hæfilegur skólaskattur og kennslukaup. Svo hefur og verið farið fram á, að fá dálítinn part af vöxtum *Thorchillii* sjóðsins. En eg er hræddur um, að allt þetta verði samt ekki nóg til þess, að koma upp skólanum og halda honum við, og skal eg því taka mèr það breytíngaratkvæði, að allir vextirnir af barnaskólasjóði *Thorchillii* gángi til þess fyrirhugaða skóla, móti því, að fátækustu börnin úr Kjalarnesþíngi fyrir utan Reykjavík fái þar ókeypis kennslu og uppeldi, og get eg ekki betur sèð, en þessi uppástúnga mín sè samkvæm tilgángi gjafarans og orðum gjafabrèfsins.

P. Pètursson: Eg held, að það sè ljóst orðið af umræðunum í dag, að nefndinni hafi ekki heppnazt sem bezt, að búa til niðurlagið á álitsskjalinu. Eg er á þeirri meiníngu, að aðaluppástúnga nefndarinnar ætti að vera sú, að biðja um, að fresta málinu. Hinar uppástúngurnar, sem nefndin hefur gjört, eru

víst góðar sem bendíngar handa stjórninni, en þær eru ekki aðalatriði máls þessa eða það *principale*. Hèr er konúnglegt frumvarp, sem ræða skal, og þegar nefndin var komin niður á því, að hún gæti ekki ráðið þínginu til, að aðhyllast það, eins og það liggur fyrir, þá lá það næst fyrir hana, að ráða þínginu til, að biðja stjórnina, að fresta málinu, þángað til nægar tekjur feingjust handa skólanum, og vil eg skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort ekki muni vera bezt, að setja 3. töluliðinn sem aðaluppástúngu, og hinar uppástúngurnar síðan sem undirskiptíngar. Mèr finnst og nefndin hafa tekizt meira í fáng, en ætlunarverk hennar var, þar sem hún hefur farið að leggja ráð á, hvernig eigi að koma upp barnaskólum út um allt land. Eg er og samdóma hinum háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanni í því, að annaðhvort sè, að taka allan *Thorchillii* sjóð handa þessum skóla, eða ekki neitt af honum; því það yrði til þess, að gjöra hann öllum gagnslausan, ef farið væri að parta hann allan í sundur í smáhluti, eða stofna af honum marga smáskóla í ýmsum hreppum í Kjalarnesþíngi.

H. Stephensen: Framsögumaður sagði, að barnaskólinn í Reykjavík gæti orðið öllu landinu til nota, og játaði þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu honum í því, að það gæti orðið viðlíka, og góð uppfræðíng yfir höfuð í hverjum einstökum hrepp væri að vissu leyti öllu landinu til gagns, því við það jykist menntun í landinu. Eg er þessu nú öldúngis samdóma, en eg veit og, að nefndin hefur ekki ætlazt til, að landið hefði þetta gagn af skólanum; því hún segir, að tómthúsmennirnir í Reykjavík muni ala upp tóma staðarbúa, eins og þeir sèu sjálfir, og ef það væri ógjörníngur fyrir þá þess vegna, að eiga börn sín í barnaskóla upp í sveit, þá ætla eg það ekki síður óhentugt fyrir sveitabændur, að láta börn sín gánga í þann skóla, sem gjörði þau að staðarbúum; því bóndanum ríður á öllu öðru meira. Hvað það snertir, sem framsögumaður gat um, að móstálunum væri úthlutað til vissra manna, þá kemur það ekki mínu breytíngaratkvæði við; því eg talaði að eins um, að leggja toll á móskurð tómthúsmanna, sem ekkert land hefðu. Uppástúnga hins 2. konúngkjörna þíngmanns líkar mèr ekki, og ekki heldur nefndarinnar; því ef nefndin heldur, að Reykjavík ali upp staðarbúa, þá ætla eg, að sveitabóndinn ali, og eigi að ala upp bónda.

E. Kúld: Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður gjörði mèr

það að nauðsyn, að standa upp aptur, og hafði eg þó ekki ásett mèr það. Eg gat þess áðan, að eg þyrfti ekki að vera lángorður um það atriði, sem mig greindi á við nefndina. En þegar nú rís upp viðauka- eða breytíngar-atkvæði á þá leið, að taka allan skólasjóð *Thorchillii* handa barnaskólanum í Reykjavík, þá skil eg ekki vel í því, hvort þíngmaðurinn ætlast til, að þíngið eti það nú ofan í sig aptur, sem það er fyrir stuttu búið að samþykkja, nefnilega, að beðið verði um styrk af sjóði þessum handa einstökum fátækum únglíngi úr Kjalarnesþíngi, til að gánga í búnaðarskólann, ef hann kæmist á. Og eg veit sannarlega ekki, hvort þíngið gæti nú fallizt á þessa uppástúngu, án þess að gjöra sèr vanvirðu.

J. P. Havstein: Eg vil leyfa mèr að geta þess, að ákvörðun sú, sem tekin var um daginn um, að fá styrk af *Thorchillii* sjóðnum handa búnaðarskólanum, fèkk hèr mikil mótmæli á þínginu, og atkvæði þíngmanna fèllu þannig, að ei skyldi nema um 1 atkvæði, svo eg held þíngið hafi einga vanvirðu af því, þó það fèllist nú á þessa uppástúngu mína. Eg ætlast til, að þau börn, sem úr sveit væru, hefðu húsnæði og uppeldi heima hjá kennaranum í skólanum, og ekki get eg ætlað, að þau mundu spillast af því, að vera hèr um stuttan tíma í Reykjavík, undir umsjá valinkunns manns, eins og gjöra má ráð fyrir að skólakennarinn verði; því ekki mun öðrum verða trúað fyrir skólanum, en þeim einum, sem treysta má í siðferðislegu tilliti.

P. Sigurðsson: Þar eg af umræðum þeim, er orðið hafa í máli þessu, get ekki sèð, hvernig því verði ráðið til lykta, og menn hafa áskilið sèr mörg breytíngaratkvæði, þá ætla eg að áskilja mèr rètt til þess breytíngaratkvæðis, í framhaldi af því, sem hinn háttvirti varaforseti tók sèr með brennivínstollinn, svoleiðis: *að eptir sömu tiltölu verði lagður tollur á öll þau vínfaung, sem drukkin eru hèr í bænum af þessa lögsagnarumdæmis innbúum, að fráskildu öli, og vini því, sem haft er til guðlegrar brúkunar í kirkjum eða heimahúsum.*

G. Brandsson: Eg verð að þakka hinum 2. konúngkjörna þíngmanni fyrir það, að hann með breytíngaratkvæði því, sem hann nýlega tók sèr, hvatti mig til, að áskilja mèr annað breytíngaratkvæði, hvað eg og hèr með gjöri, og verður það á þessa leið, að sú uppástúnga nefndarinnar, sem fer fram á það:

„að barnaskólanum í Reykjavík verði eptirleiðis árlega lagðir 170 dalir af vöxtum Thorchillii *sjóðsins“*, falli burt.

H. Stephensen: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður mælti fyrir skemmstu um veru sveitarbarnanna í skólanum hèr, vil eg geta þess, að eg hef staðið í þeirri meiníngu, að skólinn yrði haldinn mestan hluta ársins, altènd eina 9 eða 10 mánuði, og álít eg það skaða fyrir þau, að vera hèr allan þann tíma, og fara þannig á mis við nám á þeirri sveitavinnu, sem þeim væri svo nauðsynlegt að kunna.

J. P. Havstein: Eins og ekki væri hægt, að gjöra einhverja undantekníngu í reglugjörð þeirri, sem gjörð yrði fyrir skóla þennan, um það, að sveitabörn þessi þyrftu ekki að vera þar eins leingi og hin.

H. Stephensen: Því ættu þau ekki að fá eins mikla menntun í skólanum eins og hin, þó þau sèu sveitabörn?

Á. Einarsson: Eg held, að nefndinni hafi ekki verið alvara, að fresta málinu, því þá hefði hún ekki farið að stínga upp á skatta-álögu í því skyni, að skólinn yrði stofnaður; annars hefði nefndin líklega farið líkt með þetta mál, eins og farið var með erfðafestumálið. Eg get ekki heldur haldið, að nefndin hafi viljað gefa tilefni til þessara laungu umræða, og láta svo ekkert verða úr málinu, en biðja þó um frumvarp síðar; því þetta hefði litið svo út, sem nefndin hefði verið að narra þíngið, og það hefur víst ekki verið meiníng hennar.

Eg get sagt hinum heiðraða *varaforseta* það, að mín meiníng var ekki, að allt landið bæri skólakostnaðinn með Reykjavík; en eg hef ekki viljað tala út í það mál, er eg hèlt að ekki væri ætlunarverk þíngsins að þessu sinni; en mig furðaði, að þegar hann var kominn svo nærri stakkstæðunum með uppsáturstollinn, að hann skyldi þá ekki muna eptir, að leggja toll á þau, og jafnvel kálgarðana; því mig minnir, að þessu væri hreift, þegar verið var að ræða um bæjarstjórnarreglugjörðar-frumvarpið fyrir Reykjavík, sem nú er orðið að lögum.

P. Pètursson: Eg held það hafi verið öldúngis rètt af nefndinni, að ráða þínginu frá, að taka frumvarpið, eins og það er; því hefði þíngið fallizt á það, þá hefði stjórnin getað gjört það að lögum, án þess þó að fallast á þær tekjur til skólans, sem nefndin hefur stúngið upp á, og þannig legðist þá sú byrði á Reykjavík, sem hún gæti, ef til vill, ekki risið undir.

Forseti: Þar eð nú tekur einginn til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið.

Eg hef feingið uppkast til bænarskrár frá alþíngi til konúngs viðvíkjandi *gjaftollinum* í Gullbríngusýslu og Revkjavík, og skal eg biðja framsögumann, þíngmanninn úr Gullbríngusýslu, að lesa það upp.

Bænarskráin var þá afhent framsögumanni, G. Brandssyni, sem las hana upp, og samþykkti þíngið hana svo hljóðandi:

Til konúngs.

Fulltrúi Gullbríngusýslu hefur borið upp á alþíngi bænarskrá frá allmörgum innbúum tèðrar sýslu um það, að gjaftollur yrði þar eptirleiðis goldinn og tekinn, eins og venja er til í Kjósarsýslu og í öðrum sýslum á landinu, svo og, að manntalsfiskagjald það, sem einnig á sèr stað í Gullbringusýslu, yrði tekið af.

Alþíngið kaus 3 manna nefnd í mál þetta, og ræddi það því næst á 2 fundum, og leyfir þíngið sèr allra-þegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt um málið, sem fylgir.

Það eru leidd skýr rök að því, að gjaftollstakan í Gullbríngusýslu sè allt öðruvísi, og komi miklu ójafnara niður á gjaldþegnunum, en hún kemur það annarstaðar í landinu; það er nefnilega í Gullbríngusýslu sú regla um gjaftolls-afgreiðsluna, að hún er eins mikil af þeim, sem tíundar 1 lausafjárhundrað, eins og þeim, er tíundar 9 hndr. í lausafè, en annarstaðar fer afgreiðslan eptir lausafjár-tíundarstofninum, og vex í jöfnu hlutfalli með honum, allt upp að skiptitíund, þannig, að af 60 álnum gelzt 1 fiskur, af 1 hndr. 2 fiskar, 2 hndr. 3 fiskar, 3 hndr. 4 fiskar, af 4 hndr. 5 fiskar, af 5—9 hndr. 10 fiskar, o. s. frv. Það er af þessu auðsætt, að sá ójöfnuður í afgreiðslunni, sem bænarskráin kvartar um, og biður að verði lagfærður, einkum og því nær að eingaungu kemur niður á þeim, sem fátækastir eru; því hann fer af, þegar hlutaðeigandi kemst í skiptitíund, eða tíundar 5 hndr.; en nú er svo ástatt í sýslu þeirri, sem hèr ræðir um, að þar er allur þorri bænda mjög lítt að efnum búinn, og eiga ekki svo mikinn lausafjár- tíundarstofn, að skiptitíund nemi; kemur þannig ójöfnuðurinn, eins og nú var sagt, mest niður á þeim, sem sízt eru færir um það. Þíngið hlaut að kannast við, að þessi ójöfnuður, sem eigi verður fundin nein nægilega rèttlætandi ástæða fyrir, ætti ekki að eiga

sèr stað í almennum skyldugjöldum, og finnur sèr því hlýða, að leggja sín allra-þegnsamlegustu meðmæli með því, að á þessu verði ráðin bót eptirleiðis í Gullbringusýslu, á þann hátt, sem í bænarskránni er beðið um; og að hinu sama lýtur álit þingsins, hvað gjaftolls-afgreiðsluna í Reykjavíkur-lögsagnarumdæmi snertir, þar sem allar þær sömu ástæður, sem mæla fram með innbúum Gullbringusýslu í ofangreindu efni, mæla fram með því í Reykjavík.

Þar á móti virtist þinginu ekki nægar ástæður til, að mæla fram með því, að manntalsfisksgjaldið verði að sinni af numið, eins og beðið er um; því þó þingið að vísu játi, að gjald þetta sè í eðli sínu óviðkunnanlegt, er það þó í sjálfu sèr bæði lítið fyrir hvern einstakan, og kemur, ef til vill, ekki síður fram á ríkum en fátækum, svo að þingið með 13 atkvæðum gegn 5 ályktaði, að fara ekki fram á breytingu í því að þessu sinni.

Samkvæmt því þannig tilgreinda kom þingið með 19 atkvæðum gegn 2 til þeirrar niðurstöðu í þessu máli, að senda yðar hátign bænarskrá:

1. með 20 atkvæðum gegn 1: *um það, að gjaftollur verði eptirleiðis tekinn í Gullbringusýslu, eins og hann er tekinn í Kjósarsýslu, og annarstaðar er landsvenja til;* og
2. með 17 atkvæðum gegn 2: *að gjaftollur verði einnig tekinn eptir sömu reglu í Reykjavíkur- lögsagnarumdæmi.*

Reykjavík, 1. d. ágústm. 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. G. Brandsson.

Forseti: Nú er þá ekki meira að starfa í dag, og skal eg ákveða næsta fund á morgun kl. 12; verður þá *prentsmiðjumálið* tekið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu, og *málið um peningaskort,* og að ráða bót á honum, til undirbúningsumræðu. Þá mun eg og leyfa mèr að skýra þinginu frá bókasafni alþingis og reikningi fyrir þeim 400 rbdd., sem til þess hafa verið lagðir, og sem eg mun leggja fram á lestrarsalinn, þingmönnum til eptirsjónar. Þá mun eg og biðja þingmenn að kjósa menn í nefnd, til að hafa umsjón yfir þessu bókasafni.

Fundi slitið.

2. ágúst — tuttugasti og áttundi fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það, sem kemur til meðferðar á þessum fundi, er fyrst *prentsmiðjumálið* til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Þessi breytingaratkvæði voru komin fram:

1. *Á. Einarssonar*:

1. Að reikningar prentsmiðjunnar síðan 1844, að hún komst undir umráð stiptsyfirvaldanna, verði grandgæfilega skoðaðir af duglegum mönnum, einum eða tveimur, hèr í Reykjavík, á prentsmiðjunnar kostnað.
2. Að skýrsla um þessa reikninga prentsmiðjunnar, síðan 1844, verði prentuð í íslenzkum blöðum, hið fyrsta því verður við komið, og svo reikningar hennar síðar meir við hver árslok.

2. *E. Kúlds*:

1. Að alþingi nú leiði hjá sèr, að gjöra nokkrar uppástúngur um sölu prentsmiðjunnar eður burttöku einkaleyfanna, heldur sendi konúngi bænarskrá um, að hann skipi fyrir, að hið fyrsta verði gjörðar nauðsynlegar breytíngar á stjórn og umsjón prentsmiðjunnar, einkanlega í þá stefnu, er alþingi nú bendir til.
2. Að stjórn á störfum og reikningum prentsmiðjunnar verði feingin í hendur forstöðumanninum (nú Einari Þórðarsyni) fyrir hæfileg laun og mót veði; einnig að hann skýri á hverju hálfu missiri frá fjárhag prentsmiðjunnar til stiptsyfirvaldanna, og sendi þeim reikníng með tilheyrandi skjölum við hver árslok.
3. Að stiptsyfirvöldin taki við hver árslok einn eða tvo óviðkomandi duglega menn, til að rannsaka ársreikníng prentsmiðjunnar undir stiptsyfirvaldanna úrskurð, og gefi á sínum tíma kvittun fyrir hvern kláraðan reikníng.
4. Að stiptsyfirvöldin losist með öllu við, að segja fyrir, hvað prenta megi, eður prenta skuli, að undanteknum þeim andlegum bókum, sem biskupinn á að sjá um að ætið sè nóg til af.
5. Að stiptamtmaðurinn verði einnig laus við stjórnlega umsjón þess, sem prentað verður, og að sú umsjón heyri undir lögreglustjórann á löglegan hátt.

6. En ef nú svo fyndist ástatt, þegar búið væri að auglýsa reikníngana og breyta stjórn prentsmiðjunnar í þetta horf, að prentsmiðjan gæti ekki haldizt við að skaðlausu, þá að alþíngi gæfist færi á, að nýju að leggja ráð til, hvort selja skuli prentsmiðjuna eða ekki.

St. Jónssonar:

Að ef einkaleyfi ekki verða af numin, að þau þá skiptist til jafnaðar með sunnlenzku og norðlenzku prentsmiðjunum.

Atkvæðaskráin, sem þíngmenn höfðu feingið, er svo hljóðandi:

Atkvæðaskrá

í

prentsmiðjumálinu.

1. *Á. Einarsson*: að reikníngar prentsmiðjunnar síðan 1844, að hún komst undir umráð stiptsyfirvaldanna, verði grandgæfilega skoðaðir af duglegum mönnum, einum eða tveimur, hèr í Reykjavík, á prentsmiðjunnar kostnað.
2. *Sami*: að skýrsla um þessa reikníngs prentsmiðjunnar, síðan 1844, verði prentuð í íslenzkum blöðum, hið fyrsta því verður við komið, og svo reikníngar hennar síðar meir við hver árslok.
3. *E. Kúld*: að stjórn á störfum og reikníngum prentsmiðjunnar verði feingin í hendur forstöðumanninum (nú Einari Þórðarsyni) fyrir hæfileg laun og mót veði; einnig að hann skýri á hverju hálfu missiri frá fjárhag prentsmiðjunnar til stiptsyfirvaldanna, og sendi þeim reikníng með tilheyrandi skjölum við hver árslok.
4. *Sami*: að stiptsyfirvöldin taki við hver árslok einn eða tvo óviðkomandi duglega menn, til að rannsaka ársreikníng prentsmiðjunnar, undir stiptsyfirvaldanna úrskurð, og gefi á sínum tíma kvittun fyrir hvern kláraðan reikníng.
5. *Sami*: að stiptsyfirvöldin losist með öllu við, að segja fyrir, hvað prenta megi eða prenta skuli, að undanteknum þeim andlegum bókum, sem biskupinn á að sjá um að ætíð sè nóg til af.
6. *Sami*: að stiptamtmaðurinn verði einnig laus við stjórnlega umsjón þess, sem prentað verður, og að sú umsjón heyri undir lögreglustjórann á löglegan hátt.
7. *Sami*: að alþíngi nú leiði hjá sèr, að gjöra nokkrar uppástúngur um sölu prentsmiðjunnar eður burttöku einkaleyfanna, heldur sendi konúngi bænarskrá um, að hann skipi fyrir, að hið fyrsta verði gjörðar nauðsynlegar breytíngar á

stjórn og umsjón prentsmiðjunnar, einkanlega í þá stefnu, er alþingi nú bendir til.

8. *Sami*: en ef nú svo fyndist ástatt, þegar búið væri að auglýsa reikningana og breyta stjórn prentsmiðjunnar í þetta horf, að prentsmiðjan gæti ekki haldizt við að skaðlausu, þá að alþingi gæfist færi á að nýju, að leggja ráð til, hvort selja skuli prentsmiðjuna eða ekki.
9. *Nefndin*: að af numin verði öll einkaleyfi Íslands prentsmiðju, þegar hún verður seld.
10. *Sama:* að prentsmiðjan verði seld, þegar tími þykir til kominn, í eign privatmanna,
11. *Sama:* en verð hennar og eignir hennar allar fyr eða seinna brúkaðar til eflingar almennri menntun í landinu.
12. *Stefán Jónsson* (vara-uppástúnga): að ef einkaleyfi ekki verða af numin, að þau þá skiptist til jafnaðar með sunnlenzku og norðlenzku prentsmiðjunum.
13. Vill alþingi rita konúngi bænarskrá um þau atriði málsins, sam samþykkt eru?

Framsögumaður: Eg álít, að það þurfi eingan inngáng til þessarar umræðu, heldur vil eg að eins gjöra nokkrar athugasemdir við breytíngaratkvæðin, og er þá fyrst breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Strandasýslu; það fer því sama fram, sem sumar bænarskrárnar til þíngsins gjörðu, að stiptsyfirvöldunum verði gjört að skyldu, að gjöra grein fyrir fjárhag prentsmiðjunnar.

Þegar þessu máli fyrst var hreift hèr á þíngi, hèt hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður, sem er annar meðstjórnanda prentsmiðjunnar, að gjöra allt, sem í hans valdi stæði, til þess, að gefa þær upplýsíngar, sem þíngið þyrfti; en einhverra orsaka vegna hefur hann ekki getað uppfyllt loforð sitt.

Hafi þíngmönnum öndverðlega ekki þótt rètt, að krefjast reikníngsskapar, þá mun svo vera enn, og held eg því eginn geti gefið þessu breytíngaratkvæði jákvæði sitt.

Um hið 2. breytíngaratkvæði hins sama þíngmanns er sama að segja; því það hángir af hinu fyrra, jafnvel þó mèr finnist síðari hluti þess falla saman við breytíngaratkvæði þíngmanns Snæfellínga undir 3. tölulið, nema einúngis sá munur, að í 2. breytíngaratkvæðinu er farið fram á, að reikníngarnir verði auglýstir í íslenzkum blöðum, en það 3. krefst, að reikníngarnir verði auglýstir *með tilheyrandi skjölum* við hver árslok.

Þriðja breytíngaratkvæðið gæti kann ske komizt í samhljóðun við nefndaruppástúnguna, að prentsmiðjan verði seld á hentugum tíma; því þángað til geta liðið 1, 2 eða fleiri ár, og gæti það þá átt sèr stað um þann tíma, sem þángað til liði.

Í því er talað um, að stjórn prentsmiðjunnar skuli verða feingin í hendur forstöðumanni; áður voru það stiptsyfirvöldin ein, sem það voru kölluð; en ef þetta orð er orðið að mállýzku, þá læt eg það vera.

En þar sem stendur: *„fyrir hæfileg laun og móti veði“*, þá veit eg ekki, fyrir hvað hann á að setja veð, hvort heldur það er fyrir allri eign prentsmiðjunnar (þó þykir mèr honum varla ætlandi, að setja veð fyrir húsið og áhöldin), eða það er fyrir bókunum, sem hann prentar og hefur undir hendi.

En viðvíkjandi því, að hann skuli skýra á hverju hálfu missiri frá fjárhag prentsmiðjunnar, þá mun það hafa verið haft svo áður; og eins það seinasta í klausunni: *„og sendi þeim reikning með tilheyrandi skjölum við hver árslok“*, held eg nú sè einnig brúkað. Mèr sýnist því, þegar það getur bæði átt við uppástúngu nefndarinnar og við það, sem nú tíðkast, sè ekkert breytíngaratkvæði þessu til fyrirstöðu.

Viðvíkjandi uppástúngu hins sama undir 4. tölulið, þá mun það híngað til hafa verið skylda stiptsyfirvaldanna, að rannsaka reikníngana; en þar eð þau bæði eru önnum bundin, og betra er kann ske, að óviðkomandi menn skoði þá, þá álít eg rètt, að lètta á þeim þeirri byrði, og það því heldur, sem reikníngarnir eiga að rannsakast *undir úrskurð stiptsyfirvaldanna.*

5. breytíngaratkvæðið finnst mèr, þó það ekki fari fjærri rèttu, fela of mikið á hendur þessum forstöðumanni, meðan hann er ómenntaður; hvort heldur hann heitir Einar Þórðarson eða Sveinn Pètursson, gjörir ekkert til, úr því hann er ekki menntaður maður. Það er fyrst, þegar prentsmiðjan er orðin einstakra manna eign, að þessu getur orðið við komið. Þetta segi eg í mínu eigin, en ekki nefndarinnar nafni.

Nefndinni virtist þar á móti 6. breytíngaratkvæðið óþarft, vegna þess, að þíngið hefur óskað, að prentfrelsislöggjöf Dana yrði lögtekin hèr, og þó það kann ske ekki skaðaði, að það yrði tekið skýrlega fram hèr, álít eg það þó óþarft, þar það atriði greinilega er tekið fram í dönsku löggjöfinni, sem nú á að verða íslenzk, í 4. gr.

Breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Snæfellsnessýslu undir

7. tölulið rekur sig á það næsta á eptir, og vona eg uppástúngumaður taki það aptur; því það á heldur ekki alls kostar vel við.

8. breytíngaratkvæðið getur eins og hin staðizt eptir uppástúngum nefndarinnar; því þegar reikníngarnir sjást, kemst maður að raun um, hvað mikið prentsmiðjan hefur grætt, eða hvernig hún stendur sig; ef hún þá tapar, verður ekki gjörandi, að hafa hana á opinberan kostnað, heldur sjálfsagt, að selja hana, og þá mundi þíngið að nýju vilja yfirvega málið.

Viðvíkjandi 9. tölulið, þá er það uppástúnga nefndarinnar, að öll einkaleyfi prentsmiðjunnar verði af numinn, þegar hún verður seld; því ef einn maður ætti að hafa þau, þá væru landsmenn neyddir til, að leggja sjóði sína í lófa eigandans, til að geta feingið þessar bækur, og biðja hann að taka svo mikið, sem hann vilji.

Hvað uppástúngu nefndarinnar undir 10. tölulið áhrærir, þá er áður búið að færa rök að því, að betur mundi staðið fyrir gángi slíkrar stiptunar, þegar hún væri komin í einstakra manna hendur.

Þá kemur 11. töluliður. Nefndin hefur þar skoðað þessa stiptun sem þá, er eingaungu hefði það augnamið, að vinna að eflíngu almennrar menntunar í landinu, og það er auðsèð, að þegar Hólaprentsmiðju var steypt saman við Hrappseyjar, var það einnig tilgángur stjórnarinnar (kgsbr. 27. jún. 1799).

Viðvíkjandi vara-uppástúngu Eyfirðínga, þá var það meiníng nefndarinnar, að menn á þessu þíngi ættu að hampa jafnt báðum prentsmiðjunum, og þannig feingi sú norðlenzka jafnrètti við þá sunnlenzku, og gætu þá báðar staðizt, og unnið jafnt að menntun í landinu.

Konúngsfulltrúi: Áður en fleiri taka til orða í þessu máli, skal eg fara nokkrum orðum um breytíngaratkvæðin, og eins og hinn heiðraði framsögumaður rekja þau í þeirri röð, sem þau standa í á atkvæðaskránni. Í 1. breytíngaratkvæði er farið fram á það, að prentsmiðjureikníngarnir síðan 1844 verði skoðaðir af einum eða tveimur duglegum mönnum hèr í Reykjavík, á prentsmiðjunnar kostnað. Í þessu tilliti skal eg skýra hinu heiðraða þíngi frá, að eg hef nú feingið skýrslu frá hinum háæruverðuga þíngmanni, sem er meðstjórnari prentsmiðjunnar, að reikníngarnir frá 1844—1848, er sendir hafa verið stjórninni, sèu endurskoðaðir í endurskoðunarskrifstofunni (Revisionscontoir), og úrskurður um þá felldur af manni, sem þar til er skipaður

(Departementsdirecteuren). Það virðist þess vegna ekki einúngis óþarft, heldur og svo ótilhlýðilegt, að beiðast þess, að reikníngar þessir, sem þegar eru útkljáðir, skuli verða endurskoðaðir á ný; enda munu þeir menn, sem þar til verða valdir hèr, ekki verða því starfi þetur vaxnir, en þeir menn, sem það hafa gjört ytra, sem slíkum störfum eru fullvanir, og þar að auki hefðu þeir nýju endurskoðendur eingan myndugleika til, að breyta úrskurðum þeim, sem um reikníngana eru felldir af þeim manni, sem stjórnin hefur þar til skipað. Mèr virðist það líka óþarfi, að kasta endurskoðunar-kostnaðinum upp á prentsmiðjuna, þar sem það eptir stjórnarinnar tilhögun þó á annan veg, og eg held betur, getur skeð henni kostnaðarlaust. Hvað reikníngana frá 1849—1851 snertir, þá hafa þeir verið sendir stjórninni frá stiptsyfirvöldunum; og þau hafa aptur feingið athugasemdir endurskoðaranna, og gjöri eg ráð fyrir, að þeim verði svarað á þessu sumri, og því sýnist mèr það rèttast, að þíngið fresti því, að fara nokkru á flot um þessa reikníinga, eður vilja rífa þá úr hendi stjórnarinnar, meðan hún er að láta fjalla um þá, og úrskurður þar að lútandi enn þá ekki er felldur. Hèr að auki virðist mèr það, eins og eg hef áður látið í ljósi hèr á þínginu, ótilhlýðilegt, að senda konúnginum bænarskrá um svo lítilfjörlegt og þar að auki, eins og áður er sýnt, órèttilega upp borið málefni, eins og það, sem hèr ræðir um; þar á móti væri það rèttara, ef máli þessu væri annars farandi á flot, ef þíngið með ályktun vildi fela forseta sínum á hendur, að skrifa þar um hlutaðeigandi stjórnarherra, og gildir þessi síðasta athugasemd einkanlega um auglýsíngu reikníinga prentsmiðjunnar, hverri farið er á flot í 2. breytíngaratkvæðinu.

Eg fyrir mitt leyti mundi ei hafa verið mótfallinn 1. parti 3. breytíngaratkvæðisins, nefnilega, að fá störf og reikníinga prentsmiðjunnar í hendur duglegum forstöðumanni; því það hlýðir betur, að stiptsyfirvöldin einúngis hafi yfirumsjón prentsmiðjunnar, meðan hún er opinber eign, en að þau, svo að segja, hnauki í hennar daglegu störfum. En hèr við skal eg geta þess, að sú ráðstöfun, sem í þessu breytíngaratkvæði er beðið um, er þegar á komin, og prentsmiðjunnar núverandi forstöðumanni er fyrir skipað, að standa fyrir öllum störfum og reikníngum prentsmiðjunnar, semja þar yfir árlega reikníinga, og senda þá stiptsyfirvöldunum, hvaðan þeir aptur gánga til stjórnarinnar til endurskoðunar og úrlausnar; svo að mèr ei alleina

virðist þetta breytíngaratkvæði vera þarflaust, heldur og svo smámunalegt, að biðja konúnginn sjálfan um, að koma þessari lítilfjörlegu breytíngu á um forstöðu prentsmiðjunnar, og það því heldur, sem hún eins og áður er á vikið, þegar er á komin. Í tilliti til veðs þess, sem farið er fram á í breytíngaratkvæðinu, skal eg geta þess, að þess hefur ei verið krafizt af forstöðumanninum, af því hann hefur ei peninga stiptunarinnar undir höndum, en fær ávísun frá stiptsyfirvöldunum í hvert sinn, er hann skal greiða nokkuð af sjóði prentsmiðjunnar.

Verði 4. breytíngaratkvæði ekki fellt eða tekið aptur, sem eg verð að ráða til, þá eru þó orðin: *„undir stiptsyfirvaldanna úrskurð“*, þar óhafandi; því það hlýðir betur, að um þessa reikníngа sèu felldir úrskurðir erlendis, en að stiptsyfirvöldin gjöri það sjálf, sem hafa peninga stiptunarinnar undir höndum, og þannig ættu sjálf að dæma um sínar eigin útgjaldaskrár. Hvað 5. breytíngaratkvæðið snertir, þá verð eg í tilliti til þess að halda mèr til þess, sem hinn heiðraði framsögumaður sagði. Eg get einnig haldið mèr til þess, sem framsögumaðurinn sagði um 6. breytíngaratkvæðið; því verði prentfrelsislögin, er þíngið nýlega ræddi til undirbúníngs, lögleidd hèr, þá fer um tilsjón þeirra bóka, sem prentaðar verða, eptir því, sem þar í er til tekið, svo að 1 exemplar af hverri bók, er út kemur, verður í ákveðinn tíma sent lögreglustjóranum, og, ef hún er vítaverð, ákveður stiptamtmaðurinn, hvort lögsækja skuli þann, er hefur ábyrgð bókarinnar, eða ekki. Um 7. breytíngaratkvæði gildir það sama, og eg hef sagt um fleiri önnur hèr á undan, að mèr virðist það með öllu óþarft, og held því þíngið gjöri rèttast í, að fella það. Hið 8. breytíngaratkvæði er einnig óþarft; því það er auðsjáanlegt, að þíngið þarf ekki að biðja um það, að það síðar meir megi senda konúngi bænarskrá um sölu prentsmiðjunnar; því þann rètt hefur þíngið jafnan, þó það biðji ekki, ef og nær gildar ástæður eru þar til.

Hvað uppástúngu nefndarinnar nr. 9 áhrærir, um, að af nema öll einkaleyfi prentsmiðjunnar, þegar hún verður seld, þá virðist mèr hún mjög ísjárverð; því eptir því, sem bókmenntum, bókaprentun og bókasölu hèr er varið, þá þykir mèr hætt við, að þær 2 prentsmiðjur, sem eru hèr á landi, eyðileggi hvor aðra, ef hvorug þeirra hefur einkarètt til, að prenta þær guðsorðabækur, sem hèr eru útgeingilegastar, og mest halda prentsmiðjunni við; og þar sem það er fyrir borið, að verðið á guðs-

orðabókunum mundi verða svo afarmikið, ef einn *privat*-maður hefði einkarètt til, að láta prenta þær, þá er ei fyrir sliku að óttast; því með söluskilmálunum mundi honum af stjórninni verða gjört að skyldu, að selja þessar bækur við fast-ákveðnu sanngjörnu verði.

Eptir því, sem eg að framan hef skýrt frá, virðist mèr ekkert annað atriði vera í málefni þessu, hvar um hæfilegt sè að upp bera bænarskrá fyrir konúng, en það, ef þingið vildi óska, að prentsmiðjan væri óseld; hvar á móti öll hin önnur atriði í málinu áhræra smávegis *administrativ*- ráðstafanir, hvar um rèttast væri að leita hlutaðeigandi stjórnarherra, að svo miklu leyti sem þinginu virðist þau eigi að takast til greina.

Á. Einarsson: Það má sannast á breytingaratkvæðum mínum, að vandi fylgir vegsemd hverri. Þau hafa að sönnu verið sett í broddi fylkingar meðal atkvæðanna, enda liggja þau næst og bezt við högginu, og nú lítur út fyrir, að þeim sè ætlað það. Eg verð að játa, að það datt ofan yfir mig, þegar sá heiðraði framsögumaður fór *nú* að tala um, hvort þingið mundi hafa rètt til, að krefjast reikninganna. En þingið tók þó málið í nefnd í því skyni, og nefndin reyndi, að fá reikningana *hèr*, eptir von þeirri, er henni var gefin í inngángsumræðunni; en þegar þetta tókst ekki, hèlt eg hún mundi hætta við málið, eða leita þá leingra fyrir sèr; því þetta var eitt af ætlunarverki nefndarinnar, og eitthvert það helzta; um sölu prentsmiðjunnar hefði nefndin ekki þurft að hafa mikið fyrir, eptir því sem sagt er, að stiptsyfirvöldin hafi stúngið upp á því, og stjórnin muni ekki vera því mótfallin; en um einkaleyfið og sölu prentsmiðjunnar hèlt eg ekki væri hægt að fullgjöra, meðan menn vissu ekkert víst um fjárhag prentsmiðjunnar, og sá eg ekkert annað ráð til þess, úr því reikningarnir feingust ekki hèr, en óska þess hjá stjórninni. Að sönnu skýrði konúngsfulltrúinn frá því, að reikningarnir hefðu verið skoðaðir utanlands þángað til 1848, en hvaða reikningar? líklega þeir, sem við höfum fyrir augum í „Nýtíðindum“, bls. 31—32; því aðrir betri hafa líklega ekki verið til, en þeir, sem prentaðir voru í stjórnarblaðinu, á kostnað prentsmiðjunnar, og hver getur botnað í þeim graut? en fyrst nefndin lèt þetta ekki hamla sèr frá, að halda málinu á fram, bjóst eg þó við, að hún mundi reyna, að gjöra sèr einhverja hugmynd um, hvort prentsmiðjan mundi vinna eða tapa með þolanlegri tilhögun,

og ekki hrapa svona að sölunni, meðan reikníngarnir voru í þessari súpu; en þegar eg sá, að ekki varð af þessu, fór eg að reyna það, og ímynda eg mèr, að prenta hefði mátt árlega í prentsmiðjunni af 5 mönnum 125 arkir af smáu og stóru letri; hefði það átt að vera, síðan prentsmiðjan kom í Reykjavík árið 1844, hèr um bil 1000 arkir. Þegar eg lít til þess, sem prentsmiðjan hefur gefið út á sinn kostnað, að meðtöldum alþíngis- og þjóðfundar-tíðindunum, mundi það nema frekum 400 örkum; hefði þá prentsmiðjan átt að prenta fyrir aðra nærfellt 600 arkir, og af þeim hefði hver örk átt að kosta í hið minnsta 9 rbdd.; hefði það í 8 ár átt að vera prentsmiðjunni til inntektar 5000 rbdd., en þegar prentsmiðjan kom frá Viðey, átti hún í skuldabrèfum, auk alls annars, rúma . . . . . 6000 —
alþíngis- og þjóðfundar-tíðindin eru víst 200 arkir öll, og hefur prentsmiðjan tekið fyrir hverja örk í hið minnsta 14 rbdd., og stundum meira; verður þetta þó til inntektar . . . . . 2800 —
Af því fyrra upplagi sálmabókarinnar, sem seld var á 1 rbd. hvert exemplar, mun prentsmiðjan víst hafa haft í hreinan ábata . . . . . 1800 —
og af passíusálmunum og lærdómsbókinni, 400 rbdd. hvorri, ... 800 —
fyrir það, sem nærri hálft húsið hefur verið byggt á leigu, árlega 50 rbdd., í allt . . . . . 400 —
verður þetta alls 16,800 rbdd.

Líka má gjöra ráð fyrir, að prentsmiðjan hafi haft hagnað á „Lanztíðindunum“ og „Nýtíðindum“, fyrst stjórn prentsmiðjunnar hèlt þeim blöðum úti á prentsmiðjunnar kostnað, og má ekki ætla hagnað þennan minni en . . . . . 100 —
og fyrir útfarar- og graf-minníngar og ýmislegt hefði getað feingizt álíka, ... 100 —
alls 17,000 rbdd.

En til útgjalda tel eg:

1. húsið með aðgjörð þess og viðhaldi . . . . 3500 rbdd.
2. laun prentaranna, hèr um bil . . . . . 7500 —
3. nýja pressu . . . . . 500 —
4. aðgjörð á gamalli pressu . . . . . 150 —

flyt 11,650 rbdd.

fluttir 11,650 rbdd.

5. hafi prentsmiðjan keypt letur til hèr um bil 15 eða 16 arka, yrði í mesta máta . . . . 17—1800 —
6. trèverk hefur varla orðið meira en . . . . . 200 —

samtals . 13,650 rbdd.;

ætti prentsmiðjan þá að eiga til góða af því, sem hèr er talið . . . . . 3,350 rbdd., hef eg þó í yfirliti þessu víðast sett tekjurnar lægra, en eg hèlt þær hefðu átt að vera, og útgjöldin hærri, og gætt pappírsverðsins, þar sem það var ekki beinlínis innifalið í verði bókanna, enda er auðsèð, að býsna-margt er ótalið, sem mætti vera prentsmiðjunni til inntektar; en eg lèt mèr þetta nægja, til að geta sýnt fram á, að það var ekki þýðingarlaust, að geta eitthvað gizkað á, hvort prentsmiðjan gæti borið sig sjálf, eða grætt töluvert, ef fyrirkomulagið væri byggt á nokkru viti, og eptirsjónin í nokkru lagi.

Eg ætla að gjöra litla athugasemd við reikninginn, og get eg þess þá fyrst, að svo lítur út, sem það hafi átt að vera einhvers kyns *búhnykkur,* að leigja prentsmiðjuhúsið, og fá 50 rbdd. í ársleigu, og sjá þó allir, hver leiga þetta var af 12—1400 rbdd. höfuðstól, því það mætti þó telja þann leigða part prentsmiðjunnar; en þó minkar leigan æði-mikið, þegar litið er til aðgjörðar og viðhalds hússins, sem hefur kostað æði-mikið; væri þetta þó góðra gjalda vert, ef *aðferð* þessi hefði ekki staðið prentsmiðjunni fyrir miklum þrifum; því með *henni* er girt fyrir, að 2 pressur verði brúkaðar, vegna rúmleysis, og hindrar það prentunina víst um fjórða part, og er þar auðsèður skaðinn, þegar einlægt hefur verið nóg til að prenta; einnig hefur flotið af þessu, að húsrúmið í prentsmiðjunni er bæði of lítið og óhentugt, og hef eg opt heyrt kvartað um það að undanförnu, en á þessu hefur ekki orðið ráðin bót, meðan nokkuð var lèð af húsinu. Líka var það aðgæzluvert, hefði húsið brunnið, hverjum mundi verða kennt um það, og var það þó þýðingarmikið atriði. Þetta og ýmislegt fleira vonaði eg að nefndin mundi taka til greina, áður en hún eggjaði svo fast á sölu prentsmiðjunnar.

Sá hæstvirti konúngsfulltrúi gat þess, að það heyrði ekki til, „að draga konúngsins persónu inn í þetta *administrativa* mál, og hefði verið rèttara, að þingið hefði snúið sèr til viðkomandi stjórnardeildar"; en því gaf konúngsfulltrúinn þessar upplýsing-

ar ekki fyr, en rètt er komið að atkvæðagreiðslu? — (*J. Guðmundsson*: Gott) — (*Konúngsfulltrúi*: Út af því, sem hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu sagði, skal eg geta þess, að eg hef ekki sèð breytíngaratkvæðin í málinu, fyr en eptir að undirbúníngsumræðunni var lokið) —. Eg bar breytíngaratkvæðin nógu snemma upp, sem þíngtíðindin sýna, svo um þetta hefði þá mátt ræða, en nú getur þíngið komizt í vandræði, ef til vill, og atvik þetta spillt fyrir atkvæðum, ef þíngið fellst á þennan skoðunarmáta.

G. Brandsson: Eg tók eptir því áðan, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði, að það eitt gæti beinlínis hlýtt undir úrskurð konúngsins, hvort prentsmiðjan ætti að seljast eða ekki, því hún væri eign landsins. Mèr finnst líka, að þetta sèu aðalatriði málsins, og að menn ættu að glöggva sig vel á þeim, áður en þeir greiða atkvæði. Eg fyrir mitt leyti er nú á því máli, að prentsmiðjan ætti ekki að seljast að svo komnu; því þó reikníngar hennar sèu ekki greinilega auglýstir enn, þá geta menn þó ráðið svo mikið af brèfi því, er stiptsyfirvöldin skrifuðu nefndinni, sem sett var í þessu máli, að fjárhagur prentsmiðjunnar muni vera, eins og þar segir, í góðu lagi; því þar sem sagt er, að hún síðan 1850 hafi borgað 1100 dala skuld, þar að auki lækkað söluverð á pappír, sett niður prentunarkostnað, selt forlagsbækur með minna verði en áður, keypt ýmislegt, sem hún hefur þurft, og borgað aðgjörðarkostnað á húsi sínu, þá er þetta annað en lítill gróður á jafnstuttum tíma og áður er sagt, svo það væri að minni ætlun ekki hyggilegt, að snara frá sèr stiptun þessari, sem gefur svo álitlegan arð, að mèr er efasamt, að aðrar gjöri það betur. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi og framsögumaður máls þessa hafa talað um, að 6. breytíngaratkvæðið, sem stendur á atkvæðaskránni, væri óþarft, þar þíngið hefði fyrir fáum dögum óskað eptir, að prentfrelsislögin, sem gilda í Danmörku, yrðu hèr lögleidd; en menn verða að gæta að því, að þessu er enn ekki ráðið til lykta af þínginu; það er einúngis undirbúníngsumræðan í þessu prentfrelsislagamáli, sem hèr er geingin um garð, og voru þá, að mig minnir, gjörð við það nokkur breytíngaratkvæði, svo við ályktunarumræðu og atkvæðagreiðslu þessa máls er óvíst um, hversu þessu reiðir af. Eg sè því ekki betur, en að breytíngaratkvæði þetta geti og eigi að koma til atkvæða. Eg skal nú ekki tala neitt um hin önnur breytíngaratkvæði, sem

komin eru fram í máli þessu, enda eru aðrir búnir að því, sem geta það betur, og nokkrir má ske gjöri það enn. Þegar geingið verður til atkvæða um þau, ætlast eg til, að þingmenn sjái, hver og hvað mörg af þeim eg þá aðhyllist.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess, að þetta getur þingið gjört með því, að fela forseta sínum á hendur, að fram bera málið fyrir hlutaðeigandi stjórnarherra, og getur þetta skeð á mjög stuttum tíma og með lítilli fyrirhöfn.

E. Kúld: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þessi breytíngaratkvæði, sem mèr eru eignuð hèr, og eg sjálfsagt geingst við að eg eigi; því hinn háttvirti varaforseti hefur að mestu gjört mèr það óþarft, og ef menn ekki gángast fyrir hans orðum, þá hugsa eg, að menn verði ei brjóstbetri við þau, þó eg reyni að fara að gylla þau með einhverjum orðum frá mèr.

Viðvíkjandi því, að konúngsfulltrúi vildi ráða mèr til, að taka aptur þessi breytíngaratkvæði mín, þá skal eg leyfa mèr að geta þess, að eg veit ekki, nema því valdi nú misskilníngur minn á ræðu hans eða þekkíngarleysi mínu, að sjá þá galla á breytíngaratkvæðunum, að eg get ekki, enn sem komið er, fylgt ráðleggíngu hans, og því gjöri eg það alls ekki að svo komnu; en ef þínginu svo sýnist, getur það eins fyrir það fellt þau með atkvæðafjölda.

Í tilliti til 3. breytíngaratkvæðisins gat hann þess, að það væri óþarft, sökum þess, að þessi regla þegar væri komin á; en ef nú svo er, sem eg ei veit, þá finnst mèr það einmitt styðja það, sem eg fór fram á í breytíngaratkvæðunum, en ei fella þau.

Honum þótti óviðkunnanlegt, að aðrir skyldu skoða reikníngana en stiptsyfirvöldin, og síðan hin íslenzka stjórnardeild; en eg hafði tillit til þess, að prentsmiðjan er þjóðeign, og af því mætti skoða reiknínga hennar, eins og t. d. bókmenntafèlagsins, af 2 mönnum, sem til þess væru kosnir.

Hvað áhrærir breytíngaratkvæði mitt undir 6. tölulið, þá er danska löggjöfin dags. 3. janúar 1851 ekki lögleidd hèr enn þá, og þó hún verði lögleidd hèr, veit eg ekki, hvort hún upphefur konúngsúrskurðinn 19. sept. 1832, hvar stiptamtmanninum er gjörð þessi umsjón hins prentaða að skyldu. Það vita nú lögfræðíngarnir hèr á þíngi betur en eg, hvort svona almenn lagaboð upphefja þau sèrstaklegu. En eg vildi losa herra stipt-

amtmanninn undan byrði þeirri, sem konúngsúrskurður 19. september 1832 leggur honum á herðar. Eg sè ekki heldur neina ósamkvæmni í því fyrir þingið, þó það fallist á þetta breytíngaratkvæði, jafnvel þó það fari í sömu áttina og prentfrelsislöggjöfin, sem þegar er við að búast að það samþykki að fái hèr lagagildi.

Breytíngaratkvæði mitt, sem er það 7. á atkvæðaskránni, tek eg aptur, ekki af því, að það eins og konúngsfulltrúi sagði, komi í bága við það 8., heldur af því, að uppástúnga nefndarinnar undir tölulið 10, sem nú er aukin þessum orðum: *„þegar tími þykir til kominn“*, gjörir það óþarft.

Að öðru leyti fer eg ekki fleiri orðum um breytíngaratkvæði mín, en fel þau þínginu á hendur, hvort heldur það vill fella þau eða aðhyllast.

Konúngsfulltrúi: Eg vil benda hinum heiðraða þíngmanni til þess, að í 4. breytíngaratkvæði stendur, að prentsmiðjureikníngarnir skuli heyra *„undir stiptsyfirvaldanna úrskurð“*, en þetta get eg ei álitið vera gott skípulag; því þá ættu stiptsyfirvöldin að nokkru leyti að dæma um sínar eigin gjörðir, hvar á mót það er miklu rèttara, að sú skipun haldist, sem nú er á, að úrslit þessara reiknínga heyri undir úrskurð forstöðumanns hinnar íslenzku stjórnardeildar.

Þ. Jónassen: Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu hefur þegar tekið það helzta fram af því, sem eg vildi hafa sagt viðvíkjandi málinu yfir höfuð, og get eg því haldið mèr til þess, sem hann er búinn að segja, og skal eg þá einúngis leyfa mèr að fara fáeinum orðum um breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu, nr. 1 og 2 á atkvæðaskránni. Eg get með eingu móti fellt mig við eða gefið þessum breytíngaratkvæðum hans mitt samþykki. Það er búið að taka það fram hèr á þínginu, að það mál, sem ræðir um, sè umboðslegs eðlis, og heyri ekki undir þingsins verkahríng. Þessa skoðun hefur þíngið aðhyllzt, og það lá og, eptir því sem mèr skildist, í orðum hins heiðraða framsögumanns. Þessa skoðun þíngsins á málinu á hinn heiðraði þíngmaður að taka til greina, hver sem svo hans eigin skoðun á málinu er eða ekki, og hann hefði því getað sparað sèr þá reikníngsfærslu, sem vèr heyrðum nýlega; því hún átti hèr alls ekki við.

Þíngið sjálft getur ekki heldur aðhyllzt hans breytíngaratkvæði; því það kæmi þá í mótsögn við sjálft sig og það, sem

undan er geingið. Þingmaðurinn fer fram á það, og krefst þess af stjórn prentsmiðjunnar, stiptsyfirvöldunum, að hún láti grandgæfilega skoða prentsmiðjunnar reikninga, síðan 1844 og til nálægs tíma, af einum eða tveimur duglegum mönnum, á prentsmiðjunnar kostnað, og að þessir reikningar síðan verði prentaðir í íslenzkum dagblöðum. Eg vil nú leyfa mèr að spyrja hinn heiðraða fulltrúa, hvernig hann hugsar sèr það fyr nefnda atriði, eða rannsókn reikninganna, eptir að hinn háttvirti konúngsfulltrúi er búinn að skýra þinginu frá því, að prentverksreikningarnir fyrir árin 1844—48 sèu þegar gegnumskoðaðir af Revisionscontoiren í íslenzku stjórnardeildinni, og búið að ráða þeim algjörlega til lykta, og að reikningarnir frá 1848 til 1851 sèu undir Revision eða rannsókn, og einúngis eptir að svara þeim athugasemdum, sem gjörðar hafa verið við þá erlendis. Eg skil fyrir mitt leyti ekki, hvernig það geti komizt heim, að útnefndir menn fari nú aptur að rannsaka þessa reikninga, sem búið er þannig algjörlega að gánga frá af rèttum hlutaðeigendum, og hvernig ætti að skera úr, ef meiningamunur kæmi upp, sem að vísu má gjöra ráð fyrir; en eg vona þess líka, að þingið gefi þessu heldur ekki áheyrn, eða taki þetta breytingaratkvæði til greina; því að þá lendir í vandræðum, sem ekki er að sjá fyrir endann á. En annað mál er það, um reikninga prentsmiðjunnar eptirleiðis, með því fyrirkomulagi á henni, sem upp á er stúngið. Hvað auglýsingu reikninganna snertir, er eg sannfærður um, að stiptsyfirvöldin af umræðum þeim, sem hèr eru orðnar, og vegna þess áhuga, sem margir af þingmönnum hafa látið í ljósi að þeir hafi á högum og kjörum prentsmiðjunnar, muni fullnægja þessari ósk þingsins og landsmanna, undir eins og þeir fá því við komið; en að heimta það af þeim með sjálfskyldu, finn eg hvorki tilhlýðilegt, nè þingið að hafa heimild til.

G. Einarsson: Hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður, er nú settist niður, sagði fyrir skemmstu, að þá lenti í vandræðum, sem ekki væri að sjá fyrir endann á. En hvaðan eru nú þessi vandræði sprottin nema af skýrsluskorti og upplýsingaleysi í þessu máli — (gott!) —. Hefði hinn hæstvirti 3. konúngkjörni þingmaður skýrt mál þetta eins vel við undirbúningsumræðuna, eins og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefur nú gjört, þá væri mál þetta að líkindum í allt annari stefnu, en það nú er. Eg verð að játa það, hvað mig snertir, þá er eg í vandræð-

um, hvað eg skal hugsa um þetta mál eptir þeim upplýsingum, er konúngsfulltrúinn gaf, og hverjar eg hvorki má nè get reingt, og þess vegna þykir mèr mesta nauðsyn á, að mál þetta skýrist betur, og vil eg því biðja hinn hæstvirta konúngsfulltrúa, að gefa þínginu nákvæmari skýrslu um, hversu fari fram yfirskoðun prentsmiðjureikninganna, og hvort þessi endurskoðun geti orðið eins óyggjandi, góð og áreiðanleg, eins og ef hún færi hèr fram. Prentsmiðjan er þó opinber eign, eign þjóðarinnar, og það er þá sjálfsögð sanngirnis-skylda, þó að það kunni ekki í strángasta skilníngi að vera lagaskylda, eins og nú er ástatt, að þjóðin fái að sjá ljósa og skýra reikníngа yfir tekjur og útgjöld eignar sinnar. Að sýna mönnum aðra eins reikníngа, eins og prentsmiðjureikníngarnir eru í „Nýtíðindunum“, er, ef til vill, ekki til annars, en vekja tortryggni og umtal hjá þjóðinni, og gjöra þannig vont verra. Konúngsfulltrúi hefur tekið það fram, að það væri ótilhlýðilegt, að senda konúngi bænarskrá um þetta mál. Eg skal nú hvorki tala með því eða móti; en til einhverrar sannfæríngar hljóta menn þó að komast, áður en atkvæði eru greidd í málinu, og vona eg hún verði sú, sem bezt er í þessu efni.

Konúngsfulltrúi: Eg skildi ei að fullu ræðu hins heiðraða þíngmanns, er nú settist; mèr var það ekki glöggt, hvort hann óskaði, að fræðast um það, hvort fyrirkomulag það á forstöðu prentsmiðjunnar, sem eg áður gat um að væri nú á komið, væri lögboðið eða ekki. Þíngmaðurinn mátti geta ráðið það á orðum mínum, sem eg ætla að hafi verið fullkomlega glögg, að þetta fyrirkomulag hvorki er, eða eptir eðli sínu getur verið, lögákveðið, heldur er það ráðstöfun stiptsyfirvaldanna, sem eg að öðru leyti ætla að vera hagkvæma, eins og hún er samkvæm því, er sum breytíngaratkvæðin í þessu máli hafa farið fram á. En skyldi þíngmaðurinn hafa meint reikníngsfærsluna fyrir prentsmiðjuna, og máta þann, upp á hvern reikníngarnir eru endurskoðaðir og útkljáðir, þá er að vísu þetta, hvað þessa sèrstaklegu reikninga prentsmiðjunnar áhrærir, ekki ákveðið með neinu sèrstaklegu þar að lútandi lagaboði, heldur fer um endurskoðun og úrslit þessara reikníngа, eins og um aðra opinbera reikníngа hèðan frá landi, að þeir eru endurskoðaðir í endurskoðunarstofu hinnar íslenzku stjórnardeildar, og síðan úrskurðaðir af forstöðumanni stjórnardeildarinnar, og ætla eg, að þessi tilhögun muni bæði vera svo tryggjandi og hag-

feld, að mèr þykir ekkert tilefni til, að óska breytíngar á henni. Eg held, þó að endurskoðun reikníganna færi fram hèr í landi, þá mundi hún hvergi nærri verða eins nákvæm, sem sú, er nú á sèr stað; því hún er gjörð af þeim mönnum, sem í slíkum störfum hafa mikla æfingu; en það er á hinn bóginn mjög vafasamt, hve vel hæfir þeir menn, sem hèr yrðu valdir til slíkrar endurskoðunar, væru til slíkra starfa, eða hve vel slíkar kosníngar tækjust.

P. Pètursson: Hvað breytíngaratkvæðið undir tölulið 1 viðvíkur, þá hefur hinn hæstvirti konúngsfulltrúi upplýst, að búið sè að yfirskoða suma þá reikníngа, sem það talar um, og búið að skera úr þeim af hinni íslenzku stjórnardeild, en suma sè að sönnu búið að endurskoða, en að enn sè ekki búið að leggja úrskurð á þá, heldur sèu gjörðar við þá athugasemdir, sem sendar sèu yfirstjórnendum prentsmiðjunnar til andsvara. Eg sè heldur ekki, að hvaða haldi það kæmi, þó þessu breytíngaratkvæði eða uppástúngu yrði framgeingt, eða hvaða árángur ný yfirskoðun þessara fornu reikníngа gæti haft; því örðugt yrði hèðan af, að fá leiðrèttíngu á þeim, þó þeir væru í einhverju tilliti skakkir, þar eð opt hafa orðið stiptamtmannaskipti síðan 1844, og eins hafa orðið biskupaskipti. En þó nr. 1 verði fellt, sè eg ekki, að nr. 2 þurfi þar fyrir nauðsynlega að falla, eins og mig minnir að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi segði, eða að það sè svo náið samband milli beggja þessara breytíngaratkvæða; því það má þó gjöra ráð fyrir því, að einhvern tíma verði búið að yfirskoða þessa reikníngа, og þá sè eg ekki, hvað því ætti að geta verið til fyrirstöðu, að þeir væru prentaðir í íslenzkum dagblöðum og þannig birtir almenníngi; en annað mál er það, hvort það eigi að rita bænarskrá til konúngs um þetta, og virðist tilhlýðilegra, að biðja annaðhvort íslenzku stjórnardeildina eða stiptsyfirvöldin, að sjá um, að því gæti orðið framgeingt. Ekki sè eg heldur, að breytíngaratkvæðin 3 og 4 fari fram á hið sama, og verið hefur, eða nú er komið á; því það er sá munurinn, að breytíngaratkvæðin láta yfirskoðun reikníngannа fram fara alla hèr í landi, og lètta ábyrgðinni á stiptsyfirvöldunum, en leggja hana á svo kallaðan forstöðumann prentsmiðjunnar; eptir þeim fá stiptsyfirvöldin í hendur þann seinasta úrskurð um reikníngana, sem íslenzka stjórnardeildin nú hefur. 6. breytíngaratkvæðið hefur verið kallað óþarft vegna þess, að prentfrelsislögin væru nú á

leiðinni til að fá samþykki þingsins, en í þeim sè af tekin stjórnleg umsjón þess, sem prentað er; en þetta er þó ekki öldúngis rètt; því í prentfrelsislaganna 4. gr. er prentaranum boðið, að hann jafnframt því, sem hann lætur af hendi ritið úr prentsmiðjunni, og í síðasta lagi áður en 1 stund er liðin, frá því hann byrjaði að láta ritið af hendi, eigi að senda eitt exemplar af því á *lögregluhúsið;* það er líka auðvitað, að *lögreglustjórinn* verður að hafa einhver afskipti af því, sem prentað er, til þess að vita, hvern eigi að lögsækja, ef á þarf að halda; því annars mætti gefa út allra handa níðrit, án þess nokkur hefði ábyrgð þar fyrir. En það, sem hèr kemur til umræðu, er það, hvort heldur stiptamtmaðurinn eða lögreglustjórinn eigi að hafa þessa tilsjón á hendi, og hefur 6. breytingaratkvæðið farið fram á, að hún verði falin á hendur lögreglustjóranum. Eg skal því síður að þessu sinni fara mörgum orðum um sölu prentsmiðjunnar, sem nefndin nú hefur skotið henni á frest í uppástúngum sínum, þángað til tími þætti til kominn, og vona eg, að mönnum innan þess tíma gefist kostur á, að hugleiða þetta mál betur, og komast til fastari sannfæringar um það, hvað tiltækilegast sè í því efni.

J. Guðmundsson: Eg vil þó mega leyfa mèr að spyrja, hvort reikníngar prentsmiðjunnar eru sendir með fylgiskjölum, og síðan rannsakaðir í rannsóknar (Revísions)- skrifstofunni, eins og venja er til með þá reikníngа, sem gánga þángað hèðan af landi — (*H. G. Thordersen*: Eg veit ekki betur) — Já, en það hefur líka verið sagt hèr áður í sumar um aðra reikníngа, t. d. að reikníngar alþingiskostnaðarins væru rannsakaðir á vanalegan hátt, en það er þó ekki satt.

Að öðru leyti er eg samdóma hinum heiðraða þingmanni Dalasýslu, að öll þessi umræða og breytíngaratkvæði sèu sprottin af þessu skýrslu- og upplýsíngar-leysi um fjárhag prentsmiðjunnar. Og eg vil þar að auki vekja athygli þingsins að því, að þau fara fram á *nýtt fyrirkomulag* prentsmiðjunnar, og að betri og áreiðanlegri *skýrslur* fáist um fjárhag hennar, heldur en nú er kostur á, eins og allir mega sjá, og sem geti gefið alþýðu von um, að fá að vita eitthvað um stjórn hennar og ástand. Um þess konar nýtt fyrirkomulag á þeirri stiptun, sem er opinber eign, eign landsins alls, og undir sèrstaklegri umsjón, sè eg ekki að sè neitt óleyfilegt eða rángt að biðja, hvorki að formi til, nè efni sjálfs málsins.

Viðvíkjandi bendingum þeim, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nú kom fram með, þá hefði víst verið betra fyrir þingið, að fá þær við undirbúningsumræðu þessa máls, því þá tóku þó þingmennirnir frá Stranda- og Snæfellsnes-sýslu skýrlega fram þessi breytingaratkvæði sín, og færðu fyrir þeim nægar ástæður. En viðvíkjandi 4. breytingaratkvæðinu, að 1 eða 2 óviðkomandi menn rannsaki reikninga prentsmiðjunnar við hver árslok, þá held eg það sè fullkomlega rètt tilhögun, og að öllu samkvæm því, sem við geingst, einnig hèr, t. a. m. um dómsmálasjóðinn. Stiptamtmaðurinn er yfirstjórnari hans og eptirlitsmaður (Kontrolleur), en fógetinn hefur á hendi forstöðu hans og reikninga; stiptamtmaðurinn kveður óviðkomandi menn til, að rannsaka þá, og leggur síðan sjálfur á úrskurðinn um það, sem að þykir vera. Hèr í þessum breytíngaratkvæðum er stúngið upp á öldúngis samkynja tilhögun, og eg skil ekki, hvernig menn, eins og nú sumir þíngmenn, fara að álykta, að stiptsyfirvöldin fyrir þetta fyrirkomulag ættu að leggja úrskurð á verk eða reikníngsfærslu sjálfra sín.

Það sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði um 6. breytíngaratkvæðið, þá er eg honum samdóma; því í tilskip. 3. jan. 1851, § 4, liggur beint við, að opinber „*Censur*“ falli burtu, og § 17, að allar ákvarðanir, sem híngað til hafi verið í lögum um prentfrelsi, falli úr gildi; og eg sè ekki betur, en að þessar almennu og skýlausu ákvarðanir, sem þingið er einmitt nú að biðja um að lögleiddar verði hèr, felli úr lögum allar hinar eldri tilskipanir um prentfrelsi, og einnig þennan sèrstaka konúngsúrskurð af 1832, sem þíngmaður Snæfellínga las upp áðan.

En því nákvæmar, sem eg yfirvega þetta mál allt, því fremur verð eg að vera fastur á því, og eg sè ekki betur, en að sakir alls upplýsingarleysisins í þessu máli af hendi yfirmannanna, eins fyrir það, þótt þeir hèti öllum mögulegum upplýsíngum, þá geti þíngið nú án stórvægilegs vansa, og eigi að fallast á flest þessi breytíngaratkvæði, einkum þíngmannsins úr Snæfellsnessýslu, og senda um þau bænarskrá til konúngs.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga gætti ei rèttrar sanngirni, þegar hann lá mèr á hálsi fyrir það, að eg ei fyrri hefði gefið þínginu þær bendingar, er eg nú við þessa umræðu málsins hef skýrt frá; því hann getur þó með eingum sanni sagt eða farið því á flot, að mèr hafi verið mögulegt, að gefa þær skýrslur áhrærandi reikninga og forstöðu

prentsmiðjunnar, er eg áðan fram kom með, fyrri en eg gjörði. Eg hef áður, og það optar en eitt sinn, bent þínginu til, hvað ótilhlýðilegt það væri fyrir það, að senda konúnginum bænarskrá um einstakleg og jafnvel smásmugleg *administrativ*-atriði, svo að í því tilliti verð eg að álíta álas þingmannsins öldúngis óverðskuldað frá minni hálfu. Hvað því viðvíkur, að eg ei hafi fyr bent þínginu á þá galla, sem vera kunna við breytíngaratkvæðin, þá skal eg geta þess, að eg hvorki vel skildi eða heyrði breytíngaratkvæði þingmannsins frá Strandasýslu, þegar hann við undirbúníngsumræðuna geymdi sèr rètt til, að fram koma með þau, enda gat eg, þó eg þá hefði skilið þau, ei verið viss um, hvernig þau mundu verða orðuð, þegar þau kæmu fram prentuð; en undir orðaskipun slíkra breytíngaratkvæða er það að miklu leyti komið, hvort, og hvað vel eður illa, þau eiga við eitt frumvarp eða nefndaruppástúngu, ellegar ekki. Hvað hin mörgu breytíngaratkvæði þingmannsins frá Snæfellsnessýslu áhrærir, þá verð eg að játa það, að eg er ekki svo næmur, að eg gæti lært þau nákvæmlega öll í einu, þó eg heyrði þau í skyndi lesin; enda gildir um þessi breytíngaratkvæði að öðru leyti það sama, sem eg áður hef sagt um breytíngaratkvæði þingmannsins frá Strandasýslu. Loksins skal eg geta þess, að það er öldúngis samkvæmt þingsköpum vorum, að nefndarálitið sè undirstaða undirbúníngsumræðunnar; því það er til staðar í föstu formi, þegar þessi umræða byrjar; en að breytíngaratkvæðin, er fyrst liggja fyrir þínginu í fastorðuðu formi, þegar ályktarumræðan byrjar, sèu, ásamt öðrum uppástúngum þeim, er standa á atkvæðaskránni, aðalumræðuefni við ályktarumræðuna.

Þingmaður Skaptfellínga hèlt, að þingið ei mundi gjöra sèr *mjög mikla* vanvirðu, þó það sendi bænarskrá, hvar í breytíngaratkvæðin væru upp tekin; eg vildi nú helzt óska, að þingið gjörði sèr *öldúngis einga* vanvirðu; en eg skil ekki annað, ef þingið aðhyllist öll þau breytíngaratkvæði, sem nú er verið að ræða um, en að sú bænarskrá, er samin yrði samkvæmt þeim, hljóti að verða eitthvert það mesta vansmíði, sem frá þessu þingi hefur komið, og þetta verður ei með öðru fyrirbyggt, en að þingið felli öll breytíngaratkvæðin. Hvað nú reikníngа prentsmiðjunnar snertir, þá liggur það í augum uppi, að þeir hljóta að vera sendir með öllum tilheyrandi fylgiskjölum, því annars hefðu hvorki athugasemdir verið við þá gjörðar eður úrskurðir um þá felldir.

St. Jónsson: Eg tók svo meiníngu þíngmannsins frá Dalasýslu, að hann meinti, að þíngið mundi ekki geta átt við stjórnarherrann um þetta mál hèðan af, eins og því nú er komið, og væri því vænt, ef konúngsfulltrúi vildi upplýsa það. Það eru komnar margar umræður út af því, að hinu góða loforði hins 3. konúngkjörna þíngmanns ekki gat orðið betur framgeingt, en raun er nú á orðin, og það er auðsèð, í hvaða vandræði að nefndin hefur þess vegna komizt, sem allt hefði horfið, hefðu reikníngarnir feingizt, og það virðist þó sannagjörn krafa, að fá þá, af því stiptsyfirvöldin byrjuðu í „Nýtíðindum“ að auglýsa reikninga prentsmiðjunnar, og lofuðu, að halda því á fram, en sem þó hefur farizt fyrir, og menn vita ekki af hverri orsök. Mèr finnst því það vera einhver óyndis-úrræði fyrir þíngmanninum frá Strandasýslu, að hann hefur komið fram með nokkurs konar áætlunar-reikníngа, þó það komi nú þínginu ekki að liði í þetta sinn.

Framsögumaður gat þess, að það væri vafasamt, hvort biðja mætti stiptsyfirvöldin um reikninga prentsmiðjunnar; en mèr sýnist, að það sè sjálfsögð skylda þeirra, úr því þau byrjuðu á, að auglýsa þá, og lofuðu, að halda því á fram, eins og stendur í „Nýtíðindum“.

Eg held, að bezt og þægilegast sè fyrir stiptsyfirvöldin, að losast úr þeirri stöðu í tilliti til prentsmiðjunnar — (já) —; því það verður þó að vera óþægilegt fyrir þau, að vera nokkurs konar *prentverksmeistarar*, og því verð eg að gefa því atkvæði mitt, að stjórn prentsmiðjunnar komist í annað betra horf, en nú er, fyrst ekki verður ráðið, að selja hana sem allra fyrst, af því það leiðir í villu, að vita ekki, hvernig á stendur efnahag hennar.

Viðvíkjandi 8. breytíngaratkvæðinu verð eg að vera hinum hæstvirta konúngsfulltrúa samþykkur; en hvað það 12. áhrærir, þá sýnist mèr á annan veg; eg held nefnilega, að 2 prentsmiðjur gætu haft einkaleyfin; því þegar eg bar fram þetta vara-atkvæði, var það eingan veginn mín meiníng, að báðar prentsmiðjurnar skyldu hafa einkaleyfi að sömu bókinni, heldur að skipta skyldi bókunum milli þeirra, og eg held það gæti vel átt sèr stað; eg held t. a. m., að prentsmiðjan fyrir norðan gæti eignazt einkaleyfi, sem prentsmiðjan hèr ætti ekkert með; eins held eg að mætti skipta með þeim því, sem einkaleyfin fylgja nú.

Konúngsfulltrúi: Það stendur beinlínis í alþingistilskipuninni, að þingið getur gegnum forseta sinn snúið sèr til viðkomandi stjórnarráðs eður yfirvalds.

P. Sigurðsson: Það hefur nokkrum sinnum heyrzt hèr á þingi, að vorir æðstu embættismenn ekki fyndu sèr skylt, að gjöra þjóðinni skýra grein fyrir ráðsmennsku sinni á alþjóðlegu fè, eða öðrum valdstjórnar-athöfnum. Af þessu flýtur það, að mál þetta stendur nú eins og komið er. Að fara nú að vísa þessu máli svona löguðu til stjórnarherra Dana, þegar þingið er búið að taka það til löglegrar meðferðar og ræða það til lykta, get eg ekki aðhyllzt. Þessi aðferð væri einhver óvenjulegur hræringrautur, sem eignast mætti sama nafn, og sumbl það, er konur á Íslandi nefna *samhelling*. Eg held vèr bæði eigum og verðum að halda oss til konúngsins í þessu. Hefðu reikníngar prentsmiðjunnar komið fram, eins og bæði eg og fleiri gjörðu sèr vissa von um, eptir loforði hins háæruverðuga 3. konúngkjörna þíngmanns, þá hefði breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu aldrei orðið til; en þegar þetta loforð ekki var efnt, og reikníngarnir ekki komu fram, þegar málið var rætt til undirbúníngs, þá hafði eg þá skoðun á málinu, að þetta atriði hlyti að verða orsök til þess, að þegar menn ekki gætu feingið neina upplýsíngu um efni og ástand prentsmiðjunnar, hvort hún ætti nokkurt fè eða ekki neitt, þá flyti þar af, að menn ekki gætu gjört sèr ljósa hugmynd um, hvort tiltækilegra væri, að selja hana eða ekki, og hefði ekki þíngmaður Strandasýslu tekið sèr þessi breytíngaratkvæði, ætlaði eg að gjöra það. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi lýsti því nú fyrst yfir, að reikníngar prentsmiðjunnar væru sendir og yfirskoðaðir fram í Danmörku. Það getur nú vel verið, en bæði kemur þessi upplýsíng heldur seint, og ekki heldur koma þeir, sem afgjörðir ættu að heita, hèr fram til skoðunar. Eg held, að menn fram í Danmörku hafi hvorki jafnmikinn kunnugleik eða eins góð áhöld, til að yfirskoða og gjöra nákvæmar athugasemdir við reikníngа þessa, eins og menn hèr í Reikjavík, sem þar til væru kjörnir, og skyldaðir til, að auglýsa þá þjóðinni. Eg er því samþykkur bæði breytíngaratkvæðum þíngmannsins úr Strandasýslu, og eins þíngmanns Snæfellínga, að stjórn og umsjón prentsmiðjunnar sè losuð frá stiptsyfirvöldunum, og feingin í hendur öðrum manni, sem jafnframt sè skuldbundinn, að gjöra þjóðinni nákvæma grein fyrir gjörðum sínum í þessu efni.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Þegar þetta mál kom fyrst til þingsins, og það var rætt hèr til inngángs, þá vissi eg ekki betur, en þingið þættist eiga fullan rètt á, að meðhöndla það, og var það öllum kunnugt, að málið hljóðaði bæði um þá áföllnu reikninga prentsmiðjunnar, og um stjórn og tilhögun á henni eptirleiðis. Nefnd var strax kosin í málinu; en af því að sá háæruverðugi 3. konúngkjörni þingmaður tók þá svo vel í málið, með að skýra þá áföllnu reikninga, þá þótti þinginu sá máti með þessa grein málsins, að halla sèr til stiptsyfirvaldanna, svo miklu æskilegri og vinveittari, og því hefur nefndin geingið þá götu í því efni, og ekki aðra. Nú er það kunnugt, að þessi von á loforði þessa háæruverðuga þingmanns hefur brugðizt þinginu, og nefndarálitið kom svo, að það ekki gjörði neina ráðstöfun, að þeir áföllnu reikníngar yrðu aðgættir og lagaðir eða kunngjörðir, svo ekki sást annað, en sú grein málsins mundi ónýtast og þegjandi burt falla; þess vegna hefur nú þingmaður Strandasýslu gjört þetta 1. og 2. breytingaratkvæði.

Nú hefur sá hæstvirti konúngsfulltrúi lýst því yfir, að málefni þetta heyri ekki undir konúng, heldur megi vísa því til viðkomandi stjórnarherra. Þetta getum við nú heyrt; en það hefur verið mín meiníng, að það væri sú eina löglega meðferð mála á þingi, að halla sèr með bænarskrár eða ávarp í þessum þjóðlegu málum beinlínis til konúngsins — (*Forseti*: Það stendur í alþingistilsk. 77. gr., að alþingi megi vísa vissum málum til viðkomandi yfirvalda eður stjórnarráðs) —. Eg ætlaði líka að taka fram meiníngu mína um alþingistilskipunina í þessu efni. Eg meina, að alþingi eigi ekki að skipta sèr af einstakra manna bónarbrèfum, heldur að banda þeim mönnum til viðkomandi yfirvalda, og hef þeinkt, að það gæti verið helzt með þau mál, sem heyrðu til dómstólanna; en þetta var nú ekki einstakra manna bónarbrèf, en þó var því nú vísað til viðkomandi yfirvalda, og sjá menn nú árángurinn af því. Nú sè eg ekki, að sú regla verði hèðan af tekin, að vísa því til innanríkis-ráðherrans, þar ekkert breytingaratkvæði hefur verið tekið á þá leið, og ekki var vísað á þann veg fyrri. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, að ekki heyrði undir konúng önnur atriði í þessu máli, en þau, hvort prentsmiðjan ætti að seljast, eða ekki að seljast. Eg vil nú halda, að það sè ekkert minna eða konúngi óverðugra atriði, að gjöra góða stjórn og tilhögun á prentsmiðjunni, heldur en að selja hana. Ekki

get eg skilið, að einkaleyfin hverfi, þó þeim sè skipt á milli beggja prentsmiðjanna; því þá væri þó einkaleyfið á prentun þeirra vissu bóka kyrrt í landinu, svo menn gætu ekki látið prenta þær í annara landa prentsmiðjum. Eg veit ekki, hvað mikill hagur prentsmiðjunni hefur verið að þessum einkaleyfum, á meðan einginn sèst reikningurinn, og einginn ábatinn; því sè eg ekki eptir, þó einkaleyfin færu; því hitt hefur heldur sèzt, að landið hefur heldur haft skaða en ábata við þau, þar það hefur orðið að kaupa þær bækurnar dýrara; en væri prentsmiðjunni nokkur hagur að þeim, þá get eg ekki sèð eptir, þó hin prentsmiðjan fái helminginn af þeim hag, og að þær eigi báðar jafnt einkaleyfin og ábata þeirra.

J. Jónsson: Það hefur verið mikið rætt í þessum sal, bæði við undirbúnings-umræðuna, og nú við ályktunarumræðu þessa, um hin svo nefndu einkaleyfi prentsmiðju landsins til prentunar vissra bóka, og um þau hafa fallið ýmsir dómar; sumum virðast þau ómissandi, sumum gagnslaus, og enn nú nokkrum sem skaðleg og óhafandi, og sèrhver þessara flokka hefur sagt sínar ástæður, og nefndin þó ljósast; en það hafa hèr fyrir utan heyrzt þær meiningar, að prentsmiðja landsins hefði má ske mjög fá einkaleyfi, eður má ske eingin, nema gamla venju, af því hún nú til nálægs tíma var hin einasta prentsmiðja í landinu, og varð því eðlilega að sitja fyrir útgáfu vissra bóka.

Það er nú eingan veginn lítilvægt atriði, ekki einasta fyrir Norðlendinga, sem sjálfir eiga nú, og vilja nota sèr til alls löglegs gagns og hagnaðar, nýja prentsmiðju, og hafa feingið, sem öllum er kunnugt, konúnglegt leyfi til þess, heldur er það alla landsins innbyggendur mikið umvarðandi, að vita með fullkominni vissu, hvort þessi sunnlenzka prentsmiðja hefur nokkur sannarleg, eða að eins ímynduð, einkarèttindi, til að gefa út nauðsynja-bækurnar, og selja þær rètt eins og henni lízt. Það geta allir skilið, að það má vera mjög óþægilegt fyrir Norðlendinga, að hafa prentsmiðju, en vita þó ekki, hvað þeir mega prenta eða ekki prenta, og hvaða tálmun það getur verið almennri upplýsingu og útbreiðslu nauðsynja-bókanna. Það hefur leingi verið talið sem ástæða fyrir nauðsyn þínghaldsins hèr í Reykjavík, að hèr væru ætið við hönd þær upplýsingar, sem þingið þyrfti nauðsynlega að fá; nú ætla eg að þetta muni rætast; því nú á líka hinn 3. háæruverðugi konúngkjörni þing-

maður setu á þessu þíngi, og hann er sá maðurinn, sem er annar umsjónarmaður prentsmiðjunnar, og hlýtur því að þekkja réttindi hennar og skyldur, og þótt hann ekki gæti fullnægt heiti sínu, með að láta nefndinni í tè prentsmiðju-reikníngana, þá held eg honum sè eingin ofætlun, að skýra þínginu frá, hvort sunnlenzka prentsmiðjan hefur nokkur einkaleyfi eða eingin, og ef hún hefur þau, þá fyrir hverjum bókum, og með hvernin undirkomnum réttindum, og eg verð að leyfa mèr, Norðlendínga og jafnvel allra landsmanna vegna, að biðja hinn háæruverðuga þíngmann, að gjöra grein fyrir þessu nú þegar, svo þjóðin leiðist í allan sannleika í þeim efnum. Því næst vildi eg leyfa mèr að vekja umtal á nýtt um rètta meiníngu og skilníng konúngsbrèfsins frá 14. júní 1799, um sameiníngu norðlenzku prentsmiðjunnar, sem þá var, við hina frá Hrappsey, sem komin var suður á land, og hreifði eg því við undirbúníngsumræðuna, og leitaði um það meiníngar og álits hins hæstvirta konúngsfulltrúa, bæði sem hins þekkíngarmesta manns í þínginu, og af því hann stóð í þeirri stöðu við þíngið, sem öllum er kunnug hver er; en það var hvorttveggja, að konúngsfulltrúinn gat þess, að hann hvorki hefði hið áminnsta konúngsbrèf við hönd í þann svipinn, og frá stjórninni hefði hann í því tilliti einga bendíngu feingið, svo það hann þá segði væri eiginlega hans sjálfs meining, og þetta var allt eðlilegt, enda gat mèr ekki skilizt, að hann legði hina rèttu þýðíngu í hið áminnsta konúngsbrèf; því ef mig minnir rètt, þá ætlaði hann, að $\frac{1}{4}$ partur hinna prentuðu bóka í þessari sameinuðu prentsmiðju hefði átt að seljast í Norðurland eða hið gamla Hólastipti, og þar við, tók eg eptir, mundi fullnægt þeim skyldum, sem konúngsbrèfið hefði lagt á þessa sameinuðu stiptun, landsíns prentverk. Þetta getur mèr nú eingan veginn skilizt; því þegar gætt er að sambandinu, sem þetta stendur í hvað við annað, þá er það að minni meiníngu ljóst, að Norðurland, eður sá hluti þess, sem nefndist Hólabiskupsdæmi, átti Hólaprentsmiðjuna, og það er og svo ljóst, að prentsmiðja sú var að sumu leyti flutt suður, en að sumu leyti, svo sem húsakynni og ýms áhöld, seld, og andvirðið lagt til hinni sunnlenzku prentsmiðju. Þegar nú athugast, að konúngurinn í áminnstu brèfi ákvað, að $\frac{1}{4}$ partur ágóðans, sem talið er sem víst að hljóti að verða af hinu sameinaða prentverki, skyldi brúkast til almennilegrar upplýsíngar í hinu gamla Hólastipti, þá virðist

liggja næst að halda, að hann (konúngurinn) hafi álitið þennan hluta ágóðans eiga að vera sem tiltölulega leigu af andvirði norðlenzku prentsmiðjunnar, og sem eigendur þess fjár ættu sjálfir og einir að upp bera; því að ¼ partur prentuðu bókanna skyldi gánga í Norðurland, var óeðlilegt að ákveða með lagaboði; því bæði mun bókasalan og kaupin vera að mestu frjáls, og þetta mundi heldur engin rètt tiltala, þegar litið er til fólksfjöldans í Hólabiskupsdæmi gamla, og enn sízt, að það sè nokkur ágóði af því í þeim skilníngi, sem orðið *ágóði* (Forbeel) er brúkað í, að kaupa nauðsynjabækur, eða þær bækur, sem maður er skyldugur að eiga, og þurfa þar á ofan að kaupa þær með uppskrúfaðra verði, en aðrir landsmenn, vegna flutníngganna. Eg má líka fullherma, að Norðlendíngar eptir sinni tiltölu, auk Hólaprentsmiðju-andvirðisins, lögðu fè sitt til stofnunar landsuppfræðíngar-fèlagsins, og eiga að því leyti fulla tiltölu til prentsmiðju landsins, eða andvirðis hennar, ef hún verður seld, auk þess opt nefnda ¼ parts, og þó sú yrði niðurstaðan nú, að landsins prentsmiðja ætti nú sjálfa sig skuldlausa, t. a. m. húsið, pressuna, stýlana, áhöldin, og eitthvað af óseldum bókum, þá ætla eg hún hafi byrjað með lángt meira fè, en þetta mundi reynast, og verður þá ljóst, hvort ráðlegt er, að halda henni við eður ekki. Eg vildi nú gjarnan æskja hinna merkari manna álits og bendínga hèr um. Að því leyti hinn hæstvirti konúngsfulltrúi benti til þeirra úrræða, sem beinast lægju við með þetta mál, samkvæmt 77. gr. alþíngistilskipunarinnar, þá hef eg ætíð haft þann skilníng á áminnstri grein, og það ætla eg fleiri þíngmenn hafi — (jú!) —, að til þessa úrræða skyldi taka þegar í byrjun málefnisins, en eingan veginn þegar þíngið á lögformlegan hátt er búið að kjósa nefnd, og ljúka öllum umræðum málsins, og komið er til atkvæðagreiðslu. Hvað hin framkomnu breytíngaratkvæði snertir, þá mun eg gefa flestum þeirra atkvæði mitt; og þó það hafi heyrzt þær meiníngar, að ekki mundi má ske blygðunarlaust, að fara þessu máli fram við konúnginn, þá ætla eg þó fyrir mitt leyti, og hvað sem sker og eptir fer, að snúa mèr í þá átt, fyrst ekki er annað að leita, og þó þeirri aðferð kynni að vera einhver vansi samfara, hvað eg nú efa, þá held eg það lýsi sèr gegnum allt þetta mál, að það sè eingan veginn beinlínis þínginu að kenna, heldur allt öðrum atvikum, sem því hafi verið orsökuð.

M. Andrèsson: Þær mörgu bænarskrár, sem komið hafa til þingsins viðvíkjandi prentsmiðjunni, og sömuleiðis ræður þingmanna hèr á þinginu, eru vottar þess, að mönnum þykir eitthvað í ólagi. Eg verð líka að játa það, að heima í hèraði hef eg heyrt almenna umkvörtun yfir því, að bækur þær, sem sagt er að prentsmiðjan hafi einkaleyfi til að út gefa, séu mikils til of dýrar; sömuleiðis eru menn óánægðir yfir því, að svo lítið birtist á prenti af reikníngum hennar, og það, sem sèzt hefur, nefnílega frá 1844 til 1848, þykir mönnum mjög óglöggt. Af því má að vísu svo mikið ráða, að prentsmiðjunni hefur mjög illa búnazt þau árin, já, svo illa, að það þykir næstum óskiljanlegt; síðan hafa menn lítið af að segja, hvernig henni geingur, nema það, að hún skuli hafa borgað nýlega 1100 dala skuld á tveimur árum, og er það vottur um betri búsæld; samt sem áður eru menn í fullri óvissu um, hvernig efnahagur hennar nú stendur, og það er ekki að undra, þó þjóðin sè óánægð yfir því, að vita svo að segja ekkert um ásigkomulag þessarar mikilvægu stiptunar landsins.

Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi benti þínginu til þess í ræðu sinni, að því bæri ekki, að skipta sèr af prentsmiðju-reikníngunum, því slíkt lægi fyrir utan þess verkahríng; en hafi þínginu verið leyfilegt, að ráðgast um stjórn prentsmiðjunnar og ráðstöfun hennar, t. a. m. hvort hún skuli losast undan umráðum stiptsyfirvaldanna, og þó vera eign landsins, eða að öðrum kosti seljast í eigu einstakra manna, en þíngið megi þó ekki krefjast reikníganna, þá get eg ekki skilið það; því mèr virðist þetta tvennt óaðskiljanlegt, ráðstöfun hennar og reikníngarnir. Eg fyrir mitt leyti vil ráða frá því, að selja hana að svo komnu máli, og láta það heldur bíða fyrir það fyrsta, þar til reikníngarnir birtast, sem líklega verður einhvern tíma. Það hefði verið betra, að þíngið hefði feingið þessa bendíngu konúngsfulltrúans, fyr en nú á þessari stundu, þegar að því er komið, að gánga á til atkvæða um þau mörgu uppástúngu-atriði, sem standa á atkvæðaskránni; þíngmenn hefðu þá síður komizt í vandræði með atkvæðagreiðsluna.

Konúngsfulltrúi: Eg held það sè ljóst orðið af umræðunum í þessu máli, að þíngmenn eru því mjög ókunnugir. En hvað leiðir þá þar af? einúngis það, að þíngið fari varlega í það, og samþykki ekki þær uppástúngur, eða þau breytíngaratkvæði, sem í því eru fram komin, nema því að eins, að þeir

hafi skýra sannfæringu um, að þau eigi vel við að öllu leyti, og bæti fyrir afdrifum málsins. Þingmenn mega geta því nærri, að mèr fyrir mína persónu ekki getur annað verið umvarðandi í þessu máli, en að það fari frá þinginu í sem laglegasta formi og sem bezt úr garði gjört. Eg hef í því tilliti, að eg held, gefið þinginu allar þær bendingar, sem nauðsynlegar eru, en vilji þingmenn virða þær að vettugi, þá verður það að vera þeirra ábyrgðarhluti.

Framsögumaður: Mál þetta hafa menn nú rætt leingi, og litlar upplýsingar sýnist mèr vera komnar. Sumir hafa beinzt að nefndinni fyrir það, að hún ekki hætti meðferð á málinu, þegar hún sá, að reikningarnir ekki komu; en það verð eg að segja frá nefndinni, að þángað til klukkan var 12 í dag, vonaði hún, að reikningarnir mundu koma; því fyrirheitið var svo glöggt; og einmitt af því hún hafði þessa von, að reikningarnir mundu koma, áður yrði geingið til atkvæða, áleit hún gagn fyrir þingið og þjóðina í meðferð sinni á málinu.

Þingmaður Strandasýslu gat um, að eg mundi hafa verið linur að krefjast reikninganna, en nefndin vildi ekki krefjast þeirra öðruvísi, en hún gjörði, vegna kurteysi þeirrar, sem þingið sýndi í inngángsumræðunni, sem komið mun hafa af því, að það hèlt hinn 1. konúngkjörni þingmaður andlegu stèttarinnar mundi halda loforð sitt; en nú held eg kurteysin ætli að verða að tjóni; því þingið hefði gjört betur í, að senda konúngi bænarskrá um, að embættismönnum yrði gjört að skyldu, að gefa reikníng yfir opinbera sjóði, sem þeir hafa undir höndum, en að treysta þannig loforði einstaks manns.

Konúngsfulltrúinn sagði, að reikningarnir til 1848 gætu hèðan af ekki komið til neinnar umræðu; en mèr þykir skrítið, að ekki megi leiðrètta reikningana, ef menn sjá, að þeir eru ekki rèttir, eptir að „*Decision*“ er fallin, eða stjórnardeildin hefur rannsakað þá; því Íslendingar hafa þó skýlausan rètt á, að fá að vita um fjárhag prentsmiðjunnar, sem er eign landsins.

Eg skil ekki, að rèttara sè, að senda bænarskrá um þetta til stjórnarherrans, eins og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, en til konúngsins; því ef biðja má um, að prentsmiðjan verði ekki seld fyrst um sinn, þá má líka biðja konúnginn, að stjórnartilhögun þeirri, sem nú er á prentsmiðjunni, verði breytt. Það er ekki að furða, þó þeir í Hólastipti vilji fá að sjá reikningana, fyrst þeir í 54 ár ekki hafa feingið 1 sk. af þeim fjórð-

úngi ágóðans, sem konúngsbrèfið 14. júní 1799 áskilur þeim — (*Konúngsfulltrúi*: Hvað hafa hinir fjórðúngar landsins feingið?) —. Ekkert, en þeir hafa þó þann ágóðann, að eiga skemmra að vísindabrunninum.

Einn þingmanna óskaði, að biskupinn segði, að hvaða bókum prentsmiðjan ætti einkaleyfi, og það held eg sè mikilsvert fyrir þingið, að fá að vita, á hverju þessi einkaleyfi eru byggð; því þó einn maður árið 1796 hafi feingið einkaleyfi fyrir 2 fyrstu upplögunum af sálmabókinni, held eg það ætti að vera af numið núna, þegar 10 eða 11 upplög eru komin af henni.

Prentsmiðjan hèr hefur þar að auki ein prentað þær bækur, sem áður voru prentaðar á Hólum, þángað til aðrir tóku sèr þann rètt, sem hún þá ekki gat varið, og barnalærdómsbókina hefur hún einnig prentað, eins og hún hefði einkaleyfi til hennar.

Á fjárhag prentsmiðjunnar verður að byggja, hvort selja eigi hana; því maður verður að vita, hvað góð mjólkurkýr hún er, áður en hún verður lögð að velli.

Eg vona nú, að sá annar meðstjórnanda prentsmiðjunnar, sem á setu hèr á þingi, skýri nú að minnsta kosti frá, að hvaða bókum hún eigi einkaleyfi; því það ætti víst ekki að verða honum mjög ervitt.

H. G. Thordersen: Það rekur að því, að eg neyðist til, að standa upp, hvort sem eg vil eður ekki, því nokkrir þingmenn hafa beinlínis skorað á mig, svo sem þann eina hèr nálæga forstöðumann prentsmiðjunnar, að eg gæfi ýmsar upplýsingar í málefni því, sem hèr er svo mikið um talað.

Því var skotið til mín, að til taka greinilega, hver væru einkaleyfi prentsmiðjunnar; eg ætla mèr nú ekki að rekja það efni, en get þess að eins, sem öllum mönnum er kunnugt, að enginn annar en prentsmiðjan hefur rètt til, að prenta sálmabókina og barnalærdómsbókina; en þó fleiri sèu rèttindi hennar, fer eg ei að sinni út í það.

Þar sem nú þessu máli sýnist vera hreift með talsverðu tilliti til hins forna Hólaprentverks, af hverju menn nú vilja hafa einhverja hagsmuni fyrir hið nýstofnaða prentverk á Akureyri, þá er eg ekki til þess fær, að dæma um, hverjar lagakröfur hið forna Hólaprentverk kann að hafa til prentsmiðju landsins. Sú spurning liggur lagamönnum nær en mèr, og er eg því óvæntanlegur, að gefa þar um nokkra frekari skýrslu; enda sè

eg ekki, að eg í þessu máli standi í því sambandi við þetta þing, að það sè skylda mín; en sleppum því. Eg var ei heldur undir þessar spurníngar búinn, og þó eg gæti svarað upp á þær fleiri, en eg nú gjöri, þá vona eg þíngmenn verði að sjá, að sú varð að vera mín æðsta skylda í máli, sem eins er lagað og þetta, og sem eg sjálfur eins er viðriðinn, að tala varlega og kasta eingu því fram, sem eg má ske seinna við ýtarlegri yfirvegun yrði að kalla aptur. Þótt því ýmsir hafi heldur alvarlega beinzt að mèr, verð eg að svara þeim, að „af eingum verður krafizt meir en hann getur“, og eg get ei að svo stöddu gefið betri upplýsíngar.

Hvað þeim margstöguðu reikníngum viðvíkur, þá er búið að upplýsa þíngið um, að þeir sèu yfirskoðaðir og afgreiddir til ársins 1848, en að síðan sèu þeir undir yfirskoðun þeirra manna, sem stjórnarinnar vegna hafa það starf á hendi, og eru forstöðumenn prentsmiðjunnar ekki enn búnir, að svara þeim spurníngum, sem þeim út af þessu fyrir skömmu hafa verið sendar, og getur mèr, þar sem svo stendur á, ekki skilizt, hvernig þíngið getur ætlazt til, að reikníngar þessir verði lagðir fyrir það. Eg ætla ekki að fást meir um þetta mál.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og verður nú geingið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Atkvæðin fèllu þannig:

1. uppástúnga *þíngmannsins frá Strandasýslu* var samþykkt með 11 atkvæðum gegn 9.
2. —— *sama* var samþykkt með 14 —— — 7.
3. —— *þíngmanns Snæfellínga* var samþykkt með 15 atkv. gegn 5.
4. —— *sama* var samþykkt með 15 atkv. gegn 5.
5. —— *sama* var samþykkt með 13 — — 7.
6. —— *sama* var samþykkt með 14 — — 6.
7. —— *sama* var tekin aptur af uppástúngumanni.
8. —— *sama* var samþykkt með 11 atkv. gegn 8.
9. —— *nefndarinnar* var samþykkt með 14 atkv. gegn 3.
10. —— *sömu* fèll í burtu, með því að nr. 8 var samþykkt.
11. —— *sömu* var samþykkt með 20 atkv.
12. vara-uppást. *þíngmanns Eyfirðínga* var fallin, um leið og nr. 9 var samþykkt.
13. Eptir áskorun hins 1. konúngkjörna þíngmanns var nafna-

kall haft við þetta atriði, og beiddi forseti þá að segja já, sem vildu hafa því framgeingt, en hina nei.

já (sögðu):	nei (sögðu):
G. Einarsson.	V. Finsen.
J. Guðmundsson.	Þ. Sveinbjörnsson.
P. Sigurðsson.	J. P. Havstein.
M. Andrèsson.	H. G. Thordersen.
G. Brandsson.	Þ. Jónassen.
H. Stephensen.	P. Pètursson.
J. hreppst. Sigurðsson.	J. Thorstensen.
E. Kúld.	J. Kristjánsson.
Ó. Sívertsen.	
Á. Einarsson.	
J. Samsonsson.	
St. Jónsson.	
J. Jónsson.	

Var því atriði þetta samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8.

Forseti: Það, sem þá kemur næst eptir dagskránni, er málið um *peningaskort,* og hvernig ráða megi bót á honum, til undirbúningsumræðu. Framsögumaður, hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, gjörir svo vel, að lesa upp nefndarálitið.

Var þá nefndarálitið afhent framsögumanni, jústizráði J. Thorstensen, og las hann það upp svo hljóðandi:

Vèr undirskrifaðir erum af hinu heiðraða alþingi kosnir í nefnd til að yfirvega og segja álit vort um bænarskrá, sem þinginu er send um það, að leggja á hagkvæm og hentug ráð til þess, að nægir peningar gætu feingizt til brúkunar í landinu.

Það er hverju orði sannara, sem í bænarskránni er tekið fram, að hèr á landi er orðinn almennur peningaskortur og almenn umkvörtun yfir þessu vandkvæði, sem, eins og nærri má geta, hefur hin mikilvægustu áhrif á öll viðskipti manna á milli, og gjörir fyrirstöðu öllum framkvæmdum, smáum sem stórum. Liggja til þessa fleiri orsakir, en þó einkum sú, að verðlag á íslenzkum vörum er í verzluninni hærra en svo, að hlutaðeigandi kaupmenn geti án skaða síns borgað vörurnar jafnháu verði með peningum, og þar af leiðir aptur, að þeir ekki flytja peningana út hingað; en það er undir verzluninni í hverju landi komið, að peningar út breiðist meðal landsbúa.

Meðan hið svo kallaða vöruverð, sem með lagaboðinu frá 1836 var bannað, átti sèr hèr stað, voru nógir peníngar að fá í verzluninni, en síðan það var tekið af, hefur peninga-eklan allt af farið vaxandi, og nú er svo komið, að þeir mega heita ófáanlegir; hvílíkur hnekkir slíkt sè í öllum embættisviðskiptum, þarf ekki útlistunar við, eins og það liggur beint fyrir, að frelsi það í verzluninni, sem nú er hèr í vændum, komi oss því eins að fullum notum, að á þessu geti orðið ráðin bót.

Það má vera öllum auðskilið, að útlendum mönnum mundi þykja það mjög óhagkvæmt, að verða að flytja hingað alla þá peninga, sem þeir þyrftu til verzlunar sinnar, þvert á móti því, sem almennast á sèr stað í öðrum löndum, þar sem menn eiga kost á, að koma með og nota til verzlunar sinnar áreiðanleg víxlarabrèf, sem innbúar þess lands ábyrgjast, og geta útlendíngar og aðrir kaupmenn fyrir það komizt að þeim mikilvægu hagsmunum, að eiga peninga vísa, ef þeir þurfa þeirra við, og svo mikla, sem þeir þurfa, án þess, að hafa þá með sèr að heiman, eða greiða af þeim vexti fyrri eða fremur, en þeir þurfa á þeim að halda. Þar að auki er þess að gæta, að þegar verzlunarfrelsi kæmist hèr á, mundi peníngaskorturinn verða lángtum tilfinnanlegri, eins og þá mætti búast við, að ýmsar útlendar myntsortir mundu koma hèr inn í landið, sem nú er við það ómögulegt að fá víxlað, og er því mjög að óttast, að falskir peníngar bærust þá inn í landið, sem fæstum landsbúum er fært að þekkja frá góðri og gildri útlendri mynt.

Að leiða hèr inn aptur vöruverð það, sem hèr um tíma átti sèr stað, og af numið var 1836, virðist oss ekki tiltækilegt; því vèr erum hræddir um, að það mundi leiða til hinnar sömu óreglu og misbrúkunar, sem því áður var samfara, og einkum kom fram í því misjafna gángverði á peníngunum, þar sem þetta var svo að kalla sitt á hverjum verzlunarstað með sömu vöruprísum að öðru leyti; og leiddi það til misklíðar og ruglíngs í embættisviðskiptum manna, auk þess, að það hallaði rètti þeirra, sem urðu að taka spesíuna fyrir hærra verð, en þeir, sem feingu hana með lægra verði; enda mundi vöruverðið, þó það yrði aptur innleitt, ekki bæta úr þeim peníngaskorti, sem útlendíngum, eins og áður er sagt, hlyti að verða hèr tilfinnanlegur, þegar frjáls verzlun kæmist á.

Ekki getum vèr heldur ráðið þínginu til að svo komnu,

að fallast á það, sem farið er á flot í frumvarpi því, sem nefndinni hefur verið feingið í hendur frá kaupmanni *C. F. Siemsen,* um stofnun banka hèr á landi, með veði í klaustur- og kirkjugózunum; því oss virðist ekki betur, en að þessari uppástúngu sè samfara svo mikil áhyrgð *(Risico),* að vèr getum hvorki ætlazt til þess, nè heldur lagt það til, að stjórnin gefi henni svona lagaðri sitt samþykki; því sýnilegt virðist oss það vera, að búast megi við, ef til vilji, og ef ekki er betur sèð fyrir, heldur en í uppástúngu þessari er ráðgjört, töluverðu tjóni út af vexilbrèfunum og öðrum ávísunum, sem bánkanum væri ætlað að taka á móti; landið líka svo afskekkt, að örðugt yrði, og enda ómögulegt, að gæta rèttar síns í tækan tíma, eða að hafa nokkra áreiðanlega vissu um fjárhag manna yfir höfuð erlendis; en allt slíkt kemur þó mjög til greina, þegar máli skiptir um aðra eins stofnun og bánka, sem hlýtur að hafa og ætlazt er til að hafi peníngaskipti við marga útlenda menn. Yfir höfuð virðist oss, að slíkri stofnun hèr á landi, einstakri sèr, hljóti að vera svo vel og óyggjanlega fyrir komið, og svo margra varúðarreglna þar við að gæta, til þess að tryggja stiptunina fyrir fjártjóni, sem hvorki þessi uppástúnga tekur neitt fram um, nè nefndin sèr sèr fært að gjöra um neinar sèrstakar eða beinar uppástúngur.

Því viljum vèr nú alleina ráða hinu heiðraða alþíngi til, allra-þegnsamlegast að biðja hans hátign konúnginn allra-mildilegast að taka til yfirvegunar, hvort eitthvert það bánka-fyrirkomulag gæti ekki komizt á hèr í landi, eptir þeim grundvallarreglum, sem stjórninni þættu hentugastar, er gæti gegnt eptirfylgjandi nauðsynjum, sem slíkar stofnanir almennt hafa á hendi:

a, *að kaupmenn gætu feingið peninga hèr í landi móti óyggjandi víxlabrèfum.*

b, *að framandi landa myntsortum yrði víxlað fyrir danska peninga, og dæmt um gildi þeirra.*

c, *að mögulegt yrði, að fá peninga lánaða hèr í landi í móti nægu veði, og með því, að borga þá aptur annaðhvort hèr í landi eða í Danmörku.*

Reykjavík, 31. júlí 1853.

J. Thorstensen, formaður og framsögum. *Þ. Jónassen.* *J. Guðmundsson.*

Framsögumaður: Eg skal ekki bæta mörgu við nefndarálit þetta, eða ástæður þær, sem þar eru til greindar. Nefndinni sýndist þær 3 uppástúngur, sem hún hefur gjört, að mestu leyti fullnægja þeim skyldum, sem á hverjum bánka hvíla, nefnilega, að skipta útlendum eða utanríkispeníngum, annast um, að verzlunarmenn geti feingið peninga móti víxlabréfum, og yfir höfuð hver sem vill móti fullgildu veði. Samt sem áður er þess ekki væntandi, að peníngaskortur sá, sem nú er í landinu, hætti með öllu; því hinir fátæku geta aldrei feingið mikla peninga í hendur, þegar þeir hvorki eiga neitt hjá kaupmönnum, nè hafa neitt veð, til að setja fyrir peníngaláninu. En það er víst, að peníngaskortur er nú mjög tilfinnanlegur hèr á Suðurlandi, þegar þeir fá jafnvel einga peninga hjá kaupmanninum, sem inni eiga hjá honum, nè heldur peníngalán fæst mót fullu veði. Eg hef átt tal við ýmsa þíngmenn að norðan, og hefur mèr skilizt svo á þeim, sem peníngaskorturinn sè þar ekki eins tilfinnanlegur, eins og hèr syðra; því þar gætu þeir optast nær feingið peninga hjá kaupmönnum, sem nokkuð ættu inni hjá þeim.

Nefndin gat ekki tekið uppástúngu kaupmanns *C. F. Siemsens* til greina, þar eð henni fannst hún ekki vera svo greinilega orðuð, að nefndin, sem þar að auki var ekki slíkum bánkastofnunum nógu kunnug, gæti feingizt neitt við hana. Henni fannst það og ofætlun, að Ísland, sem liggur meira en 100 mílna lángt frá öllum byggðum löndum nema Færeyjum einum, gæti haft þann kunnugleika, sem þar var gjörður ómissandi, um efnabag og áreiðanlegleika einstakra verzlunarhúsa eða manna, sem ávísanir kynnu að koma frá.

Þ. Jónassen: Þíngið hefur í því upplesna nefndaráliti sèð þess vott, að nefndin var í miklum vandræðum með málið, og sá ekki ráð til þess, að koma fram með neina beinlínis uppástúngu, heldur varð að fela allt á vald vísdómi stjórnarinnar. Það kom til orða, þegar nefndin var að ræða málið, hvort ekki mundi vera farandi fram á það við stjórnina, að hún hlutaðist til, að þjóðbánkinn vildi setja hèr til reynslu *Filial-Contoir,* eins og þjóðbánkinn gjörði 1832 í Árhúsum, og seinna í Flensborg; en mínir heiðruðu meðnefndarmenn gátu ekki fallizt á þetta, og hvarf eg, sem hreifði þessu, þannig frá því aptur, og get þessa einúngis í því skyni, ef þíngið kynni að vilja taka þetta atriði til yfirvegunar. Eg ímynda mèr að öðru leyti,

að þessi ráðstöfun, ef henni yrði framkvæmt, gæti komið hèr að liði, eins og hún kom að liði á Jótlandi, ef annars slik stofnun getur þrifizt hèr, sem eg ekki vil fullyrða, af því eg ætla hèr sèu svo lítil peningaviðskipti enn sem komið er; en það er líklegt, að með breytíngunni á verzluninni verði peningaviðskipti miklu tíðari og umfángsmeiri en nú. En hvað sem svo þessu líður, er það nauðsynlegt, að eitthvert ráð yrði fundið, sem bætti úr þeim peningaskorti, sem nú er hèr í landi, og sem að vísu nú þegar er tilfinnanlegur, en verður þó að líkindum miklu tilfinnanlegri með verzlunarfrelsinu.

G. Brandsson: Eg játa það að vísu satt að vera, sem í nefndarálitinu stendur, að hèr sè mikill peningaskortur, og allt eins það, að kaupmenn segjast ekki geta flutt peninga hingað, nema með skaða sínum; en um það hefur ekki heyrzt kvartað, hvorki af þeim nè öðrum, að þeir gætu ekki flutt peninga hèðan sèr að skaðlausu; en það vita menn til, að þeir hafa gjört. Nefndin segir, að allt fram að árinu 1836, meðan vöruverðið stóð, hafi mátt fá nóga peninga hjá kaupmönnum. Eg er nú ekki gamall maður, og man þó glöggt eptir, að þessu var ekki þannig varið, þar sem eg þekkti til; nefndarálitið sannar þetta líka sjálft, þar sem í því er sagt frá, hvað spesían gilti um þær mundir; því það verð eg að álíta vott um peningaskort, þegar hún var af kaupmönnum skrúfuð upp í 4 dali, eða jafnvel meir, svo að menn urðu annaðhvort að fá hjá þeim peninga með þessum kjörum, eða vera án þeirra. Eg skil nú ekki í því, að kaupmenn hèr sunnanlands skuli ekki eins vel geta flutt peninga hingað, og kaupmenn fyrir norðan; því þar heyrist ekki kvartað yfir neinum peningaskorti, og þó hefur matvara þar núna seinustu árin verið stundum seld með betra verði en hèr syðra. Kaupmenn hèr segjast reyndar selja þá svo kölluðu kramvöru með betra verði en norðlenzku kaupmennirnir, og svo segja þeir, að lausakaupmennirnir spilli fyrir sèr, bæði með því lága verði, sem sè á vörum þeirra, og með því, að embættismenn hèr, sem mest verzla fyrir peninga, dragist til þeirra. Þetta getur nú reyndar verið satt, en þó vita menn, að lausakaupmenn koma hèr fáir, og standa sjaldan leingi við, heldur fara bæði til Vestur- og Norður-landsins, og ættu þá áhrif þeirra þar á verðlagið að vera lík því, sem þau eru hèr. Að öðru leyti held eg, að það yrði skaðlítið fyrir landið, þó kaupmenn seldu sumt glíngrið sitt nokkuð dýrara, en þeir gjöra, svo

þeir gætu betur staðið við, að flytja peningana. Hvað sjálft nefndarálitið snertir, þá hef eg í aðalefni þess ekkert verulegt út á það að setja; því ráð þau, sem það leggur við peningaskortinum, eru svo sakleysisleg og góð, að eg skil ekki annað, en að menn verði að fallast á þau; því sama verður niðurstaðan í þessu sem öðru, að menn verða að varpa allri áhyggju sinni upp á stjórnina, í þeirri von, að hún sjái ráð til, að bætt verði úr þörfum vorum.

Þ. Jónassen: Eg get þó eingan veginn verið samdóma þeim heiðraða fulltrúa Gullbringusýslu í því, að peningaskorturinn hafi verið eins mikill og nú, meðan vöruverðið átti sèr stað, og get eg í þessu tilliti látið mèr nægja, að vitna til eins atriðis, sem þingmanninum er eins kunnugt og mèr, sölunnar á konúngsjörðunum í Gullbringusýslu, sem fór fram um það leyti, sem vöruverðið var tekið af. Sala þessi ber þess ljóst vitni, að þá voru nógir peningar að fá í verzluninni hèrna; því kaupendur jarðanna munu hafa feingið andvirðið mestmegnis í verzluninni, og jarðirnar, sem seldar voru, voru margar, og voru til samans seldar fyrir ærið fè.

Það er líka alkunnugt, að um það leyti vildu kaupmenn heldur láta peninga úti, en taka þá inn, og heldur fá vörur sínar borgaðar með vörum en peningum, og eg man glöggt eptir því, að einn af kaupmönnum í Reykjavík gjörði rellu úr því, að taka við peningum upp í skuld, en vildi hafa skuldina borgaða í vörum, en ekki í peningum. Það liggur líka í eðli sínu, að peningarnir leita þángað, hvar mestur fæst af þeim arðurinn, og því komu þeir út hingað, meðan vöruverðið við gekkst, af því kaupmaðurinn, sem á sumum stöðum lèt spesíuna úti fyrir 3 rbdd., sumstaðar á 4, sumstaðar 15 og 16 mörk, gat þá með ábata sínum keypt vörur fyrir peninga; en nú er öðru máli að gegna; nú gildir spesían ekki nema 2 rbdd., vöruprísarnir eru háir, og kaupmaðurinn getur því ekki staðið við, að borga þær leingur með peningum, þó hann geti vel staðið sig við, að borga þær (íslenzku vörurnar) með vörum, því vörurnar getur hann fært upp, en ekki peningana. Eg álít því vöruprísana, sem nú eru, aðalorsök þess, að hèr flytjast ekki inn peningar eins og áður, og að þeir fáu, sem koma, flytjast jafnótt út aptur. Bændur feingju nóga peninga, ef þeir hèldu ekki vörunum svo hátt á móti þeim hjá verzlunarmönnunum. Eg vil ekki reingja það, að það kunni að vera hægra, að fá peninga í verzl-

uninni nyrðra og vestra, en hèr sunnanlands; en þó má eg geta þess, að þegar eg var seinast nyrðra, 1850, kvörtuðu sýslumennirnir, sem þá voru í Múla- og Húnavatns-sýslu mikið yfir peningaskorti í verzluninni, en þetta hefur, ef til vill, síðan breytzt til batnaðar.

J. Kristjánsson: Eg er vel sáttur við þá heiðruðu nefnd fyrir það, að hún er komin að þeirri niðurstöðu í málinu, að ráða þinginu til, að fela banka-fyrirkomulagið forsjá stjórnarinnar. En ef stjórnin af vizku sinni hugsar nú eitthvert gott ráð, til að bæta úr nauðsynjum vorum í þessu efni, sem eg efast ekki um, þá er óskandi, að verða þess ráðs njótandi; í því skyni vil eg nú áskilja mèr viðauka við uppástúngu nefndarinnar á þá leið, *að frumvarp* um fyrirkomulag stiptunar þessarar verði lagt fyrir alþingi.

G. Brandsson: Það var einúngis eitt atriði í ræðu hins 5. konúngkjörna þingmanns, sem eg vildi svara nokkrum orðum; en það var þar sem hann fór að minnast á konúngsjarðasöluna, sem fram fór á því tímabili, sem hann tók fram. Hann taldi það sem vott peninganægtar, að þá voru keyptar nokkrar jarðir; en eg verð að segja honum og þinginu það, sem bæði honum og því mun kunnugt vera, að í mörg ár, áður en þessi jarðasala fór fram, þá hafði lítil hreifing verið hèr á peningum, svo það, sem margir menn á laungum tíma höfðu getað nurlað saman, var þá tínt til, til að borga með því jarðirnar, og þó gekk þetta ekki betur en svo, að fjöldi manna, sem í þær bauð, mátti þakka fyrir, ef þriðjúngur af andvirði jarðanna varð þannig borgaður strax, samkvæmt söluskilmálunum, og mèr var gagnkunnugt um suma bændur, sem voru að kreista út peningalán, hvar sem þeir gátu, bæði hjá vinnufólki, lausamönnum, og fleirum; því þeir kvörtuðu sáran yfir, hvað illt væri, að fá peninga í kaupstaðnum — (*J. Guðmundsson*: Mikið rètt.) —. En að peningar sèu nú minni í landinu, en þeir voru, áður en þessi jarðasala fór fram, er mjög eðlilegt; því menn vita, að jarðaverðin, bæði heil og hálf, hafa verið flutt í burt úr landinu, og ekki komið aptur, svo eg held, að dæmi það, sem þingmaðurinn tók af jarðasölunni, til að sanna með peningabyrgðirnar, á meðan vöruverðið stóð, og peninga-ekluna núna, hafi ekki átt alls kostar vel við.

P. Sigurðsson: Eg er á sama máli og nefndin í því, að bæði sè mikill peningaskortur hèr, víst á Suðurlandi, og það

sè mjög til hnekkis verzlunarviðskiptum manna, og að bændur ekki geti feingið þá, þó landaurar sèu fyrir hoðnir, og þess vegna geti ekki borgað með þeim þau opinberu gjöld, sem á þeim hvíla, sem þó er haganlegast bæði gjaldþegnum og eins hinum, er gjöldin eiga að taka. En eg er alveg á sama máli og þingmaðurinn frá Gullbringusýslu í því, að jafnmikill skortur hafi verið á peningum, þegar vöruverðið var, eins og nú er. Eg hef að vísu ekki þekkt eins vel og þingmaðurinn, hvernig það hefur reynzt hèr í suðurkaupstöðum, en eg hef þá líka vitað það glöggvar um Vestmannaeyjar og Eyrarbakka, að þar var eingu hægra að fá peninga þá, en nú. Það var almennt viðkvæðið, þeir gætu ekki hjálpað mönnum um peninga, og stundum höfð sú skuldbinding, að ef þeir lètu menn fá aðrar nauðsynjavörur, eins og þeir þyrftu með, þá væri það með því móti, að þeir tækju nokkuð af ýmsri kramvöru; því kaupmenn hafa þekkt það vel, bæði nú og fyrri, að þeim er ábatameira, að ginna okkur til kramvörukaupa, já, ljúflega lána okkur þess konar óþarfakram, sem við því miður látum fúslega leiðast til, heldur en að svara peningum, þó menn biðji um þá. Nefndin hefur því rètt að mæla, þegar hún talar um peningaskortinn; en hvernig hèr á yrði bezt ráðin bót, verð eg að játa, að mig skortir þar til þekkingu.

V. Finsen: Eg er á því, að mikið gott sè, að slíkur bánki komist á stofn hèr á landi; það er það meðal, sem menn nota alstaðar í heiminum, til að bæta úr peninga-eklu, og það er kunnugt, að slík peninga-ekla á sèr stað hèr í meira lagi. Mèr líkar það vel, að nefndin hefur einga beinlínis uppástúngu gjört um fyrirkomulag bánkans; því til að gjöra uppástúngu um það, vantar menn hèr kunnáttu; en þó finnst mèr, að nefndin hefði átt að fara nokkuð fleiri orðum um, á hvaða grundvelli bánkinn gæti orðið stofnaður. Eg vil nú ekki gjöra ráð fyrir þeirri undirstöðu, sem er til greind í uppástúngu þeirri frá kaupmanni einum hèr í bænum, sem hefur verið lögð fram, nefnilega, að bánkinn væri grundvallaður á hinu konúnglega og *beneficeraða* jarðagózi hèr á landi; en eg get ímyndað mèr, að undirstaðan gæti verið t. a. m. einúngis konúngsjarðirnar, á móti því, eins og sjálfsagt væri, að konúngssjóður hefði aptur allan ábatann, eða þá á hinn bóginn, hvort hentugast væri, að láta bánkann vera *Filial* frá þjóðbánkanum í Danmörku. Eg skil ekki, að sú hætta þurfi að verða fyrir bánka hèr, að kaupa víxlbrèf, sem

nefndin virðist að gjöra ráð fyrir; það er reyndar sjálfsagt, að menn geta ekki þekkt hèr efnahag útlendra kaupmanna, sem kynnu að standa skrifaðir undir víxlbrèfi, en mönnum er ætið innan handar, að heimta undirskriptir 2 eða fleiri efnaðra kaupmanna hèr á staðnum, og þá ætti ekki að verða mikil hætta að víxlbrèfunum; því það eru þau vissustu skuldabrèf, að því leyti beita má svo hörðum þvingunarmeðölum við skuldunaut, löghald á gózi og fángelsi fyrir hann sjálfan, ef hann ekki borgar öldúngis á þeim tiltekna degi. Eins og víxlbrèf eru sá ábatasamasti starfi bánkanna, vegna þeirra háu vaxta, eins eru þau líka álitin mjög viss. Nefndin hefur nú samt stúngið upp á, að kaup á víxlbrèfum skuli vera eitt af ætlunarverkum bánkans, og er það vel. Eg held það mætti við þessi ætlunarverk bæta enn einu, nefnilega, að menn gætu geymt sèr penínga í bánkanum móti því, að fá dálitla rentu. Það hefur verið fyrir fám árum stúngið upp á stofnun sparisjóðs í Reykjavík, og hefur verið leitað álits ýmsra um það mál; en eg veit reyndar ekki, hvað því máli líður nú; en eg held það mætti vel nota bánkann jafnframt sem sparisjóð; menn feingju þá t. a. m. 2½ af hundraði í vexti, og bánkinn feingi meira fjármagn; það er í því tilliti gott, að menn ekki þurfi að borga mikið fyrir aðgánginn til, að borga þannig inn; menn kalla það *folium*, og ætti það að vera borgunarlaust. Eg held það væri yfir höfuð að tala gott, ef bánkinn gæti líkzt sem mest hinum skozku baunkum; þar getur maður meðal annars samið við bánkann, að fá svo og svo mikið út borgað hjá bánkanum á næsta ári, sem maður þarf sèr til viðurværis, móti því, að bánkinn fái fullvissu um, að maður borgi á sama ári jafnmikið inn, en án tillits til þess, hvort maður er búinn að borga inn, áður en maður tekur út; menn borga vöxtu af því, sem menn taka út, frá þeim degi það er tekið, en fá vöxtu af því, sem menn borga inn, svo allir hafa hvöt til, að borga sem fyrst inn, en taka sem seinast út. Það, sem eg álít vandasamast við stofnun bánka hèr í landi, er stjórn hans; því það er mjög mikið undir því komið, að stjórnin sè fullkomlega tryggjandi.

Framsögumaður: Viðvíkjandi sparisjóðnum hafði mèr komið hið sama í hug, og hinn háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður fór fram á; því eg vissi, að það var í ráði, að koma honum á hèr í bænum. Eg fór því fyrst fram á þetta við nefndina, en síðan átti eg tal um þennan sparisjóð við stipt-

amtmann, og sagði hann mèr þá, að hann væri svo sem ekki neitt á leið kominn. Eg skýrði nefndinni síðan frá því, og varð sú niðurstaðan, að hún sleppti sparisjóðnum, þar óvist þótti, hvort fyr mundi komast á, sparisjóðurinn eða stofnun sú, sem hèr ræðir nú um. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður frá Gullbringusýslu talaði um peningaskortinn, sem hèr hefði verið, á meðan vöruverðið var við haft, þá má eg segja honum það, að sú var tíðin einu sinni, að kaupmenn vildu heldur láta peninga fyrir íslenzku vöruna, en nauðsynjavöru.

J. Samsonsson: Við þetta tækifæri vil eg leyfa mèr að geta þess, hver peningabrunnur nú er í Skagafirði. Nú á næst liðnum vetri tók einn hreppstjóri sig fram, með nokkrum öðrum bændum, er búsettir voru á klausturjörðum, um það, að ráða til þess, að rita viðkomandi amtmanni umkvörtunarbrèf yfir því, hversu sárbágt landsetum klausturjarðanna veitti með peningaútveg til landskulda-lúkningar á þeim jörðum, sem eptir byggingarbrèfum átti að borga eptir í peningum. Þeim þótti, sem peningaskorturinn mundi leiða til þess, að sagt mundi verða lausum þeim jörðum, nema amtmaður gæti ráðið bót á. En þessa menn greindi það á sín í millum, að nokkrir vildu þetta af ráða, en aðrir, að hèr um yrði samin bænarskrá og send hingað á alþingi um þetta; því þessum þótti mjög líklegt, að hinn þá setti amtmaður í stað hins virkilega mundi skjóta úrskurði hèr um á frest, þar til hinn virkilegi kæmi, en öðrum þótti víst, að bænarskrá, einúngis frá fáum mönnum, hèr um mundi naumast verða tekin til greina í alþingi, þar hún væri svo einstakleg, og að eins frá fáeinum mönnum. Þeir gjörðu sèr líka varla von um, að aðrir, sem ekki áttu líkan hlut að máli, mundu skrifa undir þess kyns bænarskrá með sèr, svo af hèr tilgreindum ágreiningsatkvæðum fórst hvortveggja uppástúnga þessi fyrir í það sinn.

G. Brandsson: Eg veit ekki, hvað þessi saga þingmannsins úr Skagafjarðarsýslu eiginlega sannar; því þó menn hafi kvartað um, að þeir gætu ekki greitt gjöld sín í peningum, þá geta þar til verið margar orsakir, svo sem mismunandi verð á landvöru í kaupstaðnum við það, sem var í verðlagsskránni. Eg man líka eptir því, að á meðan harði fiskurinn var borgaður í kaupstaðnum með 17 og 18 dölum hvert skippund, þá var verð hans talsvert lægra í verðlagsskránni, og þá kepptust bændur

hèr í sýslu við að greiða sýslugjöld sín í peníngum, svo þeir slyppu við að láta senda fiskinn, sem hèr er almennt þegnskyldugjald; en síðan gángverð fiskjarins í kaupstaðnum og í verðlagsskránni er orðið næstum því eitt og hið sama, þá hefur orðið minna um peníngagjaldið á þíngunum, eins og sýslumönnum þeim, sem hèr hafa verið, er kunnugt, svo eg held, að þetta dæmi þíngmannsins gjöri hvorki til nè frá í þessu máli. Að öðru leyti vil eg benda mönnum til ritgjörðar þeirrar um verzlunina eptir sèra Tómas sáluga Sæmundsson, sem prentuð er í „þremur ritgjörðum"; því þar eru teknir fram ýmsir búhnykkir kaupmanna viðvíkjandi peníngaverðlaginu, og fleiru, sem verzlun þeirra viðvíkur.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, að minni peníngaskortur sè fyrir norðan en sunnan, vil eg geta þess, að fyrir norðan eru fleiri stórkaupmenn en hèr, og þá er náttúrlegt, þó þeir hafi meiri peníngaráð; því smákaupmönnum hlýtur að gánga ver, að fá þá. Þeir þurfa opt mikið að lána, og geta þá kanu ske heldur feingið ýmislegar vörur, heldur en peninga; en hèr fyrir sunnan er mikið meira af smákaupmönnum en stórkaupmönnum, og getur það vel verið, að þetta sè meðfram orsök til þess, að peníngaskorturinn sè enn meiri fyrir sunnan en norðan. Kaupmenn vinna annars yfir höfuð kanu ske einna mest á kramvörunni, og því er það eðlilegt, þó þeir oti henni fremur öðru, helzt fremur en peníngum, sem þeir vinna ekkert á, en tapa, ef til vill, nokkru.

St. Jónsson: Eg held nú, að nefndin hafi gjört rètt í því, að ráða frá, að vöruverðið væri innleitt hèr aptur; því það mundi verða óvinsælt, og eg ætla víst, að menn hafi fullan óþokka á því. Mèr þykir annars undarlegt, hvað mikill munur er á peníngaskortinum í Suður- og Norður-landi, og það því heldur, sem hèr eru svo margir embættismenn, sem að líkindum kaupa mestar nauðsynjar sínar fyrir peninga, en aptur eru þeir fáir norðanlands, svo hèr ættu að koma meiri peníngar frá landsmönnum inn í verzlunina. Í Norðurlandi veit eg að menn hafa nokkurn veginn hæglega getað feingið það í peníngum, sem þeir hafa átt inni hjá kaupmönnunum, og jafnvel fyrir vörur sínar eptir þörfum, þegar þeir hafa beðizt þess. En þar sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður sagði, að peníngaskorturinn mundi koma af því, að landsmenn hèldu vörunni sinni í of háu verði gegn peníngum, þá má eg geta þess,

að eg veit ekki til, að Íslendingar fái að setja nokkurn tíma verð á vöru sína, heldur gjörir kaupmaðurinn það, svo eg held, að þessi tilgáta hans falli um sjálfa sig. Hvað því viðvíkur, sem þingmaður Skagfirðinga sagði, þá má það vel vera, að meiri peningaskortur sè á verzlunarstað í Skagafirði, en á Akureyri; en það hef eg reynt á Akureyri, að kaupmenn þar hafa neitað mèr um, að taka á móti peningum og greiða þá aptur í Kaupmannahöfn, og sèst þar af, að þeir ekki hafa haft þörf á, að fá peninga inn í verzlunina frá landsmönnum. En viðvíkjandi vöruverðinu, sem var, má eg enn geta þess, að það er ein ástæða móti endurnýjun þess, að það var mönnum mjög óþægilegt, þegar að peningar giltu mismikið í sveitunum, svo að þegar sá, sem hafði feingið spesíuna á 4 rbbd., varð að láta hana á 3 rbdd. eða 16 mörk, og það kemur þó opt fyrir, að ein sveit þarf að borga til annarar, og getur þar af leitt mikinn ágreining.

Hvað víxlabrèf snertir, þá er eg hræddur um, að menn kunni að hafa á þeim óþokka hèr í landi, af því margir hvekktust á seðlunum forðum, þegar þeir voru brúkaðir, svo eg ætla óráðlegt, að taka nú þetta hvorttveggja upp aptur, ef hjá því yrði komizt.

Framsögumaður: Hèr er alls ekki talað um eða gjört ráð fyrir slíkum seðlum, sem áður voru hèr á landi, heldur hinum svo kölluðu víxlabrèfum, sem nú eru álitin mjög viss, eins og hinn heiðraði 6. konúngkjörni þingmaður sagði áðan. En að vísu eru þó dæmi til, að brèf þessi hafa tapazt eða ónýtzt með einhverjum hætti; og hafi bánkinn í Árósum í Danmörku ekki getað staðizt fyrir því, þá má sjá þar af, að þau eru ekki öldúngis óbrigðul.

Þ. Jónassen: Eg vil einúngis gjöra þá athugasemd í tilefni af orðum hins heiðraða þingmanns Eyfirðinga, að eg held hann hafi misskilið mig, þegar hann segir, að eg hafi kveðið svo að orði, eins og að Íslendingar skömtuðu kaupmönnunum verðið á vörunum sínum. Þetta gat ekki verið meining mín, og ætla eg eg hafi ekki farið þeim orðum, heldur þeim, að landar mínir ekki gjörðu eða vildu gjöra mun á því, hvort þeir feingju út á vörur sínar peninga eða vörur, en heimtuðu jafnhátt verð á vörunum í hvorutveggja tilfelli, og það ætla eg megi til sanns vegar færa, að þetta eigi sèr stað.

St. Jónsson: Með tilliti til þess, sem hinn háttvirt i4. kon-

úngkjörni þíngmaður sagði áðan um muninn á íslenzku vörunni móti peníngum, vil eg geta þess, að eg hef aldrei orðið var við, að kaupmenn fyrir norðan hafi nú um stundir gjört neinn mun á vörunni, hvað sem þeir hafa látið fyrir hana, eða tekið hana með lægra verði fyrir það, þó þeir hafi látið ¼ eða $\frac{1}{5}$. eða meira eða minna, í peníngum.

J. Guðmundsson: Eg verð að ætla, að nú sè má ske þegar nóg rætt um vöruverðið sáluga, og hefur má ske nefndarálitið gefið nokkurt tilefni til þess, með því, að setja með orðatiltækjum sínum heldur sterka gyllíngu á vöruverðsöldina; en þess var þá aptur vel að gæta, sem nefndin hefur tekið skýrt fram, að henni þætti ekki ráðlegt, að innleiða aptur vöruverð þetta, og held eg, að það hafi verið mjög heppilega gjört af henni. Mèr þótti mikið vænt um bendíngar hins heiðraða 6. konúngkjörna þíngmanns, því þær voru bæði glöggvar, og snertu þetta mál svo nákvæmlega. Eg hafði annars hugsað mèr nokkurs konar innlendan bánka (því hollt er heima hvað), sem hefði veð í fasteignum landsins sjálfs; hèlt eg þá, að seðlar byggðir á því, mundu ekki verða eins óvinsælir, eins og bláu seðlarnir sálugu. Þá mundi og ábatinn, ef hann annars yrði nokkur, renna inn í landið. En ef ábatinn yrði einginn, og jafnframt og verið væri að lýsa yfir kviða fyrir því, og jafnvel fyrir fjártjóni, sem bánki hèr kynni að verða fyrir, þá þótti mèr harðla ísjárvert, að biðja um einhvern *snepil* af þjóðbánka Dana, eins og sumir hafa nú hreift að mundi verða affarabezt; því það væri þó að bjóða þeim nokkurn veginn beinlínis upp á, að stofna hèr það, sem við sjálfir kviðum þeir hefðu halla af.

E. Kúld: Eg stend nú ekki upp til þess, að tala máli kaupmannanna. Eg vil að eins geta þess, að sá siður hefur þegar nokkur ár skotið upp höfðinu á Vestfjörðum, að kaupmenn sumir eru farnir að gjöra mun á íslenzku vörunni móti peníngum og öðru. Eg skal láta það öldúngis ósagt, hvaðan þessi siður muni vera sprottinn; þó fer eg nú, eptir því sem eg heyri suma þíngmenn tala, að ætla, að hann sè kominn hèðan að sunnan; því sá, sem hefur innleitt hann vestra, mun taka peninga hèrna fyrir sunnan, og koma svo með þá vestur. Í sumar gjörði hann þannig 32. skk. mun á hverju 3 rbdd. virði í íslenzku vörunni móti peníngum. Annars mun það tíðast, að kaupmenn bindi menn við borð, og segi við þá: „Ef þú gjörir

svo eða svo háan reikníng við mig, þá skaltu fá þetta í mat, ef þú tekur þetta í smávegis eða krami", og þannig munu þeir optast nær komast hjá því, að láta mikla peninga út í reikninga bænda.

H. Stephensen: Eg ætla, að það sè satt, sem á var drepið áðan, að miklu heldur flytjist peningar hèr út úr landinu en inn í það með kaupmönnum. En eg held líka, að þetta sè náttúrlegt, því verzlunarmenn vorir hafa gjört sèr þá reglu, og tekið hana upp svona þegjandi, að taka allan ágóðann af útlendu vörunni, en gefa fullt, og stundum meira, en þeir eru vissir um að fá aptur, fyrir íslenzku vöruna. En af þessu leiðir, að þeir vilja ekki kaupa íslenzku vöruna fyrir peninga, sem ekki haggast á verðið, heldur fyrir þá vöruna, sem þeir geta selt með því verði, er þeim lízt, og þeir kunna opt að hafa feingið fyrir þriðjúngi, allt að helmíngi minna verð í innkaupi, en þeir reikna hana í útsölunni aptur. Eg er nú hræddur um, að þó einhver bánkamynd kæmist á hèr í landi, þá mundu kaupmenn reyna til, að ná í peningana úr honum og flytja þá burt, en ota kraminu sínu að landsmönnum, og nota sèr það, hvað vèr Íslendíngar erum ginnkeyptir á glisinu, svo eg ímynda mèr, að bánkinn gæti aldrei ráðið mikla bót á peningaskorti landsmanna yfir höfuð, og eingin slík stofnun, heldur einmitt að kaupmennirnir ættu að geta það og gjöra.

Framsögumaður: Eg held það sè ekki öldúngis rètt, sem varaforseti sagði; því orsökin til þess, að kaupmenn flytja peningana út hèðan, en ekki inn í landið, er einmitt sú, að þeir vinna meir á peníngunum utanlands; því þeir eru þar í hærra verði en hèr.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Eg held það sè lítið gagn unnið þessu máli, þó þíngið gjöri lángar og margar ræður um það, hvers vegna að menn á þeim og þeim tíðum ekki hafi feingið peninga hjá kaupmönnum, fyrir norðan eða sunnan, austan eða vestan; það er einasta atriði málsins, að peningaskortur er, og ráð þarf að finna til, að auka hèr peninga í landi, og gæti einhver komið með það ráð, það væri málinu til gagns; en það mun vera bágt, að finna upp það ráð. Eg veit, að nefndin hefur átt örðugt í þessu falli, og jafnvel ómögulegt, að finna það ráð, sem dygði. Að sönnu hefur hún nú tekið það ráð, að biðja konúng vorn, að taka á sínum viturleik, að finna ráð til, að bæta úr þessum peníngaskorti; en mèr getur dottið í

hug, að þetta geti verið óþægileg bæn fyrir hann, sèrdeilis ef farið yrði að biðja hann, að taka hendinni inn í rèttindi kaupmanna, og skipa þeim, að færa hingað nóga peninga núna, mitt í því, að verið er að biðja hann um, að gefa verzlunarfrelsi, og að allar þjóðir megi koma hèr til höndlunar.

Eitt er það, sem eg held að konúngur vor kynni að geta gjört, ef þingið hefði viljað biðja hann um það; það er að setja hærri taxta á peningana hèr í landi, en í Danmörku, t. a. m. að spesían gilti á 15 mark, og að sá taxti gilti hèr á landi í allar skuldir, embættislaun og opinber gjöld. Þetta kynni að hæna peninga hèr að landinu, en sporna við burtflutningum þeirra, því þá sæju kaupmenn, að þeir gætu feingið meira verð fyrir þá hèr, en þeir þyrftu að kaupa þá fyrir í Danmörku; líka mundu þeir þá aldrei flytja þá hèðan, þar þeir yrðu að kaupa þá hèr dýrara, en þeir gætu selt þá ytra.

Eg ætla samt ekki að taka mèr breytíngaratkvæði um þetta, fyrri en eg heyri, hvort nokkrir vilja styðja þessa uppástúngu.

J. Guðmundsson: Aðalhagurinn við bánkann er sá, að kaupmenn þurfi ekki að flytja peninga inn í landið, eins og varaforseti sagði, heldur geti feingið þá á staðnum. Það hlýtur æfinlega að vera miklum vandkvæðum bundið, að flytja peninga til þess staðar, sem þeir ætla að verzla á; því hvorki geta menn þá ætlazt á, hversu mikils muni þurfa, og þar að auki þarf þá að gjalda af þeim vöxtu, *áður* en farið er að brúka þá. Þessa vegna eru og bánkar stofnaðir út um allan heim, og þennan hagnað tók nefndarálitið fram. Á því má ekki heldur missa sjónar, að ef bánkinn er stofnaður á þann veg, sem eg gat um, þá væri hann byggður á *innlendu* veði. Verði nokkur breyting á verzluninni, þá verður og hagurinn í þessu tilliti enn ljósari; því ekki er það hægra, nema miður sè, fyrir utanríkismenn, að flytja hingað upp gull og silfur, eða ætlast á, hvað mikils þeir muni þurfa til þeirra kaupa, sem þeir kynnu að gjöra hèr, og þá er nauðsynlegt, að þeir fái eða geti feingið peninga á sjálfum staðnum, eptir því sem þeir við þurfa, gegn óyggjandi víxlbrèfum. Þetta eiga menn kost á hvívetna í öðrum löndum; menn flytja með sèr víxlbrèf, sem hægt er að leysa gjald- og vaxta-laust; kaupmenn eður aðrir áreiðanlegir menn rita á víxlbrèfin, að þeir skuli ábyrgjast þau; úr því er beinn aðgángur að þeim mönnum, hvað sem út af ber. En fyrir

þessa tilhögun þurfa kaupmenn aldrei að flytja með sèr peninga, heldur eiga þeir kost á þeim með þessu móti, ef þeir við þurfa, og svo mikils, sem þeir þurfa við, og þannig þurfa þeir ekki að gjalda vexti af *öðru* eða meiru fè, en þeir þurfa að brúka, og ekki *fyrri*, en á því þarf að halda.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ekki fara mörgum orðum um málefni það, sem nú er fyrir hendi. Mèr fer það ekki; því eg þekki lítið til þess, hvernig bánka verði bezt fyrir komið, eða til starfa víxlunarmanna (Vexelerer), nema einúngis að því leyti, sem löggjöfin inniheldur þar um ákvarðanir. Mèr virðist nefndarálitið að því leyti styðjast við góðar ástæður, sem það mun vera almennt viðurkennt, að hèr í landi, nú sem stendur, er mikill peningaskortur; og til víssu veit eg það, að í því umdæmi, sem eg er yfir skipaður, hafa í þessu tilliti, og það ei án orsaka, komið til mín umkvartanir, bæði frá sýslumönnum, umboðsmönnum og bændum. Mèr virðist nefndin líka, eptir kríngumstæðunum, hafa farið rètt í málið að því leyti, sem hún hefur ráðið til, að biðja hans hátign konúnginn, að taka til yfirvegunar, hvort eitthvert það bánkafyrirkomulag gæti ekki á komizt hèr í landi, er bætt gæti úr peningaskorti þeim, er nú kvarta menn yfir. Þetta atriði virðist mèr gjöra ætti að aðaluppástúngu í þessu málefni, en hin 3 sèrstaklegu atriði, sem nefndin hefur tekið fram, held eg ekki ætti að gjöra að beinlínis uppástúngum, heldur að eins benda til þeirra í álitsskjalinu.

Hvað nú málið sjálft eður fyrirkomulag bánkans snertir, þá held eg það verði ervitt, ef ei með öllu ómögulegt, að koma honum hèr fyrir af innlendum mönnum með eigin efnum; og eg skil ei, hvernig bánka yrði hèr á komið með öðrum hætti en þeim, sem 2 konúngkjörnir þíngmenn þegar hafa bent til, nefnilega ef þjóðbánkinn í Kaupmannahöfn vildi stofna hèr *Bankcontoir* eður *Filial*-bánka; en annað mál er það, hvort bánkinn mundi vilja gjöra það, eður sjá sèr nokkurn hagnað þar við. Eg fyrir mitt leyti verð að halda það nauðsynlegt, að hèr kæmist einhver peningastiptun (Penge-Institut) á, er lètti mönnum bæði verzlun og önnur nauðsynleg fyrirtæki, þegar verzlunin verður frjáls, ef menn hèr annars eiga að geta öðlazt af henni það gagn, sem menn eptir vænta. Einn hinna heiðruðu þíngmanna talaði um, að stofna mætti má ske bánka með veði í fasteignum; en eg skil ekki, hvernig þessu verður við ruvísi

við komið, en ef lagt væri hèr gjald á allar jarðir, er borgast ætti í silfri, eins og gjört var í Danmörku, þegar ríkisbánkinn var stiptaður; og víst er um það, ef að bánkinn hèr ætti að fá rètt til, að gefa út seðla, þá er ófært, að grundvalla verð þeirra á veði í fasteignum. Allir seðlabánkar (Sedelbanker), er vilja vera vissir um, að halda seðlum sínum í fullu verði, verða að eiga í sjóði sínum silfur, til að leysa þá inn með, hve nær sem krafizt verður, eður þá slík peningabrèf (Vexel-Obligationer etc.), er í skyndi má selja fyrir reiðu-peninga. Ef mig rètt minnir, er þjóðbánkanum í Kaupmannahöfn gjört að skyldu, að eiga fyrirliggjandi í kjöllurum sínum helming af verði seðlanna í silfurpeningum og silfri, en fyrir hinum helmingnum verður hann að eiga þess konar peningabrèf, er eg áður um gat, og fljótt geta selzt, og það aukið að helmingi eður 150%. Þess vegna eru seðlar bánkans í Danmörku svo vel grundvallaðir (fundérede), að þeir eru jafngóðir sem silfur, enda lækkaði verð þeirra heldur ekkert á hinum síðustu stríðsárum. Eg fæ því ekki neinn annan veg sèð, að bánka yrði hèr upp komið, en þann, sem eg hef áður um getið, ef þjóðbánkinn í Danmörku vildi stofna hèr dálitinn *Filial*-bánka.

H. Stephensen: Mig rak í ramma stans, þegar eg heyrði hinn heiðraða þingmann Skaptfellinga lesa allt annað úr orðum mínum, en eg talaði, og hef eg víst talað mjög ógreinilega, fyrst svona tókst til, því ekki skortir hann skilning. Eg sagði ekki, að kaupmenn mundu flytja peninga inn í landið, heldur að þeir mundu reyna að ná í peningana í bánkanum, og flytja þá burtu hèðan. En væri svo, að verzlunarmenn skirrast við, að flytja hingað peninga fyrir þá sök, að þeir vita ekki, hvað mikið þeir muni þurfa, þá skil eg ekki í, því þeir þora að koma með kramið, sem þeir vita ekki heldur hversu mikið muni þurfa af. Ekki get eg heldur ætlað, að fjarlægðin gjöri neitt til í þessu; því það er ekki lángt síðan, að norðurbúar sendu hlaðin skip með gull og silfur til Kinverjalands, og liggur það þó ekki allnærri þeim.

St. Jónsson: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Snæfellinga sagði áðan af verzluninni vestra, skal eg geta þess, kaupmönnunum þar til lofs, að þeir hafa næst undanfarin ár, og seinast í sumar, selt matvöru við lægra verði, en annarstaðar hefur verið gjört, að minnsta kosti fyrir norðan, og líka tekið íslenzka vöru betur, og liggur, ef til vill, þar í, að þeir geta síður látið peninga af hendi í verzlun sinni.

Forseti: Fyrst nú tekur einginn til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu vera lokið.

Eptir dagskránni er nú eptir skýrsla og reikningur bókasafnsnefndarinnar, og nefndarkosning, en þar eð nú er orðið framorðið, vil eg leyfa mèr að láta það bíða næsta fundar, sem eg skal ákveða að verði á morgun kl. 12, og verður þá auk þessa tekið þar til ályktarumræðu konúnglegt álitsmál um *innleiðslu nokkurra danskra lagaboða* hèr á landi.

Fundi slitið.

---

3. ágúst — tuttugasti og níundi fundur.

Allir á fundi, nema hinn 1. konúngkjörni þingmaður, *justitiarius* Þ. Sveinbjörnsson, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt því, sem boðað er í dagskránni, skal eg leyfa mèr að skýra þinginu stuttlega frá bókasafni alþingis, og síðan stínga upp á, að 3 menn verði kosnir í nefnd, til að hafa umsjón þess eptirleiðis.

Eins og þingmönnum er kunnugt, eru alþingi með konúngsúrskurði 19. maí 1849 veittir, eptir bæn þess 25. júlí 1847, 300 rbdd. einu sinni fyrir öll, og síðan 100 rbdd. fyrir hvert reglulegt þing eptirleiðis, til nauðsynlegra bókakaupa. 17. ágústm. 1851 gjörði eg skýrslu fyrir, hvernig þeim 400 rbdd. hefði verið varið, sem þá voru komnir, og var þá búið að kaupa bækur fyrir 337 rbdd. 1 mrk. 10 skk.; fyrir bókband var goldið 52 rbdd. 4 mrk. 8 skk., og fyrir ýmisleg smá-útgjöld, flutning bóka og þess konar, 10 rbdd. 4 mrk.; til samans 400 rbdd. 4 mrk. 2 skk.; svo sem nefnd skýrsla ber með sèr, sem eg hef látið leggja á lestrarsalinn, öllum hinum háttvirtu þingmönnum til eptirsjónar. Síðan hefur verið haldið á fram að kaupa þær bækur, sem alþingi hafði skrifað sig sem kaupanda að, svo sem voru: *hið danska lagasafn, hið danska konúngsbrèfa-safn, og stjórnarráðstíðindin.* Í hitt eð fyrra varð tilrætt um, hvort ekki ætti að ávísa þinginu 100 rbdd., því það ár var eptir alþingistilskipuninni reglulegt alþingisár; en þó varð það úr hjá stjórninni, að þetta skyldi ekki verða ávísað til útgjalda, þar eð þá hefði ekki verið haldið neitt reglulegt alþingi. Þannig eru því enn ekki feingnir af þessum peníngum, nema þeir 400 rbdd., sem

áður var getið. Eg vona, að þingmenn hafi kynnt sèr reikninga og skýrslur þær, viðvíkjandi þessu, sem á lestrarsalnum hafa legið, og sem prenta mætti, ef þingmenn óskuðu þess, aptan við þingtíðindin í ár.

Eins og sjá má af alþingistíðindunum 1849 (bls. 800—801), voru kosnir 3 menn í nefnd, til að hafa umsjón bókasafns þessa; í nefndina voru kosnir konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson*, próf. *P Pètursson* og *eg*; síðan gekkst eg fyrir innkaupum bókanna í Kaupmannahöfn, bæði samkvæmt ráðum meðnefndarmanna minna, og svo með fram eptir því, sem eg hafði bezt vit á. Í hitt eð fyrra varð ekki tími til, að kjósa í nefnd þessa, og hefur því þessi sama nefnd frá 1849 haldið á fram starfa sínum til þessa; en nú álít eg bezt, að kosið verði í hana að nýju. En eg skal samt geta þess áður, að þó þingið nú líklega fái 100 rbdd. í þetta sinn, verður ekki miklu af því varið til nýrra bókakaupa, þar eð þingið er í skuld fyrir þær bækur, sem eg áður gat um að þingið væri skrifað sem kaupandi að, fyrir hið *íslenzka lagasafn*, sem nú er keypt, og svo fyrir bókband eina 15—16 dali; alls þarf að borga hèr um bil frá 30—50 dala.

Eg skal þá því næst biðja menn að kjósa nefnd þessa til umsjónar um bókasafn þingsins.

Nú urðu nokkrar umræður um það, hvort og hvernig prenta skyldi bókasafnsskýrslur þessar. Mæltu sumir með því, að allir reikningarnir væru prentaðir, svo að sæist verð hverrar bókar, sem hún hefði verið keypt fyrir, og eins, hverjir gefið hefðu þær bækur, sem safnið hafði eignazt á þann hátt, og var tekið til dæmis upp á þá aðferð listarnir yfir *Müllers* lestrarfèlag í Mýrasýslu. En það kom mönnum saman um, að listi þessi eða skýrslur yrðu prentaðar þannig, að þær kæmust inn í alþingistíðindin, og þar að auki nokkrar um fram handa þingmönnum.

Að lyktum lèt forseti ganga til atkvæða um, hvort prenta skyldi alla reikningana eins og þeir eru, eða einúngis lista yfir bókasafnið með þeirri niðurröðun, sem nefndinni litist að hafa, en ekki með verði við nè gefanðanöfnum. Með þessari síðari aðferð urðu 18 atkvæði, og var hún þannig samþykkt.

Að því búnu voru kosnir 3 menn í bókasafnsnefndina, og voru kosnir þeir:

Forseti, með 19 atkvæðum;

P. Pètursson prófessor, með 18 atkvæðum; og

Þ. Sveinbjörnsson konferenzráð, með 10 atkvæðum.

Forseti birti því næst, hvernig atkvæði hefðu fallið, og mælti síðan:

Það, sem þá kemur næst til meðferðar samkvæmt dagskránni, er *konúnglegt álitsmál um innleiðslu nokkurra danskra lagaboða* til ályktarumræðu.

Í máli þessu voru þessi breytíngar- og viðauka-atkvæði komin fram:

1. *G. Einarssonar:*

áhrærandi kanselíbréf dagsett 9. nóv. 1847, um fermíngaraldur barna:

„að þau börn, sem verða fullra 14 ára fyrir lok októbermánaðar, megi án aldursleyfis taka til fermíngar á því ári, hafi þau öðlazt þá kristilegu menntun og andlegan þroska, sem áskilið er í hinum gildandi laga-ákvörðunum um fermíngu barna á Íslandi".

2. *St. Jónssonar*:

að í opnu bréfi 9. nóvember 1847, í staðinn fyrir: „aprílmánaðar", standi: „júlímánaðar".

3. *J. Jónssonar*:

Í lagaboði um prentfrelsið frá 3. janúar 1851,

4. grein:

að í staðinn fyrir: „og í síðasta lagi, áður en ein stund er liðin", verði sett: „og í síðasta lagi, áður en einn sólarhríngur sé liðinn";

og litlu síðar í sömu gr:

að í staðinn fyrir: „senda eitt exemplar af því á lögreglúhúsið", verði sett: „senda eitt exemplar af því á leið til lögreglustjórans".

4. *V. Finsens*:

Við prentfrelsis-lagaboðið, 7. gr.: Í stað orðanna: „sektast — til", komi: „bæta 25 til 500 rbdd".

5. *Nefndarinnar*:

1. Við lögin um prentfrelsi:

a. að uppástúngan í nefndarálitinu við 8. gr. burt falli.

b. að allar sektir í lagaboðinu, þær sem nefndin hefur ekki stúngið upp á sérstaklegum breytíngum við, verði lækkaðar til helmínga, samkvæmt hinni almennu grundvallarreglu í tilsk. 24. jan. 1838.

c. að aðrar orðabreytíngar, en nefndin hefur stúngið upp á, og sem beinlínis liggur við að við þurfi eptir fjarlægð og

sèrstöku ásigkomulagi Íslands, og eptir nákvæmri og réttri útleggingu, verði gjörðar á hinum íslenzka texta, áður en lagaboðið verði gjört hèr að lögum.

2. 14. gr. í lagaboðinu um eptirlaun, 5. jan. 1851, að „2 ár“ komi í staðinn fyrir „1 ár“.

6. *Breytingaratkvæði:*

1. við *lagaboð um prentfrelsi 3. jan. 1851*:

1. gr.

Fyrir „hèr í ríkinu“ komi: „hèr á landi“ (og alstaðar í lagaboðinu, að minnsta kosti aptur að 14. gr.).

2. gr.

Fyrir „10—500 rbdd.“ komi: „5—250 rbdd.“

4. gr.

Fyrir „20—500 rbdd.“ komi: „10—250 rbdd.“

P. Pètursson.

6. gr.

Í stað orðanna: „hegnist með — 2 ára“, komi: „bæti 100—500 rbdd.“

V. Finsen.

7. gr.

Fyrir „50—500 rbdd.“ komi: „25 rbdd. — 250 rbdd.“

8. gr.

Fyrir „100—500 rbdd.“ komi: „50 rbdd. — 250 rbdd.“

9. gr.

Fyrir „100—500 rbdd.“ komi: „50 rbdd. — 250 rbdd.“
Fyrir „10—500 rbdd.“ komi: „5 rbdd. — 250 rbdd.“

10. gr.

Fyrir „20—100 rbdd.“ komi: „10 rbdd. — 50 rbdd.“

11. gr.

Fyrir „20—100 rbdd.“ komi: „10 rbdd. — 50 rbdd.“

14. gr.

Fyrir „50—500 rbdd.“ komi: „25 rbdd. — 250 rbdd.“

P. Pètursson.

2. *Lagaboð 5. jan. 1851, um skyldu embættismanna til, að sjá ekkjum þeirra borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.*

við 3. gr.

Fyrir: „vitnisburðarbrèfi frá ríkisfjárstjórnarráðinu“, komi: „skýrteini frá hlutaðeigandi amtmanni“.

Fyrir: „að hann hafi uppfyllt hana“, komi: „að hann hafi

sent amtmanni bónarbrèf til ríkisfjárstjórnarráðsins um, að mega leggja í lífsábyrgðarsjóðinn".

V. Finsen.

3. *Lagaboð 5. jan. 1851, um eptirlaun:*

við 1. gr.

Frá: „hinn sama eptirlaunarètt — í ríkisfjárlögunum", falli burt.

við 2. gr.

Frá: „af konúngspeníngunum" — „í því tilliti", falli burt.

V. Finsen.

12. gr. falli burt.

P. Pètursson.

14. gr. falli burt.

V. Finsen.

Uppástúnga: að lagaboð þetta um eptirlaun verði hèr lögleitt með þessum breytíngum.

P. Pètursson.

—— að lagaboð frá 30. júní 1850, um embættislaunaávísanir, m. fl., verði hèr lögleitt.

P. Pètursson.

—— að ópið brèf 17. febr. 1847, um kaup málaflutníngsmanna við hæsta-rètt, verði hèr lögleitt; og sömuleiðis

—— lagaboð 29. des. 1850, um hinar ýmislegu tegundir hegníngarvinnu.

V. Finsen.

Forseti: Eg hef látið prenta atkvæðaskrá í málinu, sem eg vona hver þíngmaður hafi við höndina. Framsögumaður er þíngmaður Skaptfellínga.

Atkvæðaskráin í lagaboðamálinu er þannig hljóðandi:

Atkvæðaskrá

í

konúnglegu álitsmáli um innleiðslu nokkurra danskra lagaboða.

1. *V. Finsen*: að opið brèf 17. febr. 1847, um kaup málaflutníngsmanna við hæsta-rètt, verði hèr lögleitt.
2. Opið brèf frá kanselíinu um fermíngaraldur barna, 9. nóv. 1847:

a, G. Einarsson: að svo verði orðað: „að þau börn, sem verða fullra 14 ára fyrir lok októbermánaðar, megi án

aldursleyfis taka til fermingar á því ári“ (og falli svo burt orðin: „eru fullra 14 ára“, o. s. frv. til enda).

b, *Minni hluti nefndarinnar (J.* hreppst. *Sigurðsson)*: að svo verði orðað: „að þau börn, sem verða fullra 14 ára fyrir októbermánaðar-lok, megi án aldursleyfis takast til fermingar það sumar“ (og falli svo burt sem við 2*a*).

c, *Meiri hluti nefndarinnar*: að þannig verði orðað: „að þau börn, sem innan Jónsmessu það vor, sem þau á að ferma, hafa náð lögboðnum fermingaraldri, megi fyrir aldurssakir og án biskupsleyfis taka til fermingar“.

d, *St. Jónsson*: að í stað „aprílmánaðar“ verði sett: „júlímánaðar“.

e, *G. Einarsson*: að bætt verði við þessu: „hafi þau öðlazt þá kristilegu menntun og andlegan þroska, sem áskilið er í hinum gildandi laga-ákvörðunum um fermingu barna á Íslandi“.

f, Hið opna brèf 9. nóv. 1847 óbreytt eða með áorðnum breytingum.

3. *Nefndin*: að lagaboð 5. apríl 1850, um rètt útlendra Gyðinga, til að halda sig hèr í ríkinu, verði lögleitt þannig: „að Gyðingum sè heimilt eptirleiðis, að setjast hèr að með sömu kjörum og rèttindum og í Danmörku“.
4. *Sama*: að lagaboð 25. apríl 1850 um, að auglýsingar þær, sem áður átti að birta í blaðinu *Altonaer-Mercur*, eptirleiðis falli í burtu, verði í lög leitt á Íslandi.
5. *P. Pètursson* (samþykkt af nefndinni): að lagaboð 30. júní 1850, um embættislauna-ávisanir, m. fl., verði í lög leitt á Íslandi.
6. *V. Finsen* (samþykkt af nefndinni): að lagaboð 29. desemb. 1850, um hinar ýmislegu tegundir hegningarvinnu, verði í lög leitt á Íslandi.
7. Lagaboð um prentfrelsi 3. janúar 1851:
   1. grein: *a*, *P. Pètursson*: að fyrir orðin: „hèr í ríkinu“, komi: „hèr á landi“ (og þannig alstaðar í lagaboðinu, að minnsta kosti aptur að 14. grein).
      b, *Nefndin* (viðauka-atkvæði): að allar sektir í lagaboðinu, þær sem ekki er stúngið upp á sèrstaklegum breytingum við, verði lækkaðar til helminga, samkvæmt hinni almennu grundvallarreglu í tilsk. 24. janúar 1838.

2. grein: *c, P. Pètursson*: að fyrir: „10—500 rbdd.“ komi: 5—250 rbdd.

3. grein: *d, Nefndin*: að fyrir „3 mánuðir“ komi: „6 mánuðir“.

4. grein: *e, J. Jónsson*: að í stað orðanna: „áður en 1 stund er liðin“, komi: „áður en einn sólarhringur sè liðinn“.

f, Sami: að í stað orðanna: „á lögregluhúsið“, komi: „á leið til lögreglustjórans.

g, Nefndin: að fyrir „20—500 rbdd.“ komi: „5—50 rbdd.“

h, P. Pètursson: að fyrir „20—500 rbdd.“ komi: „10—250 rbdd.“

5. grein: *i, Nefndin*: að fyrri hluti greinarinnar verði þannig orðaður: „Hver sá, sem á prenti eggjar til uppreistar gegn konúnginum, eða til þess, með ofríki að breyta stjórnarskipun þeirri, sem á er komin að lögum, skal“, o. s. frv.

6. grein: *k, Nefndin*: að í stað orðanna: „hegnist með fángelsi frá 3 mánuðum til 2 ára“, verði sett: „sæti fjársektum frá 25—500 rbdd. eptir málavöxtum“.

l, V. Finsen: að í stað þeirra í undangángandi staflið tilgreindu orða verði sett: „bæti 100—500 rbdd.“

7. grein: *m, Nefndin*: að í stað „50—500 rbdd.“ komi: „25—150 rbdd.“

n, P. Pètursson: að í stað hins sama komi: „25—250 rbdd.“

o, V. Finsen: að í stað hins sama komi: „25—500 rbdd.“

8. grein: *p, Nefndin*: að í stað „100—500 rbdd.“ komi: „10—50 rbdd.“ (tekið aptur af nefndinni).

q, P. Pètursson: að í stað hins sama komi; „50—250 rbdd.“

9. grein: *r, P. Pètursson*: að í stað „100—500 rbdd.“ komi: „50—250 rbdd.“

s, Sami: að í stað „10—500 rbdd.“ komi: „5—250 rbdd.“

10. grein: *t, Sami*: að í stað „20—100 rbdd.“ komi: „10—50 rbdd.“

11. grein: *u*, *Nefndin*: að eptir orðið „málalok“ verði skotið inn þessu: „leiðréttingu, sem þó ekki má vera leingri, en fjórði partur úr einu *Nri* tímaritsins“.

v, *P. Pètursson*: að í stað „20—100 rbdd.“ komi: „10—50 rbdd.“

13. grein: *x*, *Nefndin*: að í stað orðsins „dómsmála-stjórnarráðið“ (eða „stjórnarherrann“) verði sett: „hlutaðeigandi stiptamtmaður eða amtmaður“.

14. grein: *y*, *P. Pètursson*: að í stað „50—500 rbdd.“ komi: „25—250 rbdd.“

17. grein: *z*, *Nefndin*: að úr fellist orðin: „Lagaboðið, sem dagsett er 5. d. júlímán. 1850, og“.

þ, *Nefndin*: að aðrar orðabreytingar, en nefndin hefur stúngið upp á, og sem beinlínis liggur við að við þurfi, eptir fjarlægð og sérstöku ásigkomulagi Íslands, og eptir nákvæmri og réttri útleggingu, verði gjörðar í hinum íslenzka texta, áður en lagaboðið verði gjört hèr að lögum.

æ, að alþíngi stíngi upp á, að lagaboðið um prentfrelsi 3. jan. 1851 verði lögleitt á Íslandi með þeim breytíngum og skilyrðum, sem hèr eru samþykkt.

8. Lagaboð um eptirlaun, 5. janúar 1851:

a, *V. Finsen* (samþykkt af nefndinni): að 3. liður í 1. grein: „hinn sama eptirlauna-rètt . . . . . ríkisfjárlögunum“, verði felldur úr.

b, *Sami* (samþykkt af nefndinni): að seinni liður í 2. grein: „Af konúngs-peníngunum“, . . . o. s. frv., til enda greinarinnar, falli úr.

c, *P. Pètursson*: að 12. grein verði felld úr.

d, *V. Finsen*: að 14. grein sömuleiðis verði felld úr.

e, *Nefndin*: að í stað orðanna: „heilt ár“, komi: „tvö ár“ (og greinin löguð eptir því).

f, *P. Pètursson* (samþykkt af nefndinni): að alþíngi stíngi upp á, að lagaboðið um eptirlaun 5. janúar 1851 verði lögleitt með þessum breytíngum.

9. Lagaboð 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til, að sjá ekkjum þeirra borgið með fjárstyrk eptir sinn dag:

a, 3. grein: *V. Finsen* (samþykkt af nefndinni): að í stað

orðanna: „vitnisburðarbréfi frá ríkisfjárstjórnarráðinu“, komi: „skýrteini frá hlutaðeigandi amtmannni“.

b, *Sami* (samþykkt af nefndinni): að í stað seinustu orða 3. greinarinnar: „uppfyllt hana“, komi: „að hann hafi sent amtmanni bónarbréf til ríkis-fjárstjórnarráðsins um, að mega leggja í lífsábyrgðarsjóðinn“.

c, Að alþingi stingi upp á, að lagaboð þetta verði hèr lögleitt á Íslandi (með breytíngum eða óbreytt).

Framsögumaður: Eins og þingmenn sjá, er mikill atkvæðalisti kominn fram í máli þessu, en eg skal samt fara fljótt yfir hann.

Hvað hina 1. uppástúngu snertir, þá þótti nefndinni hún óþörf, af því lagaboðið, sem þar ræðir um, er gildandi í Danmörku fyrir hæsta-rètt, og þá sjálfsagt eins í þeim málum, sem frá Íslandi gánga til þessa æðsta dóms; því það verður að ná jafnt til allra mála, sem fyrir hæsta-rètt koma.

Viðvíkjandi kanselíbréfinu 9. nóv. 1847 skal eg fátt tala; því um það var allmikið rætt við undirbúníng máls þessa. Eg skal einúngis taka það fram, að nefndinni þótti eingin veruleg ástæða til, að fresta því; því hún ætlaði, að þó það væri látið bíða næsta þings, mundi það ekki græða mikið á því, þar sem kunnugleiki þingsins væri nú án efa nógur í því tilliti. Hún sá og, að þó fallizt væri á uppástúngu meiri hlutans um fermíngaraldurinn, mætti samt allt eins sækja um biskupsleyfi, þegar nauðsyn þætti.

Um 3. og 4. uppástúngu þarf eg ekki neitt að tala; 5. hefur nefndin samþykkt, og sömuleiðis þá 6.

Þá kemur nú lagaboðið um prentfrelsi 3. jan. 1851, og er fjöldi breytínga og uppástúngna við það. En þar finnst mèr þess einkum að gæta, viðvíkjandi uppástúngum hins háttvirta 5. konúngkjörna þingmanns um lagfæríngu á upphæð sektanna, að, ef nefndarinnar viðauka-atkvæði, 7 *b*, er samþykkt, þá eru þær óþarfar; því þær stefna í sömu áttina og það, og munurinn er sá að eins, að þingmaðurinn gjörir það á hverjum stað í tilskipuninni, sem nefndin ákveður einu sinni fyrir öll. Við 4. gr. tilskip. hefur hinn sami heiðraði þingmaður stúngið upp á því, að sektirnar væru lækkaðar til helmínga, en nefndin vildi lækka þær enn meira, af því að bækur geingju hèr miklu dræmara út en utanlands, t. a. m. í Kaupmannahöfn, svo þetta brot gæti hèr sjaldan orðið mjög hættulegt. Nefndinni þótti því ekki á-

stæða til, að taka upp breytíngaratkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns við þessa grein, og sama er að segja um þau breytíngaratkvæði, sem þíngmaður Norður-Þíngeyínga hefur borið upp við sömu grein, því eptir umræðunum um daginn er eingin veruleg ástæða fyrir þeim. Ef þíngið fèllist á uppástúngu nefndarinnar 17 *þ*, þá eru orðabreytíngar hins 5. konúngkjörna þíngmanns ekki nauðsynlegar leingur. Nefndin fann, að hún hafði ekki haft tíma til, að bera íslenzkaða lagaboðið nógu nákvæmlega saman við frumrit þess á dönsku, og því fannst henni nauðsyn, að gjöra nýnefnda uppástúngu við 17. gr. undir staflið *þ*, svo þetta yrði ekki að meini.

Nefndin fèllst á uppástúngur hins 6. konúngkjörna þíngmanns viðvíkjandi 1. og 2. gr. í eptirlaunatilsk. 5. jan. 1851, en ekki þá við 14. gr. hennar, því nefndin hèlt, að stjórninni mundi þykja ísjárvert, að taka svo verulega ákvörðun úr lögum; en aptur fannst henni auðsætt, að til þyrfti að taka leingri tíma, en þar er ákveðinn.

Uppástúngur hins 6. konúngkjörna þíngmanns við lagaboð 5. jan. 1851, um skyldu embættismanna til, að sjá ekkjum sínum borgið, hefur nefndin einnig fallizt á, og skal eg því ekki fara fleirum orðum um mál þetta, fyr en umræðurnar gjöra mèr það nauðsynlegt.

P. Pètursson: Við undirbúníngsumræðuna var eg að berjast fyrir því, að þíngið skyldi ekki ráða til, að lögleiða hèr kanselíbrèfið frá 9. nóv. 1847 að sínni, og þóttist eg þá færa ástæður fyrir því, að ekki væri vert að svo stöddu, að breyta þeim fermíngaraldri, sem nú er lögákveðinn. Um þetta hef eg síðan ekki breytt sannfæríngu minni, heldur styrkist eg öllu fremur í henni af þeim mörgu breytíngaratkvæðum, sem eg sè að fram eru komin í þessu máli; því þau sýna, hve bágt þíngmenn eiga með, að koma sèr niður á því, að til taka nokkurn annan aldur í þessu tilliti en þann, sem nú er. Því hefur verið hreift hèr, að menn gjörðu bezt í, að ákveða einhvern nýjan fermíngaraldur *nú;* því þess muni ekki lángt að bíða, að um það komi bænarskrár víðs vegar að úr landinu, og að menn þess vegna verði að flýta sèr. Eg á nú bágt með, að skilja í þessari röksemdafærslu. Eg held það sè eingin ástæða fyrir þíngið, að flýta sèr, þó það búist við, að bænarskrár kunni að koma í líka átt til næsta þíngs; það, sem mest ríður á í þessu efni, er, að hugleiða, hvort það er nauðsynlegt og gott, sem

um er beðið; sè það ekki, þá er ótilhlýðilegt fyrir þingið, að fara eptir því í tillögum sínum, þó einhverjar rángar meiníngar, einhverjar miður grundaðar óskir kunni að hreifa sèr út um landið. Eins og nú stendur, er eg hræddur um, að sumir prestar muni ekki um of rígbinda sig við 14 ára aldurinn; væri nú fermíngaraldurinn á ný rýmkaður að lögum, þá er hætt við, að kríngumstæðurnar kynnu að koma sumum prestum til, að rýmka fermínguna að sama skapi, svo að lokunum yrði ekkert víst og áreiðanlegt aldurstakmark, heldur færðist það allt af fram eptir 14 ára aldrinum, og þykir mèr það mjög svo ísjárvert. Skyldi þíngið samt aðhyllast kanselíbrèfið, og endilega vilja fá það hèr innleitt, þá er mèr næst skapi, að hallast að uppástúngu minni hluta nefndarinnar; því með því sè eg að nokkuð er unnið. Eg skal ekki eyða mörgum orðum að breytíngaratkvæðum þeim, sem eg hef borið upp við nefndarálitið, og það því síður, sem eg sè, að nefndin hefur fallizt á sum þeirra, en sum falla nú burt, nefnilega þau, sem hljóða um, að lækka sektirnar til helmínga fyrir afbrot gegn prentfrelsislögunum; þau falla nú burt, segi eg, ef viðauka-atkvæði nefndarinnar, sem komið er á atkvæðaskrána, verður samþykkt af þínginu, og eg hef ekki haft annan tilgáng með þeim. Þó falla ekki breytíngaratkvæði mín burtu, þar sem nefndin hefur gjört undantekníngu frá þeirri almennu reglu, að sektirnar skuli lækka um helmíng. Það gekk yfir mig, að framsögumaður minntist ekki á breytíngaratkvæði mitt undir stafliðnum nr. 8 *c*, og að nefndin hefur ekki fallizt á það, þó hún hafi samþykkt hin breytíngaratkvæðin við þetta lagaboð; því eg verð enn að vera á því, að það eigi hèr ekki við, að tala um eptirlaun embættismanna í nýlendunum.

V. Finsen: Eins og þíngmenn sjá af atkvæðaskránni, hef eg gjört nokkur breytíngaratkvæði við mál þetta, og þar á meðal hið 1. um, að lögleiða hèr opið brèf 17. febr. 1847. Framsögumaður gat þess, að nefndinni hefði ekki þótt þörf á því, en mèr finnst það ekki lítilsvert, að slíkt almennt lagaboð nái hèr gildi. Það er að vísu sjálfsagt, að á sumum þess konar almennum lagaboðum getur það ekki komið til að nein breytíng verði gjörð Íslands vegna, en á sumum kann það að vera, og álít eg það í öllu falli rètt, að þíngið áskilji sèr ætíð, að ræða slík lagaboð. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi gat þess og við undirbúníngsumræðu máls þessa, að þetta væri eitt af þeim

lagaboðum, sem fram væri tekið í stjórnarherra-brèfinu til þingsins, og eg hugsaði víst, að nefndin mundi fallast á þessa uppástúngu mína.

Viðvíkjandi þeim uppástúngum, sem eg hef gjört við 6. og 7. gr. í prentfrelsistilskipuninni, þá ætladist eg til, að í stað sektar og fángelsis kæmi sekt einúngis. Eptir tilsk. 24. jan. 1838 á nefnilega í staðinn fyrir fángelsi, þar sem það straff er ákveðið í dönskum lagaboðum, að koma fyrir Ísland annaðhvort fèsekt frá 5—30 rbdd., eða þá hýðing, en mèr þótti ísjárvert, að beita því straffi fyrir brot þau, sem hèr ræðir um. Eg ætladist því til, að í 7. gr. kæmi í staðinn fyrir fángelsisstraff og peningasekt þá, sem þar er til greind, að eins sekt frá 25—500 rbdd. — (*Forseti*: Misskilningur sá, sem á þessu er orðinn, kemur án efa af orðinu „*til*“, sem stendur tvisvar í greininni. Þingmaðurinn hefur má ske ætlað, að breytingaratkvæðið skyldi vera svona orðað: „þá skal hinn seki bæta 25—500 rbdd.) —. Já, það var meining mín — (*Forseti*: Þá vil eg biðja þingmenn að gæta þessa í atkvæðaskránni) —.

Nefndin hefur ekki viljað sleppa 14. gr. úr eptirlaunatilskipuninni, heldur leingja tímann til 2 ára. En mèr virðist sú ákvörðun hèr vel mega missast, og það af þeim orsökum, sem eg taldi við undirbúningsumræðuna; því sá, sem ekki vitjar eptirlauna sinna um 3 ár, hann missir allan eptirlaunarètt, og það er nóg. Og menn gætu jafnvel ímyndað sèr, að eptir því, sem hèr er ástatt, kynni 2 ára tíminn á stundum að verða of naumur, t. a. m. ef einhver eptirlaunamaðurinn, eins og stundum ber að, semur við sýslumann eða annan, sem á að greiða einhver gjöld í konúngssjóð, um, að fá eptirlaunin borguð hjá sýslumanninum á móti því, að þessi noti kvittunina til innborgunar (*Liqvidation*), þá stendur stundum svo á, að sýslumanninum liggur þá, ef til vill, ekki á, að fara að borga inn, fyr en hálfu ári síðar.

Nefndin hefur samþykkt uppástúngu mína viðvíkjandi lagaboðinu undir tölulið 9 á atkvæðaskránni. Eg skal enn bæta því við, að í lagaboðinu danska er gjört ráð fyrir, að hlutaðeigandi þurfi brèf frá ríkisfjárstjórnarráðinu einnig um það, ef hann er undan þeginn, að leggja í lífsábyrgðarsjóðinn. Mèr hefur dottið í hug, að það hefði mátt gjöra þá breytingu fyrir Ísland, að hèr skyldi það vera nóg, að fá skýrteini frá amtmanni um, að maður hefði sent honum fyrirspurnarbrèf til ríkis-

fjárstjórnarráðsins um, hvort hann væri undan þeginn, en þau tilfelli eru sjaldgæf hèr á landi.

Eg skal enn bæta því við, að mèr fellur vel í geð uppástúnga hins heiðraða 5. konúngkjörna þingmanns við prentfrelsistilsk. 1. gr. *a*, að sett verði: „*hèr á landi*“ fyrir: „*hèr í ríkinu*“, og eg ætla það öldúngis rètt, er hann stingur upp á þeirri breytíngu alstaðar í tilskip., að minnsta kosti aptur að 14. gr.; en í 14. gr., og þar á eptir, held eg einnig, að orðið „*ríkið*“ hljóti að standa; þær ákvarðanir verða þá sem almennar, og eins mundi í 14. gr. geta staðið „*dómsmálastjórnarráðið*“, án þess því þyrfti að breyta, eins og í næst-undangeinginni grein hefur verið stúngið upp á.

Ekki get eg aðhyllzt uppástúngu þingmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu við 4. gr. *e*, að „*1 sólarhringur*“ verði settur fyrir „*1 stund*“, og skal eg í því tilliti halda mèr til þess, sem framsögumaður mælti.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Viðvíkjandi því opna brèfi af 9. nóvember 1847, sem sá 5. konúngkjörni þingmaður mun hafa talað um áðan, þá hefur það verið skýrlega fram tekið með gildum ástæðum af nefndinni, að hún muni hafa haft fullan myndugleika, að skoða það, og taka til yfirvegunar, sem eitt af þeim lagaboðum fyrir Danmörku, sem út hafa komið á árunum 1847—1852, sem lögð voru fyrir þingið, og nefndinni voru afhent til athugasemdar. Að þingið fleygi því nú frá sèr, og segi ekkert um það mál, eptir uppástúngu þessa háttvirta þingmanns, veit eg ekki, hvort neitt gæti betur farið, þar eg heyri, að sumir gjöra sèr í grun, að þá muni fljótt koma bænarskrár frá landsmönnum um þetta efni aptur til alþingis. Eg get nú ekki skilið, hvað þingmenn gætu verið betur að sèr þá, til að dæma um þetta, með miklum ræðum og nýjum kostnaði, heldur en nú, þar búið er að ræða það glögglega, svo allir skilja það, og ekki er eptir, nema að gefa atkvæði í því. Eg er nú ekki að tala með þessu máli af þeim anda, að eg gefi neitt um, að börn sèu konfirmeruð úng, og eg er lángt heldur á þeirri meiníngu, að þau bíði eptir hærri áratölu, þegar þau þurfa þess, til að geta orðið vel að sèr í sínum kristindómi. En hèr er ekki eiginlega umtalsefni um menntun eður verðugleika barna; það eru aðrar laga-ákvarðanir, sem tryggilega búa um það, að börn sèu ekki kristnuð óverðug, þar ábyrgð á slíkum hlut er falin einni annari stètt, nefnilega geistlegu stètt-

inni, og held eg, að prestar sèu nú svo úr garði gjörðir, að þeir sèu veðurheptugir til, að vakta slíkt, og þó börn hafi feingið fullan lögaldur, þá á presturinn frjálst, að fara eptir verðugleikum barnsins, og ferma það einúngis þá, þegar honum þykir það vera orðið fullhæfilegt til þess, hvort sem það er 14 vetra, 15 vetra, eða þá 18 vetra, eins og um hefur verið talað.

En hèr á að vera verkefni þíngsins, að tala um lögaldurstermenið, án nokkurs tillits til lærdóms-verðugleika. Þegar eg gjörði þetta ágreiníngsálit, þá hafði eg fyrir augum lagaboðið, sem við áttum að dæma um hvort að gæti átt við hèr á Íslandi. Það gekk út á það, að í Danmörku er konfirmerað tvisvar á ári, og því voru í því 2 aldurstermen á sama árinu; nú er hèr ekki vanalegt, að konfirmera börn nema einu sinni á ári, og því þurfti hèr ekki nema 1 aldurstermenið; nú sá eg, að hèr átti ekki við það fyrra; aptur sá eg, að við gátum vel brúkað það síðara; því það er hèr hentugt, bæði fyrir hlutaðeigendur og börnin sjálf; því þá eru þau á vorin búin að ná allri sinni 14. árs menntun; eg vildi því taka þetta síðara aldurstermen, og samþykkja þann síðari part af lagaboðinu fyrir Ísland; því að í líkamlegum efnum getur þetta opt verið stór hagur, en í andlegum efnum getur það aldrei verið óhagur, og þá var öllu óhætt; því það er aldrei vert, að binda sig laga-ófrelsi, þegar þar getur ekki verið neinn ávinníngur við á hina síðuna. Eg hef þannin gjört grein fyrir minni skoðun á málefninu, og ætla ekki að tala fyrir henni meira; þíngið verður sjálft að ráða, hvern dóm það leggur á málið með atkvæðum sínum, en eg hef látið í ljósi sannfæríngu mína.

J. Kristjánsson: Eg ætla hvorki að hafa margar nè löng-orðar athugasemdir við atkvæðaskrá þessa. Þó það vaki ætíð fyrir mèr, að eg er „*sèrstakt eg*“, þá er það samt ekki öldúngis þannig, að eg geti ekki átt ýmislega skylda sannfæríngu í ýmsum málefnum við sannfæríngu annara manna, og t. a. m. stefnir núna sannfæríng mín í sömu áttina og hinna háttvirtu meðnefndarmanna minna. Hvað fyrst viðvíkur töluliðnum 1, þá skilur hinn sjötta háttvirta konúngkjörna þíngmann á við nefndina helzt í því að ætlun minni, að hann fer eptir málshætti latínumanna, sem er á þá leið: „að of skaði ekki“, þar sem nefndin fer eptir því íslenzka: „of van, of mikið, eru frjóvsamar mæður eymdar“. Töluliðurinn 2 er nú skiptur í 6 staflíði; það er allmikið búið að tala út í það efni

við undirbúningsumræðu málsins, og því vil eg nú ekki tala margt um það; það væri líka óþarfi, að byrja á, að rifja upp það sama, sem þá var talað. Eg ítreka það þess vegna einúngis, að meiri hluti nefndarinnar hefur, enn sem fyrri, sömu óbreytta skoðun á málinu. Og það væri sannarlega þarflegt, að af nýju yrði ákveðið óraskanlegt takmark, þegar reiknaður er aldur barna þeirra, sem taka má til fermíngar; því eg hef sannfærzt um það af ræðum sumra þíngmanna, að það mundi vera farið að fyrnast yfir það gildandi lagaboð í þessu efni. Með þeirri litlu aldursrýmkun, sem meiri hlutinn hefur stúngið upp á, bendir nefndin eingan veginn til þess, að venjulegur fermíngaraldur skuli vera fyrir innan 14 ár, og eg segi fyrir mína tilfinníngu, að mèr þykir, sem úngmennin komist nógu snemma undan uppfræðíngaraðhaldi því, sem þau eru bundin frá hálfu prestsins, meðan þau eru ófermd, og eins þykir mèr, að nógu snemma verði farið að erja á þeim, þó þau nái fullum 14 árum áður.

Undir töluliðnum 7 á hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður mörg breytíngaratkvæði, en mèr sýnist, að þau flestöll samanlögð hafi einga yfirburði fram yfir viðauka-atkvæði nefndarinnar 7 *b*, nema ef vera skyldu þeir, að gefa þíngmönnum meiri hreifíngu.

Áður en eg sleppi seinasta orðinu, vil eg benda þeim háttvirtu þíngmönnum á staflíðina *k* og *m*. Sumum kann að sýnast, ef til vill, að þar sè ekki reiknað eptir rèttum hlutföllum ákvarðanirnar, sem eru í lagaboðinu frá 3. janúarmán. 1851; en nefndin leit svo á þetta mál, að sèr bæri ekki, að dylja þá tilfinníngu, sem hjá meðlimum hennar vakti, að gjöra mikinn greinarmun á því, ef einhver í riti fer um hátign þá, sem er konúngur vor, meiðandi ummælum, og á hinu, ef það er um annarlegar hátignir eða maktir, þó þær einmitt væru í vináttusambandi, sem kallað er, við konúng vorn. Eg hef út talað.

G. Brandsson: Eg fæ ekki sèð, hver hætta getur verið í því fólgin, að gánga inn á uppástúngu minni hluta nefndarinnar, eða þá breytíngaratkvæðið þar næst á undan, sem mèr finnst að miklu leyti fara fram á sama, einkum ef hið annað breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Dalasýslu yrði samþykkt; því það tekur greinilega fram, hvað til þess gæti útheimzt, að börn verði álitin hæfileg til þess, að konfirmerast, eins og líka það mun vera til tekið í eldri lagaboðum, svo þegar barn-

ið, þó það sè ekki fullra 14 ára er eins vel eða betur menntað, en margur sá, sem orðinn er 18 ára gamall eða eldri, þá skil eg ekki, hvað menn geta með sanngirni haft á móti þessu, einkum ef siðferði barnsins fer þar eptir, og er prestinum ætlandi, að hafa gát á slíku.

Þingmaðurinn frá Suður-Þingeyjarsýslu hèlt, að börnin mundi skorta aðhald það, sem þeim væri svo nauðsynlegt á þessum aldri, ef þau væru konfirmeruð svona úng; en eg sýndi fram á það við undirbúningsumræðu þessa máls, og ítreka það aptur, að það er ekki strax sleppt hendinni af börnunum, þegar búið er að konfirmera þau; því bæði yfirheyra prestar þau, þegar þeir húsvitja, og líka opt, þegar þeir spyrja önnur börn, og þetta síðara fram fer opt í tvö ár, eptir að þau eru konfirmeruð, en yfirheyrsla við húsvitjanir stundum, þángað til þau giptast. Það er því ekki að óttast fyrir, að börnin verði fremur látin hlaupa í gönur út í veröldina fyrir það, þó þau sèu konfirmeruð úng, þegar þau hafa hæfilegleika til þess; því þó ábyrgð foreldranna á þeim lètti að því skapi, sem börnin eldast, þá sjá þó menn, að ætlazt er til, að þau standi undir annara yfirráðum, í hið minnsta þángað til þau eru 18 ára. Að biskupsleyfi til fermingar barna bæti nokkuð úr þessu, get eg ekki sèð, nema má ske í þeim hèruðum, sem liggja næst bústað hans; því frá hinum fjarlægari mun hann optast verða að styðjast við vitnisburði hlutaðeigandi sóknarpresta eða prófasta, sem bezt þekkja til, hvernin börnin eru að sèr, og verður þá biskupinn að byggja ályktanir sínar á þessum vitnisburðum. Að hèr í Reykjavík hafi verið konfirmeruð börn á 14. árinu, get eg sannað; en hvort biskupinn hefur leyft það, er mèr óljóst; svo mikið þykist eg vita, að hvorki hann, ef af því vissi, nè heldur sóknarpresturinn hefðu farið þessu fram, nema þeir væru sannfærðir um, að svo mætti vel vera.

P. Sigurðsson: Það var svo margt rætt um þetta kanselíplakat við undirbúningsumræðuna, og nú af ræðu hins háttvirta 5. konúngkjörna þingmanns, mun mönnum hljóta að vera orðnar ljósar þær ástæður, sem bæði minni hluti nefndarinnar og fleiri þingmenn hafa fært fram fyrir því, að vegna ýmsra kringumstæðna og ástands þessa lands væri það orðið að venju, að konfirmera börn á vortímanum, en ekki á haustin. Viðvíkjandi því, sem hinn virðulegi þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu lèt í ljósi, að prestar og aðrir yfirboðarar hirtu lítið um uppfræðingu barna,

þegar búið væri að konfirmera þau, þá held eg, að fáir prestar, og ekki heldur foreldrar eða aðrir forsvarsmenn barna, sèu svo hirðulausir, að þeir láti sig litlu varða um þá andlegu framför úngdómsins, undir eins og búið er að staðfesta hann. Eg held líka, að þar sem þetta ætti sèr stað, að þá sè uppfræðíng sú, er börn fá hjá svo kærulitlum prestum, ekki á marga fiska, og fremur til málamyndar, og að firra sig tiltali, en hún sè gagnleg. Þess konar prestar, sem eg held nú sèu orðnir heldur fáir, hefur líka alþýða neínt pokapresta; en þetta fer nú óðum til lagfæríngar, þegar presta-efni þau, er fá nú svo miklu fullkomnari menntun en áður, fara að þjóta út um landið; eg ímynda mèr, að það stæði líka á minnstu, ef það annars væri satt, að hörnum væri svona sleppt út í heiminn, hvort þau vantaði fáar vikur, til að fylla sitt 14. ár, eða þau væru rètt nýbúin að ná fullum 14 ára aldri. Að foreldrar ekki sèu afskiptalausir hèr um, sýnir það, að alþýða reynist eins vel upplýst til jafnaðar, eins í trúarefnum sem öðru, í smásóknunum, hvar þó optast þjóna þeir prestar, sem miður eru menntaðir, eins og í sóknum þeirra betri brauða, sem lærðustu kennimennirnir optast eru hvor eptir annan. Ef þíngið ekki aðhyllist álit minni hlutans, þá vil eg, að allt standi, eins og áður var; því frumvarpið er hèr enn ekki gildandi lög, þó það hafi verið ástæðulítið leitt hèr inn, að einskorða 14 ára aldur til fermíngar, og ætla eg þá að greiða atkvæði móti frumvarpinu.

E. Kúld: Eg skal ekki fara mörgum orðum um breytíngaratkvæði þau, sem hèr liggja fyrir, og það því síður, sem mjög hefur verið rætt um sum þeirra að minnsta kosti. Hvað opnu brèfi 9. nóv. 1847 viðvíkur, þá er eg helzt á sömu meíngu um það og hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður. En það hefur einginn minnzt á töluliðinn 3, um Gyðíngana. Eg skil þá uppástúngu svo, sem nefndin vilji bjóða Gyðíngum til vor eins og vinum, en mèr dettur þá í hug, að biðja, að vèr varðveitumst frá slíkum vinum. Það hefur opt verið talinn galli á kaupmönnum, að þeir hafi dvalið hèr of stutta stund, og ekki nema á meðan þeir hafi verið að græða, síðan hafi þeir þotið í burtu aptur, til að sóa fè sínu erlendis, sem hèr var safnað saman, og dregið á þann hátt mikið fè alveg út úr landinu. Gyðíngar eru nú sagðir kænir menn og slægir mjög í kaupum og sölum, en vèr erum hreinir og beinir Íslendíngar, svo það væri ekki óliklegt, að þeim mundi takast, að ná hèr ærnu fè saman

í viðskiptum við oss, og þá væri ekkert líkara, en þeir stykkju með það, þegar minnst varði, burt úr landinu. Eg held því, að það sè ekki vert, að bjóða Gyðingum hingað, og eg sè ekki, að það bæti neitt um, þó þeir hefðu hèr samkundur sínar; því vèr mundum naumast sækja þær, eða uppbyggjast mikið af þeim. En eg held og, að, ef verzlunin yrði frjáls, þá muni þeir einnig koma, og ætla eg það nægja, þó vèr bjóðum þeim ekki hingað fyrri, með því að biðja um, að löggilda þetta lagaboð um útkomu Gyðinga og rètt þeirra, að setjast hèr að.

St. Jónsson: Það er nú búið að ræða nokkuð um opið brèf 9. nóvember 1847, og skal eg ekki bæta miklu við það, heldur einúngis leyfa mèr í fám orðum að gjöra dálitla grein fyrir mínu breytíngaratkvæði við það. Menn hafa rætt bæði með og móti uppástúngu nefndarinnar, og hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þíngmaður gat þess við undirbúníngsumræðu þessa máls, að mörg bónarbrèf um fermíngarleyfi væri hann vanur að fá. En eg veit nú ekki, hvað miklu munar á aldrinum, þegar menn sækja um þessi fermíngarleyfi; en þar sem eg þekki til, er því varla farið á flot við prestinn, nema aldursmunurinn sè mjög lítill. Mèr virðist, að þíngmenn gángi hèr út frá tveim skoðunum; hin andlega stèttin, sem von er, út frá því, hvað skaðlegt sè fyrir börnin með tilliti til hins andlega atgjörvis, og hinir út frá því, hvaða skaði sè fyrir foreldra eða fóstra og sveitarfèlög í vinnulegu tilliti, en ef það er hagur í vinnulegu tilliti, að börnin fermist úng, þá lítur svo út, sem þeim geti verið það óhagur í andlegu tilliti. Eg bar því upp breytíngaratkvæði mitt, til að miðla málum í þessu; því eg veit, að tilslökun um $\frac{1}{8}$ árs kemur sèr opt mjög vel, en getur verið ísjárvert, að leingja þann tíma mikið, og meira áleit eg ekki þurfa, en eg til tók; því liggi mikið við, þá má ferma einnig á hausti, og mun þó sjaldan slíka þörf að bera, nema ef barnið ætti að sigla eða fara í skóla, og menn vildu þess vegna flýta fermíngunni. Eg held að vísu, að einga nauðsyn beri til, að flýta máli þessu nú, þó eg megi á hinn bóginn játa það, að eg ætla þíngmenn fullkunnuga þessu máli, hvern í sínu hèraði, svo þíngið muni í annað sinn ekki verða það mikið betur, þó málinu verði nú frestað. Þess hefur og verið getið hèr, að prestar kynnu stundum að taka sèr þetta fermíngarleyfi sjálfir; en ekki held eg það verði tekið sem ástæða með nè móti máli þessu, fyr en betri vissa er gefin fyrir því. Og hvað

frestinn snertir, þá er eg á því, að varasamt geti verið, að hafa hann lángan; því það getur, ef til vill, leitt til misbrúkunar.

J. Jónsson: Eg vildi leyfa mèr, eins og aðrir góðir menn, að mæla fáein orð til gildis þeim tveimur breytíngaratkvæðum, sem eg bar upp við 4. gr. opna brèfsins frá 3. jan. 1851, um prentfrelsið, að því leyti maður vill laga það og lempa að Íslands þörfum og kríngumstæðum, ekki það eg geti vænzt, að vinna þar með nóg atkvæði hinna heiðruðu þíngmanna, heldur til að láta þá heyra, að eg ekki enn sè búinn að missa sjónar á þeim ástæðum, sem mèr þótti þau styðjast við við undirbúníngsumræðuna, að, eins og hèr hagar til, eður þó sèr í lagi, þegar litið er til Norðurlands og prentverksins þar, þá held eg öllum hljóti að skiljast það, að *ein stund,* eða þó heldur *minna en ein stund,* þar svo kveður að orði: *„að minnsta kosti áður en ein stund sè liðin“,* sè aldeilis óþarflega stuttur tími, eða svifarúm, sem prentaranum sè sett, á hverju hann sè skyldugur að senda 1 exemplar á lögregluhúsið; því t. a. m. ef prentun tímarits skyldi vera lokið að kvöldi dags eður seint á degi, og bæjarfólk og má ske aðkomumenn vildu strax fá blöðin, þá yrði prentarinn annaðhvort að halda þeim inni, ellegar strax þá nótt að senda á stað með exemplarið á lögregluhúsið, hvað lángt sem kynni vera frá prentsmiðjunni þángað; því eins og eingin vissa er fyrir, að lögreglustjórnin setjist nokkurn tíma að á Akureyri, eins er heldur eingin vissa fyrir hinu, að prentsmiðjan verði ætíð á Akureyri, svo jafnan getur þar orðið, ef til vill, talsvert lángt milli prenthúss og lögregluhúss, og eg skil ekki heldur, hvar fyrir nefndin gat ekki feingið af sèr, að rýmka þennan mjög stutta tíma, sem eptir orðatiltækjunum ætti ekki að vera nema fáeinar mínútur, fyrst sú leingsta bíðlund skal þá minni en ein stund, þegar nefndin þó í 3. greininni fèkk af sèr, að leingja um heila 3 mánuði þá tíð, er ábyrgðarmaður einhvers rits skyldi annaðhvort sjálfur hafa ansvarið, eður koma því á annan.

Hvað hinu öðru breytíngaratkvæði mínu viðkemur, þá ætla eg, að íslenzkri alþýðu eingan veginn sè enn nú orðið innrætt, að kalla *lögregluhús,* eða viti, hvað með því sè meint, eða hvar þau sèu að finna; eg ætla því það mundi liggja næst fyrir, helzt og einkum ef hèr yrði komið upp í landi betrunarhúsum, eins og stundum hefur verið ráð fyrir gjört, að þegar prentarinn íslenzki og norðlenzki, sem ekki er vanur dönskum hátt-

um, færi í þessum ofur-hasti að útvega sèr sendimann, og biðja hann að bregða sèr tafarlaust með blöðin þau arna á *lögreglu-húsið,* að sendimaðurinn þá hlypi að vísu af stað, en hefði þá, þegar til kæmi, tekið svo eptir, að þau ættu að fara á *tugt-húsið;* en þar á móti mundi hann skilja, ef honum væri sagt, að fara til lögreglustjórans, enda þó hið heiðraða þing hafi nú ekki ætið verið eindregið í skilníngi um það, hverjir þeir eru, eða hvað fyrir þá ætti að skilja. Eg er svoleiðis lundaður, að eg get aldrei talið það eptir orðunum í móðurmálinu, að þau sèu brúkuð til þess, sem þau eru ætluð, nefnilega, að segja það, sem þau meina, svo ekki þurfi ávallt að vera að útþýða meiníngu þeirra með nýjum eða öðrum orðum. Eg held menn megi reka minni til þess, þegar stjórnarráðsskipun kom, sem bauð, að tilkynna sýslumönnum dauðsföll öll, áður en jarðsett væri. Þessu varð víðast ómögulegt að hlýða í víðlendum sýslum og um hávetur, svo hèr kom lagabrot á lagabrot ofan fyrir þessa oviðfeldnu orðun lagaboðsins, og loksins var skrifað aptur til stjórnarráðsins, að mig minnir, og þá kom sú skýríng á þessu, að þeir, sem stæðu að hinum dauðu, skyldu að eins eiga að verða búnir að senda á stað, eður á leið til sýslumannsins, með þessa tilkynníngu, áður en jarðsett væri. Það sèst því af þessu dæmi, hvað á því liggur, að orðatiltækin sèu almenn, ljós og ótvíræð, og skiljanleg í hverri löggjöf.

Hvað fermingaraldurinn snertir, þá felli eg mig bezt við ákvörðun meiri hluta nefndarinnar; því eptir þeirri þekkíngu og kunnugleika, sem eg hef á Norðurlandi, ætla eg eingir foreldrar eða vandamenn barna girnist, að þau sèu konfirmeruð $13\frac{1}{2}$ árs gömul, heldur að eins, þegar þau vantar ekki nema eitthvert lítilræði upp á 14 ára aldurinn, t. a. m. einn mánaðartíma eða minna, og þykir mèr það vel fara, að prestum sè gefið svo lítið á vald, sem að ráða því, og óttast eg einga misbrúkun þeirra á því.

Hvað breytíngaratkvæðum hins 5. konúngkjörna þíngmanns viðkemur, þá ætla eg þau sèu flest búin að ná hans tilgángi, með að komast að; því nefndin, þó hún hafi ekki beinlínis viljað samþykkja þau, hefur þó auðsjáanlega í tilefni af þeim, og síðan undirbúníngsumræðan fram fór, tekið sèr viðauka-atkvæði til 7 *b,* hvar hún hefur tekið þau öll sem sín, hvað fjársektirnar snertir.

Ó. Sivertsen: Eg á eingin breytíngaratkvæði í þessari at-

kvæðaskrá, um lagaboðin; eingu að síður vil eg þó leyfa mèr, áður en til atkvæða er geingið, að benda til þess, sem eg vil helzt aðhyllast í þeim atriðum, sem mest tal hefur orðið út úr. Mèr þykir sjálfsagt, að fallast á hið fyrsta atriði, ¦sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi ræddi um, og hvað viðvíkur fermingaraldrinum, eður opnu brèfi 9. nóv. 1847, þá fellst eg helzt á það, sem hinn 5. konúngkjörni þingmaður hefur sagt; en ef svo færi, að þingið eingu að síður fèllist á, að innleiða lagaboð þetta, þá mun eg helzt halla mèr að breytíngu minni hluta nefndarinnar, tölulið 2, staflið *b*, að viðbættri grein staflið *e*.

Lagaboðið 5. apríl 1850 get eg ei aðhyllzt, en fellst á það, sem margir þíngmenn hafa talið því til anmarka. Mig uggir svo mætti fara, að, ef menn færu líka sem að bjóða Gyðíngum híngað, þá þætti sumum seinna meir *betri kveðja þeirra en koma*. Eg vil bæta einu við það, sem búið er að ræða um þetta: að þyki þessi miður þokkasæla þjóð kænari hverjum öðrum í kaupum og sölum, þá gæti sú kænska skaðað núverandi kaupmenn vora, eins og aðra landsmenn. Nú eigum vèr ei svo marga góða og gagnlega hèr búsetta verzlendur, að oss hæfi, að vera því ollandi, að frá þeim dragist út úr landinu það, sem þeir ella gætu búið að, og landinu síðan komið að notum.

Að hinum öðrum eptirfylgjandi breytíngum við lagaboðin verð eg fúslega að halla mèr, samkvæmt því, er nefndin og meiri hluti þíngsins hefur fallizt á í tillögum sínum.

G. Einarsson: Það er nú að vísu búið að gjöra mèr öldúngis óþarft, að tala um breytíngaratkvæði það, sem eg hef borið upp við kanselíbrèfið 9. nóv. 1847. En eg vil þó bæta því við, að, ef breytt er frá 14 ára aldrinum, þá virðist mèr, að til eigi að taka svo rúmt svið og svo ákveðinn tíma, að eingin óánægja geti af því hlotizt. En að fara í þetta smákák um 1 eða 2 mánuði, það sýnist mèr ekki nema til verra eins, og allt eins, ef ekki fremur, geta leitt til misbrúkunar, en það, sem er nú í lögum.

Þ. Jónassen: Hinn heiðraða þíngmann, sem nú settist niður, flæddi þá á sama skerinu, og hann segir nefndina hafi borið upp á. Breytíngaratkvæði hans undir 2 *a* er öldúngis tilgángslaust, því það lætur standa, eins og var, óbreytt; því það er, eins og allir vita, leyft prestunum hèr á landi, að ferma bæði haust og vor, og þó þetta sè ekki orðin lenzka, og orðin

venja, að ferma einúngis á vorin, breytir það eingu, því lagaboðið, sem leyfir fermínguna haust og vor, stendur enn í fullu gildi. Hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður mælti fram með því, að frestað yrði lögleiðslu kanselíbrèfsins frá 1847, sem hèr er spursmál um, bæði af þeirri ástæðu, að um löggildíngu þess ekki væru komnar neinar bænarskrár, sem og af þeirri ástæðu, að breytíngaratkvæði þau, sem gjörð eru við þetta brèf af þíngmönnum, væru þess vottur, að þíngið ekki væri búið að koma sèr til hlítar niður á því. Svo hèlt hann líka það leiddi til misbrúkunar að því leyti, að prestarnir færu að hafa minni eptirgángssemi og eptirlit en áður um konfirmatiónsaldurinn. Þetta held eg ekki sèu nægar ástæður til að halda; en hvað það snertir, að eingin bænarskrá biður um lögleiðslu þessa, þá gildir hið sama um þau lagaboð, sem hèr er verið að ræða um, að eingin bænarskrá er komin um þau, og þeim á þó ekki að fresta fyrir þá sök. Að þíngmenn hafi ekki þegar áttað sig í þessu máli, get eg ekki heldur skilið; málið er í sjálfu sèr óbrotið og svo umfángslítið, og ræður þíngmanna votta, að þeir hafa til hlítar hugsað um það, og áttað sig í því. Eg get því ekki skilið það bíði batnaðar með biðinni. Annað mál er það, ef þíngið ekki vill taka það; en það ætla eg þíngið ætti þó að gjöra, með þeirri þar tilgreindu nákvæmari ákvörðun.

Það hefur verið mikið mælt á móti því, að lagaboðið um Gyðíngana yrði hèr gjört gildandi, af því menn virðast að óttast fyrir, að þeir mundu ásælast hús ekkna og föðurlausra, og enda hafa kaupmenn okkar fyrir fè, og annað því líkt. Fyrir þessu ætlar nefndin ekki þurfi að óttast; því Gyðíngar eru í Danmörku orðnir miklu menntaðri og upplýstari, en þeir voru áður, meðan þeir höfðu minni borgaraleg rèttindi. Nefndin var að öðru leyti þeirrar meiníngar, að Gyðíngar hefðu eptir þeirri gildandi löggjöf leyfi til, að koma híngað og setjast hèr að, en þeir hafa ekki híngað til gjört það, og munu varla eptirleiðis nota sèr til muna þetta leyfi, sem hèr er spursmál um, þó þeim útþrykkilega verði veitt það.

Hinn heiðraði fulltrúi Norður-Þíngeyínga talaði um það, að við *„lögregluhús"* yrði skilið *„betrunarhús"* eða *„tugthús"*; þetta er nefndin ekki hrædd við; en hún getur þess að öðru leyti, að hún hefur ekki haft tóm til, að yfirfara íslenzku útleggínguna nákvæmlega; en hún hefur tekið fram, að hún ætl-

ast til, að þetta verði gjört, um leið og lagaboðið kemur út. Hann talaði líka um það, að nefndin hefði einmitt af því, að hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður hefði tekið fram í breytíngaratkvæðum sínum, að fjársektirnar skyldu vera hálfu minni hèr á landi en í Danmörku, bætt við viðauka-atkvæði sínu um það, að fjársektir allar eptir tilskipun þessari skyldu fara eptir reglunni í tilskipun frá 24. jan. 1838; en það var ekki svo, heldur þótti nefndinni óþarfi, að taka það útþrykkilega fram, sem var lögákveðið; því henni þótti það sjálfsagt, að þessu lagaboði yrði fylgt, eins og því er fylgt um aðrar fjársektir.

M. Andrèsson: Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður hefur víst haft eitthvað fyrir sèr í því, þar sem hann sagði í ræðu sinni, að sumir prestar mundu taka leyfi hjá sjálfum sèr, til að ferma börn, þó ekki væru þau fullra 14 ára; eg fyrir mitt leyti veit ekki til, að svo sè; þar, sem eg til þekki, hafa þeir nú um nokkur undanfarin ár fylgt stránglega þeirri reglu, að ferma ekkert barn án biskupsleyfis, nema það sè búið að fylla 14 ára aldur þann dag, sem það er konfirmerað, hvort sem hann er seint eða snemma á sumrinu, og því tók eg það fram við undirbúníngsumræðuna, að eg vildi hafa það takmark bundið við einhvern vissan mánaðardag á árinu, en ekki við fermíngardaginn; því hann er óviss, en kemur sèr bezt einhvern tíma á vorinu, seint eða snemma; þó hausttíminn sè leyfilegur til þess, þá er hann þó sjaldan brúkaður, og ætti ekki að brúkast, sízt upp til sveita; því um heyannatímann er næsta óhentugt, að undir búa börn til fermíngar; hjá því má líka komast, ef aldurstakmarkið er bundið við einhvern tiltekinn dag ársins. Eg felli mig því bezt við þau breytíngaratkvæði áhrærandi kanselíbrèfið 9. nóv. 1847, sem á atkvæðaskránni standa við nr. 2, undir staflíðum *b* og *e*, og mun gefa þeim atkvæði mitt.

Konúngsfulltrúi: Eg stend upp einúngis til þess, að mæla fyrir því, að hinir heiðruðu þíngmenn vildu fallast á hið 1. breytíngaratkvæði, um, að lögleiða hèr opið brèf frá 17. febr. 1847, um laun talsmanna við hæsta-rètt, þá þeir eru verjendur í íslenzkum sakamálum; já, eg vildi jafnvel biðja hina heiðruðu þíngmenn þar um, ef það ei spillti fyrir málinu. Nefndin hefur álitið það óþarfa, að lögleiða hèr þetta lagaboð, af því það er gildandi lögmál fyrir hæsta-rètt; en þar við skal eg þó geta þess, að dómsmálastjórnarherrann hefur í brèfi því, er eg áður hef meðdeilt þínginu, talið þetta plakat eitt meðal þeirra

lagaboða, er sèr í lagi væri spurníng um að lögleiða hèr, og má þá geta nærri, að hann, sem er skarpvitur lögfræðíngur, muni eitthvað hafa haft fyrir sèr í því efni, og mèr virðist það einnig vera vel tilfallið, að það sè hèr lögleitt. Í konúngsbrèfi frá 21. des. 1831, til amtmanna á Íslandi, er stjórnarherrann í áður nefndu brèfi sínu drepur á, er það ákveðið, að laun málafærslumanna við hæsta-rètt, sem sækjanda í jústizmálum, er ákveðin voru með tilskipun 7. marz 1827, skyldu greiðast af konúngssjóði, og síðan endurgjaldast honum aptur, annaðhvort af eigum hins dómfellda, eða, þegar þær hrökkva ekki, þá af amtsjafnaðarsjóðnum; og þetta var amtmönnum skipað að sjá um, strax eptir að útskript af hæsta-rèttardómum væri þeim send. Sami framgángsmáti er nú brúkaður, eptir að plakat af 17. febr. 1847 kom út, í tilliti til málsfærslulauna þeirra, sem hæsta-rèttar-talsmönnum eru tildæmd sem verjendum í íslenzkum jústizmálum, og því vildi dómsmálastjórnarherrann láta benda til konúngsbrèfsins frá 21. des. 1831. Nú virðist mèr það vera ekki einúngis vel tilfallið, heldur og rètt og nauðsynlegt, að hið nefnda lagaboð, er gjörir undirsátunum það að skyldu, að greiða þessi gjöld, og skipar amtmönnunum, að gjöra þar að lútandi ráðstafanir, sè á lögskipaðan hátt auglýst landsins innbúum, á hverja það leggur skyldukvöð, og því álít eg það öldúngis tilhlýðilegt, að plakat frá 17. febr. 1847 verði hèr beinlínis lögleitt og birt.

H. G. Thordersen: Hvað fermíngaraldrinum viðvíkur, þá hef eg nú hlýtt á margar ræður þíngmanna um það efni, og getur mèr ei fundizt, að eg hafi grætt á þeim nè hið minnsta, eður að því sè enn með nokkru hrundið, sem eg mælti við undirbúníngsumræðuna þessu máli viðvíkjandi. Eg er enn sem fyrri á því, sem meiri hluti nefndarinnar hefur farið fram á, að það færi vel á því, að gefa prestum vorum nokkuð frjálsari hendur en áður, svo þeir ekki fyrir fáeinar vikur, sem kynni að skorta upp á fullan aldur, þyrftu að sækja um biskupsleyfi, eins og hèr opt er ervitt, að ná til þessa embættismanns, og þykir mèr einkum það vel tilfallið, að nefndin tók til Jónsmessu, 24. júní; því þetta fyrirbyggði, að prestar gætu vikið mjög lángt frá hinum lögboðna aldri, og mèr þykir nefndin hafa svo nærgætnislega og forsjállega farið í þetta mál, að eg hika ei við, að ítreka, að þó eg af stjórninni yrði spurður um þetta atriði, mundi eg verða henni samdóma; eg þori að segja

þetta af því, að ekkert mál er mèr má ske svo ljóst sem þetta, svo eg er ei hræddur um, að eg seinna meir fái um það þær upplýsíngar, er taki þeim fram, er eg þegar hef af lángri reynslu og þekkíngu.

En hvað snertir breytíngaratkvæði minni hluta nefndarinnar, sem vill, að prestar megi ferma þau börn á vorin, sem við útgaungu næsta októbermánaðar verði fullra 14 ára, þá lýsi eg því yfir, að eg hið kröptugasta og alvarlegasta verð að mæla á móti því, að nokkrum presti í landinu verði gefinn myndugleiki til, upp á eindæmi sitt að víkja svo mjög frá lögunum; því hve nær sem einstök nauðsyn, sem sjaldan kemur hèr fyrir hjá oss, útheimtir slíkt, vorkenni eg eingum, að sjá hana svo fyrir í tíma, að kostur sè á, að ná biskupsleyfi.

Þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu lèt í ljósi, ef eg man rètt, að ísjárvert væri, að gefa tilefni til, að ferma mætti laungu fyrir lögboðinn tíma, einnig af þeirri ástæðu, að fyrir þann muninn kæmust börnin fyrri undan prests umsjón og aðhaldi, í tilliti til kristindóms- uppfræðíngar. Mig stanzaði öldúngis á því, að heyra nokkra þíngmenn mótmæla svo auðsæjum sannleika, og taka svo til, eins og einhver þóttist rètt happalega komast að orði, að það væru pokaprestar einir, sem linuðu aðhaldið með kristindóms-uppfræðíngu únglínga, þó fermdir væru. Eg verð að svara upp á þetta, að einginn prestur eptir fermíngúna getur haft í þessu efni hið sama vald yfir æskunni og áður. Eg, eins og fleiri prestar, hef haft þann vana, að boða til mín alla nýfermda veturinn næstan á eptir, og yfirfara með þeim lærdómsbókina, og hafa foreldrar og húsbændur gjört það fyrir mín orð, þó sem optast með nokkrum undantekníngum, og ei ætíð með sem beztu geði; en hèr í Reykjavík bar það ei allsjaldan við, einkum þegar leið út á vorið, og margt var til að láta únglínga gjöra, að þriðjúng, kann ske stundum allt að helmíng, vantaði að lokunum í tölu þessara nýfermdu barna; en þó þetta færi ekki betur fyrir mèr, má eg rauplaust segja, að eg ekki fyrir það hef nokkurn tíma verið kallaður pokaprestur. Það er augljóst, að prestur má ekki ætla upp á þá uppfræðíngu, er hann seinna fái veitt barninu, heldur verður hann að vera sannfærður um það fyrir samvizku sinni, að barnið, áður en hann fermir það, sè svo uppfrætt, og að öðru leyti undir búið, að það sè fermandi; skorti þar eitthvað á, má hann

ei treysta því, að hann geti lagað það seinna, eður að allir viðkomendur úr því taki eins vel og áður bendingum hans.

Sumum hafa farizt hèr svo orð, sem lítið eður ekkert sè unnið við meiri hlutans uppástúngu, og einhver hefur kallað hana „smákák“, sjálfsagt með tilliti til þess, að prestum er ei eptir henni leyft, að víkja mjög lángt frá lögboðnum aldri; en eg get með eingu móti verið þessum mönnum samþykkur, því eg álít það einmitt þann sanna fullkomlegleika við·nefndarálitið, að eins og það vill ei láta presta fyrir fárra vikna aldursskort þurfa að sækja um biskupsleyfi (að barnið annars vegar sè í alla staði hæfilegt til fermíngar, er nú alstaðar tekið eins og sjálfsagt), svo vill það ei heldur gefa prestunum sjálfum leyfi til, að fara eptir vild sinni lángt frá þeim lögboðna 14 ára aldri, og eg læt þá fulla sannfæríngu mína í ljósi, að heldur en það komist á, sem er álit minni hlutans, sem fleiri þíngmenn sýnast hafa tekið um fram uppástúngu meiri hlutans, vilda eg öllu heldur, að allt í þessu stæði við það, sem er, þess heldur, sem eg ekki get sèð, að á því sèu neinir verulegir annmarkar, þó mèr að öðru leyti þyki ekkert að, þó framgeingt yrði þeirri litlu breytíngu, sem meiri hlutinn hefur stúngið upp á.

H. Stephensen: Svo mikið sem nú er búið að ræða í máli þessu um fermíngaraldur barna, skil eg þó ekki, að full nauðsyn sè á, að takmarka hann öðruvísi, en verið hefur. Híngað til hefur ekki mátt ferma börn ýngri en 14 ára, og mèr virðist það vera hinn minnsti aldur, sem hèr verði miðað við, og eg get ekki verið með neinni rýmkun frá því eða breytíngu, og því mun eg ekki heldur gefa þessu opna kanselibrèfi atkvæði mitt. Menn hafa haft það fyrir ástæðu fyrir því, að flýta máli þessu, að, ef það yrði ekki leitt til lykta í dag, þá mundu menn síðar rita alþíngi svo margar bænarskrár um það, og ef málið er svo lagað, þá ætla eg, að frestur sè á illu beztur. Flestum hinna heiðruðu þíngmanna hefur komið ásamt í því, að hafa eitthvert aldurstakmark; en eg skil ekki, hvað nokkrum manni geti geingið til, að hafa það þá minna, en 14 ár. Það mun vera sá aldur, sem flestum er nógu litill, og ef eitthvert barn er svo bráðgáfað, að það sè laungu áður búið að nema kristindóm sinn, þá er það og sannreynt, að fljótu næmi fylgir opt meiri gleymska og óstöðugleiki, heldur en nokkuð seinna næmi, og er þeim börnum því ekki fremur flýtandi yfir höfuð en hinum.

Viðvíkjandi breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Norður-Þíng-

eyjarsýslu við lagaboð um prentfrelsi, 3. jan. 1851, 4. gr., *e*, þá sè eg ekki, hvað við það er unnið. Það var ljóslega skýrt við undirbúningsumræðuna, að senda skyldi með bókina til lögregluhússins 1 stundu eptir að byrjað væri að selja bókina. Eg skil ekki, að þetta geti verið nokkrum bóksala til fyrirstöðu; því ef hann er í vandræðum með sendimann, þá held eg, að hann geti, að minnsta kosti hèr á landi, beðið svo sem 1 dægur með útsöluna, á meðan hann er að útvega sèr sendimanninn. Eg er ekki heldur viss í, hvort prentarinn getur farið að út býta bókinni, fyrri en hèr um bil 1 eða 2 dægrum, eptir að seinasta örkin er prentuð. Það þarf þó bæði að þurrka örkina og brjóta hana; því eg man ekki eptir, að venja sè, að senda neina bók út í óbrotnum eða flötum örkum — (*J. Jónsson*: Það er þó gjört stundum) —. Ekki veit eg til þess um neina bók, nema stundum alþingistíðindin, sem þingmenn fá hèr upp á salinn.

Ekki get eg heldur óttast fyrir, að orðið „*lögregluhús*“ blandist saman við „*tugthús*“. Eg held þvert á móti, að það sè betra, að hafa „*lögregluhús*“ en „*lögreglustjóri*“; því það bendir á heimili hans, og er þá skylda prentarans fyllt, ef hann kemur bókinni á heimilið, þó lögreglustjórinn sè ekki við, sem opt getur að borið. Og eptir því, sem sagt hefur verið hèr á þinginu, ætla eg þetta mesta hagræði fyrir Norðlendínga, þar sem lögreglustjórinn kann ske sè í erindagjörðum einhverstaðar úti í sýslunni, svo það yrði töluverð fyrirhöfn, að senda til hans beinlínis.

Eg álít og nauðsynlegt, að það sè ákveðið í þessari reglugjörð sjálfri um allar sektir og bætur fyrir brot gegn henni. En eg verð að vera nefndinni samdóma um sektirnar í 4. gr.; því hættan er hèr minni en annarstaðar, bæði um prentun slíkra bóka, og eins er hèr bókasalan minni en erlendis.

Á. Einarsson: Sá háttvirti konúngsfulltrúi mæltist til, að þingið gæfi því fyrsta breytíngaratkvæði samþykki með því, að lögleiða opið brèf af 17. febr. 1847, en mèr fannst hann vera nokkuð nærgaungull þínginu í orðatiltækjum sínum, er hann sagðist vilja mælast til þessa af þínginu, ef það spillti ekki fyrir, að hann mælti með þessu. Eg vona nú reyndar, að konúngsfulltrúinn ætli ekki þínginu það, að tillögur hans spilli atkvæðum; enda ætti hann annað skilið fyrir alúð þá, er hann hefur *nú* sýnt þínginu; en hann misvirðir það víst ekki,

þó þingið gefi stundum atkvæði móti bendingum hans, þegar það er eptir þingsins sannfæringu.

Hvað ástæður þær áhrærir, er konúngsfulltrúinn færði fyrir lögleiðslu hins opna brèfs af 17. febr. 1847, þá fannst mèr mikið mæla fram með lögleiðslu brèfsins í því tilliti, að það gjörði amtmönnum greiðara fyrir, að ná málskostnaði hjá dómfelldum mönnum, er málafærslumenn ættu að fá, svo ekki þyrfti að taka málskostnaðinn af jafnaðarsjóðnum. Eg er því á þvi, að gefa *uppástúngunni* atkvæði mitt, ef *hún* verður ekki hrakin með gildum ástæðum.

Það má segja um Gyðíngana, eins og sagt var um bílætið í kirkjunni: „*Enginn gefur honum ljós*“. Gyðíngunum er borið á brýn, að þeir sèu fègjarnir, og muni fèfletta aðra, og muni í villu leiðast jafnvel útvaldir, nefnilega kaupmennirnir; en ef Gyðíngar settust hèr að, sýnist mèr ekki ómögulegt, að þeir gætu dregið fè inn í landið, þegar frjáls verzlun væri komin.

Um fermíngartíma barna virðist mèr vera sá ágreiníngur, einkum milli presta og bænda, þar svo virðist, sem sinn flokkurinn skoði málið frá hverju sjónarmiði, að eg held mjög ísjárvert, að gjöra á þessu nokkra breytíngu að svo komnu.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að játa, að þíngmaðurinn, sem nú settist, hefur tekið vel i orð mín, hafi hann tekið þau sem sneið til þíngmanna; en þetta var eingan veginn meiníng mín. Eg brúkaði einúngis þessi orð, af því eg ekki einúngis komst svo að orði, sem eg er vanur, að eg vildi *ráða þínginu til*, að taka þetta breytíngaratkvæði, heldur bætti eg því einnig við, að eg vildi *biðja þingið um það;* og eg vona, að aðrir þíngmenn hafi tekið þetta þannig.

Framsögumaður: Það er auðvitað um lagaboðið fyrir hæsta-rèttar-málaflutníngsmenn, að á litlu stendur, hvort það verður löggilt hèr eða ekki; en það getur samt vel verið, að nefndin hafi flaskað á því. En mèr er spurn, hvort konúngsbrèfið frá 1831, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi minntist á, hefur verið birt hèr á íslenzku og þínglýst eða ekki; því sè það ekki, þá finnst mèr þessi ákvörðunin ekki standa neinu nær, en þetta konúngsbrèf, til lögleiðslu hèr. Og að vísu skal eg ekki bera í móti því, að dómsmálaráðgjafinn sè hinn lögvitrasti maður; en eg held samt, að þó að hann fari því nú fram, að þetta lagaboð verði lögleitt hèr, þá sè hann eingu lögvitrari en kanselíið sáluga, sem, að eg ætla, lèt hvorki íslenzka nè lögleiða hèr konúngsbrèfið 1831, sem þó er öld-

úngis sama efnis. Eg er samt sem áður á því, að meinlaust sè, að lögleiða hið umrædda lagaboð hèr, og það fer, ef til vill, fullt eins vel á því; því óneitanlegt er, að það snertir rèttindi einstakra manna hèr á landi.

Hvað ræðu hins heiðraða varaforseta snertir um fermíngaraldurinn, að hann væri einskorðaður, eins og að undanförnu, þá má þó hinn háttvirti þíngmaður ekki gleyma því, að allir prestar hafa enn leyfi laganna til, að sækja um aldursleyfi fermíngarbarna til biskups, og þó hinn heiðraði varaforseti hafi aldrei notað það, og ætli sèr það aldrei, þá nær það ekki til allra annara presta; og hann getur þó hvorki meinað þeim nè foreldrum barnanna, að nota sèr það. Mèr finnst því, að í uppástúngu meiri hluta nefndarinnar sè farið fram á mikla og verulega rýmkun í þessu tilliti, þar sem breytíngaratkvæðið 2 *a* fer ekki fram á neina breytíngu; því prestar *mega* ferma hèr á landi á haustin, og þessi uppástúnga fer því óbeinlínis fram, að allt standi í stað, eins og verið hefur. Eg vil og mega vekja máls á, hvort ekki sè rèttara, að 2 *d* komi á undan 2 *c* á atkvæðaskránni til atkvæða — (*Forseti*: Eg hef raðað breytíngaratkvæðunum eptir því, sem næst liggur frumvarpinu; en eg er því þó ekki mótfallinn, að bera þessa uppástúngu upp í þeirri röð, sem framsögumaður stakk upp á, ef þíngið vill það heldur) —.

Mèr finnst það og auðskilið, að það sè mjög varúðarvert, að gjöra nokkra breytíngu á þeirri almennu og mikið góðu ákvörðun, sem 4. gr. í prentfrelsistilskipuninni inniheldur, og gjöra það einúngis vegna þeirra sèrstöku kríngumstæða, sem nú eru á Akureyri, en sem búið er að sýna að von bráðar muni verða breytíng á.

Það hefur og verið tekið fram, að nefndin vildi ekki taka eins hart á því, þó vinveittir konúngar annara ríkja væru óvirtir í orði, eins og ef konúngur vor sjálfra yrði fyrir því, og held eg, að það sè öldúngis rètt.

Við 8 *c* hefur nefndin gleymt að skrifa, að hún hafi samþykkt þá uppástúngu.

Hvað athugasemdum hins 6. konúngkjörna þíngmanns viðvíkur við 9 *b*, þá þótti mèr þær góðar, og eg vona, að þær verði teknar inn í álitsskjalið til konúngs.

Konúngsfulltrúi: Í tilliti til áskorunar hins heiðraða framsögumanns skal eg geta þess, að mèr er það ei kunnugt,

að konúngsbrèfið frá 21. des. 1831 sè auglýst hèr á prenti, heldur hefur það verið sent amtmönnum, og frá þeim aptur sýslumönnum til auglýsingar, og því vildi eg óska, ef þíngið aðhyllist hið hèr umrædda 1. breytíngaratkvæði, að þessa konúngsbrèfs yrði getið í álitsskjali þíngsins á þann hátt, er dómsmálastjórnarherrann hefur til bent.

Forseti: Fyrst einginn tekur nú til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja hina heiðruðu þíngmenn að greiða atkvæði um hvert atriði máls þessa, samkvæmt hinni prentuðu atkvæðaskrá, sem þeir hafa.

Síðan var geingið til atkvæða, og fór atkvæðagreiðslan þannig fram:

Töluliður 1., *V. Finsens* uppástúnga: samþykktur með 14 gegn 4 atkvæðum.

—— 2., Opið brèf frá kanselíinu um fermíngaraldur barna, 9. nóv. 1847:

a, G. Einarssonar uppástúnga: felldur með 15 gegn 3 atkvæðum.

b, Minni hluta nefndarinnar uppástúnga: felldur með 13 gegn 6 atkvæðum.

d, St. Jónssonar uppástúnga, sem eptir samkomulagi þíngsins var borinn upp á undan *c*: samþykktur með 9 gegn 9 atkv.

En af því hèr var ekki meiri hluti atkvæða með nè móti, lèt forseti greiða atkvæði með nafnakalli, þannig, að þeir sègðu *já*, sem samþykktu uppástúnguna, en hinir *nei*, sem gegn henni væru.

já (sögðu):	nei (sögðu):
G. Brandsson.	V. Finsen.
J. Thorstensen.	G. Einarsson.
J. hreppst. Sigurðsson.	J. P. Havstein.
E. Kúld.	H. G. Tkordersen.
Ó. Sívertsen.	Þ. Jónassen.
J. Samsonsson.	P. Pètursson.
St. Jónsson.	J. Guðmundsson.
	P. Sigurðsson.
	M. Andrèsson.
	H. Stephensen.
	Á. Einarsson.

nei (sögðu):
J. Jónsson.
J. Kristjánsson.

Var þá uppástúngan fallin fyrir 13 gegn 7 atkvæðum.

c, *Meiri hluta nefndarinnar* uppástúnga: felldur með 11 gegn 9 atkvæðum.

e, *G. Einarssonar* uppástúnga: tekinn aptur af uppástúngumanni.

f, Hið opna brèf 9. nóv. 1847 óbreytt: felldur með 17 gegn 1 atkvæði.

Töluliður 3., *Nefndarinnar* uppástúnga: felldur með 13 gegn 6 atkvæðum.

—— 4., *Sömu* uppástúnga: samþykktur með 17 atkvæðum.

—— 5., *P. Pèturssonar* uppástúnga: samþykktur með 17 atkvæðum.

—— 6., *V. Finsens* uppástúnga: samþykktur með 16 atkvæðum.

—— 7., Lagaboð um prentfrelsi 3. jan. 1851.

—— 1. gr., *a,* *P. Pèturssonar* orðabreyting: samþykktur með 16 atkvæðum.

b, *Nefndarinnar* viðauka-atkvæði: samþykktur í einu hljóði.

—— 2. gr., *c,* *P. Pèturssonar* breytingaratkvæði: var fallinn burt eptir atkvæðunum um 1. gr., *b.*

—— 3. gr., *d,* *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykktur með 18 gegn 1 atkv.

—— 4. gr., *e,* *J. Jónssonar* breytingaratkvæði: felldur með 12 gegn 4 atkvæðum.

f, *Sama* breytingaratkvæði: felldur með 9 gegn 7 atkvæðum.

En þar eð hèr var hvorugu megin meiri hluti atkvæða, lèt forseti greiða atkvæði með nafnakalli á sama hátt og fyrri.

já (sögðu):
G. Einarsson.
P. Pètursson.
P. Sigurðsson.
M. Andrèsson.
G. Brandsson.

nei (sögðu):
V. Finsen.
J. P. Havstein.
H. G. Thordersen.
Þ. Jónassen.
J. Guðmundsson.

já (sögðu):	nei (sögðu):
J. hreppst. Sigurðsson.	H. Stephensen.
E. Kúld.	J. Thorstensen.
J. Jónsson.	Ó. Sívertsen.
	Á. Einarsson.
	J. Samsonsson.
	St. Jónsson.
	J. Kristjánsson.

Var breytingaratkvæðið þannig fellt með 12 gegn 8 atkvæðum.

Töluliður 7., 4. gr., *g*, *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykktur með 19 atkvæðum.

h, *P. Pèturssonar* uppást.: fallinn burt eptir atkvæðagreiðslu um viðauka-atkvæði 1. gr., *b*.

—— 5. gr., *i*, *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykktur í einu hljóði.

—— 6. gr., *k*, *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykktur með 18 gegn 2 atkv.

l, *V. Finsens* uppástúnga: var þá fallinn.

—— 7. gr., *m*, *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykktur með 18 gegn 2 atkv.

n, *P. Pèturssonar* uppástúnga: fallinn úr eptir atkvæðagreiðslunni við 7. gr., *m*.

o, *V. Finsens* uppástúnga: sömuleiðis.

— 8. gr., *p*, *Nefndarinnar* uppástúnga, sem nefndin hafði tekið aptur.

Hèr við gjörði framsögumaður þá athugasemd, að hann áliti, að þetta atriði ætti þó að koma til atkvæða, og *tók það því upp*, og lèt í ljósi, að þær þar tilgreindu fèbætur skyldu vera bæði í staðinn fyrir fángelsi og sektir, er 8. gr. á kveður. Vegna nokkurra umræða, sem út af þessu spunnust, skaut forseti því til atkvæða þingsins, hvort stafliðsatriðin *p* eða *q* skyldi koma þannig í þessum skilningi til atkvæða, en fèllu báðar þessar breytingar, skyldi leiðrèttingin á þessu í lagaboðinu heimfærast undir uppástúngu nefndarinnar undir staflið *þ* hèr á eptir,

og var þetta samþykkt með 17 atkvæðum. Samkvæmt þessu kom til atkvæða:

Tölul. 7., 8. gr., *p*, *J. Guðmundssonar* uppástúnga: felldur með 11 gegn 7 atkvæðum.

q, *P. Pèturssonar* uppástúnga: samþykktur með 10 gegn 5 atkv.

En þar eð hèr kom ekki fram meiri hluti atkvæða, leitaði forseti atkvæða að nýju með nafnakalli, eptir sömu reglum og áður.

já (sögðu):	nei (sögðu):
H. G. Thordersen.	V. Finsen.
P. Pètursson.	G. Einarsson.
M. Andrèsson.	J. P. Havstein.
G. Brandsson.	Þ. Jónassen.
H. Stephensen.	J. Guðmundsson.
J. Thorstensen.	P. Sigurðsson.
J. hreppst. Sigurðsson.	Á. Einarsson.
E. Kúld.	J. Samsonsson.
Ó. Sivertsen.	St. Jónsson.
	J. Jónsson.
	J. Kristjánsson.

Var þá uppástúngan fallin fyrir 11 gegn 9 atkvæðum.

Töluliður 7., 9. gr., *r*, *P. Pèturssonar* uppástúnga: fallinn úr eptir undanfarinni atkvæðagreiðslu um 1. gr., *b*.

s, *Sama*: sömuleiðis.

—— 10. gr., *t*, *Sama*: sömuleiðis.

—— 11. gr., *u*, *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykktur með 18 atkvæðum.

v, *P. Pèturssonar* uppástúnga: fallinn úr eptir hinni fyrri atkvæðagr. um 1. gr., *b*.

—— 13. gr., *x*, *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykktur með öllum atkvæðum.

—— 14. gr., *y*, *P. Pèturssonar* uppástúnga: fallinn úr eptir undanfarinni atkvæðagr. um 1. gr., *b*.

—— 17. gr., *z*, *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykktur með 17 atkvæðum.

Tölul. 7., 17. gr., *þ, Nefndarinnar* uppástúnga: samþykktur í einu hljóði.

æ, Nefndarinnar uppástúnga: samþykktur í einu hljóði.

Tölul. 8., Lagaboð um eptirlaun 5. jan. 1851:

—— *a, V. Finsens* uppástúnga: samþykktur með 18 atkvæðum.

—— *b, Sama* uppástúnga: samþykktur í einu hljóði.

—— *c, P. Pèturssonar* sömul.: samþykktur með 19 atkvæðum.

—— *e, Nefndarinnar* uppástúnga (sem tekinn var til atkvæða á undan *d)*: samþykktur með 10 gegn 8 atkvæðum.

Forseti lèt þá greiða atkvæði með nafnakalli, eptir sömu reglum og áður.

já (sögðu):	nei (sögðu):
G. Einarsson.	V. Finsen.
J. P. Havstein.	H. G. Thordersen.
Þ. Jónassen.	P. Pètursson.
J. Guðmundsson.	M. Andrèsson.
P. Sigurðsson.	G. Brandsson.
J. Thorstensen.	Ó. Sivertsen.
J. hreppst. Sigurðsson.	Á. Einarsson.
E. Kúld.	J. Samsonsson.
J. Jónsson.	St. Jónsson.
J. Kristjánsson.	

H. Stephensen var ekki við, þegar atkvæði voru greidd; uppástúngan var þannig samþykkt með 10 atkv. gegn 9.

—— *d, V. Finsens* uppástúnga: samþykktur með 12 gegn 6 atkv.

—— *f, P. Pèturssonar* uppástúnga: samþykktur í einu hljóði.

—— 9., Lagaboð 5. jan. 1851, um skyldu embættismanna, o. s. frv.

—— *a,* 3. gr., *V. Finsens* orðabreyting: samþykktur með 18 atkvæðum.

—— *b, Sama* orðabreyting: samþykktur með 19 atkv.

—— *c,* Lagaboðið með breytingum: samþykktur með 19 atkvæðum.

Forseti: Þessari atkvæðagreiðslu er þá lokið.

Eg hef feingið uppkast til bænarskrár frá alþingi til konúngs í *sveitastjórnarmálinu,* og gjörir hinn háttvirti varaforseti, sem er framsögumaður, svo vel, að lesa það upp.

Bænarskráin var þá afhent framsögumanni, H. Stephensen, sem las hana upp og þingið samþykkti svo hljóðandi:

Til konúngs.

Sú viðurkenning er fyrir laungu vöknuð meðal Íslendínga, að fyrirkomulag það, sem nú í gegnum margar aldir hefur verið á stjórn sveitarmálefna, og einasta sjaldan og lítið hefur verið fært í lag eptir þörfum tímanna, sè farið að verða óhagkvæmt mjög, og til fyrirstöðu framförum öllum, hvar til samtök fèlagsmanna þurfa; sú ósk er því orðin almenn meðal þjóðarinnar, að breyting mætti komast á stjórn sveitamálefna, sem bæði væri þjóðlegri, frjálslegri, framkvæmdarsamari, og leiddi málin greiðar til lykta, en mögulegt er eptir fyrirkomulagi því, sem nú er á. Í þetta sinni eru og til alþingis komnar 6 bænarskrár með 308 nafna-undirskriptum, sem allar fara því fram, að alþingi allra-þegnsamlegast biðji yðar konúnglegu hátign, allra-mildilegast að leggja sem fyrst fyrir alþingi frumvarp til frjálslegra sveitarstjórnarlaga hèr á landi. Alþingi fannst málefni þetta svo mikilsvert, og snerta svo mjög þarfir og rèttindi landsbúa yfir höfuð, að það tók það að sèr, fól það 5 manna nefnd til meðferðar og álita, og hefur síðan rætt það ýtarlega á 2 aðalfundum sínum. Undir meðferð og umræðum þessa máls hefur þingið æ meir styrkzt í þeirri sannfæríngu sinni, að það sè hin brýnasta nauðsyn, að breyting verði á sveitarstjórn þeirri, sem um svo lángan tíma hefur, svo að segja umbótalaus, staðið hèr á landi, hversu sem tímarnir og þarfir þeirra hafa breytzt. Þingið getur eingan veginn verið í efa um, að stjórnartilhögun á sveitarmálefnum sú, sem nú er, verður ekki endurbætt, svo sem þarfir tímanna krefja, nema henni verði breytt frá grundvelli, og hún færð í það horf, sem eðli málsins og tíminn sjálfur bendir til; og því er það hin fyllsta nauðsyn, að að skilja stjórn hinna sveitarlegu *(communale)* málefna frá hinu stjórnlega starfi, sem, hvorumtveggja málefnum til tjóns og góðri framkvæmd til fyrirstöðu, hefur hingað til verið sameinað í hreppstjórnarembættinu hèr á landi.

Þetta er víða í útlöndum reynt svo heillaríkt, í Danmörku

sjálfri þegar á komið, og jafnvel í einu lögsagnardæmi lands vors (Reykjavíkur) um 6 ár með mikilli heill framkvæmt; í þetta horf hefur vor hin forna sveitastjórn jafnvel sjálfkrafa dregizt á hinum seinustu árunum, án áverkunar yfirvaldslegra ráðstafana, en einasta fyrir þegjandi kröfur nálægra tíma. Þingið verður því að leyfa sèr allra-þegnsamlegast, að veita því eindregin meðmæli sín, sem bænarskrárnar fara fram á, að yðar konúngleg hátign vildi mildilegast láta leggja fyrir næsta alþíngi frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga á Íslandi. En af því ásigkomulag þessa hluta ríkis yðar er yfir höfuð ólíkt ásigkomulagi hinna annara hluta þess, og þó sèr í lagi að því, sem heyrir undir sveitastjórnir, leyfir þingið sèr allra-þegnsamlegast að benda til nokkurra undirstöðu-atriða í hinni lægri stjórn, sveita- og sýslu-stjórninni, er þingið ætlar að hagfellt verði landinu að gaumur verði gefinn, þegar frumvarp til þessara laga verður samið.

Þingið er komið að þeirri niðurstöðu, að stjórn hinna sveitalegu málefna er einasta felandi á hendur nefndum, sem kosnar sèu frjálsum kosníngum í sveit hverri, sem fjölmennar sèu eptir stærð og fjölbyggð hreppanna, þannig, að 4 sèu nefndarmenn í fámennustu hreppunum, 6 í meðalhreppum, en 8 í hinum stærstu; að sóknapresta og hreppstjóra megi kjósa í þær nefndir, en að þeir eingan veginn eigi að vera sjálfkosnir í þær, því hvað hreppstjórana áhrærir, hafa þeir, eins þegar nefndastjórn þessi kemst á í hreppunum, og hingað til, hið stjórnlega vald á hendi, sem lögregluþjónar og aðstoðarmenn sýslumanna, og framkvæmd alla í fátækra-málefnum. Kosníngarrèttur og kjörgeingi til sveitanefnda ætlar þingið einasta eigi að vera bundið við 25 ára aldur búanda, óflekkað mannorð og frjáls fjárforráð þeirra, og að þeir sèu skyldir, að hafa nefndarstörfin á hendi um 4 ár, og megi þá um jafnlángan tíma vera fríir fyrir þeim, ef þeir vilja ekki fyr takast nýja kosníngu á hendur; að nefnd hver kjósi sèr úr flokki sínum formann og gjaldkera, en hafi sameiginlega ábyrgð á sjóði sveitarinnar. 2 fundi ætlar þingið að sveitanefndir haldi á ári hverju, haust og vor, en fleiri því að eins, að þörf gjörist. Það vill þingið, að nefndir þessar stjórni og ráði öllum sveitarmálefnum og nauðsynjum, svo sem eru t. a. m. fátækra-málefni öll, forsorgun snauðra manna, uppeldi og menntun munaðarlausra barna (í þessu síðara atriði á þó sóknarprestur mestu að ráða),

upprekstur geldpenings til fjalla, fjallskil, fjárleitir og réttun fènaðar þess, sem á fjöll er rekinn, grenjaleitir, refaveiðar, vegabætur, og jafni niður á búendur kostnaði þeim, sem þetta krefur eptir efnum og ástandi, einnig þeim hluta úr kostnaði sýsluþarfa, sem fèlagsleg *(communale)* störf útheimta, er sýslunefnd ætlast á að hver hreppur verði að bera.

Nefnd ætlar þingið kjósa eigi í hverri sýslu, til að hafa yfirstjórn sveitamálefna í allri sýslunni, og sèu í henni 6 menn hið minnsta, þar sem svo eru margir hreppar í sýslu eða fleiri, auk sýslumanns, sem jafnan sè sjálfkjörinn í hana, og formaður hennar með atkvæðisrètti, sem skeri úr málum, þá atkvæði eru jöfn. Í Skaptafellssýslunum ætlar þingið verði að vera tvær sýslunefndir, vegna samgaunguleysis þeirra í millum, og að sýslumaðurinn sè formaður þeirra beggja. Það er þingsins meining, að sveitanefndir kjósi einn úr sínum flokki í sýslunefnd, svo margar, sem sýslunefndarmenn eiga að vera margir; hið 1. ár sendi allar sveitanefndir menn í sýslunefndina, en úr því sè það undir úrskurði sýslunefndanna, hverjir hreppar megi frijast frá þeirri skyldu; þó mega aldrei færri vera sýslunefndarmenn en 6, þar sem hreppar eru svo margir, og einginn hreppur leingur frijast en um 2 ár; rètt vill þingið að þær sveitanefndir, sem frijaðar eru frá, að senda sýslunefndarmann, eigi á, að senda fulltrúa úr flokki sínum á sýslufund, til að bera fram málefni sín, og skýra þau fyrir sýslunefnd, ef þeim þykir þurfa, en eingan eiga þeir atkvæðisrètt á þeim sýslufundi. Fund eigi sýslunefnd 1 á ári, og því að eins fleiri, að formanni þyki þörf og boði. Sýslunefnd skeri úr ágreiningum, sem verða kunna millum sveitanefnda sýslunnar, og hafi hið sama ætlunarverk fyrir sýsluna alla, sem sveitanefndir hafa í hreppunum, t. a. m. vegabætur á aðalvegum eða þjóðvegum sýslunnar, einkum fjallvegum og þar sem stórkostlegri vegabætur þarf að vinna, en einstökum hreppi sè ætlandi, refaveiðar á afrèttum og viðlendum fjalllendum, almenn fjall- og fjár-skil alls geldfènaðar, fjárrètta skipun og viðhald, góð regla við rèttahöld, o. a. fl., samt gjöri áætlun þess kostnaðar, sem þessi almennu störf í sýslunni ár hvert útheimta, og jafni honum niður á hreppana. Sveitanefnd hver skal tilkynna sýslunefndarformanni, ef hún ætlar að bera upp á sýslunefnd sèrstaklega, en þó almenning umvarðandi uppástúngu, svo tímanlega, að hann geti gjört það kunnugt, áður en næsti sýslufundur byrjar, þeim

sveitanefndum, sem það ár eru frijar frá, að senda mann úr sínum flokki í sýslunefnd. Hvar á móti þingið ætlar sèr ekki bera, að koma fram að svo stöddu með neinar uppástúngur um hina æðstu stjórn og úrslit þessara málefna, þar fyrirkomulagi hennar mun verða ráðið til lykta af yðar konúnglegu hátign samkvæmt og í samhljóðun við þá stjórnartilhögun alls konúngsveldis yðar, sem visdómi yðar þóknast að ákveða með lögum, og stöðu Íslands í fyrirkomulagi þess.

Þingið leyfir sèr því þegnsamlegast, að bera fram fyrir yðar konúnglegu hátign eptirfylgjandi undirstöðu-atriði til sveitastjórnarlaga, sem það með 20 atkvæðum hefur samþykkt að verði lögð til grundvallar lagafrumvarpi til sveitastjórnarlaga á Íslandi:

1. með 19 atkvæðum: *að sveitanefnd verði kosin í hverjum hreppi af búendum, eptir atkvæðafjölda, á manntalsþingum.*
2. með 18 atkvæðum gegn 3: *að kosningarrètt hafi allir búendur, sem eru fullra 25 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð og ekki þiggja af sveit.*
3. með 16 atkvæðum: *að kjörgeingi hafi þeir allir, sem kosningarrètt eiga, ef þeir gjalda til sveitar.*
4. með 18 atkvæðum: *að nefndarmenn sèu skyldir, að taka móti kosningum, nema lögmætar hindranir banni, og beri sýslumanni, að meta þær.*
5. með 13 atkvæðum gegn 5: *að í sveitanefndunum sèu 4, 6, 8 menn eptir búandafjölda hreppanna.*
6. með 17 atkvæðum: *að helmingur fyrstu nefnda gángi frá að 2 árum liðnum eptir hlutkesti.*
7. með 19 atkvæðum: *að nefndarmenn hafi forstöðu sveitarmála á hendi í 4 ár.*
8. með 18 atkvæðum: *að nefnd hver kjósi sèr formann úr flokki sínum, er stjórni fundum og annist ritstörf hennar; gjaldkera kjósi hún einnig; en ábyrgð á sveitarsjóðnum hafi nefndin öll.*
9. með 19 atkvæðum: *að nefndarmann megi kjósa á ný, strax sem hann geingur úr nefnd, en skorast megi hann þó undan kosningu, þángað til hann hefur jafnlángan tíma verið frí við nefndarstörf, sem hann næst áður hafði þau á hendi.*
10. með 15 atkvæðum gegn 1: *að sveitanefndir skuli halda 2*

fundi á ári, vor og haust, og þar að auki svo opt, sem þörf krefur.

11. með 17 atkvæðum: *að nefndir þessar stjórni og ráði öllum sveitar* (communal)*-málefnum og nauðsynjum, og ákveði og jafni niður á búendur, eptir efnum þeirra og ástandi, því fè, sem til þessa útheimtist.*
12. með 16 atkvæðum: *að sveitanefndir jafni og niður á búendur hreppanna, eptir efnum og ástandi, þeim kostnaði, sem sýslunefndin jafnar á hreppana eptir áætlun sinni.*
13. með 13 atkvæðum gegn 2: *að nefnd verði sett í hverri sýslu (sýslunefnd), og sèu í henni að minnsta kosti 6 menn, þar sem svo eru margir hreppar í sýslu eða fleiri.*
14. með 18 atkvæðum: *Sýslumaður er sjálfkjörinn í hverja sýslunefnd; hann er formaður nefndarinnar, og hefur atkvæðisrètt í öllum málum; atkvæði hans sker úr þeim málum, þar sem atkvæði annars eru jöfn.*
15. með 15 atkvæðum: *Í Skaptafellssýslum sè sín nefnd í hvorri, og sýslumaður formaður þeirra.*
16. með 15 atkvæðum gegn 2: *Í hverja sýslunefnd kjósi hver sveitanefnd einn úr sínum flokki hið fyrsta ár.*
17. með 13 atkvæðum gegn 1: *þar, sem eru fleiri en 6 hreppar í sýslu, skal það á sýslunefndanna valdi, að ákveða með atkvæðafjölda, hvort fleiri hreppar, og þá hverjir, sendi mann á sýslunefndarfund á ári hverju.*
18. með 13 atkvæðum gegn 2: *að enginn hreppur megi frijast frá, að senda fulltrúa í sýsluráð, leingur en 2 ár í samfellu.*
19. með 15 atkvæðum gegn 3: *að hver sveitanefnd eigi rètt á; þótt ekki eigi hún það ár að senda sýslunefndarmann, að senda fulltrúa sinn til sýslunefndar, til að upplýsa og halda svörum uppi fyrir þau málefni, sem þá sveitanefnd varðar, en eingan eigi þeir atkvæðisrètt á þeim sýslunefndarfundum.*
20. með 15 atkvæðum gegn 2: *Fund skal sýslunefnd halda einn á ári hverju, og þar að auki skal formaður nefndarinnar hafa rètt til, að ákveða fund svo opt, sem þörf krefur.*
21. með 18 atkvæðum: *Ætlunarverk sýslunefndanna sè*: a, *að skera úr ágreiningi þeim, sem verða kann milli sveitanefndanna í sýslunni;* b, *hin sömu ætlunarverk, að svo*

miklu leyti, sem gjörvalla sýsluna snertir, sem hverri sveitarnefnd eru ætluð í sínum hreppi; c, *að gjöra áætlun um upphæð þess kostnaðar, sem þessi almennu störf í sýslunni ár hvert útheimta* (sbr. 12. gr.).

22. með 11 atkvæðum gegn 7: *Sveitastjórnarnefnd í hverjum hreppi sè skyldug til, að skrifa formanni sýslunefndarinnar til, með nægilegum fyrirvara, þegar hún hefur áformað, að bera upp á sýslufundi sèrstaklega, en þó almenning varðandi uppástúngu, svo sýslustjórnarformaður geti, áður en næsti sýslufundur byrjar, gjört það kunnugt þeim hreppanefndum, sem eptir áður gjörðri ráðstöfun áttu að því sinni að frijast við, að láta mann úr sínum flokki mæta á sýslufundi.*

23. með 19 atkvæðum: *að hin síðasta meðferð og úrslit sveitamálefna hèr á landi verði ákveðin samkvæmt þessum undirstöðu-atriðum, og í samhljóðun við þá stjórnartilhögun alls konúngsveldisins og stöðu Íslands í fyrirkomulagi þess, sem verður að lögum.*

Reykjavík, 3. dag ágústmánaðar 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. *H. Stephensen.*

Forseti: Af því það er þá ekki meira fyrir hendi í dag, skal eg ákveða næsta fund á morgun kl. 12, og kemur þá málið *um peningaskort* hèr á landi til ályktarumræðu, og, ef mögulegt er, *konúnglegt frumvarp til lagaboðs um barnaskólastofnun í Reykjavík* einnig til ályktarumræðu.

Fundi slitið.

---

4. ágúst — þrítugasti fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það, sem kemur til meðferðar á þessum fundi, er málið viðvíkjandi *peningaskorti* í landinu, sem kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Í þessu máli voru þessi tvö breytíngar- og viðauka-atkvæði upp borin:

1. *V. Finsens*: að menn geti geymt sèr peninga í bánkanum,

á móti því, að fá hjá bánkanum lága vöxtu (eins og í sparisjóðum).

2. *J. Kristjánssonar*: að frumvarp um fyrirkomulag stiptunar þessarar verði lagt fyrir alþingi.

Atkvæðaskráin í þessu máli er svo látandi.

Atkvæðaskrá

í

peningamálinu.

1. *Nefndin*: að alþingi biðji konúng, að taka til yfirvegunar, hvort eitthvert það bánka-fyrirkomulag gæti ekki komizt á hèr í landi, eptir þeim grundvallar-reglum, sem stjórninni þættu hentugastar, er gæti gegnt þeim nauðsynjum, sem slíkar stofnanir almennt hafa á hendi.
2. að þessi atriði verði tekin fram:
   a, *Nefndin*: að kaupmenn gætu feingið peninga hèr í landi móti óyggjandi víxlabrèfum.
   b, *Sama*: að framandi landa myntsortum yrði víxlað fyrir danska peninga, og dæmt um gildi þeirra.
   c, *Sama*: að mögulegt yrði, að fá peninga lánaða hèr í landi í móti nægu veði, og með því, að borga þá aptur annaðhvort hèr í landi eða í Danmörku.
   d, *V. Finsen* (samþykkt af nefndinni): að menn geti geymt sèr peninga í bánkanum, á móti því, að fá hjá bánkanum lága vöxtu (eins og í sparisjóðum).
3. *J. Kristjánsson* (samþykkt af nefndinni): að frumvarp um fyrirkomulag stiptunar þessarar verði lagt fyrir alþingi.

Framsögumaður: Við nefndarálitið eru fram komin 2 breytingar- og viðauka-atkvæði, og hefur nefndin aðhyllzt þau bæði. Annað þeirra er frá hinum 6. konúngkjörna þingmanni, og fer því fram, *„að menn geti geymt sèr peninga í bánkanum, á móti því, að fá hjá honum lága vöxtu, eins og í sparisjóðum“*.

Þetta viðauka-atkvæði hefur nefndin fallizt á, því hún bjóst við, að, ef bánki og sparisjóður kæmust á, þá væri það einmitt meðfram ætlunarverk þeirra, að taka á móti peningum, og borga af þeim lága vexti.

Viðauka-atkvæði þingmannsins frá Suður-Þingeyjarsýslu hefur nefndin einnig fallizt á, jafnvel þó við hugsuðum okkur, að gefa stjórninni það á vald, hvort heldur hún legði frumvarp fyrir alþingi um þetta, ellegar sjálf ráðstafaði því án þess.

Að öðru leyti fer eg ekki fleiri orðum um þetta að svo stöddu.

P. Pètursson: Aðaluppástúnga nefndarinnar, undir 1. tölulið, finnst mèr svo almenn og ógreinileg, að eg held stjórnin græði lítið á því, og að það verði henni til lítillar leiðbeiníngar í, að sjá, hvernig landsmenn helzt mundu á kjósa, að þessu bánka-fyrirkomulagi hèr yrði varið, og það því heldur, sem 2 af nefndarmönnunum við undirbúníngsumræðu þessa máls voru á gagnstæðri meiníngu viðvíkjandi fyrirkomulagi þessa bánka; því hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður vildi ekki láta rót bánkans vera hèr í landi, heldur að hann væri nokkurs konar „*Filialbank*“ af þjóðbánkanum í Danmörku. Þíngmaður Skaptfellínga vildi aptur á móti, að bánkinn væri fullkomlega innlendur, og fráskilinn öðrum.

Eg álít skaða, að meiníngar þessara 2 nefndarmanna hafa ekki betur getað nuddað sèr saman, eða tækifæri gefizt hèr á þínginu, að ræða betur þessar svo gagnstæðu skoðanir; því eg held stjórnin geti ekki grætt mikið á umræðunum, úr því þær eru ekki skýrari, en þær hafa verið í þessu máli. Eg er því hræddur um, að þegar meiníngarnar eru svona tvískiptar, þá muni sá meiníngamunur ekki síður gjöra vart við sig seinna hèr á þíngi, þegar menn ættu að fara að ræða frumvarp um stofnun bánka hèr í landi, og að það muni því ekki verða hægðarleikur fyrir stjórnina, að leggja það frumvarp um þetta efni fyrir þíngið, sem ekki mæti töluverðum mótspyrnum, hvernig svo sem það væri lagað; en þar fyrir er eg ekki móti því, að bænarskrá verði send, ef þínginu svo sýnist; því það er eingu til spillt við það.

Forseti: Þar eð eingum tekur framar til máls, er álykt-arumræðu þessari lokið, og bið eg því þíngmenn að gánga til atkvæða.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. Uppástúnga *nefndarinnar*: samþykkt með 20 atkvæðum.
2. *a*, —— —— —— — 17 atkv. gegn 2.
   b, —— —— —— — 18 — — 1.
   c, —— —— —— — 20 — — 1.
   d, Viðauka-atkvæði *V. Finsens* (samþykkt af nefndinni): samþykkt með 20 atkvæðum.
3. Viðauka-atkvæði *J. Kristjánssonar* (samþykkt af nefndinni): samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur nú málið „*um*

konúnglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík“ til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Atkvæðaskrána hef eg látið prenta, og vona eg þingmenn hafi allir feingið hana. Það sèst á henni, að nefndin hefur tekið aptur uppástúngu sína undir tölulið 3 *b*, um brennivínsskattinn, og get eg þess af því, að, ef einginn þingmanna tekur þessa uppástúngu nefndarinnar að sèr, þá gefst nú þingmönnum tækifæri til, að stytta mikið fyrir sèr umræður og atkvæðagreiðslu í málinu, og spara kostnað með því, ef þeir vilja taka aptur uppástúngurnar, sem standa í sambandi við þessa, og taka til ýmsar álögur; því væru þær teknar aptur, þá þyrfti eingin umræða að verða um þau atriðin. Eg hef getið þessa í því skyni, að skjóta til hinna háttvirtu þingmanna, hvað þeir vildu gjöra í þessu efni.

Þessi breytíngaratkvæði og uppástúngur voru fram komnar í málinu:

1. *P. Pèturssonar*:

Undirbreytíngaratkvæði við J. Guðmundssonar: að stjórnin veiti 8000 rbdd. lán til byggíngar barnaskóla, og til að kaupa áhöld og útbúnað hans.

2. *P. Sigurðssonar*:

Að sami tollur (og á brennivín, eptir uppástúngu H. Stephensens) verði lagður á öll þau vínfaung, sem innbúar Reykjavíkurumdæmis drekka hèr í bænum, að fráskildu öli, og víni því, sem brúkast til sakramentis-útdeilíngar í kirkjunni.

3. *H. Stephensens*:

1. *Breytíngaratkvæði við nefndaruppástúngu* (nr. 2): „4 skildínga tollur á pott hvern af brennivíni, sem selst með minna máli, en 40 potta, greiðist að eins af því brennivíni, sem drukkið er innan Reykjavíkurumdæmis af innbúum þess umdæmis“.
2. *Viðauka-atkvæði*:
   a, „Á allan þann mó, sem skorinn er í landeign Reykjavíkur af tómthúsmönnum þar, eða þeim mönnum öðrum, sem einga graslóð bæjarins hafa á leigu, sè lagður tollur, 8 skk. fyrir fet hvert af leingd mógrafarinnar, en hún má vera 10 feta breið“.
   b, „Fyrir hest hvern, sem þeir menn halda í Reykjavíkurumdæmi, sem einga grasnyt hafa, gjaldist árlega 1 rbdd“.

c, „Fyrir uppsátur og vergögn gjaldist í Reykjavíkurumdæmi 2 rbdd. árlega fyrir hvert fiskiskip, stórt eða lítið, sem sá á, eða fer með þar, sem ekki er grasbýlismaður í því umdæmi".

4. *J. P. Havsteins*:

Að allir vextir af *Thorchillii* sjóði verði lagðir til barnaskóla í Reykjavík þannig, að fátæk utanbæjar-börn úr Kjalarnesþingi, að þeirri tiltölu, sem mætti þykja hæfileg, fái ókeypis kennslu og uppeldi í skólanum.

5. *G. Brandssonar*:

Að sú uppástúnga nefndarinnar: „að barnaskólanum í Reykjavík verði eptirleiðis árlega lagðir 170 dalir af vöxtum *Thorchillii* sjóðsins", falli burt.

6. *Nefndarinnar*:

1. Að þingið þegnsamlegast beiðist þess, að frumvarpi því um stofnun barnaskóla í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir þingið, verði slegið á frest, þángað til ákveðnar verði nefndum barnaskóla tekjur þær eða fèstyrkur, sem samsvari þörfum skólans, þannig, að frumvarpið verði aptur lagt fyrir alþingi 1855, jafnframt því, að frumvarp eða áætlun um slíkar tekjur eða styrk verði lagt fyrir þingið.
2. Að þingið fari því á flot, að stjórnin ánafni Reykjavíkurbæ á ári hverju 170 rbdd. af vöxtum *Thorchillii* gjafasjóðs, þannig, að fè þessu, eptir að búið er að koma upp barnaskóla í Reykjavík, skuli verja til uppfræðíngar í skólanum fyrir hin mest þurfandi og fátækustu börn í bæjarins umdæmi.

7. *J. Guðmundssonar:*

1. Að stjórnin styrki sem fyrst til, að stofna barnaskóla í Reykjavík,

a, með því, að ljá úr opinberum sjóði til skólahúss-byggíngar 5,000 rbdd., gegn 3½ *proc.* vöxtum ár hvert, og gegn því, að húsið komist í fulla ábyrgð fyrir eldsvoða fyrir árlega greiddar brunabætur;

b, að það fè, frá 400—600 rbdd. árlega, sem Reykjavíkursveit *(Commune)* skortir á að geta leyst af hendi (með 4—6 rbdd. meðgjöf með kennslubörnum, sem ekki eru á sveit, og með þeim skólaskatti, sem staðarbúar geta risið undir), til þess að halda skólanum við lýði að kennslu og öðru, sem við þarf, verði nú fyrst um sinn

greitt úr opinberum sjóði, þángað til verzlun landsins og skattalöggjöfin er komin í fast horf, og betra skipulag komið á þá tekjustofna, sem Reykjavíkursveit á sjálf kost á, og þángað til stjórnin er búin að ákveða eitthvað víst um, *hve nær* og *hvernig* skuli verja *Thorchillii* skólasjóði, sem næst tilgángi hans.

2. Að skólanauðúng verði gjörð að lögum í Reykjavíkursveit fyrir hvert það barn frá 7—14 ára, sem ekki sannast um að njóti á annan veg nokkurn veginn viðlíka uppfræðíngar utan skóla, eins og kostur er á í skólanum.

Atkvæðaskráin er svo látandi:

Atkvæðaskrá
um
konúnglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík.

1. *Nefndin*: að þíngið þegnsamlegast beiðist þess, að frumvarpi því um stofnun barnaskóla í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir þíngið, verði slegið á frest, þángað til ákveðnar verði nefndum barnaskóla tekjur þær eða fèstyrkur, sem samsvari þörfum skólans, þannig, að frumvarpið verði aptur lagt fyrir alþíngi 1855, jafnframt því, að frumvarp eða áætlun um slíkar tekjur eða styrk verði lagt fyrir þíngið.
2. *J. Guðmundsson*: að alþíngi beiðist þess, að stjórnin styrki sem fyrst til, að stofna barnaskóla í Reykjavík (eptir frumvarpinu).

   P. Pètursson (breytíngaratkvæði við 2 *a)*: að stjórnin veiti 8000 rbdd. lán til byggíngar barnaskóla, og til að kaupa áhöld og útbúnað hans.

a, J. Guðmundsson: að stjórnin ljái úr opinberum sjóði til skólahúss-byggíngar 5000 rbdd., gegn 3½ *proc.* vöxtum ár hvert, og gegn því, að húsið komist í fulla ábyrgð fyrir eldsvoða fyrir árlega greiddar brunabætur.

b, Sami: að það fè, frá 400—600 rbdd. árlega, sem Reykjavíkursveit (*Commune*) skortir á að geta leyst af hendi (með 4—6 rbdd. meðgjöf með kennslubörnum, sem ekki eru á sveit, og með þeim skólaskatti, sem staðarbúar geta risið undir), til þess að halda skólanum við lýði að kennslu og öðru, sem við þarf, verði nú fyrst um sinn greitt úr opinberum sjóði, þángað til verzlun landsins og skattalöggjöfin er komin í fast horf, og betra skipulag komið á þá tekju-

stofna, sem Reykjavíkursveit á sjálf kost á, og þángað til stjórnin er búin að ákveða eitthvað víst um, *hve nær* og *hvernig* skuli verja *Thorchillii* skólasjóði, sem næst tilgángi hans.

3 *a*, *H. Stephensen* (breytíngaratkvæði við 3 *b*): 4 skildinga tollur á pott hvern af brennivíni, sem selst með minna máli, en 40 potta, greiðist að eins af því brennivíni, sem drukkið er innan Reykjavíkurumdæmis af innbúum þess umdæmis.

b, *Nefndin* (tekið aptur af nefndinni): að stjórnin leggi fyrir alþíngi 1855 frumvarp til tilskipunar um toll á öllum kauptúnum hèr á landi á brennivínsveitíngu og sölu í smákaupum, lagað í öllum verulegum atriðum eptir löggjöf fyrir Noreg 6. sept. 1845, og að tolli þessum verði varið til þess, að stofna og við halda barnaskólum í hinum einstöku lögsagnar-umdæmum landsins, þar sem tollurinn er goldinn.

c, *P. Sigurðsson*: að sami tollur (og á brennivíni, eptir uppástúngu H. Stephensens) verði lagður á öll þau vínfaung, sem innbúar Reykjavíkurumdæmis drekka hèr í bænum, að fráskildu öli, og víni því, sem brúkast til sakramentisútdeilingar í kirkjunni.

4 *a*, *H. Stephensen*: á allan þann mó, sem skorinn er í landeign Reykjavíkur af tómthúsmönnum þar, eða þeim mönnum öðrum, sem einga graslóð bæjarins hafa á leigu, sè lagður tollur, 8 skk. fyrir fet hvert af leingd mógrafarinnar, en hún má vera 10 feta breið.

b, *Sami*: fyrir hest hvern, sem þeir menn halda í Reykjavíkurumdæmi, sem einga grasnyt hafa, gjaldist árlega 1 rbd.

c, *Sami*: fyrir uppsátur og vergögn gjaldist í Reykjavíkurumdæmi 2 rbdd. árlega fyrir hvert fiskiskip, stórt eða lítið, sem sá á, eða fer með þar, sem ekki er grasbýlismaður í því umdæmi.

5 *a*, *J. P. Havstein*: að allir vextir af *Thorchillii* sjóði verði lagðir til barnaskóla í Reykjavík, þannig, að fátæk utanbæjar-börn, úr Kjalarnesþíngi, að þeirri tiltölu, sem mætti þykja hæfileg, fái ókeypis kennslu og uppeldi í skólanum.

b, *G. Brandsson*: að sú uppástúnga nefndarinnar: „að barnaskólanum í Reykjavík verði eptirleiðis árlega lagðir 170 rbdd. af vöxtum *Thorchillii* sjóðsins“, falli burt.

c, *Nefndin*: að þíngið fari því á flot, að stjórnin ánafni Reykja-

víkurbæ á ári hverju 170 rbdd. af vöxtum *Thorchillii* gjafasjóðs, þannig, að fé þessu, eptir að búið er að koma upp barnaskóla í Reykjavik, skuli verja til uppfræðingar í skólanum fyrir hin mest þurfandi og fátækustu börn í bæjarins umdæmi.

6. *J. Guðmundsson*: að skóla-nauðúng verði gjörð að lögum í Reykjavíkursveit fyrir hvert það barn frá 7—14 ára, sem ekki sannast um að njóti á annan veg nokkurn veginn viðlika uppfræðingar utan skóla, eins og kostur er á í skólanum.
7. Hið konúnglega frumvarp óbreytt (eða með breytíngum).

H. Stephensen: Eg á 1 breytíngaratkvæði við tölulið 3*b*; eg kallaði það breytíngaratkvæði, meðan uppástúnga nefndarinnar var við lýði; en fyrst nefndin hefur tekið hana í sig aptur, verð eg að kalla það viðauka-atkvæði, og vil eg ekki taka það aptur að svo komnu.

Framsögumaður: Eins og forseti þegar hefur bent til, hefur nefndin tekið aptur uppástúngu sína um brennivínstollinn; hún hefur ekki gjört það, af því hún í nokkurn máta hafi breytt sinni föstu sannfæríngu um gagn það, sem mundi leiða af slíkum tolli, heldur einkum vegna formgalla þeirra við uppástúngu þessa, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi og hinn 5. konúngkjörni þíngmaður bentu til við undirbúníngsumræðuna. Eg hef þegar við undirbúníngsumræðuna leitt athygli þíngmanna að því, að hin verulegasta uppástúnga nefndarinnar er sú, sem nú er nr. 1 á atkvæðaskránni, að frumvarpinu verði slegið á frest, þángað til búið sé að ætla skólanum nægar tekjur. Nefndin hefur í 1. tölulið, þar sem talað er um tekjur þær, sem ákveða eigi skólanum, haft orðin svo almenn, að mèr finnst öll breytíngaratkvæðin um einstaklegar tekjur handa skólanum megi helzt falla burt; þær sjást hvort eð er á umræðunum, og getur stjórnin þá valið úr öllum þeim uppástúngum, sem hafa fram komið. Það er líka að segja um breytíngaratkvæði hins háttvirta varaforseta, að þau snerta álögur, sem eru þess eðlis, að það hlýtur að vera rèttur hverrar sveitar, að segja álit sitt um þær, áður en þær eru á lagðar, og álít eg, að þíngið hafi ekki rètt á, að samþykkja slíkar álögur, þegar bæjarstjórnin hefur ekki gefið álit sitt um þær. Hvað nú snertir breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Skaptfellínga undir 2. tölulið, þá skil eg það svo, að það sè við-

auka-atkvæði við sjálft frumvarpið, og það gjöri þess vegna ráð fyrir, að frumvarpið verði þegar lögleitt, en konúngur sè jafnframt beðinn, að veita skólanum styrk af ríkissjóðnum; mèr finnst þessi uppástúnga mjög ísjárverð; því þegar svo margar uppástúngur hafa fram komið um ýmsar álögur á Reykjavíkurbæ sjálfan, þá er tvöföld óvissa fyrir því, hvort stjórnin muni af ríkissjóðnum leggja skólanum nokkuð, og þá gæti svo farið, að frumvarpið yrði beinlínis lögleitt, án þess að skólanum þó væri sèð fyrir tekjum þeim, sem gætu samsvarað þörfum hans, og álít eg, að þá væri illa farið. Við uppástúngunnar 2 tölulið *a* skal eg að eins benda til þess, að þar er ekki neitt talað um, hve nær eða hvernig lán það, sem feingist til skólabyggíngar, ætti að borgast aptur, og það er þó verulegt atriði; uppástúngumaðurinn hefur þó víst ekki gjört ráð fyrir, að það þyrfti aldrei að borga það. Hvað áhrærir breytíngaratkvæði hins háttvirta varaforseta, 3 *a*, um brennivínstoll af því brennivíni, sem drukkið er innan Reykjavíkurumdæmis, þá álít eg, að brennivínstollur, þó hann væri einnig lagður á það, sem seldist í smákaupum, geti ekki átt sèr stað þannig, að hann væri einúngis í Reykjavík, og ekki meðfram í hinum öðrum kaupstöðum, einkum þeim næstu. Uppástúngumaðurinn hefur bætt því við: *„sem drukkið er af innbúum þess umdæmis“;* en eg skil nú ekki rètt vel, hvernig hann vildi sanna, hvað drukkið er af utanbæjar-, og hvað af innanbæjarmönnum; eg held það yrði nokkuð torvelt, að ætlast á slíkt. Hvað snertir breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Rángvellínga 3 *c*, þá álít eg sjálfsagt, ef breytíngaratkvæðið um brennivínstollinn verður samþykkt, að þá eigi þetta atkvæði sjálfsagt að koma með, og einkum verð eg að mæla fram með niðurlagi þessa breytíngaratkvæðis — (Hlátur) —. Viðvíkjandi mótollinum, sem stúngið er upp á í 4. breytíngaratkvæði, skal eg geta þess, að tollur þessi lendir ekki á þeim, sem taka upp móinn, heldur á þeim, sem kaupa hann, og verða að gefa meira fyrir hann en áður; en eg efa mikið það sè rètt, að leggja þannig toll á helztu nauðsynjar lífsins, þar allir vita þó, að eldiviður er talinn meðal nauðsynja; það mætti eins vel leggja 1 rbd. eða 3 mörk á hverja korntunnu, og held eg mönnum mundi þó ekki detta það í hug; það er töluverður munur á því, þegar maður á mómýri, og nábúarnir taka þar upp mó, þá á maður rètt á, og það er eðlilegt, að heimta af nábúunum

fyrir móupptektina það, sem honum sýnist, ef þeir geta ekki feingið sèr mó annarstaðar; en það er óeðlilegt, að kaupstaðurinn leggi á kaupstaðarbúa, á sjálfa sig, toll fyrir mó, sem tekinn er upp í landi sjálfs kaupstaðarins; eg held slíkur tollur, á verulegar og óumflýjanlegar nauðsynjar, eigi, ef rètt er skoðað, aldrei að leggjast á. Eg veit nú ekki heldur, hvað mikið varaforseti gjörir ráð fyrir að þessi mótollur gefi af sèr; það er sjálfsagt, að það mætti fá mikið inn af honum, ef mikið er lagt á hann; en þó maður legði 1 rbd. á hundrað hesta af mó, sem af 20,000 hestum yrði 200 rbdd., þá er aðgætandi, að launa þyrfti 1 eða 2 umsjónarmönnum, og drægist þá töluvert frá. Hestatoll er eg samdóma hinum háttvirta varaforseta um að leggja ætti á, og mundi hann gefa af sèr, ef til vill, eina 50 rbdd. Viðvíkjandi uppsáturstollinum, þá er þess að gæta, að Reykjavík á lítinn sand, ekki nema fyrir neðan sjálf kaupstaðarhúsin; og gángi menn að eins ofan að fjörunni, þá munu menn sannfærast fljótt um það, að í sjálfri fjörunni geta skipin eða bátarnir ekki staðið með nokkuð miklu flóði, heldur verða þau þá að standa uppi á stakkstæðunum; en þessi stakkstæði hafa kaupmenn notað í mörg ár, hvort sem þau nú eru útvísuð þeim, og eru að álíta sem eiginlega eign þeirra, eða ekki, er vafasamt; en það, sem er víst, er, að þeir nota stakkstæðin, og býst eg þá við, ef uppsáturstollur væri tekinn, að kaupmenn mundu þá brátt fara að heimta þátt í þeim tolli. Um vergögn held eg að ekki geti verið mikið spursmál hèr, eptir því litla plázi, sem bærinn á ráð á hèr handa skipunum. Tollar þeir, sem stúngið er upp á, eru þannig bæði óvissir, og líka eru þeir ónógir, og þá getur mèr ekki fundizt rètt, að stínga upp á þeim. Á móti uppástúngu hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns, 5 *a*, um, að allur *Thorchillii* sjóður verði lagður til Reykjavíkur, hefur nefndin í rauninni ekkert, en hún varð samt heldur að óska, að Reykjavík feingi sinn ákveðna hluta af vöxtunum. Fyrir viðauka-atkvæðinu nr. 6 get eg ekki gefið mitt atkvæði; uppástúnga þessi gjörir nefnilega uppfræðíngarnauðúngina harðari, en stiptsyfirvöldin og, eg trúi, kennslustjórnarráðið hafa til ætlazt, nefnilega, að einúngis þau börn skyldu vera skyld, að gánga í skólann, sem ekki utan skóla njóta nægilegrar uppfræðíngar *í bóklestri og kristindómi,* og held eg sú regla sè mikið góð, og það sè ekki rètt, að innleiða hèr strángari reglur; en hinn háttvirti

uppástúngumaður hefur eflaust ekki heldur ætlað sèr það, en hann hefur þá ekki heldur tekið eptir þeirri athugasemd, sem var um þetta atriði í nefndarálitinu. Eg átti eptir að svara einu, sem hinn heiðraði þingmaður Gullbríngusýslu talaði aptur og aptur um við undirbúníngsumræðuna. Hann gat þess nefnilega, að Reykjavík hefði af vöxtum *Thorchillii* sjóðs frá 1830—1848 notið alls hèr um bil 2700 rbdd., og skildist mèr á honum, að hann áliti, að fè þessu hefði ekki verið rètt varið, og að það ætti eiginlega að heimtast aptur. Eg vil nú benda honum til, að fè þetta var lagt til barnaskólans samkvæmt kanselíbrèfi frá 1831; hvort það var nú rètt eða ekki rètt, skal eg ekkert segja um; en það verður hèr að fara, eins og ætlið, þá eitthvað hefur verið rángt gjört, að maður heldur sèr þá til þess, sem hefur gjört rángt, ekki til þess, sem hefur saklaus notið góðs af því, og verður því hinn heiðraði þingmaður að halda sèr til kanselíisins eða löggæzluráðgjafans í þessu efni.

H. Stephensen: Mál þetta, sem hèr ræðir um, hefur síðan 1846 verið til yfirvegunar, og tók því þingið feginshendi við frumvarpi hèr að lútandi frá stjórninni, og því brást ekki, þegar það kaus þessa 3 í nefnd, til að yfirvega málið; því altènd 2 af þeim ættu að vera gagnkunnugir því; og svo held eg brúnin hafi hafizt upp á þinginu, þegar nefndin kaus sèr 2 kunnuga menn til aðstoðar, svo það lítur út, sem nefndin hafi verið vel skipuð.

Svo kom nefndarálitið fram á þinginu, og í því stíngur nefndin upp á þeim gjaldstofnum, sem gjöra eigi skólann byrgan; en eg sè ekki betur, en hún kippi fótunum undan því öllu aptur, með því hún eða málsfærslumaður hennar ber það fram, að bezt sè, að segja stjórninni, að fresta ætti málinu.

Það mun ekki verða að spá minni, að þó framsögumanni hafi kann ske tekizt, að hreifa lúngu einstakra manna hèr í salnum, þá muni fleiri hreifast meðal þjóðarinnar, og jafnvel útlendínga, þegar þeir sjá þessa að öllu dæmalausu meðferð málsins.

Eg stakk upp á þessum gjaldstofnum, af því eg hèlt (og fleiri hafa kann ske verið á sama málinu), að nefndin vildi styðja stjórnina, til að koma málinu fram; en eg var þá, er enn, og mun verða á þeirri meiningu, að Reykjavík eigi sjálf að halda skóla sinn, en ekki hver fátækur bóndi um allt land,

og þess vegna bar eg upp viðauka-atkvæði mín við uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 3 *b*, sem hún þá var að berjast fyrir af alefli.

Það mun að vísu satt, sem framsögumaður sagði, að slæmt yrði, að mæla, hvað í hvern maga færi af brennivíni; en þessi ágæta bæjarstjórn hèr mundi þó nokkurn veginn gæta að því. Eg get ekki álitið þetta viðauka-atkvæði mitt fallið, þó nefndin hafi tekið uppástúngu sína aptur, og vona eg þíngmenn gefi þessari uppástúngu minni gaum.

Framsögumaður sagði viðvíkjandi viðauka-atkvæði mínu um mótollinn, undir tölulið 4 *a*, að eg hefði ekki stúngið upp á, hvað mikill hann skyldi vera; en eg sagði þó, og það stendur í atkvæðaskránni, að það skyldi vera 8 skk. á hvert leingdarfet, þegar gröfin væri 10 feta breið, og þetta gjald veit eg á sèr víða stað. Hann sagði einnig, að það væri, eins og að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn; en þá held eg hann hafi ekki lesið vel viðauka-atkvæði mitt, því þar stendur, að skattinn skuli leggja á þá einasta, sem einga grasnyt hafa. Þessir tómthúsmenn ættu eptir meiníngu hans sjálfir að skera úr, hvaða álögum yrði jafnað á þá, en þíngið, að leiða það hjá sèr; en það hugsaði eg þíngið þyrfti þó ekki, þar sem einginn hreppur á landinu velur sèr fulltrúa á alþíngi fyrir sig eingaungu, nema Reykjavík ein. Að öðru leyti veit eg ekki, hvað mikinn rètt tómthúsmenn hèr eiga; því ef atkvæðafjöldi rèði hèr í Reykjavík, þá mundu þeir allt af hafa flest atkvæðin.

Framsögumaður sagði, að þótt sanngjarnt væri, að leggja skatt á hesta, þá mætti ekki gjöra það, fyr en tómthúsmennirnir gæfú það eptir, en það þykir mèr harla lèttvæg ástæða.

Hvað uppsáturstollinn snertir, þá veit eg ekki, að hvað miklu leyti kaupmenn eiga stakkstæði, eins og framsögumaður gat um; en þó held eg, ef þeir ættu þau, að bæjarstjórnin mundi ekki láta þau sleppa fyrir álögum.

Allar þessar álögur, sem eg hef stúngið upp á, finnst mèr vera svo sanngjarnar, að eg verð að ímynda mèr, að þær fái meðhald þíngsins; því það sýnist þó ekki vera ósanngjarnt, þó t. d. fyrir vergögn sèu borgaðir hèr 2 rbdd. árlega, þegar það er eins og það, sem greitt er fyrir hverja vertíð annarstaðar.

Eg verð að vera framsögumanni samdóma í því, að rèttast sè, að biðja ekki stjórnina um styrk til skólans; því stjórnin

er ekki skyldari, að hjálpa Reykjavík, en öðrum umdæmum landsins, sem þá gætu beðið um hið sama á eptir.

Breytíngaratkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns finnst mèr vera svo ófullkomið, að því sè ekki gaumur gefandi, úr því ekkert er minnzt á, hvernig eigi að borga þessa penínga aptur, eða hvað háir vextir skuli greiðast af þeim — (*Forseti*: Uppástúngumaður þessa breytíngaratkvæðis sagði þegar við undirbúnings-umræðuna, að það væri undir-breytíngaratkvæði við 2 *a*; þess vegna er sjálfsagt hans meiníng, að það sè sömu leigu bundið).

Breytíngaratkvæðinu 3 *c* gef eg jákvæði mitt, því eg iðrast eptir, að eg fór ekki leingra; en þessi þíngmaður hefur haldið leingra á fram en eg, en þó í sömu stefnu.

Hvað *Thorchillii* sjóðinn snertir, þá ætla eg, að Reykjavík hafi kann ske ekkert tilkall til sjóðsins, þá heldur ekki eins mikið og nefndin fer fram á, og því síður það, sem hinn 2. konúngkjörni þíngmaður stíngur upp á.

Eptir því, hvernig atkvæðaskráin er orðuð, þykir mèr líkast til, að málið falli, og þá á það sèr einga uppreisnarvon framar. Mèr er heldur ekki ljóst, hvernig Reykjavík á fám árum á að taka þeim framförum, að hún þá verði fær um, að halda skóla, fyrst hún ómögulega á að geta það nú.

Mèr finnst sárt, að þetta mál skuli nú falla, og það því fremur, sem sagt hefur verið hèr áður, að allt landið hefði gagn af þessum skóla, þó eg ætli, að nefndin hafi ekki ætlazt til þess, þegar hún segir, að tómthúsmennirnir í Reykjavík vilji upp ala staðarbúa eina. Það er þó altènd dæmi og hvöt fyrir aðra, að stofna slíkt hjá sèr.

G. Brandsson: Hinn háttvirti framsögumaður talaði áðan á þá leið, að það heyrði ekki undir þetta þíng, að leggja þá mörgu tolla á Reykjavíkurbúa, sem hèr er stúngið upp á, því það væri ætlunarverk bæjarstjórnarinnar. Eg get nú verið honum að miklu leyti samdóma í þessu; en þar af leiddi þá, að málefnið sjálft hefði ekki þurft að leggjast fyrir þetta þíng, af því það hefði verið einstaklegt sveitarmálefni fyrir Reykjavík, sem bæjarstjórn hennar hefði eingaungu átt um að fjalla — (*Framsögumaður*: Jú) —; annars finnst mèr, að nefndin hafi tekið sèr stærra svið, en henni var ætlað í frumvarpi stjórnarinnar, sem nú er búið að þenja út á marga vegu; í því er einúngis sagt, að barnaskóli skuli stofnsetjast í Reykjavík, og að innbúar hennar skuli bera kostnaðinn að því leyti, sem fè

það ekki hrökkvi til, sem til stofnunar og viðhalds skólans er ætlað, og skuli jafna þessum kostnaði niður á bæjarmenn samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar, dagsettri 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. grein. Af þessu er þá auðráðið, að stjórnin ætlast til, að Reykjavíkurmenn, eins og innbúar annara hreppa, kosti kennslu barna sinna, og er það samkvæmt skoðun hins háttvirta varaforseta á þessu máli, hverja hann hefur skýrt og skorinort látið hèr í ljósi. Mèr finnst nú aðalspursmálið vera um það, hvort barnaskóli þurfi hèr endilega að vera; því svo mikið veit eg, að álit embættismanna hèr er þar um mjög misjafnt — (*H. G. Thordersen*: Svo?) —. Já, og eins um það, að hvaða notum skólinn yrði, þó hann kæmist hèr á. Sumir hafa sagt, að heldri mennirnir mundu ekki vilja láta börnin sín vera í samblendi með tómthúsmannabörnunum, ekki stúlkubörn með piltbörnum, og þá held eg þyrfti að ætla sitt herbergið handa hverjum flokki barnanna, og má ske eins marga kennara, svo ekki lètti það kostnaðinn með húsbyggínguna. Hvað nú tollum þeim viðvíkur, sem talað hefur verið um, þá held eg þeir verði bæði óvinsælir og vandheimtir, og ervitt að sjá um það, að eingir sleppi undan þeim, sem þá eiga að gjalda, og að einn verði ekki harðara úti en annar eptir rèttum jöfnuði. Það brotaminnsta held eg væri, að hafa sömu aðferð hèr, eins og annarstaðar við geingst, að fátækrasjóðurinn borgaði kennslu þeirra barna, sem foreldrarnir gætu ekki kostað sjálfir, en að bæjarmenn að öðru leyti í sameiníngu hèldu skóla sínum við. Hvað viðvíkur breytíngaratkvæði hins annars konúngkjörna þíngmanns, þá get eg ekki verið því meðmæltur; því þó hann ætlist til, að nokkur fátæk utanbæjar-börn úr Kjalarnesþíngi fái ókeypis kennslu og uppeldi í skólanum, þá er eg hræddur um, að það yrði lítill barnanna hluti, þegar ætti að fara að meta allt meðlag þeirra eptir mælikvarða Reykjavíkur, svo að það, sem væri nóg handa tveimur börnum annarstaðar, gæti eg vel ímyndað mèr að naumast dygði handa einu hèr, og mundi þá mestur fjöldi fátæku utanbæjar-barnanna úr Kjalarnesþíngi verða að vera án skólakennslunnar hèrna. Menn hafa talað um, að hèr væri dýrt að lifa, og mun það satt vera; en ef það er fyrir fullorðna, þá mun það vera líkt fyrir börnin; svo er óvíst, hvað margir yrðu til, að senda börn sín hingað í þennan skóla, einkum ef þau ættu að alast hèr upp eingaungu handa Reykjavík, og skírskota eg meðal annars

til þess, sem hinn háttvirti varaforseti hefur þar um sagt. Það hefur verið talað um, að áætlun nefndarinnar um kostnað til skólans mundi verða of lág; hún hafði gjört, að af 160 börnum, sem væru í Reykjavík, mundu 100 fá kennslu í skólanum. Sumir hafa nú haldið, að þau yrðu fleiri, og ef svo bættust við nokkur utanbæjar-börn, þá held eg færi að verða þar þraungbýlt, og þyrfti þá líklega að stækka skólahúsið að nýju, svo ekki minkaði það kostnaðinn. Eg hafði tvívegis tekið það fram við undirbúningsumræðu þessa máls, að Reykjavík hefði feingið úr *Thorchillii* sjóðnum 2700 dali, og spurði eg þá eptir, hvort nefndin ætlaðist til, að þeir yrðu gefnir Reykjavík; en framsögumaður vildi þá ekki eða gat ekki neinu svarað til þessa. Nú hefur hann sagt, að kanselíið hafi úrskurðað Reykjavík þessa peninga; en hann vantaði, að skýra frá því, hvort þeir hefðu átt að vera gefnir eða lánaðir, svo eg er eingu nær en áður fyrir þetta svar hans; að hann vildi vísa mèr til kanselíisins, sem nú er ekki leingur til, til að fá betri upplýsingu um þetta, eða leiðréttingu á því, var líkt, eins og að vísa manni í þrotabú, til að heimta skuld sína, þar sem ekkert var að hafa. Þetta er mjög áþekkt því, þegar mönnum var hèrna fyrir skemmstu vísað til prentsmiðjureikninganna, sem væru utanlands, og má af þessu sjá, að það er þó talsverð samhljóðun í innlendu stjórninni hèr á landi. Eg get reyndar ímyndað mèr, að yfirvöldunum hèrna hafi verið hægt um hönd með, að sníkja út hið áminnsta kanselíbrèf, til að helga með því meðferð þeirra á *Thorchillii* sjóðnum; en eg verð fastlega að vera á þeirri meiningu, að kanselíið hafi aldrei ætlazt til, að þessir 2700 dalir skyldu álítast sem gjöf til Reykjavíkur frá öðrum innbúum í Kjalarnesþíngi, og mèr er næst að halda, að kanselíið hefði heldur ekkert átt með, upp á sitt eindæmi, að fara þannig með *Thorchillii* sjóðinn. Eg þarf og því síður að vera í vafa um þetta, sem það er berlega játað í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, að þessi meðferð sjóðsins hafi verið raung, og að henni hafi þess vegna verið hætt, hvað þó mest mun hafa verið að þakka stiptamtmanni *Rósenörn*, svo eg í rauninni leitaði lángt yfir skammt, þegar eg vildi fá hjá framsögumanni nefndarinnar upplýsingu um þetta. Eg hefði í rauninni ekki haft neitt á móti því, að Reykjavík hefði feingið sinn skerf af hinum áminnsta sjóði, þegar hún hefði verið búin að borga það, sem hún hefur tekið úr honum fyrir fram; en á meðan hún stend-

ur í skuld um það, verð eg að ætla hún eigi ekkert að fá úr honum, sízt á meðan það verður ekki sannað, að þetta hafi fremur verið gjöf en lán — *(Framsögumaður*: Gjöf) —. Því verð eg öldúngis að mótmæla, og ber eg þar fyrir mig orð sjálfrar stjórnarinnar, sem eg áður hef tekið fram, og þarf því ekki aptur að ítreka.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Eg skal nú ekki tefja leingi fyrir þínginu með mínum umræðum um þetta mál. Eg hef ekki hingað til gjört það. Eg verð samt að minnast þess, að eg þykist sjá, að mönnum hafi þótt, og þyki hèr enn, nauðsynlegur barnaskóli í Reykjavík, og að hèr hefur verið barnaskóli frá 1830 til 1848, en þá einúngis fyrir 20 börn, sem þá líklega hefur þótt í fyrstu nægja. Nú sýnist, að hèr beri enn meiri nauðsyn til barnaskólans, þar hèr skuli nú vera um 160 börn á kennsluskeiði. Eg sè líka, að barnaskólanefndinni hefur þótt hèr mikil nauðsyn á þessari stiptun, því hún hefur borið sig upp fyrir alþíngi árið 1847, en það hefur vísað henni til stiptsyfirvaldanna, en þau hafa leitað með mál þetta til kirkju- og kennslumála-stjórnardeildarinnar; líka hafa þángað sent þeir 3 æðstu höfðíngjar hèr úr staðnum, nefnilega land- og bæjar-fógetinn, háyfirdómarinn og dömkirkjupresturinn, beiðni um, annaðhvort lagaboð, eður þá frumvarp til alþíngis, svo mál þetta yrði nú útkljáð á þessu sumri. Stjórnin hefur nú líka orðið við þessari beiðni, og sent hingað frumvarpið; eg hugsaði því strax, þá eg sá það, að þessu málefni mundi verða tekið hèr af höfðíngjum og staðarbúum með miklum fögnuði, og svo þótti mèr nefndarkosníngin falla svo æskilega, að í hana völdust 4 þeir málinu viðkomnustu og kunnugustu höfðíngjar, sem líka höfðu beðið um stiptun þessa; en þá eg las nú aptur nefndarálitið, þá þótti mèr undarlega hafa skipzt veður í lopti, þar nú þykir allur ómögulegleiki á þessum hlut, og beðið er um, að máli þessu verði slegið á frest, og eg veit ekki, hvað leingi sá frestur á að standa; kann ske það verði eilífur frestur, og er það merkilegt, að láta svo áríðandi mál farast fyrir svoleiðis. Eg get nú ekki ímyndað mèr Reykjavíkurbúa svo auma, að þeir gætu ekki komið upp þessum skóla, ef þeir vildu vel, og mèr þykir nú ekki sjá hèr á sú góða sveitarstjórn, sem verið var að hrósa í gær í álitsskjalinu til konúngs, ef hún skal hafa látið safnast hèr saman þennan sæg af lausamönnum eða tómthúsmönnum, sem eg tel það sama, sem skuli vera svo aumir, að

þeir hafi eingin sköpuð ráð til, að uppfræða kristilega börn sín, og verði því að ala þau upp til þjónustu öðrum en guði — (Hlátur) —. Það má þó hver sveitarstjórn gæta að því, að þeim er ekki hleypandi í hjúskap eða hússtjórn, sem ekki hafa atvinnuveg, til að sorga fyrir sèr og sínum, eða ekki geta kennt börnum sínum nokkurn góðan guðstitil; en eg get ekki trúað menn hèr sèu svo illa staddir, að þeir geti ekki borgað í kennslulaun með barni sínu t. a. m. 4 eða 6 rbdd. á vetri. Til að koma upp skólahúsinu í fyrstu, þyrfti að hafa hèr góð samtök og samskot. Eg veit til þess í sveitum, að það er stundum brúkað svo, að leitað er eptir fríviljugum gjöfum eða samskotum, þá menn vilja styðja að einhverjum þjóðlegum eða sómalegum fyrirtækjum eða stiptunum, eða hafa viljað ná einhverjum þarflegum hlut eður plázi til gagns fyrir eptirkomendurna, og hafa fyrir utan húsfeður gefið til þess bæði vinnumenn og bændasynir, já, jafnvel bændadætur, sem hafa verið í góðu standi — (Hlátur) —. Mèr þykir nú, að nefndinni, sem mátti vera mál þetta svo mjög umhugað, og haft hefur svo góðan tíma, allan þingtímann, heila mánuðinn út, hafi gefizt gott færi á, að leita slíkra samskota, þar hèr er hægt, á lítilli stundu að kalla saman alla bæjarbúa, þar ekki er meira ómakið, en að ganga í næstu hús. Eg veit, að fólk hèr hefði orðið fúst á, að skjóta saman fè, til að koma hèr upp barnaskólanum, svo afar-áríðandi stiptun, sem hann væri hèr, og eg veit menn hefðu getað það; því hèr eru margir launaríkir höfðingjar og kraptmenn, sem þá mundu hafa látið til sín taka, ekki síður en þá þeir skutu saman 6000 rbdd., til að koma upp gildaskálanum, sem eg veit nú ekki hvað mikinn vísdóm af sèr gefur. Af því eg er nú sannfærður um, að barnaskóli sè hèr nauðsynlegur, þá vil eg ekki láta áformið niður falla, og er mèr næst geði, að gefa atkvæði mitt fyrir fyrstu grein frumvarpsins, „að í Reykjavík skuli barnaskóla stofna“; því það er ekki heldur sagt, hvað fljótt það skuli vera, svo eg vona, að bæjarstjórnin hèr fái slagrúm, að finna nógan gjaldstofn innan Reykjavíkur takmarka, til að koma honum upp; því það er hèr víst mögulegt, ef lag er við haft.

J. Guðmundsson: Eg get ekki neitað því, að það fór að fara um mig, þegar eg sá alla þá trossu af breytíngaratkvæðum, sem fram er komin í máli þessu. En mest furðaði eg mig á því, þegar eg sá það, sem stendur á milli sviga í 3 *b*, og sá þar, að nefndin var búin að kíngja þeim únga sínum, sem um dag-

inn kostaði þingið nærri því 5 stunda kostnaðarsama umræðu. Eg verð að vísu feginn því, að þetta vanskapaða fóstur nefndarinnar er horfið, en eg held, að 4 *a, b, c* stefni í sömu átt og nefndarinnar apturtekna uppástúnga, og ætti að verða henni samferða.

Mig furðar og mikið á uppástúngunni undir tölulið 1 á atkvæðaskránni, af því eg man ekki til, að hún sè grundvölluð á neinu í undirbúningsumræðu málsins. Eg sè þar að auki ekki, hvað vinnst við það, og skil ekki meininguna í þessari uppástúngu. Á stjórnin að búa til áætlun um tekjur skólans af gjaldstofnum Reykjavíkur? Eg held, að það mál sè sveitamál, og heyri beinlínis undir bæjarstjórn Reykjavíkur. Og eins og hinn heiðraði framsögumaður sagði áðan, og hafði þar rètt að mæla, að alþingi ætti ekki með, að ræða þetta sveitamál, eins held eg, að stjórninni komi það heldur ekki við. Þetta var nú að vísu gagnstætt því, sem hann hèlt fram í nefndarálitinu og í undirbúningsumræðunni, um brennivínstollinn yfir allt land; þá vildi hann álíta alþingi leyfilegt, að ræða hann af því, eptir því sem hann sagði, að hann væri *„sveitaskattamál“* — (*V. Finsen*: en það var almennt mál yfir allt land) —; ja vel; en eg skil þó ekki, að þingið eigi með, fremur að ræða almenn sveitaskattamál, en einstakrar sveitar. Eg held því, að rèttara sè, að fella málið með öllu, en greiða atkvæði um þessa 1. uppástúngu. Það væri bæði grátlegt og hlægilegt, ef þessu máli væri nú í annað sinn frestað af *þingi þessu,* úr því nú er búið að eyða til þess svo miklum tíma og ómaki, og svo mikið er víst, að hinum heiðraða framsögumanni hefur í þessu máli gefizt kostur á, að æfa sig. En hvað geta menn áunnið með því, ef þingið fellst nú á 1. uppástúnguna á atkvæðaskránni, og frestar máli þessu enn að nýju? — annað eins frumvarp og þetta, viðlíka nefndarálit og þetta er, með viðlíka frágángi og undirbúningi, og áþekka kostnaðarsamar umræður á ný, sem ekkert vinnst við, og svo frestun málsins enn eitt sinn; eg sè ekki fram á, að annað geti áunnizt.

Eg held því, að það sè veruleg skylda alþingis, að reyna, að koma málinu í eitthvert annað horf, en hin heiðraða nefnd hefur stefnt því að. En af þeirri nefnd, sem hefur leiðzt í jafnmarga króka, sem þessi hefur villzt í, gat eg reyndar aldrei búizt við, að aðhylltist breytingaratkvæði mín; þau fóru í of hreina og beina stefnu til þess. Eg get ómögulega ætlað, að

alþingi megi ekki biðja stjórnina, að hjálpa Reykjavík til, að koma upp hjá sèr barnaskóla, svona í bráð, og það sýnist mèr einmitt muni verða auðunnið eptir mínum uppástúngum. Eg held og, að undir eins og stjórnin gjörði það, þá mundi hún herða á Reykjavík sjálfri, til að laga gjaldstofna sjálfrar sín, og fjölga þeim svo, að styrkur stjórnarinnar gæti smámsaman horfið; því eg efast ekki um það, að Reykjavík kunni með tímanum að geta borið sjálf skóla sinn, og því fer eg í minni uppástúngu fram á lán til þess, að stofna hann, en ekki gjöf. Hvað það snertir, sem framsögumaður talaði um breytíngaratkvæði mitt, þá finnst mèr það ekki standa á miklu, þó borgunarfresturinn sè ekki til tekinn, og ekki virðist mèr það vera neitt illt í því, eða fjarstætt uppástúngum sjálfrar nefndarinnar, þó eg fari fram á, að fá lánið gegn $3\frac{1}{2}$ *proc.* vöxtum, eða t. d. $5\frac{1}{2}$ *proc.*, að meðtöldum 2 *proc.* afdrætti eða kvittun skuldarinnar árlega, þar sem nefndin stakk upp á 6 *proc.* í þessu skyni.

Úr því búið er að fella eða samþykkja 1. uppástúnguna, þá sè eg ekki, að neinum hinum breytíngaratkvæðunum, sem hvorki eiga að styðjast við frumvarpið nè nefndarálitið, verði greidd atkvæði, t. a. m. 5 *a*. Eg held og, að það sè allmikil ofdirfð, að bera upp fyrir þíngið þetta breytíngaratkvæði, þegar það er nýbúið að samþykkja og rita konúngi bænarskrá um aðra gagnstæða tilhögun á nokkru af vöxtum *Thorchillii* sjóðsins, síðan fara fram á, að verja honum til annars, rètt á eptir, og eg held jafnvel þetta sè ólöglegt eptir 63. gr. alþíngistilskipunarinnar; eg skora á hinn háttvirta forseta, að láta í ljósi álit sitt um það — (*Forseti*: Mèr finnst þó 63. greinin einkum tala um nýjar uppástúngur, og þó mèr þyki þessi uppástúnga, 5 *a*, nokkuð undarleg, af því að hún fer því fram, að þíngið yrði að biðja um tvennt, hvað móti öðru, ef uppástúngan feingi framgáng, þá held eg þó ekki hún heyri undir þessa grein) —. Jú, því þetta er einmitt ný uppástúnga, sem vill breyta nýgjörðri ályktun þíngsins.

Sè ekki nein skólanauðúng við tekin, þá held eg, að styrkur stjórnarinnar til barnaskólans muni miklu síður fást; en auðráðið er, að það mætti orða þessa uppástúngu, víst í álitsskjalinu til konúngs, samkvæmt því, sem í nefndarálitinu er tekið fram.

Þ. Jónassen: Það hafa nú þegar margir rætt þetta mál,

og sumir af þingmönnum hafa í ræðum sínum hallað á nefndina fyrir meðferð hennar á málinu, og borið henni á brýn, að hún hafi kippt fótunum undan stjórnarfrumvarpinu. Eg álít þetta sagt ófyrirsynju, og að nefndin eingan veginn eigi þennan vitnisburð skilið, en að uppástúnga hennar undir nr. 1, sem hnígur að því, að fresta málinu að svo stöddu, þángað til búið sè að útvega skólanum þær tekjur, sem samsvari þörfum hans, sè það einasta úrræði, eins og málinu enn er komið. Þess ber að gæta, að nefndin tók við málinu, eins og frumvarpið ber með sèr, án þess að vísað væri á aðrar tekjur handa skólanum, en þær, sem gjört er ráð fyrir að komi inn fyrir kennsluna og í skólaskatt af bænum; en þegar nefndin fór að íhuga málið, komst hún fljótt að raun um, að þessar tekjur voru ónógar; hún þurfti því að fara að hugsa um, hvaðan það gæti feingizt, sem vantaði, og þá stakk hún meðal annars upp á brennivínsskattinum, sem varð fyrir miklum mótgángi, og sem nefndin nú er búin að falla frá aptur, vegna vandkvæða þeirra, sem á honum eru. Nefndin gjörir nú ráð fyrir, að þar eð mál þetta er svo umvarðandi fyrir bæinn, muni bæjarstjórnin fara að hugsa um málið, og reyna til, að finna einhverja nýja gjaldstofna, sem skólanum verði komið upp fyrir og haldið við af eptirleiðis. Það er í augum uppi, að þetta getur ekki komizt í kríng allt í einu eða í þetta skipti; það er meiri vandi en svo, að koma þessu vel fyrir, og það má ekki hrapa að því, en vonandi, að það heppnist, þegar menn hafa tímann fyrir sèr. Það getur líka vel verið, að menn við ýtarlegri yfirvegun málsins komist til þeirrar niðurstöðu, að það megi koma skólanum fyrir í minna broti, en nefndin hefur stúngið upp á, að það megi ætla kennurunum við skólann minni laun, en upp á er stúngið, o. a. þvíl.; enda ætla eg það í sjálfu sèr hollt, að skólans kennendur ekki verði gamlir og gráhærðir í þessari stöðu sinni, sem er svo þreytandi, og því vel tilfallið, að þeir yngist upp á vissum árafresti. Framsögumaður hefur öldúngis rètt í því, að það er sveitarmál (*Communal-Anliggende*), að koma hèr upp barnaskóla; það er bærinn, sem hlýtur að standa kostnaðinn af skólanum, eða að öðrum kosti verður bærinn að vera án slíkrar stofnunar. Þegar því spursmál er um, að taka toll af mó, skipsuppsátri og hestum hèr í bænum, virðist það liggja beint við, að það sè bæjarstjórnin, sem hlut á að máli, og undir hverja það heyri, að ákveða og koma sèr niður á slíkum tekjustofnum.

Það er hægt fyrir hinn heiðraða þingmann úr Mýrasýslu, að gefa, eins og hann segist ætla að gjöra, atkvæði sitt fyrir því, að skóli verði nú þegar stofnaður handa börnum í Reykjavík; þetta er, segi eg, hægðarleikur fyrir hann, þegar hann ekkert þarf að greiða til skólans; en hitt er vandinn meiri, að segja, hvaðan tekjurnar handa skólanum verði teknar; en þessu hefur hann hleypt fram af sèr. Að bærinn fái, eins og stúngið hefur verið upp á, 170 rbdd. af rentum *Thorchillii* sjóðsins, er að vísu í eðli sínu, þar sem Reykjavík er partur úr því gamla Kjalarnesþíngi, sem njóta á þessarar gjafar; en mèr þykir það miður ráðið, að deila tekjunum af þessum sjóð svona í sundur, og því felli eg mig betur við uppástúngu hins annars konúngkjörna þíngmanns, að verja öllum sjóðnum til skóla í Reykjavík, ef eg ekki óttaðist fyrir því, að Kjalarnesþíng yrði þá út undan, og þannig fyrir halla. Því hefur líka verið hreift, að Kjalarnesþíngs innbúar mundu verða tregir á því, að senda börn í skóla í Reykjavík, og mèr þykir það fara nærri líkindum, að svo sè; eg get því ekki verið því meðmæltur, að sjóðnum sè varið á þennan hátt, þó eg vilji honum sè varið á einum stað, og deilt sem minnst má verða. Eg ætla ekki að fara um mál þetta fleirum orðum, en ítreka það aptur, að eg er samþykkur nefndarinnar uppástúngu, að fresta málinu, og er sannfærður um, að það hefur gott af biðinni.

P. Sigurðsson: Það var hvorttveggja, að breytíngaratkvæði mitt höndlaði um þau fínari gladværðarefni, enda bar ekki á því, að hinn háttvirti framsögumaður veitti því neina ónotasemi, heldur strauk því ofur-fínlega. Eg get annars aumkazt yfir Reykjavík, hvað bamburslega henni tekst, að bögla sèr upp barnaskóla. Það eru nú liðin 23 ár, síðan hèr var byrjað með barnaskóla, og síðan hefur hann ýmist verið að brölta á knèn, eða að sofna út af aptur. Það er furða, að þessum höfuðstað vorum skuli ekki gánga neitt í þessu, sem er þó sá eini staður vor, sem nafnfrægur er orðinn innan lands og utan fyrir það, að hann þeinki og álykti, og hvar saman eru safnaðir flestir þeir æðstu embættismenn og aðrir gæðíngar, og fjöldi húsmanna. Þetta er því tilfinnanlegra, sem hann aumi Eyrarbakki er kominn það á undan, að vera þó búinn að koma upp hjá sèr barnaskóla, að mestu af eigin rammleik, og það undir einvaldshreppstjórninni gömlu; en hèr er sett velskipuð sveitastjórnar-nefnd upp á nýja móðinn, hverrar

æskilegu ráðstöfunarverkanir eru að líkindum farnar að sýna sig. Hinum háttvirta framsögumanni þykir tvísýnt, hvort stjórnin yrði fús til, að kosta þennan skóla. Eg held það nú líka, að hún verði ekki fús til þess; því það gæti eins hver hreppur á öllu Íslandi farið að biðja stjórnina, að leggja sèr fè, til að koma upp barnaskóla, því þeir sæju eingin ráð til, að mennta úngdóm sinn, eða láta kenna honum sín kristileg fræði, og þá mundi stjórninni þykja þessir beiníngapokar ærið margir, og senda einhvern lètthlaðinn til baka. Eg held, að nefndin og aðrir Reykjavíkur-innbúar megi kunna þeim mönnum þakkir, sem leitazt hafa við, að vísa á einhver þau byggíngarefni hèr í bænum, er reynandi væri að nota, fyrst þeir geta ekki vísað á neitt sjálfir. Eg held það sè ráðið snjallast, að slá þessu máli á frest, og því að eins ætti að leggja þetta mál fyrir þíngið 1855, að þá væru næg efni fyrir höndum, til að koma skóla þessum á stofn, en annars ekki; því ef þíngið fyndi ástæðu, að fresta því aptur, vegna þess efnin vöntuðu, þá væri sá tími, sem misstist, til að ræða það á þíngi, bæði nú og þá, tilfinnanlegt útgjald fyrir landsbúa að óþörfu. Eg vil því mega leyfa mèr, að stínga upp á við hinn háttvirta forseta, hvort ekki mætti ártalið „1855“ falla úr, eða að leitað sè atkvæða um grein þessa í tvennu lagi, og endi fyrri klausan með þessum orðum: „*sem samsvari þörfum skólans*“. Hinn virðulegi fulltrúi Skaptfellínga fer ekki einasta fram á, að stjórnin kosti byggíngu skólans, heldur líka undir 2 *b*, að greitt sè úr opinberum sjóði það fè, sem til þess þarf, að halda skólanum við lýði að kennslu og öðru; svo eptir því ættu Reykjavíkur-búar einir að fá mestmegnis uppfræðslu barna sinna á kostnað stjórnarinnar eða landsins, þar sem allir aðrir mega uppfræða þau á sinn eigin kostnað. Hinn háttvirti framsögumaður gat þess, að styrkur sá, sem Reykjavík hefði áður notið af *Thorchillii* sjóðnum, mundi kanselíið hafa gefið þessum barnaskóla. Eg held, að kanselíið sáluga hafi eingan rètt haft til þess, hafi það annars gjört það, og svo hefur hann hèr á þíngi þótt rèttarhár, þegar ekki þótti tækt, að brúka neitt af vexti hans samkvæmt beiðni sjálfra eigandanna. Að foreldrum verði nauðgað, að láta börn sín í skólann, ef þeir ekki geta veitt þeim jafna uppfræðíngu, held eg yrði mjög illa þokkað; því geti foreldrarnir sjálfir veitt þeim sæmilega menntun, þá verða þeir víst ófúsir, að láta nauðga sèr til, að láta börn sín í skólann.

Framsögumaður: Það hafa verið frá ýmsum hliðum felldir mjög ýmsir dómar á nefndina, en eg held það sè með öllu óverðskuldað. Eg vil biðja þingmenn að hugleiða, hvernig frumvarp þetta var lagt fyrir þingið; það var lagt fyrir, án þess að nein áætlun væri lögð fram um kostnaðinn við barnaskólann; eg kenni ekki stjórninni um þetta, sem ekki var að búast við að gæti búið til slíka áætlun; en það hefur aldrei frá neinum hlutaðeigendum verið búin til eða send stjórnarráðinu nein áætlun. Eg vil nú skjóta því til álits manna, hvort það var ekki beinlínis skylda nefndarinnar, undir þessum kringumstæðum, að gjöra sèr skýrt, hvaða skylda það var, sem ætti að leggja á hlutaðeigandi bæjarbúa. Nefndin bjó þess vegna til áætlun, og yfirvegaði, hvað mikið Reykvíkingar væru færir um að greiða, og hún kom til þeirrar niðurstöðu, að þeir væru ekki færir um, eptir því sem nú stendur á, að kosta skólann sjálfir; skólaskatturinn hefði átt að verða 9—1000 rbdd. á ári, en bæjarstjórnin hafði gjört ráð fyrir, að í beztu árum gæti bærinn borgað að eins 600 rbdd. í þessu tilliti hefur enginn mótmælt nefndinni; jafnvel þingmaður Skaptfellinga, sem fann svo mikið að aðgjörðum nefndarinnar, hann er þó í raun og veru eingan veginn svo ósamdóma nefndinni, sem hann lætur; hann álítur Reykvíkinga ófæra til, að kosta skólann, allt eins og nefndin, en hann velur að eins annan veg, til að komast úr vandræðunum. Menn eru þannig samdóma um, að Reykvíkingar sem stendur sèu ekki færir um, að kosta skóla sinn, og frá þessari skoðun gekk nefndin út, og þá áleit hún, að það ætti ekki að leggja þá byrði á bæjarmenn, sem þeir væru ekki færir um að bera. Eg álít það sè mjög hægt, að stínga upp á að lögleiða, og nefndin hefði getað gjört sèr miklu hægra fyrir með því; en það er meiri vandi, að vera nógu varkár og gætinn. Og eg sè ekki heldur, að það megi með nokkrum rètti segja, eins og nokkrir hafa gjört, að nefndin vilji fresta máli þessu um alla eilífð; þetta eru þó ekki nema 2 ár, og eg ímynda mèr þau 2 ár geti orðið til mikils góðs; þessi frestur getur styrkt til þess, að skýra þetta mál og koma betra skipulagi á þá tekjustofna, sem Reykjavík á sjálf kost á, og þegar málið svo að 2 árum liðnum kemur til okkar aptur, þá þurfum við ekki að vaða í svoddan reyk í máli þessu, eins og nú. Eg verð reyndar að taka þátt, og það með alvöru, í þeirri miklu sorg, sem hinn háttvirti varaforseti lèt í ljósi yfir því, að máli

þessu þannig væri slegið á frest; já, það er vissulega mjög illt; því barnauppfræðingunni er mjög ábótavant í Reykjavik, og það er öldúngis nauðsynlegt, að skóli komist þar á sem allra-fyrst; en eg álít það ekkert spursmál, að betra er, að bíða, og fá þá skóla, sem getur staðizt, en fá hann nú þegar, og láta hann svo, ef til vill, líða innan skamms undir lok. Eg held þingið eigi ekki að samþykkja slíkt frumvarp, fyr en það liggur fyrir, hvernig skólinn geti staðizt; annars kann það að verða þýðingarlaust, að frumvarpið komi út.

Nefndin hafði reyndar komið með uppástúngu, til að bæta úr þörf skólans, nefnilega brennivínstollinn, en hún áleit það réttast, að taka aptur þessa uppástúngu, af því svo margir mæltu á móti þessum tolli, og af því menn hèldu, að uppástúngan þar um mundi spilla fyrir frumvarpinu. En ef þingið fellst á 1. uppástúnguna, þá hefur stjórnin tækifæri til, að yfirvega bæði þennan og aðra tolla, og getur valið á milli þeirra. Það hefur verið talað mikið um þá ágætu sveitastjórn í Reykjavík, en eg veit ekki, hvort það er háð eða hrós, og get því ekki svarað því. Að því leyti þess var til getið, að tómthúsmenn gætu með atkvæðafjölda ákveðið, hvaða álögur skyldi leggja á þá eða ekki, þá vil eg að eins minna á, að í bæjarfulltrúanefndinni eru 6 menn; þar af 1 tómthúsmaður og 5 borgarar, svo ekki er hætt við, að sá eini tómthúsmaður ráði öllu. Einn þingmaður vildi láta borga skólakennslu úr fátækra-sjóðnum fyrir fátæku börnin; en það er aðgætandi, að fátækra-sjóðurinn fær tekjur sínar að mestu leyti af bæjargjöldum, svo bæjarsjóðurinn sleppur ekki betur fyrir það.

J. P. Havstein: Eg held, að hinn ágæti þingmaður Skaptfellinga hafi lesið 63. greinina í alþingistilskipuninni, eins og sagt er að skollinn lesi biflíuna. Þar sem hann vill byggja á þessari grein, að breytíngaratkvæði mitt sè ólöglegt.

Eg veit ekki til, að hèr hafi komið fram nokkur önnur uppástúnga um hagnýtingu *Thorchillii* sjóðsins að öllu leyti, sem felld hafi verið með atkvæðum. Einúngis var ákvarðað hèr um daginn, að biðja skyldi um nokkurn hluta hans til búnaðarskóla, og voru þó að eins 10 atkvæði fyrir því í móti 9; mig minnir sjálfur fulltrúi Skaptfellinga væri ekki á fundi, og mundi hann víst ekki, *maðurinn sá,* hafa gefið atkvæði sitt fyrir því, að taka frá blessuðum börnunum það, sem þau eiga með rèttu, og leggja til búnaðarskóla. Þar að auki gekk ann-

ar þingmaður út úr salnum, áður en að atkvæðagreiðslan fór fram, svo eg held menn geti geingið að því vísu, að stjórnin gefi þessari bæn litinn gaum.

Þessi sami ágæti þingmaður vill skjóta öllum peningavandræðunum til stjórnarinnar, og hyggur hann sjálfsagt, ef hann annars vill, að málefni þetta fái framgáng, að stjórnin taki við þeim fegins hendi, og leysi úr þeim; slíku trausti hjá mèr til stjórnarinnar hef eg ekki að hrósa, og má hann því vera orðinn meiri vinur hennar en eg.

Eg hef áður látið í ljósi, að eg held það sè fullkomlega samkvæmt tilgángi gjafarans og orðatiltækjum gjafabrèfsins, að verja vöxtum sjóðsins, eins og eg hef stúngið upp á. En viðvíkjandi því, að börnin geti ekki lært sveitavinnu, ef þau gánga í skóla í Reykjavík svo lángan tíma ársins, þá held eg hægt sè, að stytta tímann fyrir sveitabörnin, og lofa þeim tímanlega burtu á vorin.

Eg verð að mæla fastlega með þessu breytíngaratkvæði mínu, og það því heldur, sem mèr virðist það vera það einasta, sem komið getur skólanum upp, og stutt stofnun hans.

P. Pètursson: Eg get ekki sèð, að það sè svoddan ágreiníngur milli 1 og 2, eða milli uppástúngu nefndarinnar og breytíngaratkvæðis þíngmannsins úr Skaptafellssýslu, að eg geti ekki gefið hvorutveggja atkvæði mitt. Eg ímynda mèr fèstyrk þann, sem nefndur er í uppástúngu nefndarinnar, og í seinna breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Skaptafellssýslu, sem *lán*, og það vita allir, að stjórnin þráfaldlega lánar fè móti veði til ýmsra þarflegra fyrirtækja, eins og eg sjálfsagt gjöri ráð fyrir, að Reykjavíkurbær borgaði aptur lán þetta með árlegu afdragi auk rentunnar. Þegar eg hugleiði það ætlunarverk, sem nefndinni var feingið, þá get eg ekki kastað þúngum steini á hana fyrir það, hvernig hún hefur leyst það af hendi; hún átti að segja álit sitt um, hvort þíngið ætti að ráða stjórninni til, að stofna hèr barnaskóla, þannig, að kostnaðinum skyldi jafna niður á bæjarmenn, að því leyti fè það hrykki ekki til, sem ákveðið væri til stofnunar og viðurhalds skólans. Þegar nú nefndin komst til þeirrar niðurstöðu, að bæjarmenn væru ekki, eins og nú er ástatt, færir um, að bera þennan kostnað, og að það væri ógjörníngur, að jafna honum niður á bæjarmenn og bæta honum þannig við þau gjöld, sem þeir nú greiða í aðrar þarfir bæjarins, þá sè eg ekki, hvernig hún með góðri

samvizku gat ráðið þinginu til, að leggja það til, að sá þúngi væri lagður á bæinn, sem hún áleit óbærilegan; þau einu úrræði, sem hún hafði, voru því að minni meiningu þau, að biðja um, að því væri frestað, að lögleiða frumvarpið, þángað til nægilegar tekjur væru feingnar skólanum til stofnunar og viðhalds, annaðhvort fyrir tilstyrk stjórnarinnar og lán frá henni, eða með því, að taka hèr upp nýja gjaldstofna. Í breytíngaratkvæðunum hèr á eptir er stúngið upp á ýmsum slíkum gjaldstofnum; en af því bæjarstjórnin ekki hefur enn haft tækifæri til, að láta um þá álit sitt í ljósi, þá hefur nefndin ekki getað tekið þá til greina, eða bent þinginu á þá. Það hefur hèr á þinginu verið tekið dæmi af Reykjavík og öðrum hreppum í landinu, og samanburður verið gjörður milli hvorratveggja, og sagt, að það væri merkilegt, að Reykjavík skyldi ekki af eigin kröptum geta komið eins miklu til leiðar, og hver annar hreppur; en þessi samanburður er ekki byggður á réttum grundvelli; því Reykjavík verður að hafa annan mælikvarða við fyrirtæki sín, en hver annar sveitahreppur; af því hún er bær, verður hún að hafa tillit til þess, hvað bæjarlífið útheimtir; þess vegna getur hún heldur ekki haft smákofa fyrir barnaskóla, heldur verður að ætla fè honum til byggíngar, svo hundruðum eða jafnvel þúsundum dala skiptir; þar að auki er það aðgætandi, að þó hèr sèu miklir peníngar hafðir í verzlun og öðrum viðskiptum manna á milli, þá munu hèr þó verða fáir auðmenn, þegar á botninn er hvolft, og fáir, sem sèu færir um, að bera öllu meiri álögur, en þeir nú hafa. Öðru máli hefði verið að gegna, ef nefndin hefði sèð sèr fært, að hafa áætlun um það, er til skólans þyrfti eptir öðrum mælikvarða; hefði hún einúngis ætlazt til, að börn þurrabúðarmanna og nokkurra annara fátæklínga skyldu gánga í þennan barnaskóla, þá hefði bærinn verið fær um, að standast þann kostnað; því þá hefði skólahúsið mátt vera svo miklu minna, og allur tilkostnaður að því skapi lángtum minni; en það er með berum orðum tekið fram í frumvarpinu, að *öll börn,* sem eiga heima í Reykjavík, eigi að *geta* notið kennslu í þessum skóla. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði mínu við 2 *a,* þá hefur hinn háttvirti forseti tekið það fram, að eg bar það upp sem undirbreytíngaratkvæði við breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Skaptafellssýslu, og því er það svona ótiltekið, og álít eg þarflaust, að skýra þetta betur. Það hefur verið talað hèr um, að af

því mundi rísa kostnaður, ef stjórnin bæri þetta barnaskólafrumvarp fyrir næsta alþingi; en eg get ekki séð, að til þess mundi ganga mikill kostnaður eða tími; því þegar tekjur handa skólanum eru feingnar, og það býst eg við að þá yrði, þá er það ekki lángrar stundar verk fyrir þingið, að ráða til skólastofnunarinnar; því að barnaskóli komist hèr á í Reykjavík, munu flestir álíta þarflegt og gott í sjálfu sèr.

H. G. Thordersen: Eg verð að taka undir með þeim, sem álíta það sorglegt, ef málefni þetta skyldi falla; því eg veit, að okkur öllum nefndarmönnum hefur legið það mjög svo á hjarta, og við höfum velt því fyrir okkur á allar lundir. Það er ekkert komið fyrir, sem eg þarf að svara; því þó mèr væri gefin meiri mælska, en mèr er, þá gæti eg ekki mælt meira með því, en bæði hinn háttvirti framsögumaður og fleiri hafa gjört; enda hefur líka sumt hvað komið fyrir í dag, sem eg þykist áður hafa svarað við undirbúningsumræðuna, og fæ mèr ei geð til nú að taka upp aptur.

Eg vil einúngis leiða athygli þingmanna að því, að bænarskrá verður send um stofnun búnaðarskóla, og ef engin bænarskrá yrði send um barnaskóla, þá held eg stjórninni mundi þykja það undarlegt, og naumast samboðið rèttum hugsunarreglum, þar sem barnaskóli er þó altènd fyrsti vísirinn til allrar menntunar í hverju landi.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem hinn 5. konúngkjörni þingmaður mælti, skal eg nú þegar geta þess, að eg fæ þó ekki betur séð, en að 2. atriði *a* og *b* sè fallið, ef uppástúnga nefndarinnar undir 1. tölulið fær samþykki þingsins; eg læt þetta í ljósi nú þegar, til þess að þingmönnum gefist færi á, að segja um það álit sitt, ef þeir væru mèr ekki samdóma í þessu.

E. Kúld: Eg skal nú ekki leingja þingræðurnar, þó ýmsir þingmenn hafi vakizt upp, til að lesa harmagrát yfir nefndinni, eður því, hversu hún hafi leyst af hendi starfa sinn, og ekki heldur kveða lofkvæði á móti þeim. Það voru einkum þingmennirnir frá Borgarfjarðar- og Skaptafells-sýslu, sem voru að hnjáta að nefndinni, og lèt þá þingmaður Mýrasýslu ekki standa á sèr fremur venju, að rekja spor þeirra, eða tolla í tízkunni. Eg skal nú ekki teíja mig á, að svara þessari ræðu þingmannsins, sem núna að minnsta kosti mátti eptir hans lagi heita stutt; því eg fann, sannast að segja, mjög fátt svaravert í ræðunni, hversu sem hann hefur ætlað að prýða hana með hinu mjög

svo óheppilega og ófima dæmi, sem hann tók af bændadætrunum *í standi*, eptir því sem hann kallaði þær — (Hlátur) —.

Þingið þurfti heldur ekki að fara vestur í Mýrasýslu, til að fá fulltrúa hennar til þess, að lýsa bændadætrunum þar; því þess háttar kom þinginu ekki við, eða fá hann til, að ráða sèr til, að stofna barnaskóla samkvæmt hinu opt nefnda frumvarpi stjórnarinnar, eins stutt og fáort og það var; því til þess þarf ekki stóran mann eða sterkan, að segja: „Það skal stofna barnaskóla hèr í Reykjavík", en gefa eingin ráð til, hvernig eða með hvaða meðölum það verði mögulegt.

Viðvíkjandi breytingaratkvæðunum, þá held eg, að, ef uppástúnga nefndarinnar undir tölulið 1 á atkvæðaskránni verður samþykkt, þá sèu þau flestöll að nokkru leyti óþörf, og skal eg því ekki fara um þau mörgum orðum.

Þingmaður Skaptfellínga og fleiri hafa sagt, að það væri ófært, að biðja um frumvarp aptur, og álít eg það vera, eins og ef þeir hefðu sagt, að málið væri svo úr garði gjört núna, að það þurfi ekki frekari umræðu við; en það skal þó vanda, sem leingi skal standa, og þó stofnunin frestaðist núna fram yfir árið 1855, vil eg heldur kjósa það, ef hún kæmist þá vel á fót, en ef núna væri hrapað að því, að stofna skólann, og úr honum yrði svo má ske ekki nema eitthvert kák.

Eg held, að breytingaratkvæðunum um skatt og álögur verði það öllum til fyrirstöðu, þar þær álögur ættu heldur að leggjast til fátækra-sjóðsins hèr, en til barnaskólans, og það hefði eg má ske kunnað betur við, að svo hefði verið gjört; því Reykjavík þarf má ske á því að halda til margs annars, einkum þegar frjálsa verzlunin kemst á. Viðvíkjandi tollinum, sem hinn heiðraði varaforseti vill leggja á brennivínið, þá er eg á sömu skoðun enn um það, og eg gat um við undirbúningsumræðu þessa máls, að mèr virðist honum núna mjög svo mislagðar hendur, þar sem hann vill láta Reykvíkínga gjalda toll af hverju staupinu, en gefa Borgfirðingum og öllum öðrum einkaleyfi til, að drekka sig fulla hèrna í bænum, og það af því brennivíni, sem Reykvíkingar þó eiga, og hafa hingað flutt.

Á breytingaratkvæði þingmanns Rángvellínga er talsverður galli; því eptir því, sem það er orðað, mætti má ske skilja það svo, að hann hafi haldið, að *öl* væri brúkað til sakramentisútdeilíngar í kirkjum í staðinn fyrir vín, og skil eg ekki, hvernig

þingið ætti að fallast á svona hneixlanlegt dæmi, og þetta gæti álitizt.

Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður hèlt, að þeir 170 rbdd., sem nefndin fór fram á að Reykjavíkur-barnaskóli feingi úr *Thorchillii* sjóðnum, hlypi í bága við það, sem þingið fèllst á í búnaðarskólamálinu, skal eg leyfa mèr, að geta þess, að þá var einúngis farið fram á, að fá styrk úr þessum sjóði handa fátækum úngmennum í þeim skóla úr Kjalarnesþingi, að undanskildri Reykjavík, svo þetta hvorttveggja getur vel samrýmzt.

Hinn 2. konúngkjörni þingmaður hèlt, að þó *Thorchillii* sjóðurinn væri allur tekinn til barnaskólans, þá mundi það ekki koma í bága við ákvörðun þingsins þar að lútandi um búnaðarskólann, og taldi hann breytíngaratkvæði sínu til gildis, að þegar atkvæði hefðu verið greidd í búnaðarskólamálinu, hefði 1 þingmaður ekki verið á fundi, og annar geingið út á undan atkvæðagreiðslunni. Eg held nú, að einginn geti rèttlætt sig með því, að hann hafi ei verið við atkvæðagreiðsluna, eður álitið þá ályktun þingsins miður lögmæta fyrir það, þó einn eða tveir þingmenn hafi skotið sèr undan atkvæðagreiðslu, með því að gánga út, á meðan á henni stóð; en hvað sem því líður, þá skal eg geta þess við þennan heiðraða þingmann, að hann verður að muna það, að þingið samþykkti, að senda konúngi bænarskrána um búnaðarskólann, og í henni var skýrlega tekið fram, „að fátækum úngmennum úr Kjalarnesþingi, að undanskildri Reykjavík, yrði veittur styrkur úr *Thorchillii* sjóðnum“. Eg skil nú ekki, hvernig þingið getur, sèr vanvirðulaust, eins og etið þetta fyrra ofan í sig, með því núna að biðja um, að honum sè öllum varið til barnaskóla í Reykjavík, og þessa vona eg allir þingmenn gæti nú, þegar atkvæði skal greiða um þetta breytíngaratkvæði.

J. Kristjánsson: Mèr sluppu þau orð af vörum við undirbúníngsumræðuna í máli þessu, að nefndin hefði komizt í ráðþrot, og talaði eg þau orð meir af viðkvæmri vorkunn, en að eg vildi fá henni þetta til brigzlis. Síðan það skipti sýnist mèr málefninu hafi í eingu tilliti verið bjargað við; eins og það var komið þá í óvænt efni, þannig er það enn. Eg segi fyrir mitt leyti, eg kemst öldúngis að sömu niðurstöðu og nefndin, og get ekki gefið atkvæði mitt rètt út í bláinn fyrir því, að barnaskólann skuli stofna hèr í Reykjavík, meðan eg sè

ekkert fè vera til, til stofnunar og viðhalds þvílíkri stiptun. Að vísu er því farið á flot í atkvæðum og breytíngaratkvæðum, að biðja stjórnina um fjárstyrk, og eg játa það, að eg hef hèr áður á þínginu látið í ljósi óbifanlegt traust mitt á stjórninni um mikinn fjárstyrk til eflíngar velmeguninni í öllu landinu, eða til að stofna búnaðarskóla, en hèr finnst mèr allt öðru máli skipta. Barnaskóli í Reykjavik er svo einstök stiptun, eða fyrir einúngis einstaka menn; þess vegna get eg ekki ætlazt til styrks af stjórninni í tilliti til hans.

Enn fremur benda nokkur atkvæði á ýmsa gjaldstofna, og ráða til, að leggja á þá skólaskatt; en eg er eingu að nær; eg get ekki skilið í því, að þessar uppástúngur sèu hugsaðar með nógu yfirlögðu ráði; því til þess var hvorki tími nè tækifæri, svo sem þurft hefði.

Loksins er (atkvæðið 5 *a*) í góðri meiníngu gripið til *Thorchillii* sjóðsins, til þess ekki þurfi að fresta skólamálinu. Eg hef reynt til, að velta þessari uppástúngu fyrir mèr, og finnst mèr, að mèr verði það æ ljósara, sem eg hugsa leingur út í það, að með þeirri meðferð á sjóðnum yrði farið mjög afgeypa við tilgáng hins göfuglynda gjafara. Það er gjört ráð fyrir því að vísu, að fátæk börn yrðu tekin úr öllu Kjalarnesþíngi í þennan kaupstaðarskóla, og að aðkomnu börnin ættu að verða aðnjótandi sèrlegrar umsjónar skólakennarans. En eg er á þeirri meiníngu, að Kjalarnesþíngið, fyrir utan Reykjavík, mundi missa meira við þessa ráðstöfun í tilliti til flestra barna sinna, heldur en því svari, er það mundi græða, er sveitabörnin yrðu tekin úr friðsömu foreldra-heimili, og svipt móðurlegri aðhjúkrun, umsjón og uppfræðíngu, og orði trúarinnar frá hjarta og vörum móðurinnar, og flutt í skólann. Því þó skólinn yrði góður, lenda sveitabörnin þar þó í miklum barnaflokki, og hljóta að vera þar undir vendi og staf skólakennarans. Það mun vera sannmæli, að barnaskólar sèu fyrsti vísir og undirstaða annara skóla í útlöndum, en hèr á landi hagar allt á annan veg til. Og sú mun vera og verða reyndin, að foreldra-húsin hèrna á Íslandi sèu betri barnaskólar, en barnaskólarnir miklu erlendis, og öll alþýða betur að sèr hèr en þar, að minnsta kosti í andlegum efnum.

Á. Einarsson: Eg var búinn að einsetja mèr, að standa ekki upp eptir þessar laungu umræður; en af því svo mikið hefur verið talað um *Thorchillii* sjóðinn, og atkvæðagreiðslu

þá, er fram fór honum viðvíkjandi í bændaskólamálinu, þá verð eg að geta þess, að mèr þætti það merkilegt, ef þingið færi nú að álíta atkvæðagreiðsluna ólöglega, sem samþykkt var af þinginu áður, og það álít eg, ef þingið færi nú að gefa atkvæði sitt fyrir 5. breytíngaratkvæði *a*, að það væri í sjálfu sèr öldúngis sundurþykkt, þar það hefur áður gefið atkvæði fyrir nokkru af leigum sjóðsins til búnaðarskólans, ef hann kæmist á. Það hefur verið sagt hèr áður, að þó nokkuð væri tekið til búnaðarskóla af *Thorchillii* sjóðnum, og þó konúngsúrskurður feingist um það, gæti skeð, að hann mætti ónýta; en hvað þá, ef allur sjóðurinn væri tekinn til eins hrepps, nefnilega til Reykjavíkur einnar, nefnilega barnaskólans, sem þessi styrkur frá *Thorchillii* sjóðnum er þó nýlega tekinn frá. Þeim konúngkjörna 4. þingmanni þótti það reyndar viðkunnanlegra, að ekki þyrfti að skipta sjóðnum í sundur; en rèttlætistilfinníngin gat þó ekki dulizt hjá honum, og því virtist honum, að barnaskólinn í Reykjavík gæti ekki feingið allan sjóðinn.

Sá 2. konúngkjörni þingmaður furðaði sig á því, hvert traust þingmaður Skaptfellínga bæri til stjórnarinnar með fjárstyrk til skólans, og sagðist ekki hafa eins gott traust til hennar í þessu efni, og er það undarlegt, að þingmaður Skaptfellínga hefur betra traust til stjórnarinnar, en sá 2. konúngkjörni þingmaður, og hefur stjórnin þó sýnt nýlega, að hún var ekki ófús, að bæta við laun nokkurra íslenzkra embættismanna.

Menn hafa talað um, að það væri sveitarmál í Reykjavík, að leggja á þá umtöluðu tolla eða skatta til barnaskólans; en í ástæðunum fyrir frumvarpinu stendur, að það sèu einúngis 2 atriði, sem þínginu komi eiginlega við, nefnilega, að Reykjavíkurbúar skuli vera skyldugir, að stofna barnaskóla á eigin kostnað, og ræð eg af þessu, að þingið verði að segja álit sitt um þessa kostnaðarálögu, eins og hverja aðra nýja skatta-álögu, samkvæmt tilskip. af 28. maí 1831 (samanb. alþingistilsk. 1. gr.); því annars er hætt við, að gjaldþegnar spyrðu krefjendur að, á hverjum lögum krafan væri byggð.

Hvað skólaþvínguninа áhrærir, þá er auðsèð, að slíkur skóli væri þýðíngarlaus, ef þeir væru ekki skyldaðir til, að láta börn sín í hann, sem ekki uppfræða þau sæmilega á annan hátt.

Konúngsfulltrúi: Eg skal einúngis benda hinum heiðruðu þingmönnum til þess, hvernig eg held að máli þessu bezt verði

ráðið til lykta eptir umræðum þeim, sem um það eru orðnar, og breytingaratkvæðum, sem fram eru komin við álitsskjal nefndarinnar. Við undirbúningsumræðu málsins sýndi eg fram á, að öldungis nauðsynlegt mundi vera, að samþykkja 1. uppástungu nefndarinnar, þegar einginn þingmanna treystist til, að bera brigður á það, sem nefndin samhljóða hafði borið upp, að Reykjavíkurbæjarmenn væru ekki færir um, að stofnsetja og við halda barnaskóla sínum einúngis með skólapeningum og niðurjöfnun á bæjarbúa, og að það þess vegna yrði nauðsynlegt, að fá það fé, sem vantar til skólans upp á annan máta. Mér virðist það því enn nú vera nauðsynlegt, að þingið biðji um, að málinu verði frestað, þángað til vísað verður með einhverju hentugu móti á fé það, sem vantar til skólans; og það væri með öllu þýðingarlaust, að fara því nú á flot, að hið konúnglega frumvarp yrði nú þegar gjört að lögum, og mega þingmenn geta því nærri, að eg, eptir stöðu minni, ei mundi hafa fallizt á, að lögleiðingu hins konúnglega frumvarps yrði frestað, ef mér eptir kringumstæðunum ei hefði virzt það óumflýjanlega nauðsynlegt.

Hvað hinar mörgu uppástúngur og breytingaratkvæði, sem fram eru komin í málinu, áhrærir, þá vil eg ráða þinginu frá, að gjöra þau að uppástúngum sínum, heldur einúngis taka þau af þeim, sem þingið ekki fellir með atkvæðagreiðslunni, sem bendingaratriði inn í álitsskjal sitt til konúngs.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og bið því þingmenn að gánga til atkvæða.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

Tölul. 1, *Nefndarinnar* uppástúnga, sem var skipt í 2 kafla:

a, „að þingið þegnsamlegast beiðist þess, að frumvarpi því um stofnun barnaskóla í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir þingið, verði slegið á frest, þángað til ákveðnar verði nefndum barnaskóla tekjur þær eða fjárstyrkur, sem samsvari þörfum skólans“, samþykkt með 17 atkvæðum gegn 3.

b, Síðari hluti greinarinnar: „að frumvarpið verði aptur lagt fyrir alþingi 1855, jafnframt því, að frumvarp eða áætlun um slíkar tekjur eða styrk verði lagt fyrir þingið“, var samþykktur með 12 atkvæðum móti 5.

Þar eð þessi uppástúnga nefndarinnar var samþykkt, áleit forseti, að 2. töluliður, með viðauka-atkvæðum þeim, sem fram við hann voru komin, væri fallinn.

Síðan var geingið til atkvæða um hinar eptirfylgjandi uppástúngur, í þeirri meiníngu, að þíngið skyldi benda á hina ýmislegu tekjustofna í álitsskjali sínu til konúngs, ef þeir yrðu samþykktir; kom fyrst til atkvæða töluliðurinn 3 *a*, og var hann felldur með 15 atkvæðum gegn 2.

3 *b* hafði nefndin tekið aptur, og töluliðinn 3 *c* áleit forseti fallinn með 3 *a*.

Töluliður 4 *a* var felldur með 7 atkvæðum gegn 6, en þar eð hèr kom ekki fram meiri hluti atkvæða, lèt forseti gánga til atkvæða með nafnakalli, og bað þá að segja *já*, sem vildu aðhyllast uppástúnguna, en hina *nei*.

já (sögðu):	nei (sögðu):
J. P. Havstein.	V. Finsen.
P. Pètursson.	G. Einarsson.
P. Sigurðsson.	Þ. Sveinbjörnsson.
H. Stephensen.	H. G. Thordersen.
J. Thorstensen.	Þ. Jónassen.
J. hreppst. Sigurðsson.	J. Guðmundsson.
Á. Einarsson.	M. Andrèsson.
	G. Brandsson.
	E. Kúld.
	Ó. Sívertsen.
	J. Samsonsson.
	St. Jónsson.
	J. Jónsson
	J. Kristjánsson.

Var þá uppástúngan fallin fyrir 14 atkvæðum gegn 7.

Töluliður 5 *a:* Eptir uppástúngu þíngmanns Skaptfellínga og þíngmanns Snæfellínga lèt forseti greiða atkvæði um þessa uppástúngu með nafnakalli, eptir sömu reglum og áður.

já (sögðu):	nei (sögðu):
Þ. Sveinbjörnsson.	V. Finsen.
J. P. Havstein.	G. Einarsson.
P. Pètursson.	H. G. Thordersen.
	Þ. Jónassen.
	J. Guðmundsson.
	P. Sigurðsson.

nei (sögðu):
M. Andrèsson.
G. Brandsson.
H. Stephensen.
J. Thorstensen.
J. hreppst. Sigurðsson.
E. Kúld.
Ó. Sívertsen.
Á. Einarsson.
J. Samsonsson.
St. Jónsson.
J. Jónsson.
J. Kristjánsson,

og var uppástúngan þannig felld fyrir 18 atkvæðum gegn 3.

5 *b* áleit forseti einúngis sem neitun við 5 *c*, og að atkvæðið um hann væri falið í atkvæðinu um 5 *c*.

Síðan var geingið til atkvæða um töluliðinn 5 *c*, og var hann felldur með 12 atkvæðum gegn 8.

Tölulið 6 tók uppástúngumaður aptur.

Tölulið 7 áleit forseti fallinn með nr. 1.

Þar eð ekki var fleira til meðferðar á þessum fundi, sagði forseti fundi slitið, og ákvað fund næsta dag kl. 12, og að þá yrði tekið fyrir til undirbúníngsumræðu konúnglegt álitsmál um jarðamatið.

Fundi slitið.

---

5. ágúst — Þrítugasti og fyrsti fundur.

Allir á fundi, nema þíngmaður Reykvíkínga, jústizráð J. Thorstensen, sem hafði tilkynnt forseta, að hann gæti ekki komið á fund vegna sjúkdóms.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það, sem eptir dagskránni kemur nú til meðferðar, er *konúnglegt álitsmál um jarðamatið* á Íslandi til undirbúníngsumræðu. Framsögumaður, þíngmaður Skaptfellínga, gjörir svo vel, að lesa upp nefndarálitið.

Var þá nefndarálitið afhent framsögumanni, J. lögfræðíngi Guðmundssyni, er las það upp svo hljóðandi:

Konúngur vor hefur eptir þegnlegri uppástúngu ráðherra síns yfir innanríkismálunum, dagsettri 21. maí þ. á., lagt fyrir alþíngi í þetta sinn, sem álitsmál, jarðamat það, ásamt rannsókn þess, sem fram fór hèr yfir allar jarðeignir í landinu árin 1849 og 1850, samkvæmt tilsk. 27. maí 1848 og erindisbrèfinu rentukammersins 1. sept. s. á., og hefur því hið heiðraða þing kosið oss undirskrifaða í nefnd, til þess, að segja álit vort og uppástúngur um þetta vandamikla málefni.

Án þess nefndin vilji eða geti gjört mikið úr hæfilegleik sínum, til að meðhöndla þetta mál, eða úr þeim ráðum og uppástúngum, sem hún er orðin ásátt um að bera upp um það fyrir hinu heiðraða þíngi, þá finnst henni ekki með öllu ótilhlýðilegt, að geta þess, að varla hafi að hennar áliti verið unnt að kjósa haganlegar í þessa nefnd að þessu sinni, en nú varð. Því að í henni eru menn, sem að jafnri tiltölu þekkja nokkuð bæði til þess, hvernig jarðamatið fór fram, og hvernig til hagar jörðum og landslagi í hinum ýmsu fjórðúngum og hèruðum landsins.

Hefði því undirbúningur þessa máls af hálfu stjórnarinnar til nokkurn veginn vinnanlegrar meðferðar hèr á þínginu ekki verið svo lítill sem einginn, og hefði ekki nefnd þessi (hvar af margir af oss hafa þar að auki haft mörg önnur vandasöm mál til meðferðar að þessu sinni, eins og þínginu er kunnugt) verið bundin við svo nauman tíma í samanburði við, hvað verk þetta, sem oss var falið, er umfángsmikið og vandasamt, þá mundi víst nefndinni hafa tekizt, að taka þetta mál til skipulegri og nákvæmari meðferðar, heldur en þannig var nú kostur á.

Nefndin hefur samt gjört sèr, eptir því sem faung voru á, hið ýtrasta far um, að kynna sèr þetta verk, bæði í einstökum pörtum þess og afleiðingum *(Resultater)*, og yfir höfuð að tala sem eina heild, til þess hún gæti komizt að nokkurn veginn ljósri og grundvallaðri sannfæríngu um, hvort og að hve miklu leyti jarðamatsverk þetta mætti verða notandi, annaðhvort eins og það er nú, eða með þeim ýmsu lögunum og tilmiðlunum (*Modificationer*) eða leiðrèttíngum (*Rectificationer*), annaðhvort þeim, sem amtmennirnir hèr á landi í álitum sínum til stjórnarinnar hafa tekið fram, eða sem innanríkisráðgjafinn í hinu áminnsta þegnlega áliti sínu til konúngsins hefur bent til, eða sem annars vegar ýmsir landsmenn í álitsskjölum og uppástúng-

um til þessa þings, og hins vegar nokkrir nefndarmenn hafa hreift; hverjar ýmsu uppástúngur og bendíngar nefndin hefur þannig átt kost á að kynna sèr og yfirvega, að hvað miklu leyti þær mundu geta fullnægt jarðamats-tilgánginum yfir höfuð, eða gjört þetta jarðamat viðunanlegt og nokkurn veginn áreiðanlegt.

En fjöldi og margbreytni þessara ýmsu uppástúngna og bendínga, hvort sem hver þeirra fyrir sig er hafandi eður ekki (en vèr munum bèr á eptir færa rök að, að hve miklu leyti oss virðist svo eður ei), bera, að nefndinni virðist, ljósastan vott um það, sem líka ráðgjafi innanríkismálanna hefur skýlaust tekið fram í hinu áminnsta álitsskjali sínu, *„að á þessu yfirgripsmikla jarðamatsverki eru nú svo verulegir gallar og ójöfnur, að það verður eigi notað, sem grundvöllur til nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, nema tèðir gallar fyrst verði bættir“*.

Nefndinni varð að vísu brátt ljóst, bæði af jarðamatsverkinu sjálfu, og álitsskjölum amtsyfirvaldanna um það, að hún yrði eindregið að fallast á þessa meiníngu ráðherrans. En þar næst fannst henni fyrst og fremst nauðsyn, að komast að sem fastastri sannfæríngu og raun um, hvort þessir gallar væru svo margbreyttir og verulegir, að ekki yrði auðið, að bæta þá eða lagfæra, heldur yrði, ef nýtt og brúkanlegt jarðamat ætti að komast hèr á, að hverfa frá undirstöðu þessa jarðamats, raska bæði henni og því sjálfu frá rótum, og hafa að eingu allan þann tilkostnað og fyrirhöfn yfir höfuð að tala, sem til þess gekk, og þá vandvirkni og alúð, sem það var leyst af hendi með, víst í nokkrum hèruðum, eða í annan stað, hvort gallar þessir og ójöfnur væru ekki þess eðlis, og ekki mikilvægari og margbreyttari en svo, að þær mætti jafna, án þess til þess geingi, eins og ef nýtt jarðamat ætti að byrja frá stofni, afar-mikill kostnaður og einkar-mikill tími og fyrirhöfn. Því hefur nefndin álitið sèr skylt, fyrst og fremst af öllu að rannsaka þessa galla og misfellur jarðamatsins og eðli þeirra og undirstöðu, svo að hún yrði því fremur fær um, að geta bent á, hvort þeir yrðu bættir eða lagfærðir, og með hverju móti eða aðferð það mætti ske.

Hinir verulegustu gallar og misfellur á jarðamatinu, sem, eins og ráðherrann segir, olla því, að það verður ekki notað til þess, sem það var ætlað, eiga að nefndarinnar áliti vafalaust, eins og líka ráðherrann virðist að benda til í hinu fyr nefnda álitsskjali sínu, hina fyrstu og verulegustu aðalrót sína í

þeim undirstöðu - mælikvarða, sem löggjöfin og reglurnar 1848 ákváðu: „*hið sanngjarna verð jarðanna í kaupum og sölum*“, þar næst í því, að reglur þær, sem stjórnarráðið (rentukammerið) lèt út ganga til jarðamatsmanna og yfirmatsmanna, voru svo helzt til of óákveðnar og almennar, að varla mátti vænta, að þær yrðu skildar, og þeim fylgt á einn og sama veg alstaðar, sízt þegar jarðamatsmönnum var ætlaður svo afar-naumur tími, til að kynna sèr til hlítar rèttan skilning þessara reglna, og ráðrúm til, að gjöra bráðar-tilraunir til, að heimfæra þær, og þegar svo mörgum var ætlað svona óforhugsað og undirbúningslaust, að fylgja þeim, sem hlutu að hafa nærfellt eins margbreyttar og öldúngis sèrstaklegar skoðanir og einstaklegar, bæði á rèttum skilningi þessara reglna, og á hinum lögákveðna aðalmælikvarða fyrir jarðamatinu, eins og þeim átti að fylgja fram í sèrstökum og fjarlægum hèruðum, með sèrstöku og óliku ástandi og ásigkomulagi bæði jarða og arðs þeirra og algeinga verðs, sem aptur hlýtur að vera töluvert mismunandi, bæði eptir þeim misháa, en þó vanalega leigumála í hverju hèraði, án tillits til, hvort hann er of hár eður lágur eptir jarðargæðum, í samanburði við það, sem á sèr stað í öðrum hèruðum, og svo eptir þeirri mjög misjöfnu peninganægð og þar af leiðandi eptirsókn eptir, að kaupa jarðir og selja. Í þriðja lagi álítur nefndin, að laga-ákvarðanirnar 1848 hafi, eins og líka nú er komið fram, gjört helzt til of mikið úr, vænt of mikils af, og byggt of mjög á hinum mikla kunnugleik og hæfilegleik skynsömustu og reyndustu manna í hverri sveit, til að geta lagt hæfilega undirstöðu undir það jarðamat, sem gæti orðið samhljóða og sanngjarnt, og þess vegna *brúkanlegt yfir allt land,* án nokkurrar frekari lagfæringar eða leiðrèttingar heldur en þeirrar, sem tilskip. 27. maí 1848, § 5, ákveður. Þetta mat, sem hinum skynsömustu og reyndustu mönnum í hverjum hrepp og síðan í hverri sýslu var falið, hlaut allt af, en þótt jarðamatsreglurnar hefðu verið miklu greinilegri og einskorðaðri, en þær voru, þó að verða meira eður minna bundið við sèrstaklega (*relativ*) skoðun og þekkingu á ástandi, leigumála og almennu sanngjörnu verðlagi jarða að eins í *þeim hrepp* og *þeirri sýslu,* þar sem ætlunarverk og þekking hinna sèrstöku jarðamatsmanna einkum og svo að segja einúngis var bundin við, og hlaut því að skorta það tillit til óliks ástands jarða í öðrum hèruðum og sýslum, sem jarðamatið

þó eingan veginn má án vera, ef það á að geta orðið svo áreiðanlegt og viðunanlegt, og að svo almennum notum, sem til var ætlazt og nauðsynlegt er.

Aðalmisfellur jarðamatsins koma nú í ljós, eptir því sem nefndinni hefur reynzt, öldúngis í hina sömu stefnu, og þessir gallar á hinum lögákveðna aðalmælikvarða fyrir jarðamatinu, og á reglunum og ákvörðunum fyrir aðferð þess og undirstöðu, hlutu að leiða með sèr. Hinn lögákveðni aðalmælikvarði, *„að virða jarðirnar, eins og þær geingju sanngjarnlega að kaupum og sölum“*, hefur með þeim einu og sömu almennu og óákveðnu reglum, sem hinum einstaklegu hèraðsbúum viðs vegar um land allt voru gefnar, til þess að koma honum við, verið skilinn og heimfærður í sjálfu jarðamatinu eptir mjög misjöfnum og sundurleitum skoðunum, og frá næsta ólíku og fráleitu sjónarmiði.

Þannig hefur í nokkrum hèruðum *sanngjarnt afgjald*, með meiri eður minni hliðsjón af afgjaldi því, sem þar var algeingt og tíðkanlegt, verið lagt til grundvallar, sem vextir, hvar eptir jarðaverðið sjálft mætti meta (t. d. í Stranda-, Mýra- og Hnappadals- og Húnavatns-sýslu og Borgarfjarðarsýslu?). Í öðrum hèruðum hefur hið sama verið lagt til grundvallar, en þó svo, að jarðamatsmenn hafa, til þess að finna hið sanngjarna jarðargjald, fyrst ráðgjört og lagt niður, hvað mikinn fènað jörðin bæri, og grundvallað á þessu fjármegni hið sanngjarna afgjald, sem mætti álíta vexti jarðarverðsins, o. s. frv. (t. d. í báðum Þingeyjars. og í Norður-Múlasýslu, þó meðfram með tilliti til meðalhundraða í jörðunni). Í sumum hèruðum hefur hin sama undirstöðuregla að miklu leyti, eptir því sem sýnist, verið höfð, en aptur frá hinu sanngjarna jarðagjaldi eða því verði, sem eptir því ætti að verða á jörðinni, verið dreginn tilkostnaður og fyrirhöfn fyrir, að færa sèr gæði hennar, og einkum hlunnindi, í nyt (t. d. í Dala-, Snæfellsnes- og Barðastrandar-sýslum). Í öðrum sýslum hefur ekkert eða mjög lítið tillit verið haft til hinna núverandi eður ímynduðu jarðargjalda, heldur ýmist til fjármagns þess, sem jörðin fram flytti, án ákveðinnar verðhæðar fyrir hvert slíkt hundrað fènaðarins, sem jörðin bæri (t. d. að nokkru leyti í Skaptafells-sýslunum?), eða með tiltekinni, en þó mishárri verðhæð fyrir hvert slíkt hundrað fènaðarins, eins og í Árnes-, Rángárvalla-, Eyjafjarðar- og Skagafjarðar-sýslu (í þessari sýslu er þó sleppt öllu tilliti til hrosspenings, sem jörðin getur fleytt auk

hins fènaðarins). Að síðustu var í nokkrum sýslum matið eptir sanngjörnu verðlagi, sem mætti ímynda sèr á jörðunni í kaupum og sölum, án sèrstaklegs eða beinlínis tillits, hvorki til samngjarns jarðargjalds, nè fènaðar þess, er jörðin gæti fleytt, t. d. að nokkru leyti í Skaptafellssýslunum, í Gullbríngu- og Kjósar- og Borgarfjarðar (?) -sýslu; en þó var þessi aðferð í einstöku sýslum aptur að nokkru leyti bundin við ímyndað meðalhundraðatal, sem á jörðinni ætti að vera, t. d. í Ísafjarðar- og Norður-Múla-sýslu.

Það gefur að skilja, að þegar skilníngurinn á hinum lögskipaða aðalmælikvarða, eg sjónarmið það, sem hann var bundinn við í framkvæmd jarðamatsins, varð svona sundurleitur, eins og nefndin hefur nú sýnt, þá hafi ekki verið síður sundurleitt sjónarmið það, sem lagt var til grundvallar fyrir, að taka til greina við matið hin einstöku atvik, sem reglur stjórnarinnar frá 1848 tóku fram að yrði að taka til greina við hækkun eða lækkun jarðarverðsins yfir eða undir það, sem jörðin mætti álítast verð án þessara sèrstöku atvika, t. d. hlunnindi, eða misbrestir og áföll jarðanna. Jarðamatsbækurnar eru um þessi atvik og þá skoðun, sem hafi verið geingið út frá með tilliti til þessara verulegu atriða, mjög misljósar og flestar mjög óljósar. En svo mikið má af þeim ráða, að í þessu hafi sjónarmið jarðamatsmanna í hinum ýmsu hèruðum ekki verið síður sundurleitt; og nefndarmenn hafa nú með því, að bera sig saman um þetta efni, komizt að raun um, að ekki síður sundurleitum grundvallarreglum hafi verið fylgt um þetta í hinum ýmsu hèruðum, heldur en í því, að heimfæra hinn lögákveðna aðalmælikvarða við jarðamatið yfir höfuð.

Þessar sundurleitu grundvallarreglur, sem hafa verið hafðar við, og öldúngis ólíku sjónarmið, sem hefur verið geingið úr frá í hinum ýmsu hèruðum, til þess að heimfæra aðalmælikvarða laganna 1848 fyrir jarðamatinu og hinar almennu reglur frá stjórninni, hafa ollað því, sem þannig hlaut að verða upp á, *að jarðamatið er mjög mishátt og misjafnt, þegar það er borið saman innbyrðis í milli hinna ýmsu sýslna.* Þetta hafa og amtmenn landsins tekið fram í álitsskjölum sínum til stjórnarinnar, hver í sínu lagi og hver fyrir sitt amt, og bent til, að þessa aðalgalla yrði óumflýjanlega nauðsynlegt að lagfæra. Hvar á móti eingan veginn má missa sjónar á, að aðalmat (undirmat) hinna skynsömustu og reyndustu manna í

hverjum hreppi, og fyrir rannsóknarmat (yfirmat) af úrvali þessara manna yfir gjörvalla sýslu hverja, hvorttveggja með forgaungu og leiðbeiningu eins og sama embættismanns (sýslumannsins), *hefur yfir höfuð að tala gefið nokkurn veginn samhljóða mat í flestum sýslunum sjálfum, hverri út af fyrir sig.*

Þetta síðara og mikið verulega atriði gjörir það, að nefndarinnar áliti, og amtmenn landsins hafa einnig verið sömu meiningar, að jarðamat þetta *má nota sem undirstöðu til lagfæringar* á þeim göllum og aðalmisfellum, sem einkum eru fólgnar og koma fram í hinu fyrra atriðinu; og eins, til að finna út, og gjöra mögulegt, að lagfæra aðra einstaklega galla, sem hafa risið af ólíkum og sundurleitum skilningi hinna einstöku greina í jarðamatsreglunum sjálfum, t. a. m.:

1. Þar sem sanngjarnt afgjald hefur verið lagt til undirstöðu fyrir virðingunni, *hvort prestsmatan eigi að dragast frá* afgjaldinu, áður en verðið er sett á jörðina, sem víðast mun hafa verið gjört, eða jörðin að virðast eptir gæðum sínum, og þeim fènaði, sem hún ber, *án alls tillits til prestsmötunnar,* eins og sumstaðar hefur verið.

2. Hvort tillit ætti að hafa til kúgildaþúnga jarðanna, og telja þau með fènaðinum, sem þær fleyta, þar sem fjármagnið, er jörðin ber, var lagt til grundvallar fyrir virðingunni (og sýnist svo, sem þessu hafi verið víðast fylgt í flestum þeim hèruðum), eða hvort ætti einnig að leggja leigu af mátulega mörgum og lögleyfðum kúgildum á jörð hverri til grundvallar, þegar verð jarðanna væri metið eptir sanngjörnu afgjaldi; og mun skoðun og aðferð matsmanna á þessu hafa verið nokkuð ólík og sundurleit, þar sem sú reglan (að leggja sanngjarnt afgjald til grundvallar) var við höfð.

3. Hvort hjáleigur hafi verið rètt metnar í sameiningu með, eða aðskildar frá heimajörðinni eða aðalbólinu, sem þær liggja undir, því þetta virðist einnig að hafa verið bundið við mjög sundurleitar grundvallarreglur og misskiptan skilning á reglum stjórnarinnar.

4. Mat á hinum ýmsu hlunnindum jarðanna; og

5. Mat á misbrestum þeirra og áföllum, sem einnig virðist hvorttveggja að hafa verið skoðað og metið frá mjög sundurleitu sjónarmiði, eins og vèr höfum þegar tekið fram.

En áður en nefndin gefur sig við, að útlista hinar ýmsu

uppástúngur, sem hreift hefur verið, til þess að lagfæra og bæta þessa verulegu galla jarðamatsins, þá niðurstöðu, sem hún hefur komizt að í þessu efni, og henni finnst hvað líklegast og tiltækilegast, til að ná þeim tilgángi, sem nú var bent að, finnur hún sèr skylt, að segja að nokkru álit sitt um þær uppástúngur, sem hèr eru komnar fram á þínginu frá nokkrum innbúum í Dalasýslu, og sem nefndinni hafa verið sendar til meðferðar, en það er bænarskráin með uppástúngu nr. 47 og bænarskráin nr. 48; því þessar bænarskrár fara í allt aðra stefnu, heldur en til þessa hefur þótt hafandi, bæði hèr og í öðrum löndum, um mat jarðeigna, nefnilega þá, „*að ekkert jarðamat þurfi að vera, nè eigi að vera hèr á landi*“. Og mundi nefndin ekki finna tilefni til, nè sèr skylt, að gjöra mikla málaleingingu um þetta efni, ef nokkra nefndarmenn ekki uggði, að hin sama skoðun ætti sèr, ef til vildi, víðar stað meðal þeirra manna hèr á landi, sem að eins hafa hugsað sèr *þann einasta* tilgáng jarðamatsins yfir höfuð að tala, að það væri og ætti að eins að vera undirstaða undir fastákveðið skattgjald, sem hafa þar að auki skoðað allt jarðamat einkanlega frá hlið þeirra misheppnuðu tilrauna, sem hafa orðið upp á um það hèr á landi, bæði nú síðast og fyrri, og sem að síðustu þykir það ekki til vinnandi, að fá áreiðanlegt jarðamat fram sakir kostnaðarins, sem af því hljóti að leiða. En nefndin álítur, að þessi skoðun sè nokkuð laus og ógrunduð yfir höfuð að tala, að fleiri og verulegir hagsmunir megi standa af áreiðanlegu jarðamati en sá, að með því móti fáist að eins fastur og óhvikull gjaldstofn undir víst nokkurn hluta skattgjaldanna; en hinir aðrir hagsmunir eru einkum bæði sanngjarn og fastur stofn, sem er jafn fyrir alla að rèttri tiltölu, fyrir þeim hluta *tíundarinnar*, sem gelzt til prests, kirkju og fátækra, nokkurn veginn undirstaða fyrir verðupphæð hverrar fasteignar, en þetta tryggir aptur og greiðir öll þau hin innbyrðis viðskipti manna á milli, sem áhrærir þær eignir, og að síðustu fæst með nokkurn veginn jöfnu, gallalítlu og sanngjörnu jarðamati meiri eður minni undirstaða til hliðsjónar fyrir sanngjarnri skuldsetníngu og byggíngarskilmálum jarða, sem er svo ómissandi til þess, að hemja að nokkru þá hina tvíræðu og vafasömu byggíngarskilmála, sem nú almennt tíðkast hèr, og til þess, að koma í veg fyrir ýmsa þá óánægju, óvissu, og jafnvel tortryggni, sem hèr leiðir af, og nú á sèr víða stað milli lánardrottna og leiguliða. Því hlýtur

nefndin að vera eindregið þeirrar meiníngar, *að jarðamat hljóti að komast á, og að því megi koma á* hèr á landi sem annarstaðar, og sem fyrst að verða má, eins og líka ráðherrann í hinu áminnsta álitsskjali sínu til konúngs virðist beinlínis að ætlast til; og nefndin verður því fremur að vera föst á þessu, sem henni finnst hvorki, að hin undangeingnu jarðamöt hèr á landi sanni það beinlínis eða órækt, að ekki sè vinníngur, að hafa hèr fram viðunanlegt jarðamat, nè að af því þurfi að leiða svo óbærilegur eða ókljúfandi kostnaður, að hann sè ekki vel tilvinnandi, ef jarðamatið gæti orðið leyst viðunanlega af hendi. Nefndin styrkist því heldur í meiníngu sinni um nauðsyn og mögulegleika jarðamats hèr, sem það fyrirkomulag og undirstaða til skattgjalds, sem þessar bænarskrár úr Dalasýslu stínga upp á, er þar að auki mjög reykult og ísjárvert. Því þó það sè haft fram á í þessum uppástúngum, að „*á ári hverju skuli búandi jarðar hverrar telja fram jörð sína, og hundraðatal hennar skuli sett og innskrifað árlega eptir því afgjaldi jarðarinnar, sem annaðhvort er ákveðið eptir árlegum leigumála, grundvölluðum á skriflegum leigusamníngum, eða, ef eigandi býr sjálfur á jörðunni eða embættismaður, eptir landskuldargjaldi því, sem jarðabókin af 1760 ákveður*“, þá ætlar nefndin, að eingan veginn sè vissa fyrir, nè verði fyrir það girt, að aðrir samníngar kunni ekki að eiga sèr stað og öðruvísi, en þeir, sem hafa mætti, til að sýna þannig fram á hreppskilaþíngunum; og þó „eiður væri við lagður“, þá mundi sú ákvörðun naumast tryggja betur, að rètt væri skýrt frá þessum gjaldstofni, heldur en orðið hefur upp á með framtal lausafjárins. Þessi undanskot undan því skattgjaldi og tíundargjaldi, sem ætti að koma af jörðunni, eptir gæðum hennar og verulega leigumála, gætu og orðið með mörgu öðru móti, t. a. m. með afarhárri festu til jarðarinnar í eitt skipti fyrir öll, og þeim mun minna jarðargjaldi árlega, eða með árlegri, en í aukaskilmálabrèfi ákveðinni festu, þegar leiguliði tæki jörðina heima. Gæti orðið því hættara við, að jarðeigendur færu að tíðka, fremur en nú er, þessa aðferð, sem ekki er nú öldúngis dæmalaus, sem þeim væri lagt það á sjálfs-vald eptir uppástúngunum, að hafa við þessa og aðra aðferð, til þess að gjöra sem minnst úr gjaldstofni þeim, er þeir mættu nú sjálfir ákveða eptir velþóknun, og ætti að gjalda af skatt og tíund; þar til og með yrði eptir þessari uppástúngu fyrir allt að því $\frac{1}{5}$ allra jarðeigna

eður meiru lagður sá mælikvarði fyrir upphæð þessara gjaldstofna, nefnilega „leigumáli sá, sem jarðabókin af 1760 ákveður“ (hver jarðabók vel að merkja ekki til tekur neinn leigumála á ótal jörðum, t. a. m. mörgum kirkjustöðum og heimajörðum klaustranna, o. fl.), sem þó uppástúngan sjálf að öðru leyti lýsir yfir að sè óhæfilegur, þar eð hún vill láta leggja til grundvallar *á öllum öðrum jörðum* leigumála þann, sem nú er eða verða kann; og þannig gæti t. a. m. vel borið að því, að jörð sú, sem síðan 1760 hefur tekið miklum umbótum í höndum eins leiguliða eptir annan, og væri því kominn á hana svo hár leigumáli, sem samsvaraði umbótum hennar, og hefði því jörðin haldizt eptir uppástúngunni í háu hundraðatali um mörg undanfarin ár, að þessi hin sama jörð fyrir það, að eigandinn flytti sjálfur á hana, og þó hann hèldi á fram að umbæta hana, og þannig ríka verð hennar, yrði allt í einu má ske með meir en helmíngi minna hundraðatali en hin undanförnu ár, því þá, þegar eigandinn er kominn þar, og á eingum leigusamníngi verður byggt (sjá uppástúngu 1. og 5.), á einúngis „að fara eptir afgjaldi því, sem jarðabókin 1760 ákveður“ (uppást. nr. 3). Þar til fer þessi uppástúnga því fram undir 4. tölulið, *„að öll innstæðu-kúgildi jarða, eins og kirkna-kúgildi, skuli tíundast“*, sem þó er öldúngis gagnstætt núgildandi lögum (tilsk. 14. maí 1834) og mjög gamalli, almennri og ríkri landsvenju, og sem þess vegna yrði víst mjög ísjárvert og óvinsælt að raska.

Þannig finnst nefndinni þessar uppástúngur bera með sèr bæði óþolandi mótsagnir, leggja til svo stórkostlegar og óvinsælar breytíngar á gildandi lögum og almennri venju, fara fram á óvissu og hvikulleik þess eina gjaldstofns, sem má ákveða með nokkurn veginn sanngjörnum og vissum mælikvarða, og leiða gjaldþegna einnig *þar* í freistni, með að segja rángt til, og færast undan einnig því gjaldinu, sem aldrei hefur verið, og aldrei þarf að vera komið undir tilsögn og velþóknun sjálfra þeirra.

Nefndin er af þessum og öðrum fleiri ástæðum, sem hún hefur að nokkru tekið fram hèr að framan, eindregið á því, að það sè með öllu nauðsynlegt og ómissandi, að viðunanlegt jarðamat komist á, eins hèr sem í öðrum löndum.

Ráðherra innanríkismálanna virðist og eindregið vera á sama máli, eins og vèr höfum þegar skýrt frá, og nefndin finnur sèr þá fremst af öllu skylt, að leiða athygli hins heiðraða

þings að þeirri aðalbendingu, sem hann tekur fram í niðurlagi hins fyr áminnsta álitsskjals til konúngsins, um þann líklegasta aðalmælikvarða fyrir sanngjörnu jarðamati hèr, nefnilega *„tekjur þær af jörðinni, sem gjöra má ráð fyrir* (den præsumtive Jordafgivt) *eptir öllum þeim skýrslum, sem fást kunna“*, eður með öðrum orðum: *„afgjald jarðanna metið á þann veg, sem það væri hæfilegt á hverri jörð, eptir bæði gæðum hennar og landsvenju, en ekki beinlínis eptir því, sem það er nú“*. Og nefndin verður því fremur að aðhyllast þessa skoðun, sem það voru ekki allfáir þingmenn 1847, þegar jarðamats-löggjöfin var fyrst rædd, sem aðhylltust hana og fylgdu henni fram, og margir landsmenn voru og eru enn á sama máli, og af því þessi skoðun á málinu kemur ekki að eins heim við skoðun og sannfæringu nefndarmanna, heldur álítur nefndin, að eins og þessi aðalmælikvarði í þeim hèruðum, þar sem hann var nú lagður til grundvallar, hefur reynzt hinn áreiðanlegasti til þess, að leiða fram nokkurn veginn sennilegt og viðunanlegt mat í þeim sýslum, eins muni hann og yfir höfuð að tala reynast þau einu tækilegu úrræði, sem hafa megi, og koma svo við, að með honum geti náðst innbyrðis samhljóða og viðunanlegt jarðamat yfir allt land, ef þessum aðalmælikvarða að eins væri fylgt fram *(realiseret) eptir einum og sömum grundvallarreglum alstaðar,* en ekki of einstaklega bundnum við öldúngis sèrstakar skoðanir hinna sèrstöku hèraðsbúa á sèrstaklegu ástandi og leigumála jarðanna í hinum einstöku sveitum og sýslum, eins og þó nú varð að vera, þar sem hann var við hafður.

Að þessari niðurstöðu hefur nefndin ekki komizt svo, að henni hafi yfir sèzt, að yfirvega og rannsaka, að þeim afleiðingum, sem upp á mundu verða, þá tvo aðra aðalmælikvarða og aðferðir til þess, að leiðrètta og jafna þetta nýafgeingna jarðamat, sem upp á hefur verið stúngið í álitsskjölum til stjórnarinnar af amtmanninum í norður- og austur-amtinu og amtmanninum í vesturamtinu. Hinn fyrri hefur einkum stúngið upp á, að hafa afgjaldið, *sem nú er* á jörðinni, til undirstöðumælikvarða til þess, að jafna með hið misjafna virðingaverð jarðanna, svo, að samanlagt afgjald, eins og það er nú, allra jarða í hverju byggðarlagi, væri lagt til undirstöðu fyrir sanngjörnu verðlagi, og þess vegna sanngjörnu virðingarverði jarðanna í hinu sama byggðarlagi, og að virðingarverðið, sem nú kom fram í jarðamatinu, verði að því skapi hækkað eða lækk-

að, sem þessi undirstöðu-mælikvarði mundi þannig benda til, bæði í hinum einstöku sveitum og sýslum. Þegar menn nú urðu að einbinda sig við þann aðalmælikvarða fyrir jarðamatinu, sem löggjöfin og reglurnar frá stjórninni 1848 tóku fyrst og fremst og eingaungu fram, og á meðan ekkert tilefni var gefið frá stjórninni til hins gagnstæða, þá *urðu* menn að halda sèr til þessa *lögboðna* mælikvarða, „*að meta hverja jörð eptir því, sem hún geingi sanngjarnlega að kaupum og sölum*“, bæði í því, að *meta* jarðirnar, og *lagfæra* matið, sem á honum átti að vera grundvallað; og eins og það víst hefði verið afsakanlegt, ef ekki meðfram fullt tilefni til þess, að flestir eða allir jarðamatsmenn hefðu eptir *þessum* aðalmælikvarða laganna komizt að þeirri niðurstöðu, að sanngjarnlegt verð hverrar jarðar að kaupum og sölum væri það, sem gæfi kaupanda von um skaðlausa vexti jarðarverðsins með því afgjaldi, sem komið væri á jörðina, og seljanda þá von um vexti af söluverðinu á annan veg, samsvarandi því jarðarafgjaldi, sem hann missti af, þegar hann seldi, eins virðist þessi skoðun og uppástúnga amtmannsins í norður- og austur-amtinu um, að jafna jarðamatið allt eptir jarðagjöldunum, *sem nú eru*, að hafa verið öldúngis samkvæm þeim upprunalega lögskipaða mælikvarða fyrir jarðamatinu. Uppástúnga þessi er því, að nefndarinnar áliti, ekki takandi til greina einkanlega og einúngis af því, að hinn lögskipaði aðalmælikvarði 1848 fyrir jarðamatinu getur, eins og ráðherrann sjálfur hefur bent til, og nefndin nú hefur sýnt fram á, ekki orðið áreiðanlegur grundvöllur fyrir samhljóða, sanngjörnu og viðunanlegu jarðamati yfir allt landið, einkum fyrir það, að sá aðalmælikvarði, eins og líka þessi uppástúnga amtmannsins til lagfæringarinnar, ráð gjörir að sjálfsögðu, að jafngóðar jarðir, hvar sem er í landinu, sèu með jafnháum leigumála, og yrði því að vera alstaðar nokkurn veginn jafn hagur og óhagur, að kaupa þær og selja fyrir víst verð, sem því mætti álíta sanngjarnt að kaupum og sölum. Og úr því nefndin hefur eindregið orðið að leggja til, að stúngið verði upp á hinum aðalmælikvarðanum, „*hæfilegu jarðagjaldi, sem gjöra má ráð fyrir*“, svo sem þeim eina tiltækilega, til þess að lagfæra með galla jarðamatsins, þá getur hún ekki heldur aðhyllzt þessa uppástúngu amtmannsins fyrir norðan, en þótt hún sè öldúngis samkvæm og í sömu stefnu, sem aðalmæli-

kvarði laganna 1848, en sem nefndin nú verður öldúngis að ráða frá að verði fylgt.

Amtmaðurinn í vesturamtinu hefur í álitsskjali sínu til stjórnarinnar um hið nýja jarðamat nákvæmlega sýnt, í hverju hlutfalli tala hinna fornu jarðarhundraða í hverri sýslu stæði til hins nýja jarðamatsverðs, og sýnt, hvaða meðalverð yrði eptir því í hverri sýslu á hverju fornu jarðarhundraði, en það er í sumum sýslum amtsins rúmir 17 rbdd., en í öðrum sýslum 30 rbdd., og svo þar í milli; hefur amtmaðurinn með þessu fyllilega sýnt og sannað, hve virðíng jarðanna er misjöfn þar í amti. Hann hefur og sýnt, að ekki mundi heppnast, að jafna þetta jarðamat með því, að taka hin áminnstu meðalverð jarðarhundraðanna í hverri sýslu, leggja þau saman, og deila síðan með tölu sýslnanna (sem eingan veginn er heldur rètt reikníngsaðferð, af því hver sýslan um sig er með svo misjöfnu hundraðatali samanlögðu), og deila síðan virðíngarverði hverrar sýslu með þessu aðalmeðalverði, sem þá kæmi fram, nefnilega 23 rbdd., og sem þannig mætti má ske álita sennilegt verð á hverju meðalhundraði í amtinu, því þar með mundi of mjög aukast tala hundraðanna frá því, sem nú er í þeim sýslum, sem matið væri í hærra lagi, en minka aptur of mjög í þeim sýslum, þar sem matið væri heldur lágt.

Því hefur amtmanni þessum fundizt það mundi verða sá eini rètti og tiltækilegi vegur til þess, að lagfæra svo matið í vesturamtinu, að það yrði að notum, að deila aðalvirðíngarsummu hinna ýmsu sýslna með deilirum, hverra upphæð nálgaðist það meðalverð hvers jarðarhundraðs í hverri sýslu, sem hann hefur fundið að væri eptir jarðavirðíngu þessa mats.

En nefndinni er ekki öldúngis ljóst, að hve miklu leyti mundi hafa tekizt, að jafna jarðamatið í vesturamtinu á þennan veg, þó að aðalmælikvarðanum frá 1848 hefði verið haldið. En það finnst henni auðsætt, að þegar yfir allt land er litið, þá mundi þessi aðferð, til þess að bæta galla jarðamatsins, og jafna misfellur þess alstaðar, naumast hafa reynzt einhlít; því hún virðist of mjög að styðjast við svo sem sjálfgefið, sem þó fer fjærri að er, að hinn forni jarðadýrleiki eða hundraðatal sè nokkurn veginn jafn alstaðar eptir jarðargæðum, en þetta fer mjög fjærri, eins og kunnugt er, bæði innbyrðis í sýslum, og þó einkum milli sýslna innbyrðis. Það er t. a. m. kunnugt, að í Múla- og Skaptafells-sýslunum eru jarðir yfir höfuð að tala með

miklu lægri hundraðatölu, en í flestum öðrum sýslum, og að hin fornu stólsgóz eru með töluvert hærri hundraðatölu, en t. a. m. hinar upprunalegu bænda-eignarjarðir.

Þetta virðist nefndinni vera einkar-athugavert við þessa uppástúngu, og gjöra, að henni mundi vart verða komið við, til að lagfæra jarðamatið yfir allt land, hvorki þó jafnvel hinum lögákveðna mælikvarða 1848 hefði verið haldið, sem eptir grundvallarreglum sínum alls ekki var, og gat ekki verið, bundinn við eða haft tillit til hins misjafna forna hundraðatals, og því síður nú, þegar nefndin verður að ráða til, að hverfa frá þessum mælikvarða, en aðhyllast hinn, sem ráðherrann hefur bent til, *„hið hæfilega jarða-afgjald, sem gjöra má ráð fyrir“;* því þetta er því síður bundið við eða fer að neinu eptir hinu forna hundraðatali.

En til þess, að koma við og hafa þennan síðast nefnda undirstöðu-mælikvarða, bæði fyrir jarðamatinu yfir höfuð, og til að bæta úr þeim göllum og misfellum, sem eru á þessu síðasta jarðamati, hefur ráðherrann ekki bent á neina aðferð, og finnst nefndinni, að hún megi helzt vera með þrennu móti:

1, að jarðamatsnefnd, sem sè útbúin með glöggu og eindregnu erindisbrèfi, og öllum þeim skýrslum, sem fáanlegar eru, og geta lotið að ætlunarverki hennar, ferðist þegar um allt land, og meti á hverri jörð „það gjald, sem gjöra má ráð fyrir að sè rètt og sanngjarnt“, án alls tillits til hins síðast afgeingna jarðamats.

2. að eiðsvarnir menn í hverjum hrepp meti upp aptur, og án alls tillits til hins síðasta jarðamats, allar jarðir svo, að þeir leggi til undirstöðu fyrir virðingunni „það gjald, sem gjöra má ráð fyrir að sanngjarnt sè“, en eiðsvarnir yfirmatsmenn í hverri sýslu, með forgaungu sýslumanns, rannsaki aptur og jafni þetta hreppamat, og setji það í rètta samhljóðun og hlutfall yfir alla sýsluna; síðan komi amtmenn, með tilstyrk allra sýslumanna í hverju umdæmi, samhljóðun og innbyrðis jöfnuði á jarðamatið, hver í sínu amti, en amtmenn fyndist því næst allir í Reykjavík nokkrum vikum á undan alþingi, og jöfnuðu þetta mat í ömtunum innbyrðis, áður en það yrði lagt fyrir þingið til þeirrar síðustu meðferðar og úrslita, sem tilskip. 27. maí 1848, § 5, ætlar því.

Hin 3. aðferð finnst nefndinni mætti vera sú, *en þótt þessum aðalmælikvarða væri haldið* og hann lagður til grund-

vallar, sem ráðherrann hefur bent til, og nefndin verður að fallast á að eigi að halda, svo sem verður: að *hafa þetta síðasta jarðamat sumpart til stuðnings, en sumpart halda því óbreyttu eða lítt breyttu, bæði á hverri þeirri jörð, og einkum í hverju því hèraði eða sýslu,* þar sem gallar jarðamats þessa og ójöfnur eru ekki og reynast ekki svo auðsènar og verulegar, að þessu verði með eingu móti við komið.

Hin fyrsta aðferð, sem hèr er bent til, er, eins og kunnugt er, hin vanalegasta í öllum löndum, og víst í sjálfu sèr hin áreiðanlegasta, þegar hún er að öllu svo undir búin sem skyldi, bæði að mannvali því, sem jarðamatið er falið á hendur, að glöggu og vönduðu erindisbrèfi, og að öllum fáanlegum skýrslum um undanfarið fjármagn jarðanna, skuldsetníngu þeirra, o. fl.; þessari aðferð var og þegar haldið fram með miklu afli og allgildum ástæðum af einstöku þíngmönnum, þegar hin nýja jarðamatslöggjöf var rædd 1847. En bæði tillit til hins mikla kostnaðar, sem af slíku jarðamati mundi leiða, og til þess, hversu þær 2 öldúngis samkynja jarðamatstilraunir misheppnuðust hèr um 2 seinast liðin aldamót, og svo má ske einkum það aðgeingilega í þeirri ástæðu, sem þá var boðin fram af stjórninni, að þeir skynsömustu og reyndustu og kunnugustu menn í *hverjum hrepp* hlytu að vera færastir til, að meta jarðirnar, og þó með lángtum minni kostnaði fyrir land allt, allt slíkt tillit og skoðun mun einkum hafa knúið þíngið til, að fallast á þá aðferð jarðamatsins, sem stjórnin þá, 1847, stakk upp á, en sem nú að afleiðíngunum til, og þegar verk þetta er skoðað í heild sinni, reynist með svo verulegum misfellum og ójöfnum, líkt og hin jarðamötin um aldamótin, að það verður með eingu móti notað, eins og það er, eða að minnsta kosti án töluverðra og verulegra umbóta. Allt um það þykir nefndinni nú næsta ísjárvert, og verulegt því til vandkvæða, að stínga upp á, að öldúngis nýtt og frá rótum byrjað jarðamat skuli nú fara fram yfir allt land fyrir umreisandi jarðamatsnefnd; því það er ekki að eins hinn afarmikli kostnaður og hinn mikli tími, sem til þessa mundi útheimtast, ef nokkur von ætti að vera um, að það yrði leyst viðunanlega og áreiðanlega af hendi, sem gjörir slíka uppástúngu viðsjála, heldur og einkum það, að slíkt jarðamat mundi nú, hvernig sem það tækist, verða fyrir óvinsæld og tortryggni flestra landsmanna, einmitt fyrir það, að öllum hinum betri og skynsamari hluta þeirra var fyrir svo fáum árum falið eptir sínum

sáluhjálpar-eiði, að meta jarðirnar sanngjarnlega, og, ef að nú þetta mat væri alstaðar, og hvað vel og rètt, sem það kynni að hafa tekizt í sumum hèruðum, gjört ógilt, og nýtt jarðamat, því víðast gagnstætt, kæmi nú þegar að vörmu spori fram frá 2 eða 3 umreisandi jarðamatsmönnum, þá mundi það mat mjög leingi sakna þess trausts og álits og vinsældar, sem slíkri almennri undirstöðu fyrir hinum ýmsu skyldum manna í innbyrðis viðskiptum og opinberum gjöldum er svo öldúngis ómissandi.

Með þessum athugasemdum við hina fyrstu jarðamatsaðferð hefur nefndin að mestu sýnt, hve ískyggileg einnig hin önnur aðferðin hlyti að reynast í öllum afleiðíngum sínum, þar sem hún lyti að því, eins og hin fyrri, að ónýta hið seinast afgeingna jarðamat, og hafa ekkert tillit til þess, en mundi þó reka að brunni hinna sömu gallanna og misfellanna, sem nú gjöra þetta nýja jarðamat óbrúkandi í heilu lagi, þeim nefnilega, að skoðun hinna ýmsu jarðamatsmanna í hreppunum, sem ættu að meta og ákveða þær sanngjörnu tekjur, sem gjöra mætti ráð fyrir, mundi verða eins og fyrri helzt til of sèrstaklega bundin við það, sem í *þeim hreppi* væri bæði að áliti manna og í raun og veru algeingast. Mundi því koma fram, einkum í heilu umdæmi, eins sundurleitar skoðanir og mat á *„sanngjörnum leigumála“*, eins og nú hefur orðið upp á um *„sanngjarnt jarðarverð“*, hverjar sundurleitu skoðanir einmitt hafa gjört þetta nýja jarðamat svo ósamkvæmt, og þess vegna óbrúkanlegt yfir höfuð að tala, eins og það er. Þar til ætlar nefndin, að eingan veginn megi eiga vist, nè að fyrir það verði girt með neinum áreiðanlegum reglum, að þessir nýju jarðamatsmenn, sem opt og víða mundu verða flestir hinir sömu, og áður möttu jarðirnar til *„sanngjarns verðs“*, hafi ekki, þegar þeir eiga nú að fara að meta hið *„sanngjarna afgjald“*, meira eður minna tillit til þess *verðs* á jörðinni, sem þeir áður með eiði hafa staðfest að þeir áliti sanngjarnt. Að minnsta kosti er bæði afsakanlegt og jafnvel eðlilegt, þó þetta yrði upp á. En ef svo færi, yrði þetta nýja mat víst einnig í þessu mjög áþekkt hinu fyrra.

Hinn einasti tiltækilegi vegur til þess, að hafa fram nokkurn veginn viðunanlegt og yfir allt land nokkurn veginn samhljóða jarðamat, verður því að nefndarinnar áliti sá þriðji, sem bent var til hèr að framan. Nefndin hefur þegar leitt nægileg rök að því, að eins og bæði hinn lögákveðni mælikvarði og

reglurnar frá stjórninni fyrir jarðamatinu hlutu að fram leiða, í hinum ýmsu sýslum, eptir því ólíkt og ósamhljóða jarðamat, þegar það væri borið saman sýslna í milli og amta, eptir því sem óumflýjanlegt var að þessi aðalmælikvarði og almennu reglur hlutu að verða skoðaðar, skildar og heimfærðar, bæði á sinn veginn í hverju hèraði, og með sèrstaklegu tilliti til sèrstaks ástands hinna ýmsu landspláza, þar sem þær átti að heimfæra, svo hafi og fyrir þessar reglur og þá ákvörðun, að hinum skynsömustu og beztu mönnum í hverjum hrepp var falið, að meta eptir þeim jarðirnar, sem þeir einir þekktu bezt, og aptur hinum skynsömustu og kunnugustu mönnum í gjörvallri sýslu hverri falið, að rannsaka þetta jarðamat, undir forustu eins og sama embættismanns, áunnizt sú mikilvæga og verulega niðurstaða (*Resultat*), *að í fleiri sýslum landsins, ef ekki í flestum, hafi þetta jarðamat orðið með svo mikilli innbyrðis samhljóðun og jöfnuði í hverri sýslu út af fyrir sig, að á þessu megi nokkurn veginn byggja í flestum þeirra.*

Hinn verulegasti aðalgalli á jarðamatinu í heild sinni, og sem því er öldúngis nauðsynlegt að umbæta og laga, er þannig sá gallinn, að þegar jarðamatið er borið saman í hinum ýmsu sýslum innbyrðis, þá er virðíng jarðanna *mjög misjöfn,* en þó svo, að þetta kemur auðsjáanlega mest og bezt, og miklu fremur af hinum ýmsa skilníngi á mælikvarðanum og reglunum fyrir jarðamatinu, og af hinu ólíka og sèrstaklega sjónarmiði, sem geingið hefur verið út frá, heldur en af því, að jarðeignirnar sèu yfir höfuð að tala svo miklu lakari, eða svo miklu of hátt eða lágt leigðar í einni sýslunni en annari, svo að t. a. m. í sumum sýslum sèu rètt virtar þær jarðir, sem nú eru með 9—12 *procent*- leigumála af virðíngarverðinu, eða jafnvel sumstaðar þar yfir, en aptur í sumum sýslum svo virðíngin, að jarðargjaldið sè ekki nema 4 *procent* af henni eða tæplega það. Því svona mishátt reynist jarðamatið í hinum ýmsu sýslum, í samanburði við jarðargjöldin, sem þar eru nú, og hefur nefndin fyrir hinar lögákveðnu skýrslur yfir jarðagjöldin, til endurgjalds alþíngiskostnaðinum, sèð sèr fært, að rannsaka þetta hlutfall í flestum sýslum, og komizt að þeirri niðurstöðu um það, sem nú var getið, og svo þar í milli.

Fyrir hinar sömu tilraunir hefur nefndin einnig getað geingið úr skugga um, að í einstöku sýslunum sjálfum muni jarðamatið vera ekki sem bezt samhljóða eða jafnt, þegar matið í

hreppunum er borið saman innbyrðis. Auk þess, sem t. a. m. matið í Snæfellsness-, Dala- og Barðastrandar-sýslum er næsta lágt í hverri um sig, í samanburði við það, sem er í hinum öðrum sýslum í vesturamtinu, eins og amtmaðurinn hefur líka tekið fram í skýrslu sinni til stjórnarinnar, svo virðist það og að vera með nokkurri innbyrðis ósamhljóðan í hverri þessari sýslunni um sig, einkum í Snæfellsnessýslu, sem amtmaðurinn hefur einnig drepið á, og hvar af það hefði komið. Hið sama ætlar nefndin verði upp á um einstaka hrepp í Norður-Múlasýslu, og um fleiri hreppa í Suður-Múlasýslu, eins og amtmaðurinn í norður- og austur-amtinu einnig hefur bent stjórninni til í sinni skýrslu. En þó það virðist í fljótu máli, sem hinu sama sé að skipta í Skaptafellssýslunum, þá sýnist nokkurn veginn sennileg rök vera komin fram fyrir því í skýrslu sýslumannsins, sem þá var þar, að hin sýnilega misjafna virðing í hreppunum innbyrðis sé fólgin bæði í verulegum áföllum, sem jarðir í þeim plázum liggi undir, og svo einnig í öðrum verulegum mismun jarðargæðanna í hinum ýmsu hreppum. En í slíkum innbyrðis mismun jarðamatsins í einstökum sýslum, hverri út af fyrir sig, kemur fram *hinn annar galli,* sem þarf að umbæta.

Hinn 3. flokkur af misfellum við þetta síðasta jarðamat, sem einnig er öldúngis nauðsynlegt að jafna og laga, er fólginn í hinu sérstaklega *(relative)* og ólíka og sundurleita sjónarmiði, sem jarðamatsmenn í hinum sérstöku sýslum hafa geingið út frá, og í þeim öldúngis ólíka og sundurleita skilníngi, sem þeir hafa haft á reglum stjórnarinnar, og hinni sundurleitu aðferð á, að heimfæra þær, þegar þeir hafa verið að meta: 1, bændakirkjueignir, þar sem sumir hafa dregið prestsmötuna frá, en aðrir ekkert tillit haft til hennar; 2, kúgildi jarða yfir höfuð, þar sem sumstaðar hefur verið haft tillit til leigunnar af þeim, en sumstaðar ekki; 3, höfuðból og hjáleigur, sem á sumum stöðum hefur verið sleingt saman, en aptur á öðrum stöðum hafa höfuðbólin verið matin sér, og hjáleigurnar sér; 4, hlunnindi jarðanna, sem hafa verið matin með mjög misjöfnum mælikvarða, og verður nefndin sérstaklega í þessu atriði að taka fram húsmanna-tolla á sjávarjörðum, sem er mjög óljóst um, hvort og að hve miklu leyti matsmenn hafa haft tillit til eður ekki; og 5, hin verulegu áföll og rýrnun jarðanna.

Til þess að bæta um þessa galla, er nefndin eindregið á

því, eins og áður er sagt, að hvorki þurfi að ónýta allt hið næst-afgeingna jarðamat, heldur megi einmitt hafa af því mikinn stuðníng til þess, að jafna og laga þessar misfellur, og því sè ekki heldur það einasta úrræði, til að jafna þær, það, að nú þegar væru teknir til þess umreisandi menn yfir allt land, sem bæði mundi valda afar-miklum kostnaði fram yfir það, sem nefndin ætlar að í raun og veru útheimtist, til að bæta um flesta og mestan hluta þessara galla, og sem þar að auki yrðu því að eins færir um, að laga þessa galla og misfellur til hlítar, og koma nægilegri og fullri samhljóðun á jarðamatið yfir gjörvallt landið, að þeir annaðhvort fyrst verðu miklum tíma og tilkostnaði, til að kynna sèr þetta jarðamat, og allar hinar verulegustu misfellur þess, bæði með því, að rannsaka það nákvæmlega, og kynna sèr hinar ýmsu aðferðir um það og framgángsmáta frá rótum, og með því, að skrifast á um þessi efni við hina áreiðanlegustu, hyggnustu og reyndustu menn í ýmsum fjórðúngum, eða að þeir, ef þeir byrjuðu strax án undirbúnings ferðir sínar, til að lagfæra jarðamatið, væru útbúnir með njög nákvæmu, einskorðuðu og glöggu erindisbrèfi, sem ekki mætti vænta að yrði búið til svo nákvæmt og fullkomið, sem skyldi og þörf væri á, nema einmitt af þeim mönnum, sem væru áður búnir að kynna sèr til hlítar þetta jarðamat og hinar ýmsu misfellur þess, og hvaðan þær væru sprottnar. Þetta nákvæma rannsak á öllum hinum ýmsu og sundurleitu aðferðum við jarðamatið, þeim sèrstaklegu sjónarmiðum, sem geingið hefur verið út frá, og þeim göllum og misfellum, sem þaðan eru sprottnar (en á þessleiðis nákvæmu rannsaki yrði þó erindisbrèf hinna umreisandi jarðamatsmanna að vera byggt, ef það ætti að vera svo nákvæmt og algjört sem skyldi), getur nefndin t. d. ekki ætlað hinni íslenzku stjórnardeild, bæði vegna þess, hvað það útheimtir sèrstaka reynslu og þekkíngu á óliku ásigkomulagi jarða og ástands í hinum ýmsu hèruðum landsins, og af því stjórnardeildin er of fjarlæg, til að geta leitað hinna sèrstaklegu nauðsynlegu upplýsínga hjá hinum skynsömustu og reyndustu og færustu mönnum, til að gefa þær, og þar að auki mundi henni ekki ætíð heppnast, sakir hinnar sömu fjarlægðar og ókunnugleika til slíkra manna, að hitta á þá, sem til þess væru færastir.

Nefndin hefur því komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða hinu heiðraða þíngi til, að biðja konúnginn, að setja nefnd þriggja

manna hèr í Reykjavík, sem þingið nú stingi upp á með meira en helming allra atkvæða, til þess, að þessi 3 manna nefnd sumpart lagi sjálf og umbæti, og sumpart, að svo miklu leyti, sem hún treystist ekki sjálf til þess, undir búi til lögunar og umbóta þá galla og misfellur, sem þeir nefndarmenn finna, bæði fyrir ýtarlegt rannsak sjálfra þeirra á jarðamatinu, að á því reynast, og með því að skrifast á um þessi efni, og leita um þau upplýsinga hjá einstökum hinum skynsömustu og reyndustu mönnum í hinum 4 landsfjórðúngum.

Vèr nefndarmenn teljum nefnilega nokkurn veginn víst, að ef þessi 3 manna nefnd yrði heppilega kosin (en vèr treystum hinu heiðraða þingi bezt, að stínga upp á þeim undir samþykki konúngs), muni á þennan veg geta tekizt að lagfæra og bæta um *meiri eða mestan hluta* þeirra galla og misfellna, sem nú eru á jarðamatinu, og sem vèr höfum tekið fram hèr að framan. En jafnframt getum vèr ekki samt sem áður talið eins víst, að þessum þremur mönnum auðnist, að jafna svo *alla* þá galla og misfellur, *á hverjum stað, og í hverju hèraði* landsins, að ekki geti rekið að því, að einn eða tvo menn verði að síðustu að senda til einstöku hèraða, til þess að kynna sèr á sjálfum staðnum uppruna og tilefni þeirra misfellna, sem þar reynast á, en sem þeir 3 hafa ekki svona hèrna á staðnum treyst sèr til að ráða úr, hvorki eptir upplýsingum frá skynsömum og kunnugum mönnum í sjálfum hèruðum, nè eptir þeim almennu upplýsingum, sem þeir hafa útvegað sèr á annan veg, og eptir þeim almennu reglum, sem þeir hafa komið sèr niður á til þess, að lagfæra og bæta um galla jarðamatsins yfir höfuð.

En nefndin verður að álíta víst, að hvorki gæti það orðið til margra hèraða, sem þessir erindsrekar þeirra þyrftu að fara, nè að þeir þyrftu að dvelja leingi á hverjum stað, og yrði þannig, þó að þessu bæri, hvorki svo óbærilegur kostnaður eða tímatöf, að hann væri ekki vel til vinnandi, til þess að fá sem mestan og áreiðanlegastan jöfnuð yfir jarðamatið allt, nè neinn líkur tilkostnaður og fyrirhöfn því, sem umreisandi jarðamatsnefnd, til þess að lagfæra jarðamatið frá upphafi, mundi leiða með sèr. Þessir erindsrekar 3 manna nefndarinnar mundu líka geta lokið því fljótar, og með því meiri vissu, störfum sínum, þar sem þau yrðu óumflýjanleg, sem þessi nefnd mundi, fyrir sitt undangeingna ýtarlega rannsak á jarðamatinu og tilraunir á að laga það, o. s. frv., geta bæði með nokkurn veginn

vissu bent þessum erindsrekum sínum á, *hvar* þeir einkum þyrftu að afla sèr nauðsynlegra upplýsínga um, bæði ástand jarða, o. s. frv., og *þá aðferð* og undirstöðu, sem hafi verið lögð þar til grundvallar fyrir þessu seinasta jarðamati, og *hvernig* þeir ættu að afla sèr þess konar upplýsínga, nefnil. með erindisbrèfi, sem væri byggt á hinum sömu aðalreglum, og 3 manna nefndin hefði sett sèr sjálf, til að lagfæra eptir jarðamatið yfir höfuð, og sem hún ein yrði fær um að semja svo glögglega og nákvæmlega, sem þörf er á, sakir þeirrar rannsóknar og lagfæríngа, sem hún væri þegar sjálf búin að gjöra á jarðamatinu, og þeirra upplýsínga, sem hún væri búin þar að lútandi að afla sèr úr öðrum hèruðum.

Nefndin hefur þegar bent til hèr að framan, að hún yrði að álíta hin aðgeingilegustu og vissustu og jafnvel einustu úrræði og veg, til að lagfæra aðalgalla og ójöfnur þessa jarðamats, þann, sem ráðherrann hefur bent til, „*tekjur þær af jörðunum, sem gjöra má ráð fyrir*“, eður hæfilegt afgjald þeirra, „*eptir þeim upplýsíngum, sem fáanlegar væru*“. Þetta verður og nefndin að leyfa sèr að fela þínginu, að það taki fram í álitsskjali sínu, er það ritar konúnginum um þetta mál, *sem beina uppástúngu,* svo að þeir 3 menn, sem settir yrðu, væru bundnir við, að leggja þennan mælikvarða til aðalundirstöðu fyrir lagfæríngum sínum.

Og vèr nefndarmenn finnum oss hvorki skylt nè fært, að taka fram neinar smágjörvar eður sèrstaklegar reglur fyrir því, *hvernig* þessum mælikvarða eigi sèrstaklega að koma við, bæði í einstökum tilfellum, eða yfir höfuð að tala, og vèr ætlum, að hið heiðraða þíng mundi naumast komast að neinni glöggri eður fastri niðurstöðu, þeirri, er bera mætti upp um beinar uppástúngur í þessum efnum, þó vèr nefndarmenn gætum tekið fram nokkrar slíkar reglur, og gæfum með þeim tilefni til umræðu á þíngi. Nefndin vonar, að ekki verði misst sjónar á, að þar sem hún hlýtur nú að stínga upp á, að ein 3 manna nefnd verði kosin, til að lagfæra jarðamatið *yfir allt land,* þá megi eiga víst, að reglur þær, sem hún setur sèr fyrir lagfæríngunum og leiðrèttíngunum eptir þessum aðalmælikvarða, verði bæði *almennar* og komi *almennt* niður, og á *einn veg alstaðar,* annaðhvort fyrir það, sem hún sèr sèr fært að leysa af hendi í þessu efni, eða fyrir erindsreka sína á þeim stöðum, sem hún treystist ekki sjálf til að fullgjöra lagfæríngarnar. Og með þessu álítur nefndin ekki að eins fyrirbyggt, heldur og ómögu-

legt, að nokkurt líkt sèrstaklegt, við einstöku hrepp eða hèruð bundið *(relativt)* tillit geti átt sèr stað í þessum lagfæringum, eins og nú komu fram í jarðamatinu, og sem einmitt og einkanlega gjöra þessar lagfæringar nauðsynlegar, þar sem þó þessu sèrstaklega tilliti aptur verður haldið óröskuðu í jarðamatinu víðast og yfir höfuð að tala, að svo miklu leyti, sem það er grundvallað á sèrstakri þekkingu jarðamatsmanna á mismunandi gæðum og göllum hinna einstöku jarða í sama hreppi, og hinna einstöku hreppa í sömu sýslunni.

Það gefur og að skilja, að þó aðalmælikvarði sá, sem ráðherrann hefur bent á, og nefndin verður að aðhyllast, muni nægja til þess, að hinir sömu 3 menn geti leiðrètt aðalójöfnuð þann, sem er á jarðamatinu, bæði milli sýslnanna innbyrðis yfir allt land, og milli hinna einstöku hreppa í þeim fáu sýslum, þar sem þar á reynast ójöfnur, þá hvorki nægir sá mælikvarði, nè á við, til að lagfæra galla og misfellur á jarðamatinu, sem nefndin hefur tekið fram í 3. flokkinum hèr að framan, um hið misjafna mat á bændakirkjujörðum, kúgildum, o. s. frv.

Til þess að jafna allar slíkar misfellur, mun 3 manna nefndin, eptir það hún er búin að leita um undirrót þeirra, og þær ýmsu aðferðir, sem hafa verið við hafðar í þeim efnum, allra þeirra upplýsinga og skýrslna, sem auðið verður að fá, einnig geta sett sèr sjálfri þær hentugustu og beztu aðalreglur, til að jafna hverja tegund þessara galla um sig, sem megi koma við alstaðar á einn og sama veg, og þannig einnig geta komið nokkurn veginn samhljóðun á þessar greinir jarðamatsins. En nefndin álítur bæði óþarft og sèr of vaxið, að kveða upp um þessar reglur neinar uppástúngur.

Nefndin hefur þegar opt sýnt fram á, að, ef þessi 3 manna nefnd yrði sett, þá hlyti hún að leita sèr ýmislegra áreiðanlegra og glöggra upplýsinga, ekki að eins frá sýslumönnum og amtmönnum, sem yrði að gjöra að skyldu, að láta þeim þær skýrslur og upplýsingar í tè, sem þeim væri auðið, og nefndin beiddist eptir, heldur einnig úr ýmsum hèruðum landsins, bæði fjær og nær. Undir þessum upplýsingum, nákvæmni þeirra og áreiðanlegleik yrði það mjög mikið komið, hvað miklar og góðar lagfæringar nefndin sjálf gæti leyst af hendi. Því hefur oss og flestum komið ásamt, að 3 manna nefndinni yrði leyft, að kjósa sèr tiltekna menn, t. d. 3 í hverju amti, til þess að mega, gegn vissri hæfilegri þóknun, eiga aðgáng

að þeim um þær skýrslur og upplýsingar, sem henni finnst nauðsyn á að afla sèr, bæði um ástand ýmsra hèraða yfir höfuð að tala, þær ýmsu reglur og aðferð, sem jarðamatsmenn hafi brúkað í hinum ýmsu sýslum, o. fl. Því finnur nefndin nauðsyn á, að þingið gjöri uppástúngu um, að 3 manna nefndinni verði leyft, að sjá sèr út, gegn hæfilegri þóknun, 3 menn í hverju amti, til að skrifast á við, og leita hjá nauðsynlegra upplýsínga, einkum í vesturamtinu og norður-og austur-amtinu.

Nefndin hefur þegar bent til, að þessi aðferð, til að lagfæra jarðamatið, mundi ekki að eins verða hin líklegasta og affarabezta, heldur og einnig hin láng-kostnaðar-minnsta. Ef þeir 3 væru teknir einkum meðal embættismanna í Reykjavík, þá mundi ekki þurfa að launa þeim þennan starfa stórkostlegum launum, heldur að eins hæfilegri þóknun, t. a. m. 3—400 rbdd. hverjum þeirra, og má ske að auki til skriffánga og skrifaralauna 100 rbdd. Vèr ímyndum oss einnig, að þeir menn, sem 3 manna nefndin kysi sèr, til að skrifast á við, og leita hjá nauðsynlegra upplýsínga, mundi nægja 50 rbdd. þóknun, hverjum þeirra, og að má ske ekki þyrfti nema 1 slíkan mann í suðuramtinu, þar sem nefndin er sjálf, og hefði að líkindum allmikinn kunnugleik á því, sem hún þyrfti að leita sèr upplýsínga um annarstaðar. Lagfæring þessa jarðamats mundi því, að því leyti, sem nú verður fyrir sèð (því um kostnað þann, sem af umreisandi erindsrekum nefndarinnar mundi leiða, ef að því bæri, að þeirra þyrfti við, verður, eins og auðskilið er, ekkert ráðgjört um svona fyrir fram), leiða af sèr þennan kostnað:

a, til 3 manna nefndarinnar og kostnaðar við ritstörf 1000 rbdd.

b, til þeirra 7 manna, sem nefndin þarf að eiga vísa, til að skrifast á við, 50 rbdd. til hvers þeirra, 350 rbdd.

= 1350 rbdd.

Og verður nefndin að ráða þinginu til, að biðja konúnginn, að þessi kostnaður verði lagður út fyrir fram úr jarðabókarsjóðnum, til að lagfæra og jafna galla jarðamatsins.

Af öllum þeim ástæðum, sem nú eru til færðar, leyfir nefndin sèr að stínga upp á, að hið heiðraða þíng leggi til og taki fram í álitsskjali sínu til konúngsins um þetta mál, eptirfylgjandi uppástúngur:

1. *Að konúngur láti sem fyrst, að verða má, lagfæra og bæta um hina verulegustu galla og misfellur jarðamatsins, sem*

fór fram hèr á landi árin 1849—50, einkum svo, að þessi almenni mælikvarði, „tekjur þær, sem gjöra má ráð fyrir af jörðunum, eptir þeim skýrslum, sem fáanlegar eru“, verði lagður til grundvallar fyrir lagfæringum aðalgallanna hins misjafna jarðamats í hinum ýmsu sýslum.

2. *Að til þess, að laga og bæta um, bæði þessa aðalgalla og aðrar misfellur jarðamatsins, verði sett þegar í haust nefnd 3 manna, þeirra, er alþingi nú stingur upp á.*
3. *Að hverjum þessara 3 manna verði veitt 300 rbdd. þóknun fyrir þennan starfa.*
4. *Að þeim verði einnig veittir 100 rbdd., til að standast kostnað við ritstörf öll, sem að ætlunarverki þeirra lúta.*
5. *Að þeim verði leyft, að kjósa sèr 3 menn í hverju amti, vesturamtinu og norður- og austur-amtinu, og, ef við þykir þurfa, 1 í suðuramtinu, til þess að skrifast á við, og leita hjá allra þeirra upplýsinga og skýrslna viðvíkjandi jarðamatinu, sem þeim þykir þörf á.*
6. *Að þessum 7 aðstoðarmönnum verði hverjum um sig veitt 50 rbdd. þóknun.*
7. *Að allan þann kostnað, sem getið er í 3., 4. og 6. uppástúngu, megi greiða fyrir fram úr jarðabókarsjóðnum.*
8. *Að amtmönnum og sýslumönnum landsins verði gjört að skyldu, að láta þessari 3 manna nefnd allar þær skýrslur og upplýsingar í tè, sem unnt er, og hún beiðist.*
9. *Að konúngur leggi samþykki sitt til, að 1 eða 2 menn, annaðhvort af nefndarmönnum sjálfum, eða þeim, sem nefndin stingur upp á við stjórnina, ferðist á opinberan kostnað til þeirra hèraða, sem nefndinni fyndist og færði rök að fyrir konúngi, að henni væri ekki unnt að lagfæra í jarðamatið á annan veg, með því erindisbrèfi, sem nefndin stýngi upp á, en konúngur síðan samþykkti.*

Þar að auki leyfir nefndin sèr að stínga upp á við hið heiðraða þíng:

að alþingi nú, eptir meir en helming allra atkvæða stingi upp á þeim 3 mönnum, sem það biður konúng um að setja í þessa nefnd.

Reykjavík, 2. ágúst 1853.

J. Guðmundsson, J. Jónsson. Ó. Sivertsen. Á. Einarsson.
Skrifari nefnd. og framsögumaður. *G. Brandsson. J. Samsonsson.*
M. Andrèsson. Þ. Sveinbjörnsson.

Þó eg í ýmsu tilliti ekki geti verið meðnefndarmönnum mínum samdóma, vil eg samt af ástæðum þeim, sem eg skal greina frá á þinginu, aðhyllast uppástúngur þeirra til þingsins.

Reykjavík, 3. ágúst 1853.

J. P. Havstein,
formaður.

Framsögumaður: Eg skal fúslega játa það, að nefndarálit þetta er nokkuð fjölort, og má ske fjölorðara, en það hefði þurft að vera. Eg, sem nefndin fól það á hendur, að semja og rita álitsskjal þetta, áleit það meiru varða í svo mikilvægu og flóknu máli sem þessu, að taka ljóslega og skýlaust fram stefnu nefndarinnar, heldur en að berjast við, að hafa það stutt fáort.

Aðalþánkagángurinn í álitsskjali nefndarinnar er sá, að jarðamatið hafi marga verulega galla, og sè ekki hafandi, eins og það er, þegar yfir allt land er litið; en aptur sè þó margt í því svo gott, að því sè eingan veginn alveg kastandi. Það er einkum einn verulegur kostur, sem það hefur, og sem eg vil taka fram, en það er, að vegna þess, að, samkvæmt boði stjórnarinnar 1848, hinir kunnugustu menn voru skipaðir til, að meta jarðirnar, þá er innbyrðis mismunur á gæðum jarðanna í hverjum hrepp og hverri sýslu út af fyrir sig kominn fram í matinu. Annað mál er um það, að reglurnar hafa verið misjafnt skildar, og bæði þær og aðalmælikvarðinn fyrir jarðamatinu heimfærður á sinn veg og eptir óliku sjónarmiði í hverri sýslunni út af fyrir sig, og af því leiðir þann aðalókost, sem á jarðamatinu er, nefnilega ójöfnuður sá, sem á því verður, þegar það er skoðað í heild sinni um land allt, og hver sýslan borin saman við aðra. Nefndin hefur því tekið þá aðferðina, sem henni þótti hagkvæmust, og það er, að halda því fram, að jarðamati þessu verði ekki alveg kastað, heldur lagað og jafnað, og því hefur hún stúngið upp á þessari 3 manna nefnd í Reykjavík. Það er sjálfsagt, að þetta er mikið og vandasamt verk fyrir þessa 3 menn; því að líkindum eru það mjög fáar sýslur, sem jarðamatið gæti verið óhaggað í, þó það yrði lagt til grundvallar, heldur mundi þurfa að breyta matinu rètt á hverri jörð, eptir einum og sömu reglum. Þó að nú nefndin yrði að vera á því, að, ef þessi 3 manna nefnd yrði heppilega valin, þá mundi hún að vísu geta lagfært mikið, þá áleit hún samt ekk

hyggilegt, að gjöra ekki ráð fyrir stöku stöðum, sem 3 manna nefndin gæti ekki með hinum tilteknu aðstoðarmönnum komið við þessari lagfæringu, og því leizt henni, að stínga upp á þessum umreisandi mönnum. Aðalmeiníng nefndarinnar var sú, að gjöra strax ráð fyrir, til hvaða ráða skyldi grípa, þegar svo bæri undir, til þess, að koma í veg fyrir ný umsvif og vandræði, og hvorki var það meiníng nefndarinnar nè mín, að þessarar umreisandi nefndar mundi opt eða víða við þurfa, eða til margra hèraða, eða að hún þyrfti að dvelja leingi á hverjum stað.

Hvað kostnaðinn áhrærir, sem af þessari 3 manna nefnd mundi leiða, þá vil eg geta þess, að eingin áætlun um hann kom til tals á þeim 10 eða 11 fundum, sem nefndin átti með sèr. En þegar eg fór að rita nefndarálitið, sá eg, að slík kostnaðaráætlun var nauðsynleg, og fannst mèr og fleirum, sem eg átti þá tal við um það mál, að þau verk, sem 3 manna nefndinni voru ætluð, væru svo yfirgripsmikil og vandasöm, að varla mundi mega ætla, að neinn vildi gánga að því fyrir minna, en 300 rbdd.

Eg skal ekki fara fleirum orðum um mál þetta, fyrri en umræðurnar kunna að gefa mèr tilefni til þess.

J. P. Havstein: Eg bað um orðið einúngis til þess, að skýra þíngmönnum frá ástæðum mínum fyrir, að eg hef aðhyllzt uppástúngur minna heiðruðu meðnefndarmanna, þó eg í ýmsu tilliti hafi átt örðugt með, að vera þeim samdóma, og þótt þeir ekki hafi viljað fallast á það, sem eg hef fram fylgt á fundum vorum. Ástæðurnar eru þessar: Í nefndinni voru 5 bændur, en bændur störfuðu mestmegnis að jarðamatinu, er fram fór árin 1849 og 1850, *sem vèr hèr eigum* að segja álit vort um; bændur með öðrum jarðeigendum eiga að bera þann kostnað, sem af því hefur leitt og enn fremur leiðir af leiðrèttíngu þess, og bændur eiga að búa undir jarðamatinu framvegis, hvernig sem það svo verður af hendi leyst; þessa vegna vildi eg ekki vera móthverfur uppástúngum meðnefndarmanna minna, þó mèr lítist eingan veginn vel á þær.

Þ. Jónassen: Þegar jarðamatið fyrst kom til umræðu hèr á þíngi, var því spáð, að það mundi eiga lángt í land. Því var líka spáð, að af aðferð þeirri, sem við átti að hafa, mundi leiða, að málið eptir á mundi verða innbyrðis ósamhljóða, og yfir höfuð óáreiðanlegt. Þetta er nú komið fram, og enda í rýmra skilníngi, en þá var gjört ráð fyrir. Það er nefnilega

nú svo komið, að það er mikill vafi á því, hvort ekki muni réttast, að kasta jarðamatsverkinu öldúngis, og má með sanni segja, ef það yrði niðurstaðan, að hafi sumum þótt sum mál lykta hèr sorglega, að þetta þá lykti hörmulega. Að þetta sè ekki of hermt, það vottar nefndarálit það í málinu, sem nú var lesið upp fyrir þínginu, og þetta nefndarálit er samið af þeim þingmönnum, sem bezt voru færir um, að fjalla um málið, og þeir hafa haft það til meðferðar allan þingtímann, og hèr um bil helmíngur þingmanna hefur setið í nefndinni; en hver verður svo hjá þeim niðurstaðan? Hún verður sú, að jarðamatið, eins og það er, sè *óhafandi*, en til þess að kasta því þó ekki algjörlega, stíngur nefndin upp á því, að setja 3 manna nefnd, sem mætti kalla sitjandi nefnd, hèr í Reykjavík, og henni er ætlað, að yfirfara allt jarðamatsverkið, að laga misfellurnar, og koma í það innbyrðis samhljóðun; en svo eru henni til styrktar ætlaðar 2 nefndir út í landinu, sem hún skrifist á við um vantandi skýrslur og upplýsíngar, og loks er þó gjört ráð fyrir, að aðalnefndin í Reykjavík kunni að þurfa að taka sèr ferð á hendur út um land til þess, að skoða jarðirnar, og kynna sèr allar kríngumstæður. Þetta er nú, ef til vill, það einasta úrræði til þess, að halda lífi í jarðamatinu, en eg er þó eingan veginn sannfærður um, að jarðamatinu verði með þessum hætti við bjargað. Nefndinni í Reykjavík er ætlað, eins og eg tók fram, að laga allt jarðamatið, og koma í það fullri samhljóðun; þannig verður nefndin, að eg ætla, að laga og breyta verði næstum á hverri jörð í landinu samkvæmt afgjaldinu á jörðunum hæfilega metnu; því virðíngarverð jarðanna og afgjald þeirra stendur nú sem stendur í eingri innbyrðis samhljóðun. Þetta á nefndin að gjöra á hnè sínu, og þessu vandaverki á hún að hafa lokið til næsta þings; en hvar er nokkur vissa fyrir því, að nefndin, þó hún yrði sett, geti komið þessu af, eða þó heldur fyrir því, að nefndinni takist, að leysa verk sitt svo af hendi, að ekki verði, þegar aðgjörðir hennar koma til þíngsins, sama niðurstaðan og nú, að þínginu þyki þá allt verk hennar óhafandi, og þurfi þá að yrkja upp á nýjan stofn? eða eru nokkur líkindi fyrir því, að nefndinni takist betur, en kunnugum og skynsömustu mönnunum í hverri sveit hefur tekizt, að leysa af hendi jarðamatið? Eg held þetta geti verið miklum efa undirorpið; en nú vil eg gjöra ráð fyrir, að nefndinni takist, að laga jarðamatið þannig, að málið aptur geti tekizt fyrir

á þinginu í næsta sinni, svo að því búnu yrði farið að búa til jarðabókar-frumvarp. Þetta frumvarp gjöri eg ráð fyrir yrði þá prentað, svo það gæti orðið kunnugt almenníngi, og öllum gefist kostur á, að átta sig í því, og að gjöra athugasemdir sínar við frumvarpið, og að þetta frumvarp verði svona látið bíða 4—5 ár, áður en algjörlega væri farið að búa til jarðabókina. En getur þá ekki farið svo, að þær margbreyttu skoðanir, sem gjöra má ráð fyrir kæmu fram við jarðabókarfrumvarpið, yrðu svo margar og svo fráleitar hver annari, að það yrði ókljúfandi, að koma þeim saman og sameina þær allar í eina heild; eg held þetta líka geti verið vafamál. Með þessum orðum mínum vil eg þó ekki leggja beinlínis á móti uppástúngu nefndarinnar; því mèr þykir viðurhlutamikið, að kasta jarðamatinu, ef nokkur kostur er á, að bjarga því við, og það er þó mögulegt, að uppástúnga nefndarinnar geti gjört það, þó efi geti að vísu á því leikið.

Eg viðurkenni að öðru leyti, að nefndarálitið er samið með mikilli alúð, þó það, ef til vill, sè nokkuð margort, og er það víst af því, að nefndin hefur viljað skýra málið sem bezt, og gjöra það sem greinilegast fyrir þínginu.

Að lyktum, og áður en eg sezt niður, skal eg leyfa mèr þá athugasemd, að þetta mál er mèr þess ljós vottur, að annað eins vandaverk, og jarðamat er í hverju landi, rèttast er falið einum og sömu mönnum um allt land. Þetta var tekið fram af einum þíngmanni, þegar jarðamatið kom fyrst til umræðu hèr á þíngi árið 1847, og því var miður, að þíngið ekki þá aðhylltist þessa skoðun á málinu. Mèr er næst að halda, að það reki að þessu á endanum; það er óskandi, að þessar verði ekki málalyktir.

H. Stephensen: Því er nú miður, að eg er of ókunnugur jarðamatsmálinu til þess, að geta talað svo um það, sem eg vildi, og þar að auki hefur hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður sagt margt af því, sem eg vildi talað hafa, svo þess fáorðari get eg verið. En samt sem áður finnst mèr það þó skylda mín, að láta í ljósi meiníngu mína um málefni þetta.

Innanríkisráðherrann hefur bent á, að hentugasta og bezta, og má ske sú einasta aðferðin, til að fá jöfnuð á jarðamatið, væri sú, að taka til greina og byggja á hæfilegu afgjaldi jarðanna. Þetta var meiníng margra á alþíngi 1847, en þó varð það upp á, að fara eptir söluverði, sem bæði seljandi og

kaupandi álitust skaðlausir af. Eptir þessum tillögum alþingis samdi stjórnin ýmsar reglur fyrir jarðamatsmennina, en nú sè eg ekki betur, en að nefndin hafi játað, að þessar reglur hafi ekki verið góðar, þar eð menn hafi villzt á þeim og misskilið þær, og mèr finnst hún vera komin inn á skoðun innanríkisráðherrans, nefnilega, að sanngjarnt afgjald jarðanna væri lagt til grundvallar fyrir matinu, og það *var* nú mín meiníng 1847, og *er* enn mín meiníng 1853. Nefndin hefur þess vegna að minni ætlun gjört vel í því, að látast hafa þessa skoðun. En þegar hún er búin að húðfletta þetta jarðamat, sem er, og það líklega með fullum ástæðum, þá vill hún undir eins á eptir taka það og leggja til grundvallar. Það er nú í fyrsta sinni, sem eg hef heyrt, að byggjandi væri á því, sem vitlaust er frá botni og grunni. Nefndin vill kjósa 3 menn í sitjandi nefnd, eins og hinn heiðraði 4. konúngkjörni þíngmaður kallaði hana, fyrir 300 rbdd. hvern. Ef nefndin hefur nú meint, eins og mèr finnst liggja næst orðum hennar, að þetta sè borgun fyrir allt verkið, þá eru það 30 rbdd. um árið, sem hver þeirra fær; því eg er viss um, að þeir verða ekki búnir að ljúka starfa sínum af á minna en 10 árum, og meta hverja jörð út um allt land. Nefndin í Reykjavík mun varla sitja svo hátt, að hún sjái alla þá galla, sem eru á jarðamatinu; því eg þykist viss um þessi nefnd, sem nú er, hafi ekki sèð 10. hvern galla á því. Mèr þætti og fýsilegt mjög að vita, hvort nefndin ætlar, að 3 manna nefnd þessi skuli nú þegar verða sett niður af þínginu, án þess stjórnin staðfesti kosníngu hennar; því eigi stjórnin að staðfesta hana, þá dregst nokkuð í tímann með það, en henni mun ekki veita af, þó hún gæti tekið til starfa fyr en seinna. Sè það nú meiníng nefndarinnar, að þessi 3 manna nefnd taki þegar til starfa, þá á hún víst að búa sèr til erindisbrèf sjálf. Það er líka öldúngis nýtt fyrir mínum eyrum. Og þar að auki á sitjandi nefndin að búa til erindisbrèf handa hinni fljúgandi nefnd, og mun þar sannast hið fornkveðna, að sveltur sitjandi kráka, en fljúgandi fær; því hin fljúgandi nefnd kann þó að fá dálítil kynni af stöku jörð út um landið, þar sem hin sitjandi nefnd fær þau eingin. Að amtmenn veiti nefnd þessari allar þær upplýsíngar, sem þeir eru færir um, þykir mèr sanngjarnt. En hvað snertir þennan eina aðstoðarmann í suðuramtinu, þá get eg vel ímyndað mèr, að hann verði ekki svo nákunnugur hverri jörð í amtinu, að hann fái gefið allar þær

upplýsingar, sem þurfa kynni; því eg get ímyndað mèr, að amtmaðurinn í suðuramtinu væri ekki svo miklu kunnugri jarðagjöldum sanngjörnum í sínu amti, en hinir amtmennirnir í sínum, og að eins geti farið um kunnugleika nefndarinnar sjálfrar í suðuramtinu, eins og í norður- og vestur-amtinu. Nefndin hefur tekið sanngjarna jarða-afgjaldið sem aðalundirstöðu fyrir jarðamatinu. Það mun nú óvíða vera gjört í því mati, sem nú er, svo hèr þarf þá að breyta grundvellinum með öllu.

Eg man ekki með vissu, því eg er svo gleyminn orðinn — (*Framsögumaður*: Það höfum við nú heyrt af ræðu þingmannsins, að hann er gleyminn) —, hvort nefndin ætlast til, að jarðamatsmenn þurfi að hafa tillit til fjarlægra hèraða. Þó minnir mig, að svo sè, að hún ætli t. a. m., að Barðstrendingar þurfi að hafa tillit til jarðamats í Múlasýslu. En eg er viss um, að jarðamatið er ekki nærri því samhljóða í hverjum hrepp. Sumstaðar eru bæði sveitajarðir og eyja- eða hlunninda-jarðir í sama hreppnum, og ef þó er fylgt einni reglu á báðum, verður ójöfnuður úr því. Eg hef t. a. m. heyrt, að eigandi Akureyja á Breiðafirði hafi sagzt líða 81 rbdd. skaða á þeim á ári, en þó var sagt í skýrslum jarðamatsnefndarinnar eptir aldamótin, að þær gæfu af sèr 100 pund dúns, og jafnmikið fiður. Ef að nú í þessum hrepp væru einnig sveitajarðir, og þetta væri tekið til greina við matið, þá hlyti þar að verða ójöfnuður á. Í jarðamatinu þarf eins að vera jöfnuður, alstaðar grundaður á sanngjörnu jarðagjaldi. Aðferð nefndarinnar er því að minni ætlun hin allra-ótiltækilegasta, sem verða má; því þó hin sitjandi nefnd sæti í 20 ár, þá væri henni ekki auðið, að laga alla gallana á jarðamatinu eptir þessari undirstöðu, sem hún nú sjálf tekur sèr. Þessi aðferð er og hin kostnaðarmesta, því tíminn er svo langur. Nefndin hefur ekki viljað láta bændur meta jarðirnar upp aptur, af því hún hèlt, að þeim mundi falla svo illa, að laga gallana á því verki, sem þeir væru einu sinni búnir að gjöra sem eiðsvarnir menn. Eg gæti nú vitað, í hverju bændum mundi verða það hughægra, að nefndin í Reykjavík umturnaði öllu því, sem þeir hafa gjört í þessu, heldur en að þeir væru sjálfir látnir kippa því í liðinn. Eg held því, að hin önnur uppástúnga innanríkisráðherrans sè hin rèttasta. Það er að vísu ætlun mín, að, ef farið væri eptir því afgjaldi, sem nú er á jörðunum, þá mundi það olla mikillar villu, og það

hef eg verið allt af sannfærður um; því afgjöld jarðanna þau, sem nú eru, fara ekki ætið eptir gæðum þeirra í raun og veru. En eg ætla, að hver skynsamur bóndi geti sèð, hvað sè sanngjarnt eptirgjald af hverri jörð, og eg held, að það sè varla neinum ætlandi nema þeim, og þeim undir eins hægra, að ætlast á um það, heldur en hvers virði jörðin er móti peningum. Eg gæti vitað, hverja hin fljúgandi nefndin á að spyrja — (*Framsögumaður*: Hún á einga að spyrja) —. Ef hún á ekki að spyrja presta nè sýslumenn, þá verður hún að halda sèr til bændanna um þær upplýsingar, sem þörf gjörist; því ekki mun hún geta upplýst hvað eina sjálf. Eg skil því alls ekki, hvað þessir sendimenn geta lagað, og eg ætla, að fyrir þeim verði nefndinni í Reykjavík eins ókunnugt, hvað sè sanngjarnt afgjald af hverri jörð á landinu eptir 10 ár, eins og í dag.

Ef nefndin ætti að semja jarðabók yfir allt Ísland, þá ætla eg, að 100 rbdd. fyrir ritstörf og skriffaung verði ærið lítið. Eg er því að vísu ekki vel kunnugur, hvað ritstörfin hafa kostað við jarðabækurnar áður, en svo mikið hef eg sèð, að það er æði-mikið verk á þeim, og ætlandi, að þær hafi kostað mikið. Það má nú mikið vera, ef uppástúnga nefndarinnar getur leitt til eins mikils samleika, og ef margir menn væru í hverjum hreppi, sem hjálpuðust til, að meta jarðirnar upp að nýju.

En eg skal ekki ræða meira um þetta að sinni, en vera má eg geymi mèr rètt til breytíngaratkvæðis á einhvern veg við uppástúngur nefndarinnar; því mèr geðjast þær eingan veginn.

Konúngsfulltrúi: Eg skal, áður en umræðurnar fara leingra á fram, geta þess, að mál þetta, sem nú er um rætt, er mjög áríðandi fyrir landið, og æskilegt, að einhver ráð yrðu fundin til, að bjarga við jarðamatinu og laga það án mjög mikils kostnaðarauka. Eg vil því skora á þá af hinum heiðruðu þíngmönnum, sem ei fella sig við uppástúngurnar í nefndarálitinu, að brjóta þær ei einúngis niður, heldur leitast við, að byggja eitthvað upp aptur, og koma fram með einhver þau breytíngaratkvæði, er málinu, að þeirra hyggju, gætu borgið upp á sem beztan hátt; hvar hjá eg einnig vona, að þíngmenn gæti þess, hve stuttur tími nú er orðinn eptir, og hvað þess vegna er nauðsynlegt, að þeir ræði höfuðatriði málsins, en spilli ekki tímanum með þráttunum um orð eður alls konar smá ónauðsynleg atriði.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Þegar það kom fyrst fyrir mig, að eg varð að skipta mèr af þessu jarðamati, og eg fór að í-grunda þetta mál, þá komst eg niður á þessa skoðun, að sá eini og rètti mælikvarði fyrir rèttu jarðamati væri sanngjarnt afgjald jarðanna; það er þess vegna, að eg með gleði hef nú bæði sèð, að innanríkisráðherrann hefur tekið þetta fram, sem þá hentugustu undirstöðu jarðamats, og nú heyrt á nefndarálitinu, að þessi skoðunarmáti hefur orðið ofan á hjá nefndarmönnum, sem að eru bæði vitrir og vel að sèr, og víða að úr landinu. Þegar við 3 jarðamatsmenn, sem áttum að vera í þeirri sveit, sem eg á heima í, áttum að fara að starfa að þessu verki, þá gjörðum við okkur fund, og sátum saman í 2 daga; þóttumst við aldrei geta komið fyrir okkur góðri undirstöðureglu, fyrri en við tókum það ráð, að setja upp reikningsdæmi, hvað hver jörð væri mátulega leigð í sveitinni; eptir það vorum við fljótir að finna verð hverrar jarðar; því 4 rbdd. lètum við vera sem rentu af hverjum 100 rbdd. höfuðstól, og þessari reglu mun hafa verið helzt fylgt víða í Mýrasýslu, víst í vestri parti hennar; enda hef eg ekki heyrt kvartað mjög mikið yfir mikilli ósamhljóðun á jarðavirðingu þar innan sýslu, þó það sè í einga staði misfellulaust; því það kann að vera, að sumum hafi þótt svo, að yfirmatið hafi ekki umbætt allt, sem það hefði átt að gjöra, eða getað gjört, og að í það hafi hvorki verið heppilega nè löglega valið. Samt er það það helzta, sem eg hef heyrt knurrað um í Mýrasýslu, að allt matið hafi verið of hátt, og er það öll von, síðan menn heyrðu af jarðamatinu í næstu sýslum, t. a. m. Snæfells og Dala. Í fyrstunni var eg ekki svo mikið fyrir, að meta lágt jarðirnar; því eg gat þá ekki sèð, að það gæti neitt skaðað, þó alstaðar væri metið hátt; eg sá ekki, að jarðahundruðin yfir höfuð þyrftu að fjölga fyrir því; því það var þá ekki annað, en að leggja aptur fleiri ríkisdalina út í hvert jarðarhundrað, þá til þess kæmi, og mundi alþingi ætíð fá tækifæri til, að gjöra þá uppástúngu; en nú, þá eg hef sèð, að í sumum sýslum hefur verið metið svo miklu lægra, þá hef eg þótzt sjá, að eingin ráð yrðu til, að gjöra jöfnuð á milli sýslna hèr í landi, önnur en þau, að taka nú sinn mælikvarða fyrir hverja sýslu, binda hverja sýslu við sitt gamla hundraðatal, líta nú eptir, hvað hundraðið í hverri sýslu að meðaltali hafi verið virt við jarðamatið, og biðja síðan stjórnina, að láta þetta meðaltal gilda í hverri sýslu, nefnilega, að leggja út marga dali

í jarðarhundraðið í þeim sýslum, sem hátt hefur verið matið í, en fáa dali í hundraðið í þeim sýslum, sem lágt hefur verið matið í, t. a. m. 17 í einni, en 30 í annari, eins og nefndarálitið hefur nú drepið á. Eg heyri nú líka, að amtmaðurinn í vesturamtinu hafi látið í ljósi þessa sömu skoðun; þetta er líka vel kleyft, því það eru ekki nema 19 eða 20 sýslurnar, og þyrftu þá ekki að vera nema eins margar línur með sinn taxtann hver; hundraðatalan kæmi þá sama út á heila landinu, nema það sem hún jykist við á þeim jörðum, sem áður voru hundraðalausar, en jarðir stigju þá upp og niður í hèruðum, eptir því sem jarðamatsmenn hafa virt þær, og færu þá af ójöfnur, sem áður voru millum jarða; því jarðamatsmenn hafa virt jafnt jafngóðar jarðir, þó önnur hafi áður verið 10 hundruð, en hin 5 eða 20. Eg held því, að það megi nota jarðamatið með þessari aðferð, og nokkurri annari lögun, sem nefndin hefur bent á; annars hefur hún í áliti sínu svo greinilega talað um jarðamatið, kosti þess og galla, að þess vegna mega víst verða styttri umræður um þetta mál. Eg held það sè því ógjörningur, að forkasta þessu jarðamatsverki; því margir skynsamir hafa þó starfað að því, og margir munu þótzt hafa vandað það eptir beztu samvizku, þó sitt augnamið hafi verið haft í hverju plázi. Það er víst með mörgum misfellum, en það kann að mega laga þær nokkuð eptir því, sem nefndin hefur stúngið upp á, og þó eg sjái nú ekki, hversu þessi sitjandi Reykjavíkurnefnd fer að kippa öllu í lag, og eg sjái, að hèr komi nýr kostnaður, þá treystist eg samt ekki, að vera þessu fyrirtæki mótfallinn; því nokkuð kann með því að lagast, og það er þó tilraun, og vert er það, að reyna að vanda það, sem leingi á að standa. Eg verð því að hallast að nefndarinnar uppástúngu; en það liggur samt í mèr, að aldrei verði einn og sami mælikvarði yfir allt land feinginn út úr þessu jarðamati, svo vel fari.

St. Jónsson: Það er nú og hefur leingi þótt hægðarleikur, að rífa eina byggíngu niður, en örðugra, að byggja hana upp aptur, svo betur fari, og svo fer þeim einnig, sem nú eru ákafastir í, að rífa niður jarðamatið, sem nú er orðið til; en þeir gjöra lítið til, að byggja upp annað betra. Nefndin hefur lýst því yfir, að nokkrir gallar væru á jarðamatinu, en henni þykir það þó ekki óbætandi. Skipið er líka óbrúkandi með gatinu á, en það er ekki óbætandi fyrir það, og það er mikill munur

á því, hvort jarðamatið nýja er óhafandi og ónýtt, eða hvort það þarf endurbótar við. Það hefur verið tekið fram, að líklegast væri, að koma með sanngjörn eptirgjöld af jörðunum, og byggja á þeim. Eg skil nú ekki, hvernig komizt verður eptir þessum sanngjörnu eptirgjöldum, nema með því, að meta kost og löst hverrar jarðar, eins og gjört hefur verið við jarðamatið, sem nú er, þar sem leitað var að verði jarðanna, og eg sè ekki betur, en að þessi aðferð komist öldúngis að sömu niðurstöðu sem hin fyrri. Mèr sýnist því annaðhvort að gjöra, að hjálpa við því mati, sem nú er, eða að taka afgjöldin, sem nú eru, og sjá þó allir, að villan yrði hèr um hil hin sama, eða nokkru verri, og bætti það þó á nýjum kostnaði. Þó þess megi leingi bíða, að þetta mat yrði alveg bætt, þá má þó eiga það öldúngis víst, að miklu leingur má bíða hins, að betra jarðamat fáist af þeirri undirstöðu, sem nú er borin upp; því það mun að líkindum aldrei verða, ef þetta væri alveg rifið niður, og kastað sem öldúngis ónýtu. Það var aldrei búizt við því á þinginu 1847, að þetta mat mundi verða gallalaust í fyrstu, heldur hinu, að þá galla, sem á því yrðu, mundu menn geta varazt síðar, og það yrði þannig undirbúningur undir annað fullkomnara. Eg skil ekki heldur í því, að þetta jarðamat fái staðið um aldur og æfi, og ekki skil eg það heldur, að ferðanefndin bæti mikið um. Mitt atkvæði verður þess vegna fyrir því, að því sè ekki kastað, sem er. Það er búið að reyna hèr jarðamöt áður, og allir vita, hvernig þau hafa tekizt, og er mèr þó næst skapi að halda, að þau hafi kostað helmíngi, eða jafnvel tveimur þriðju pörtum meira, en þetta seinasta.

H. Stephensen: Þíngmaður Eyfirðínga hefur sýnt fram á, að þetta jarðamat sè eins og það á að vera; en þá þykir mèr nefndin hafa verið ærið sljóskygn, þar sem hún kallar það óhafandi. Þíngmaðurinn sagði nefnilega, að hið sanngjarna afgjald væri fólgið í jarðamatinu, sem nú er verið að ræða um. En eg held, að rèttasta og bezta aðferðin væri sú, að tekinn væri listi yfir sanngjarnt jarða-afgjald í hverjum hreppi, og að bændur gjöri það. En ef menn tortryggja ráðvendni bændanna, þá þarf eg að fá sönnun fyrir, að aðrir, sem hærra standa, sèu í nokkru ráðvandari. Eg get ekki fallizt á meiníngu þíngmanns Eyfirðínga; því hvað sem þetta mat kostar, álít eg það þó óhafandi; því mèr finnst það vera að kaupa við miklu verði mikinn ójöfnuð. Eg vil því taka mèr breytingaratkvæði við

uppástúngu nefndarinnar á þá leið, að sýslumaður og prestur kjósi 3 menn í hverjum hreppi, til að segja álit sitt um sanngjarnt afgjald hverrar jarðar, og síðan sè yfirnefnd, til að yfirlíta það, og sameina það fyrir alla sýsluna. Eg ímynda mèr, að hreppanefndir þessar gjörðu áætlunina um leið, og tekið er framtal, sem gjört er á hverju ári undir alþingistolls-greiðsluna, og kostaði það þá, ef til vill, ekkert. Sama kynni og að verða um sýslunefndina, að hún gjörði sinn hluta starfs þessa fyrir ekki neitt, og yrði þá þó kostnaðurinn í öllu falli minni, en þeir 13,500 rbdd., sem nefndin hefur ætlað 3 manna nefndinni í Reykjavík, auk alls annars kostnaðar, sem af hennar aðferð leiðir.

G. Brandsson: Tveir af þeim heiðruðu þingmönnum, sem talað hafa í þessu máli, gjörðu sèr mikið far um, að rífa mörg og mikil göt á nefndarálitið, en aptur hafa aðrir tveir orðið til þess, að kasta á það spjör, til að hylja með nekt þess. Annar hinna fyr nefndu, nefnilega hinn 4. konúngkjörni þingmaður, reyndi til með ýmsu móti, að ónýta það, sem nefndin hafði stúngið upp á; en eg gat ekki fullkomlega skilið, hvað það var, sem hann þá vildi setja í staðinn, til að laga með jarðamatið — (*Framsögumaður*: Hann skildi það ekki sjálfur) —. Mèr heyrðist á annan bóginn liggja sú meiníng í orðum hans, að hann vildi ekkert jarðamat hafa, og er það þá að nokkru leyti samkvæmt því, sem bænarskráin úr Dalasýslu fór fram á, um hverja talað er í nefndarálitinu; en það er eitt atriði í henni, sem nefndarálitið leiddi hjá sèr að geta um, en sem þó er ekki ómerkilegt, til að sýna eitt með fleiru, á hvað góðum grundvelli uppástúngur hennar eru byggðar, og það var það, að það skyldi hèr eptir verða álitið 1 hundrað í hverri jörðu, sem gæfi af sèr jafngildan og jafngóðan eyri þeim, sem vanalega væri goldinn eptir kýr- eða ásauðar-kúgildið, nefnilega 20 álnir, og að jarðarafgjaldið skyldi ætíð vera $\frac{1}{10}$ partur höfuðstólsins, en tíundin þar af $\frac{1}{100}$ partur hins sama höfuðstóls. Ef þetta væri nú aðhyllzt, hlyti að verða eitt af tvennu, sem hvorttveggja væri illt, annaðhvort það, að jarða-eptirgjöld yrðu svo óbærilega há, að leiguliðar gætu ekki undir þeim risið, eða að gjöld af jörðunum til hins opinbera yrðu svo lítil, að þau dygðu hvergi nærri, nema með því móti, að lausafènu væri mjög mikið í þyngt fram yfir það, sem nú er. Eg vildi ekki undanfella, að minnast lítið eitt á þetta, svo menn þess heldur gætu

sèð annmarka þess. Að öðru leyti fannst mèr hinn áminnsti 4. konúngkjörni þíngmaður ekki vera fjarlægur þeirri ferðanefnd, sem talað hefur verið um, en sem þó flestum þíngmönnum mun þykja mjög varúðarverð, enda greindi nefndarmennina mest á um hana; það er því einúngis mögulegleiki hennar, sem ekki er útilokaður úr nefndarálitinu, en það mun öllum auðsætt þar af, að ekki verði til hennar gripið, fyr en eingin önnur betri úrræði finnast til, að bæta með galla jarðamatsins á stöku stöðum.

Hinn háttvirti varaforseti hefur mikið talað um hin sanngjörnu jarða-afgjöld, og viljað sýna, að þau ættu einmitt að vera fóturinn undir hinu nýja jarðamati, sem hann nú vill stofna; en þíngmaðurinn frá Eyjafjarðarsýslu sýndi ljóslega fram á það, að sanngjarnt jarðarafgjald og sanngjarnt söluverð hlyti að mætast, enda er eg honum samþykkur í þessu, og eins í því, að, þegar metnar voru jarðirnar núna seinast, þá muni menn hafa víða hvar haft þetta hvorttveggja í huga. Varaforsetinn hefur talað margt um erindsreka þá, sem nefndin hefur stúngið upp á, en þó hefur hann ekki komið með neitt verulegt, sem þessu gæti hnekkt; helzta meining hans er sú, að vilja gjörsamlega ónýta nefndarálitið, og ber það fyrir sig, að nefndin hafi sagt sjálf, að jarðamatið, eins og það nú er, væri óhafandi; þetta er satt; en nefndin hefur aldrei sagt, að það væri óbætandi, eða að á því væru svo miklir gallar, að því þyrfti að steypa gjörsamlega. Hann hefur þessu næst stúngið upp á þriggja manna nefnd í hverjum hrepp, til að meta sanngjarnt afgjald af hverri jörð, og síðan sýslunefnd, til að umbæta þetta og laga, hvar með hann telur sýslumenn þá, sem hæfir þættu til þess; en mèr varð ekki ljóst af orðum hans, hvort hann þá ætlaði að búa til þriðju nefndina, sem ætti að meta hæfilegleika sýslumannanna. Hvað nú þessi sanngjörnu jarða-afgjöld áhrærir, þá kom það til tals í nefndinni, að tilraun yrði gjörð með, að komast eptir þeim á þann veg, að þegar hreppstjórar semdu skýrslur þær, sem leggjast ættu til grundvallar fyrir alþíngistollinum, þá yrði bætt inn í þær einni rúbrikku, í hverja skrifað væri þetta sanngjarna jarða-afgjald, sem hreppstjórar, og má ske bændur með þeim, ættu að meta, og síðan átti nefndin, sem hèr yrði sett, að hafa þetta eitt með fleiru til hliðsjónar; en að öðru leyti hèlt þó nefndin, að þetta yrði valt að reiða sig á; því skoðanir manna um þetta mundu verða álíka mis-

jafnar og um söluverð jarðanna, og ef þetta yrði nú sömu mennirnir, og áður möttu jarðirnar, þá hèlt nefndin, að þeir mundu hafa talsvert tillit til verðsins, sem þeir hefðu áður sett á þær, svo þetta var aldrei gjört að neinu föstu atriði í nefndarálitinu. Þar sem hinn háttvirti varaforseti taldi kostnað þann, sem yrði af því, að nefnd væri sett hèr í Reykjavík, 13,500 dali, þá hefur honum víst orðið mismæli; því nefndin hafði gjört ráð fyrir, að hann yrði 1,350 dalir.

Þingmaðurinn frá Mýrasýslu talaði um sanngjarnt afgjald af jörðum, sem metið hefði verið, og síðan lagt til grundvallar jarðamatsins í sýslu hans, og kemur þetta heim við það, sem í fleirum sýslum mun hafa verið gjört. Hann hèlt, að laga mætti jarðamatið með því móti, að láta hverja sýslu í landinu hafa sitt gamla hundraðatal, og að skipt yrði síðan virðingarverði hverrar sýslu eptir þessum mælikvarða; en það er í augum uppi, að þessi aðferð er óhafandi; því hundraðatali jarðanna í hverri sýslu munar svo mikið í samanburði við gæði jarðanna, og eins þegar sýslurnar eru bornar saman sín í milli. Í Múlasýslunum t. a. m. er miklu lægra hundraðatal á jörðum í samanburði við gæði þeirra, heldur en nokkurstaðar annarstaðar á landinu; eins er um afgjald jarða þar, og söluverð á þeim manna í millum, að því munar svo miklu frá því, sem venja er til annarstaðar, og svona getur það má ske verið víðar; en það verður bágt, að koma því í samhljóðun, meðan hver er látinn meta jarðir í sinni sveit, og ekkert almennt yfirlit er gjört yfir það.

P. Pètursson: Eg skal nú ekki leingja mikið þingræðurnar að þessu sinni. Það var hvorttveggja, að nefndin hafði mikið vandaverk fyrir höndum, enda sýnir nefndarálitið það, að hún hefur viljað vanda verk sitt. Hún hefur komizt til þeirrar niðurstöðu, að ekki skyldi með öllu fleygja því seinasta jarðamati eða ónýta það. Þó eg hafi heyrt margt og mikið talað um þetta jarðamat, er eg því þó ekki nógu kunnugur, nè þekki nógu vel jarðamatsbækurnar til þess, að eg þori að leggja dóm á niðurstöðu þá, sem nefndin er komin til, og á þessari aðalundirstöðu og ályktun nefndarinnar, að ekki þurfi með öllu að fleygja jarðamatinu, heldur muni mega lagfæra það, verð eg að byggja þær fáu athugasemdir, sem eg skal leyfa mèr að gjöra við þetta mál; þetta get eg og því fremur gjört, sem eg með sjálfum mèr er samfærður um, að þessi aðferð nefndar-

innar sè rètt, að kasta ekki jarðamatinu með öllu; því í einstöku hreppum og sýslum er það án efa mjög vandað. Það hefur verið tekið fram af nefndinni, að aðalmælikvarði fyrir sanngjörnu jarðamati ætti að vera afgjald jarðanna, metið á þann veg, sem það væri hæfilegt á hverri jörð, bæði eptir gæðum hennar og landsvenju, en ekki beinlínis eptir því, sem það er nú, og er eg því öldúngis samdóma, og hef haft sömu skoðun, síðan eg fór fyrst að hugsa um þetta mál. Eg er og á því með þingmanni Eyfirðínga, að afgjaldið muni víðast hvar vera lagt til grundvallar eða tekið fram í jarðamatinu, sem er. Af því eg get ekki komið með nýja eða betri uppástúngu, en þá um 3 manna nefndina, til að endurskoða og lagfæra jarðamatið, þá verð eg og að vera með henni. En mèr finnst nefndarálitið vera nokkuð óákveðið í því tilliti. Af því eg er nú ekki fullkomlega viss um, hvaða stuðníng þessi nefnd muni geta haft af jarðamatinu, sem nú er, og eg sè ekki í nefndarálitinu neina ákvörðun um það, hve nær nefndin skuli vera búin að ljúka starfa sínum, þá er mèr og ekki ljóst, hvort nefndarmenn eiga að fá þessa 300 rbdd. fyrir fram, eða eptir að þeir hafa lokið starfa sínum. Mèr þætti því vænt um, ef einhver hinna heiðruðu nefndarmanna vildu gjöra nokkra uppástúngu um tímaleingdina, sem nefndinni væri ætluð.

Eg sè nú, að, þó þessi nefnd hafi nokkurn stuðníng af jarðamatinu, þá þarf hún samt að búa til nýja jarðabók, og ætla eg, að það verk sè umfángsmeira og kostnaðarsamara, en nefndin hefur gjört ráð fyrir. En það aptrar mèr, að bera upp nokkurt breytíngaratkvæði um laun nefndarmanna þessara, að starfstími þeirra er ekki til tekinn. En þó vil eg leyfa mèr, að bera upp það breytíngaratkvæði við 3. uppástúngu nefndarinnar: *„að lagt sè á vald konúngs, eptir því, hvað verk nefndarinnar sè yfirgripsmikið, að ákveða hæfilega og sanngjarna þóknun handa þessum 3 mönnum“*, eða *„að hver þessara nefndarmanna fái 300 rbdd. árlega fyrir starfa sinn, og 100 rbdd. til ritstarfa“*.

Mèr þykir það og óviðfeldið í nefndarálitinu, að aðstoðarmönnum nefndarinnar út um landið skuli öllum vera ætlað jafnmikið, nefnilega 50 rbdd. hverjum; því það er auðsèð, að þeir hafa ei allir jafnt fyrir starfa sínum, þar sem sumir kunna að þurfa að ferðast til ýmsra staða, en sumir ekki, og vil eg því bera upp það breytíngaratkvæði við þá uppástúngu: *„að þess-*

um 7 aðstoðarmönnum verði borguð fyrirhöfn þeirra eptir sanngjörnum reikningi, og sem ekki má nema meiru en 50 rbdd. fyrir hvern".

Ekki sè eg, í hverju það er nytsamt, að hafa erindsreka þá, sem upp á er stúngið; því eg ætla, að þeir geti eingar betri upplýsíngar gefið en aðstoðarmennirnir, en að ómögulegt sè, að sjá fyrir, hvílíkan kostnað af slíkum sendiferðum kunni að leiða, og vil eg því bera það breytíngaratkvæði upp við það: „*að þessari grein nefndarinnar verði sleppt*", eða til vara: „*að nefndin fái 200 rbdd. til óumflýjanlegra sendiferða út um landið*".

Við 8. gr. nefndarinnar áskil eg mèr og það viðaukaatkvæði, að þar sè bætt inn í „*biskupi og próföstum*"; því eins og amtmenn og sýslumenn geta gefið upplýsíngar um klaustragózin, eins getur biskup og prófastar gefið þær um kirknagóz, og á þeim þyrfti nefndin ei síður að halda.

M. Andrèsson: Það er hvorttveggja, að hinn háttvirti varaforseti mun hafa ætlað svo til, að hans lánga og kröptuga ræða skyldi hafa áhrif á þíngmenn, þar sem hann var að leitast við, að rífa niður jarðamatið, enda verð eg að játa það, að hún var farin nokkuð að hrífa á mig, sèrdeilis eitt orð, þar sem hann kallaði jarðamatið öldúngis vitlaust frá rótum. Þó eg hafi heyrt marga hallmæla jarðamatinu, þá hef eg þó eingan heyrt fara um það þvílíkum orðum, og eg get ekki haldið, að þetta sè rètt álitið; að á því sèu mikilvægir gallar, er satt, og það hefur nefndin viðurkennt, en að þeir sèu með öllu óbætanlegir, get eg ekki fallizt á.

Eg var farinn að ímynda mèr, að eptir þann harða fordæmíngardóm, sem jarðamatið fèkk í ræðum hins heiðraða varaforseta, mundi koma nýog betri bygging; en þegar breytíngaratkvæði hans var fullfætt, þá brá mèr í brún; því eg hafði hugsað, að það yrði einhver merkileg skepna, en að minu áliti er það ekki svo; því eg hygg, að á hinu nýja jarðamati, sem hann vill setja í staðinn, yrðu einnig margir og verulegir gallar, jafnvel þó við það ætti einúngis að hafa til undirstöðu jarða-afgjöldin; víðast mundi reka að sömu mönnunum, sem áður höfðu metið jarðirnar, og væri þá mjög líklegt, að þeirra síðara álit yrði líkt hinu fyrra, því fremur, sem margir jarðamatsmenn munu hafa haft til hliðsjónar, hve mikið afgjald þeir álitu hæfilegt á hverri jörðu, þegar þeir virtu hana; en allt eins um jarðagjöldin, sem jarðaverðin, mun vera mis-

munandi meining í þeim hèruðum, sem eru fjarlæg hvort öðru, og þá kemur sama ósamhljóðun fram, sem nú er verið að kvarta yfir, og varla mundi hið nýja jarðamat takast betur fyrir það, þó allir ættu að vinna að því kauplaust. Eg fyrir mitt leyti get ekki trúað því, að ómögulegt sè, að endurbæta svo jarðamatið, að það verði brúkanlegt um svo sem 20 ára tímabil; en ekkert jarðamat getur varað leingi, vegna þeirra breytínga, sem jarðirnar sífellt taka; því sumar batna, en aðrar vesna.

St. Jónsson: Í tilliti til þess, sem mèr fannst liggja í orðum hins háttvirta varaforseta áðan, að eg hefði borið það fyrir sem ástæðu, til að halda nýja jarðamatinu, að það hefði kostað svo mikið, þá vil eg geta þess, að það var eingan veginn aðalástæða mín; en hitt er satt, að mèr þykir ísjárvert, að hleypa nú nýjum kostnaði ofan á þann, sem orðinn er, og víst er töluvert mikill, og hafa þó alls einga vissu fyrir, að það yrði að nokkru meira liði, eða hefði farsælli afleiðingar. Að öðru leyti held eg, að það sèu nú ekki margir þeir *frómir*, *skynsamir* og *ráðvandir* bændur í hreppunum, sem ekki voru þar, þegar jarðamatið seinasta fór fram; því það er ekki sá tími síðan, svo eg held, að það mundi nú lenda á sömu mönnunum, að meta afgjöldin af jörðunum í hverjum hreppi, og tel eg óvíst, að þeim takist betur, þó þeim sè nú fleygt í nasir, að það verk, sem þeir höfðu gjört eptir aflögðum sáluhjálpareiði, væri óbrúkandi; því eg sè heldur ekki, hvernig þeir geta gjört þetta verk, nema að brúka sömu undirstöðu, nefnilega gagn og gæði jarðanna. Hinum 2. konúngkjörna þíngmanni þótti ísjárvert, að vera gegn uppástúngum nefndarinnar vegna kríngumstæðanna í tilliti til bændanna, og það held eg sè nokkur ástæða. Eg held bændum þætti betra, að verk þeirra yrði lagfært, heldur en kollvarpað með öllu; því það eru einkum misjafnar skoðanir, sem valdið hafa þeim göllum, sem á jarðamatinu eru, og mèr er sagt en ekki sýnt, hve nær betra kann að fást í stað þessa jarðamats, ef því er nú kollvarpað.

H. Stephensen: Þíngmaður Árnesínga sagði, að eg hefði sagt, að jarðamatið væri vitlaust frá rótum, en það sagði eg aldrei, og þess vegna er öll ræða hans um það ómerk. Eg heimta ekki jafnt jarða-afgjald af öllum jafnhátt metnum jörðum um land allt; því munur getur verið á þeim, þó þær sèu metnar jafnhátt, eptir því, hvar þær liggja, nær eða fjær þeim

stöðum, hvar afgjaldið getur orðið að peningum, og getur framsögumaður borið um, hvort ekki sè svo, þar sem hann þekkir til, svo sem í Skaptafellssýslu.

Þingmaður Eyfirðinga sagði, að það væri ekki aðalástæða sín kostnaðurinn móti því, að ónýta jarðamatið, heldur hitt, að jarðamatið á eptir yrði ekki betra.

Nefndin hefur sagt, að sumstaðar væru teknir $12\frac{0}{0}$, sumstaðar $4\frac{0}{0}$, og þar á milli í jarðarafgjald, eptir því, sem jarðirnar eru nú metnar til peningahæðar; en þó svo sè, held eg þessi 3 manna nefnd í Reykjavík geti ekki komið lagi á þetta, þegar hún er öll á einum stað. Eg sè ekki betur, en að maður eigi heldur að fara í hvern hrepp út af fyrir sig, og spyrja bændur, því þeir eru þó kunnugastir; en viðvíkjandi þessum reisandi mönnum, þá held eg sama verði niðurstaðan, hvort þessir menn eru sendir, og hvíslað að þeim upplýsingum, eða þær eru skrifaðar á haustþingum.

Þingmaður Eyfirðinga sagði einnig, að mestir gallar væru á jarðamatinu í einstökum sýslum, en eg held nefndin viti ekki, hvort ein einasta jörð sè rètt metin; en ef villan væri, eins og hann hèlt, sprottin af rángskildum reglum, þá held eg einfalda reglan mín verði bezt.

P. Sigurðsson: Mig furðar ekki, þó bæði þeim nefndarmönnum og öðrum þingmönnum, er sjálfir hafa matið jarðir í landinu, sárni, þegar tekið er svo óþirmilega ofan í lurginn á þessu jarðamati. Nefndin hefur þó sjálf orðið að viðurkenna, að svo miklar ójöfnur og missmíði sèu á verki þessu, að mikið sè vansèð, hvort því verði svo við hjálpað, að nokkur mynd geti orðið á því á endanum. Nefndin hefur nú aðhyllzt þá grundvallarreglu, og innanríkisráðherrann bent til þess sama, sem eg og ætíð hef álitið að líklegust mundi vera, að reyna til að finna það afgjald, sem hver jörð mundi vera sanngjarnlega leigð með. En þessi regla var ekki nógu ljóslega tekin fram í erindisbrèfi því, er jarðamatsmenn áttu að gánga eptir, og þar til var lángt of mikill hraði við hafður í þessu vandasama verki, þar þeir sumstaðar máttu byrja starf þetta, rètt á eptir það búið var að útnefna þá. Þar nú erindisbrèfið líka í sömu grein talar um verð það, er kaupandi og seljandi væru skaðlausir af, þá mun þetta hafa ollað, að skoðun manna varð svo misjöfn, og matið eins; því fyrst hefur verð jarða hækkað svo geypilega á þessari öld fram yfir það, sem landaurar eða

hundrað í fríðu hefur stigið, og svo verið margbreytt söluverð á sömu jörðinni, hafi hún verið opt seld, og líkar jarðir að gæðum hafa selzt með óliku verði. Að jarðir hafa svona stigið í verði, er sú ein orsök meðal annara, að síðan losaðist um verzlunina, og einstakir menn eignuðust skilding, er þeir ekki þurftu að brúka jafnótt aptur, gátu þeir með eingu móti öðru gjört sèr þá arðsama, en að koma þeim í jarðarverð. Það kann nú mega segja, að kaupandi og seljandi hafi orðið skaðlausir, þó jörðin hafi verið seld með geypi-verði, og sem gekk yfir þau sönnu gæði hennar; því geti aptur kaupandi fært upp afgjald jarðarinnar, meir en sanngjarnt er, þá kemur skaðinn niður á 3. manni, leiguliðanum, er nú má svara ósanngjarnlega hárri rentu. Nefndin heldur, að ekki muni finnast stórvægilegar misfellur innan sýslnanna; en eg held hún hafi ekki, og geti ekki, sèð tíunda partinn af þeim. Eg sè heldur ekki, að sitjandi nefnd hèr í Reykjavík geti svona á hnè sèr lagfært misfellur innan sýslna; hitt kann henni heldur að takast, að koma einhverri lögun á ójöfnur þær, er nú eru svo stórkostlegar milli sýslna og hèraða. Nefndin stingur upp á, að þessi Reykjavíkurnefnd taki sèr menn til hjálpar og ráðaneytis, svona eins og undirtyllur, í ömtunum, og til nefnir 1 í suðuramtinu, og sá háttvirti varaforseti hèlt hún hefði hugsað sèr hann í Rángárvallasýslu, því þar væri hann svo sem í miðju amtinu. Eg segi nú fyrir mig, og eg held fleiri Rángvellingar yrðu á sömu skoðun, að það hafi þó verið ólíkt betra, að vera á fyrri dögum, þegar gapastokkurinn sálugi var uppi, settur í hann nokkra tíma fyrir syndir sínar, einkum smásyndir, en að láta gjöra sig að þessu píslarvættisverkfæri; því þó maður sá færi hamförum, eins og gömlu kapparnir, og það bæði í jörð og á, þá held eg honum tækist þó ekki, að jafna allar misfellur á jarðamati í suðuramtinu. Þar sem nefndin stingur upp á, að senda verði í sýslur þær, er ekki verði öðruvísi jafnaðar misfellur, þá mun sú sending orsaka meiri kostnað en gagn; því hvar á flugunefnd þessi að öðlast upplýsingu, utan hjá kunnugum mönnum í sjálfri sýslunni. Eg verð því að áskilja mèr rètt til þess breytingaratkvæðis, að hvar sem Reykjavíkurnefnd þessari sýnist þess við þurfa, að senda í sýslur, til að lagfæra jarðamatið, þá sè sú lagfæring gjörð af 3 eða 5 manna nefnd, sem til þess sè kosin í sjálfri sýslunni.

G. Brandsson: Eg held hinn háttvirti varaforseti hafi mis-

skilið nefndarálitið, ekki síður en mig og þingmanninn frá Eyjafjarðarsýslu, og gott, hafi hann ekki misskilið sjálfan sig; því þar sem sagt er í nefndarálitinu, að á sumum stöðum hafi menn komizt að raun um það, að virðingarverð sumra jarða hafi verið svo misjafnt í samanburði við afgjöld þeirra, að þar sem á einni þeirra hafi eptir þessu verið leigan 4 af hverjum 100 dölum, þá hafi á annari verið 12 rbdd. af sama höfuðstól, þá vildi hann láta þetta heita sönnun fyrir því, að menn hefðu ekki haft tillit til hins sanngjarna jarðarafgjalds; en þess ber vel að gæta, að í nefndarálitinu er hvergi sagt, að þetta afgjald jarðanna hafi verið sanngjarnt, svo þetta dæmi hans sannar í rauninni ekkert.

Hinn 5. konúngkjörni þingmaður sagði, að það væri ekki til tekið, hversu leingi þessi sitjandi nefnd hèr í Reykjavík ætti að vera að laga jarðamatið; en mig minnir ekki betur, en að í nefndarálitinu væri til tekið, að því ætti að vera lokið fyrir næsta alþingi, og var kaup það, sem hún átti að hafa fyrir starfa sinn, miðað við þetta timabil. Það hefur verið tekið fram, bæði af þingmanni Eyfirðínga og fleirum, hversu illa bændum mundi koma það, ef jarðamatið, eins og það er nú, væri með öllu gjört ónýtt, og farið svo að byrja annað nýtt, sem ekki mundi heldur verða gallalaust, og svo gæti það geingið koll af kolli eptir ýmislegum grundvallarreglum, sem ætíð mundu í einhverju verða ófullkomnar, eins og öll mannaverk.

Mèr sýnist því full nauðsyn á, að flýta þessu máli; menn eru nógu leingi búnir að búa undir því gamla jarðamati frá 1760, og má ske sumu, sem er enn þá eldra og vitlausara, og það er öll von, þó það hefði þarfnazt umbóta fyrir laungu síðan, einkum þar það aldrei hefur verið álitið svo vel úr garði gjört, að það gæti orðið staðfest af konúngi, þó það hafi verið notað, af því þá var ekki annað betra til. Þetta sýnir, að jarðamat hefur mistekizt fyrri en nú, en það er ekki þar fyrir sagt, að þetta síðasta ekki geti orðið og ætti að verða betra, en það er; en væri það nú borið saman við hin eldri jarðamöt, og tími sá og kostnaður, sem geingið hafa til þess nú og fyrri, þá er mèr næst geði að halda, að þetta síðasta jarðamat, með öllum sínum ófullkomlegleikum sè þó í sumu betra en hin fyrri, og hvað þá, þegar það nú yrði lagað að nýju; þó menn megi búast við, að það þá verði ekki með öllu gallalaust, þá er ekki svo sem

það eigi allt af að vera óumbreytt. Það hefur verið talað um, að ekki mundi veita af, altènd sumstaðar, að meta um aptur á hverjum 20 ára fresti, og ef svo yrði, þá eru mikil líkindi til, að gallar þeir, sem nú kynnu að verða á jarðamatinu, yrðu nákvæmlega teknir til greina og lagaðir.

Konúngsfulltrúi: Eg skal fara fáum orðum um nefndarálitið, og leitast við að leiða umræðurnar, sem komnar eru nokkuð á víð og dreif, aptur að réttu takmarki. Í nefndarálitinu er minnzt á álitsskjal mitt til stjórnarinnar áhrærandi jarðamatið, og máta þann, er eg hafði bent til, hvernig því má ske mætti við bjarga í vesturamtinu. Nefndin hefur meint, að með þessum máta gæti jarðamatið ekki lagazt yfir land allt, og þar í verð eg að vera henni samdóma. Mínar athugasemdir lutu einúngis að jarðamatinu í vesturamtinu, og voru byggðar á því, sem eg þá hèlt og held enn þá, að það vel mætti standast, að hundraðatala jarðanna í amti þessu yfir höfuð mætti vera hin sama eptir því nýja jarðamati, sem hún verið hefur eptir hinni síðustu jarðabók, að viðbættum þeim jörðum, á hverjum eingin hundraðatala hefur verið; en eptir þeirri þekkingu, er eg hef á jarðadýrleikanum í hinum ömtunum, er mèr efi á, hvort það muni vel fara, að halda sömu hundraðatölu í hverju amti fyrir sig, sem þar að undanförnu hefur verið gilda látinn.

Eg skal því næst gjöra fáeinar athugasemdir við höfuðatriði málsins. Hin fyrsta og mest áríðandi spurníng er án efa sú, hvort hið nýja jarðamat sè svo gallamikið, að það eigi með öllu að ónýta, eður misfellurnar á því sèu ekki meiri en svo, að það með góðum ráðum og tilhögun sè vinnandi verk, að bæta þær. Nefndin hefur nú aðhyllzt þessa síðari skoðun, og eptir minni sannfæríngu hefur hún gjört rètt í því. Í mörgum hreppum, já í sumum sýslum, að nokkrum brestum undanskildum, er lagfæríngar kunna að þurfa, held eg jarðamatið hafi farið svo nærri réttu lagi, að lítil sem eingin ástæða virðist vera til, að ónýta það, og að lítil, má ske eingin, líkindi eru til, að nýtt endurmat á slíkum jörðum takist betur, eða fari nær réttum sanni, eptir hvaða reglum sem það væri gjört; og að þessu leyti verð eg fyrir mitt leyti að álíta það mjög ísjárvert, að fella með öllu jarðamatið; enda mundi það í þeim hèruðum, hvar, eins og annarstaðar, hinir beztu og skynsömustu menn hafa unnið að jarðamatinu, og hvar það einnig er almenn sannfæríng manna, að jarðamatið sè sanngjarnt og viðunanlega af

hendi leyst, verða mjög óvinsælt, ef jarðamatið yrði með öllu ónýtt, og kostnaðinum til þess að öllu spillt, án þess nokkur vissa væri fyrir því, að annað betra feingist í staðinn aptur.

Hitt er þar á móti víst, að eins og á jarðamatinu eru margir og miklir einstaklegir gallar, eins er það líka víst, að það er mjög misjafnt, þegar litið er til heilla sýslna, héraða eða stærri umdæma. En eg held, að þetta mætti bæta, og þá helzt á þann hátt, sem nefndarálitið stingur upp á, með því að skipa nefnd manna, er rannsaka og lagfæra skuli jarðamatið, eptir að hafa feingið allar þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru, bæði frá embættismönnum, jarðamats- og yfirmats-mönnum, samt öðrum skynsömum og upplýstum mönnum, er nefndin álítur nytsamlegt að leita upplýsínga hjá. Slíkar nefndir, sèr í lagi til að rannsaka vandasöm og margbrotin málefni, eiga sèr einnig stað í öðrum löndum, t. a. m. á Einglandi, og grundvallarlög Dana gjöra einnig ráð fyrir þessu; og því þykir mèr það ekki eiga illa við, þó nefndin hafi stúngið upp á þessari aðferð, til að rannsaka og laga jarðamatið.

Nefndin hefur fallizt á það höfuðatriði fyrir jarðamatinu, sem innanríkisráðherrann í álitsskjali sínu til konúngs frá 21. maí þ. á. (af hverju álitsskjali eg hef meðdeilt hinu heiðraða þíngi hin verulegustu höfuðatriði) hefur bent til að vera mundi eiga aðalundirstaða jarðamatsins, nefnilega sanngjarnlega metinn ágóði af jörðinni, og eg er einnig eindregiun þeirrar meiníngar, að þetta sè sá einasti rètti grundvöllur; en bæði er það mèr sjálfum kunnugt, og eins má sjá það af umræðum nokkurra þingmanna, að jarðamatsmennirnir á nokkrum stöðum hafa haft tillit til þessarar aðalundirstöðu, jafnvel þó þeim, sem vænta mátti, hafi nokkuð misjafnt tekizt, að meta hana rètt; því það er ei hægt, að virða neina jörð á Íslandi til peninga eptir *sanngjörnu* sölulagi hennar, nema því að eins, að menn viti, hver hinn *rètti* ágóði sè af henni. Þetta er nú aptur ein ástæða fyrir því, að eg fyrir mitt leyti álít það ógjörandi, að kasta öllu jarðamatinu, og byrja það aptur á ný, án þess að vita, hvort það þá tækist betur.

Nefndin hefur, auk þeirrar uppástúngu, sem hún hefur aðhyllzt, bent til þeirra tveggja máta, er brúka mætti, til að meta allt jarðagózið í landinu upp á ný; 1, að sett væri jarðamatsnefnd, er ferðast ætti um allt land, og meta allar jarðir þess. Þessa aðferð hefur nefndin ei aðhyllzt, og eg held af

góðum ástæðum. Slíkar ferðanefndir (omreisende Taxationscommissioner) hafa aldrei, og geta, eptir hlutarins eðli og ásigkomulagi lands þessa, aldrei vel gefizt; og eg voga að segja, að jarðamatið eptir nefndina, sem ferðaðist hèr um landið eptir aldamótin seinustu, var miklu fjær sönnu og rèttu lagi, en hið síðast gjörða jarðamat. 2, að eiðsvarnir menn meti aptur á ný í hverjum hreppi allar jarðir eptir rèttum ágóða jarðanna; en eg er hræddur um, að þetta nýja mat takist ekki betur, en það, sem seinast var gjört, og að þegar það er komið í kríng, muni ei þurfa minni fyrirhöfn, til að lagfæra það, svo vel sè, en hitt, sem nýlega er á undan geingið.

Eg skal nú snúa mèr að uppástúngunum í álitsskjalinu og einstöku atriðum þess. Hafi eg rètt skilið nefndarálitið, er það meiníng nefndarinnar, að endurskoðunarnefndin skuli semja sjálf sitt erindisbrèf. Þessu verð eg að vera mótfallinn; því það stríðir á móti öllum viðteknum reglum, þar það er stjórnarinnar, að semja slík erindisbrèf. Í 2. uppástúngunni er því farið á flot, að alþíngi með atkvæðafjölda skuli stínga upp á þeim mönnum, er skipa skuli í nefndina; þessi máti er nokkuð óvanalegur hèr, og eg veit ei, hvort stjórnin, þó hún annars fallist á, að skipa nefnd til endurskoðunar og endurbóta jarðamatsins, vill taka hana til greina; en hitt verð eg að álíta víst, að stjórnin hafi rètt til, að skipa þá menn í slíka nefnd, er henni þykja bezt hæfir, og þess vegna að gánga út fyrir uppástúngur alþíngis. Í tilliti til 3. uppástúngu, um laun nefndarmanna, þá held eg rèttast, að til taka ekkert víst þar um, en fela stjórninni á hendur, að greiða þeim það endurgjald fyrir ómak þeirra og fyrirhöfn, er hæfa þykir, og sama virðist mèr gilda eiga um 4. uppástúnguna. Sú 5. og 6. uppástúngur nefndarinnar falla mèr ekki vel í geð. Eg sè einga nauðsyn til, að nefndin taki sèr slíka 7 launaða aðstoðarmenn, sem þessar uppástúngur fara fram á, heldur álít eg bezt henta, að nefndin fái þær nauðsynlegu skýrslur til rannsóknar og lagfæríngar jarðamatinu hjá embættismönnum, einkum sýslumönnum, samt jarðamatsmönnum og yfirmatsmönnum þeim, er að jarðamatinu hafa unnið, og öllum þessum málefnum eru kunnugastir. Einnig verð eg að vera 9. uppástúngu nefndarinnar mótfallinn; því hún held eg verði til lítillar nytsemdar; en skyldi þíngið vilja halda henni, verður þó nauðsynlegt, að orðið „*konúngi*“ í miðbiki uppástúngunnar verði sleppt, og í stað

apţur sett „*stjórninni*“; því nefndin mun þó ekki ætla sèr að skrifast beinlínis á við konúng.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Eg get að sönnu trúað því, sem nokkrir af þingmönnum hafa sagt, að í sumum sýslum hafi verið lagt til grundvallar við jarðamatið sanngjarnt eptirgjald jarðanna, og munu það líka vera þær sýslurnar, sem jarðamatinu mun síður vera ábótavant í; en því er miður, að þessi regla hefur víst ekki verið alstaðar við höfð, og t. a. m. mun það varla hafa getað verið í Snæfells- eða Dala-sýslum; því eg þekki þar ýmsar jarðir, sem eru svo góðar, að þær bæði mega vera með fullkomnum skuldum, og líka eru það, en eru þó fjarska-lágt metnar í samanburði við samslags jarðir í Mýrasýslu; en eg veit, að jarðamatsmenn þar hafa samt haft fyrir sèr einhverja vissa reglu; eg vil geta til, að það kunni að hafa verið sölulag það, er þar hafi um undanfarin ár tíðkazt; en það getur verið í einu plázi miklu lægra verð á jörðum í kaupum og sölum, heldur en í öðru, vegna þess, að þar sèu færri ríkismenn eður minna af peningum, og því sè minna boðið í jarðir, og óhægra, að selja þær dýrt; samt eru jarðirnar eins góðar, og eins gott að búa á þeim, og eins verðugt að gjalda eptir þær, og þar við á þeirra dýrleiki að bindast. Af þessu og þvílíku getur hafa komið þessi mismunur; en mèr þykir líklegt samt, að í sumum sýslum og sveitum kunni jarðamatið að geta að mestu staðizt, en aptur í stöku stöðum kunni að hljóta að virða upp aptur, og vil eg, að nefndin, sem sett yrði á milli þinga, hefði þá rètt til, að biðja sýslumenn, að setja þar valinkunna menn, til að finna það sanngjarna jarða-afgjald; því það 'álít eg þær beztu upplýsíngar, sem hún þyrfti að fá, og ætti að fá, og verð eg að áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þá leið. Því eg er samþykkur áliti hins háttvirta varaforseta í því, að bændum veiti miklu hægra, að átta sig í því, þar sem þeir eru kunnugir jörðum, hvað hver jörð sè mátulega leigð að landskuld og kúgildum, heldur en hvað hún sè rèttilega kaupandi undir ýmsum kríngumstæðum. Á reisandi jarðamats-kommissíon hef eg litla trú, og gef henni því ekki meðmæli; því eg veit það á mèr, að þar sem eg er kunnugur jörðum, get eg nokkuð sagt rètt um það, hvað þær sèu rètt leigðar eða metnar, en þar sem eg kæmi sem ókunnugur ferðamaður, væri eg hreint ónýtur til þess, jafnvel hvað vel sem mèr væri greint frá jörðunum, hvað þá ef rángt væri nú frá sagt.

P. Pètursson: Eg vil einúngis geta þess, að þegar eg áðan nefndi jarðabók, þá var það ekki meiníng mín, að nefndin ætti að búa til nýja jarðabók, heldur sagði eg það í tilliti til ritstarfanna, að nefndin þyrfti nefnilega að skrifa upp hverja jörð með eptirgjaldi hennar, og færa inn í bók, sem væri til þess ætluð.

Eg er yfir höfuð samdóma hinum hæstvirta konúngsfulltrúa, að nefndin ætti ekki sjálf að setja sèr erindisbrèf, en hins vegar verður það mjög torvelt fyrir stjórnina, að gefa þau; því hún kynni þannig að binda hendur á nefndinni.

Ef erindisbrèf stjórnarinnar ætti að ákveða um einstakar reglur, þá yrði það að vera með almennum orðum; því það er svo örðugt fyrir stjórnina, að gefa reglur fyrir hinu sèrstaka, svo sem, hvernig meta skuli hlunnindi jarða, og fl., sem svo misjafnlega er varið.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess, að eg er ei svo mjög fyrir laung eða smásmugleg erindisbrèf, en álít það verulegast, að þau taki fram öll höfuðatriði skýrt og greinilega; en hitt er víst, að þau í slíkum málum verða að vera út gefin af stjórninni.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hreifði fyrir skemmstu um það, að þriggja manna nefndin eigi sjálf að búa til erindisbrèfið handa sèr, þá vildi eg geta þess, að þetta stendur hvergi í nefndarálitinu; þar er að eins sagt, að vèr nefndarmenn höfum ekki sèð til neins, að taka fram neinar smágjörvar reglur fyrir því, hvernig þriggja manna nefndin eigi að koma við og heimfæra aðalmælikvarðann, „þær hæfilegu tekjur, sem gjöra má ráð fyrir“; þennan mælikvarða hefur nefndin beinlínis stúngið upp á að þeir þrír skuli fylgja og leggja til grundvallar fyrir lagfæríngum sínum, og eg held, að stjórnin muni ekki svo auðveldlega geta fundið annan betri; en hún getur, ef henni lízt, tekið fram aðrar reglur, sem 3 manna nefndin ætti að hafa við, til þess að heimfæra hann.

Eg held 5. niðurlagsatriðið sè nauðsynlegt; því ef 3 manna nefndin þyrfti einhverra sèrstaklegra upplýsínga við, sem ekki væru fáanlegar í embættisskjölum þeirra, þá mundi amtmönnum og sýslumönnum þykja ervitt, að útvega þær, hve nær sem þeir væru beðnir. Nefndin hugsaði sèr, að þessum 3 í hverju amti mundi veita mikið hægra, að veita slíkar sèrstaklegar

upplýsingar, bæði af sjálfum sèr til, og með því, að skrifast á við aðra, sem þeir treysta bezt í þeim efnum, og síðan gefa aðalskýrslur um það, sem um væri spurt, og þykir mèr ísjárvert, ef þeir ættu að gjöra allt því um líkt þóknunarlaust. Aptur þykir mèr það vel tilfallið, sem konúngsfulltrúi benti líka á, að setja í 9. uppástúngu nefndarálitsins „*stjórnina*“ í staðinn fyrir: „*konúnginn*“.

Hinn háttvirti varaforseti hefur auðsjáanlega misskilið eða gleymt mörgu af því, sem er í nefndarálitinu (enda sagði hann í einni ræðu sinni, að hann væri gleyminn, og hefur fyllilega sannað það með ræðum sínum í dag), því hann byggði flestallar þeirra á því, sem hvergi stendur í nefndarálitinu, nefnilega, að jarðamatið, sem síðast fór fram, *væri með öllu óhafandi,* og af þessu leiddi hann aptur hitt, sem hann í raun og veru sagði strax á eptir, „að það væri merkilegt, ef það, sem væri vitlaust frá rótum, væri til nokkurs hafandi, eða ef á því yrði byggð nokkur lagfæring“. Þetta sagði varaforseti, og hann byggir þannig sjálfur á fölskum grundvelli frá rótum; því ekkert af þessu finnst í nefndarálitinu. En hann er það sjálfur, en aldrei nefndin, sem vill raska þessu jarðamati frá rótum; því uppástúnga hans fer því fram, að metið verði *upp aptur*, eptir sanngjörnu afgjaldi, í hverjum hreppi, en vill ekki sjá eða með neinu móti láta sèr skiljast, að þetta mat, sem hann stíngur upp á, hlýtur að leiða til hinna sömu ójafna og misfellna, sem þetta jarðamat gjörði, og sem hann *einmitt þess vegna* vill ónýta.

H. Stephensen: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Gullbríngusýslu hèlt, að eg hefði villzt, með að taka til 13,500 rbdd., þá verð eg að geta þess, að það var meining mín, að nefndin mundi starfa að þessu í 10 ár, og brúka til þess á ári hverju 1350 rbdd., og 10 sinnum 1350 veit hann þó líklega að verður 13,500.

En þar sem hann sagði, að eg hefði ekki einúngis misskilið sig og þingmann Eyfirðínga, heldur líka sjálfan mig, þá hefur nefndin kannazt við, að jarðarafgjaldið sè nú frá 4 til 12 rbdd. af 100 dölum virðíngarverðsins, en jarðargjaldið er þó ekki svo misjafnt, að það verði 3 eða 4 sinnum meira af einni en annari. Þetta er vissastur votturinn, að virðíng jarðanna nú er úr hófi misjöfn, og að mínum skilníngi svo óáreiðanleg, að ekkert verður á henni byggt, og því hef eg sannarlega skilið sjálfan mig, hvað sem honum og fulltrúa Eyfirðínga líður.

Hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði, að ef uppástúngu minni yrði fylgt, mundi að vísu sanngjarnt jarða-afgjald komast á í hverjum hrepp, en þá er eg ánægður; því komist það á í hverjum hrepp, þá er það líka um allt land. Hann hafði og skilið nefndina eins og eg, að hún ætlaðist til, að 3 manna nefndin í Reykjavík byggi sjálf til handa sèr erindisbrèf, og þykir mèr það eitthvað undarleg ráðstöfun.

Viðvíkjandi því, er framsögumaður bar ekki á móti því í fyrstunni, að nefndin ætti að búa til jarðabók, þá leit svo út, þegar hinn háttvirti konúngsfulltrúi nú bar á móti því, sem framsögumaður yrði feginn að velta þessari byrði af nefndinni, og hefur honum líklega sýnzt á eptir, að þessir 100 rbdd. fyrir ritstörf mundu tæplega nægja til þess. Niðurstaðan verður annars sú, sem hinn 5. konúngkjörni þingmaður sagði, að nefndin þarf ekki annars við, en að fá áreiðanlegar skýrslur um sanngjörn jarða-afgjöld.

Að öðru leyti má eg segja framsögumanni það, að það, sem er eins skakkt og sjálfu sèr ósamkvæmt, eins og nefndin hefur sagt að jarðamatið væri, það er eingan veginn hæft til að byggja á álögur á heila þjóð.

M. Andrèsson: Eg held eg hafi ekki tekið mjög rángt eptir hinum háttvirta varaforseta; því víst sagði hann: *„vitlaust frá rótum“*, eða: *„í botn og grunn“*, sem er hið sama, og um jarðamat var hann að tala, en ekki annað. Líka sagði hann síðar í ræðum sínum, að það væri öldúngis óbrúkandi, en því get eg aldrei orðið samþykkur; það er annað, að það sè óbrúkandi án endurbóta, en annað hitt, að því sè þess vegna burt kastandi, og að einginn styrkur verði af því hafður. Eg tók orð hins hæstvirta konúngsfulltrúa í þeirri meiníngu, að matið á jarðagjöldunum mundi verða byggt á því, sem venja væri í hverju byggðarlagi, og því mundi koma upp líkur ójöfnuður og áður, þó aðferðin ætti að vera önnur, og er það samkvæmt minni meiníngu.

H. Stephensen: Hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði *sanngjarnt*, en ekki *venjulegt* jarða-afgjald, og vil eg benda þíngmanninum, sem nú mælti, á það, því það fer mjög svo á mis.

Konúngsfulltrúi: Út af umræðum þeim, sem fallið hafa, skal eg geta þess, að eg meinti sanngjarnar tekjur af jörðunum, en ei það afgjald, sem *nú er*, því það fer víða hvar ekki nær réttu lagi, en hundraðatalan á jörðunum, sem nú er.

En þegar meta á þann rètta ágóða af jörðunum, og þegar þetta skal gjöra af mörgum mönnum, þá er hætt við, að allir fylgi ei sömu skoðun eða framgángsmáta, og að þá verði nauðsynlegt, að hafa einhverja tilhögun, til að jafna eptir á allar þær misfellur, er á verða.

Á. Einarsson: Eg ætla hvorki að tala um minnisleysi nè skapyrði varaforseta. Mèr þótti það ekki sem samkvæmust hugsun í ræðu og breytingaratkvæði varaforseta, að hann vildi ekki, að prestar mettu það sanngjarna jarða-afgjald, af þeirri ástæðu, að það væri prestum í hag, líklega af þeirri ástæðu, að þeir eiga að taka tíundirnar, en nú hefur varaforseti stúngið upp á, að sýslumaður og prestur velji þá 3 menn í hreppunum, til að meta þau sanngjörnu jarða-afgjöld; en væri þessum tíundartakendum ekki hægt, að kjósa þá menn, er þeir hèldu að hæst mundu meta afgjöldin, ef þeir væru svo skapi farnir, þar það hærra mat ætti að vera þeim báðum í hag?

Varaforseti hèlt, að jarðamat þetta mundi ekki kosta neitt; en ætli þeim mönnum, er mettu rètt, þætti ekki hart, að gjöra það ókeypis, þegar aðrir hefðu feingið fulla borgun fyrir, að meta rángt? — (*J. Guðmundsson*: Gott!) —. Varaforseti sagði, að milli sýslnanna væri svo ójafnt matið, að eptir virðíngunni gæfu jafngóðar jarðir af sèr afgjald $4\frac{0}{0}$ í annari sýslunni, sem gæfu af sèr í annari $12\frac{0}{0}$; en þegar menn væru komnir að þessari misjöfnu virðíngu milli sýslnanna, mætti jafna hana með reikníngsdæmi, ef matið væri jafnt í sjálfum sýslunum innbyrðis, og er þetta eitt af ætlunarverki Reykjavíkurnefndarinnar.

Hvað því viðvíkur, að Reykjavíkurnefndin ætti að geta skyldað einstaka bændur til, að gefa skýrslur og upplýsíngar kauplaust, þá þótti nefndinni það bæði hart og ísjárvert, þar þeir þá kynnu síður að leggja mikla alúð við það verk, er opt gæti valdið bæði töluverðum skriptum og, ef til vildi, ómaki; en af þessum skýrslum hèlt nefndin að ýmsar upplýsíngar gætu feingizt; þar á móti þótti mörgum í nefndinni tvísýnt, hvaða gagn að haft yrði af ferðanefndínni, þó það þætti ísjárvert, að gjöra Reykjavíkurnefndinni slíkt með öllu ómögulegt, ef henni þætti það nauðsynlegt. Mèr skildust svo orð varaforseta, sem hann vildi láta meta jarðirnar, eins og venjulegt afgjald væri á þeim, þar sem þær lægju, og því láta þær vera ójafnar í verði, þó jafngóðar væru í raun og veru, ef sín lægi í hverju hèraði, þar sem ólíkur væri leigumálinn; en við þetta er það aðgætandi,

að þó þetta væri sanngjarnt í tilliti til eptirgjalds og sölu, er það ekki í tilliti til tíundar og annara skatta, er leggjast kynnu á hundraðatalið.

Sá hæstvirti konúngsfulltrúi hafði að sönnu ekki mikið á móti því, að þingið veldi, eða benti til, hverjir í Reykjavíkurnefndina væru valdir, enda held eg, að slíkt væri ekki mjög ósamkvæmt því, er konúngsfulltrúinn á alþingi 1845 ráðgaðist um við helztu þingmenn, hverja kjósa skyldi í skattanefndina, og skil ekki, að það spillti fyrir kosníngu nefndarinnar, þó allt þingið léti vilja sinn í ljósi um það.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess viðvíkjandi því, sem þingmaður Strandasýslu sagði, að konúngsfulltrúinn hafði þá myndugleika frá konúngi, til að skipa þá menn í nefnd, er honum þættu bezt tilfallnir.

J. Jónsson: Eg ætla hinum háttvirta varaforseta hafi nú orðið það, sem honum hafi aldrei fyr orðið á þingum, og það er, að hann hafi ekki nægilega kynnt sèr hið nýjasta jarðamat í þess verulegu atriðum, ekki nægjanlega kynnt sèr nefndarálitið, og jafnvel má ske ekki nægjanlega kynnt sèr brèf innanríkisstjórnarherrans til konúngs, hvar eg meina auðsjáanlega ætlazt til, að þing þetta reyni, að leggja ráðin á, hvernin þessu jarðamati verði við hjálpað, og komið í betri innbyrðis jöfnuð og samhljóðun, en það nú hefur, en eingan veginn beðið um nein ráð til, að út heigla því sem mest, eður gjöra það ónýtt með öllu, og ekki heldur er beðið um reglur og ráð, til að byrja eptir annað nýtt frá rótum, eins og hinn hæstvirti varaforseti er þó búinn að stinga upp á, og fylgir nú fast fram, sem þeim einustu úrræðum.

Í öllum ræðum sínum hefur hann þó ekki skýrt þinginu frá því, hvar eða í hverjum landsins hèruðum eða sýslum að jarðamatið kynni að mega standa óbreytt í öllu hinu verulega, hvar því kynni að vera nokkuð, og hvar mjög mikið ábótavant; að þessari þekkíngu meinar nefndin sig þó að hafa komizt, og að þeirri þekkíngu þarf þó í hið minnsta hver maður að komast, áður en hann geti dæmt, að *„það frá botni og grunni sè svo vitlaust, að því verði ekki við hjálpað“*; en þessi dómur er allt of fljótlegur og ósvífinn; því þó hinn háttvirti varaforseti vilji láta þessa sína útheiglun koma niður á jarðamatsmönnunum í landinu, hverra margir hafa með auðsjáanlegustu alúð og hreinskilni leyst það af hendi, þá ætti hann að gæta þess,

að dómur þessi nær til lángtum fleiri; hann nær yfir höfuð að tala til allra þeirra, sem rætt hafa og ritað, eður lagt á einhvern hátt ráð til undirbúnings og aðferðar matsins; það nær því til alþíngisins 1847, allra þeirra embættismanna í landinu, sem gefið höfðu stjórninni, fyr eða seinna, álit sitt og bendíngar í því efni, og loks til stjórnarinnar sjálfrar, sem að endíngu gaf reglur og lagaboð fyrir því; því þetta allt liggur meira og minna til grundvallar fyrir matinu.

Eg má segja hinum háttvirta þíngmanni það, að nefndin þykist hafa komizt að þeirri reynd, að jarðamatið, jafnvel í talsvert mörgum sýslum, og má ske meiri hluta landsins, sè svo úr garði gjört, að það mundi mjög óráðlegt og ábyrgðarmikið, að raska því eður ónýta það, að fráteknu má ske á allra einstökustu jörðum, þar sem auðsjáanlega hefði misheppnazt að meta t. a. m. einhver viss eða fágæt hlunnindi jarða, af þeim ólíka skoðunarmáta manna á þeim, sem kann að hafa verið í hverju hèraði fyrir sig. Eg ætla að vísu ekki að nefna þær sýslur á nafn, því nefndin hèrna í Reykjavík, ef hún kemst á, mun fljótt sjálf þekkja þær. Hinum háttvirta þíngmanni þótti tæplegast prestunum í landinu trúandi fyrir uppástúngum til jarðaafgjalds-matsmanna, af því þeir ættu að taka tíundirnar; en þá er mèr ekki skiljanlegt, hvernig hann fer að koma því saman í hugsun sinni, að bændurnir, sem eiga að meta afgjöldin — (Mikið gott) —, og sjálfir eiga að svara þeim á eptir, og mörgum fleiri greiðslum, sem þá ættu að hafa hin þannig metnu afgjöld til grundvallar, hvernig hann þá, segi eg, fer að trúa þeim fyrir, að ákveða hin einustu hæfilegu afgjöld jarða, hvar á verð þeirra skyldi að lokum vera byggt. Hann fór því á flot, að sá, sem metur jörð t. a. m. í Barðastrandarsýslu, geti ekki haft tillit til matsins í Múlasýslu; en hvað getur sá, sem metur *jarðarafgjald* í Barðastrandarsýslu, fremur haft tillit til *afgjalda-matsins* í Múlasýslu? En þess er nú að gæta, að þegar ein nefnd er orðin til í landinu í þessu skyni, fær hún undir hendur jarðamatið bæði úr Barðastrandar- og Múla-sýslum, og alstaðar úr landinu, og þá hlýtur hún að sjá þá ólíku skoðunarhætti, og þær ólíku undirstöðureglur, sem hvorir öðrum fjarlægir menn hafa brúkað, og sem hafa orsakað ólíkt mat, og þá getur hún að nokkru leyti ályktað, hvað hinn mismunandi skoðunarháttur og aðferð hefur haft mikla áverkun á jarðaverðin í hverjum stað, og því um leið farið nærri því, hvert verðið

hefði hlotið að verða í hverri sýslu, ef einum og sama skoðunarmáta hefði verið almennt fylgt, og þó þetta sè vandaverk, ætla eg það vinnandi verk, og lángtum vissara, að eiga þó undir því, heldur en ef uppástúngu þíngmannsins yrði fylgt, og helzt og einkum ef sú yrði reyndin á, sem eg ætla að ekki væru neinar yfirgnæfandi ástæður til, að róta matinu yfir höfuð, nema á nokkrum sýslum, og sem varla mundu yfirstiga einn þriðja hluta alls landsins, og það er opt búið að taka það fram, í hverjum skilníngi nefndin álitur jarðamatið óbrúkandi, eins og það er, það er að skilja, þegar litið er yfir allt land, en ekki hverja einstaka sýslu þess. Það má heldur eingan veginn búast við, að jarðamat, hverjir sem að því vinna, og hvernin sem að því er farið, verði nokkurt alfullkomið verk, sem þó að lokum hafi ekki meiri eða minni ófullkomlegleika með sèr; en menn verða hèr, eins og í hverju öðru, að hætta þar við, sem hin takmarkaða skynsemi, takmarkaða þekking hlutanna, og hinir takmörkuðu kraptar manneskjanna komast ekki leingra.

H. Stephensen: Þíngmaðurinn frá Strandasýslu furðaði sig á því, að eg skyldi stinga upp á, að sýslumaður og prestur veldu menn þá, sem eg ætlaði að meta skyldu sanngjörn afgjöld jarðanna, þar sem þeir væru þó báðir tíundatakendur, og því beggja hagur, að sem hæst væri matið. En mèr finnst vera ærinn munur á því, að velja menn til einhvers, og gjöra það sjálfur; því eg get ekki ímyndað mèr, að kjósandi hafi þann, sem hann kýs, eins í valdi sínu og sjálfan sig; að minnsta kosti veit eg það um mig, að eg hef opt verið kosinn, en aldrei bundið mig þar fyrir við annara sannfæríngu en mína eigin. Hann hèlt og, að þessir menn mundu ekki vilja meta fyrir ekkert, en eg ætla, að það sèu nú þó menn í hverri sýslu, sem meta jarðir til afgjalds fyrir ekki neitt, og mundi þeim ekki verða að þessu mikill ómaksauki, þó þeir gjörðu það um leið. En þar sem hann hèlt, að það mundi valda ójöfnuði, ef sanngjarnt afgjald væri tekið af jörðum í hverjum hrepp, þá má eg segja það, að, ef eg á 2 jarðir jafndýrar að rèttu verði, þá vil eg hafa sama afgjald af báðum, þó önnur sè kölluð 16 hndr., en hin 20 hndr. Hann hèlt líka, að það væri hægðarleikur, að jafna þann ójöfnuð, sem nefndin hefur tekið fram, á milli 4 og 12 af hundraði (*Proc.*), og það er að vísu satt, að það er ekki örðugt reikníngsdæmi eptir hans ætlun. En ef að sú jörðin, sem er metin að gefi af sèr 4 af 100, er rètt metin, en

hin 3 sinnum of lágt, sem gefur 12 af hundraði, þá verður ójöfnuðurinn ekki numinn af með einföldu reikníngsdæmi, heldur kemur hann þá niður á báðar jarðirnar, svo hvorug verður rètt metin á eptir.

Þar sem þíngmaður Norður-Þíngeyínga bar mèr það á brýn, að eg sè ókunnugur máli þessu með öllu, þá má eg þó benda honum á það, að eg hef ekki syndgað neitt á móti frumvarpinu, þó eg stýngi upp á því, að jarðamatið yrði gjört ónýtt; því frumvarpið býður þínginu, að segja álit sitt um málið, en skorðar það alls ekki við neitt visst álit, sem það skuli hafa á því.

Þar sem hinn sami þíngmaður sagði, að eg hefði sagt, að jarðamatinu væri ekki við hjálpandi, þá er það satt, að sú er sannfæríng mín, að jarðamatinu, sem nú er, sè ekki við hjálpandi, og verði ekki við hjálpað. Hann sagði, að eg hefði ekki til greint neina galla á jarðamatinu. Það hefur nefndin gjört svo fyllilega, að mèr þótti það, að bera í bakkafullan lækinn, að bæta á það. En eg get þó sagt honum einn galla á því. Eg þekki 2 40 hndr. jarðir, sem liggja sín hvoru megin við sömu ána, og eru álitnar öldúngis jafnar að gæðum. En önnur þessara jarða er matin á 700 rbdd., en hin á 700 spesíur eða 1400 rbdd. Þetta kalla eg galla á jarðamatinu. Sumstaðar hafa kúgildin verið metin með jörðunum, eins og eg held að rètt sè (því leiga þeirra er, í hið minnsta á Suðurlandi, allt að helmíngi allrar jarðarleigunnar), en sumstaðar ekki. Sumstaðar segir nefndin að prestsmatan sè talin með í matinu, en sumstaðar sleppt. Sumstaðar eru hjáleigur taldar með höfuðbólum, en sumstaðar er sitt í hvoru lagi; þetta er einnig galli á jarðamatinu, og að minni ætlun beint á móti því, sem boðið er í erindisbrèfum jarðamatsmannanna. Það er og enn galli á jarðamatinu, og sem nefndin kannast við, að hlunnindi jarðanna eru matin eptir sinni reglu á hverjum stað. Sumstaðar er gjört mikið úr áföllum og skemmdum, sem jarðirnar liggi undir, en sumstaðar er þessa lítils eða ekkert getið. Amtmaðurinn í vesturamtinu hefur í skýrslu sinni til stjórnarinnar getið þess, að, þegar matið væri borið saman innbyrðis milli sýslnanna, þá væri á því ærinn ójöfnuður. Eg hef nú sýnt hinum heiðraða þíngmanni fram á, að mèr hefur ekki með öllu verið ókunnugt um, eða sèzt yfir, að nokkrir gallar væru á jarðamatinu, þó eg ætlaði mèr ekki í fyrstunni að vera að tína

þá upp fyrir þinginu. Þingmaðurinn sagði, að margar sýslur væru svo matnar, að ekki þyrfti að hreifa við þeim, en það er eptir að sanna það, og eg er sannfærður um, að það er eingin sýsla á öllu landinu, sem ekki þurfi að bæta um jarðamatið í.

Þótt bæði þessi þingmaður og fleiri hafi dróttað því að mèr, að eg hafi sagt, að jarðamatið væri vitlaust frá botni og grunni, og vildi láta þessi orð, sem eg hef raunar aldrei talað, ná niður að stjórnarráðunum, og öllum þeim fyrstu umræðum um mál þetta, þá veit eg raunar ekki til, að þetta jarðamat hafi byrjað fyrri en 1849. Þar sem þingmaðurinn sagði, að bændur væru líka tíundargjaldendur, eins og prestar eru tíundatakarar, þá vil eg geta þess, að eg þekki þar til, sem prestur tekur tíund af 40 eða 50 jörðum, en bóndi hver svarar ekki tíund nema af 1, svo það er býsna-munur.

G. Brandsson: Mèr finnst allt af, að hinn háttvirti varaforseti sè þeirrar meiníngar, að það nýja jarðamat, sem hann vill láta byggja á sanngjarnlega metnum afgjöldum hverrar jarðar, muni verða svo fullkomið, að því verði í eingu ábótavant; en eins og mönnum hefur getað skjátlað, að meta þær rètt til peníngaverðs, svo get eg til, að sama verði niðurstaðan, þegar fara ætti að meta afgjöldin, og þá yrði sami erviðleiki, að koma þessu í rètta samhljóðun, og nú er á, að jafna og laga jarðamatið. Þar sem hann sagði, að bæði eg og þíngmaður Eyfirðínga hefðum sagt, að alstaðar hefði verið sanngjarnt afgjald jarðanna lagt til grundvallar fyrir mati þeirra, þá er þetta ekki rètt hermt af honum; við sögðum einúngis, að menn mundu víða hvar hafa haft nokkuð tillit til sanngjarns leigumála á jörðunum, og mèr getur ekki skilizt betur, en svo hafi hlotið að vera, þar sem menn ekki geingu að verki þessu hugsunar- og reglu-lítið; og væri leitað upplýsínga um þetta í sýslum þeim, þar sem jarðamatið hefur tekizt bezt, þá get eg til, að þetta sannaðist. Varaforsetinn taldi það eitt með fleiru sem galla við jarðamatið, að hjáleigur hefðu á sumum stöðum verið metnar út af fyrir sig, en aptur annarstaðar í sameiníngu við höfuðbólin; eg veit nú ekki betur, en þetta hafi getað verið samkvæmt reglum þeim, sem jarðamatsnefnunum voru settar, þar sem í þeim stendur, að landamerkjalausar hjáleigur skuli meta með heimajörðunum, en hinar, sem hafi landamerki sèr, skuli meta sem jarðir sèr, og get eg til, að þetta sè orsök þeirrar óreglu, sem varaforsetinn kvartar yfir að við hafi verið höfð í þessu; ættu nú þeir mörgu

menn, sem hann hefur stúngið upp á, að fara að meta að nýju jarðirnar í hverri sveit og sýslu, hvaða ábyrgð yrði þá fyrir því, að þetta tækist betur en hið fyrra jarðamat? og hver ætti að lokunum að dæma um gildi þess? Eg get vel ímyndað mèr, að allt af kæmu fram nýjar og nýjar skoðanir, sem rækju sig hver á aðra, hversu opt sem matið væri, og yrði þá með því má ske hin seinni villan argari hinni fyrri.

Á. Einarsson: Það er hvorttveggja, að mèr hefur ekki verið kennd hugsunarfræðin, enda get eg ekki skilið samkvæmnina í ræðu varaforseta, þegar hann vill ekki láta presta meta sanngjarnt afgjald á jörðunum, af því það væri þeim í hag, að það væri metið hátt, en vill, að *sýslumaður og prestur kjósi* mennina *til þessa;* eg vil spyrja hvern skynsaman mann, hvort *þeim* er ekki gefið með þessu líkt tækifæri, til að verka á virðingu afgjaldsins, eins og þó presturinn hefði mátt meta afgjaldið með öðrum; því það er auðvitað, að það liggur til grundvallar við hvern kosningarrètt, að maður kýs þá mennina, sem maður heldur að hafi líkasta skoðun sèr á því, er maður vill koma til leiðar.

En þar sem hann talaði um, að skrifa upp *afgjöldin,* þá er það nokkuð annað, að skrifa *þau* upp núna eptir byggingarbrèfum, til að taka eptir skýrslum þeim alþingistollinn, en að meta sanngjarnt afgjald á hverri jörð.

Varaforseti hefur reyndar viljað, að eg hefði sagt meira en eg sagði; því eg tók ekki ójöfnuðinn fram um þær 2 jarðir, er hann var að tala um (sem gæfu af sèr ójafnt afgjald, en væru þó jafngóðar), nema í tilliti til tíundarinnar og skattanna, er lagðir væru á hundraðatalið, og það finnst mèr hann hafi ekki hrakið; en ójafna virðingin á þeim 2 jörðum, er hann tók til dæmis, sína í hvorri sýslu, sýna einmitt, að það mátti hæglega jafna, ef innbyrðis-matið í sýslunum væri jafnt, og menn vissu, hvað lagt var til grundvallar við virðinguna, og það er það, sem menn hafa komizt að, að helzt væri gagn að því nýja jarðamati víðast.

H. Stephensen: Eg get ómögulega skilið það, að með aðferð þingmannsins úr Strandasýslu fáist nokkurn tíma jöfnuður á mati þeirra jarða, sem önnur er rètt matin með 4 *procent*-afgjaldi, en önnur það of lágt, að jarðargjald hennar gefur 12 *procent;* því þegar þetta er lagt saman, og deilt svo með fjöldanum (4 + 12 = 16 : 2 = 8), þá komast báðar jarðirnar frá rèttu mati. En

hvað misskilning okkar á því, að kjósa og vera kosinn, snertir, þá er eg fastur á því, að það sè mjög sitt hvað, eins og eg hef líka áður tekið fram.

P. Pètursson: Eg ætla, að það muni verða örðugt með hverri helzt aðferð, sem höfð er, að gjöra jarðamatið óaðfinnanlegt, eða til frambúðar; því sumar jarðir vesna og gánga úr sèr, en sumar batna, hlunnindi minka og aukast, svo eptir því lækka eða hækka jarðirnar í raun og veru í verði. Það liggur líka í hlutarins eðli, að jarðamat hèr geti aldrei orðið sèrlega nákvæmt, af því menn geta hèr ekki skipt jarðveginum eptir gæðum, eins og í Danmörku og víðar, og virt jarðirnar eptir því, hvernig jarðvegurinn er á hverjum stað. Hèr getur því að minu áliti einúngis verið spurningin um það, hvernig jarðamatinu verði komið svo heim, að það verði viðunanlegt í bráð, og hafa megi nokkurt tillit til þess, þegar skattalögin verða samin.

Ó. Sivertsen: Undirbúningsumræður þessa máls eru þegar svo margyrtar, að eg vil sízt verða til, að leingja þær mikið. Því, sem hreift hefur verið svo kappsamlega, að fella og fyrirlita nefndarálitið, er nú svarað af mörgum á þínginu, og svo lítur út, sem nefndarálitið fái inni í skoðunarheimkynnum þessara, þótt því svo harðlega væri úthýst á einum stað. Eg vil því einúngis minnast á eitt, sem fram borið var áðan, og aðrir hafa ei tekið fram, en þó mun það koma í ljós í þingtíðindunum, það, að eigandi Akureyja hafi sagt sig hreppa 81 dals skaða árlega af, að nota arð eyjanna. Eg held þetta hljóti að vera of hermt á hann, og að hann hafi talið til þessa skaða að eins með tilliti til þess, að honum þótti eptir þessari tiltölu verða skaðinn, ef gilda ætti hið háa jarðamat, sem honum þótti, þegar matsmennirnir virtu Akureyjar.

H. Stephensen: Eg vil einúngis bæta því við breytingaratkvæði mitt á eptir: „*3 valinkunnir skynsamir bændur*“: „*sem ákveði jarðagjaldið til tölu vissra ákveðinna aura*“, og að yfirmatsmennirnir leggi jarðagjaldið til peninga, og reikni út jarðaverðin til ríkisdala eptir vöxtum 4 *pro Cento*.

Forseti: Þar eð nú tekur einginn til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið, og skal eg þá leyfa mèr að ákveða fund á morgun kl. 12., en seinna í dag mun eg boða þingmönnum dagskrána, svo þeir sjái, hvað þá verður tekið fyrir.

Fundi slitið.

6. ágúst — Þrítugasti og annar fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Reykvíkinga, jústizráð J. Thorstensen, og hinn 2. konúngkjörni þingmaður, amtmaður J. P. Havstein, sem höfðu tilkynnt forseta, að þeir gætu ekki mætt sökum sjúkdóms. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Konúngsfulltrúi: Eptir að hafa talað við hinn háttvirta forseta, er eg nú kominn að raun um það, að þinginu er ómögulegt, að enda við jarðamatsmálið í lögskipuðu formi, samt að semja í því og fá samþykkt álitsskjal til konúngs, svo snemma, að þinginu, eins og eg áður hafði ákveðið, verði slitið næst komandi mánudag, ef mál þetta á ekki að verða eptir óafgreitt, hvað mèr þykir óviðurkvæmilegt, þar það er hið mest áríðandi, er í þetta sinn hefur verið fyrir þingið lagt. Eg hef því fundið það óumflýjanlega nauðsynlegt, upp á væntanlegt allra-mildilegast samþykki hans hátignar konúngsins, að leingja þingtímann til næst komandi miðvikudags eður þess 10. þ. m.; en þá vil eg biðja hinn háttvirta forseta að ákveða fund til þingsuppsagnar kl. 12.

Forseti: Eg hef feingið uppkast til bænarskrár frá alþingi til konúngs um peningaskort hèr á landi og bætur á honum. Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána upp fyrir þinginu.

Forseti las þá bænarskrána upp og samþykkti þingið hana svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþingis hefur komið bænarskrá, sem beiddi þingið að leggja á hagkvæm og hentug ráð til þess, að nægir peningar gætu feingizt til brúkunar hèr í landinu.

Þinginu þótti bæn þessi svo nauðsynleg, og á svo miklum rökum byggð, að það kaus 3 manna nefnd í málið, og ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir nú alþingi sèr allra-þegnsamlegast, að bera fram um það álit sitt á þessa leið.

Þingið sannfærðist um, að peninga-eklan væri svo mikil, að menn víða í kaupstöðum ekki gætu feingið peninga, til að borga með opinber útgjöld, og hefur það hin mikilvægustu áhrif á öll viðskipti manna í milli, og gjörir fyrirstöðu öllum

framkvæmdum, smáum og stórum; liggja til þessa margar orsakir, en þó einkum sú, að fjárhagur flestra íslenzkra kaupmanna og verzlunaraðferð gjörir þeim örðugra og ábataminna, að flytja hingað peninga en vörur, einkum hinar svo nefndu kramvörur; þar með er og verðlag á íslenzkum vörum í verzluninni opt hærra en svo, að hlutaðeigandi kaupmenn þykist geta borgað vörurnar jafnháu verði með peningum, og þar af leiðir aptur, að þeir ekki flytja peninga út hingað, en það er undir verzluninni í hverju landi komið, að peningar út breiðist meðal landsbúa.

Á seinni árum hefur peninga-eklan farið vaxandi, og nú er svo komið, að þeir mega heita opt ófáanlegir í verzluninni; hvilikur hnekkir slíkt sé í öllum viðskiptum manna, þarf varla útlistunar við, eins og það liggur beint fyrir, að verzlun sú við utanríkis-þjóðir, sem nú er hér í vændum, komi oss því að eins að fullum notum, að á þessu verði ráðin bót.

Það er auðskilið, að útlendum mönnum mundi þykja það mjög óhagkvæmt, að verða að flytja hingað alla þá peninga, er þeir þurfa til verzlunar sinnar, þvert á móti því, sem almennt á sér stað í öðrum löndum, þar sem menn eiga kost á, að koma með og nota til verzlunar sinnar áreiðanleg víxlabréf, og geta kaupmenn komizt að þeim mikilvægu hagsmunum með því, að þurfa ekki að taka peninga með sér að heiman, eða greiða af þeim vöxtu, fyr en þeir þurfa þeirra með.

Þar að auki er þess að gæta, að þegar verzlun við fleiri þjóðir kæmist hér á, mundi bæði peningaskorturinn verða enn tilfinnanlegri, eins og þá mætti búast við, að ýmsar útlendar myntsortir mundu koma hér inn í landið, sem nú næstum ómögulegt er að fá víxlað, og er enda mjög að óttast, að falskir peningar þá má ske bærust inn í landið, sem landsbúum mundi verða mjög örðugt að þekkja frá góðri og gildri útlendri mynt.

Þinginu barst í hendur uppástúnga frá einum af hinum helztu kaupmönnum hér í bænum, um stofnun veðbánka hér á landi, með veði í klaustra- og kirkna-gózi. En hversu mikilvæg sem þessi uppástúnga er í eðli sínu, og hversu æskilegt sem það gæti verið í sjálfu sér, að aðalatriði hennar kæmust til framkvæmdar á sem hentugastan og vissastan hátt, þá gat þó þingið ekki fylgt henni fram þannig vaxinni, þar eð því virtist, að henni væri samfara svo mikil ábyrgð, og svo mörg atriði hennar óákveðin og óupplýst, að það gat ekki ætlazt til, að yðar konúngleg

hátign gæfi henni, þannig lagaðri, allra-hæsta samþykki. En þar á móti hefur alþingi þá von, að yðar hátign muni sjá ráð til, að bæta úr þeirri miklu þörf landsins, sem ris af peningaskortinum, og skipa svo fyrir, að samið verði og lagt fyrir þingið frumvarp um, að hèr yrði sett sú banka-stofnun á fót, á föstum grundvelli byggð, sem gæti bætt úr hinum mestu nauðsynjum í þessari grein, og einkum í þeim 4 atriðum: að kaupmenn gætu feingið hèr peninga móti óyggjandi víxlabrèfum; að utanríkis-peningum yrði víxlað fyrir innanríkis-peninga; að peningalán feingist móti nægu veði, og að menn gætu sett peninga á leigu, svo sem í sparisjóðum er tíðkanlegt.

Þingið leyfir sèr því allra-þegnsamlegast að biðja yðar hátign um:

1. með 20 atkvæðum gegn 1: *að eitthvert það banka-fyrirkomulag gæti komizt á hèr á landi, eptir þeim grundvallarreglum, sem yðar hátign þættu hentugastar, er gæti gegnt eptirfylgjandi nauðsynjum, sem slíkar stofnanir almennt hafa á hendi:*
   - *a.* með 17 atkvæðum gegn 2: *að kaupmenn gætu feingið peninga hèr í landi móti óyggjandi víxlabrèfum;*
   - *b.* með 18 atkvæðum móti 1: *að framandi landa myntsortum yrði víxlað fyrir danska peninga, og dæmt um gildi þeirra;*
   - *c.* með 20 atkvæðum gegn 1: *að mögulegt yrði, að fá peninga lánaða hèr í landi móti nægu veði, og með því, að borga þá aptur annaðhvort hèr í landi eða í Danmörku;*
   - *d.* með 20 atkvæðum gegn 1: *að menn geti geymt sèr peninga í bánkanum á móti því, að fá hjá bánkanum lága vöxtu (eins og í sparisjóðum).*
2. með 18 atkvæðum gegn 2: *að frumvarp um fyrirkomulag stiptunar þessarar verði lagt fyrir alþingi.*

Reykjavík, 6. d. ágúst 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. J. Thorstensen.

Forseti: Eg hef líka feingið uppkast til bænarskrár frá alþingi til konúngs í undirskriptarmálinu, og skal eg einnig leyfa mèr að lesa það upp fyrir þinginu.

Forseti las þá bænarskrána upp, og samþykkti þingið hana svo hljóðandi:

Til konúngs.

Alþingi bárust að þessu sinni tvær bænarskrár, með samtals rúmlega 200 nöfnum, þess efnis, að alþingi ítreki enn á ný þá allra-þegnsamlegustu bæn frá alþingi 1847 og 1849 um, að yðar hátign allra-mildilegast staðfesti sjálfur með undirskript yðar hinn íslenzka texta þeirra lagaboða, sem hèr verða sett.

Þetta mál, sem bæði alþingi og öllum Íslendingum er mjög umhugað um, fól þingið 3 manna nefnd til meðferðar, og eptir það hún hafði borið upp um það álit sitt, var það ýtarlega rætt á tveimur aðalfundum, og leyfir nú þingið sèr, að tjá yðar hátign um það álit sitt og bænir á þessa leið.

Alþingi 1847 og 1849 hafa borið fram fyrir yðar hátign samkynja bæn í þegnsamlegum bænarskrám, og að vísu hefur yðar hátign, „*eptir því sem var ástatt*“, orðið að synja Íslendingum þessarar bænar enn á ný í allra-mildastri auglýsingu yðar, 23. maí þessa árs. En alþingi og allir þegnar yðar hátignar hèr á landi treysta því enn staðfastlega, að yðar hátign fyrir vísdóm yðvarn og landsföðurlegu umönnun fyrir náttúrlegum og vafalausum rèttindum og nauðsyn vor Íslendinga, munið sjá veg til, að sigrast á þeim erviðleikum, sem kynnu að vera á því, sem hèr er farið fram, og að yðar hátign muni vinnast, áður lángt líður um, að rýma frá þeim kríngumstæðum, sem bænheyrslunni hafa verið til fyrirstöðu hingað til.

Því enn vakir sú óbifanleg sannfæríng í brjósti allra þegna yðar konúnglegu hátignar hèr á landi, að sú hafi verið tilætlun yðar hásælu feðra, og sè enn landsföðurleg tilætlun yðar, vor mildi konúngur, að, eins og allar dómsgjörðir og dómar hèr á landi hafa frá alda öðli farið fram á íslenzku máli, eins og aðal-landslögin eru einúngis á íslenzku máli, eins og mörg lagaboð, einkum á 18. öldinni og framan af þessari, geingu út á íslenzku með undirskript og innsigli konúnganna sjálfra, eins og það er bein skipun sjálfra hinna yngri laga einvalds-konúnganna, að lögin eigi að gánga út á íslenzku, og megi ekki þínglýsa hèr nè lögleiða nema á íslenzku máli (tilsk. 11. júlí 1800 og konúngsúrsk. 31. okt. 1831), og eins og alþingis-tilskipunin leggur fyrir, að ekkert lagaboð megi þar ræða til lög-

leiðslu hèr, nema það sè á íslenzku, og að allar tillögur og bænarskrár þingsins skuli gánga til yðar hátignar á íslenzku máli, svo eigi og öll löggjöf hèr á landi að vera einúngis á máli landsmanna, á íslenzku máli, helguð og staðfest með undirskript löggjafans sjálfs; því enn reynist sem fyrri íslenzka og óstaðfesta útleggíngin á nýrri lagaboðunum miður nákvæm, og sumstaðar öðruvísi, en hinn staðfesti danski texti, sem jafnaðarlega er þó látinn ráða. Og alþíngi og Íslendíngar treysta því staðfastlega, að yðar konúngleg hátign muni mildilegast líta því fremur á þessa verulegu nauðsyn og náttúrlegan rètt þegna yðvarra hèr á landi, og að yðar hátign muni því fremur vinnast, að rýma í burt þeim kríngumstæðum, sem því hafa verið til fyrirstöðu híngað til, sem aðrir samþegnar vorir, þeir er tala öðru máli en danskri túngu, t. a. m. Slèsvíkurmenn, hafa feingið og fá enn lög sín á máli sjálfra þeirra, með undirskript konúngsins (konúngsbrèf 14. maí 1840).

Nokkrir þíngmenn voru þeirrar meiníngar, að, þó þeir að öðru leyti væru samdóma um nauðsyn og gildar ástæður þessarar bænar í sjálfu sèr, þá væri bæninni samt ekki haldandi fram í þetta sinn; því með svo feldum orðatiltækjum ráðgjörði þíngið og teldi víst það, sem þíngið enn ætti óvíst, að *einn* ráðgjafi yrði settur yfir hin íslenzku mál, en meiri hluta þíngmanna þótti ekki þetta atriði næg ástæða til, að víla fyrir sèr, að bera fram enn á ný fyrir yðar konúnglegu hátign allra-þegnsamlegasta bæn um þessa miklu þjóðarnauðsyn vora, í óyggjanlegu trausti til yðar konúnglegu hátignar mildilegu og rèttlátu umhyggju fyrir rèttindum, þörfum og sældum allra þegna yðar og allra landshluta ríkis yðvars.

Samkvæmt framanskrifuðum ástæðum leyfir nú alþíngi sèr, með 14 atkvæðum móti 7, að beiðast þegnsamlegast enn á ný:

Að lagaboð þau, sem hèr eptir verða út gefin og sett á Íslandi, verði einúngis á íslenzku máli, undirskrifuð af yðar hátign og þeim ráðherra, sem yðar hátign mætti þóknast að setja yfir hin íslenzku mál.

Reykjavík, 6. ágúst 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson J. Guðmundsson.

Forseti: Þá er eptir dagskránni að taka til undirbúníngsumræðu málið *um frjálsa verzlun á Íslandi.*

Framsögumaður, þingmaður Skaptfellinga gjörir svo vel, að lesa upp nefndarálitið.

Nefndarálitið var því næst afhent framsögumanni, lögfræðingi J. Guðmundssyni, og las hann það upp svo hljóðandi.

Bænarskrá ein frá hinum almenna fundi á Þingvöllum við Öxará 29. júní þ. á. barst alþingi að þessu sinni um það, *„að þingið minnti stjórnina enn nú einu sinni skörulega á nauðsyn vora og rètt til verzlunarfrelsis“*.

Til þess, að hafa þetta mál til meðferðar, hefur hið heiðraða þing kosið oss undirskrifaða í nefnd, og leyfum vèr oss nú að kveða upp um það álit vort á þessa leið.

Nefndinni finnst, að vel beri að gæta þess, sem einnig var þegar hreift í inngángsumræðu málsins hèr á þinginu, að eptir því, sem máli þessu er nú komið, þurfi ekki beinlínis að *„minna“* stjórnina á þetta mál, af því vor mildi konúngur hefur auðsjáanlega látið sèr vera einkar-umhugað um, að máli þessu yrði framgeingt, og það bæði svo fljótt, sem verða mætti, en þótt vegna ýmsra kríngumstæða, sem hans hátign var ekki unnt að sjá fyrir eða gjöra við, hafi orðið að fresta því um hríð, og einnig á þann veg, og að mestu í þá stefnu, sem alþingi hafði óskað, og landsbúum mundi og vel gegna.

Nefndin álítur því, að aðalætlunarverk sitt í þessu máli, og einnig hins heiðraða þings, eigi nú að vera það, jafnframt og það í nafni sínu og allra landsbúa inni konúngi vorum þegnsamlega og lotníngarfulla viðurkenníngu sína og þakkir fyrir, hvað mikinn og verulegan gaum hann hefur gefið óskum og tillögum alþingis og landsbúa í þessu mikilvæga aðalmáli Íslendínga, að tjá konúngi vorum, hve einhuga áhugi vaki enn í brjósti allra þeirra á, að máli þessu mætti verða framgeingt sem fyrst að auðið er, og á þann veg og í þá aðalstefnu, sem hann hefur nú sjálfur fyrir stjórnendur sína stefnt þessu máli, og bera upp fyrir hann það óhvikula traust landsbúa, að hann muni mildilegast sjá ráð til, að sigrast á þeim mótspyrnum, sem virðist að hafa komið fram, bæði til að fresta þessu máli, og þeim afdrifum þess, sem konúngurinn til ætlast, og allir landsmenn helzt og einhuga kjósa. Í annan stað finnst og nefndinni það ekki að eins eiga vel við, heldur vera rètt, að hið heiðraða þing í álitsskjali sínu, er það ritar konúnginum um

þetta mál, taki að nokkru fram, án þess þó að gjöra um það neinar beinar uppástúngur, bæði þau aðalatriði, sem landsmenn sakna, og þykir fyrir frjálsa og haganlega verzlun hèr á landi verulegur hnekkir að vanti í frumvarpi því um þetta mál, sem stjórn konúngsins hefur lagt fyrir ríkisþíng Dana, og síðan á að verða að lögum, og sem landsbúum að öllu öðru leyti geðjast vel að, og yfir höfuð að tala munu una vel við, þó þessarar rýmkunar yrði að sjá á bak í bráð, og einnig sýni að nokkru fram á, hve bæði ástæðulausar og þar til og með háskalegar, ekki að eins fyrir alla frjálsa verzlun hèr á landi, heldur og jafnvel fyrir Dani sjálfa, að eru mótspyrnur þær og aðrar tilraunir, sem einkum hafa komið fram af hendi reiðara og kaupmanna, sem eiga eða þykjast eiga nokkuð að skipta við Ísland, í bænaskrám til ríkisþingsins, til þess að raska frá rótum, bæði hinni frjálslegu og landsbúum hèr hagfeldu stefnu í máli þessu, sem stjórnin hefur fylgt fram í frumvarpi sínu að tillögum alþingis, og til þess að nema í burtu og af má úr fyrirkomulagi verzlunarinnar allt það, sem gæti gjört hana hagfelda og viðunanlega, bæði fyrir landsbúa sjálfa, og þá kaupmenn, sem vildu setjast að eða komast upp hèr í landinu sjálfu.

Það er hinu heiðraða þingi kunnugt, bæði af dönskum og innlendum dagblöðum, að stjórn konúngs vors lagði fyrir ríkisþingið í öndverðum janúar þ. á. frumvarp til frjálsrar verzlunar hèr á landi, og að þetta frumvarp fór að flestöllum aðalatriðum til í hina sömu stefnu, og frumvarp það, sem þjóðfundurinn 1851 samdi um þetta mál eptir atkvæðum flestra þjóðfundarmanna. En þó er það í tvennu, sem þetta frumvarp stjórnarinnar er verulega, og, að nefndarinnar áliti, fyrir hagfelda frjálsa verzlun tilfinnanlega frábrugðið uppástúngum þjóðfundarins; en það er um:

1. hvar útlendum farmönnum verði gefinn kostur á að leysa leiðarbrèfin hèr á landi; og
2. hverja staði þeir megi sigla upp hèr til verzlunar.

Í frumvarpi þjóðfundarins var stúngið upp á, að kostur yrði gefinn á, að leysa leiðarbrèfin, ekki að eins hjá verzlunarfulltrúum (*Consuler*) Dana í öðrum ríkjum, heldur einnig hèr á landi hjá amtmönnum og hjá lögreglustjórninni á þeim 6 aðalverzlunarstöðum, sem stúngið var upp á að útlendíngar mættu og ættu fyrst að sigla upp, áður en þeir færu að verzla annarstaðar. Það er og auðráðið af umræðum ýmsra þjóðfundar-

manna um þetta mál, að mörgum þjóðfundarmönnum fannst, eins og vèr líka meinum að sè hið sanna, að öll leiðarbrèf og skyldan, að leysa þau, mætti hverfa, bæði stjórninni, verzluninni og öllum að skaðlausu; því sú aðalástæða, sem af hálfu stjórnarmannanna hefur verið haldið fram fyrir nauðsyn leiðarbrèfanna, eptirlit það, sem stjórninni þannig gæfist færi á að hafa með því, hverjir útlendíngar kæmu hèr til verzlunar, og sú tryggíng fyrir rèttu og sönnu lestagjaldi útlendra skipa, sem þau þykja veita, virðist í raun og veru hvorki svo veruleg eða ómissandi, nè ástæðurnar svo órækar, sem til þessa hefur verið farið fram á; því auðsætt má virðast, að eins og þess konar leiðarbrèf eiga annaðhvort hvergi eða þá mjög svo óvíða stað, þar sem verzlun er gefin frjáls öllum þjóðum, eins megi og án þeirra vera hèr, ef verzlunin væri gefin frjáls; og þar til mætti það, að nefndarinnar áliti, nægja, að verzlunarfulltrúar stjórnarinnar í öðrum löndum út byggi skip þau, sem til Íslands vilja fara til verzlunar eða vöruflutninga, með skírteini um það, hvað miklu það fleytti að dönsku lestatali, annaðhvort með því, að rita þetta á vöruskrána, eða með sèrstökum vitnisburði. Og þó að skip bæri hèr að, sem ekki hefði ætlað sèr hingað, en vildi nú, úr því það væri komið hèr, ljá sig falt til flutninga hèðan, þá munu flestöll skip og flestra þjóða útbúin með þeim skilríkjum um eignarheimild fyrir þeim og stærð eptir þess lands mælikvarða, sem það á heima í, að lögreglustjórarnir í aðalkaupstöðunum mundu jafnan vera færir um, að ákveða eptir þessum skilríkjum, hvaða lestatal ætti að vera á skipinu eptir því, sem Danir telja. En allt um þetta fann ekki þjóðfundurinn fulla ástæðu til, að halda þessari meiningu fast fram gegn ástæðum stjórnarmannanna, úr því bæði þeir og eins stjórnarherrann sjálfur í frumvarpinu, sem lagt var fyrir þjóðfundinn, hafði gjört svo aðkvæðamikið úr nauðsyn og ómissanlegleik leiðarbrèfanna yfir höfuð að tala, og lètu þeir sèr því nægja, að halda hinu sem fastast og eindregnast fram, að útvegun og leysíng leiðarbrèfanna, ef þeim væri haldið, gæti aldrei orðið verzlunarfrelsinu að verulegri fyrirstöðu; því fylgdi og þjóðfundurinn því fram, eins og alþíngi 1849, að kostur yrði á, að fá leiðarbrèfin hèr á landi, ekki að eins hjá amtmönnunum, heldur einnig hjá lögreglustjórunum á þeim 6 aðalkaupstöðum landsins, sem stúngið var upp á bæði 1849 og 1851 að útlendir menn ættu fyrst að sigla upp.

Ef stjórn konúngsins því enn finnur jafnfullar ástæður og fyrri fyrir nauðsyn leiðarbréfanna, þá virðist nefndinni, að þessi uppástúnga um, að kostur verði gefinn á, að leysa þau einnig hjá lögreglustjórunum í aðalkaupstöðunum, vera mjög veruleg og nauðsynleg. Það má t. a. m. vera nokkurn veginn auðsætt hverjum manni, hvaða hnekkir, ef ekki bein frágangssök, það má verða fyrir útlenda menn, sem ber að leiðarbréfalausa, annaðhvort á Ísafjörð eða Seyðisfjörð, en nú vilja, úr því þeir eru þar komnir, annaðhvort fá að verzla þar, eða taka strax farm, og ljá með hann skip sitt á leigu til útlanda, ef þeir þurfa fyrst að bíða þess þann 2 eða 3 vikna tíma, sem til þess geingur, að leiðarbréfið sè leyst og sótt austur í Stykkishólm frá Ísafirði, eða norður að Friðriksgáfu frá Seyðisfirði.

Ef því stjórnin fyndi ekki nú þegar eða von bráðar ástæðu til, að hverfa frá þessari ákvörðun um leiðarbréf yfir höfuð að tala, sem þó væri óskandi, þá er samt vonandi, og nefndinni virðist, að þingið eigi að taka um það fram á rökum byggða ósk, án þess þó að henni fylgi nein bein uppástúnga, í álitsskjali til konúngs, að öllum þjóðum, sem þó leiti til að verzla hèr, verði gefinn kostur á, að leysa leiðarbréf á þeim aðalverzlunarstöðum hèr á landi, þar sem þeim verður leyft að koma.

Bæði þjóðfundurinn fór því fram í frumvarpi sínu til verzlunarlaganna, eins og alþingi 1849 í bænarskránni, sem það ritaði um þetta mál, að útlendir menn mættu verzla á öllum löggiltum höfnum hèr á landi, ef þeim að eins væri gjört að skyldu, að sigla fyrst upp á 6 aðalkaupstaði, sem teknir voru fram, og sýna þar og sanna lögboðin skilríki sín. Nú hefur stjórnin haldið því fram í frumvarpinu, sem lagt var fyrir ríkisþingið, að útlendum kaupmönnum leyfðist að eins, að sigla upp og verzla á þessum 6 kaupstöðum, sem stúngið var upp á 1849 og 1851, en einga aðra verzlunarstaði, nema þeir einir, sem flytja timbur. Þó nú stjórninni þyki hæpið eða óráð, að leyft yrði hverjum útlendíng sem er, að koma inn á hverja löggilta höfn til verzlunar, einkum svona fyrst í stað, og að öllu óreyndu, hvernig þeir gefast, þá telur nefndin öldúngis auðsætt, að þetta leyfi til þess, að sigla upp að eins þessa 6 aðalkaupstaði, er miklu of þraungt, ef frjáls verzlun á að geta orðið á þessu mjög strjálbyggða landi að svo verulegum notum, sem til er ætlað. Að minnsta kosti sýnist full ástæða til, að

vona þess og óska í álitsskjalinu til konúngs, að hver fjórðúngamna, Norðlendínga- og Austfirðínga-fjórðúngur, verði ekki fyrir þreingri kjörum í þessu efni, heldur en hinir fjórðúngarnir; en það yrði þó, ef að eins þessir 6 staðir yrðu leyfðir til uppsiglíngar; því þá væri ekki í Norðlendínga-fjórðúngi nema Akureyri, og í Austfirðínga-fjórðúngi nema Seyðisfjörður, sem útlendíngar mættu sigla upp, þar sem þó 2 kaupstaðir yrðu í hverjum hinna fjórðúngamna. Nefndin verður því að ráða þínginu, að taka fram til konúngs þá ósk og von, að ef verzlun útlendra þjóða verði einbundin við tiltekna kaupstaði, þá verði þeim þó von bráðar leyft, að sigla upp í Norðlendíngafjórðúngi *Sauðárkrók* auk Akureyrar, og í Austfirðínga-fjórðúngi *Djúpavog* (Berufjörð) auk Seyðisfjarðar, og það því fremur, sem meginhluti Skaptafellssýslu, sem sjálf er kauptúnslaus, og á mjög lángt að sækja á aðra kaupstaði, gæti með þessu móti notið að nokkru, fremur en ella, beinlínis þeirra hagsmuna, sem mundi leiða af frjálsri verzlun hèr fyrir öll önnur hèruð landsins.

Það hefur ekki getað dulizt, hvorki fyrir þíngmönnum nè öðrum landsbúum, sem hafa átt kost á, að kynna sèr hin dönsku dagblöð síðan í vor, hve mikið far sumir hinir dönsku kaupmenn og reiðarar, einkum þeir, sem eru búsettir í Kaupmannahöfn hafa gjört sèr um, í og með bænarskrám og ávörpum til ríkisþíngs Dana, að leiða því þíngi fyrir sjónir, hver skaði væri búinn jafnvel allri verzlun og siglíngum Danaríkis, en einkum Hafnarbúa, ef konúngur vor gæfi verzlunina hèr á landi lausa á þann veg, sem frumvarp stjórnarinnar fer fram. Þessir menn hafa jafnvel líka, eptir því sem komið hafa fram um skýrslur í dagblöðunum, sem eru að öllu óhraktar af þeirra hendi, og því virðist mega byggja á, viljað leiða rök að því, að sóma hinnar dönsku þjóðar væri hneysa búin, ef jafnlítill hluti konúngsveldisins, sem Ísland er, skyldi ná að setja þau lög, eða gefa tillögur og tilefni til þeirra, sem væru jafnísjárverð og skaðvænleg fyrir verzlun Dana yfir höfuð að tala, eins og þau lög mundu verða, og fyrirkomulagið á íslenzku verzluninni, sem frumvarp þjóðfundarins og frumvarp stjórnarinnar, sem þar á var byggt, fer fram. Hafa kaupmenn þessir og reiðarar, eptir því, sem næst verður komizt af blöðunum, einkum tekið fram í ávörpum þeirra til ríkisþíngsins 2 atriði, sem þeim þykir mest um vert, til sönnunar sínu máli; en það er 1, *að*

þó jafnaðartolli megi halda fram yfir höfuð að tala, þá sè hann óhafandi við hverja þá þjóð, sem hefur í lögum sínum ójafnaðartoll við allar þjóðir, eins og t. d. sè um Spánverja; og 2, *að þetta 2 rbdd. lestagjald sè of lágt og of lítið, og muni eingu, hvorki Ísland nè ríkis-sjóðinn.*

Það var vafalaust ekki að eins hið eina rètta sjónarmið, heldur og að öllu samboðið speki vors mildasta konúngs, og landsföðurlegu umönnun hans fyrir hagsæld og verulegum framförum Íslands, sem hann setti sèr þegar í frumvarpi því til verzlunarlaga vorra, sem hann lèt leggja fyrir þjóðfundinn, til þess að laga með fyrirkomulag verzlunarinnar hèr á landi, „*að sú lögun færi fram frá sjónarmiði sjálfs Íslands*“. Og nefndin ætlar víst, að ekki beri annað á milli, annars vegar milli tillaga alþingis og þjóðfundarins, og frumvarps stjórnarinnar, sem á þeim tillögum er byggt, en hins vegar milli tillaga þessara reiðara og kaupmanna til ríkisþingsins, en þetta eitt, að *þeir* skoða alla lögun verzlunarinnar hèr á landi og fylgja henni fram frá sjónarmiði *sjálfra þeirra*, svona búsettra í Kaupmannahöfn, og þess hagnaðar, sem *þeim* megi standa af verzlun hèr, en hvorki því sjónarmiði, hvað Íslandi sè hagfeldast, nè kaupmönnum yfir höfuð nè gjörvöllu konúngsveldinu. Þetta ætlum vèr sè nokkurn veginn ljóst að sè aðalatriðið, sem í milli ber.

Á meðan aðalmarkaðurinn fisksins, sem aflast á Íslandi, árlega er á Spáni, og á meðan það má vera öllum ljóst, sem er, að í Kaupmannahöfn geti fiskur hèðan því að eins verið útgeingilegur gegn nokkurn veginn skaðlausu verði, að þángað berist ekki meira af honum en svo, sem þörf höfuðborgarinnar krefur, heldur sè jafnan annar vegur opinn meðfram til þess, að koma fiskinum með sem minnstum afarkostum til aðalmarkaðarins, þá má það vera nokkurn veginn auðsætt hverjum manni, að ef verzlunina á að laga hèr og gjöra frjálsa svo, að landsbúum sè sjálfum í hag, og þeim kaupmönnum, sem eru mest og fastast við riðnir þetta land, þá standi það á afarmiklu fyrir þessa verulegu grein verzlunarinnar hèr, fiskverzlunina, að hún sè bundin sem minnstum afarkostum og misbrestum. Þetta mundi þó fara fjærri, ef Spánverjum væri gjört, að greiða þeim mun meiri toll eður skipgjald hèr, heldur en Dönum og öðrum þjóðum, sem þeir gjöra þess mun í sínum tolllögum, hvort fiskurinn er fluttur inn á Spán á spánskum skipum, eður á skipum annara þjóða, hverrar sem eru; því þetta skakkar

ekki minna en svo, að allt að því 3½ rbd. munar á hverju skippundi, en það mundi verða að meðaltali árlega (fyrst að hèðan flytjast suður á Spán um 10, 000 skippund af fiski á ári hverju) milli 30—40,000 rbdd., sem Íslendingar feingju meira fyrir fisk sinn, ef Spánskum væri ekki meinað, að sigla hèr upp með sömu kjörum og öðrum þjóðum. En ef þeim við uppsiglingu hingað væri gjörðir samsvarandi afarkostir því, sem svarar ójafnaðartollinum á Spáni, og sem mundi verða rúmra 50 rbdd. gjald af hverju lestarúmi, þá mundu þeir að vísu alls ekki koma hèr fremur en nú, og landsmenn mundu þá enn um ókomnar aldir verða að sjá á bak þessum 30—40,000 rbdd. hag árlega af fiskverzlun sinni, sem þeim væri gefinn kostur á, ef Spánskir mættu sigla hingað afarkostalaust; en eingan veginn mundi allt um það hin danska verzlun yfir höfuð að tala, eða hinir kaupmennirnir og reiðararnir í Kaupmannahöfn upp skera jafnmikinn hag af sliku svo gott sem beru banni gegn Spánskum að koma hèr; því fyrst liggur á þeim allt að 3 ½ rbd. meira tollgjald á hverju skippundi, ef þeir flytja fiskinn til Spánar á dönskum skipum, heldur en væri, ef hann væri fluttur á spánskum; þar næst mun teljast svo til, að þó skipleigu alla undir fisk þann, sem hèðan flyzt til Spánar, megi að öllum tilkostnaði óreiknuðum, telja rúma 30,000 rbdd., þá er tilkostnaðurinn svo mikill, að vart munu reiðarar hafa af þeim flutníngum í hreinan ávinníng meira en 5—6000 rbdd., án þess þó sè tillit haft til þess, hvort þeir geti ekki í stað þeirra ferða notað skip sín til annara og arðsamari flutníngа. En þó Kaupmannahafnar reiðarar og kaupmenn yrðu að sjá á bak þessum 5—6000 rbdd. hreinum ávinníngi, sem þeir geta í mesta lagi talið sèr af fiskflutníngi hèðan til Spánar, þá virðist þó auðsætt, að heldur ættu þeir, ef nokkuð er, að verða fyrir þeim ímissi, heldur en landsbúar fyrir þeim 30—40,000 rbdd. halla árlega, sem þeir bíða, ef Spánskum verður ekki leyft, að sigla hingað jafnafarkostalaust og öðrum þjóðum.

Hin önnur aðalbreytíng, sem kaupmennirnir og reiðararnir hafa farið fram í ávörpum sínum til ríkisþíngsins, er sú, að lestagjaldið verði hækkað frá 2 rbdd. til 5 rbdd. Þeim þykir ekki minna gjald en 5 rbdd. hvorki muna tekjur Íslands nè ríkissjóð Dana. En auðráðið er af þeim greinum í blöðunum, sem um þetta voru ritaðar, að uppástúnga þeirra um þessa hækkun lestagjaldsins er beinlínis bundin einkum við 2 aðrar breytingar-

uppástúngur, sem þeir hafa tekið fram í ávörpum sínum til ríkisþingsins, auk þeirrar, sem fyr er getið, um ójafnaðargjaldið á spánskum skipum, 1. *að öll verzlun útlendra og innlendra lausakaupmanna sè af tekin, og* 2. *að hvorki verði löggiltir neinir nýir verzlunarstaðir um hin næstu 20 ár, nè að neinir vöruflutníngar líðist frá öðrum kauptúnum landsins inn á firði eða víkur.*

Um þetta síðasta (vöruflutníngana) tók stjórn konúngs vors einga uppástúngu fram í frumvarpi sínu til ríkisþingsins, af því, sem í ástæðunum segir og rètt er, að þetta atriði eigi ekki undir úrgreiðlsu ríkisþingsins, og skulum vèr því ekki fara fleirum orðum um þessa uppástúngu kaupmanna. En auðráðið er hitt, að þeim finnst vel til vinnandi, og sèr að öllu skaðlaust, að greiða hærra lestagjald, ef þeir áynnu, að öll verzlun lausakaupmanna yrði af tekin, og að einginn landsbúi mætti verzla við útlenda menn, þó verzlunin yrði gefin laus, því þá væri með öllu sèð fyrir, bæði að koma verzluninni í svo þraungt horf fyrir landsbúa, sem aldrei hefur verið hèr síðan 1785, og að allur aðalhagurinn af frjálsri verzlun væri í höndum kaupmannanna í Höfn, eða þeirra, sem þá jafnan mundu finna bæði sèr fært og hagfeldast að búa þar, og draga þángað hèðan úr landi allan arð verzlunarinnar, og að fyrir það væri girt, að innlendir kaupmenn gætu reist sig og þrifizt og setið þessum föstu kaupmönnum áveðurs með því, að keppa við þá; þannig mundi verða girt fyrir alla verzlunarkeppni (*Concurrence*) í svo að segja öllum kaupstöðum landsins; því í flestum þeirra eru ekki nema svo sem 1 eða 2 verzlunarbúðir, eins og kunnugt er, en eigendur þeirra mundu þá fá í hendur það einveldi verzlunarinnar, hverjir á sínum stað, sem mundi standa miklu nær verzlunareinokun, en verzlunarfrelsi því, sem til er ætlað; því það er og, eins og kunnugt er, einkum kostur sá, sem menn geta átt á, að verzla við lausakaupmenn, sem hefur gjört, og mundi margfalt fremur, ef verzlunin væri gefin laus, gjöra það mögulegt, að innlendir kaupmenn kæmust hèr upp, og nymdu bólfestu í sjálfu landinu, og þá jafnframt ágóði og arður verzlunarinnar; en ef eingir innlendir kaupmenn eða borgarar ættu kost á, að komast á fót, þá væri einnig girt með öllu fyrir *þá* verzlunarkeppni (*Concurrence*), sem þaðan væri von, og að eins getur átt sèr stað, ef nokkuð fleiri en 1 eða 2 kaupmenn væru á hverjum verzlunarstað.

Það er því nokkurn veginn auðráðið, að Kaupinhafnar-kaupmenn hafa með tillögum sínum og þeim breytingum, sem þeir halda fram í ávörpum sínum til ríkisþingsins, einkum viljað girða fyrir hvers kyns vezlunarkeppni hèr á landi, heldur stefna öllu málinu og fyrirkomulagi verzlunarinnar hèr á landi að því eina, að hún væri eptir sem áður einúngis og eingaungu í *þeirra* höndum, og að *þeir* hefðu af því aðalhaginn, þó hún yrði gefin laus að nafninu til við útlendar þjóðir. Og einginn þarf að undrast það, þó þeir með þessum fyrirvara bjóði fram 5 rbdd. lestagjaldið í stað 2 rbdd. gjaldsins, og leiði stjórninni og ríkisþinginu fyrir sjónir, hve mjög af sèr sè teflt, bæði tekjum Íslands og ríkissjóðnum öllum í óhag, ef lestagjaldið væri haft svona lítið. Nefndinni finnst óþarft, að taka nú fram allar þær ástæður, sem komu þjóðfundinum til, að ákveða gjaldið ekki meira en þetta, úr því konúngur vor hefur fallizt á þær að öllu. En ekki þykir nefndinni of aukið, að taka hèr fram, að þegar verzlunarmálið er komið í kríng, og hún orðin svo frjáls og hagfeld landsbúum, sem nú er stefnt að, þá muni skattalöggjöf landsins verða brátt tekin til algjörlegra endurbóta, og þá jafnframt verða tekið til ýtarlegri yfirvegunar, hvort ekki reynist aðgeingilegur og sanngjarn gjaldstofn hin ýmsu ölfaung og önnur ónauðsynja- og munaðar-vara, sem til landsins flyzt, og eiga má víst að ekki minki á aðflutníngur eða kaup, ef verzlunin yrði verulega frjáls; liggur þá beint við, að þeim mun meiri óbeinlinis-skatt mætti leggja á þess konar gjaldstofn, sem honum væri minna í þýngt frá upphafi með lestagjaldinu. Á þennan veg mundi miklu auðgefnara, að auka tekjur landsins á eðlilegri og síður tilfinnanlegan hátt fyrir alla hina snauðari landsbúa, en þann, sem kaupmenn stínga nú upp á, að leggja 5 rbdd. lestagjald á alla vöru, hvort sem hún er óþörf og munaður einn, eða öldúngis ómissandi, og hvort sem í lestarúminu er flutt um 30—40 rbdd. virði, eins og af salti, kolum og timbri, eða margra hundraða ríkisdala virði, eins og er um marga munaðarvöru.

Á þessum og því um líkum rökum, sem nefndin hefur nú tekið fram, virðast breytingaruppástúngur kaupmannanna og reiðaranna í Kaupmannahöfn í ávörpum þeirra til ríkisþingsins að vera byggðar, og nefndin verður að ráða þínginu til, að taka hið helzta af þessu fram í álitsskjali sínu til konúngsins, jafnframt og það lýsir yfir því óbifanlegu trausti sínu og allra landsbúa,

að hann ekki láti því um líkar ástæðulausar mótbárur, sem rísa að eins frá sèrstaklegu sjónarmiði á hagsmunum einstakra manna, af því þeir vilja helzt berast fyrir á einum tilteknum stað, ráska að neinu hinni landsföðurlegu og vísdómsfullu stefnu, sem hann hefur fyrir stjórn sína bent að þessu aðalmáli vor Íslendinga.

Eins og nefndinni hefur fundizt rèttast, að meðhöndla mál þetta á þennan veg, sem hún nú hefur gjört, án þess að ráða þinginu, að bera upp um það neinar beinar eða sèrstakar uppástúngur, eins varð hún og að álíta bænarskrá þá (nr. 45), sem þingið fèkk henni til meðferðar, úr Mýra- og Hnappadals-sýslu, og sem fer því fram, *„að öllum verzlunarmönnum, eins lausakaupmönnum sem öðrum, verði leyft, að sigla upp Straumfjörð og verzla þar“*, vera of sèrstaklegs eðlis og fara fram of einstaklegu atriði í aðalmáli þessu, eins og því er nú komið, til þess að hún fyndi ástæðu til, að ráða þinginu til, að gjöra um það beina eða sèrstaka uppástúngu.

Samkvæmt öllum hinum framanskrifuðu ástæðum verður nefndin að ráða þinginu til, að rita konúngi þegnsamlegast álitsskjal um þetta mál, og biðja hann:

að konúngurinn, af vísdómi sínum og landsföðurlegri umönnun fyrir sannri velfarnan vor Íslendinga, vilji mildilegast, þegar honum þykir tími til kominn, taka til greina þær bendingar um frjálsa verzlun á Íslandi, sem í álitsskjalinu eru teknar fram, en flýta fyrir afgreiðslu þessa máls, samkvæmt frumvarpi því, sem hann mildilegast hefur látið leggja fram fyrir ríkisþing Dana.

Reykjavík, þann 4. dag ágústmán. 1853.

H. Stephensen, formaður. *J. Guðmundsson*, framsögumaður.

Eg er öldúngis ósamþykkur inngángi þessa álitsskjals, þar sem minnzt er á hinn svo nefnda almenna Þíngvallafund og áminníngu hans til stjórnarinnar; en að öðru leyti legg eg það til, að þíngið í þetta skipti einúngis beri fram þá bæn fyrir konúnginn, að hann mildilegast hlutist til, að frumvarp það um frjálsa verzlun á Íslandi, o. s. frv., sem lagt hefur verið fyrir ríkisþíng Dana, fái sem fyrst lagakrapt.

ut supra.

J. P. Havstein.

Framsögumaður: Það er, eins og þingmenn sjá, aðalmeining nefndarinnar, að gjöra eingar beinar uppástúngur um þetta mál núna, heldur einúngis taka fram *viðurkenning* þingsins og *þakklæti* til konúngsins fyrir það, hversu mildilega hans hátign hefur þóknazt að taka tillögum alþingis um þetta mál, og *ósk* og *von* þess um, að mótspyrnur annara, einkum hinna dönsku reiðara og kaupmanna, nái ekki að verða greiðri og heillaríkri afgreiðslu máls þessa framar meir til fyrirstöðu.

P. Pètursson: Eg vil leyfa mèr að bera upp uppástúngu viðvikjandi niðurlagi nefndarálitsins, að það verði orðað þannig:

„Af framantöldum ástæðum leyfir nefndin sèr að ráða þinginu til, allra-þegnsamlegast að bera þá bæn fram fyrir konúnginn:

að hann, af visdómi sínum og landsföðurlegri umönnun fyrir sannri velfarnan vor Íslendinga, allra-mildilegast vilji bægja þeim mótspyrnum burtu, sem reistar hafa verið gegn frumvarpi því til frjálsrar verzlunar á Íslandi, er hann allra-mildilegast hefur látið bera undir ríkisþing Dana, svo þetta frumvarp sem fyrst fái lagagildi“, og

„að hann, þegar honum þykir tími til kominn, allra-mildilegast taki til greina þær bendingar, sem teknar eru fram í álitsskjalinu, um frjálsa verzlun hèr á landi“.

Eg skal ekki færa ástæður til fyrir þessari uppástúngu, á meðan eg heyri ekki, hvort nefndin muni fallast á hana eða ekki.

Framsögumaður: Eg hef að mínu leyti ekkert á móti þessari uppástúngu, nema það, að mèr finnst hún ekki vera sem rèttust orðuð, þar sem hún er stýluð upp á orð nefndarinnar, því eg ætla, að hún ætti að vera svo orðuð, að hún yrði innfærð í bænarskrá þingsins til konúngs.

P. Pètursson: Uppástúngan er ekki annað en breyting á orðaskipun nefndarinnar í niðurlagsgrein álits hennar.

Framsögumaður: Eg meinti að eins, hvort þingmaðurinn vildi ekki bera uppástúnguna svo upp, eins og hún yrði sett í álitsskjal eða bænarskrá þingsins til konúngs.

P. Pètursson: Eg gat ekki borið hana upp sem breytingu við þá bænarskrá, sem ekki er til, heldur varð eg að laga hana eptir nefndarálitinu, og eg sè ekki neitt á móti því; því ef þingið fellst á mína uppástúngu, þá kemur hún í staðinn fyrir

niðurlagsgrein nefndarinnar í álitsskjalið til konúngs, og eg fer ekki fram á annað, en einúngis orðabreytíngu.

Forseti: Eg ætla það væri bezt, að uppástúngumaður bæri sig saman við nefndina um þetta, og þá mun þessi misskilníngur fljótt geta jafnazt.

Framsögumaður: Eg áleit að eins óþarft, að gjöra breytíngu við ástæður nefndarálitsins, heldur hèlt eg, að breytingin ætti einúngis að vera við uppástúngu eður niðurlagsatriði í nefndarálitinu, og það var þetta, sem eg vildi taka fram.

P. Pètursson: Eg skal gjarnan taka aptur upphafsorðin úr uppástúngunni, ef það þykir betur fara; því það gjörir í raun og veru hvorki til nè frá.

G. Einarsson: Það eru að eins tvö atriði í nefndarálitinu, sem mèr eru ekki vel ljós, og eg vildi leita upplýsíngar um hjá nefndinni; hið fyrra er það, hvort hún áliti ekki nauðsynlegt, að geta þess, að yrði lestagjald á hingað fluttum vörum hækkað úr því, sem nú er ætlað til í frumvarpi því, sem stjórnin hefur lagt fyrir ríkisþíngið í Danmörku, hvort slíkt hækkunargjald á tollinum upp úr því, sem hèr hefur verið samþykkt, þurfi ekki að berast undir alþíngi áður, þar eð ríkisþíngið hefur þó ekki að minni vitund neinn skattsálögurètt á landi hèr. Hið síðara viðvíkur þeirri verzlun, sem er hèr beinlínis innlend. Mèr virtist, eins og ekki væri tekið skýrt fram, að það atriði verzlunarinnar ætti að vera beinlínis innlent málefni, og ekki koma til ríkisþíngsins atkvæða, en kann ske mèr hafi misskilizt það. Mèr virðist ekki betur, en kaupstaðarèttindi og kauptúnafjöldi hèr á landi séu þau mál, sem alþíngi á um að fjalla, og bera bæn sína um einúngis upp við konúnginn.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þíngmaður sèr af frumvarpi stjórnarinnar fyrir ríkisþíngið, sem hann nú hèlt á, hvaða skoðun konúngurinn og stjórn hans hefur haft á þessum atriðum málsins, sem hann nú hreifði, og að í frumvarpinu er meðal annars tekin fram kaupstaðatalan og lestagjaldið. Þetta hefur því konúngurinn og stjórn hans álitið rètt að leggja undir úrslit ríkisþíngsins. Eg verð því að ætla, að það væri óhyggilegt, og jafnvel rángt af þínginu, að áskilja sèr um þessi atriði nokkurn atkvæðisrètt, eptir það ríkisþíngið er búið að gjöra út um þau; og eg held því, að nefndin hafi farið öldúngis rètt að í þessu. Annað mál er um vöruflutníng inn á firði og víkur, enda hefur stjórninni ekki þótt það heyra undir ríkisþíngið,

eins og hún hefur líka beinlínis tekið fram í ástæðum frumvarpsins.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera öldúngis samdóma þeim heiðraða framsögumanni í því, sem hann sagði um, að stjórnin hefði ei lagt ákvarðanirnar um innanlandsflutninga hèr milli kauptúna fyrir ríkisþíngið, af því það var innlent málefni, sem einúngis kom Íslandi við. Eg verð einnig að vera því samdóma, er hann sagði um, að það væri með öllu óráðlegt, að fara nokkru á flot um það, að leggja verzlunarmálið, sem viðkemur öllu ríkinu, fyrir alþíngi, eptir að því er ráðið til lykta á ríkisþínginu; því það getur upp á eingan máta átt sèr stað. Staðfesti konúngur ályktanir ríkisþíngsins í þvílíku máli, verða þær að lögum, er gilda, þángað til þeim verður breytt með nýju lagaboði.

St. Jónsson: Það fer optast svo, þegar menn eiga mikil kaup saman, að hver hugsar á sinn hag, og svo mun vera enn í verzlunarviðskiptum Dana við Íslendínga. Það er orðið ljóst, að kaupmenn og aðrir, sem eiga hlut að máli á þeirra síðu, hafa gjört sitt til, að hindra, að við Íslendíngar feingjum frjálsa verzlun, með því, að leggja þær tálmanir í veginn, sem þeir hafa getað, nefnilega, að vilja hindra verzlun lausakaupmanna, og að bjóða 5 rbdd. tollinn. Þetta er nú allt eðlilegt, þegar litið er til verzlunarinnar, eins og hún hefur verið híngað til; því Danir gætu boðið mikinn toll, ef þeir mættu þá einir ráða verzluninni; því þá er hægurinn hjá, að vinna hann upp á landsmönnum. Nauðsyn til verzlunarfrelsis hèr á landi má þó vera hverjum manni ljós, sem þekkir til verzlunar árið 1815, og þar í kríng um, og opt endrarnær, þegar 1 kútur af salti seldist á 7 mörk, 1 pund kaffi 9 mörk, 1 pund tóbak 2 rbdd., 1 pottur messuvíns 9 mörk, og íslenzkar vörur þó ekki nema: 1 pund tólg 16 skk., 1 pund ull 18—20 skk., 1 par smábandssokka 28 skk., og púlssokkar 20—24 skk., og allt eptir þessu, bæði af útlendri vöru og innlendri, og gæti eg margt fleira talið, ef þörf sýndist á. Það mætti segja eg hefði ekki gilda vissu fyrir prísum þeim, sem eg nefndi, en eg hef fulla vissu fyrir þeim úr viðskiptabókum frá þeim árum. Það má að vísu segja, að það hafi verið mest ónauðsynjavara, sem eg nefndi, og er það nú að nokkru leyti satt, en þó eru nú þær tíðirnar, að margir þykjast ekki geta lifað góðu lífi án þeirra, og hvað saltið snertir, þá er það nauðsynjavara, og eg man vel

til, hvaða vandræði menn komust í af skorti þess, þegar 1 kútur salts kostaði 1 rbd. 16 skk.; þá voru menn að reyna, að brúka sjó, til að salta í kjötið, og fleiri lík úrræði voru menn að reyna, sem vonlegt var, sèr til skaða, og, ef til vill, til heilsutjóns, að eg ekki tali um, hvaða gagn menn hefðu haft af saltinu sumarið 1822, til að salta hey, ef það hefði verið nóg til af salti þá, og feingizt með þolanlegu verði, þegar heyið varð mest úti í Norðurlandi, og þar af leiðandi fjárskurður. Að vísu er nú mikil bót orðin á verzlun frá þeim tímum, sem eg minntist á, og ætla eg það mikið að þakka lausakaupmönnum; því þegar kaupmaður *Ch. Hansen* fór að sigla norður fyrir land, komst salt fyrst ofan í 16 skk. kúturinn, sem áður hafði aldrei verið minna en 24 skk., og hefur ekki borið á öðru, en að kaupmenn hafi getað selt með þeim prís síðan, og það lýsir sèr berlega, að þar sem þeir koma ekki, þar er lakast verð á vörunum. Þetta allt ætla eg muni sanna það, að okkur sè mesta nauðsyn á, að fá verzluninni komið í sem bezt horf, og fara því fast fram, sem nefndarálitið bendir til, að frumvarp það, sem vor mildi konúngur lagði fyrir ríkisdaginn, verði sem fyrst lögleitt; því eg óttast, ef t. a. m. lausakaupmönnum yrði synjað um verzlun hèr, þá gæti það leitt að því, að hún kæmist í líkt horf og áður, og væri það aum tilhugsun.

G. Einarsson: Eg verð og að vera á sama máli og þingmaður Eyfirðinga; mèr líkar nefndarálitið yfir höfuð vel. En jafnvel þó bæði hinn háttvirti framsögumaður og konúngsfulltrúi hafi nú skýrt málið viðvíkjandi kaupstaðafjöldanum og lestagjaldinu, þá vil eg þó benda þinginu á, hvort ekki mundi æskilegt, að áhugi vor á máli þessu yrði betur tekinn fram í bænarskránni til konúngs, en gjört er í nefndarálitinu, svo að stjórnin og ríkisþingið sæju berlega, að oss væri mjög annt um, að mál þetta feingi í alla staði ákjósanlega endalykt fyrir oss.

G. Brandsson: Mèr fannst það vera einkum tvennt, sem þingmaður Eyfirðinga vildi sanna með sögu þeirri, er hann sagði af verzluninni norðanlands, annað það, að vèr værum illa farnir, meðan eingaungu ættum að búa við verzlun einstakra kaupmanna úr einstöku landi, sem jafnan mundu mest gá að því, hvað þeirra eigin hagsmunum væri helzt til eflingar, en hirða minna um, hvort verzlun þeirra væri notasæl fyrir land vort og sjálfa oss. Dæmið, sem hann færði fram, sýnir það einnig, að því færri kaupmenn sem eru á hverjum stað, því

hægra eiga þeir með, að einoka verzlunina, af því þá eru of fáir að keppa um hana móti þeim. Í öðru lagi sýndi þessi þingmaður fram á, hversu hæpið væri fyrir oss, að eiga verzlunina undir Dönum einum saman; því ef Danmörk lenti í stríði við eitthvert voldugt ríki, þá mundi það bezt sjást, hvað verzlun Dana yrði oss ónóg, og eru þess minnileg dæmi frá árunum 1807 til 1812, eða jafnvel leingur; því þá hefðu menn hèr á landi líkast til dáið af húngri, ef óvinir Dana, Englendíngar, þrátt fyrir það, sem þeim og Íslendíngum var bannað af hinni dönsku stjórn, hefðu ekki bætt að nokkru leyti úr þessu með því, að eiga við oss kaupskap.

Eins og kaupmenn vorir að undanförnu hafa ekki látið sitt eptir liggja, að spilla því, að vèr feingjum frjálsa verzlun, svo hafa þeir haldið á fram hinu sama allt til þessa, sjálfsagt sumir þeirra, og sýnir það, að þeir muni vera hræddir um, að þeir hefðu ekki einsamlir hagnaðinn, ef kaupmenn annara ríkja færu að keppa við þá, og ætti þetta að vera ný hvöt fyrir oss, til að halda þess öflugar á fram með óskir vorar um verzlunarfrelsið; því þó mótspyrnur kaupmannanna sèu margar og miklar, þá eru þó orðin líkindi til, að þær verði um síðir bugaðar, ef vèr látum ekki hugann bila, og höldum því einbeittir á fram, sem vèr erum sannfærðir um, að oss geti orðið að góðum notum.

P. Sigurðsson: Eg verð að vera á sama máli og sá háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður, að það sè haft sem aðalatriði, að biðja stjórnina að halda fram sömu stefnu, og hún hefur nú svo mildilega fallizt á í frumvarpi því, er hún lèt leggja fyrir ríkisdaginn, en þau atriði, sem nefndin tekur fram, og okkur Íslendíngum þykir þó á miklu standa, sèu sem bendíngaratriði; því án þess geti ekki verzlunin heitið fullkomlega frjáls. Mèr líkar nefndarálitið og bendíngar þessar mikið vel; eg vil og lýsa ánægju minni yfir því, hversu vel og frjálslega stjórnin hefur tekið í mál þetta, og aðhyllzt í öllum aðalatriðum álit meiri hluta þjóðfundarmanna, og hversu hún nú skoðar verzlunina frá sjónarmiði þessa lands; en eg verð líka að undrast yfir, hversu kúgunarandi danskra kaupmanna er enn glæðilegur, og reyna allt, er þeir megna, til að halda okkur Íslendíngum innilokuðum undir verzlunar-einveldi sínu; því þegar þeir sáu, að stjórnin tók svona frjálslega stefnu með málið, sem var að miklu leyti samkvæm margítrekuðum bænum lands-

manna, þá má segja, að nú hafi alvarlega skotizt fram á þeim skollahárin; en það mun reynast hèr sem optar, að þeim mun vera mest umhugað um hag sjálfra sín, hvað sem okkur líður, og því er mèr það óskiljanlegast, er eg sè íslenzku smákaupmennina okkar vera að dindlast aptan við stórkaupmenn Dana, og krassa nöfn sín undir þvílík bónarbrèf, sem fara þess á leit við stjórnina, að hún enn haldi okkur og sjálfum þeim föstum í klóm einokunarverzlunar um ókomnar ára- og líklega aldaraðir.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, er þingmanni Dalasýslu þótti mèr ekki hafa tekizt vel, að skýra atriðið um lestagjaldið og kaupstaðafjöldann, sem hann hreifði áðan, og skoraði á mig um að upplýsa, þá verð eg að játa, að eg treysti mèr ekki til, að gjöra það betur. En það var vel, að því var hreift hèr, svo tíðindin beri með sèr, að þingmenn hafi veitt þessu eptirtekt.

Forseti: Þar eð enginn tekur nú til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið.

Eg hef feingið uppkast til bænarskrár frá alþingi til konungs viðvíkjandi kosningarlagamálinu. Framsögumaður, þingmaður Skaptfellinga, gjörir svo vel að lesa það upp.

Bænarskráin var síðan afhent framsögumanni, lögfræðingi J. Guðmundssyni, sem las hana, og þingið samþykkti svo hljóðandi:

Til konúngs.

Úr ýmsum hèruðum landsins hafa alþingi borizt að þessu sinni 6 bænarskrár, með mörgum undirskriptum, er biðja alþingi, að bera upp fyrir yðar konúnglegu hátign uppástúngu eða bænarskrá um breytíngu á þeim kosningarlögum, sem nú gilda til alþingiskosninga. Þó bænarskrár þessar færu með nokkuð mismunandi orðum og uppástúngum fram á þessa breytíngu, þá bar þeim öllum saman í því, sem hefur verið almenn skoðun landsmanna áður, og er enn, og sem einnig kemur heim við fulla og fasta sannfæríngu alþingis, að brýn nauðsyn sè á, að rýmka einkum bæði kosningarrèttinn og kjörgeingisrèttinn til alþingis.

Þingið kaus því þegar einhuga 3 manna nefnd, til að undirbúa og kveða upp álit sitt um þetta mál; hefur þingið síðan rætt það ýtarlega á tveimur aðalfundum, og leyfir sèr nú, að

bera upp um það fyrir yðar konúnglegri hátign álit sitt, og þar á grundvallaðar bænir á þessa leið.

Hið fyrsta, sem þínginu fannst nákvæmlega gaumur gefandi í þessu máli, var það, hvort beiðast ætti nú þess, sem ein bænarskráin fór fram á, að lögleidd yrðu til alþingiskosninga framvegis kosningarlögin til þjóðfundarins, 28. sept. 1849. En þingið komst brátt að þeirri sannfæringu, að alls ekki sèu neinar yfirgnæfandi ástæður fyrir því nè gjörlegt, að leggja til, að lögleidd verði til alþingiskosninga þessi sèrstaklegu kosningarlög, sem að eins voru til búin og sett fyrir einn sèrstakan fund, er voru ætluð önnur störf en alþingi, og sem þar til var samsettur af nærfelt helmingi fleiri mönnum, en á alþingi eru lögákveðnir. Þvert á móti er þingið þeirrar fullrar sannfæringar, að á meðan alþingisstiptunin stendur svona í óbreyttum skorðum, og jafnvel þó það hlyti nokkra rýmkun í tilliti til löggjafarvalds í málefnum sjálfs landsins og öðrum verkahring sínum, sem almennt er óskað og víst óskandi, þá muni samt affarabezt og rèttast, að halda nú fyrst um sinn, bæði aðalákvörðunum alþingistilskipunarinnar yfir höfuð að tala, og eins kosningarlögum hennar í öllum þeim greinum, þar sem ekki almenn viðurkenning, byggð á verulegum rökum, gjörir breytínguna öldúngis nauðsynlega.

Af þessum ástæðum fannst þínginu hvorki nauðsynlegt nè eiga við, að búa nú til uppástúngur til frumvarps nýrra kosníngarlaga, heldur að það kæmi sèr að eins niður á hinum helztu og verulegustu atriðum til breytíngar á kosníngarlögunum, sem yðar konúnglega hátign væri beðin að taka mildilegast til greina í því frumvarpi til nýrra kosningarlaga, sem þingið vill nú allrapegnsamlegast leyfa sèr að biðja að verði lagt fyrir alþingi 1855. Því fannst og þínginu ekki rètt, að leggja kosningarlögin 1849 til grundvallar fyrir þeim breytíngum, sem það stíngur nú upp á, heldur hin upprunalegu kosníngarlög til alþíngis, 8. marz 1843. Og af þessum sömu ástæðum finnur og þingið ekki nauðsyn á, nè eiga við, að biðja yðar konúnglegu hátign um aðrar breytíngar, en *skynsamlega og nauðsynlega rýmkun á kosníngarrèttinum, og á skilyrðum fyrir kjörgeingi* til alþíngis.

Álit og sannfæring þíngins um nauðsyn þessarar breytíngar á ekki eingaungu að styðjast við það, sem bænarskrár þær, er nú komu til alþingis, lýsa yfir um þetta efni, heldur komu samkynja umkvartanir fram þegar fyrir hið fyrsta alþíngi

1845 úr mörgum hèruðum landsins, og síðan fyrir hvert alþingi, yfir bandi því á kosníngarrèttinum og kjörgeinginni, sem alþíngistilskipunin 8. marz 1843 gjörir að skilyrði fyrir þessum rètti: 10 hndr. jarðeign, eða 20 hndr. æfifesta, eða sú húseign í kaupstað, sem væri 1000 rbdd. virði eptir löglegri virðíngargjörð, ekki eldri en 2 ára. Þessi lögákveðnu bönd vöktu þannig þegar frá upphafi megnt ógeð, og þóttu bæði miklu of þraung og næsta óeðlileg, eins og hèr í landi er komið efnahag manna og upplýsíngu.

Viðvíkjandi *rèttinum* til, að *mega* kjósa menn til alþíngis, leyfir þá þíngið sèr allra-þegnsamlegast eptirfylgjandi athugasemdir.

Eins og þíngið hefur ekki fundið ástæðu til, að leggja til eða beiðast, að yðar konúnglega hátign lögleiddi til alþíngiskosníngakosníngarlögin 28. sept. 1849, með svo öldúngis óbundnum kosníngarrètti, sem þar er veittur, eins verður þíngið og að leyfa sèr að taka fram, að því hlýtur að þykja næsta ískyggilegt og ógjörandi, að veita kosníngarrètt öllum þurrabúðar- og einhleypum mönnum í hinum fjölbyggðu sjóplázum landsins, sem opt geta átt hægast með, að sækja kjörfundinn, og gætu þannig einir og gjörsamlega ráðið kosníngunum fyrir allt kjördæmið, eða þeir einstöku menn, sem vildu vinna þessa kjósendur til atkvæðagreiðslu sèr í vil.

Hins vegar hefur þínginu þótt mjög aðgæzluvert, að leggja til, að kosníngarrètturinn verði bundinn við nokkurn *ákveðinn gjaldstofn*, t. d. við *skiptitíund*, eða við *ákveðna gjaldsupphæð*, t. a. m. til fátækra, yfir höfuð að tala; því þó skiptitíundin gefi fullrúman kosníngarrètt upp til allra sveita, þá eru mjög margir þeir bændur, sem hafa grasnyt við sjó, bæði greindir og dugandis-sómamenn, og sem í eingu standa á baki hinum betri sveitabændum, er opt eiga ekki svo mikinn fènað og skipastól samtals, að það nemi skiptitíund; mundi því þessi ákveðni gjaldstofn útiloka of marga nýta kjósendur í þeim kjördæmum, þar sem meiri hluti búandanna eru helzt sjóarbændur. Aptur, ef ákveðin upphæð á fátækra-útsvari væri gjörð að almennu skilyrði fyrir kosníngarrèttinum, þá mundi það, allt hvað það væri ekki haft svo lítið, að það yrði eins og ekkert band, útiloka frá kosníngarrètti meiri hluta allra dugandis-bænda í hinum efnaðri hreppum, af því sveitarþýngsli eru í þeim hreppum opt svo lítil, og sveitarútsvör búanda svo væg, að þau

nema svo lítilli og opt eingri annari upphæð árlega, en hinni einföldu fátækra-tíund. En þar á móti eru sveitaþýngslin miklu meiri í sjóplázunum, og koma meðfram niður á þurrabúðar- og lausa-mönnum eptir ástandi þeirra og efnahag, og mundu því flestir þessir menn, sem þingið hefur þó sýnt fram á hve ískyggilegt og varúðarvert mundi reynast að veita kosníngarrètt, ná þessum rètti, ef hann væri bundinn við svo litla upphæð sveitarútsvars, sem þörf er á vegna bænda upp til sveitanna. Af þessu vonar þingið að líka verði auðsætt, að, ef upphæð sveitarútsvarsins væri lögð til grundvallar alstaðar eða um allt land, þá yrði kosníngarrètturinn að koma svo ójafnt niður, að í einni sveitinni gætu ekki mestu dugandis-menn orðið aðnjótandi þessa rèttar, þar sem aptur hver og einn ætti kost á að kjósa í hinni sveitinni, af þeirri einu orsök, að þar væru meiri sveitarþýngslin.

Þó að þessi gjaldstofn fyrir kosníngarrèttinum kunni í fyrsta áliti að virðast miður tryggjandi, þykir þínginu eingan veginn mega missa sjónar á því, að þjóðin er nú orðin vanari kosníngum, og hefur fyrir hin afgeingnu alþingi meiri og glöggvari þekkíngu á þeim kostum, sem gott fulltrúa-efni þarf að hafa til að bera, heldur en hún hafði upphaflega, og eru því meiri líkindi til, að vel takist kosníngar, þó bandið sè svona rýmkað.

En jafnframt því, að þannig verður að álíta þennan gjaldstofn til kosníngarrèttarins nægilegan fyrir alla alþýðu manna hèr á landi yfir höfuð að tala, og hvorki þraungva honum um of, nè heldur rýmka hann, þá varð þíngmönnum jafnframt auðsætt, að hinn sami gjaldstofn væri ekki hæfilegt skilyrði fyrir kosníngarrètti annara sèrstakra stètta, sem þó væri mjög ísjárvert, óvinsælt og rángt að útiloka frá þessum rètti. Þíngið varð því einhuga á því, að, en þótt búlausir væru, og ekkert gyldu til opinberra þarfa, ættu að eiga kosníngarrètt: *a,* allir embættismenn, sem hefðu embættisbrèf frá konúngi eða stiptsyfirvöldum landsins, og *b,* vísindamenn, sem hafa tekið lærdómspróf við háskólann erlendis eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, ef þeir eru eingum háðir; að þar til ættu að eiga kosníngarrètt, þótt búlausir væru, allir kaupstaðarborgarar (því með svo feldu hafa þeir unnið löglega stöðu í borgaralegu fèlagi), ef þeir að eins gyldu að minnsta kosti 4 rbdd. árlega til sveitar, og stæðu ekki í skuld um sveitarstyrk. Og að síðustu varð meiri hluti þíngmanna á því máli, að ísjárvert

væri, að útiloka frá kosníngarrètti alla tómthús - eða þurrabúðarmenn án allra undantekníngа, og hvað þarfir og nýtir sem þeir væru, og vildi því þíngið, að hver sá úr þessum flokki manna ætti kosníngarrètt, sem gyldi 6 rbdd. árlega til sveitar. En með þessum verulegu rýmkunum á skilyrðum fyrir kosníngarrèttinum er þíngið einnig eindregið á því, að hin önnur skilyrði, sem 4. gr. alþíngistilskipunarinnar tekur fram fyrir kosníngarrèttinum, séu ekki að eins viðunandi, heldur eigi vel við, og eigi því ekki að hagga um þau.

Þíngið leyfir sèr þessu næst að vekja athygli yðar konúnglegu hátignar að bandi því, sem á kjörgeinginni er eptir alþíngistilskipunarinnar 5. gr., og sem ekki hefur vakið minna nè síður almennt ógeð, en bandið á kosníngarrèttinum. Sú skoðun hefur verið og er almenn hèr á landi, eins og víðar í útlöndum, að skynsamleg og hæfilega takmörkuð bönd á kosníngarrèttinum, og sem koma heim við andlegt og veraldlegt ástand landsbúa, sè í raun og veru næg trygging fyrir, að vel verði kosið, þótt kjörgeingin sjálf verði óbundin við allan fjárstofn, eða við annað en ákveðinn aldur, óflekkað mannorð og sjálfræði fjár síns. Þessa skoðun verður þíngið að aðhyllast, og álíta, að hún eigi einkar vel við hèr á landi, þar sem vitsmunir, reynsla, og þekking á ýmsum högum lands vors er eingan veginn samfara eða óaðgreinanlega sameinuð jarðeign og annari auðlegð. En þar eð þíngið hefur ekki getað komizt hjá, að stínga upp á, og biðja yðar konúnglega hátign mildilegast að taka til greina jafnmikla og verulega rýmkun kosníngarrèttarins, og nú voru færð rök að, þá finnst því ísjárvert, en þótt það verði eindregið að leggja til, að kjörgeingi verði óbundin við fjáreign, að taka ekki fram eða stínga upp á einhverju því, er megi tryggja góðar kosníngar, og svo, að þær lýsi yfir vilja meiri, og því optast betri hluta kjósandanna í hverju kjördæmi. Því hlýtur þíngið allra-þegnsamlegast að leyfa sèr, að leggja til, að einginn sá verði rèttkjörinn til alþíngismanns, sem ekki hafi meiri hluta (meira en helming; absolut Majorität) allra þeirra atkvæða, sem greidd eru á kjörþíngi og gild. Þó svo virðist í fljótu máli, sem af þessu geti leitt sá erviðleiki, sem víst er nokkuð aðgæzluverður hèr á landi, þar sem mýmargir kjósendur eiga lángt og ervitt, að sækja kjörþíng, að kjósa þurfi einatt um að nýju, ef þessi ákvörðun yrði að lögum, þá þykir þínginu eingan veginn mega missa sjónar á, að hún aptur,

einmitt sökum þessa erviðleika, getur orðið bein hvöt fyrir kjósendur til þess, fyrir fram að yfirvega og fyrir prófkosníngar að koma sèr niður á hinu bezta fulltrúa-efni, en það mundi aptur vera mikilvægur undirbúníngur til heillavænlegra kosníngа og tryggíng fyrir þeim. Fái þá samt sem áður ekkert fulltrúa-efnið meiri hluta allra atkvæða, verður að kjósa um aptur óbundnum kosníngum; fái þá enn einginn meir en helmíng allra atkvæða, verður aptur að kjósa á ný, en þó bundnum kosníngum, svo, að einúngis sè þá kosið milli þeirra 2, sem höfðu flest atkvæði, eða ef fleiri eru en 2, sem hafa allir jafnmörg atkvæði, þá milli þeirra allra, o. s. frv. Af þessari einskorðun atkvæðafjölda þess, sem hver rèttkjörinn þíngmaður hlýtur að fá, og sem þínginu þykir ómissandi, til að tryggja það, að kosníngar takist sem bezt, leiða aptur, að þínginu virðist, 2 sèrstaklegar, en öldúngis nauðsynlegar breytíngar á kosníngarlögunum 1843:

1. Að Skaptafellssýslunum, sem hefur verið skipt í tvær kjördeildir, verði skipt *í tvö kjördæmi,* svo að austur-sýslan og vestursýslan verði kjördæmi hvor út af fyrir sig, og kjósi hèðan af hvor sinn þíngmann til alþíngis. Þess er fyrst að gæta, að ef sú skipun hèldist þar í sýslum framvegis um tvær kjördeildir, eins og nú er, með kosníngu eins þíngmanns fyrir báðar, þá yrði að gjöra þar mikið ísjárverða undantekníngu frá þeirri aðalreglu, að meir en helmíngur atkvæða ætti að ráða gildri alþíngiskosníngu; þar næst, að þeim sýslum er mjög óhagkvæmt, að vera sameinaðar í eitt kjördæmi, bæði sökum samgaungu- og viðskipta-leysis milli sýslnanna innbyrðis, og af því austursýslubúarnir hafa eingin viðskipti við eða kunnugleik til annara sýslna í suðuramtinu; að síðustu standa þessar sýslur eingu fjær að landslagi, erviðleik og öðru sèrstöku ásigkomulagi en t. d. Þíngeyjarsýsla, að þeim sè skipt, eins og henni, í tvö kjördæmi, þó ekki verði nema einn kjörstjórinn í hvorumtveggja kjördæmunum. Af þessum ástæðum varð meiri hluti þíngmanna á því, að biðja yðar konúnglegu hátign allrapegnsamlegast, að Skaptafellssýslunum yrði skipt í tvö sèrstök kjördæmi.

2. Að nauðsyn verður á, að kjósa í hverju kjördæmi alþíngismanninn sèr í lagi og varaþíngmanninn sèr, eða með öðrum orðum, að hver kjósandi til greini, þegar hann geingur fram til kosníngа, hvern hann kjósi til aðalþíngmanns, og hvern

hann kjósi til vara. Hefur og þessi breyting þótt fyrri og af öðrum ástæðum nauðsynleg.

Þó að þinginu virtist, að með jafnóbundinni kjörgeingi að fjáreign og öðru, eins og nú var tekið fram, ættu hin önnur skilyrði, sem 5. gr. alþingistilskip. til tekur (sbr. við 4. gr.), vel við, og bæri því ekki, að raska þeim, þá urðu þó nálega allir þingmenn á því máli, að binda kjörgeingi við það skilyrði, að þeir skyldu allir vera undanþegnir þeim rètti, sem þiggja sveitarstyrk, hvar í þó flestir þingmenn lögðu þá meiningu með fram, að eingan þann mætti kjósa til alþingis, sem stæði í skuld um þeginn sveitarstyrk.

Að síðustu varð meiri hluti þingmanna á því máli, að sakir hins margbreytta og nokkuð ólíka skilnings, sem hefði orðið á því, hvort kjósa ætti strax um aptur, ef annaðhvort rèttkjörinn þingmaður eða varaþingmaður skoraðist undan, að þiggja kosningu, þá yrði nauðsyn að biðja yðar konúnglega hátign, að láta taka um þetta atriði fram nauðsynlega ákvörðun í hinu nýja frumvarpi til kosningarlaganna.

Þar sem ein bænarskráin, sem nú kom til þingsins, fór því fram, að tala þingmanna verði hèr eptir 36 menn, þá eru allir þingmenn að sönnu á því, að ef vald alþingis yrði aukið, þá sè tala þingmanna of lítil, og að margir og verulegir hagsmunir mundu þá leiða af því, að tveir fulltrúar væru kosnir fyrir hvert kjördæmi. Eins og nú er ástatt, fannst þinginu samt ekki beinar nè gildar ástæður fyrir, sízt í sambandi með þessum einstaklegu uppástúngum um hinar helztu og nauðsynlegustu breytingar á kosningarlögunum, að sameina þar með uppástúngur eða bæn um fjölgun alþingismanna.

Samkvæmt öllum þeim ástæðum, sem nú eru teknar fram, leyfir þingið sèr allra-þegnsamlegast, að biðja yðar konúnglegu hátign:

1. með samhljóða atkvæðum: *að yðar konúnglega hátign láti semja frumvarp til breytingar á kosningarlögunum 8. marz 1843, og leggja það fyrir alþingi 1855.*
2. *að í frumvarpi því verði settar þessar undirstöðubreytingar:*
   a, samþykkt með 19 atkvæðum gegn 2: *að kosningarrètt hafi allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stètta.*
   b, samþykkt með 20 atkvæðum gegn 1, og sumpart í einu

hljóði: *að kosningarrètt hafi enn fremur, þótt búlausir sèu:*

1. *allir embættismenn, sem annaðhvort hafa embættisbrèf frá konúngi eða stiptsyfirvöldunum;*
2. *visindamenn, sem tekið hafa lærdómspróf við háskóla erlendis eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, og sem eingum eru háðir; og*
3. *kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rbdd. árlega, og standa ekki í skuld um þeginn sveitarstyrk.*

c, samþykkt með 13 atkvæðum gegn 7: *að einnig hafi kosningarrètt þeir þurrabúðarmenn, sem gjalda til sveitar 6 rbdd. árlega.*

d, samþykkt með 18 atkvæðum gegn 3: *að kjörgeingi sè óbundin við alla fjáreign eða greiðslu til almennra þarfa, en að þó sèu allir þeir undanskildir, sem þiggja sveitarstyrk.*

e, samþykkt með 20 atkvæðum gegn 1: *að einginn sè rèttkjörinn til alþingis, sem ekki hljóti meir en helming allra þeirra atkvæða, sem greidd eru á kjörþingi og gild; en fái ekkert fulltrúa-efni svo mörg atkvæði, skuli kjósa um aptur óbundnum kosningum; fái þá enn einginn meira en helming atkvæða, skal kjósa enn á ný, en að eins í milli þeirra tveggja (eða þeirra, sem höfðu jafnmörg atkvæði), sem höfðu ½ hluta allra atkvæða í síðustu kosningu, eða fleiri.*

f. samþykkt með 14 atkvæðum gegn 7: *að Skaptafellssýslunum (austur- og vestur-sýslunni) verði skipt í 2 kjördæmi, og kosinn sinn aðalþingmaður, og sinn varaþingmaður í hvorri.*

g, samþykkt með 20 atkvæðum gegn 1: *að hèðan af skuli í hverju kjördæmi kjósa aðalþingmann sèr, og varaþingmann sèr; og*

h, samþykkt með 15 atkvæðum gegn 5: *að ákveðið verði, ef annarhvor, fulltrúi eða varaþingmaður, skorast undan, að taka móti kosningu, hvort þá eigi strax að kjósa um aptur.*

Reykjavík, 6. ágúst 1853.

Allra- þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. J. Guðmundsson.

Forseti: Af því nú er ekki fleira fyrir í dag, skal eg ákveða næsta fund á mánudaginn kl. 12, og verður þá *jarðamatsmálið* og *verzlunarmálið* tekið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Fundi slitið.

---

8. ágúst — þrítugasti og þriðji fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Til meðferðar í dag kemur fyrst *verzlunarmálið* til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Hinn 5. konungkjörni þingmaður hafði borið upp þessi 2 breytingaratkvæði við nefndaruppástúnguna:

1. Að konungur, af vísdómi sínum og landsföðurlegri umönnun fyrir sannri velfarnan vor Íslendinga, vilji allramildilegast bægja þeim mótspyrnum burtu, sem reistar hafa verið gegn frumvarpi því til frjálsrar verzlunar á Íslandi, er hann hefur látið bera undir ríkisþing Dana, svo að þetta frumvarp nái sem fyrst lagagildi.
2. Að konungur, þegar honum þykir tími til kominn, taki allramildilegast til greina þær bendingar um frjálsa verzlun á Íslandi, sem teknar verða fram í allra-þegnsamlegasta álitsskjali þingsins um þetta mál.

Atkvæðaskráin í málinu er þannig hljóðandi:

Atkvæðaskrá

í

verzlunarmálinu.

1. Að þessi atriði verði tekin fram í bænarskrá alþingis til konungs:
   a, *P. Pètursson* (breytingaratkvæði við *c*, samþykkt af nefndinni í stað alls niðurlagsatriðis — sjá *c* — nefndarálitsins, sem hún tekur aptur): að konungur, af vísdómi sínum og landsföðurlegri umönnun fyrir sannri velfarnan vor Íslendinga, vilji allra-mildilegast bægja þeim mótspyrnum burtu, sem reistar hafa verið gegn frumvarpi því til frjálsrar verzlunar á Íslandi, er hann hefur látið bera undir ríkisþing Dana, svo að þetta frumvarp fái sem fyrst lagagildi.

b, *Sami* (breytíngaratkvæði við *c*): að konúngur, þegar honum þykir tími til kominn, taki allra-mildilegast til greina þær bendíngar um frjálsa verzlun á Íslandi, sem teknar verða fram í allra-þegnsamlegasta álitsskjali þíngsins um þetta mál.

c, *Nefndin* (tekið aptur af nefndinni — sjá *a* —): að konúngurinn, af vísdómi sínum og landsföðurlegri umönnun fyrir sannri velfarnan vor Íslendínga, vilji mildilegast, þegar honum þykir tími til kominn, taka til greina þær bendíngar um frjálsa verzlun á Íslandi, sem í álitsskjalinu eru teknar fram, en flýta fyrir afgreiðslu þessa máls samkvæmt frumvarpi því, sem hann mildilegast hefur látið leggja fram fyrir ríkisþíng Dana.

2. *Nefndin*: að alþíngi riti konúngi bænarskrá um verzlunarmálið, og biðji um það (eða þau) atriði, sem hèr eru samþykkt.

Framsögumaður: Einúngis 1 hinna heiðruðu þíngmanna hefur tekið sèr breytíngaratkvæði við nefndaruppástúnguna, og hefur nefndin fallizt á fyrri part þess; en nefndin gat ekki tekið breytíngaratkvæði sama þíngmanns undir staflið *b* á atkvæðaskránni, og vona eg uppastúngumaður taki það aptur.

Eg vildi einúngis geta þess, viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu hreifði við undirbúníngsumræðu þessa máls, og bað mig upplýsíngar um, þá skildist mèr, eptir því sem eg nú seinna fór að hugsa mig um, meiníng hans vera sú, hvort ekki væri eins fjærskilt, að ríkisdagur Dana skyldi ákveða fjölda og tölu verzlunarstaða, eins og það, hvort flutníngar mættu eiga sèr stað milli kaupstaðanna, inn á firði og víkur.

En það er aðgætandi, að flutníngar inn á víkur og firði viðkoma einúngis hèr á landi búsettum kaupmönnum, og svo landsbúum yfir höfuð, þar sem hitt, um tölu kaupstaðanna, og hvort útlendíngar megi sigla þá upp, viðkemur einkanlega verzlun útlendra manna hèr á landi; en allt, sem þeirri verzlun viðkemur, álítur nú stjórnin að eigi að bera undir ríkisdag Dana.

P. Pètursson: Eg skal gjarnan taka aptur breytíngaratkvæði mitt undir tölulið 1 *b* á atkvæðaskránni, úr því nefndin aðhylltist hið fyrra.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Það var ein bænarskrá viðvíkj-

andi þessu verzlunarmáli, frá Mýrasýslu nefnilega, sem beiddi um kaupstað á Straumfirði, eða að höndlun mætti þar fram fara. Þessa bænarskrá hafði verzlunarmálsnefndin undir höndum með öðrum; en eg sè af nefndarálitinu, að nefndin hefur ekki í þetta sinn getað gefið mikinn gaum að henni, vegna þess, að hún var svo sèrstakleg, og beiddi um höndlun á þessum eina stað, en nefndin hafði verzlunarmálið undir í allt stærra formi, sem nefnilega hljóðaði um þá alfrjálsu verzlun; þess vegna get eg ekki heldur feingið mèr orsök til, að framfylgja þessari bænarskrá í þetta sinn; því mèr þykir líka mest áríðandi, að fá alfrjálsu verzlunina fyrst, en ímynda mèr, þá hún er feingin, að þá mundi hægt, að bæta við þessum smá-útvíðkunar-atriðum síðar; því þetta verður ætíð álitið innlent mál, sem alþíngi líklega fær þá að ráða. Eg ætla nú ekkert að ræða framar um verzlunarmálið í þetta sinn; því mèr þótti nokkuð vera rætt um það til hlítar á þjóðfundinum, og eg veit ekki betur, en að þau sèu allir sama sinnis enn, og þeir voru þá, bæði hèr í þínginu og upp til sveitanna, og að hvert mannsbarn, sem vit hefur, vilji eindregið biðja um frjálsa verzlun, eins og þá var beðið, og þó að menn hefðu sèð þessar mótspyrnur, sem þeir góðu herrar, kaupmennirnir, hafa sett í þetta mál, og sent fyrir ríkisþíngið, þá mundi einginn rèttur Íslendíngur hafa mikið umvenzt við það, eða breytt þeirri skoðun, sem þeir hafa feingið á þessu máli. Eg ætla því að halla mèr að því 1. breytíngaratkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns, að biðja konúng nú, að brúka vísdóm sinn og gæzku, til að bægja í burtu þessum mótspyrnum úr verzlunarmálinu, svo það geti feingið áheyrslu.

Þ. Jónassen: Eg vil einúngis leyfa mèr að fara nokkrum orðum um þau 3 atriði, sem tekin eru fram í nefndarálitinu, og þau eru, ef mig minnir rètt, þessi: 1, að leiðarbrèfin skuli vera fáanleg á þeim verzlunarstöðum, sem framandi verði leyft að sigla upp; 2, að verzlunarstöðum þeim verði fjölgað, sem framandi megi sigla upp og verzla á; og 3, að mótspyrnum þeim, sem frá hálfu danskra kaupmanna sèu komnar fram á ríkisdeginum gegn frumvarpi stjórnarinnar um frjálsa verzlun á Íslandi, verði bægt úr vegi, Hvað 1. atriðið snertir, vírðist mèr að vísu, að nefndin hafi mikið til síns máls, en þar eð stjórnin eindregið hefur haldið fram annari skoðun, vírðist mèr þíngið eigi ekki að að fara þessu atriði á flot, þar sem það ekki er

líklegt, að stjórnin veiti því áheyrslu, og atriði þetta í sjálfu sèr ekki stendur á miklu fyrir verzlunarmálið yfir höfuð.

Á annað atriði get eg með eingu móti fallizt, og hef allt af látið þá skoðun í ljósi, að það sè nauðsynlegt og ómissandi skilyrði fyrir frjálsri verzlun hèr á landi, að vörumagninu og verzlunarkröptunum sè haldið saman að vissum og sem fæstum stöðum (kaupstöðum), og þetta eru svo augljós sannindi, að eg skil ekki, að um þau geti verið nokkur efi. Því meir sem þeim stöðum er fjölgað, sem framandi megi sigla upp til verzlunar, því meir sundrast verzlunar-kraptarnir, og með þeim hætti verða þeir alstaðar og hvergi. Hvernig geta menn ímyndað sèr, að frjáls verzlun mundi geta skipzt hèr og orðið að nokkru liði fyrir landið, ef allir landsins verzlunarstaðir væru á borð við Siglufjörð, Vopnafjörð, og útkaupstaðina á Vesturlandi? hvað ættu framandi þjóðir að gjöra á slíkum stöðum? þeir kynnu að sönnu að koma fyrsta árið, en þeir mundu að öllum líkindum brenna sig svo, að þeir kæmu aldrei aptur. Eg álít þessa fjölgun kaupstaðanna að öðru leyti heldur ekki nauðsynlega, því eg ætla það geti ekki hjá því farið, að útkaupstaðirnir hljóti að laga sig eptir aðalkaupstöðunum, hvað verðlagið á vörunum snertir, og kemur þá allt niður í sama stað, eins og þó aðalkaupstaðirnir væru fleiri, sèr í lagi með frjálsum flutningum. Því er farið á flot í nefndarálitinu, að framandi megi sigla upp og verzla á Sauðárkróki og á Djúpavogi. Hvað Sauðárkrók snertir, má að vísu segja það, að hann, ef til vill, liggi betur við verzlun en Hofsós, og kunnugir menn hafa sagt mèr, að þar sè góð skipalega, en hún er það gagnstæða á Hofsós. Það hefði eptir þessu átt betur við öndverðlega, að setja verzlunarstaðinn fyrir Skagafjörð við Sauðárkrók; en nú er einu sinni búið að setja hann á Hofsós, og yrði nú kaupstaður líka settur í Sauðárkrók, gæti ekki hjá því farið, eptir því sem hèr hagar til, að verzlunin þá drægist mestmegnis þángað frá Hofsós, og með því álít eg rètti einstaks manns (eða eiganda Hofsósverzlunar) geingið of nærri, og get eg ekki verið því samþykkur, og það því síður, sem eingin brýn nauðsyn á sèr stað. Nokkuð öðru máli er að gegna, hvað Djúpavog snertir. Þángað sækja allir innbúar Austur-Skaptafellssýslu, sem, eins og alkunnugt er, eiga miklu örðugra með alla aðflutninga en aðrir landsbúar, og það væri því ástæða til þess, að hlynna að þeim í öllu, sem yrði, en eg álít þeir þurfi ekki að verða út undan, þó framandi

ekki fái að sigla upp Djúpavog, þar eð eg ímynda mèr, að kaupmaðurinn þar verði að laga sig eptir Seyðisfirði og vöruprísum þar.

Hvað 3. atriðið snertir, má eg játa, að eg ekki þekki greinilega þær mótspyrnur, sem frá hendi kaupmanna í Kaupmannahöfn eru komnar fram gegn frumvarpi stjórnarinnar; en eptir því, sem segir í nefndarálitinu, eru þær þess eðlis, að það er að mínu álíti skylda þingsins, að reyna, að koma í veginn fyrir þær. Reynslan er búin að sýna það og sanna, að danskir kaupmenn skoða verzlun hèr á landi frá sínu, en ekki frá Íslands sjónarmiði; þetta er eðlilegt, en á hinn bóginn er Íslandi umvarðandi, að sú skoðun ekki verði í fyrirrúmi; stjórnin sjálf hefur líka viðurkennt, að þessi skoðun á málinu sè raung, og eigi ekki við; þetta stendur með berum orðum í ástæðunum til verzlunarlaga-frumvarpsins, sem lagt var fyrir þjóðfundinn 1851. Íslendingar hafa hingað til látið í ljósi svo mikinn áhuga á þessu máli, að það mætti virðast, að þeir hefðu tekið sinnaskipti, ef þeir ekki nú, þegar þeir fá vitneskju um, að verið sè að reyna til, að koma þessu máli í aðra stefnu, en stjórnin hefur álitið rètta að vera, bera fram þá von og ósk sína til stjórnarinnar, að hún í visdómi sínum vilji bægja frá öllum þeim tilraunum, sem þar að lúta, svo þetta umvarðandi mál geti leiðzt til lykta á þann hátt, sem hún hefur til ætlazt, og ætla eg svo ekki að fara fleirum orðum um málið.

J. P. Havstein: Eg skal einúngis leyfa mèr að tala fáein orð viðvíkjandi hinu öðru atriði, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður tók fram. Faðir minn sálugi átti verzlunarstaðinn Hofsós, og veit eg ekki til þess, að hann hafi gjört þann samning við drottin vorn, að niðjar hans skyldu ætíð mega halda þar verzlun Skagfirðinga, hvort sem það væri þeim í óhag eður ekki. Bróðir minn, sem nú á verzlunarstaðinn Hofsós, mun án efa heldur ekki tileinka sèr þvílíkan rètt. Vildi nokkur ímynda sèr, að slíkur rèttur ætti sèr stað, mætti hann víst vera grundvallaður á samningi við hinn vonda, og væri það þá sannkallaður *contractus diabolicus*. Hvort slíkur samningur geti haft nokkra þýðingu í atkvæði hins heiðraða þingmanns í hinum íslenzka landsyfirrètti, veit eg ekki; en hitt veit eg, að aðrir lögfræðingar virða hann að vettugi. Annars held eg, að verzlun þyrfti ekki að leggjast af í Hofsós, þó leyft væri, að verzla í Sauðárkrók, og yrði altènd mikill hluti Skagafjarðar, sem ætti nær í Hofsós en þángað.

J. Samsonsson: Eg vil nú líka bæta því hèr við ræðu hins háttvirta annars konúngkjörna þíngmanns, þar sem hann minntist á Hofsós-höndlunarstað, og Sauðárkróks var getið, að höndlunarhúsin í Hofsós eru nú mjög gömul orðin, og mundi því ekki verða mjög ísjárvert, að færa höndlunarstaðinn á Sauðárkrók, og hygg eg, að því yrði ekkert til fyrirstöðu, ef þar til feingist fullkomið leyfi.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður talaði um Sauðárkrók og Hofsós, að lakari höfn væri í Hofsós, og að Sauðárkrókur lægi mikið betur við verzlun allra hèraðsbúa, en þó ætti samt að halda Hofsós, af því hann væri svo miklu eldri, þá má eg segja, að mèr þykir það ærið lítilvæg ástæða, og þar koma fram heldur mikil og óskyggileg fastheldni við hið gamla. Eg held og, að ekki þurfi að leggja niður kaupstaðinn í Hofsós fyrir það, þó útlendum mönnum yrði leyft, að sigla upp Sauðárkrók. Hvað kaupstaðafjöldann snertir, þá ætla eg, að bæði Norðlendínga- og Austfirðíngafjórðúngur standi eins vel að, bæði að verzlunarafli og fólksfjölda, eins og hver hinna í því efni. Í framhaldi af ræðu þíngmannsins úr Mýrasýslu skal eg geta þess, að eg hef og feingið bænarskrá viðvíkjandi uppsiglíngarleyfi á Papós; en eg lagði hana ekki fram fyrir þá sök, að nefndin þegar á hinum fyrsta fundi sínum þóttist ekki hafa ástæðu til, að ræða slík einstök atriði málsins að þessu sinni, heldur hafa fulla ástæðu til, að fylgja því svona almennt fram, eins og hún hefur nú gjört.

G. Einarsson: Það er að skýrast æ betur og betur fyrir mèr stefna sú, er nefndin hefur fylgt í máli þessu, og ljósast verður mèr það, þá er eg sè, að nefndin hefur aðhyllzt breytíngaratkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns; þó að mèr fyndist því dálitið athugavert við málið upphaflega, þá hygg eg, að nefndin hafi gjört rètt í, að taka svona í málið. Mig gleður það annars mikið, hvað mèr virðist að þetta áríðandi þjóðarmál sè að ryðja sèr til rúms í brjóstum allra Íslendínga, æðri og lægri, svo að það virðist, sem ætli að rætast, að hèr verði *eitt sauðahús*, og þá ber eg þá öruggu von, að sá *eini hirðir* í þessu tilliti, hvað oss Íslendínga snertir, konúngurinn, af landsföðurlegum vísdómi sínum og mildi bægi þeim mótspyrnum frá, er til þessa hafa tálmað því, að vèr feingjum frjálsa verzlun.

Konúngsfulltrúi: Út af orðum þeim, sem hèr hafa

fallið, og sem lúta að því, að sumir fjórðúngar landsins hafi orðið út undan í tilliti til tölunnar á þeim verzlunarstöðum, hvar útlendir mega koma, skal eg geta þess, að stjórnin í því, að skipa þetta niður, ekki hefur haft tillit til hinna gömlu fjórðúnga, hver skipting fyrir laungu er orðin afmáð og þýðingarlaus, heldur hefur hún haft tillit til hinnar núverandi amtaskipunar, og þá er jafnaðarins tilhlýðilega gætt, þar sem tveir slíkir verzlunarstaðir eru í hverju amti.

G. Brandsson: Það voru nokkur orð í ræðu hins háttvirta 4. konúngkjörna þingmanns, sem mèr þóttu athugaverð; hann talaði um, að utanríkisverzlunarmönnum ætti ekki að verða leyft, að verzla á fleirum en 4, eða í mesta lagi 6 kauptúnum, og hèlt hann þá, að kaupmenn á hinum öðrum verzlunarstöðum yrðu að haga verðlagi á vörum hjá sèr eptir því, sem það við geingist þar, sem frjálsa verzlunin væri leyfð; en það sjá þó allir, að þeim gæti orðið það ómögulegt, nema með mesta skaða sínum; því það ræður að líkindum, að þeir gætu hvorki feingið útlendar vörur með eins góðu verði, og kaupmenn á hinum tilteknu stöðum feingju þær, nè heldur, að þeir gætu borgað innlendar vörur eins vel og þessir, og hver yrði þá niðurstaðan önnur en sú, að þessir mörgu og smáu kaupstaðir hlytu að missa smátt og smátt allt verzlunarafl, og yrðu um síðir að leggjast niður? og hvað leiddi svo af þessu fyrir landsmenn, annað en óbærilegan kostnað og erviðleika; því menn verða jafnan að muna eptir því, að land vort er bæði stórt og ógreitt yfirferðar, og því ervitt fyrir innbúa þess, að verzla með vöru sína á mjög fáum stöðum; því það vita allir, að hèr hagar allt öðruvísi til, en í öðrum löndum, þar sem eru bæði járnbrautir og gufuvagnar, til að flýta ferðum manna og fyrirtækjum; en væri þetta hèr hvorttveggja, þá sakaði víst minna, þó kaupstaðirnir væru færri, en þeir eru nú. Það var hèr á þingi 1851 tekið fram með glöggum ástæðum, hver nauðsyn bæri til, að dreifa frjálsu verzluninni víðar út, en á þá 6 aðalkaupstaði, sem stúngið var upp á að yrðu helztu verzlunarstaðir fyrir utanríkisþjóðir; því jafnframt og menn vildu, að þessir fáu kaupstaðir gætu vaxið og þroskazt, vildu þeir einnig, að hinir smærri þyrftu ekki þar fyrir að líða undir lok, nè að landsmönnum yrði gjört svo örðugt fyrir, að frjálsa verzlunin yrði þeim að litlum eða eingum notum. Sumir hafa verið hræddir um, að útlendir kaupmenn mundu fælast hèðan, ef þeim yrði leyft, að verzla

á öllum löggiltum höfnum, af því þeir mundu ekki geta selt þar vöru sína, eða feingið aptur á móti í skip sín af innlendum vörum það, sem þeim nægði, og að þeir mundu þá verða neyddir til, að selja vöru sína við lægra verði, en þeir gætu staðið við að láta hana. En það má þó sjá á því, sem þegar er fram komið með hin tvö spánsku skip, sem komið hafa hingað til Reykjavíkur, að það þarf ekki marga kaupmenn til, að geta tekið á móti þeim og hlaðið þau af innlendum vörum; því hèr eru það einúngis 1 eða tveir menn, sem ráðizt hafa í þetta, og ekki orðið vandræði úr, svo það þyrfti varla að óttast fyrir, að hinir fáu kaupmenn á ýmsum kauptúnum landsins gætu þetta ekki eins vel; það er ekki heldur hættara við, að utanríkismenn yrðu fældir hèðan fyrir það, þó þeir mættu verzla á fleirum heldur en fáum höfnum; því eg gæti vel ímyndað mèr, að væru þeir bundnir við borð, með að verzla einúngis á 4 eða 6 stöðum, að kaupmenn gjörðu þá samtök, til að gjöra þeim svo erfið kaupin, að þeir neyddust til, að leita hèðan, og koma ekki framar hingað til verzlunar, en sem síður væri hætt við, ef þeir mættu leita víðar fyrir sèr. Eg verð þess vegna að lýsa því yfir, að eg er á sömu meiningu með þetta, sem eg var 1851, og mun eg eptir henni greiða atkvæði mitt, þegar þess verður leitað.

Á. Einarsson: Eg stend nú einúngis upp, til að tala fáein orð. Eg er öldúngis hlessa, að stjórnin skuli vera að draga úr kaupstaðatölunni, og banna, að fara til allra löggiltra staða, ekki að nefna, þegar búið er að fara í aðalkaupstaðina fyrst. Það er merkilegt, að jafnvel sumum þingmönnum skuli aldrei geta skilizt, hver skaði það er verzluninni, að vera að kvelja hana og kreista til fáeinna staða á svo stóru landi, hvernig sem búið er að brýna það fyrir mönnum, og hvernig sem reynslan er búin að sanna, að þetta kvalræði er ekki nema til ills. Eg skal nú að eins geta þess með einu dæmi, hversu óþolandi baga það gæti gjört, ef fækkað yrði kaupstaðatölunni, sem útlendir mættu sigla upp, framar en hèr var farið fram á 1851 á þjóðfundinum, og smákaupstaðirnir yrðu, ef til vill, að leggjast niður fyrir það. Eg tek til dæmis Reykjarfjörð eða Kúvíkur í Strandasýslu, þar sem menn hafa kann ske 4 eða 5 hundruð tunnur af lýsi, auk dúns, fiskjar og alls annars, sem menn yrðu í vandræðum með, og annaðhvort færi til skemmda, eða að menn hættu öldúngis að afla því, ef eingin verzlun

væri þar, eða bannað væri, að sigla þar upp, og slík dæmi mun vera hægt að finna víða annarstaðar.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi nýlega sagði, að stjórnarinnar aðalástæða til, að til taka þessa og ekki aðra eða fleiri kaupstaði, hefði verið sú, að hún hefði farið eptir amta- en ekki fjórðúnga-skipun, þá er mèr nær að halda, að hún hafi eptir hvorugu farið, heldur eptir því, sem alþingi 1849 og þjóðfundurinn 1851 tók fram um þessa aðalkaupstaði; en þá var meiningin sú, að útlendíngar skyldu *fyrst* koma inn á þessa aðalkaupstaði, en síðan mega verzla á öllum löggiltum kaupstöðum, og sigla þá upp. Með því móti hefði hin gamla kaupstaðaskipun haldizt, og þá hefði einginn fjórðúngurinn verið gjörður öðrum fremur utan af skinni. Eg held því, að þegar stjórnin nú tók að eins til þessa 6 aðalkaupstaði, þá hafi hún ekkert tillit haft til amtmanna-embættanna, heldur að eins til uppástúngnanna hèðan um þessa 6 staði.

Forseti: Þar eð einginn tekur framar til máls, er ályktarumræðu þessa máls lokið, og bið eg því þíngmenn að gánga til atkvæða.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. *a, P. Pèturssonar* breytíngaratkvæði (samþykkt af nefndinni): samþykkt í einu hljóði.
   Breytíngaratkvæði hins sama undir staflið *b* var tekið aptur af uppástúngumanni, og nefndin hafði tekið aptur uppástúngu sína undir staflið *c*; kom því hvorugt til atkvæða.
2. *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykkt með 19 atkvæðum.

Forseti: Næst kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *konúnglegt álitsmál um jarðamatið*. Eg hef látið prenta atkvæðaskrá í máli þessu, sem eg vona að þíngmenn hafi við höndina til eptirsjónar. Framsögumaður er þíngmaður Skaptfellínga.

Í þessu máli voru þessar uppástúngur og breytíngaratkvæði fram komin:

1. *H. Stephensens*:

1. Til að finna hið sanngjarna jarðagjald í hverjum hreppi, útnefnist af sýslumanni og sóknarpresti 3 valinkunnir skynsamir bændur, sem ákveði jarðagjaldið til tölu vissra ákveðinna aura.
2. Yfirmatsnefnd í sýslu hverri sè sýslumaður, þar sem hann

er hæfur, eða í hans stað einhver hæfur maður, útnefndur af amtmanni, og 2 valinkunnir menn í sýslunni, sem bendi jarðagjalds-matsmönnum til þeirra galla, sem kunna hafa orðið, leggi jarðagjaldið til peninga, og reikni út jarðaverðin til ríkisdala eptir vöxtum 4%.

2. *Nefndarinnar*:

Í stað nefndaruppást. nr. 4: að konúngur veiti þessari þriggja manna nefnd, til þess að standast kostnað við ritfaung og ritstörf, 100 rbdd. árlega í tvö ár, er verði greiddir þeim fyrir fram hvort árið úr jarðabókarsjóðnum.

3. *P. Péturssonar*:

Við nr. 3: að lagt sé á vald konúngs, eptir því hvað verk nefndarinnar sé yfirgripsmikið, að ákveða hæfilega og sanngjarna þóknun handa þessum 3 mönnum; (eða)

Við nr. 3 og 4: að hver þessara nefndarmanna fái 300 rbdd. árlega fyrir starfa sinn, og 100 rbdd. til ritstarfa.

Við nr. 6: að þessum 7 aðstoðarmönnum verði borguð fyrirhöfn þeirra eptir sanngjörnum reikníngi, og sem ekki má nema meiru en 50 rbdd. fyrir hvern.

Við nr. 8: bætist inn í: „biskupi og próföstum".

Við nr. 9: að þessari grein aptur að orðinu „samþykkti" verði sleppt.

Til vara: að nefndin fái 200 rbdd. til óumflýjanlegra sendiferða út um landið.

4. *J.* hreppst. *Sigurðssonar*:

Að þriggja manna sitjandi nefndinni verði af stjórninni veittur myndugleiki til, að æskja þess af sýslumönnum, að þeir útnefni 3 valinkunna og skynsama menn, til að finna það rètta og sanngjarna jarða-afgjald á jörðum í hverri þeirri sveit, sem nefndin álítur að þess þurfi nauðsynlega við, mót sanngjarnri þóknun, og að sýslumönnum verði gjört að skyldu, að gegna þessari nefndarinnar ósk.

5. *P. Sigurðssonar*:

Að í sýslum þeim, er 3 manna nefndin í Reykjavík finnur sèr ekki fært, án þess að senda í hèruðin, að lagfæra og jafna jarðamatið, að henni þá verði af stjórninni veittur myndugleiki til, að æskja þess, að sýslumenn sýslna þeirra, ásamt með 4 beztu og skynsömustu bændum í hrepp þeim, er sýslumaður á heimili í, og hreppsbændur í þeim hrepp skulu til nefna, kjósi 3 eða 5 skynsama og valinkunna

menn, til að lagfæra þessa galla, og skal Reykjavíkurnefndin ákveða tölu nefndarmanna, er lagfæra skulu jarðamatið, eptir því er hún álítur starf það mikilfeingt, er þeir eiga að framkvæma; laun skulu þeir fá fyrir dag hvern, er þeir vinna að verki þessu, jafnt og jarðamatsmönnum var ákveðið, hvar á móti uppástúnga nefndarinnar um reisandi nefnd til hèraðanna burt falli.

6. *Nefndarinnar:*

Við 9. uppást.: að í stað orðanna: „færði rök að fyrir konúngi“, komi: „færði rök að fyrir stjórninni“.

Atkvæðaskrá
í
jarðamatsmálinu.

1. *H. Stephensen*: Til að finna hið sanngjarna jarðagjald í hverjum hreppi, út nefnist af sýslumanni og sóknarpresti 3 valinkunnir skynsamir bændur, sem ákveði jarðagjaldið til tölu vissra ákveðinna aura.
2. *Sami*: Yfirmatsnefnd í sýslu hverri sè: sýslumaður, þar sem hann er hæfur, eða í hans stað einhver hæfur maður, útnefndur af amtmanni, og tveir valinkunnir menn í sýslunni, sem bendi jarðagjalds-matsmönnum til þeirra galla, sem kunna hafa orðið, leggi jarðagjaldið til peninga, og reikni út jarðaverðin til ríkisdala, eptir vöxtum 4 *procent.*
3. *Nefndin* (1. uppástúnga nefndarinnar): að konúngur láti sem fyrst, að verða má, lagfæra og bæta um hina verulegustu galla og misfellur jarðamatsins, sem fór fram hèr á landi árin 1849—1850, einkum svo, að þessi almenni mælikvarði: „tekjur þær, sem gjöra má ráð fyrir af jörðunum, eptir þeim skýrslum, sem fáanlegar eru“, verði lagður til grundvallar fyrir lagfæríngum aðalgallanna hins misjafna jarðamats í hinum ýmsu sýslum.
4. *Nefndin* (2. uppástúnga nefndarinnar): að til þess, að laga og bæta um bæði þessa aðalgalla og aðrar misfellur jarðamatsins, verði sett þegar í haust nefnd 3 manna, þeirra er alþíngi nú stíngur upp á.
5. *P. Pètursson* (breytíngaratkvæði við 7. atriði, samþykkt af nefndinni): að lagt sè á vald konúngs, eptir því hvað verk nefndarinnar sè yfirgripsmikið, að ákveða hæfilega og sanngjarna þóknun handa þessum 3 mönnum.
6. *Sami* (við 7. og 8. atr.): að hver þessara nefndarmanna

fái 300 rbdd. árlega fyrir starfa sinn, og 100 rbdd. til ritstarfa.

7. *Nefndin* (3. uppástúnga nefndarinnar): að hverjum þessara 3 manna verði veitt 300 rbdd. þóknun fyrir þennan starfa.
8. *Nefndin* (í stað 9. atriðis hèr á eptir): að konúngur veiti þessari þriggja manna nefnd, til þess að standast kostnað við ritfaung og ritstörf, 100 rbdd. árlega í 2 ár, er verði greiddir þeim fyrir fram hvort árið úr jarðabókarsjóðnum.
9. *Nefndin* (4. uppástúnga nefndarinnar, tekin aptur, og 8. atriði sett í staðinn): að þeim verði einnig veittir 100 rbdd., til að standast kostnað við ritstörf öll, sem að ætlunarverki þeirra lúta.
10. *Nefndin* (5. uppástúnga nefndarinnar): að þeim verði leyft, að kjósa sèr 3 menn í hverju amti, vesturamtinu og norður- og austur-amtinu, og, ef við þykir þurfa, einn í suðuramtinu, til þess að skrifast á við og leita hjá allra þeirra upplýsínga og skýrslna viðvíkjandi jarðamatinu, sem þeim þykir þörf á.
11. *Nefndin* (breytíngaratkvæði við 12. atriði): að seinustu orðin: „og sem ekki má nema meiru en 50 rbdd. fyrir hvern“, falli úr.
12. *P. Pètursson* (breytíngaratkvæði við 13, samþykkt af nefndinni): að þessum 7 aðstoðarmönnum verði borguð fyrirhöfn þeirra eptir sanngjörnum reikníngi, og sem ekki má nema meiru en 50 rbdd. fyrir hvern.
13. *Nefndin* (6. uppástúnga nefndarinnar, tekin aptur; sjá 12. atriði): að þessum 7 aðstoðarmönnum verði hverjum um sig veitt 50 rbdd. þóknun.
14. *Nefndin* (7. uppástúnga nefndarinnar): að allan þann kostnað, sem getið er í 3., 4. og 6. uppástúngu (sbr. 7., 8. og 13. atriði), megi greiða fyrir fram úr jarðabókarsjóðnum.
15. *P. Pètursson* (breytíngaratkvæði við 16. atriði, samþykkt af nefndinni): að eptir orðið: „sýslumönnum“, verði sett: „biskupi og próföstum“.
16. *Nefndin* (8. uppástúnga nefndarinnar): að amtmönnum og sýslumönnum landsins verði gjört að skyldu, að láta þessari 3 manna nefnd allar þær skýrslur og upplýsíngar í tè, sem unnt er og hún beiðist.
17. *J.* hreppst. *Sigurðsson* (uppástúnga í stað 9. uppástúngu nefndarinnar; sjá 22. atr.): að hinni sitjandi þriggja manna

nefnd verði af stjórninni veittur myndugleiki til, að æskja þess af sýslumönnum, að þeir útnefni 3 valinkunna og skynsama menn, til að finna það rètta og sanngjarna jarðaafgjald á jörðum í hverri þeirri sveit, sem nefndin álítur að þess þurfi nauðsynlega við, mót sanngjarnri þóknun, og að sýslumönnum verði gjört að skyldu, að gegna þessari nefndarinnar ósk.

18. *P. Sigurðsson* (uppástúnga í stað 9. uppástúngu nefndarinnar; sjá 22. atr.): að í sýslum þeim, er 3 manna nefndin í Reykjavík finnur sèr ekki fært, án þess að senda í hèruðin, að lagfæra og jafna jarðamatið, að henni þá verði af stjórninni veittur myndugleiki til, að æskja þess, að sýslumenn sýslna þeirra, ásamt með 4 beztu og skynsömustu bændum úr hrepp þeim, er sýslumaður á heimili í, og hreppsbændur í þeim hrepp skulu til nefna, kjósi 3 (eða 5) skynsama og valinkunna menn, til að lagfæra þessa galla, og skal Reykjavíkur- nefndin ákveða tölu nefndarmanna, er lagfæra skulu jarðamatið, eptir því er hún álítur starf það mikilfeingt, er þeir eiga að framkvæma. Laun skulu þeir fá fyrir dag hvern, er þeir vinna að verki þessu, jafnt og jarðamatsmönnum var ákveðið, hvar á móti uppástúnga nefndarinnar um reisaudi nefnd til hèraðanna burt falli.

19. *P Pètursson* (breytíngaratkv. við 9. uppást. nefnd.; sjá 22. atr.): að greininni verði sleppt.

20. *Sami* (til vara): að nefndin fái 200 rbdd. til óumflýjanlegra sendiferða út um landið.

21. *Nefndin* (breytíngaratkv. í 22. atr.): að í stað orðanna: „færði rök að fyrir konúngi“, verði sett; „færði rök að fyrir stjórninni“.

22. *Nefndin* (9. uppást. nefndarinnar): að konúngur leggi samþykki sitt til, að 1 eða 2 menn, annaðhvort af nefndarmönnum sjálfum, eða þeim, sem nefndin stíngur upp á við stjórnina, ferðist á opinberan kostnað til þeirra hèraða, sem nefndinni fyndist og færði rök að fyrir konúngi að henni væri ekki unnt að lagfæra í jarðamatið á annan veg, með því erindisbrèfi, sem nefndin stýngi upp á, en konúngur síðan samþykkti.

23. *Nefndin* (10. uppást. nefndarinnar): að alþíngi nú, eptir

meir en helming allra atkvæða, stingi upp á þeim 3 mönnum, sem það biður konúng um að setja í þessa nefnd.

Framsögumaður: Það eru alls komin fram 10 viðauka- og breytingar-atkvæði við uppástúngur nefndarinnar í þessu máli, og vona eg þingmönnum sè ljóst af undirbúningsumræðunni, hvers vegna nefndin hefur ekki getað fallizt á sum þeirra. Öll, nema hin 2 fyrstu, stefna hèr um bil í sömu átt og uppástúngurnar í nefndarálitinu, nefnilega, að halda jarðamatinu og lagfæra það. Hin helztu af þessum flokki breytingaratkvæðanna eru þau undir tölulíðunum 17 og 18, og lúta þau að því, að koma í stað 9. uppástúngu nefndarinnar, þar sem minnzt er á umreisandi nefndina, sem að geti borið að við þurfi. 17. breytingaratkvæðið sýnist fara fram á, að í stað umreisandi nefndar fái 3 manna nefndin vald til, að fá upplýsingar um hið sanngjarna jarða-afgjald með því, að 3 valinkunnir menn meti það með sýslumanni í þeim hreppum, sem 3 manna nefndinni þætti þörf á. En nefndinni þótti ísjárvert, að gánga að þessu breytingaratkvæði, bæði vegna þess, að þá mundi enn koma fram í þessu mati ýmisleg sèrstakleg skoðun í þeim hreppum, sem þess væri mest þörf, að breyta henni og koma heim við almennan mælikvarða, og vegna þess, að það yrði notagjald einstakra hreppa, sem matið væri fjærst lagi í, að fá að ákveða hið sanngjarna afgjald, sem þó allir þeir hrepparnir færu á mis við, þar sem matið hafði farið næst vegi.

Sama er að segja um 18. breytingaratkvæðið, að nefndin gat því síður fallizt á það. Eg vil taka til dæmis, hvernig það mundi fara, ef t. a. m. sýslumaður Árnesinga, sem býr í Stokkseyrarhrepp, ætti að velja þar eina fjóra menn, til að meta jarðir upp í efstu hreppum sýslunnar. Eins ef sýslumaðurinn í Gullbringusýslu ætti að taka menn úr Reykjavík eða Hafnarfirði, til að meta fjarlægar jarðir í Gullbringu- og Kjósar-sýslum, þá ætla eg það ísjárvert, að rígbinda sýslumenn við, að taka þá menn, sem ekki er ætlandi til að beri fullt skyn á þetta.

5. breytingaratkvæðið hefur nefndin aðhyllzt, því henni þótti það hyggilegt, sem þar var farið fram á, einkum af því, að það yrði hvöt fyrir 3 manna nefndina, til að hraða verkinu sem mest, vanda það sem bezt, og þannig að gjöra allt, sem auðið væri, til að komast hjá umreisandi nefndinni, ef að þess væri kostur. Þar á móti þótti nefndinni ekki gjörandi, að fallast á 19. breytingaratkvæðið; því henni fannst ekki mega

í álitsskjali til konúngs útiloka mögulegleika þess, að að því gæti borið, að umreisandi nefndarinnar þyrfti við á einstaka stað. 12. breytíngaratkvæðið hefur nefndin samþykkt af líkum ástæðum og hið 5.

En nú er eptir að minnast á 1. og 2. breytíngaratkvæðið, sem fara í allt aðra stefnu en uppástúngur nefndarinnar. En eg skal geta þess að eins, að við þau er tvennt athugavert, 1. það, að hinum heiðraða uppástúngumanni hefur gleymzt, að til taka, hvort jarðamatið skuli standa eða ekki, og það er þó aðalatriðið; því það er óskiljanlegt, að vilja nýtt jarðamat, eins og í raun og veru þó er farið fram á í þessum breytíngaratkvæðum, en láta þó hitt óákveðið, hvort það, sem er, skuli standa eða falla. Við 2. breytíngaratkvæðið er það athugandi, að þar er sýslumaður ræktur í sumum sýslum, og á þá amtmaður að kveðja til annan; en þar er ekki minnzt á, hverjir útnefna skuli hina yfirmatsmennina, og ætla eg þessa tvo aðalgalla næga til, að ónýta það. 3. aðalgallinn á því er sá, að það sèst ekki, hvað til er ætlað að yfirmatsmennirnir gjöri við gallana, „sem þeir eiga að benda matsmönnunum á“ (!), hvort þeir eiga að lagfæra þá, eða einúngis gefa undirmatsmönnunum snuprur fyrir, hvað skrattalega þeim hafi tekizt, og láta þá svo ólagfærða. Varaforseti gat þess um daginn, að þegar meta skyldi til peninga, ætti að fara eptir verðlagsskránum; en allir vita, hvað verðlagsskrárnar eru og verða að vera misháar og reykandi, bæði meðalverð þeirra, og verðið á hinum ýmsu vörutegundum, og þætti mèr fýsilegt að vita, hvort fara skyldi eptir hinum háu eða lágu. Mèr finnst það því ekki rètt hugsað, að byggja á reykandi og óáreiðanlegum taxta það jarðamat, sem þó á að vera stöðugt og áreiðanlegt. „*Eptir sannqjörnu verði í hverju hèraði*“ segir uppástúngumaður eigi að meta; og hann tók það aptur og aptur fram um daginn, að hann ætlaðist ekki til, og það væri rángt, að hugsa til, að fá samhljóðun í matið yfir allt land. En þó taldi hann það einn verulegan galla á þessu jarðamati seinasta, að það væri svo ójafnt sýslna í milli, og tók hann dæmi af tveimur jörðum jafngóðum, sinni í hvoru hèraði, en þó ekki nema á milli, og hafi önnur verið virt á 700 rbdd., en hin á 700 spesíur. En hver getur nú ábyrgzt það, að slíkar ójöfnur komi ekki líka fram eptir þeirri aðferð, sem hann nú stíngur upp á. Eg held öllum megi vera auðskilið, að hún beri beinlínis að sömu ó-

jöfnunum, sem uppástúngumaður hefur sjálfur sagt að væri mikilvægur galli.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg hef leingi ekki staðið upp, til að tala á þessu þingi, og ætla eg, að í hið minnsta þingtíðindin að stærðinni til muni einkis í sakna fyrir það. Til málamyndar held eg þó eg verði að mæla fáein orð í þessu máli, sem er hið merkilegasta af þeim sèrlega merkilegu, sem á þessu þingi hafa verið meðhöndluð. Af því samt, að úrslit þess á þinginu virðast að vera auðsæ, og þessi úrslit ætla eg mèr ekki að lasta, hver sem þau svo verða, þá held eg, að eg verði að drepa fátt eitt á stöðu mína til þessa málsins. Eg kom óverðugur í nefndina, sem um það átti að fjalla, og eg starfaði að því með sama góða vilja, sem allir mínir heiðruðu meðnefndarmenn, hverra flestir um tíma munu ásamt mèr, hafa komizt að þeirri skoðun, *að við jarðamatið nýja væri,* sem menn segja, *ekkert að gjöra,* eða með öðrum orðum, að það væri óviðgjöranlegt. En af því, að þessi niðurstaðan þótti sú hin lakasta, sem orðið gat, fór hver einn af okkur að leggja höfuð sitt í bleyti, til að finna upp eitthvað kröptugt meðal, til að halda lífinu í jarðamatinu. Eitt af þessum meðölum er nú það, sem nefndarálitið hefur til búið, og hvers helztu atriði standa á þeim atkvæðalista, sem hèr liggur fyrir; en því meir, sem eg hugsaði um það og þess samsetningu, því meir styrktist eg í þeirri skoðun, að meðalið mundi gjöra sjúkdóm jarðamatsins verri, og mundi má ske flýta dauða þess. Sjón mín, bæði hin innri og hin ytri, var og er í þessu óhindruð af nokkru skollabandi; því eg er viss um, að þjóð og stjórn munu báðar jafneinlæglega óska, að jarðamatið gæti komizt á, svo vel lagað, sem auðið er. Satt er það, eg hef óskorað skrifað undir nefndarálitið, en eg get skírskotað til minna heiðruðu meðnefndarmanna, að eg, áður en eg undirskrifaði, lèt þeim berlega í ljósi skoðun mína sem mèr innrætta fyrir mitt leyti, að hið gjörða jarðamat væri ómögulegt að bæta; þessa mega þeir minnast; en samt sem áður skrifaði eg undir, ekki af því, að eg fyrir mitt leyti hèldi, að nefndinni, þó hún yrði sett, mundi takast, að bæta úr þess brestum, heldur vegna þess, að eg vildi ekki rýra í augum alls þingsins þær vonir til Reykjavíkur-nefndarinnar, sem þriðjungur þingmanna hafði til hennar; og eg vildi eigi beinlínis setja mig á móti þeim tilraunum, til að endurbæta jarðamatið, sem svo margir skynsamir og reyndir menn

hèldu að mætti geta náð æskilegum endalokum; því svo mikið traust hafði eg ekki til eigin meiníngar, þar sem hún var hinna gagnstæð, að eg, fyrir míns eins álit, vildi umhverfa því sannmæli: „Betur sjá augu en auga“, einkum í því, sem enn er óreynt. Tímarnir sanna, hvorir rèttara hafi.

Það mætti kallа það eins konar dularfulla bernsku af mèr, að láta á mèr heyra, að mögulegt væri, að eg yrði kosinn hèr á þíngi í Reykjavíkur-nefndina, og ef eg gjöri það, þá bið eg mèr sè virt til vorkunnar; því tvisvar verður gamall maður barn. En til þess, að taka af öll tvímæli í þessu falli, lýsi eg því yfir, að eg tek ekki á móti kosníngu í þessa Reykjavíkur-jarðamatsnefnd, hvað sem í boði er. Ekki vonin um endurgjald skriptafánganna fyrir 2 ár; ekki vonin um fullkomin laun fyrir ómakið, sem nefndin án efa má búast við, ekki vonin um hin dýrðlegu eptirlaun, sem nefndarmenn, í hið minnsta eg, mættu telja sèr vís af landsmönnum, fær hið minnsta raskað ásetníngi mínum. Ástæðurnar fyrir honum tek eg ekki af neinu fyrir utan mig; eg tek þær af sjálfs mín eigin ástandi. Sá, sem er á sjötugsaldri, sem eg, er þegar með annan fótinn í gröfinni; hann getur fallið, þegar minnst varir, frá hálfkörnuðu verki. Hann óskar sèr um fram allt hvíldar og rósemdar, en ekki umstángs- og umfángs-mikilla umsvifa, einkum þegar þau eru sameinuð endalausu ansvari fyrir öldum og óbornum; þeir einir eru hæfir til slíkra starfa, hverra vinnukraptur er óveiktur af elliinni, og sem að náttúrunnar venjulega gángi gætu vænt sèr, að lifa *leingi*, ef þeir eiga að af ljúka sínu ætlunarverki, og sem væru færir um, að bera hönd fyrir höfuð sèr, ef svo skyldi að bera, að þess þyrfti við. Eg fyrir mitt leyti vil ekki, að aldir og óbornir, ef þeir gánga fram hjá leiði mínu, hræki á það og segi: „Þarna liggur hann, sem tókst það í fáng, að umbæta eiðsvarin verk landsins beztu bænda, en skildi sig, sem von var, skammarlega við það; fordjarfaði allt það marga og mikla, sem nýtt var og gott í þeim; sneri upp og niður á þeim, og gjörði úr þeim einskisverðan hrærigraut, sem aldrei verður soðinn“.

H. Stephensen: Eg er á sama máli og hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður, að undirstaða sú, sem nú er að byggja á, sè hin óhæfasta, og ekki vinnandi, að lagfæra jarðamat það, sem nú er skeð. Það er öllum þíngmönnum, eins og mèr, auðsèð, að málefni það, sem hèr ræðir um, sè eitthvert hið mikilvægasta mál, sem fyrir hefur komið, ekki að eins núna á þíng-

inu, heldur á nokkru alþingi, þar sem það á að verða undirstaða fyrir öllum gjöldum á Íslandi seinna meir. Menn hafa að vísu farið því fram, að þetta jarðamat stæði kann ske ekki nema í 20 ár. En það getur einginn gefið mèr vissu fyrir, að það verði ekki, ef til vill, óhaggað í 200 ár. Eg verð að játa það, að mig hryllir við, að gefa þeim bótum atkvæði mitt, sem nefndin játar þó sjálf að eigi fari nærri sanni, og eg hef alls einga von um, að nein bót verði ráðin á göllunum á jarðamatinu eptir þeim uppástúngum, sem níu manna nefndin hefur komið með. Eg er nú sannfærður um, að einginn *vill* verða orsök til þess, að skattgjaldið á Íslandi vesni úr því, sem er, en nefndin hefur ekki getað sýnt neinn veg til, að jafna ummarkana á grundvelli þess. Nefndin hefur fundið, að afgjald jarðanna var sá eini mælikvarði, sem eptir ætti að fara, og því hefur hún aðhyllzt þá skoðun. En hún hefur ekki sýnt neinn mögulegleika til, að fullnægja henni eða fylgja henni fram. Þessa vegna bar eg upp breytíngaratkvæði mitt, sem nú hefur orðið fyrir svo hörðum dómi. En sú skoðun hefur jafnan orðið ofan á, bæði fyr og síðar, að ágóðinn af eigninni segi til, hvað eignin sè verð. Það slapp fram af vörum framsögumanns, sem eg gjöri ráð fyrir að muni verja nefndarálitið með öllu rèttu móti, að endurbótin á jarðamatinu yrði eptir minni uppástúngu notagjald þeirra hreppa, sem jarðamatið hefði tekizt lakast í. En eg skil ekki í, hvernig hann hefur getað kallað þetta notagjald, þetta sem allir eiga rètt á, og eg vildi óska, að allir þeir landar mínir, sem þurfa, gætu orðið aðnjótandi.

Eg kannast fúslega við það, að breytíngaratkvæði mín eru of yfirgripslítil, og eg skal ekki heldur mæla mikið með þeim. Framsögumaður fór færri orðum um hið fyrra breytíngaratkvæði mitt, en hið síðara. En hann áleit þau óhafandi vegna þeirrar stefnu, sem í þeim væri; en eg held þvert á móti, að stefnan ein gjöri þau góð. Hvað hið annað breytíngaratkvæði mitt snertir, þá er það öllum kunnugt, að eigi er hver sýslumaður hæfur til að gegna þeim starfa, sem þar er farið fram. Það getur opt verið, að sýslumaðurinn sè ókunnugur, þó hann sè innlendur, og þá má nærri geta, hvað útlendu sýslumennirnir, sem vèr erum einatt að fá, sèu kunnugir hèr, eða hæfir til þessa, þegar þeir fyrsta sinn setja fót sinn hèr á land, og ætla eg þá amtmönnum hægast, að til taka mennína, þegar svo

stendur á, undir eins og það er líka hentugast. Það var aldrei ímyndun mín, sem framsögumaður kom með, að mönnunum rigndi niður, nè þeir spryttu upp af jörðunni, og mèr finnst það ekki eptir neinum skynsömum manni, að koma með þess konar hluti, sem aldrei geta að borið, nè náð neinni átt. Það var ekki heldur meining mín, eins og framsögumaður sagði, að eg ætlaði, að yfirmatsnefndin skyldi gefa undirmatsmönnunum snuprur, heldur benda þeim hóglega á þá galla, sem á kunni að verða hjá þeim. Honum þótti það og að uppástúngu minni um, að leggja jarðagjaldið til peninga, að það væri ekki til tekið, eptir hvaða mælikvarða það skyldi vera; en eg ætlaði, að þetta væri all-auðgjört eptir þeirri aðferð, sem eg fór fram á; því það yrði án efa farið eptir verðlagsskránni, sem mælikvarða. Hann gjörði og ráð fyrir þessu, en sagði, að verðlagsskrárnar væru bæði reykular og misháar í hèruðunum. En það var einmitt meining mín, að svo þyrfti að vera, og það er eingum kunnugra en framsögumanni, hversu landaurar eru í ýmsum hèruðum með ýmsu verði. Hann tók til dæmis ull; en eg veit ekki, hversu almennt það er, að gjalda ull í landskuldir; optar held eg að þær sèu greiddar í smjöri, einkum í Skaptafellssýslu. En hvað verðlagsskrárnar snertir, þá vil eg alls ekki, að hin sama væri höfð fyrir mælikvarða alstaðar um landið; því það væri undarlegt, að meta smjörið t. a. m. eptir sama verði í Skaptafellssýslu og í Gullbríngu-, Borgarfjarðar- eða Árnes-sýslu, úr því það er þó ekki í jöfnu gildi í öllum þessum sýslum. Framsögumaður sagði og, að eg hefði ekki hirt um, að jafngóðar jarðir væru alstaðar jafnhátt matnar. Það er nú öldúngis satt, því eg ætla, að afgjaldið, sem kemur í vasa eigandans eptir sanngjarnri jarðarleigu, ákveði gagn eignarinnar, og þá verður afgjaldið jafnan að ráða því, hversu mikill höfuðstóll eignin er álitin, og það getur munað nokkru, eptir venju og kríngumstæðum í hverju hèraði. Framsögumaður leitaðist við, að gjöra þínginu skiljanlegt, og þó grunsamt, dæmi það, sem eg tók af jörðunum, sem matnar voru, önnur á 7, og önnur á 14 hundruð ríkisbánkadala, en sagði þó frómlega frá því, að þær lægu sín á hvorum árbakka; en þar í liggur einmitt það, sem gjörir þær að minni hyggju svo alveg jafnar, en það er að þær standa báðar eins vel að því, að eigandinn hafi gagn af afgjöldum þeirra. Því það er opt mjög örðugt, að nota sèr afgjald jarðanna eptir því, hvað lángt þær liggja frá kaup-

stað, o. s. frv., og það getur gjört verulegan mun á gæðum eignarinnar. Framsögumaður hefur því alls ekki getað skemmt neitt fyrir mèr með dæmi þessu, nè gjört það tortryggilegt.

Hinn virðulegi þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu bar mèr það í undirbúningsumræðunni, að eg hefði of hermt galla jarðamatsins, og sagt, að það væri frá rótum vitlaust, hvað eg þó aldrei sagði, heldur, að aldrei mundi verða komið viti í það, sem frá rótum væri vitlaust; en hinn sami virðulegi þingmaður hefur sjálfur borið hèr um vitni fremur öllum öðrum 1849, þegar hann bar fram og mælti fastlega með bænarskrá, sem fór því fram, að jarðamatið væri að því, sem þá þegar var fram komið, svo ósamstemma og farið í svo ólíkar stefnur, að þingið væri beðið um, að greiða úr því vandræði; nú veit eg, að ef jarðamatið hefði verið svo gott og vísdómsfullt 1849, eins og honum og hinni heiðruðu nefnd segist af því nú, þá hefði hann ekki þurft, að biðja þingið, að ráða úr vandræðunum; því vandræði koma aldrei af góðu viti, heldur af vitskorti.

Það er nú þegar komið að atkvæðagreiðslu í máli þessu, sem svo er merkilegt og áhrifamikið fyrir þjóðina, og mundi eg fyrstur manna gefa uppástúngum nefndarinnar atkvæði mitt, ef eg gæti ætlað, að þær leiddu til nokkurs góðs; en það hefur hvorki nefndin nè framsögumaður sýnt mèr fram á; því tiltæki það, að senda 1 eða 2 menn hingað og þángað út um land, til að kynna sèr það saungjarna jarðagjald, án þess, að mega, eptir orðum framsögumanns, spyrja nokkurn mann, leiðir þó til einskis. Það er sorglegt að horfa fram á, ef það verður upp á við atkvæðagreiðslu þingsins, sem öllum landsbúum gegnir vest, ef ójöfnuður sá í skattgjöldum, sem hvílt hefur að undanförnu á gjaldþegnunum, á nú að verða að helberum rángindum.

J. hreppst. *Sigurðsson*: Það hlýtur ætíð gildi hvers hlutar að vera fólgið í því, hvaða arð eða gagn að eigandinn getur haft af hlutnum, þegar hann brúkar hann rèttilega; þess vegna hlýtur gildi hverrar jarðar að vera innifalið í því, hvaða eptirgjald að jarðareigandinn geti feingið eptir hana í öllum árum, þegar hann leigir hana rèttilega, þetta er líka lánghægast og brotaminnst að finna fyrir bændur, því það er ætíð, eins og það vaki helzt fyrir þeim, hvað kunnugar jarðir sèu rètt leigðar; þetta máttu menn í fyrstu sjá, og hefði það verið heppilegra, hefði strax sú aðalregla verið lögð fyrir jarðamats-

menn, heldur en þessar viðflugtugu reglur, sem komu, og gátu stefnt allar út í lausa-lopt; það eru nú líka allir komnir á þá meiníngu, að jarðamatið eigi að bindast við sanngjarnt eptirgjald; nefndin hefur gjört sèr það að augnamiði, og eg held þíngið sè allt á því í einu hljóði; breytíngaratkvæði hins háttvirta varaforseta stefnir að því sama; en hann fer svo lángt, að hann vill nú láta nefna út menn í öllum sveitum, til að finna þetta rètta afgjald, en þá væri eins og ekkert jarðamat væri búið að gjöra, nefnilega, þessu jarðamati, sem komið er, væri þá forkastað. Nú hefur nefndin, sem kunnugust er þessu máli, þar hún hefur haft jarðamatsbækurnar og öll skjöl og skilríki, sem þar til heyra, undir höndum, látið það í ljósi, að þessi regla, að meta eptir rèttu jarða-afgjaldi, hafi víða verið við höfð, og það sèu því nokkrar sýslur, töluverður partur úr landinu, sem jarðamatið hafi farið nokkurn veginn rètt fram í, og kunni því að mega standast þar; aptur sèu líka nokkrar sýslur eða sveitir, sem hljóti að meta upp aptur, eður brúka aðra reglu, en áður hafi verið höfð, og því gjörði eg mitt breytíngaratkvæði, að þá skyldi þriggja manna nefndin milli þínga hafa myndugleika, að heimta útnefnda menn, að finna það sanngjarna eptirgjald í þessum sveitum rètt, þar sem hún sæi að mætti til að virða upp aptur; hitt þótti mèr óþarfi og kostnaðnr, að vera að þessu alstaðar, þar sem það annars þyrfti ekki. Með þessu mínu breytíngaratkvæði vildi eg koma í veg fyrir, að reisandi nefnd þyrfti nokkurn tíma að vera til; því eg hef litla trú á, að hún gjöri mikið gagn; því ókunnugir menn, þó þeir reisi yfir, verða ekkert glöggskyggnari um eiginlegleika jarða, sem þeir verða þá að láta aðra tjá sèr, heldur en þó þeir sitji kyrrir og fái skriflegar skýrslur og lýsíngar frá kunnugum mönnum, og mun það verða það helzta, sem getur stutt þessa Reykjavíkur- nefnd. Að öðru leyti getur einginn gizkað á, hvað mikill sá kostnaður kynni að verða, sem bakaðist með því, ef menn færu að ferðast hèr um landið í þessum erindagjörðum.

Eg þóttist sjá við undirbúníngsumræðuna, að einn þíngmaður hefði misskilið mig; en af því, að þá voru orðnar lángar umræður og fjarska-lángur fundur, vildi eg ekki fara að taka optar til máls, og verð því að gjöra það nú. Hann sagði nefnilega, að eg hèldi, að laga mætti jarðamatið með því móti, að láta hverja sýslu í landinu hafa sitt gamla hundraðatal (þetta

er nú nokkurn veginn rètt hermt), og að skipt yrði síðar virðíngarverði hverrar sýslu eptir þessum mælikvarða (en hèr er eins óglögglega orðað, eins og hans hugsjón er óglögg á minni uppástúngu); en hann sagði, að það væri í augum uppi, að þessi aðferð væri óhafandi; því hundraðatal jarðanna í hverri sýslu munaði svo mikið í samanburði við gæði jarðanna, svo hèr af er auðsèð, að hann hefur meint, að eg vildi láta hverja jörð halda sínu gamla hundraðatali, og hefði þá uppástúngan verið það sama, og að afbiðja allt jarðamat, bæði það, sem komið er og umbætast átti í þessu efni, og að það gamla hundraðatal væri gilt og gott, og skyldi standa óhaggað. En eg vona, að eingir aðrir þíngmenn hafi skilið mig á þessa leið; því eg tók það glögglega fram, að mèr sýndist, að það mætti binda landið, eða jafnvel hverja sýslu, við sitt gamla hundraðtal, fyrir utan það, sem hundraðatalið kynni að aukast nokkuð við hundruð þeirra jarða, t. a. m. *benificia* og fl., er áður hafa verið hundraðalausar, og þar sem menn fyndu ástæðu til, að setja upp heilar sýslur, og er þó ekki víst, nema að menn vildu þá setja niður aðrar; en eg vildi þar á móti ekki binda nokkra jörð við sitt gamla hundraðatal, heldur, að hundraðatal sýslunnar væri fundið rètt fyrir dæmi, til að finna, hvað meðaltalsvirðíng hefði orðið á jarðarhundraðinu í hverri sýslu, og að stjórnin væri svo beðin um, að þessi meðaltalsvirðíng væri svo brúkuð fyrir mælikvarða í hverri sýslu, þegar farið væri að leggja út jarðamats-ríkisbánkadala-summurnar aptur í jarðahundruð; og þó sýslan byndist nálægt sínu hundraðatali, þá getur skeð, að eingin jörð í henni verði með sínu gamla hundraðatali, og ef það yrði nokkur, þá væru það þá þær, sem ættu einmitt að halda sínu gamla hundraðatali, og hefðu áður verið rètt metnar, og eg vil aðvara menn með það, að þó að hundraðatal á jörðum væri nú orðið rángt og vitlaust sumstaðar, þá er það eingin ástæða fyrir því, að menn þurfi að hafa óbeit á, að heila landið, eða jafnvel hver sýsla, hafi sitt gamla hundraðatal. Þessi sami þíngmaður gat þess, að Múlasýslurnar hefðu áður verið svo lágt metnar, svo að þær þyrftu því að setjast upp í samanburði við hinar. Þetta getur nú vel verið; eg er því nú ekkert kunnugur; hann kann nú að geta dæmt um það. En væri nú nokkur svo kunnugur, að hann vissi, hvað mikið þær sýslur, eða jarðir þar, þyrftu að setjast upp móti öðrum sýslum, þá væri hægðarleikur, að gjöra slíkt. Eg vil t. a. m. setja, að

meðaltalsvirðíng á hundraðinu þar skyldi vera 20 rbdd., en maður vildi láta hundruðin þar fjölga um ¼ part, þá væri að biðja um, að í þeim sýslum væru lagðir út aptur 15 dalir í hvert hundrað, það er fjórða parti minna, en jarðamatsmenn hafa virt það að meðaltali, og þá fjölga hundruðin á jörðunum að þessu skapi. Þetta ætla eg muni nú helzt verða verk Reykjavíkur- nefndarinnar, ef hún á að geta gjört nokkurt gagn; því vildi eg ekki setja mig upp á móti, að hún væri sett á milli þínga til tilraunar, svo að allt mætti verða vandað sem bezt; því þetta er verk, sem á ríður að sè gjört sem bezt verður, þó eg hafi hugsað, að það mætti hjálpa við þessu jarðamati, og það strax, með því, að hafa sinn meðalmælikvarða í hverri sýslu, þó sín reglan hafi verið brúkuð í hverjum stað; allir hafa þó haft einhverja reglu.

Eg vil minnast þess, að við þá sömu undirbúníngs-umræðu gat eg ekki skilið ræðuna hins heiðraða þíngmanns frá Strandasýslu, og fór mèr þar eins og hinum háttvirta varaforseta. Þíngmaðurinn sagði nefnilega, að það mundi mega hafa einn mælikvarða yfir allt land, og þyrfti ekki til þess nema reikníngsdæmi og góðan reikníngsmann. Þetta getur mèr nú ekki skilizt, fyr en hann leggur það betur út, og ber það nú vel í veiði, þar hann á eptir að tala. Nefndin hefur getið um, sem dæmi, að í einni sýslu væri meðalverðið á jarðarhundraðinu, 17 rbdd., og í annari væri það líka 30 rbdd.; ætti nú að gjöra meðaltalsreikníng þarna á milli, og sleingja honum á jarðamatið, þá yrði hann 23½ rbdd.; nú þegar lagðar yrðu út jarðirnar í sýslunum eptir þessari reglu, þá fækkuðu öll jarðarhundruð í þeirri sýslu, sem meðaltalið var 17 rbdd., um nærri því þriðjúng, en hundraðatal á öllum jörðum í þeirri sýslu, sem meðaltalið var 30 rbdd., fjölgaði þá um fjórða part eða meira, og væru það dágóð hlunnindi, sem sú sýsla hefði unnið við fortölur þeirra manna, sem vildu spana jarðamatið hátt. Svona sýnist mèr það hljóta að fara, ef reikníngsdæmið er brúkað til þess, að búa til úr þessu jarðamati 1 reikníngsmælikvarða yfir allt landið, og þó eg treysti því, að í þessa Reykjavíkur-nefndina muni kjósast þeir hentugustu og beztu menn, sem muni helzt finna ráð og meðöl til, að koma þessu máli í viðunanlegt horf, þá þykir mèr það vera skylda mín, að láta mína meiníngu í ljósi, bæði fyrir þínginu, og þeim, sem í þessa nefnd verða kosnir, og er hún sú, að þó sú mælisnúra yrði

nú lögð, að menn um allt land skyldu nú finna það sanngjarna afgjald jarða (sem er þó það eina), þá er hèr svo sundurleitt háttalag og landsmáti og álit manna (því svo er margt sinnið sem maðurinn er), að þá við gángist aldrei sanngirni eða rèttindi í þessu jarðamatsverki með því, að brúka eitt og sama reikningstakmark yfir allt land hèr, heldur verði það sú eina regla, sem sè hafandi, og verði hafandi, að taka sinn meðalmælikvarða í hverjum landsparti, eptir því sem upplýsingar og ástæður benda að lokunum til.

Á. Einarsson: Eg stend ekki upp til þess, að fara að svara því, sem þingmaðurinn frá Mýrasýslu fór að lepja upp úr ræðu varaforseta; því eg get ekki svarað betur upp á spurningu hans, en eg hef áður gjört, og vil ekki leingja með því þingræðurnar; heldur stóð eg upp af því, að það datt ofan yfir mig, þegar hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður talaði á þá leið, sem hann gjörði.

Eg get að vísu getið því nærri, að sá maður, sem er þreyttur af byrði lífsins og starfi því, sem því fylgir, að rækja skyldur þær, sem manni eru á herðar lagðar, og fær opt að launum mikið vanþakklæti, vilji skorast undan, að takast vandasöm störf á hendur; en þá er víst eitthvað afl, sem herðir upp hugann, þegar manni finnst, að bann ætli að hníga undir byrðinni, og minnir mann á þessi orð: „Kastið ekki burt yðar örugga móð . . .“.

Sá háttvirti konúngkjörni þingmaður vildi ekki gefa *eptirkomendunum* tilefni til, að hrækja á leiði sitt, með því, að takast þann umtalaða starfa á hendur, ef hann kynni að mistakast, en *þeir* kynnu að hrækja bæði á *leiði hans* og *ræðu*, ef hann, sem kann ske er manna færastur hèr til þess umtalaða starfa, ekki vildi reyna, að takast hann á hendur, vegna þess, er hann hefur til fært.

Þakklætið fyrir þess konar verk kemur opt fyrst mörg hundruð árum eptir dauða mannsins. Mig minnir, að á það sè drepið í æfisögu Páls Vídalíns, að fótaveikin, sem halðið er að hafi dregið honum til dauða, muni hafa verið helztu launin, er hann fèkk fyrir það, sem hann starfaði að jarðamatinu hèr á landi, og mun þó verk hans við það hafa orðið eitthvert það heppilegasta, sem hèr hefur verið gjört því viðvíkjandi, og leingi notað. Tilgángur jarðamatsins er, að jafna betur skattana, einkum í því tilliti, að lètta þeim á fátækl-

íngum, en auka á hinum ríkari, er þá eiga að gjalda, að réttri tiltölu, og þetta er orðin almenn ósk hèr á landi. Þannig stóð á fyrir Einglendíngum, þegar Hróbjartur Pil, var að berjast fyrir, að koma af kornlögunum, og fèkk hatur og vanþakklæti fyrir alla fyrirhöfn sína hjá hinum fyrri vinum sínum og fèlögum, en einúngis bar þakklæti hinna fátæku úr býtum; hann gladdi sig einúngis við það, að fátæklíngarnir mundu minnast sín í þakklátsemi fyrir starfa þennan, og þetta var í þeirri síðustu þíngræðu hans, enda voru þau fögru orð hans sett á minnisvarða hans til ævarandi þakklátsemi. Ekki átti Kolumbus heldur miklu þakklæti að fagna, sem fyrir uppgötvun heillar heimsálfu fèkk einúngis vanþakklæti og ofsóknir meðlifanda sinna; en síðar hljómaði sannleiksraustin um verk hans. Ekki gafst stjórnvitríngurinn Pitt á Einglandi upp við áform sitt, þó ýmsir dómar yrðu fyr og síðar um athafnir hans, og vann með alefli fram í dauðann að heill fósturjarðar sinnar, þó hann ekki gæti sèð ávextina. Þannig hafa miklir og góðir menn orðið fyrir vanþakklæti fyrir það, er þeir hafa unnið í bezta tilgángi, en þeir hafa ekki gefizt upp á leiðinni fyrir það, en hinir eptirkomandi tímar hafa lært réttilega að meta verk þeirra. Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður hèlt, að hann mundi kann ske deyja, áður en hann feingi þessum áminnsta starfa lokið; en af því einginn veit sitt skapadægur, þá gætum við þannig líka haldið, að þetta yrðu okkar seinustu umræðurnar hèr á þíngi, og ættu þær þá að lýsa því, að hver vildi vinna í sinni köllun eptir mætti, meðan auðið yrði.

Hinn háttvirti þíngmaður verður líka að gæta þess, að þó hann afsegi þínginu þetta strax, þá er það stjórnin, eða réttara sagt konúngurinn, en ekki þingið, sem leggur honum þennan starfa á herðar, ef svo verður gjört.

P. Pètursson: Eg skal nú ekki leingja til muna þíngræðurnar, það því síður, sem eg lèt það í ljósi við undirbúníngsumræðuna, að eg væri ekki fær um, að bera brigð á sögusögn nefndarinnar um, að laga mætti jarðamatið, og að ekki væri nauðsynlegt, að kasta því með öllu. Eg er á því með nefndinni, að hæfilegt afgjald af jörðunum ætti að vera mælikvarði fyrir matinu. En eg sakna hjá henni bendínga um það, *hvernig* þetta afgjald verði fundið, eða *hvaða* stoð menn geti haft af jarðamatinu, til að finna það; því þó jarðamatið kunni víða að vera byggt á þessu, þá er það þó víst ekki nærri því alstaðar, og

sízt, að þess sè alstaðar getið, svo menn sjái, hvar það er. Án þess eg þori að fara leingra eða dýpra í þetta mál, virðist mèr þó nauðsynlegt, til að finna hið hæfilega afgjald, að menn þekki það afgjald, sem nú er, og beri það saman við verð hverrar jarðar eptir jarðamatinu, og kynni þá sumstaðar að mega taka af þessu samanlögðu meðaltal, og þannig finna hæfilegt afgjald sumra jarða; en þó yrði þetta ekki nærri því alstaðar áreiðanlegt, því víða er hvorttveggja fjærri lagi; þess vegna yrði allt af jafnframt að gæta að kostum og gæðum jarðanna, og bera afgjaldið og virðinguna saman við þá. En hvernig sem að þessu verður farið, er eg þó hræddur um, að jarðamat hèr verði aldrei sèrlega nákvæmt, af því jarðirnar eru svo mörgum ófyrirsjáanlegum forlögum undirorpnar, og menn geta hèr ekki skipt jarðveginum í vissa flokka, og metið gæði jarðanna eptir honum. Nefndin segist ekki hafa þorað að fallast á breytingaratkvæði mitt undir töluliðnum 19, af því hún hafi ekki viljað útilykja mögulegleikann fyrir nefnd þá, sem hèr yrði sett, til að senda út um landið; en eg ætla, að með vara-atkvæði mínu, sem til tekur, að nefndin skuli fá 200 rbdd. til óumflýjanlegra sendiferða út um landið, hafi verið byggt fyrir það, og hèlt eg það betri aðferð, bæði fyrir nefndina og landið, því annars kynni að verða gripið til þessa optar, en þörf væri á. Þegar þar á móti að 3 manna nefndinni væru sett viss fjártakmörk, þá ætlaði eg, að hún mundi ekki fara út yfir þau. Hvað breytingaratkvæðið undir tölulið 17 snertir, þá getur mèr ekki sýnzt það svo ísjárvert, að ekki væri því gefandi atkvæði; því eg ýmynda mèr, að svo geti farið, að mönnum þætti einkargott, að geta gripið til þess, sem þar er farið fram á.

Framsögumaður: Hinum háttvirta 5. konúngkjörna þingmanni fannst ekki ljóst, hvernig nefndin hefði ætlazt til að 3 manna nefndin skyldi hafa gagn af jarðamatinu. En það er tekinn fram í nefndarálitinu sá verulegi kostur við jarðamatið, að þar eru komnir fram í virðingunni kostir og ókostir jarðanna, í sama hreppi og sýslu sèr í lagi; því þar er jarðamatið byggt á einni og sömu skoðun og skilníngi á aðalmælikvarðanum og reglunum, þó menn aptur hafi að öðru leyti í hinum ýmsu sýslum fylgt ýmsri og frábrugðinni skoðun og skilníngi á reglunum, og eg held, að þó nefndin hafi ekki tekið fram fyrir lagfæríngum þriggja manna nefndarinnar neinar smá-

smuglegar reglur, þá hafi hún þó bent fullkomlega á það í álitsskjali sínu.

Mig furðar ekki á því, þó þessi sami heiðraði þingmaður bæri upp breytingaratkvæði sitt undir töluliðnum 20, fyrst hann hefur skilið 9. uppástúngu nefndarinnar svo, sem 3 manna nefndin mætti senda umreisandi nefndina svo opt sem hún vildi. En það var aldrei meiníngin, heldur hitt, að til þess yrði ekki tekið nema því að eins, að annars væri ekki kostur, og ekki nema konúngur samþykkti það. Og að ætla til þess eina 200 rbdd., er sama og ekki neitt. Eg hef nú með þessu svarað því verulegasta í ræðu hins háttvirta varaforseta, sem að öðru leyti studdist mikinn part við það, sem eg aldrei sagði. Eg sagði t. a. m., að taxtarnir væru reykulir, en aldrei, að það væri galli, að brúka hvern taxta í ýmsum hèruðum.

Hvað ræðu hins 1. konúngkjörna þíngmanns snertir, þá er það satt, að fyrst leingi hèlt nefndin, að jarðamatið væri ólagfærandi; en eg held það þó eins víst, að hann hafi ekki orðið seinastur til, að stínga upp á þessari aðferð, til að bæta það, sem nú er komin fram í nefndarálitinu.

Eg verð og að ætla, að vèr getum allir orðið fyrir því, „að hrækt verði á leiði vor“, ef jarðamatið væri nú ónýtt af þínginu. En mèr skildist ekki betur ræða þingmannsins, en að þetta væri þó nú næst skapi hans, því hann áleit jarðamat þetta „ólagfærandi“. En hitt var ekki rètt, sem hann sagði, að 3 manna nefndinni væri ætlað í nefndarálitinu, „*að ónýta* þetta verk bænda“; henni er þvert í móti ætlað, *að lagfæra* það.

P. Sigurðsson: Eg má vera því fáorðari um breytingaratkvæði mitt, sem hinn virðulegi þingmaður Mýrasýslu hefur fært fram ástæður fyrir sínu; en þau stefna bæði sömu leiðina, og er það einasta lítill formmunur, sem að greinir þau. En þegar hinn virðulegi framsögumaður kom með þá útleggíngu, að nefndarmenn eptir því ættu að kjósast í hrepp þeim, er sýslumaður ætti heimili í, þá er það annaðhvort, að hann ekki skilur, eða, sem er líkara, ekki vill skilja; því það skilur hann þó, að 4 menn eru ekki þeir sömu í breytingaratkvæðinu, sem 3 eða 5; því þessir 4 bændur, sem hreppsbúar útnefndu, ætlast eg til með sýslumanni kjósi þessa nefndarmenn, hvar þeim sýnist í sýslunni. Það kann að þykja þar óljóst, að eptir orðin: „3 eða 5 valinkunnir menn“, ekki stendur: „í sýslunni“; en

eg leit þá eptir öðru jafnframt. Það er nefndinni kunnugt, að yfirmat hefur ekki farið fram á Vestmannaeyjum, og lýsir skýrsla sú, er þáverandi sýslumaður eyjanna hefur gefið stjórninni, orsökum þeim, nefnilega, að vegna drykkjusvalls og annarar óreglu sè einginn maður á eyjunum til þess hæfur, og sama sè tilfellið, þó hann litist um í næsta hrepp, Landeyjasveit. Þessi skýrsla er ekki í einu, heldur í tvennu tilliti merkileg, fyrst hvað snertir þá menn, er hún er stýluð um, að hún segir ósatt, og í tilliti til sjálfs hans er hún hlægileg, að sá maður, sem um eða undir 30 ár verið hafði lögreglustjóri eyjamanna, og haft þá alla undir handarjaðri sínum, skuli í endalok vertíðar gefa í embættisnafni og undir embættiseið þá skýrslu, *að drykkjusvalli og hvers konar óreglu hafi svo miðað á fram* undir lögreglustjórn sinni, að nú finnist ekki einn maður á allri eyjunni, sem sè hæfur, að framkvæma nokkurt vandasamt verk, og svo hafi ólyfjun þessi orðið smittandi, að hún hafi, líkt og ginklofinn, eitrað það sveitarfèlag uppi á þeirri strönd fastalandsins, er næst honum lá. Eg hugsa nú ekki til, að þvo þessa svertu af kammerráðinu, sem hann hefur svo fast nuddað á sjálfan sig; en hvað mennina snertir, þá fer það betur, að spillingin er ekki eins mögnuð, og skýrslan segir frá. Eg vil ekki neita því, að drykkjuslark og ýms óregla hafi heldur farið í vöxt á eyjunum undir þessa yfirvalds lítt nýtu lögreglustjórn, en samt þekki eg nokkra þá menn þar, sem bæði eru reglumenn og lítt spilltir við drykkjuskap, og í tilliti til Landeyjamanna, held eg þeir hafi sumir haft þá þekkingu á Vestmannaeyjum, að þeir væru eins færir, að gjöra þar yfirmat, eins og að meta sína eigin hreppa, og þar til voru sumir þeirra yfirmatsmenn í sýslunni, og því get eg ekki þakkað herra sýslumanninum fyrir þessa ósönnu skýrslu, hvorki fyrir hönd eyjamanna, og enn síður fyrir þá sýslubúa mína, er hann hefur svívirt.

Það var sannmæli, er sá háttvirti varaforseti sagði, að nú ættum vèr að greiða atkvæði í einu því mestvarðandi málefni, og undir því, að jarðamatið geti orðið nokkuð sanngjarnt og jafnt, verður að líkindum komin sanngirni skatta-álögunnar síðar. Eg get ekki sèð, að nefnd hèr í Reykjavík, hversu vitrum mönnum sem hún er skipuð, geti jafnað þessa galla, án þess hún hafi vissa hjálparmenn í hèruðum. Eg veit hún getur fært tölustafi jarðamatsbókanna upp og niður, og borið þær

nákvæmlega saman, en þurfi að umbreyta verði einnar eða margra jarða, og það ýmislega í sömu sýslu, álít eg það fyrir hana ómögulegt; því þó sjálfir þeir, auk heldur aðrir sendimenn, ferðist til hèraðanna, þá geta þeir hvergi öðlazt þekkingu þá á kostum og ókostum jarðanna, er þeir þurfa að leggja til undirstöðu við matið eða lagfæringuna, utan hjá kunnugu mönnunum, sem þar eru fyrir; eg sè því ekki, að reisandi nefnd eða ókunnugir sendimenn væru til annars, en eintóms kostnaðar. Þetta er líka ekki það verk, hvort heldur það væri algjört byrjað að nýju, eða reynt að basla við þetta, sem sagt verður um, þegar hætt er: „Svona skal það vera; því nú er það rètt“. Eg ætla ekki að fara hèr um fleiri orðum; því breytíngaratkvæðið mun ekki verða lánglíft, þegar nefndin fellir það.

St. Jónsson: Eg viðurkenni hátíðlega, að þetta mál, sem hèr ræðir um, sè eitthvert hið merkasta af þeim, sem komið hafa fyrir, eins og nokkrir þíngmenn hafa sagt, og hin mesta nauðsyn til, að það ráðist svo til lykta, sem hollast er; en eg fæ með eingu móti skilið, að þær uppástúngur og breytíngaratkvæði, sem komin eru fram um, að byrja nýtt jarðamat eptir samngjörnu afgjaldi jarðanna, verði í nokkurn máta affarasælli en þetta seinasta jarðamat; því ef mèr gæti orðið það ljóst, að með þessari aðferð gæti feingizt nokkur meiri vissa fyrir rèttara jarðamati, vildi eg gjarnan aðhyllast það, hvað sem kostnaði líður; en þetta er þvert á móti; því eg held, að seinni villan verði verri hinni fyrri. Menn vita, hvað byggíngarmáti manna er misjafn; sumir byggja með því mesta afgjaldi, sem þeim er auðið að fá, aðrir aptur mikið samngjarnlega, og nokkrir með talsverðri festu, og þá minna afgjaldi. Sumar jarðir eru vel ræktaðar, en sumar vanræktar, og held eg, að mönnum yrði gjarnt til, að hafa mikið tillit til þess gjalds, sem nú er á jörðum; og það væri líka rètt eptir skoðun hins háttvirta varaforseta, þar sem hann sagði, að afgjaldið, sem kæmi í vasa eigandans, væri sannur arður eignarinnar, og þar á ættu að byggjast skattalögin. Þetta er nú að vísu satt, en ekki get eg samt skilið, að jarðeigendur verði skuldbundnir, að byggja einúngis með því afgjaldi, sem matið yrði sanngjarnt, heldur mun þeim verða að vera í sjálfsvaldi, hvort þeir byggja betur eða ver, og raskast þá hin rètta undirstaða til skattgjalds af fasteignargjöldunum, sem mèr skildist hinn heiðraði varaforseti miða á; því þá yrði vissara, að taka af-

gjaldið, eptir sem það gelzt hvert ár; en það getur þó ekki orðið undirstaða til skattgjalds á leiguliðann; því þá ætti hann að gjalda því meiri skatt, sem hann sætti verri kjörum af landsdrottni, og yrði það lítil sanngirni. Eg verð því enn sem fyrri að ætla, að réttast sè, að reyna að laga þetta nýja mat á þann veg, sem nefndin hefur bent á, en ekki að kasta því sem ónýtu, eins og eg líka lèt í ljósi við undirbúningsumræðu þessa máls.

J. Jónsson: Af því hinn háttvirti varaforseti minntist mín í ræðu sinni, verð eg að leyfa mèr að tala nokkur orð um það málefni, sem hann drap á. Hann skýrði nefnilega frá því, að sumarið 1849 hefði eg komið fram með þá uppástúngu, og leitt það í ljós, að jarðamatið (undirmatið) væri mjög ósamhljóða og innbyrðis ólíkt, þar sem það væri komið á í landinu, og nú vilji eg þó af alefli halda því fram, að þetta jarðamat skuli haldast eða leiðréttast; en hvort hinn háttvirti þingmaður er með þessu að bregða mèr um hviklyndi í meiningum mínum og álitum, þá segi eg það nú, bæði honum og þessu heiðraða þingi, að eins og eg 1849 sá, hverja stefnu jarðamatið tók, eins er eg nú af öllum þeim mörgu jarðamatsbókum, og þar með fylgjandi skjölum og skýrslum sannfærður um, að meining mín sumarið 1849 hefur verið á góðum rökum byggð; en eg hafði aldrei, hvorki þá nè nú, og hvorki með huga nè túngu, upp kveðið þann dóm yfir jarðamatinu, að það væri með öllu óhafandi eða óleiðréttandi, svo sem það verk, sem frá botni og grunni væri vitlaust, heldur hitt, að innbyrðis ójöfnuður sýslna í millum væri fram kominn, og sem þó víst mundi mögulegt að leiðrètta, eður benda til hvernin leiðrètta mætti. Þegar eg og fleiri þingmenn sumarið 1849 sáum þetta, var það uppástúnga mín, að þingið þá strax, áður en leingra væri komið fram í þessi óefni, ritaði stjórninni, og bæði um lagaboð, sem slægi á frest yfirmati í landinu, meðan það væri að leiðast í ljós og upplýsast, hvernin og hvers vegna undirmatið hefði misheppnazt, og eg ætla hið heiðraða þing og öll þjóðin hljóti nú að sjá það og viðurkenna, að hinn hæstvirti varaforseti, sem sumarið 1849 gegndi forsetastörfum, hefði þá gjört rètt og hyggilega, að framfylgja betur, en hann gjörði, þeirri uppástúngu minni, að slá á frest yfirmatinu, því það hefði víst verið þakkavert, að ekkert yfirmat væri enn skeð á þessum degi; því nú er það fyrst, sem þetta málefni er farið að skýrast fyrir mönnum í þess einstöku pörtum og ýmsum mismunandi at-

vikum; nú er það líka fyrst, eptir það menn sjá, hvar af gallarnir koma, sem fært yrði, að gefa nokkurn veginn áreiðanlegar reglur fyrir leiðréttíngu þess, og eg er víst á því, ef yfirmatinu væri nú óaflokið, en undirmatið þínginu eins kunnugt, og það mætti nú vera, þá mundi vinnandi verk, að semja þær reglur handa yfirmatsmönnum, sem yrðu svo ákvarðaðar, hreinar, eindregnar og ljósar, að yfirmatsmenn mundu hafa getað með þeim ákveðið lángtum meiri jöfnuð, en enn er feinginn.

En það er komið sem komið er, og tjáir ekki að ásaka um skeðan hlut; en eitt skil eg ekki í meiníngum þeirra heiðruðu þíngmanna, sem halda, að jarðamatinu verði með eingu móti við hjálpað, og við hverja tilraun fari æ ver og ver, ef leiðrétta skuli, eða hafa nokkra hliðsjón af þessu nýjasta mati; þeir stínga upp á eptirgjaldamati í hverjum hrepp, og þó skuli loks í hverri sýslu vera yfirmat, sem jafni hreppa á milli; en þegar þeir nú álíta þetta ekki einúngis mögulegt, heldur mjög tryggjandi í hverri sýslu, þá skynja eg ekki, hvernin þeir fara að gjöra þá ályktun, sem hljóti þó að vera byggð á skynseminnar og þánkagángsins réttu reglum, að ein aðalnefnd eða yfirmat yfir allt land skuli eingan veginn geta jafnað mesta ójöfnuðinn sýslna í milli, þegar hún þó fær í hendur allar þær upplýsíngar og skýrslur, sem kostur er á og að matinu lúta; og einn hinn háttvirti þíngmaður fór því á flot, að amtmennirnir skyldu loks koma saman hèr í Reykjavík, og jafna ójöfnuðinn amta í milli, og hvað er það þó annað en yfirmat, og alls sama eðlis eins og það, sem nefndin hefur stúngið upp á, einúngis með þeim mismun, að þíngið stýngi upp á þremur mönnum í þá nefnd, sem það kynni vilja ráða til að sett yrði?

Eg þarf varla að leiða hinu heiðraða þíngi fyrir sjónir, hve almenn óvinsæld og gremja þjóðarinnar mundi leiða af því, ef þetta nýjasta jarðamat (sem víðast hefur auðsjáanlega verið gjört með miklum og góðum áhuga, alvörugefni og hreinskilni alls úrvals bændamanna í heila landinu, og hverjir svo mörgum hundruðum skiptir hafa tryggt hreinskilnina í verknaði þess með sáluhjálpareiðum sínum) skyldi verða svívirt svo út, að það væri gjört ónýtt; því grundvöllurinn til mismunarins liggur, sem opt er búið að segja, í hinni óliku sannfæríngu manna opt um einn og sama hlut, þó viljinn sè hinn hreinskilnasti; það er hèr í, eins og öllu, sem komið er undir eigin áliti manna, að varla neinir tveir hitta á hið sama, þegar þeir eru ekki

bundnir við neinar vissar reglur; eg vil taka til dæmis: ein jörð skyldi vera tekin út dag eptir dag, má ske í heila viku, og ætið af öðrum og öðrum mönnum, og eg held það megi fullyrða, að aldrei kæmi út sama álagshæð hjá neinum, og þó gátu allir menninir gjört rètt fyrir sínum eigin sannfæríngum; því öll mannleg verk hljóta að vera takmörkuð af ófullkomlegleika, og þó verða *menn, en ekki alvizkan sjálf*, að gjöra hið síðasta úrslit málefnanna. Eg sè því einga meiri tryggíngu fyrir rèttlæti þess nýja jarðamats, sem byggt skyldi vera á eptirgjaldamati 3 bænda í hverjum hreppi; því þar kæmu eins fram hin óliku eigin álit manna, eins og þau komu nú við seinasta matið, og ætla eg þá væri af illu til skárra, ef nýtt mat ætti að byrjast, að binda það nýjum, skynsömum, vissum og ákveðnum reglum, frá hverjum eingir matsmenn mættu í höfuðreglunni víkja. Þó eptirgjöldin væru nú lögð til grundvallar, eins og hinn háttvirti varaforseti stakk upp á, að það væri hinn sanni stofn til rètts verðs á hverri eign það afgjald, sem kæmi í vasa *eigandans*, þá þarf ekki að leiða meiri rök að því, hvað þetta er valt, en búið er; því t. a. m. eitt eða tvö harðindisár gætu svipt hann má ske meira en helmíngi afgjaldsins, og þá ætti jörðin að vera orðin meira en hálfu minna verð en áður, og allt að verða á sífelldu reyki, og eins opt nýtt mat á hverri jörðu, eins og afgjald heimar kynni að hækka eður lækka af allra handa orsökum, þó jörðin í sjálfu sèr stæði aldeilis í stað. Eg ætla það muni því ljóst, að það sè mikill ábyrgðarhluti fyrir þíngið, að forkasta hinu seinasta jarðamati, og vilja ekki reyna, að hjálpa því við, en þó annar lángtum þýngri ábyrgðarhluti, ef þíngið leiddist inn á þá meiníngu og ráðleggíngu, að taka afgjöld jarða, má ske eitt einstakt ár, til grundvallar, og eptir því sem hver jörð kynni að vera spreingd upp í þann og þann svipinn, og þar á skyldi síðan byggja flest eður öll gjöld og greiðslur, ekki einasta eigandans, heldur og svo leigulíðans, um lángan aldur; og þetta mun þá eiga að heita og verða *það góða og visdómsfulla* jarðamat, sem þíngmaðurinn sjálfsagt vill koma á stofn í staðinn þess, sem um var talað 1849. Það verður því að fara hèr, sem auðið er, og læt eg það í ljósi, að eg enn sem fyrri ætla mèr að gefa mitt atkvæði nefndarálitinu, eins og óhvikull nefndarmaður, hverjir svo sem hinna heiðruðu meðnefndarmanna minna týnast burtu úr þeim flokki, sem gefa áliti hennar atkvæði sín.

J. P. Havstein: Það lá altènd að, að *Corrector Bestius* alþingis þarna við borðsendann mundi taka sèr það í fáng, að setja ofan í við hinn háttvirta 1. konúngkjörna þingmann, sem áðan talaði; en honum tókst það ekki fimlegar en fyrri, að vera skólameistari þingsins.

Eg stóð annars upp í þeim tilgángi, að fara fáeinum orðum um stöðu mína við jarðamatsmálið, sem nú er verið að ræða um. Eg hèlt því fyrst fram í nefndinni, eins og mínir heiðruðu meðnefndarmenn mega muna, að halda jarðamatinu, en lagfæra galla þess, og jafna það með því, að taka til greina hlutfall á milli afgjaldanna, sem nú eru á jörðunum, og virðingarverðanna, eins og eg hafði stúngið upp á í álitsskjali mínu til stjórnarinnar, og nefndarálitið stuttlega drepur á; en flestum meðnefndarmönnum mínum kom þó ásamt um, að það ekki yrði umbætt til hlítar, og væri óhafandi. Eg stakk upp á nýju jarðamati eptir svipuðum reglum og hinn heiðraði varaforseti, nefnilega, að 3 manna nefnd metti hæfileg afgjöld á öllum jörðum í hverjum hrepp. Þessar nefndir vildi eg fyrst láta meta jarðirnar í tilliti til landbúskapar, og svo sèr í lagi hlunninda-afgjald þeirra, allt í landaurum eptir álnatali. Síðan vildi eg, að úr hverjum hreppi væri 1 maður valinn í sýslunefnd, sem rannsakaði aðgjörðir hreppanefndanna, en þá skyldu sýslumenn reikna not þeirra til peninga eptir verðlagsskránum, og mætti þá finna virðingarverð hverrar jarðar með því, að skoða afgjaldið sem $4\frac{0}{0}$ rentu. Sýslumenn skyldu svo semja jarðabók fyrir hverja sýslu, og senda hana til amtmanns, sem með aðstoð sýslumanna ætti að rannsaka allt jarðamatið í sínu amti. Loksins ættu amtmenn með alþingismanna-nefnd að yfirskoða matið fyrir allt land. Eg get ekki haldið, að þetta mat mundi kosta mikið; því eg álít, að hreppanefndirnar gætu framkvæmt starfa sinn á haustin, um leið og búin er til skýrslan til alþingistolls-greiðslunnar, sem þeir ættu að hafa sèr til hliðsjónar; einúngis ættu þeir menn, sem sætu í sýslunefndinni, að fá hæfilegan ferðakostnað, og mætti borga hann út úr jafnaðarsjóðum amtanna eptir úrskurðum amtmanna, en hvorki amtmenn nè sýslumenn ættu að fá borgun fyrir starfa sinn við jarðamatið. Á manntalsþingum, vorið eptir að matið hefur fram farið, ætlast eg til að hreppanefndarmennirnir vinni eið að því, að þeir hafi matið eptir beztu vitund og samvizku, og að þeim gefist þá um leið kostur á, að lagfæra það, sem þeim kynni að hafa yfir sèzt.

Að endíngu lýsi eg því yfir, að síðan meðnefndarmenn mínir eru nú búnir að breyta uppástúngum nefndarinnar, án þess að kalla mig til, þá get eg ekki gefið þeim atkvæði mitt.

G. Brandsson: Það var eingin nýlunda, að heyra sögu þá, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður nú sagði, hvorki fyrir þá, sem voru í jarðamatsnefndinni, nè fyrir aðra þíngmenn; því þessi sama uppástúnga hans kom til tals í nefndinni, og varð þar mikið rætt um hana, enda sýnir nefndarálitið það, að ekki hefur verið geingið þegjandi fram hjá henni. Það er eitt atriði, sem hann tók núna fram, og sem kom til tals í nefndinni, en það var það, að jarðamatsmenn þeir, sem hann stakk upp á, ættu að vinna eið á manntalsþíngum, eptir að þeir hefðu metið jarðirnar, og átti eiður sá að sannfæra menn um, að matsmenn þessir hefðu unnið að þessu verki með allri ráðvendni og samvizkusemi; en í nefndarálitinu er þessarar uppástúngu ekki getið, enda finnst mèr það á litlu riða, þegar nefndin, hvort sem var, gat ekki geingið inn á skoðun þessa, og hèðan af sýnast mèr lítil líkindi til, að nokkur þíngmanna fari að gjöra hana að sinni uppástúngu; því það er nú orðið um seinan, eins og allir mega vita. Þar sem þessi sami þíngmaður fór mörgum miður völdum orðum um tölu þá, sem þíngmaðurinn frá Strandasýslu áðan hèlt, og gaf í skyn, að með henni hefði verið reynt til, að skerða virðíngu hins 1. konúngkjörna þíngmanns, þá verð eg að játa, að mèr er óskiljanlegt, hvernin hann gat farið að draga þessa ályktun af orðum þíngmannsins, og mèr þykir líklegt, að einginn annar hafi skilið þau á sama veg og hann. Eg kannast fúslega við það, sem þíngmaðurinn frá Mýrasýslu sagði áðan; því það var eg, sem við undirbúníngsumræðu þessa máls gaf það í skyn, að sú aðferð, sem hann þá stakk upp á, til að laga með jarðamatið, og sem hann nú ítrekaði, væri óhafandi; hann hèlt, að eg hefði ekki skilið hana rètt, en eg held, að hann hafi ekki skilið hana sjálfur. Hann vildi, að hver ein sýsla í landinu yrði bundin við sitt gamla hundraðatal, og þá líka landið allt; en núna kom þó fram hjá honum sú uppástúnga, að þar sem sýslur væru of lágar að hundraðatali, þá mætti auka þar nokkru við, og er þá auðráðið af því, að jarðahundruðin í landinu fjölga við þetta fram yfir það, sem hann í fyrstu ætlaðist til, svo eg sè nú ekki betur, en að uppástúnga hans hafi með þessu riðið sjálfa sig um koll. Hann hefur sjálfsagt munað eptir því, að eg við

undirbúningsumræðu þessa máls tók dæmi af Múlasýslunum, til að sýna með, að þessi uppástúnga hans mundi ekki geta orðið notuð, og því hefur hann núna fallið upp á því, að auka við jarðahundruðin; það er líka fullljóst, að Múlasýslurnar eru láng-lægstar að hundraðatali, einkum hin syðri, þegar þar við eru borin saman gæði jarða þeirra, sem í þessum sýslum eru; og beri menn nú þetta aptur saman við jarðadýrleika og jarðagæði í Skagafjarðarsýslu, þá held eg öllum verði auðsær mismunurinn. Árnessýsla mun einnig af flestum vera álitin of há að hundraðatali í samanburði við aðrar sýslur, og svona getur ójöfnuður þessi komið fram á fleirum stöðum. Eg tala ekkert um einstakar jarðir í hverri sýslu, þó hundraðatal á þeim væri ekki rètt, svo sem annaðhvort of hátt eða of lágt; því væri hver sýsla fyrir sig rètt metin að hundraðatali, þá mundi mega laga þetta, en eins og nú er ástatt, sè eg ekki, hvernin þessu verður við komið, svo í lagi fari. Það var áðan nokkuð hart tekið á því, sem þingmaðurinn frá Suður-Þingeyjarsýslu sagði hèr á þingi um jarðamatið 1849; en hann hefur nú sjálfur gjört grein fyrir orðum sínum þá. Eg vil einúngis geta þess, að þar sem hann þá kvartaði yfir, að of fljótt hefði verið undið að jarðamatinu, þá eru menn nú orðnir öldúngis sannfærðir um, að þetta var satt. Þetta er enda tekið fram í nefndarálitinu, og er það sagt með berum orðum, að tími sá, sem ætlaður var til undirbúnings, frá því löggjöfin um jarðamatið kom út, og þángað til það átti að byrja, hafi verið mikils til of stuttur, og það einkum þess vegna, að reglur þær, er stjórnin gaf fyrir jarðamatinu, hafi verið mjög svo ófullkomnar og vandskildar fyrir hvern einstakan mann.

Hinn háttvirti varaforseti sagði áðan, að nefndinni hefði ekki tekizt að benda á neitt, til að laga með jarðamatið, nema þá sitjandi nefnd hèr í Reykjavík, og ferðanefndina; en hvernin þær ættu að verka þetta, væri ekkert getið um; en hann má vera of gleyminn eða daufskygn, ef hann man ekki eptir því, sem stendur á atkvæðaskránni, sem hann hefur prentaða fyrir sèr; því þar er tekið fram með berum orðum í 5. uppástúngu nefndarinnar, að Reykjavíkur-nefndinni verði leyft, að kjósa sèr þrjá menn í hverju amti, til að skrifast á við og leita hjá allra þeirra upplýsínga og skýrslna viðvíkjandi jarðamatinu, sem þeim þykir þörf á, og í 8. uppástúngunni, að amtmönnum og sýslumönnum, biskupi og próföstum landsins verði

gjört að skyldu, að láta þessari þriggja manna nefnd allar þær skýrslur og upplýsingar í tè, sem unnt er og hún beiðist. Af þessu held eg sèrhverjum megi vera fullljóst, að nefndin hefur bent á aðferð þá, sem henni þótti tiltækilegust, til að laga með jarðamatið, og það er því ekki rètt hermt, sem varaforsetinn áðan sagði um þetta.

Hvað breytingaratkvæðunum viðvíkur undir tölulið 17 og 18, þá stefna þau að nokkru leyti í sömu átt og uppástúngur nefndarinnar, og er auðsèð á þeim, að höfundar þeirra hafa heldur viljað færa í lag en úr lagi það, sem nefndin hafði gjört; þau eru þess vegna nokkurs konar útviðkun frá uppástúngum nefndarinnar, en taka það smábrotnara fram en hún, hvernig aðferð þeirri, sem hún stakk upp á, til að laga með jarðamatið, mundi verða bezt komið við. Þó nefndin hafi nú ekki beinlínis tekið fram þessa aðferð, sem breytingaratkvæðin gjöra ráð fyrir, þá getur samt farið svo, að Reykjavíkur-nefndina beri að líkri niðurstöðu; því prófastar og sýslumenn, sem hún á að leita hjá upplýsinga, mundu opt spyrja sig fyrir hjá prestum og hreppstjórum, og þessir aptur hjá sumum bændum, svo þó þessi aðferð yrði ekki beinlínis tekin fram í bænarskránni til konúngs um þetta mál, þá held eg mætti nota hana fyrir því, ef þurfa þætti, og eingin önnur nè betri úrræði væru þá sjáanleg.

E. Kúld: Það er hvorttveggja, að þetta er síðasta málið, er á þessu þíngi skal ráða til lykta, enda sè eg, að flèstir af þíngmönnum hafa nú orðið til, að standa upp í máli þessu, og er þá bezt, að eg sitji ei einn allra eptir, heldur standi upp líka, en þó ekki til þess, að leingja mikið þíngræðurnar úr því, sem komið er. Hversu góð sem uppástúnga hins 2. konúngkjörna þíngmanns kann að vera í sjálfu sèr, held eg þó ekki, að hún geti leiðbeint mönnum mikið úr þessu við atkvæðagreiðsluna í máli þessu. En hvað því viðvíkur, sem hann ögraði með, að hann kynni að stínga upp á við stjórnina öðru en því, er alþíngi nú fer fram á, þá ætla eg, að einginn geti sagt neitt um það. Eg veit ekki heldur, hvort að stjórnin lítur fremur á hans ráð en alls alþíngis, að minnsta kosti vona eg ekki eptir því.

Viðvíkjandi því, sem þíngmaður Mýramanna bar það móti nefndaruppástúngunni, að 3 manna nefndin yrði að byggja á sögusögn annara, þá held eg, að allt jarðamat verði að byggjast

á sögusögnum annara, allt eins hin svo kallaða „reisandi nefnd“ — (*H. Stephensen*: Hún á ekki að spyrja neinn mann að neinu) —. En það ætla eg að aldrei verði fyrir komizt. 3 manna nefndin byggir og á annara sögusögn að því leyti, sem hún á að styðjast við jarðamatsbækur þær, eða gjörðabækur jarðamatsins, sem nú eru til, og þær á hún og verður hún að hafa fyrir sèr; en eg vil spyrja: er það ekki næst því, að byggja á rannsókn sjálfs sín, að byggja á þeim lýsingum, er eiðsvarnir menn hafa gefið um jarðirnar, og þær lýsingar munu finnast í gjörðabókum jarðamatsins seinasta. Hinn heiðraði varaforseti sagði, að nefndin hefði ekki til tekið neitt um það, hvernig finna skyldi sanngjarnt jarða-afgjald og verð; en eg ætla það lagist nokkuð í hendi, ef þinginu tekst nú vel, að stinga upp á mönnunum í nefndina, sem um það verða færir, og stjórnin samþykkir það.

Eg verð að játa það, hvort sem eg verð kallaður fyrir það *Corrector Bestius* eða ekki (það læt eg mèr og liggja í lèttu rúmi), að það datt öldúngis ofan yfir mig áðan, þegar eg heyrði ræðu hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns; og þó skal eg lýsa því hátíðlega hèr yfir, að það er lángt frá mèr, að vilja í nokkru tilliti skerða heiður þessa mikla manns; en eg má þó segja það, að sú ræða hans hefur alls ekki breytt atkvæði mínu í því efni. Hann sagði, að hann treystist ei til, að af ljúka þessum starfa, án þess sèr yrði þakkað það illa; en eg hef álitið og álít enn slíkan mann, sem hann er, hafinn yfir lof og last manna. En það, að hann þykist ekki treysta sèr til starfa þessa, er mèr einmitt vottur þess, að hann þekkir vanmátt sinn, en lítur ei á hæfilegleika sína til þess, og það er mèr aptur sönnun fyrir því, að hann sè færari til þessa en margur annar, eins og líka hann hefur sjálfur sèð í sjálfu sèr, þegar hann bjóst við, að verða kosinn til þess af oss þíngmönnum. En þar sem hann barði því við, að hann væri orðinn aldraður maður, og mætti því fremur öðrum vænta dauða síns, þá met eg þá ástæðu einkis; því oss er öllum dauðinn jafnvís, hvort sem vèr erum úngir eða gamlir, og ef hann deyr, áður starfanum er lokið, þá veit hann þó, að einginn ætlar honum eða öðrum að starfa að þessu, úr því hann er dauður, og þá búumst vèr við, að annar verði settur til þess, að eiga að standa í sporum hans. Mèr finnst þessi ástæða því ekki sanna neitt. Hann sagði, að tvisvar yrði gamall maður barn, og vildi heimfæra það til sjálfs sín, og þess vegna væri hann nú ei

leingur fær til slíkra starfa, en þessi mótbára hans breytir alls ekki heldur skoðun minni á þessu, nè ætlun minni um það, hvernig eg mun gefa atkvæði; því einmitt það er meðal annars óræk röksemd fyrir mig fyrir því, að hann sè ei orðinn barn aptur, að hann skyldi geta getið svona rètt í vonirnar um, að eg og fleiri þingmenn mundu greiða honum atkvæði okkar.

Þ. Jónassen: Við undirbúningsumræðu þessa máls taldi eg tormerki á því, að nefnd sú, er sett yrði í Reykjavík, til þess að yfirfara og leiðrètta jarðamatið, mundi geta leyst þetta ætlunarverk sitt svo af hendi, að nokkru yrði nær en áður; eg lýsti því yfir, að eg væri hræddur um, að þegar aðgjörðir nefndarinnar kæmu aptur til þingsins, mætti, ef til vildi, búast við því, að þingið segði þær óhafandi, og að þá yrði að yrkja upp á nýjan stofn; eg sagði menn ættu þetta á hættu, án þess eg þó beinlínis vildi leggja á móti nefndarinnar uppástúngu, að kjósa nefnd í Reykjavík í málið, enda sá eg þá ekki önnur eða betri úrræði, ef jarðamatinu ekki væri öldúngis kastað. Mèr var þá borið á brýn, að eg einúngis vildi rífa niður, en byggði ekkert upp í staðinn; en nú vill svo vel til, að hinn heiðraði varaforseti hefur bætt úr þessu með þeim breytíngaratkvæðum sínum, sem standa á atkvæðaskránni undir nr. 1 og 2; en það er sjálfsagt, að hann ætlaði jafnframt til þess, að jarðamatinu yrði algjörlega kastað. Eg gjöri ekki ráð fyrir því, að þetta fái meðhald hèr á þínginu eptir umræðum þeim, er orðið hafa; en hvað sem því líður, skil eg þó ekki betur, en að hinn heiðraði varaforseti hafi tekið greinilega fram, og leitt skýr rök að því, að jarðamatið sè með svo verulegum annmörkum og misfellum, að því verði ekki við bjargað, og að hann hafi sýnt fram á það, að með þeirri aðferð, sem hann hefur stúngið upp á, megi fá vel samngjarnt og viðunandi jarðamat, og með litlum tilkostnaði, og fyrir mitt leyti aðhyllist eg fullkomlega hans skoðun á málinu, sem að vísu á það skilið, að þíngið gefi henni góðan gaum. Því meira sem eg hef heyrt af umræðum þíngmanna, því meir hef eg sannfærzt um það, að jarðamatinu sè ekki viðbjargandi; og að þíngið ekki aðhyllist þessa skoðun á málinu, er eg hræddur um meðfram komi af því, að því þyki, eins og reyndar er von, viðurhlutamikið, að kasta jarðamatinu svona algjörlega, og láta allan þann kostnað, sem af því er flotinn, verða til ónýtis; en hvað hjálpar að halda í það, ef það hefur

svo verulega galla, eins og nefndin og þingið hafa tekið fram? eða eru þá nokkur líkindi fyrir því, að nefndin í Reykjavík geti bætt úr göllunum til hlítar, svo aðgjörðir hennar verði meira en eintómt kák? og sèu lítil eða eingin líkindi til þessa, hvað gagnar þá, að fresta því, sem fram verður að koma? Hinn mikilsvirti þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu sagði áðan, að það yrði óþakklátt, að kasta jarðamatinu algjörlega; þetta kann satt að vera; en er ástæða til, að styggjast við það, þó því sè kastað, sem ónýtt er? Hann talaði líka um það, að jarðamatsmennirnir hefðu með alúð og samvizkusemi leyst verk sitt af hendi; þessu neitar víst einginn; en hvað hjálpar það, þó svo sè, ef verk þeirra eptir á reynist óhafandi? Það vita allir, að viljinn er ekki einhlítur, og að t. a. m. dómarinn getur með bezta vilja flaskað svo herfilega, að dómur hans getur með eingu móti staðizt, en dómurinn er þá heldur ekki látinn standa, heldur er hann dæmdur ógildur, og málið dæmt upp aptur; getur jarðamatið haft meiri rètt? Þá talaði hinn sami heiðarlegi þingmaður með eins konar furðu um það, að undirmatsmenn þeir, er eptir uppástúngu varaforseta eiga í hverri sýslu að virða jarðirnar eptir hæfilegu afgjaldi þeirra, skyldu vera færari um það en jarðamatsnefndin í Reykjavík í öllu landinu; eg ætla það þó í augum uppi, að mennirnir í sjálfri sýslunni og sveitinni hljóti að fara nær um það, hvernig jarðirnar eru í sýslunni, og hver sè hæfilegur leigumáli á jörðunum, en nefndarmennirnir í Reykjavík, sem, ef til vill, ekki þekkja til nema í einstökum sveitum og sýslum. Yfir höfuð er það mín meining, að með aðferð þeirri, sem hinn heiðraði varaforseti hefur stúngið upp á, megi koma hèr á góðu jarðamati, og það með litlum tilkostnaði. Aðferðin, sem við á að hafa, er svo einföld og óbrotin, að hlutaðeigendur átta sig undir eins í öllum aðalatriðunum, og það því heldur, sem hugmyndir manna eru nú orðnar miklu skýrari um þetta mál en áður. Það er búið að taka það fram, að jarðamatsmennirnir hafi misskilið reglurnar, sem þeir áttu að fara eptir; og það mun satt vera, af því þær voru nokkuð margbrotnar; þetta er ekki að óttast í aðferð þeirri, sem varaforseti vill við hafa; hún er einföld og skiljanleg, og því tek eg hana fram yfir þá, sem hinn heiðraði annar konúngkjörni þingmaður hefur borið upp, þó báðar fari í sömu stefnu. Samkvæmt því, er eg þannig hef leyft mèr að til greina, ætla eg að greiða atkvæði mitt, þegar að fram kemur.

G. Einarsson: Það verður jafnan svo í lífinu, að sitt sýnist hverjum, og svo er og nú um mig og hinn heiðraða 4. konúngkjörna þíngmann, er nú settist niður. Eg get ekki skilið, að betra verði, að stofna nýtt jarðamat, hvort heldur eptir uppástúngu varaforseta eða með ferðanefnd, heldur en reyna til, að endurbæta þetta nýgjörða. Einstöku og sèrstöku gallarnir mundu ætíð verða ofan á, og aldrei fyrirbyggjast með öllu, þegar við ætti að hafa frá rótum og á þeim að byggja skoðanir einstakra manna í hverju hèraðinu út af fyrir sig; það mundi reka ávallt að sömu niðurstöðunni og nú, að það þyrfti að yfirskoðast af einhverri nefnd manna, sem yrði eins og yfirmatsnefnd alls landsins. Undirstaðan fyrir jarðamatinu er nú feingin í skýrslum jarðamatsbókanna, og eg get ekki efað, að þær skýrslur sèu á góðum og gildum rökum byggðar, og þær geti vart feingizt betri nè áreiðanlegri. Nú hefur Reykjavíkur-nefndin þessar skýrslur allar undir höndum, og þá yfirlit yfir allt jarðamatið í einni heild, og verður allt því undir því komið, hvað heppilega henni tekst nú, að nota skýrslurnar, og fá það sennilegasta og skýrasta yfirlit ljóslega tekið fram og heimfært upp á hið gjörvalla og einstaklega án greinarmunar. Eg held og að hættara yrði við persónulegu tiliti, ef farið væri heldur eptir uppástúngum þíngmannanna frá Mýra- og Rángárvalla-sýslum en nefndarinnar, og því ætla eg ráðlegast, að halda sèr til stefnu hennar, en fara ekki eptir 16. og 17. breytingaratkvæðinu; því þau gánga um of inn í það sèrstaklega. Eg held svo hvort sem er, að menn þurfi aldrei að búast við því, að jarðamatið verði leyst svo af hendi, að ekki verði fundnar á því neinar misfellur. Og eg held fullyrða megi, að þó að hinn alvitri ynni að því, þá mundi þó einhver af mannanna sonum setja eitthvað út á það; því enginn gjörir svo öllum líki, o. s. frv.

M. Andrèsson: Flestir þíngmenn hafa nú tekið til orða í þessu máli, og virðist mèr því síður þörf á, að leingja ræðurnar, meir en orðið er, sem eg þykist nokkurn veginn sjá það fyrir, hvernig málinu reiðir af; þó vil eg með fáum orðum minnast á það, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður gat um í ræðu sinni, nefnilega, að á nokkrum fyrstu fundum nefndarinnar hefðu flestir nefndarmenn hallazt að þeirri meiníngu um jarðamatið, að því yrði ekki við hjálpað, og væri því bezt, að fella það með öllu; en þetta átti þó ekki heima hjá

mèr; því eins og mínir heiðruðu meðnefndarmenn vita, var eg strax á því, að hægra mundi verða, að lagfæra þá galla, sem eru á því jarðamati, sem komið er, en að byrja annað nýtt frá rótum, og þetta er mín sannfæring enn í dag, þrátt fyrir allar þær mótbárur, sem risið hafa gegn þeirri skoðun. Mèr er nokkuð kunnugt um jarðamatið í Árnessýslu; en það getur nú verið, að hverjum þyki sinn fugl fagur; en án þess þó, að eg ætli að hrósa því, eða álíta það gallalaust, þá vil eg þó segja svo mikið, að væri mönnum skipað, að gjöra þar nýtt jarðamat, eða *jarða-afgjalda-mat,* sem eg álít öldúngis hið sama, þá mundi þeim mönnum, sem til þess væru settir, þykja það sèr verst til gjört, ef þeir feingju ekki að sjá sèr til leiðbeiníngar það jarðamat, sem nú er um garð geingið, og svo mundi vera í fleiri sýslum. Það hefur verið sagt af þeim, sem mest stríða móti nefndarálitinu, að Reykjavíkur-nefndinni mundi ekki takast, að endurbæta jarðamatið betur en svo, að þegar það kæmi fyrir næsta alþíngi, mundi verða á því viðlika miklir gallar og ójöfnur sem nú; þetta er þvert á móti minni skoðun; því eg held fast við gamla málsháttinn: „hægra er að styðja en reisa“, og trúi því ekki, að nefndinni, ef hún er heppilega kosin, takist ekki með bærilegum tilkostnaði, að jafna svo jarðamatið, að það verði nokkurn veginn viðunanlegt svo sem um 20 ára tímabil; en ekkert jarðamat getur varað um lánga tíð, án þess ójöfnur komi á það; því sumar jarðir batna, og aðrar vesna; svo hefur altíð verið, og svo mun enn verða, og það því fremur, sem jarðabætur eru á framfaravegi.

Eg verð aptur að víkja orðum mínum að ræðu hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns; því mèr er hún minnisstæð, og eg er viss um, að eg hefði ekki orðið varúðarsamari í mínum orðum um hana, en þíngmaðurinn frá Strandasýslu, hefði eg ekki verið búinn að heyra þann harða dóm, sem orð hans feingu hjá hinum öðrum konúngkjörna þíngmanni, en þó að minni meiníngu lángt of harðan dóm; því satt að segja, hefði eg ekki verið svo viðkvæmur fyrir sjálfan mig, sem hinn háttvirti þíngmaður var fyrir sessunaut sinn. Hvað hina áminnstu ræðu snertir, þá held eg hennar aðalaugnamið hafi átt að vera það, að veikja meiníngu þeirra þíngmanna, sem halda með nefndarálitinu, og á þessu átti eg sízt von frá hinum háttvirta meðnefndarmanni mínum, þar hann aldrei hafði gjört neinn ágreining í nefndinni, og treysti eg því staðfastlega, að þessi ræða

hans verki í þessu tilliti lítið á hugi manna. En hvað áhrærir afsökun hans frá því, að taka á móti jarðamatsnefndarkosningu, þá segi eg fyrir mig, að eg tek það ekki fyrir fulla alvöru, og ætla mèr að kjósa hann í nefndina, eins eptir sem áður, ef til þess kemur, að í hana verði kosið; því eg hef altið ætlað mèr að kjósa hann fyrstan í þá nefnd.

Konúngsfulltrúi: Eins og menn muna, hef eg við undirbúningsumræðu þessa máls, heldur talað á þann veg, að tiltækilegra mundi verða, að reyna til, að finna upp einhver ráð, til að lagfæra jarðamatið, eins og nefndin hefur leitazt við, heldur en að ónýta það með öllu, og til þessa hef eg haft einkanlega 2 ástæður. Sú fyrri er, að eg eptir þeirri litlu reynslu og þekkingu, sem eg hef, einga trú get haft til þess, að nýtt jarðamat, þó það nú aptur væri fyrir tekið, og á hverjum helzt reglum það væri byggt, mundi takast betur en það, sem hèr er verið að ræða um. Hin önnur ástæða mín er sú, að, þótt margir gallar sèu á jarðamatinu, þá fer það þó víða nærri rèttu lagi, og mætti því, að minni hyggju, takast, að laga það. Eg hef því ímyndað mèr, að nefnd manna, lík því, sem nefndin hefur stúngið upp á, mundi geta lagað misfellurnar á jarðamatinu að miklu leyti, þegar hún væri skipuð duglegum mönnum, hefði kynnt sèr nákvæmlega allar jarðamatsbækurnar og önnur þar að lútandi skilríki, og þar að auki leitað allra þeirra upplýsínga út um landið, sem unnt er að fá í þessu efni. Að öðru leyti finn eg hlýða, að geta þess, að mèr er ei unnt að vita, hvort stjórnin muni aðhyllast þá aðferð, til að laga jarðamatið, sem hèr hefur verið stúngið upp á, eða ekki, og að það er einúngis mín persónulega meiníng, sem eg þar um hef sagt.

Af atkvæðaskránni sè eg, að bæði nefndin og nokkrir heiðraðir þíngmenn hafa tekið tillit til þess, er eg sagði við undirbúníngsumræðuna, og því finn eg ei orsök til, að ræða um þær uppástúngur og breytíngar, hvar um þíngið nú þegar á að gefa atkvæði. Einúngis vil eg geta þess, að eg get ei vel fallizt á 9. uppástúngu nefndarinnar, eins og hún er orðuð. Eg held það færi með sèr lítinn ávöxt, en þar á mót mikinn kostnað, að slík nefnd ferðist um landið, til þess sjálf að laga misfellurnar á jarðamatinu. Eg held þar á mót, að aðalskoðun sú, sem felst í 17. og 18. breytíngaratkvæðunum (þó eg vegna þess, hve óhaganlega þau eru orðuð, eingan veginn

geti ráðið þínginu til, að aðhyllast þau), nefnilega, að kunnugir menn og valinkunnir heima í sveitunum eigi að meta upp aptur, eða lagfæra matið á þeim jörðum, sem skakkt eru metnar, en í tilliti til hverra leiðréttingin ei getur farið fram eptir þeim skriflegu upplýsingum, sem nefndin hefur feingið, sé sú rètta, eins og hún er samkvæm þeirri grundvallarreglu, eptir hverri allt jarðamatið hefur farið fram; og þá væri má ske rèttast, þar sem svo á stendur, að einn af nefndarmönnunum ferðaðist þángað, hvar þess konar leiðrèttíngar nauðsynlega þurfa fram að fara, svo hann geti séð um, að jarðamatsleiðrettingin sé þar gjörð eptir þeim sömu reglum, sem liggja til grundvallar fyrir endurskoðun og lagfæríngu alls jarðamatsins yfir höfuð.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi tók það fram, að næst væri, að einhver hinna 3 manna ferðuðust sjálfir, ef við þyrfti; en það hefur nefndin líka ráðgjört og tekið fram í 9. uppástúngu sinni, en hún þorði ekki að einskorða það við þá, því kríngumstæðurnar kynnu að gjöra þeim það ómögulegt. Þó mætti að minni ætlun taka það enn ljósar fram í álitsskjalinu til konúngs, ef þess þætti þurfa.

Svo hinn 4. konúngkjörni þíngmaður er öldúngis skotinn í 1. og öðru breytíngaratkvæðinu, og það svo, að hann var hissa á öllum þessum ljósu kostum þeirra, og hvaða óræka vissu þau gæfu um áreiðanlegt jarðamat, og að hann skyldi ekki hafa tekið fyrri eptir öllu þessu? veslíngsmaðurinn! En mèr finnst uppástúngumaður hafa tekið gallana á þessari sinni aðferð fullt eins ljóslega fram, eins og kostina, bæði í breytíngaratkvæðunum sjálfum og í sínum mörgu ræðum um þau.

Heiðraður meðnefndarmaður, konúngkjörni *numer 2*, kom áðan fram í ræðu sinni á þann veg, sem honum er lagið, og hann hefur tamið sèr á þessu þíngi; mig undraði það alls ekki; mig furðaði ekkert á því, að hann segist ekki gefa uppástúngum nefndarinnar atkvæði sitt, þessum uppástúngum, sem hann hefur sjálfur samþykkt með því, að skrifa upp á nefndarálitið, eins og það ber með sèr; en á hinu furðaði mig, að hann byggði þetta niðurlag ræðu sinnar á því, *sem ekki var satt;* það var ekki satt, sem hann sagði, að hann hefði ekki verið kallaður á nefndarfund, þegar breytíngaratkvæðin voru rædd; því eg sendi til hans, og boðaði honum fundinn, en hann gjörði þau boð aptur, að byrja í drottins nafni, en hann gæti ekki komið;

hann mun þá hafa verið lasinn. Um uppástúnguna hans er satt, sem hann sagði; hann bar hana upp í nefndinni, og það var um tíma, að nokkrir nefndarmenn vildu hafa hana fyrir vara-uppástúngu; en seinna snerist nefndinni hugur um það, og sjálfum þessum heiðraða nefndarmanni með. Það er því undarlegt, að hann, sem nefndarmaður, ritar undir nefndarálitið og er samþykkur aðaluppástúngum þess, en nú er hann þvert á móti, fyrir það að nefndin hefur tekið upp breytíngar, sem í raun og veru breyta eingu í þeirri aðalstefnu, sem hann var samþykkur. Eg vil því fyrir mitt leyti leggja það á vald þíngsins og þjóðarinnar, og jafnvel líka sjálfrar stjórnarinnar, sem hann sveigði að nú, eins og fyrri, að hann mundi skrifa um þetta mál, hvernig eigi að meta slíka aðferð, og hvernig bezt sè að stínga slíka *besefa*.

Það er rètt, sem á var minnzt áðan, að nefndin verður að leita sèr upplýsínga, en svo mun fara um hvert jarðamat, sem er, að það verður að byggjast á meiri eða minni upplýsíngum annara; jarðamatsmennirnir, þeir skynsömustu og kunnugustu í hverjum hreppi, munu hafa matið fæstar jarðir, án þess að spyrja bændurna, sem á jörðunum búa; og þó 3 menn eigi að gjöra yfirmat í hverri sýslu, þá munu þeir þurfa að leita ýmsra upplýsínga. En sá er munurinn, að eptir uppástúngum nefndarinnar verður hægra, að koma við þeim upplýsíngum, sem 3 manna nefndin útvegar, til þess að lagfæra jarðamatið eptir almennum mælikvarða og almennum reglum, heldur en nokkurn tíma getur orðið eptir þess konar sèrstaklegum sögusögnum og sèrstaklegu mati, eins og upp á er stúngið í 1. og 2. breytíngaratkvæðinu.

Forseti: Þar eð nú tekur einginn til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja menn að gánga til atkvæða.

Því næst voru atkvæði greidd, og fór atkvæðagreiðslan þannig:

Töluliður 1. *H. Stephensens* uppástúnga: felld með 14 gegn 5 atkvæðum.

—— 2. *Sama* uppástúnga: var tekin aptur af uppástúngumanni eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 1.

—— 3. *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykkt með 17 gegn 2 atkv.

—— 4. *Sömu* uppástúnga: samþykkt með 17 gegn 2 atkv.

Töluliður 5. *P. Pèturssonar* breytingaratkvæði: samþykkt með 15 gegn 2 atkv.

—— 6. og 7. voru þá fallnir við atkvæðagreiðsluna um tölulið 5.

—— 8. *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykkt með 16 gegn 2 atkv.

—— 9. *Sömu* uppástúnga: var þá burt fallin eptir atkvæðagr. um tölul. 8.

—— 10. *Sömu* uppástúnga: samþykkt með 17 gegn 2 atkv.

—— 11. *Sömu* breytingaratkvæði: samþykkt með 12 gegn 3 atkv.

—— 12. *P. Pèturssonar* breytingaratkvæði:
„að þessum 7 aðstoðarmönnum verði borguð fyrirhöfn þeirra eptir sanngjörnum reikningi“: samþykkt með 15 gegn 2 atkv.

Niðurlag þessa breytingaratkvæðis var fallið eptir atkvæðagreiðslu um tölulíðinn 11.

—— 13. *Nefndarinnar* uppástúnga: fallin eptir atkvæðagreiðslu um tölulíðinn 11.

—— 14. *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykkt með 15 gegn 2 atkv.

—— 15. *P Pèturssonar* breytingaratkvæði: samþykkt með 15 gegn 1 atkvæði.

—— 16. *Nefndarinnar* uppástúnga: samþykkt með 17 gegn 2 atkv.

—— 17. *J.* hreppst. *Sigurðssonar* uppástúnga; felld með 11 gegn 6 atkvæðum.

—— 18. *P. Sigurðssonar* uppástúnga: felld með 12 gegn 2 atkvæðum.

—— 19. *P. Pèturssonar* breytingaratkvæði: samþykkt með 12 gegn 5 atkv.

—— 20. *Sama* vara-breytingaratkvæði: samþykkt með 12 gegn 4 atkv.

—— 21. og 22., *Nefndarinnar*, var þá fallinn eptir atkvæðagreiðslunni um 19. og 20. tölulið.

—— 23. *Nefndarinnar*, uppástúnga: samþykkt með 16 gegn 3 atkvæðum.

Forseti: Þá er þessari atkvæðagreiðslu lokið; en þar eð mèr þykir ekki eiga við, að kjósa nú í dag menn í nefnd þá, sem ákveðið er að stínga upp á að sett verði hèr í Reykjavík,

skal eg geyma það til næsta fundar, svo þingmenn geti hugsað sig sem bezt um þessa kosníngu.

Því næst lèt forseti lesa upp:

1. Álitsskjal alþingis um stofnun barnaskóla í Reykjavík, og samþykkti þingið það svo hljóðandi:

Til konúngs.

Yðar hátign hefur allra-mildilegast þóknazt, að láta bera undir álit alþingis frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík.

Eptir að 5 manna nefnd var búin að gefa álit sitt um þetta mál, var það rætt á tveim aðalfundum þingsins, og leyfir það sèr nú allra-þegnsamlegast, að segja upp álit sitt á því.

Það sèst á ástæðunum fyrir frumvarpinu, að til stjórnarinnar hefur verið send uppástúnga frá stiptsyfirvöldunum til reglugjörðar um barnaskólakennslu í Reykjavík, en að flestar af ákvörðununum í uppástúngu þessari hafi virzt þess eðlis, að stjórnin eigi að skera úr þeim, eins og það mundi verða óþarflega örðugt og fyrirhafnarmikið, ef með málið yrði farið, sem löggjafarmálefni, að breyta seinna ákvörðunum þeim, sem gjörðar yrðu, þó reynslan sýndi, að breytingin væri nauðsynleg, og hafi því að eins verið lögð fyrir þingið þau atriði, sem gjöra þyrfti að lögum. Þessi atriði, sem þannin eru tekin fram í lagafrumvarpi því, sem lagt hefur verið fyrir þingið, eru í fyrsta lagi, að Reykjavíkurbúar skuli skyldir, að stofna barnaskóla á eigin kostnað, og í öðru lagi, að foreldrar skuli skyldir, að senda börn sín í skóla, þannig að nauðúng skuli við liggja.

Eins og þingið nú hefur orðið að fallast á ástæður þær, sem hafa leitt kirkju- og kennslu-stjórnarráðið til, að ráða yðar hátign, að leggja ekki fyrir þingið fullkomna reglugjörð um tilhögun skóla þessa, heldur að eins þau atriði viðvíkjandi stofnun skólans, sem heyra undir úrskurð löggjafarvaldsins, þannig hefur alþingi eigi heldur fundið nein önnur aðalundirstöðu-atriði fyrir stofnun skólans, sem nauðsynlega þyrfti að gjöra að lögum, en þau 2, sem þegar voru nefnd og til eru greind í frumvarpinu.

Hvað nú annað þessara undirstöðu-atriða snertir, skyldu foreldranna, að senda börn sín í skóla, þá verður alþingi að aðhyllast þessa ákvörðun með viðbæti þeim, sem tekinn er fram í ástæðunum, og sem reyndar, ef til vill, hefði mátt til greina

nákvæmar í frumvarpinu: *„þegar foreldrarnir ekki á annan hátt sjá um uppfræðing barnanna“*, einkum þannig, að foreldrarnir séu skyldir, annaðhvort að senda börnin í skólann, eða þá sjá um með öðru móti, að börnin fái þá kennslu, sem skólastjórnin álítur nægilega, einkum í bóklestri og kristindómi.

Hið síðara undirstöðu-atriði, sem eptir frumvarpinu ætti að gjörast að lögum, er skylda sú, sem leggja á á Reykjavíkurbúa, að stofna á sinn kostnað og við halda þessum skóla. Þess ber að geta, að eingin áætlun um útgjöld skólans hefur verið lögð fyrir þingið, og um tekjur hans stendur að eins í frumvarpinu, að kostnaðinum skuli jafna niður á bæjarmenn, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar 27. nóv. 1846, 19. gr., *að því leyti* fé það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til; en af skjölum þeim frá kirkju- og kennslu-stjórnarráðinu málefni þetta áhrærandi, sem þingið hefur haft til yfirlesturs, sést það, að tekjur þær, sem ætlaðar eru skólanum, auk skólaskatts þess, sem jafna skal niður á bæjarmenn, eru þessar 3: kennslukaup fyrir börnin, bætur fyrir brot gegn skólareglugjörðinni, og loksins gjafir. Kennslukaupið er gjört ráð fyrir að vera ætti fyrir barn hvert 6 rbdd. á ári, en að öðru leyti hefur ekki verið á það ætlazt, hvað mikið kennslukaup þetta eða hinar aðrar tekjur, sem nú var getið, mundu af sér gefa.

Alþingi hefur nú ekki þótt gjörandi, að taka ákvörðun um þetta mál, fyr en það hefur verið búið að skýra fyrir sér, hvað mikill kostnaður mundi leiða af barnaskóla þeim, sem þannig á að setjast á stofn, og hvaða byrði af því mundi leiða fyrir bæjarmenn, ef þeir, eins og frumvarpið gjörir ráð fyrir, eiga að kosta skólann.

Fyrir barnafjölda þann, sem nú er í Reykjavík, mundi eflaust verða ómögulegt að fá hús á leigu til skólahalds, heldur mundi ekki verða komizt hjá, að byggja til þess skólahús. Eptir kröfum tímanna mundi verða nauðsynlegt, að stúlkubörn fái kennslu í bekk eða bekkjum sér í lagi, og mundi þá fyrir allan skólann ekki veita af 3 kennurum, tveimur handa piltbörnum, og kvennmanni, til að kenna stúlkubörnum. Sé gjört ráð fyrir, að laun fyrsta kennara yrði 500 rbdd., að skólahúsið feingist fyrir 5000 rbdd., og að til byggíngar þess mætti fá lán af opinberum sjóði, móti því, að greiða 6 af hundraði

af láninu, þángað til það væri fullborgað, mundu árleg útgjöld skólans nema hèr um bil 1500 rbdd. Þó hafa á annan bóginn sumir þingmenn álitið, að útgjöldin gætu orðið nokkuð minni, einkum ef laun hins fyrsta kennara væru lækkuð, eins og á hinn bóginn aðrir hafa haldið, að útgjöldin mundu verða meiri, einkum ef húsið kostaði meira en 5000 rbdd.

Hvað nú snertir tekjur skólans, þá er ekki við því að búast, að skólanum bætist mikið með gjöfum, og varla heldur þess að óska eða vænta, að sektir þær, sem á falli á ári hverju, nemi mikilli upphæð, og verða þannig aðaltekjur skólans þessar 2: kennslukaup fyrir börnin og skólaskattur á bæjarbúa. Sè gjört ráð fyrir, að af þeim 160 börnum frá 7 til 14 ára, sem eru í Reykjavík, mundu rúm 100 gánga í skólann, ogværi kennslukaupið, eins og skólastjórnarráðið hefur gjört ráð fyrir, ákveðið til 6 rbdd. á ári, sem þó sumir þingmenn álita of hátt fyrir þá fátækari, mundi þannig í kennslukaup á ári hverju verða borgað hèr um bil 600 rbdd., og verður þá eptir, sem jafna ætti á bæjarbúa samkvæmt reglugjörðinni 7. nóv. 1846, 19. gr., 900 rbdd. á ári.

Í álitsskjali nokkru frá 16. okt. 1848, sem er meðal skjala þeirra, sem þingið, eins og áður frá skýrt, hefur haft til yfirlesturs, hefur nú bæjarfulltrúanefnd Reykjavíkur-kaupstaðar, næst því að geta þess, að bæjargjöldin hafi það ár verið hèr um bil 1200 rbdd., látið í ljósi, að það mesta, sem bærinn mundi geta risið undir að jafnað væri til barnaskóla, auk nefndra 1200 rbdd., sem ætlaðir voru til annara útgjalda, mundi vera 600 rbdd., þannig að bæjargjöldin yrðu alls 1800 rbdd. Þetta getur ekki skilizt svo, að jafna megi til barnaskóla 600 rbdd. á bæinn á hverju ári, heldur að eins á þeim árum, þá bæjargjöldin, eins og 1848, voru 1200 rbdd., og hefur það fyrir þinginu verið upplýst, að bæjargjöldin hafi reyndar árin 1850—52 ekki verið hærri, heldur jafnvel, það sem það er, lægri en árið 1848, en árið 1849 voru gjöldin 1630 rbdd., og í ár voru þau upprunalega ákveðin til 1670 rbdd., en sett síðan niður í 1300 rbdd., og á þeim 2 árum hefðu bæjarbúar þá, ef farið er eptir álitsskjali fulltrúanefndarinnar, ekki getað greitt 600 rbdd. til skólans, heldur töluvert minna. Þeir af þingmönnum, sem kunnugastir eru Reykjavík, hafa og eindregið látið það álit í ljósi, að 4 eða 500 rbdd. viðbót við gjöld þau, sem nú eru, jöfnuð beinlínis niður á bæjarbúa, samkvæmt reglugjörð 27. nóv. 1846,

muni vera fullþúngar álögur fyrir Reykjavíkurbúa, og að ekki sè fært, að leggja meira, að minnsta kosti á þennan hátt, á bæjarmenn.

Samkvæmt áliti þessu mundi þá á skorta til útgjalda skólans 4 til 600 rbdd. á ári hverju.

Jafnvel þó þingið verði allra-þegnsamlegast að láta þá samhljóða sannfæring sína í ljósi, að mjög æskilegt og nauðsynlegt sè fyrir Reykjavíkurbæ, að þar verði stofnaður slíkur barnaskóli, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, og að skóli sá komist þar á sem allra-fyrst, þá hefur þingið samt eptir skýrslum þeim, sem þannig liggja fyrir, hlotið að álíta það viðurhlutamikið, að ráða yðar hátign til, að leggja að svo komnu á áminnstan bæ byrði þá, sem samfara er stofnun skólans, en sem eptir skýrslum þessum ekki er vissa fyrir að bærinn sè fær um að bera. Þingið hefur þess vegna álitið það réttast, að beiðast þess, að yðar hátign allra-mildilegast vilduð slá frumvarpi því um stofnun barnaskóla í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir þingið, á frest, þángað til búið væri að ákveða skólanum tekjur þær, sem samsvari þörfum hans, og hefur þingið í því tilliti einkum gjört ráð fyrir því, að yðar hátignar kirkju-og skólastjórnarráð mundi taka undir nákvæmustu yfirvegun, að nokkru leyti með ráði hlutaðeigandi amtmanns og bæjarstjórnar, á annan bóginn, að hvað miklu leyti mætti koma betra skipulagi á þá tekjustofna, sem Reykjavíkurbær gæti sjálfur átt kost á, og þar með einnig, að hve miklu leyti skólinn gæti notið góðs af *Thorchillii* gjafasjóði, þannig að bærinn yrði færari um, að bera sjálfur útgjöldin til barnaskóla síns, og á hinn bóginn, ef þess þyrfti með, hverjar aðrar tekjur eða fèstyrk mætti leggja skólanum, annaðhvort að staðaldri eða þá fyrst um sinn. Þingið hefur þá von, að það þannig muni takast, að ákveða barnaskólanum í Reykjavík þær tekjur, sem sèu nægilegar til stofnunar og viðurhalds hans, áður en þingið kemur saman næsta sinn, og hefur alþingi því dirfzt að beiðast þess, að frumvarp það, sem hèr ræðir um, verði aptur lagt fyrir alþingi 1855, jafnframt því, að fyrir þingið verði lagt frumvarp eða áætlun um tekjur þær eða fèstyrk, sem samsvari þörfum skólans.

Þingið leyfir sèr þess vegna allra-þegnsamlegast að bera þá bæn fram fyrir yðar hátign:

1. með 17 atkv. móti 3: *að frumvarpi því um stofnun barnaskóla í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir þingið, verði sleðg*

á frest, þángað til ákveðnar verði nefndum barnaskóla tekjur þær eða fèstyrkur, sem samsvari þörfum skólans.

2. með 12 atkv. móti 5: *að frumvarpið verði aptur lagt fyrir alþíngi 1855, jafnframt því að frumvarp eða áætlun um slíkar tekjur eða styrk verði lagt fyrir þíngið.*

Reykjavík, 8. ágúst 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. V. Finsen.

2. Álitsskjal alþíngis um innleiðslu nokkurra danskra lagaboða, sem þíngið einnig samþykkti svo hljóðandi:

Til konúngs.

Fulltrúi yðar konúnglegu hátignar á alþíngi hefur, samkvæmt allra-hæstum úrskurði frá 10. nóvember 1844, og að boði löggæzluráðgjafans í brèfi frá 23. maí seinast liðins, borið upp á þíngi þessu nokkur af þeim fyrir Danmörku útgeingnu lagaboðum á árunum 1847—51, og sem til greind eru í brèfi stjórnarherrans, í þeim tilgángi, að þíngið segði álit sitt um það, hvort lagaboð þessi ættu við á Íslandi, annaðhvort eins og þau eru og óbreytt, eður þá með breytíngum, sem þínginu þá er ætlað að gjöra uppskátt.

Þíngið kaus 5 manna nefnd, til að yfirvega þetta mál, og ræddi það síðan á 2 fundum, og leyfir nú þíngið sèr allra-þegnsamlegast að skýra frá áliti sínu á málinu, sem eptir fylgir:

Í brèfi löggæzluráðherrans, hvers þegar var getið, eru fyrst til greind eptirfylgjandi lagaboð, sem spursmál geti verið um að lögleiða á Íslandi, nefnilega:

1. Opið brèf frá 17. febr. 1847, um laun talsmanna við hæstarètt í sakamálum.
2. Lagaboð frá 5. apríl 1850, sem veitir aðkomandi Gyðíngum leyfi til, að setjast að í ríkinu.
3. Lagaboð frá 29. desember 1850, um hegníngarvinnu.
4. Lagaboð frá 25. apríl 1850, um, að auglýsíngar í dagblaðinu *Altonaer- Mercur etc.* eptirleiðis falli í burtu.
5. Lagaboð frá 3. jan. 1851, um prentfrelsi; og
6. hefur þíngið tekið til yfirvegunar, hvort kanselíbrèf frá 9. nóv. 1847, sem nákvæmar ákvarðar fermíngaraldur barna, ekki mundi eiga við hèr á landi.

Þíngið leyfir sèr allra-þegnsamlegast að segja álit sitt um hvert af þessum lagaboðum fyrir sig á þessa leið:

1. Opna brèfið frá 17. febr. 1847 er þegar orðið gildandi lagaboð fyrir hæsta-rètt, og virðist þinginu því sjálfsagt, að það hljóti að gilda fyrir Ísland í öllum þeim tilfellum, þegar mál þaðan koma til hæsta-rèttar, og nokkrir þingmanna lètu jafnvel í ljósi, að þegar svona væri ástatt, bæri eigi nauðsyn til, að lögleiða það útþrykkilega hèr á landi, þar sem það væri sjálfsagt, að það hefði lagagildi í öllum málum hèðan frá landi, er lögð væru til hæsta-rèttar, án slíkrar útþrykkilegrar lögleiðslu; en meiri hluti þingmanna (14 móti 4) ályktaði þó, að biðja yðar hátign allra-þegnsamlegast um, að þetta lagaboð yrði með berum orðum lögleitt á landi hèr.

2. Lagaboðið frá 5. apríl 1850 um, að Gyðingar mættu koma til Íslands og taka sèr hèr samastað, fann þingið ekki ástæðu til að biðja yðar konúnglegu hátign um að leiða hèr í lög, bæði af þeirri ástæðu, að þingið hlaut að álíta, að Gyðingar ekki mundu verða landi þessu, eins og hèr hagar til, til uppbyggíngar, og líka þess vegna, að ýmislegar ákvarðanir Gyðíngum viðkomandi, sem út komnar eru í Danmörku, ekki hafa hèr lagagildi, og þar af gæti leitt í uppákomandi tilfellum vanda og vafa. Með 13 atkvæðum gegn 6 ályktaði því þingið, allra-þegnsamlegast að ráða frá því, að þetta lagaboð yrði að sinni lögleitt hèr á landi.

3. Lagaboðið frá 29. desember 1850, um hegníngarvinnu, álítur þingið sjálfsagt eigi að löggilda fyrir Ísland, sem hefur sakalög sameiginleg með Danmörku, og leyfir þingið sèr því samhuga (16 atkv.) allra-þegnsamlegast að biðja um, að þetta lagaboð útþrykkilega verði lögleitt hèr á landi.

4. Lagaboðið frá 21. apr. 1850 um, að auglýsíngar þær, er áður átti að birta í dagblaðinu *Altonaer- Mercur,* o. s. frv., eptirleiðis eigi að falla í burt, álítur þingið því fremur ástæðu til þegnsamlegast að biðja um að lögleiða hèr á landi, sem það er miklu meiri örðugleikum bundið, að geta feingið auglýsíngum þeim, er birtast eiga hèðan frá landi í tèðu dagblaði, komið á framfæri, heldur en í Danmörku, og biður því þingið samhuga (með 17 atkvæðum) um, að þetta lagaboð öðlist hèr lagagildi.

5. Lagaboðið frá 3. jan. 1851, um prentfrelsið, er svo mikilvæg rèttarbót, að þingið samhuga aðhyllist og óskar, að það verði lögleitt sem allra-fyrst hèr í landi, í stað þeirrar nú gildandi tilskipunar frá 27. sept. 1799; þingið hefur einúngis leyft

sèr að taka fram og stínga upp á nokkrum breytíngum í einstökum atriðum, sem það álítur ekki geti átt við í slíku lagaboði fyrir Ísland, af því hèr hagar öðruvísi til, en í Danmörku. Breytíngar þær, sem þíngið þannig allra-þegnsamlegast hefur leyft sèr að bera upp, eru sem fylgir:

Við 1. §: að fyrir orðin *„hèr í ríkinu“*, komi orðin: *„hèr á landi“*, og þannig alstaðar í tilskipun þessari, að minnsta kosti aptur að 14. gr.

Við 3. §: að fyrir orðin: *„3 mánuðir“* komi *„6 mánuðir“*; því það hagar svo til hèr á landi vegna strjálbyggðar og samgaunguleysis, einkum á vetrardag, að það getur hæglega atvikazt svo, að hlutaðeigandi fái ekki vitneskju af bók eða dagblaði, sem komið er hèr á prent, fyr en eptir þann tíma, sem í lagaboðinu er ákveðinn, og áleit því þíngið nauðsynlegt, að leingja tímann, og urðu 18 atkvæði gegn 1 á því, að biðja um, að hinn umræddi frestur yrði leingdur til 6 mánaða.

Við 4. §: Þær fèbætur, sem þessi grein ákveður, virðist þínginu, þegar haft er tillit til þess, hvernig hèr hagar til, of háar, og ætlar þíngið því, að ástæða sè til, að setja þær töluvert niður, eður til 5—50 rbdd.; því þíngið hyggur, að þessi fjársekt bæði muni nægja til þess, að afstýra þeirri óreglu, sem sektin liggur við, og líka standa í hæfilegu hlutfalli við afbrotið; og þessa skoðun aðhylltist þíngið með 19 atkvæðum.

Við 5. §: Fyrri hluti þessarar greinar virðist þínginu ekki eiga við hèr á landi eins og hann er, og leyfir þíngið sèr því, með samhljóða atkvæðum, að stínga upp á því, að hann verði orðaður þannig:

> *Hver sá, sem á prenti eggjar til uppreistar gegn konúnginum, eða til þess, með ofríki að breyta stjórnarskipun þeirri, sem á er komin að lögum, skal,* o. s. frv.

Við § 6: Þar eð fángelsisstraffi ekki, eins og nú stendur, verður komið við hèr á landi, hefur þínginu virzt nauðsynlegt, að stínga upp á því, að þessu straffi, bæði eptir þessari grein lagaboðsins, og þar sem það annarstaðar í því er ákveðið, verði fyrst um sinn breytt í fjársekt; en þíngið gjörir ráð fyrir, að það standi ekki á laungu, áður en fángelsisstraffi einnig verði komið við hèr á landi, t. a. m. í Reykjavík, og, ef til vill, á Akureyri; en á meðan þetta er ekki

komið í kríng, leyfir þingið sèr allra-þegnsamlegast, með 18 atkvæðum gegn 2, að gjöra þá uppástúngu, að það í þessari grein ákveðna fángelsisstraff afplánist hèr á landi með fèbótum, frá 25—500 rbdd. eptir málavöxtum.

Við 7. gr.: Fyrir sektina eptir þessari grein, sem og fyrir fángelsi það, sem hún ákveður, áleit þingið að koma eigi fjársekt, og með 18 atkv. gegn 2 ályktaði þingið, að upphæð fjársektarinnar væri hæfilega metin frá 25—150 rbdd.

Við § 8, 9, 10: Við þessar greinir (sem og við 2. §) leyfir þingið sèr einúngis að taka fram, að það leiðir af aðalreglunni um fjársektir á Íslandi, eptir tilsk. frá 24. jan. 1838, að sektir þær, sem í þessum greinum eru ákveðnar, verða á Íslandi helmíngi minni en í Danmörku, og að fángelsisstraffið í fyrri lið í 8. gr. hlýtur, af ástæðum þeim, sem þingið hefur allra-þegnsamlegast leyft sèr að taka fram við 6. gr., að breytast í fjársekt.

Við § 11: Við þessa grein þótti þínginu ástæða til að gjöra þá breytíngu, sem gjörð hefur verið í henni fyrir Færeyjar, og að þannig eptir orðið *„málalok“* verði bætt inn í þessu: *„leiðrèttingu, sem þó ekki má vera leingri, en fjórði partur úr einu nri. tímaritsins“*, og aðhyllist þingið þessa breytíngu með samhljóða atkvæðum.

Við § 13: Þar eð það hlýtur, eins og hèr í landi hagar til, að vera bundið ærnum umsvifum og tímatöf, að leita úrlausnar dómsmálastjórnarráðsins um það, hvort ástæða sè til, að höfða lögsókn að tilhlutun hins opinbera út af einhverju riti, er komið væri á prent á Íslandi, hefur þingið með samhljóða atkvæðum leyft sèr allra-þegnsamlegast að stínga upp á því, að þetta sè lagt á vald og úrslit hlutaðeigandi stiptamtmanns, og hyggur, að þetta fyrirkomulag muni eiga betur við hèr á landi.

Við § 17: Í þessari grein leyfir þingið sèr allra-þegnsamlegast, með samhljóða atkvæðum, að stínga upp á því, að orðin: *„lagaboðið, sem dagsett er 5. dag júlímánaðar 1850 og“*, verði felld úr greininni, af þeirri ástæðu, að þetta tilvitnaða lagaboð aldrei hefur verið lögleitt á Íslandi.

Með þessum einstöku breytíngum leyfir þingið sèr í einu hljóði allra-þegnsamlegast að biðja yðar hátign um að framangreint lagaboð verði gjört gildandi hèr á landi, og um leið, að í hinum íslenzka texta verði gjörðar aðrar þær orðabreytíngar,

sem beinlínis liggur við að við þurfi eptir nákvæmri og réttri útleggingu á frumritinu.

6. Kanselíbréfið frá 9. nóvember 1847, um nákvæmari ákvörðun á fermingaraldrinum, tók þingið undir yfirvegun hvort ekki mundi eiga vel við að löggilda á Íslandi, þar sem það virtist, að eins gæti stundum staðið hér á og í Danmörku, að þeim, er að börnunum standa, gæti verið annt um, að fá þau fermd, þó ekki hefðu þau náð algjörlega lögboðnum fermingaraldri; en alþingi komst þó, með 17 atkvæðum gegn 1, til þeirrar niðurstöðu, að eigi bæri nauðsyn til, að beiðast þess, að ofannefnt bréf yrði gjört hér að lögum að svo stöddu.

Þannig hefur þingið allra-þegnsamlegast skýrt frá áliti sínu um þau lagaboð, sem frá löggæzluráðherrans hálfu beinlínis hafa verið lögð fyrir þingið, og hann hefur ætlazt til að lögleidd yrðu á Íslandi, og eru þá einúngis eptir þau lagaboð, sem sami stjórnarherra hefur til greint að komin væru út í Danmörku á árunum 1847—1851 frá ríkisfjárgæzluráðherranum, og þessi látið í ljósi að eigi mundi nauðsyn bera til að lögleiða með berum orðum á Íslandi, af því þegar væri farið að heimfæra þau þar, og svo mundi verða gjört eptirleiðis, hvort sem þau yrðu lögð fyrir þingið eða ekki.

Þessi lagaboð eru;

1. Lagaboð um eptirlaun, dags. 5. jan. 1851.
2. Lagaboð frá s. d., um skyldu embættismanna, að sjá ekkjum þeirra borgið eptir sinn dag með fjárstyrk úr lífsábyrgðarsjóðnum.

Þingið leyfir sér allra-þegnsamlegast að láta það álit sitt í ljósi, að því virðist það bæði eðlilegast og réttast, að lagaboð þessi með berum orðum verði lögleidd á Íslandi, þegar það þó í annan stað er gefið, að eptir þeim er þegar farið að breyta hér á landi, og þó lagaboð þessi eptir eðli sínu að eins snerti einstaka menn, virðist í þessu atriði engin nægileg ástæða fyrir því, að lagaboð þessi fyrir þá skuld ekki séu útþrykkilega lögleidd. Þingið verður því fremur að aðhyllast þessa skoðun á málinu, sem því er kunnugt, að það þykir vafa undirorpið, hvort skylda sú, er vissum embættismönnum hér á landi lá á herðum, að ábyrgjast ekkjum þeirra styrk eptir sinn dag úr ekknasjóðnum, hafi færzt yfir á lífsábyrgðarsjóðinn, um hvers fyrirkomulag, réttindi og skyldur ekkert hefur verið auglýst

hèr á landi. Þingið leyfir sèr því allra-þegnsamlegast í einu hljóði að biðja yðar konúnglegu hátign um:

1, að lagaboðið um eptirlaun, frá 5. jan. 1851, verði með berum orðum lögleitt á Íslandi, með eptirfylgjandi breytíngum:

a, með 18 atkv.: að 3. liður 1. greinar. „*Hinn sama eptirlaunarètt — ríkisfjárlögunum*“, verði felldur úr.

b, í einu hljóði: að seinni liður í 2. gr.: „*af konúngs-peningunum*“, o. s. frv. til enda greinarinnar, falli úr.

c, með 19 atkv.: að 12. gr. verði felld úr.

d, með 12 atkv. gegn 6: að 14. gr. sömuleiðis verði felld úr.

Breytíngar þessar hafa sína ástæðu, sumpart í því atriði, að það, sem þíngið þannig vill fella úr, getur ekki átt við á Íslandi, og sumpart í því, t. a. m. við 14. grein, að hèr í landi mundi torvelt og enda ómögulegt fyrir hlutaðeigendur, að nálgast eptirlaun sín á ársfresti.

2. Lagaboðið frá 5. jan. 1851, um skyldu embættismanna, til að sjá ekkjum þeirra borgið með fjárstyrk eptir sinn dag úr lífsábyrgðarsjóðnum.

Þetta lagaboð leyfir þíngið sèr einnig og samhuga allra-þegnsamlegast að biðja yðar konúnglegu hátign um að lögleiða hèr á landi með eptirfylgjandi breytíngum:

við 3. gr.:

a, að í stað orðanna: „*vitnisburðarbrèfi frá ríkisfjárstjórnarráðinu*“, komi: „*skýrteini frá hlutaðeigandi amtmanni*“.

b, að í stað seinustu orða 3. greinarinnar: „*uppfyllt hana*“, komi: „*að hann hafi sent amtmanni bónarbrèf til ríkisfjárstjórnarráðsins um, að mega leggja í lífsábyrgðarsjóðinn*“.

3. Lagaboðið 30. júní 1850, um embættislauna-ávísanir.

Þetta lagaboð biður þíngið allra-þegnsamlegast um að óbreytt verði lögleitt hèr á landi.

Reykjavík, 8. ágúst 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. *Þ. Jónassen.*

Forseti: Næsta fund skal eg þá ákveða á morgun kl. 12, og verður þá kosið í 3 manna nefndina, og lesin upp nokkur álitsskjöl og bænarskrár alþíngis.

Fundi slitið.

---

9. ágúst — Þrítugasti og fjórði fundur.

Allir á fundi, nema hinn 1. konúngkjörni þíngmaður, konferenzráð Þ. Sveinbjörnsson, og þíngmaður Reykvíkínga, jústizráð J. Thorstensen, sem tilkynnt höfðu forseta forföll sín. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það, sem kemur til aðgjörða í dag samkvæmt dagskránni, er, að kjósa 3 menn í nefnd þá, sem þíngið í gær ályktaði að stínga upp á að setja skyldi hèr í Reykjavík, til að endurbæta jarðamatið.

Síðan var geingið til atkvæða, en áður en forseti las þau upp, skýrði hann frá, að hann skildi ályktun þíngsins svo, að sá skyldi rèttkosinn, sem feingi meira en helmíng allra atkvæða, sem greidd væru og gild á lögmætum fundi alþíngis. Þessu mótmælti einginn.

Því næst fór atkvæðagreiðslan fram, og voru atkvæðin lesin upp, og fèllu þau þannig:

Á þíngi voru mættir 18 þíngmenn, fjærverandi eptir tilkynníngu 2 þíngmenn, fjærverandi án tilkynníngar 1 þíngmaður (biskup Thordersen).

Af þíngmönnum þeim 18, sem mættir voru, greiddi 1 (Havstein amtmaður) ekki atkvæði; voru því hin greiddu atkvæði 17, meiri hluti atkvæða 9. Þessir feingu atkvæði:

Lögfræðíngur J. Guðmundsson	15	atkvæði,
Prófessor P. Pètursson	14	——
Konferenzráð Þ. Sveinbjörnsson	13	——
Jústizráð Þ. Jónassen	3	——
Landfógeti V. Finsen	2	——
Assessor J. Pètursson	2	——
Amtmaður J. P. Havstein	1	——
Kaupmaður Þ. Jónsson	1	——

og urðu þannig þeir 3 fyrstu nefndarmenn.

Forseti skýrði því næst frá, að hann hefði feingið uppkast til nokkurra bænarskráa til konúngs frá þínginu; voru þær lesnar upp og samþykktar, og eru þær þessar:

1. Bænarskrá í prentsmiðjumálinu:

Til konúngs.

Til alþíngis hafa í þetta sinn komið 6 bænarskrár með 592 nafna undirskriptum frá ýmsum hèruðum landsins, sem allar

fara því fram, að alþingið leggi ráð til, að prentsmiðja landsins í Reykjavík komist í það horf, að hún geti staðið í fullkomnum skilum, sem menn megi af henni heimta, og að hin nýstofnaða prentsmiðja á Akureyri í Norðlendíngafjórðúngi fái jöfn réttindi við þessa sunnlenzku prentsmiðju, sem er landsins eign, samt að þingið afli sèr og þjóðinni greinilegrar þekkíngar á fjárhag prentsmiðjunnar.

Alþingið fann mál þetta svo mikilsvert, og svo mjög snerta þarfir og réttindi almennings í landinu, að það tók það að sèr, kaus 5 manna nefnd, til að yfirvega það og segja álit sitt um, og hefur síðan ýtarlega rætt það á 2 aðalfundum sínum.

Þegar í öndverðri umræðu þessa máls fann þingið, hve mikil þörf þess var, að fá greinilegt yfirlit yfir ástand og fjárhag hinnar íslenzku prentsmiðju; því sú eina skýrsla, sem kunn var orðin, og sem náði til 1851, þótti óljós og ófullkomin, og sýnist ekki í sem beztri samhljóðun við skýrslu þá, sem stiptsyfirvöldin nú hafa gefið þinginu; því eptir hinni fyr tèðu skýrslu ætti prentsmiðjan á hinum 4 eða 5 fyrstu árum í Reykjavík að hafa tapað svo, að hún við árslokin 1851 átti ekki eptir af þeim 6025 rbdd., sem hún kom með frá Viðey, nema hús það, sem keypt var handa henni í Reykjavík, en á 2 seinustu árunum, eptir þessari síðari skýrslunni, unnið 1100 rbdd., auk þess, sem þau ár hefur geingið henni til viðhalds; en þingið sá, að mikið hlaut að vera undir því komið, hvernig fjárhagur prentsmiðjunnar hèldist við, til hvers ráðandi er um úrslit þessa máls; því beiddist þingið fyrst, síðan nefndin í málinu, og loks forseti þingsins, upplýsíngar um ástand og fjárhag prentsmiðjunnar, en gat ekki feingið hjá forstöðumönnum hennar þá skýrslu hèr um, sem gæti nægt, til að byggja á fullkomna eindregna meiníngu um, hvort bæri að selja prentsmiðjuna í hendur einstakra manna eða ekki, eins og stiptsyfirvöldin höfðu stúngið upp á, og dómsmálastjórnarherra Danmerkur hefur fallizt á, sem þinginu var tilkynnt af stiptsyfirvöldunum þann 11. f. m. Þessi vanþekking þingsins á fjárhag prentsmiðjunnar, sem ekki fæst ráðin bót á að þessu sinni, er því til fyrirstöðu, að þingið geti ráðið til, að hún verði seld í hendur einstakra manna að svo stöddu, eða svo leingi ekki verður að fullu ljóst, hvort stiptun þessi vinni landinu meira gagn en skaða í fjárhagslegu tilliti, og varð því þingið að komast að þeirri niðurstöðu, að frestað verði sölunni, 1, eptir atkvæða-

fjölda, þángað til skýrir og skýlausir reikníngar sjást yfir gagn það, sem hún hefur unnið landinu hingað til, með þeirri tilhögun, sem hefur verið höfð á henni; 2, þángað til útséð yrði um, hvort ekki mætti koma stjórn prentsmiðjunnar í skipulegra horf, svo hún gæti betur staðið í þeim skilum, sem af henni eru krafin, og fullnægt þörfum landsins, sem opinber eign þess, og hvort ekki einkaleyfi hennar, þótt það hafi þótt efasöm, og landsmönnum hingað til fremur í óhag en hag, gætu ekki fyrir þetta nýja fyrirkomulag á stjórn hennar verið henni til stoðar og staðið óhöggud.

Erviðleiki sá, að eignast nauðsynjabækur í tækan tíma vegna strjálbyggðar landsins og fjarlægðar frá þessari einu prentsmiðju, dýrleiki þeirra, og skortur á þeim, sem hèr af leiddi, samt endurminning hinna fyrri tíma, þá prentsmiðjan, sú einasta í landinu, var um hálfa þriðju öld í Norðlendingafjórðúngi, kom inmbúum norður- og austur- umdæmisins til, að skjóta saman ærnu fè til stofnunar nýrrar prentsmiðju á Akureyri í hinu forna Hólastipti, hvar á yðar hátign þann 14. apríl f. á. lagt hefur allra-hæst samþykki. Til að styrkja þessa nýju prentsmiðju, sem þykir ellegar veikstödd, og, ef til vill, af óþokka þeim, sem hvílt hefur yfir einkaleyfunum, fara bænarskrárnar flestar fram á, að báðar prentsmiðjurnar geti staðið jafnt að verki, og að hin norðlenzka prentsmiðja fái að nokkru leyti rèttindi þau, sem hin gamla Hólaprentsmiðja hafði, til ein að prenta allar andlegar bækur, sem út voru gefnar í landinu, hver prentsmiðja með allra-hæstu konúngsbrèfi frá 14. júní 1799 var flutt til Suðurlandsins, og sameinuð prentsmiðju þeirri, sem um nokkur ár hafði verið í Hrappsey í Vestfirðingafjórðúngi, sem eign og undir stjórn einstaks manns, en þá var flutt til Suðurlands, og orðin eign þess svo nefnda landsuppfræðingarfèlags, hverjar tvær prentsmiðjur sameinaðar eru sú landsins prentsmiðja, sem samkvæmt allra-hæstum úrskurði frá 28. september 1831, § 2, á að álítast sem landsins eign, standandi undir stjórnarinnar umsjón.

Þíngið varð samt að álíta, að ef norðlenzku prentsmiðjunni veittist þessi umbeðni jöfnuður, þá leiddi þar beinlínis af, að einkaleyfi lands-prentsmiðjunnar yrði að leggjast niður, en þetta varð þínginu að þykja ísjárvert, meðan ekki væri út séð um, hvort nýtt fyrirkomulag á stjórn prentsmiðjunnar gæti ekki hrundið henni í hið eptiræskta horf, enda þó þíngið finni veru-

legar ástæður fyrir nauðsyn þeirrar nýju prentsmiðju á gildum rökum byggðar fyrir norður- og austur-umdæmið, og jafnframt gagnsemd þess fyrir landið allt, að tvær prentsmiðjur gætu keppzt á í landinu sjálfu.

Eins og það er samróma beiðni allra bænarskránna til þingsins í þessu máli, að það leggi ráð til, að lands-prentsmiðjunni verði hrundið í það horf, að hún gæti staðið í fullum skilum þeim, sem af henni verða heimtuð, eins verður þingið allra-þegnsamlegast að vera þeirrar meiningar, að breyting á stjórn prentsmiðjunnar sè eina meðalið, til að koma þessu fram, því þingið ætlar, að stjórnartilhögun sú, sem hefur verið höfð á prentsmiðjunni, þar sem hún hefur nú um seinustu 9 ára tíma verið að eins falin stiptsyfirvaldanna stjórn og umsjón, það er tveggja embættismanna, sem hafa þær embættisannir aðrar, sem ómögulega leifa þeim tíma til svo nákvæmrar og daglegrar tilsjónar, sem slik stiptun útheimtir, eigi hún að standa í þeim fyllstu skilum, sem af henni verða krafin, hafi verið orsök þess, að bæði hafi prentsmiðjan minna af kastað, en menn væntu, og, ef til vill, með meira kostnaði, en tilsjónarsamur og sparsamur forstöðumaður eður eigineignarmaður hefði þurft við að hafa, og ætlar þingið því, að betur mundi gegna, að stjórn á störfum og reikningum þessarar landseignar væri feingin í hendur einum forstöðumanni, sem sjálfur væri verkstjóri hennar, með hæfilegum launum og móti fullgildu veði, og að hann væri skyldaður til, að skýra stiptsyfirvöldunum á hverju hálfu missiri frá fjárhag prentsmiðjunnar, og standi þeim við hver árslok skýran reikning með fylgiskjölum yfir öll prentsmiðjunnar inngjöld og útgjöld, og sýni þeim eða greiði af hendi sjóð hennar, en stiptsyfirvöldin láti 2 óvilhalla duglega menn ransaka reikninginn, áður en þau leggja á hann hinn síðasta úrskurð, og gefi kvittun fyrir, og þykir þinginu tilhögun þessi rètt í sjálfri sèr og samkvæm því, sem við geingst við aðrar sèrstaklegar stiptanir, t. a. m. dómsmálasjóðinn. Af þessu fyrirkomulagi virðist þinginu það verða að leiða, að það sè á valdi forstöðumannsins, að prenta það, sem beiðzt er, og hann ætlar útgeingilegt, eða sem aðrir en prentsmiðjan bera kostnað fyrir, og sèu stiptsyfirvöldin með öllu laus við að segja fyrir því, nema hvað biskup landsins annist um, að enginn sè skortur á nauðsynlegum andlegum eða barna-bókum.

Eins og þingið hefur leyft sèr að taka fram, að þetta nýja

fyrirkomulag á stjórn prentsmiðjunnar muni geta hrundið henni í viðunanlegt horf, eins verður þingið, og það meðfram af ókunnugleika um efnahag prentsmiðjunnar, að ráða frá, að selja hana fyrst um sinn, og uns reikningarnir fást skýlausir og greinilegir. Nokkrum þingmönnum var það að sönnu vafasamt, að hvað miklu leyti mundi gjörandi, að biðja um rannsókn þessara reikninga, einkum frá 1844 til 1848, þar eð þeir álitu víst, að felld væru lok á reikningana fyrir þessi árin á vanalegan hátt; en meiri hluti þingmanna varð þó að álíta þetta ósannað, og jafnvel óliklegt, af því að þingið ekki fèkk reikninga þessa til stuðnings, jafnvel þó þess væri farið á leit, eins og áður er sagt. Þingið verður því allra-þegnsamlegast að biðja, að þessir reikningar prentsmiðjunnar verði tilhlýðilega rannsakaðir af til þess hæfum mönnum á prentsmiðjunnar kostnað, sem og, að þeir verði auglýstir á prenti, eins og allir reikningar hennar framvegis.

Þingið verður þar hjá allra-þegnsamlegast að áskilja, að undir alþingi verði borið síðar meir, hvernig með hana skuli fara, ef það reynist ekki landinu, sem eiganda hennar, með öllu skaðlaust, að halda henni sem opinberri eign sinni; en ef hún verður seld, ræður þingið til, að einkaleyfi þau, sem menn ætla hún eigi nú, falli með öllu niður, þar þingið ætlar þau þá með öllu óhafandi, og leggi fè landsbúa of mjög á vald eiganda prentsmiðjunnar.

Það er frá öndverðu ætlunarverk prentsmiðju þessarar, sem allt af hefur verið landsins eign, að efla og auka upplýsingu og menntun landsins; og það sannar einnig allra-hæst konúngsbrèf frá 14. júni 1799, er það áskilur Hólastipti, sem það sviptir eign og brúkun hinnar gömlu Hólaprentsmiðju, fjórða part alls árlegs ágóða hinna sameinuðu norðlenzku og sunnlenzku prentsmiðja til útbreiðslu sannri upplýsingu í Hólastipti, hvar af það þó hingað til einskis hefur notið; því er það þingsins eindregin og samhljóða meining, að ef prentsmiðjan verður seld, þá verði andvirði hennar og eignum hennar öllum varið til eflingar almennri menntun í landinu.

Það hyggur þingið að betur hæfi, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafi stjórnlega umsjón þess, sem prentað verður, heldur en stiptamtmaður landsins, sem hefur hana á hendi eptir konúnglegum úrskurði frá 19. september 1832.

Eptir framanskrifuðum ástæðum leyfir þingið sèr allra-

þegnsamlegast, með atkvæðafjölda, að bera fram fyrir yðar konúnglegu hátign til allra-mildilegustu bænheyrslu eptirfylgjandi bænir:

1, með 11 atkvæðum gegn 9: *að reikningar prentsmiðjunnar, síðan 1844, að hún komst undir umráð stiptsyfirvaldanna, verði grandgæfilega skoðaðir af duglegum mönnum, einum eða tveimur, hèr í Reykjavík, á prentsmiðjunnar kostnað.*

2, með 14 atkvæðum gegn 7: *að skýrsla um þessa reikninga prentsmiðjunnar, síðan 1844, verði prentuð í íslenzkum blöðum, hið fyrsta því verður við komið, og svo reikningar hennar síðar meir við hver árslok.*

3, með 15 atkvæðum gegn 5: *að stjórn á störfum og reikningum prentsmiðjunnar verði feingin í hendur forstöðumanni, fyrir hæfileg laun og mót veði; einnig að hann skýri á hverju hálfu missiri frá fjárhag prentsmiðjunnar til stiptsyfirvaldanna, og sendi þeim reikning með tilheyrandi skjölum við hver árslok.*

4, með 15 atkvæðum gegn 5: *að stiptsyfirvöldin taki við hver árslok 1 eða 2 óviðkomandi duglega menn, til að rannsaka ársreikning prentsmiðjunnar undir stiptsyfirvaldanna úrskurð, og gefi þau á sínum tíma kvittun fyrir hvern kláraðan reikning.*

5, með 13 atkvæðum gegn 7: *að stiptsyfirvöldin losist með öllu við að segja fyrir, hvað prenta megi eða prenta skuli, að undanteknum þeim andlegum bókum, sem biskupinn á að sjá um að ætið sè nóg til af.*

6, með 14 atkvæðum gegn 6: *að stiptamtmaðurinn verði einnig laus við stjórnlegaumsjón þess, sem prentað verður og að sú umsjón heyri undir lögreglustjórann á lögleg-an hátt.*

7, með 11 atkvæðum gegn 8: *en ef nú svo fyndist ástatt, þegar búið væri að auglýsa reikningana, og breyta stjórn prentsmiðjunnar í þetta horf, að prentsmiðjan gæti ekki haldizt við að skaðlausu, þá að alþingi gæfist færi á að nýju, að leggja ráð til, hvort selja skuli prentsmiðjuna eða ekki.*

8, með 14 atkvæðum gegn 3: *að af numin verði öll einkaleyfi Íslands prentsmiðju, þegar hún verður seld.*

9, með samhljóða 20 atkvæðum: *en verð hennar og eignir*

hennar allar verði fyr eða seinna brúkaðar til eflingar almennri menntun í landinu.

Reykjavík, 9. ágúst 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. *H. Stephensen.*

2. Bænarskrá í stjórnarbótarmálinu:

Til konúngs.

Eins og gjöf og endurstofnun alþingis jafnan verður sá minnisvarði um yðar konúnglegu hátignar hásæla og ógleymanlega föður og fyrirrennara, Krjstján konúng hinn áttunda, sem aldrei fyrnist í þakklætisfyllstu viðurkenningu allra Íslendínga, eins hafið þèr og, vor mildasti konúngur, með allra-náðuglegasta brèfi frá 23. sept. 1848, rótfest í brjóstum allra Íslendínga hið öruggasta traust og óbiluga von um, að sá sè og verði fullur og fastur landsföðurlegur ásetníngur yðar konúnglegu hátignar, að halda á fram hinu byrjaða verki yðar hásæla föðurs, þegnum þessa lands og þjóðerni þeirra til framhaldandi (fremadskridende) viðrèttíngar og endurreisnar.

Af óbifanlegu og almennu trausti um þennan landsföðurlega tilgáng yðar hátignar, og um það konúnglegt rèttlæti yðar og ást, sem ekki hefur síður komið fram við Íslendínga, en aðra þegna konúngsveldisins, voru sprottnar 5 þær bænarskrár, sem alþíngi bárust í ár áhrærandi stjórnarbót Íslands.

Þíngið varð einhuga og af fullri samnfæríngu að aðhyllast þessa skoðun, og það traust til yðar konúnglegu hátignar órjúfanlegu heityrða í allra-mildasta brèfi 23. sept. 1848, sem bænarskrár þessar lýstu þannig yfir; og einkum varð þíngið að telja vafalaust, að auglýsíng yðar hátignar 12. maí 1852, gæti ekki verið því til fyrirstöðu, að þíngið tæki nú mál þetta til vanalegrar og lögboðinnar meðferðar, ef henni að eins væri ekki stefnt út fyrir þau takmörk, sem bæði eru afmörkuð með lögákveðnum verkahríng alþíngis, og sem þessi auglýsíng virðist að binda þetta málefni við.

Þíngið hikaði því ekki við, að kjósa sèr 5 manna nefnd, til þess, að hafa þetta mest umvarðandi mál vort til meðferðar. Eptir það hún var búin að rita um það og kveða upp álit sitt, var það rætt á tveimur aðalfundum, og leyfir nú þíngið sèr, samkvæmt atkvæðagreiðslunni að bera upp um það fyrir yðar konúnglegu hátign álit sitt og bænir á þessa leið.

Þingið komst brátt að sömu niðurstöðu og nefnd sú, sem var kosin, þeirri, sem auglýsing yðar konúnglegu hátignar 12. maí 1852 virðist eindregið að benda til, að, eins og þar er ráðgjört, að yðar konúngleg hátign ætlið að hafa upptökin (tage Initiativet) í því, að leggja fyrir alþingi frumvarp fyrir stöðu Íslands í fyrirkomulagi konúngsveldisins, áður en þetta verði að lögum, þannig beri hvorki þinginu né eigi það með, að semja algjörlegt frumvarp með framteknum uppástúngum um hverja sérstaklega grein breytingarinnar, eða hins nýja fyrirkomulags á stjórn þessa lands. En þar í móti varð þingið að álíta víst, að bæði mætti það ræða og í allra-þegnsamlegastri bænarskrá taka fram þau helztu undirstöðu-atriði, sem þinginu og landsmönnum er einkar-umhugað um að mildilegast yrðu tekin til greina, þegar yðar konúngleg hátign léti semja frumvarpið um þetta mál, og áður en ákveðið yrði að lögum stjórnarfyrirkomulag Íslands og staða þess í fyrirkomulagi gjörvalls konúngsveldisins. Þingið leyfir sér að álíta, að réttur þess, til að meðhöndla og bera fram mál þetta á þennan hátt sé ekki að eins gefinn því í alþingistilskipuninni, heldur einnig, að auglýsingin 12. maí 1852 fremur staðfesti þann rétt, en raski honum. Og eins treystir þingið því allra-þegnsamlegast, að yðar hátign, samkvæmt því, sem lýst er yfir í allra-hæsta bréfi yðar til Íslendinga 23. sept. 1848, munið með konúnglegri velþóknun og af mildri náð hlýða á svo felldar tillögur alþingis um þetta mál, ef þær eru að eins verulega byggðar á sérstöku ástandi og undangeingnum stjórnarráðstöfunum yðar hásælu fyrirrennara til þessa fjarlæga landshluta veldis yðar, og ef þeim er haldið innan vebanda yðar konúnglegu hátignar allramildustu fyrirheita, bæði eptir því, sem yfir er lýst í konúngsbréfinu 23. sept. 1848, um jafna hluttöku Íslendinga við aðra samþegna þeirra í hinni almennu stjórnarbót, sem yðar hátign hafið veitt og fyrirhugað að veita öllum þegnum yðrum, og um hið almenna fyrirkomulag á stjórn gjörvalls konúngsveldisins, sem yfir er lýst í allra-mildastri boðun yðar hátignar 28. jan. 1852 að eigi að verða framgeingt í gjörvöllu konúngsveldinu.

Því alþingi og allir Íslendingar vona og treysta því staðfastlega, að eins og auglýsing yðar hátignar 12. maí 1852 ekki raskar að neinu fyrirkomulagi alþingis og lögum þess, heldur lýsir yfir, að það skuli haldast í óraskanlegum skorðum, þángað til fyrir sjálft þingið verði lagt frumvarp til breytingar á því,

eins hafi aldrei þessi auglýsing getað stefnt að því, hvorki að breyta að nokkru eða draga úr konúnglegum fyrirheitum þeim, sem yðar hátign hafði þegar áður og óapturkallanlega gefið Íslendíngum í allra-mildasta bréfi yðar 23. sept. 1848, nè heldur að því, að ekki eigi og megi einnig ná til Íslands það aðalfyrirkomulag stjórnarinnar, sem útlistað er og tekið fram í allra-hæstri boðun 28. janúar 1852 að yðar konúngleg hátign hafi eindregið fastráðið að láta verða framgeingt yfir gjörvalla hluta konúngsveldis yðar.

Þíngið er og eindregið sannfært um, að það aðalfyrirkomulag stjórnarinnar, sem lýst er yfir og stefnt að í þessari allrahæstu boðun, megi einnig verða þessu landi hið hagfeldasta í bráð og leingd, ef því er skipað hèr samkvæmt sèrstöku ástandi þessa lands, og miklu fjarlægð þess frá meginríkinu. Þíngið leyfir sèr því allra-þegnsamlegast að lýsa yfir hiklaust, að það einhuga og hreinskilnislega aðhyllist þær grundvallarreglur fyrir fyrirkomulagi á stjórn Íslands framvegis, sem teknar eru fram í tèðri allra-hæstu boðun að eigi að ná yfir og veita fullnustu um gjörvalla hluta konúngsveldisins.

En eins og þíngið þannig leyfir sèr allra-þegnsamlegast, og álítur sèr bæði skylt og þessum landshluta konúngsveldis yðar hátignar affarabezt og hollast, að aðhyllast, að fyrirkomulag stjórnarinnar hèr á landi verði að aðalundirstöðunum til lagað eptir og byggt á þessum grundvallarreglum fyrir fyrirkomulagi aðalstjórnarinnar í gjörvöllu konúngsveldinu, eins verður og þíngið að álíta, að þetta fyrirkomulag stjórnarinnar hèr á landi verði *meðfram* að laga að allri undirstöðu til eptir sèrstöku og frábrugðnu ásigkomulagi þessa lands. Þetta er þíngið ekki einúngis fullkomlega sannfært um að er öldúngis nauðsynlegt, heldur verður þíngið einnig allra-þegnsamlegast að leyfa sèr að álíta, að það sè með öllu samkvæmt ýmislegum sèrstaklegum stjórnarráðstöfunum, sem hinir hásælu fyrirrennarar yðar konúnglegu hátignar hafa látið verða framgeingt hèr á landi, einkum stofnun alþíngis og fyrirkomulagi þess, eins og annara ráðgefandi þínga í hinum öðrum hlutum konúngsveldisins; en allar slíkar sèrstaklegar stjórnarráðstafanir verður þíngið allra-þegnsamlegast að álíta að hafi verið byggðar bæði á viðurkenníngum konúnganna um sèrstaklegt og frábrugðið ásigkomulag og þjóðerni Íslendínga, og forn rèttindi þeirra, og á hinni mikilvægu fjarlægð þessa lands frá meginríkinu og veldis-

stóli konúnganna. Ekki að eins á samkynja viðurkenningu, byggðri bæði á hinum sömu ástæðum og á undangeingnum stjórnarráðstöfunum yðar konúnglegu hátignar hásælu feðra til þessa lands, heldur einnig á konúnglegu rèttlæti yðar hátignar og landsföðurlegri umönnun fyrir sönnum og verulegum hagsældum og framhaldandi framförum vor Íslendinga, ætlar þingið að sè óraskanlega grundvölluð yðar hátignar allra-mildustu fyrirheit í brèfi yðar 23. sept. 1848 um, að hin almenna stjórnarbót, sem yðar hátign hefur af konúnglegri maktfyllingu og fúsum og frjálsum vilja veitt og fyrirhugað að veita öllum öðrum þegnum yðrum, skuli einnig og að rèttum jöfnuði ná til vor Íslendinga, eptir sèrstöku og frábrugðnu ásigkomulagi þessa lands. Þingið verður og að leyfa sèr allra-þegnsamlegast að álíta víst, að auglýsingin 12. maí 1852 einnig í þessu efni lýsi yfir óraskanlegum ásetníngi yðar konúnglegu hátignar, að fyrirkomulag stjórnarinnar hèr á landi skuli vera og hljóti að vera byggt meðfram á hinu sèrstaka ástandi og þjóðerni Íslendinga og á undangeingnum sèrstaklegum stjórnarráðstöfunum hèr á landi; því þessi allra-hæsta auglýsing segir með berum orðum, að ekkert skuli verða afráðið eða lögákveðið um stjórnarfyrirkomulag þessa lands eða stöðu þess í ríkinu, fyr en alþingi verði gefinn kostur á, að kveða upp um það álit sitt.

Allra-mildasti konúngur! þingið leyfir sèr nú þannig allra-þegnsamlegast að bera fram fyrir yðar konúnglegu hátign tillögur og bænir sínar og allra Íslendinga um hin helztu og verulegustu atriði í fyrirkomulaginu á stjórn Íslands framvegis, og á stöðu þess í fyrirkomulagi konúngsveldisins, byggð á þeim grundvallarreglum, sem lýst er yfir um fyrirkomulagið á stjórn gjörvalls konúngsveldisins í allra-hæstri boðun 28. jan. 1852, byggð á og með stöðugu tilliti til hinna undangeingnu sèrstöku stjórnarráðstafana, sem hefur orðið framgeingt hèr á landi, og til hins sèrstaklega og frábrugðna ásigkomulags innbúa þessa lands, byggð á allra-mildustu óríjúfanlegum fyrirheitum yðar konúnglegu hátignar sjálfs til Íslendinga í allra-mildasta brèfi 23. sept. 1848 og allra-hæstu auglýsingu 12. maí 1852.

Svo felldar allra-þegnsamlegustu tillögur og bænir um þetta alls-herjar-málefni Íslendinga treystir þingið örugglega að yðar hátign allra-mildilegast hlýði á og taki til greina með konúnglegri velþóknun og af mildri náð.

Þegar nú þingið var að hugsa og koma sèr niður á þessum

einstöku undirstöðu-atriðum, varð það að hafa hugfast og leggja þá skoðun til grundvallar, að, hve nær sem breytt yrði fyrirkomulaginu á stjórn þessa lands, þá yrði sú breyting einkum að lúta að því, að stjórn landsins yfir höfuð að tala yrði svo traust og með því afli (kraftig), og svo samfelld (concentreret), sem allsherjar- fyrirkomulag stjórnarinnar í gjörvöllu konúngsveldinu fremst leyfði. Og það dylst ekki fyrir neinum Íslendíng, sem hefur vit á, að hugleiða þetta mál, og getur vart dulizt fyrir neinum réttsýnum manni, af hverri þjóð sem hann er, að það er einkanlega og yfir höfuð að tala hin margskiptu valdstjórnar- og önnur stjórnar-störf (Institutioner), sumpart milli hinna ýmsu stjórnarvalda með of takmörkuðum verkahríng, sumpart milli hinna ýmsu og á fjarlægum stöðum settu valdstjórnarmanna, bæði hèr og erlendis, með þar af leiðandi misjafnri þekkíngu og ólíkri skoðun á málunum, sem gjöra það stjórnarfyrirkomulag, sem nú er hèr á landi, óhagkvæmt og ísjárvert, bæði fyrir innbúa þessa lands og yfirstjórnendurna í Danmörku, einkum á meðan svo fá sem eingin málefni, hverrar og hvað litilvægrar tegundar sem eru, geta átt undir hin síðustu úrslit stjórnarvaldanna hèr á landi; heldur verða flestöll, og geta svo að segja öll án undantekníngar átt undir síðustu úrgreiðslu eða úrslit hinna ýmsu stjórnarvalda í Danmörku.

Út frá þessari aðalskoðun leyfir þíngið sèr allra-þegnsamlegast að gánga. Og verður þínginu að finnast eðlilegast og réttast, að hefja fyrst athugasemdir sínar og allra-þegnsamlegustu tillögur um fyrirkomulag þess stjórnarvaldsins, sem gefur því sjálfu, í nafni allra Íslendínga, kost á, að bera þær upp formlega fyrir yðar konúnglegu hátign, en það er um alþíngisstiptunina.

Hið fyrsta, sem frá upphafi og almennt hefur þótt ábótavant við alþíngisstiptunina, eru hin þraungu kosníngarlög þess, einkum hið óeðlilega og þúnga skilyrði fyrir kosníngarrèttinum og kjörgeinginni. En þíngið hefur þegar í annari allra-þegnsamlegastri bænarskrá leyft sèr að taka fram hin verulegustu atriði um þetta mál, sem þíngið vonar staðfastlega að yðar konúngleg hátign muni mildilegast taka til greina og bænheyra.

Hið annað, sem beint leiðir af þeirri aðalskoðun á fyrirkomulagi hinna ýmsu stjórnarvalda hèr í landi, sem þíngið hefur þegar leyft sèr að taka fram, er það, að alþíngi hljóti þeim

mun meiri og rýmri verkahring, en það hefur nú, sem það leiðir beint af hinu nýja fyrirkomulagi stjórnarinnar í gjörvöllu konúngsveldinu, bæði eptir stjórnarskránni og allra-mildastri boðun 28. jan. 1852, að þegnar yðar konúnglegu hátignar í hinum ýmsu hlutum konúngsveldis yðar bæði þegar hafa öðlazt, og er fyrirheitið að skuli öðlast meiri hluttekníng og ályktunarvald í sínum málum, heldur en þeim var veitt með stofnsetníngu hinna *ráðgefandi* þinga, eins og alþíngi er enn. Hin allra-hæsta boðun 28. jan. 1852 segir og með berum orðum, að stöndin, sem eigi að komast á í Slésvík og Holstein, eigi að fá ályktunarvald (beſluttende Myndighed) í öllum þeim málum, sem áður lágu undir þau, á meðan þau voru ráðgefandi. Því leyfir og þíngið sèr allra-þegnsamlegast að biðja, að alþíngi Íslendínga verði veitt ályktandi eða löggjafarvald í öllum hèr innlendum málum.

En þó sú hugsun sè fyrir mjög mörgum landsbúum alls-óaðskiljanleg frá svo rýmkuðu valdi alþíngis, sem nú var tekið fram og beðið um, að þá mundu of fáir fulltrúar eiga setu á þínginu, og en þótt þíngið verði yfir höfuð að tala að vera á sama máli einkum ef jafnmargir konúngkjörnir menn ættu að eiga staðfasta þíngsetu eptir sem áður, þá hefur þínginu samt ekki þótt óumflýjanlegt, að þessu sinni að bera fram um þetta efni neina sèrstaka uppástúngu fyrir yðar konúnglegu hátign. Þínginu varð að finnast nægja, að þessu atriði yrði hreift svona, bæði í umræðum málsins og í þessari allra-þegnsamlegustu bænarskrá, til þess að vekja þar með að því allra-mildast athygli yðar konúnglegu hátignar, og svo allra landsmanna, áður en hið algjörða konúnglega frumvarp um þetta mál yrði samið og lagt fyrir alþíngi.

En eins og þínginu getur ekki hugsazt nein stjórnarbót hèr á landi, nè nein föst og veruleg umbót á stöðu Íslands í fyrirkomulagi konúngsveldisins svo, að hún ekki hljóti að byrja á og stefna að þeirri rýmkun á valdi og verkahring alþíngis, sem nú var bent til, þá verður og þíngið allra-þegnsamlegast að álíta, að þar af leiði beinlínis, að fyrirkomulag og umbót hinna annara aðalstjórnarvalda, í þessu landi sem öðrum, *framkvæmdarvaldsins* og *dómsvaldsins,* hljóti að komast í fulla samhljóðun og rètt hlutfall við hinn rýmkaða og aukna verkahring *löggjafarvaldsins* (alþíngis).

Því verður þíngið allra-þegnsamlegast að leyfa sèr að vera

eindregið þeirrar meiníngar, að ein þurfi nauðsynlega að vera og á einum stað aðalframkvæmdarstjórn í landinu; að í þeirri stjórn þurfi að vera þrír menn, er hafi aðsetur í Reykjavík, einkum á meðan alþíngi er haldið á þeim stað, sem þíngið álítur að ekki sè ástæða til að bregða út af.

Þíngið verður því að álíta, að landsstjórn þessi hljóti að hafa á hendi samsvarandi framkvæmdar- og valdstjórnar-vald því, sem alþíngi yrði veitt löggjafarvald, að svo miklu leyti, sem fyrirkomulag aðalstjórnarinnar í gjörvöllu konúngsveldinu fremst leyfir; að landsstjórnin hafi því á hendi hina síðustu meðferð og úrslit allra þeirra innlendra mála, sem annaðhvort ekki liggur beint við að eiga beinlínis og að sjálfsögðu undir allra-mildasta úrskurð eður samþykki yðar konúnglegu hátignar, eins og einkum er sjálfsagt um öll löggjafarmál, eða sem ekki verður lögákveðið um, sem önnur þess konar almenn ríkismál, að eigi að liggja undir síðustu meðferð ráðaneytis yðar konúnglegu hátignar (ministeriel Afgjørelse). Þar að auki verður þíngið að álíta, að þessi landsstjórn yrði að eiga setu á alþíngi, til þess að halda þar svörum uppi af hendi stjórnarinnar.

Þar sem nú þannig mun verða óumflýjanlegt, að ætla landsstjórn þessari svona mikil og mikilvæg störf, þá er þíngið sannfært um, að konúnglegum vísdómi yðar hátignar er það fullljóst, hve áríðandi er, bæði að hún sè saman á einum stað, t. d. í Reykjavík, og verði skipuð svo reyndu og menntuðu mannvali, sem fremst væri kostur á.

Af hinum sömu ástæðum er og þíngið óbifanlega sannfært um, að yfirdómsvaldið hèr á landi þurfi öldúngis nauðsynlega að ödlast þá rýmkun, sem samsvari því fyrirkomulagi hinna tveggja stjórnarvaldanna, sem nú var tekið fram. Þíngið verður og að álíta sèr því fremur skylt, að leyfa sèr allra-þegnsamlegast að vekja sèrdeilislega athygli yðar konúnglegu hátignar að þessu efni, sem hið forna alþíngi Íslendínga hafði frá upphafi æðsta dómsvald í öllum innlendum málum, og að breyting á þessu hófst fyrst fyrir einstaklegar bænarskrár frá einstökum mönnum um, að þeir mættu leggja mál sín fyrir hæstarètt, að æðsti dómur í öllum sakamálum þessa lands (Overcriminalret) var hèr aptur stofnsettur að konúngsboði frá 1807—1815; að yðar konúngleg hátign, vor æðsti löggjafi og dómari, hafið lagt niður, að vera sjálfur forseti í hæsta-rètti; og að

yfirdómur þessa lands hefur til þessa verið svo úr garði gjörður, bæði að dómandatölu og þeim þraungu kjörum, sem þeir hafa átt við að búa, að reyndir undirdómendur og góð yfirdómara-efni hafa mjög sjaldan fundið sèr skaðlaust, að sækja um yfirdómara-embættin. Þar að auki hefur þennan æðsta dómstól Íslands bæði skort það afl, og orðið að fara á mis við það álit landsmanna, sem svo mikilvægu stjórnarvaldi, eins og æðsta dómsvaldinu, í hverju landi er öldúngis ómissandi.

Þíngið verður því að leyfa sèr allra-þegnsamlegast að biðja yðar konúnglegu hátign, að rýmka svo vald og afl og kjör yfirdómsins hèr á landi, sem samsvari bæði hinu rýmkaða löggjafarvaldi alþíngis og framkvæmdarvaldi valdstjórnarinnar, sem því hlýtur að vera samfara. En ekki þarf þíngið að taka fram, að það í þessu efni álítur sjálfsagt, að þess sè jafnan gætt, sem beinlínis leiðir af hinni æðstu tign og úrskurðarvaldi yðar konúnglegu hátignar, svo að t. a. m. einginn lífleysisdómur nái framkvæmd, fyr en málið er að minnsta kosti borið upp fyrir yðar konúnglegu hátign.

Eins og nú þínginu hefur allra-þegnsamlegast orðið að þykja bæði nauðsynlegt og rètt, að byggja þessi þrjú undirstöðu-atriði, sem nú eru tekin fram, með fram á, og með sèrdeilislegu tilliti til hinna sèrstaklegu undangeingnu stjórnarráðstafana til þessa lands, í hina sömu stefnu, og til hins sèrstaka og frábrugðna ástands, þjóðernis og rèttinda Íslendínga, og á hinni miklu fjarlægð Íslands frá veldisstóli yðar hátignar, jafnframt og þíngið þó hefur haft stöðugt og eindregið tillit til þess fyrirkomulags aðalstjórnarinnar, sem lýst er yfir í allra-mildastri boðun 28. jan. 1852 að eigi að komast á yfir gjörvallt konúngsveldið, eins verður og þíngið að aðhyllast, að því leyti Ísland snertir, þá grein þessa fyrirkomulags aðalstjórnarinnar í Danaveldi, sem lýtur að því, að öll hin sameiginlegu mál konúngsveldisins skuli eiga undir það eitt og sama aðalstjórnarvald (en for Behandlingen af fælleds Anliggender fælleds Forfatning), sem skipað verði að lögum. Þíngið leyfir sèr því allra-þegnsamlegast að biðja, að yðar konúnglega hátign mildilegast veiti Íslendíngum rètt til, og gefið þeim kost á, að eiga, fyrir kosna fulltrúa sína, sem alþíngi kjósi með meira en helming allra atkvæða, atkvæðisrètt í öllum þessum sameiginlegu málum, að rèttri tiltölu við aðra hluta konúngsveldisins, á því allsherjar-ríkisþíngi, sem til þess verður stofnað.

Hið fimmta undirstöðu-atriði sem þingið allra-þegnsamlegast verður að álíta öldúngis nauðsynlegt að vekja máls á, og biðja yðar konúnglega hátign allra-mildilegast að taka sèrdeilislega til greina, er um það embættisvald, er hafa verður á hendi, sumpart sjálft hina síðustu meðferð og úrgreiðslu ýmsra mála hèðan af landi, einkum frá landsstjórninni, en sumpart hlýtur að bera slík mál fram fyrir yðar konúnglegu hátign til allra-mildasta samþykkis eður síðustu úrslita, t. a. m. einkanlega alþingismálin.

Þingið hefur þegar hèr að framan leyft sèr að taka fram, að einkum sèu það hin margskiptu valdstjórnar- og önnur stjórnar-störf, sem liggi undir ýms stjórnarvöld og ýmsa stjórnarmenn, bæði hèr á landi og erlendis, sem gjöri fyrirkomulag það, sem nú er á stjórn Íslands, óhagkvæmt og ísjárvert, bæði fyrir innbúa þessa lands, og einnig fyrir sjálfa yfirstjórnendurna í Danmörku. Og þingið leyfir sèr allra-þegnsamlegast að meina, að það ekki geti dulizt fyrir vísdómi yðar konúnglegu hátignar og stjórn yðar, eins og það er líka ljóst fyrir hverjum Íslendíng, að fyrirkomulag það, sem nú er á hinni síðustu úrgreiðslu málanna hèðan af landi, sem þessum yfirstjórnendum er ætluð, hlýtur að verða þeim því óhagkvæmari og erviðari, sem sitt málið svo að segja liggur undir hvern, og þeir eru þar til ekki jafnan hinir sömu, er eiga að hafa hina síðustu meðferð og úrslit þessara mála á hendi, heldur skiptast þeir opt um, eingan vegin eptir því, sem ekki er heldur að vænta, hvernig mál þau stefna hèðan af landi, sem undir þá liggja, heldur eptir því, sem aðalmálunum í meginríkinu þykir affarabezt og hollast.

Þessi margs konar sundurskipting málanna og þessi breyting yfirstjórnandanna sjálfra, sem eingum er hèr á landi auðið að vita eða sjá fyrir, fyr en hún er á komin, hlýtur að valda embættismönnum hèr á landi hinnar mestu óvissu og vafa um þá stefnu, sem verði álitin rèttust og tiltækilegust í undirbúníngi málanna undir hinar síðustu afgreiðslur og úrslit, og olla því, að sjálf þessi síðasta meðferð og úrslit málanna hljóta að fara á mis við og skorta það almenna og óyggjandi álit og traust, sem er svo öldúngis ómissandi í þeim efnum, og sem eiga mætti víst, ef yðar konúngleg hátign af vísdómi yðrum og landsföðurlegri náð sæjuð ráð til og veg, að kjósa *einn* mann, til að hafa þessi störf öll á hendi af Íslands hálfu, og

væri ætlað það einum, sumpart að bera öll slík mál hèðan af landi upp fyrir yðar konúnglegu hátign, en sumpart að leggja á þau hinn síðasta úrskurð, að svo miklu leyti, sem þau væru ekki svo almenns efnis, að þau yrði að leggja undir allsherjar-úrgreiðslu ráðaneytis yðar.

Þessi vandkvæði og óvissa, sem, eins og nú stendur, þykir allauðsjáanlega eiga sèr stað, og leiða af því fyrirkomulagi á hinni síðustu meðferð og úrgreiðslu hinna vandasömustu og mest áríðandi mála hèðan af landi, hlýtur því þingið einnig allra-þegnsamlegast að leyfa sèr, að bera upp fyrir yðar konúnglegu hátign, og vekja máls á, hvort yðar hátign, sakir bæði þessara mikilvægu ástæða, og samkvæmt bæði hinum öðrum undirstöðu-atriðum í fyrirkomulagi stjórnarinnar hèr á landi og því aðalfyrirkomulagi á stjórn gjörvalls konúngsveldisins, sem lýst er yfir í allra-hæstri boðun 28. jan. 1852, finnið ekki af visdómi yðrum og landsföðurlegri náð tilefni til, að fela einum og sama embættismanni hina síðustu meðferð allra þeirra mála, sem ekki, sakir þeirra almenna efnis, yrðu lögð undir úrgreiðslu sameiginlegra stjórnarvalda fyrir allt konúngsveldið, eða ekki gætu náð löglegri afgreiðslu (forfatningsmæssig Afgjørelse) hèr á landi.

Samkvæmt öllum þessum ástæðum dirfist nú þingið, með 20 atkvæðum móti 1, allra-þegnsamlegast að biðja, að í frumvarpi því, sem yðar konúngleg hátign mildilegast lætur semja og leggja fyrir alþingi um nýtt og umbætt fyrirkomulag stjórnarinnar yfir Íslandi, og til þess að ákveða stöðu þess í fyrirkomulagi konúngsveldisins, verði allra-mildilegast tekin til greina:

A. eptirfylgjandi undirstöðu-atriði:

1. *að verkahringur og vald alþingis verði svo aukið, að því verði veitt ályktunarvald (löggjafarvald) í öllum þeim málum, sem áður hafa legið undir meðferð þess.*
2. *að ein verði sett og á einum stað, í Reykjavík, þriggja manna yfirstjórn í landi hèr, sem hafi á hendi til síðustu úrslita öll þau valdstjórnarverk og framkvæmdarvald í íslenzkum málum, sem ekki verður lögákveðið um að hljóti að leggja undir allra-hæstan úrskurð yðar konúnglegu hátignar eða ráðaneytis yðar; að þessir yfirstjórnendur eigi setu á alþingi, og haldi þar svörum uppi fyrir hönd stjórnarinnar.*

3. *að verkahringur, dómandatala og kjör yfirdómsins á Íslandi verði aukin svo, að hið æðsta dómsvald landsins verði í fullri samhljóðun við ályktunarvald alþingis í löggjafarmálum, og við framkvæmdarvald yfirstjórnarinnar í valdstjórnarmálum.*
4. *að Íslendingum, fyrir kosna fulltrúa sína, veitist réttur til, og verði gefinn kostur á, að eiga atkvæðisrétt, að jafnri tiltölu við aðra hluta ríkisins, í öllum sameiginlegum málum alls konúngsveldisins, þeim, er lögð verða undir umræður og úrslit eins aðal-ríkisþings fyrir gjörvallt konúngsveldið; að alþingi kjósi þessa fulltrúa með meir en helming allra atkvæða.*

B. Þar af leiðandi, sem þingið leyfir sèr allra-þegnsamlegast að taka fram sem bendingaratriði (Henstillingspunct):

5. *hvort yðar konúngleg hátign, samkvæmt bæði því fyrirkomulagi á stjórnarvöldunum hèr á landi, sem þingið hefur nú allra-þegnsamlegast stúngið upp á, og á því aðalfyrirkomulagi á stjórn gjörvalls konúngsveldisins, sem lýst er yfir að eigi að komast á í allra-hæstri boðun 28. jan. 1852, finnið ekki allra-mildilegast ástæðu til, að fela einum og sama embættismanni hina síðustu meðferð þeirra mála, sem lögákveðið verði um að ekki eigi undir úrslit þeirra ráðgjafa, sem þess konar mál liggja undir í gjörvöllu konúngsveldinu, eða ekki geti útkljáðst hèr á landi, og að hann beri síðan þau mál upp fyrir yðar konúnglegu hátign til allra-mildasta úrskurðar eða samþykkis.*

Þessi atriði voru þannig samþykkt í þinginu:

1. með 19 atkvæðum gegn 2.
2. — 19 —— — 2.
3. — 18 —— — 2.
4. — 20 —— — 1.
5. — 20 ——

Reykjavík, 9. ágúst. 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. J. Guðmundsson:

3, Bænarskrá í verzlunarmálinu:

Til konúngs.

Til þingsins hafa komið 2 bænarskrár um verzlun hèr á

landi, önnur frá fundi á Þingvöllum þess efnis, að biðja þingið að minna stjórnina á nauðsyn vora og rètt til frjálsrar verzlunar, hin frá Hnappadals- og Mýra-sýslum, sem skorar á þingið, að bera þá bæn fram fyrir yðar hátign, að öllum verzlunarmönnum, eins lausakaupmönnum sem öðrum, allra-mildilegast verði leyft, að sigla upp Straumfjörð, og verzla þar. Til að íhuga þetta mál setti þingið 3 manna nefnd; síðan var það rætt á 2 aðalfundum, og leyfir þingið sèr allra-þegnsamlegast að segja um það álit sitt á þessa leið.

Hvað hina síðar töldu bænarskrá snertir, þá er hún of sèrstaklegs eðlis, og fer fram á of einstaklegt atriði í þessu aðalmáli, til þess að þingið geti, eptir því sem verzlunarmálið nú er komið á leið, og eptir því horfi, sem það nú er í, að þessu sinni tekið hana til greina, eða borið þar um sèrstaka bæn fram fyrir yðar hátign.

Af auglýsingu þeirri til alþingis um árángur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástúngum á fundinum 1849, sem fulltrúi yðar hátignar hefur birt og afhent þinginu, hefur þingið sèð, að yðar hátign næstliðinn vetur hefur borið nýtt frumvarp um rýmkað verzlunarfrelsi handa Íslandi undir ríkisþingið, sem seinna var slitið, og að frumvarp þetta hefur í aðalatriðunum verið lagað eptir tillögum alþingis og þjóðfundarins 1851. Þingið leyfir sèr allra-þegnsamlegast, í sínu og allra landsmanna nafni, að inna yðar hátign þegnsamlega og lotningarfulla þökk fyrir það, hvernig yðar hátign hefur af gæzku yðar og landsföðurlegri mildi látið yður vera einkar-umhugað um, að máli þessu yrði framgeingt, og það bæði svo fljótt, sem verða mætti, og á þann veg, sem landsbúum mundi og vel gegna. Jafnframt leyfir þingið sèr allra-þegnsamlegast að minnast þess, að lifandi áhugi vakir enn í brjósti allra Íslendínga, að þessu þjóðmáli mætti verða framgeingt svo fljótt, sem auðið er, og á þann veg og í þá aðalstefnu, sem yðar hátign fyrir stjórnendur yðar sjálfur hafið stefnt því, og að það er óbifanlegt traust þingsins, að eins og þær mótspyrnur nú eru horfnar, sem hömluðu því, að málið yrði fullrætt og leitt til lykta á ríkisþinginu, þannig muni og yðar konúngleg speki mildilegast sjá ráð til, að sigrast á þeim mótspyrnum, sem virðast að hafa komið fram, bæði til að fresta þessu máli og þeim afdrifum þess, sem yðar konúngleg hátign hefur til ætlazt, og allir landsmenn helzt og einhuga kjósa.

Það hefur sumsè hvorki getað dulizt fyrir þínginu nè öðrum landsbúum, sem hafa átt kost á, að kynna sèr dönsk dagblöð síðan í vor, hve mikið far sumir danskir kaupmenn og reiðarar, einkum þeir, sem eiga heimili í Kaupmannahöfn, hafa gjört sèr um, með bænarskrám og ávörpum til ríkisþingsins, að leiða því fyrir sjónir, hver skaði væri búinn jafnvel allri verzlun og siglingum Dana, en einkum Kaupmannahafnarbúa, ef yðar hátign gæfuð verzlunina hèr á landi lausa á þann veg, sem frumvarpið fer fram á, og virðast þessir kaupmenn einkum hafa tekið fram 2 atriði í ávörpum sínum til ríkisþingsins til sönnunar sínu máli, annað það, að þó jafnaðartolli megi halda fram yfir höfuð að tala, þá sè hann óhafandi við þær þjóðir, sem, eins og t. d. Spánverjar, hafa ójafnaðartoll í lögum sínum við allar aðrar þjóðir, og hitt, að það 2 dala lestagjald, sem til tekið er í frumvarpinu, sè svo lágt, að um það muni hvorki Ísland nè ríkissjóðinn.

Það var vafalaust bæði hið einasta rètta sjónarmið og samboðið speki yðar hátignar og landsföðurlegri umönnun fyrir hagsæld og verulegum framförum Íslands, sem haft var fyrir augum í verzlunarlagafrumvarpi því, er yðar hátign lètuð leggja fyrir þjóðfundinn, „*að lögun á verzluninni færi fram frá sjónarmiði sjálfs Íslands*“, og þessu sama sjónarmiði er haldið í tillögum alþingis og þjóðfundarins, og í frumvarpi því, sem yðar hátign lètuð leggja fyrir ríkisþingið. En uppástúngur kaupmanna til ríkisþingsins eru byggðar á öðru sjónarmiði, og því hafa þær farið í aðra átt; þeir skoða alla lögun verzlunarinnar hèr á landi frá sjónarmiði *sjálfra þeirra* og þess hagnaðar, er þeim, sem búsettum í Kaupmannahöfn, megi standa af verzlun hèr, en hvorki frá því sjónarmiði, hvað Íslandi sè hagfeldast, nè verzlun gjörvalls konúngsveldisins yfir höfuð. Þetta ætlar þíngið að sè nokkurn veginn ljóst að sè aðalatriðið, sem á milli ber. Hvað þau 2 atriði snertir, sem kaupmenn hafa tekið fram í uppástúngum sínum til ríkisþingsins, og sem áður er getið, þá leyfir þíngið sèr allra-þegnsamlegast að geta þess, að á meðan aðalmarkaður fisks þess, sem árlega aflast á Íslandi, er á Spáni, þá stendur það á afar-miklu fyrir þessa verulegu grein verzlunarinnar hèr, að hún sè bundin sem minnstum afarkostum; en þetta mundi þó fara fjærri, ef Spánverjum væri gjört, að greiða hèr þeim mun meiri toll eða skipgjald, heldur en Dönum og öðrum þjóðum, sem þeir gjöra mun á því

í sínum tolllögum, hvort fiskurinn er fluttur til Spánar á spánskum skipum, eða í skipum annara þjóða, en þetta munar allt að því 3½ rbdd. á hverju skippundi, og mundi það því að meðaltali árlega nema 30—40,000 rbdd., sem Íslendingar feingju meira fyrir fisk sinn, ef Spánverjar mættu sigla hingað með sömu kjörum og aðrar þjóðir. En væru þeim við uppsiglingu hingað gjörðir samsvarandi afarkostir því, sem svarar ójafnaðartollinum á Spáni, og sem mundi verða rúmra 50 rbdd. gjald af hverju lestarúmi, þá mundu þeir alls ekki koma hèr fremur en nú, og landsmenn mundu þá enn um ókomnar aldir mega sjá á bak hinum áður áminnsta stórvægilega ágóða af fiskverzlun sinni; en að hinu leytinu mundi hvorki hin danska verzlun yfir höfuð, nè kaupmenn og reiðarar í Kaupmannahöfn, uppskera jafnmikinn hag af svo gott sem beru banni gegn Spánverjum að koma hèr, bæði vegna þess hærra tollgjalds, sem þeir þurfa að greiða, ef þeir flytja fiskinn á dönskum skipum, en ef hann væri fluttur á spönskum, og vegna þess mikla tilkostnaðar, sem reiðarar verða að hafa; því svo mun teljast til, að þeir af þeim flutníngum vart muni hafa í hreinan ávinníng meira en 5—6000 rbdd., án þess þó tillit sè haft til þess, hvort þeir geti ekki í stað þeirra ferða notað skip sín til annara og arðsamari flutníngа. Það virðist því auðsætt, að heldur ættu þeir að verða fyrir þessum ímissi, ef hann annars er svo mikill, heldur en landsbúar fyrir þeim 30—40,000 rbdd. halla árlega, sem þeir bíða, ef Spánverjum verður ekki leyft, að sigla hingað jafnafarkostalaust og öðrum þjóðum. Hin önnur aðalbreytíng, sem kaupmennirnir og reiðararnir hafa farið fram á í tillögum sínum til ríkisþíngsins, er sú, að lestagjaldið verði hækkað frá 2 rbdd. til 5 rbdd., og hafa þeir bundið þessa hækkun lestagjaldsins einkum við 2 aðrar uppástúngur, sumsè, að öll verzlun útlendra og innlendra lausakaupmanna sè af tekin, og að hvorki verði löggiltir neinir nýir verzlunarstaðir um hin næstu 20 ár, nè að neinir vöruflutníngar líðist frá kauptúnum landsins inn á firði og víkur. Það er auðsèð, að kaupmönnum þykir til vinnandi, að greiða hærra lestagjald, ef þeir gætu áunnið, að öll verzlun lausakaupmanna yrði af tekin, og að eingum landsbúa leyfðist, að verzla við útlenda menn, því þá tækist þeim, eptir vild sinni að þraungva að verzlun landsbúa og draga til sín allan aðalhag af frjálsu verzluninni, en hann drægist þá um leið út úr landinu, þegar þeir ei síður en nú væru búsettir í Kaupmanna-

höfn eður annarstaðar, er þeir jafnan mundu álíta sèr hagfeldast og skemmtilegast; en þegar arður verzlunarinnar þannig drægist út úr landinu, þá væri fyrir það girt, að innlendir kaupmenn gætu hèr þrifizt, eða nokkur verzlunarkeppni átt sèr stað, og það því fremur, þegar verzlun við lausakaupmenn líka væri af tekin, sem er, og mundi enn fremur verða undir frjálsri verzlun, skilyrði fyrir því, að innlendir kaupmenn kæmust hèr upp og tækju sèr bólfestu í landinu sjálfu, og þá jafnframt arður og ágóði verzlunarinnar. Það er því auðsèð, að Kaupmannahafnarkaupmenn hafa með uppástúngum sínum til ríkisþingsins viljað girða fyrir hvers kyns verzlunarkeppni hèr á landi, og stefna fyrirkomulagi þessarar verzlunar í það horf, að hún eptir sem áður væri eingaungu í þeirra höndum, þó hún yrði gefin laus að nafninu til við útlendar þjóðir, og því er ei furða, þó þeir með þessum fyrirvara treystist til, að bjóða 5 rbdd. lestagjald í stað 2 rbdd. gjaldsins, og leiði ríkisþinginu fyrir sjónir, hvílíkan skaða tekjur Íslands og ríkissjóðurinn hafi af svo lágu skipsafgjaldi. Með tilliti til þessa síðasta atriðis leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að geta þess, að þegar verzlunarmálið er komið í kríng, og verzlunin er orðin svo frjáls og hagfeld landsbúum, sem nú er stefnt að, þá vonar þingið, að skattalöggjöf landsins muni bráðum verða tekin til algjörlegrar endurbótar, og að þá muni jafnframt verða tekið til ýtarlegri yfirvegunar, hvort ekki reynist aðgeingilegur og sanngjarn gjaldstofn hin ýmsu ölfaung og önnur ónauðsynja- og óhófs-vara, sem til landsins flyzt, og sem að líkindum mundi enn meiri flytjast, þegar verzlunin væri orðin frjáls; því þá sýnist það liggja beint við, að þeim mun meiri óbeinlínis-skatt mætti leggja á þess konar gjaldstofn, sem honum væri minna í þýngt frá upphafi með lestagjaldinu. Á þennan veg mundi miklu auðgefnara, að auka tekjur landsins á eðlilegri og síður tilfinnanlegan hátt fyrir alla hina snauðari landsbúa, en þann, sem kaupmenn stínga nú upp á, að leggja 5 rbdd. lestagjald á alla vöru, hvort sem það er óhófsvara, eða öldúngis ómissandi, og hvort sem í lestarúminu er flutt um 30—40 rbdd. virði, eins og af salti, kolum og timbri, eða margra hundraða ríkisdala virði, eins og er um flesta munaðarvöru.

Um þá uppástúngu kaupmanna, að vöruflutníngar sèu bannaðir frá kauptúnum landsins inn á firði og víkur, skal þingið því síður tala, sem það í ástæðunum fyrir frumvarpi því, er yðar hátign lètuð leggja fyrir ríkisdaginn, er tekið fram, og það

rèttilega, að þetta atriði eigi ekki undir úrgreiðslu ríkisþingsins.

Þingið hefur, eins og allir landsmenn, það óbifanlega traust, að þessar og því um líkar mótbárur, sem eingaungu rísa af sèrstaklegu sjónarmiði á og tilliti til hagsmuna einstakra manna, muni alls ekki fá í neinu raskað hinni landsföðurlegu og vísdómsfullu stefnu, sem yðar hátign hefur gefið þessu aðalmáli vor Íslendinga með því frumvarpi, sem yðar hátign lètuð leggja fyrir ríkisþingið. Þessu frumvarpi er eptir áliti þingsins svo hyggilega og viturlega fyrir komið í öllum aðalatriðum, að komist verzlunin í það horf, sem það ætlast til, mun hún verða landsbúum hagfeld, og landinu til viðreisnar og uppbyggingar, hvort heldur það er skoðað út af fyrir sig, eða sem partur af konúngsveldi yðar. Þó einstöku atriði, sem minna er í varið, kunni í áminnstu frumvarpi að verða útlendri verzlun hèr í bráð til nokkurrar tálmunar, telur þingið það víst, að á þessum atriðum muni fást bót ráðin með tímanum, þegar reynslan er búin að sýna, að þau þurfi breytíngar við, og skal þingið í þessu tilliti allra-þegnsamlegast leyfa sèr, að benda til þess, að því þykir það mjög nauðsynlegt, að leiðarbrèf, sè þeim annars haldið, sem óvíða mun vera, þar sem verzlun er gefin frjáls öllum þjóðum, megi einnig leysa hjá lögreglustjórunum í aðalkaupstöðum landsins, vegna þess erviðleika og þess tímaspillis, sem af því mundi leiða fyrir útlend skip, að senda eptir þeim frá fjarlægustu kaupstöðum til amtmanna, þegar þau bæri þar að landi leiðarbrèfslaus. Eins verður þingið að vera á þeirri skoðun, að leyfi, til að sigla upp að eins 6 aðalkaupstaði, sè of þraungt, ef frjáls verzlun á að geta orðið á þessu mjög strjálbyggða landi að svo verulegum notum, sem til er ætlazt, og að ekki megi binda of mjög skoðun sína við jafna tölu slíkra kaupstaða í hverju amti fyrir sig, þar eð þau eru mjög misjöfn að fólksfjölda, efnahag, og að því, hvernig þau liggja við verzlun á þeim tilteknu aðalkauptúnum, í hverju tilliti norður- og austur-amtið yrði fyrir þreingri kjörum en hin ömtin, ef verzlun útlendra kaupmanna væri þar bundin við þá 2 kaupstaði, Akureyri og Seyðisfjörð. Það er því ósk og von þingsins, að útlendíngum, áður lángt um líður, verði leyft, að sigla upp í Norðlendíngafjórðúngi *Sauðárkrók* auk Akureyrar, og í Austfirðíngafjórðúngi *Djúpavog* (Berufjörð) auk Seyðisfjarðar, og það því fremur, sem meginhluti Skaptafellssýslu, sem sjálf

er kauptúnslaus, og á mjög langt að sækja á aðra kaupstaði, gæti með þessu móti notið að nokkru leyti þeirra hagsmuna, sem leiða mun af frjálsri verzlun hér fyrir öll önnur héruð landsins.

En þó þingið telji það æskilegt, að þessum breytingum gæti orðið framgeingt, þykir því þó hitt mestu skipta, að frumvarpi því, sem yðar hátign lètuð leggja fyrir ríkisþingið, geti í öllu verulegu orðið framgeingt, og það sem fyrst náð lagagildi, og þess vegna leyfir þingið sèr allra-þegnsamlegast með samhljóða atkvæðum að bera þá bæn fram fyrir yðar hátign:

að yðar hátign, af visdómi yðar og landsföðurlegri umönnun fyrir sannri velfarnan vor Íslendinga, viljið allramildilegast bægja þeim mótspyrnum burtu, sem reistar hafa verið gegn frumvarpi því til frjálsrar verzlunar á Íslandi, sem yðar hátign hefur látið bera undir ríkisþing Dana, svo að þetta frumvarp fái sem fyrst lagagildi.

Reykjavík, 9. ágúst 1853.

Allra-þegnsamlegast.

J. Sigurðsson. P. Pètursson.

Jón Guðmundsson lögfræðingur spurði því næst þingið að, í nafni tíðindanefndarinnar, hvort hækka ætti söluverð alþingistíðindanna, þó þau yrðu stærri nú en áður, og sömuleiðis, hvernig þingið áliti að haga ætti útsölu þeirra, þar eð nefndin ekki gæti feingið neinn til, að takast á hendur sölu þeirra og útbýtingu með þeim kostum, sem henni þætti gángandi að, og voru þingmenn á því, að þau skyldu nú, sem áður, verða seld fyrir 1 rbd., og að auki fyrir innfestingu og kápu, og töluðu nokkrir þingmenn úr fjarlægustu sýslunum jafnframt á þá leið, að þeir vildu reyna að sjá um, að þau kæmust í þær sýslurnar.

Fundi slitið.

---

10. ágúst — þrítugasti og fimmti fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það, sem nú liggur fyrir, er að lesa upp álits-

skjal þingsins í konúnglegu álitsmáli um *jarðamatið á Íslandi.* Framsögumaður, þingmaður Skaptfellinga, gjörir svo vel og les upp álitsskjalið.

Var þá álitsskjalið afhent framsögumanni, J. Guðmundssyni lögfræðingi, sem las það upp svo hljóðandi:

Til konúngs.

Fulltrúi yðar konúnglegu hátignar á þessu þingi fékk því í upphafi þess, samkvæmt allra-þegnsamlegast aáliti og uppástúngu ráðherra yðar konúnglegu hátignar, 21. maí þ. á., til meðferðar sem álitsmál jarðamat það, sem fram fór yfir allar jarðeignir hèr á landi árin 1849—50, samkvæmt tilsk. 27. maí 1848, og reglum þeim, sem rentukammerið setti fyrir því 1. sept. s. á., það er að skilja jarðamats- og yfirmats-bækurnar allar yfir gjörvallt landið, með skýrslum þeim og upplýsíngum, sem um það eru ritaðar frá æðri og lægri valdstjórnarmönnum hèr á landi. Hefur fulltrúi yðar hátignar samkvæmt því, sem ráðherrann bendir til í álitsskjali sínu, skorað á þíngið um, að taka til yfirvegunar hin ýmsu efasömu atriði þessa málefnis, er hafa mættu áhrif á, hvernig því yrði komið í bezt horf.

Þíngið kaus sèr því 9 manna nefnd til þess, að hafa þetta einkar-vandasama mál til meðferðar, og voru í hana kosnir kunnugir menn úr ýmsum hèruðum landsins, sem bæði þekkja vel til hins sèrstaka ásigkomulags jarða, o. fl., í þeim hèruðum, og sem einnig höfðu unnið nokkuð að hinu tèða jarðamati, og haft færi á, að kynna sèr hinar ýmsu og sèrstaklegu skoðanir og aðferðir við það. Eptir það þessi nefnd hafði kveðið upp álit sitt um málið, var það ýtarlega rætt á 2 aðalfundum, og leyfir nú þíngið sèr, samkvæmt umræðunum og atkvæðagreiðslunni, að bera upp um það fyrir yðar konúnglegu hátign álit sitt á þessa leið.

Þíngið varð að álíta sèr fremst af öllu skylt, að rannsaka og komast að fastri niðurstöðu um það, sem það varð að álíta hið verulegasta og mest umvarðandi atriði í þessu máli, en það er, hvort þetta nýafgeingna jarðamat sè með svo mörgum og verulegum göllum, að alls ekki sè hugsandi nein meðöl eða ráð, til að lagfæra það, nema með svo mikilli fyrirhöfn og tilkostnaði, sem nýtt jarðamat frá stofni mundi útheimta, eða hvort gallarnir væru ekki meiri en svo, og að eins þess eðlis, að sjá mætti ráð til, að umbæta þá á annan veg en þann, sem

væri jafn-umfángs-, umsvifa- og kostnaðar-mikill, eins og við nýtt jarðamat frá stofni.

Þingið komst nú brátt að þeirri niðurstöðu, sem ráðherra yðar konúnglegu hátignar í hinu áður áminnsta álitsskjali sínu, að jarðamat þetta er „*með svo miklum og verulegum göllum og ójöfnum*“, að það ei verður notað svona, eins og það er nú, „*sem grundvöllur til nýrrar jarðabókar fyrir land þetta*“. En eins og ráðherrann bætir þar við, „*nema tèðir gallar fyrst verði bættir*“, og virðist þar með að benda til, að það muni vera auðið, að bæta þá, án þess að raska þessu jarðamati frá rótum, og byrja annað nýtt frá stofni, eins verður og þingið allra-þegnsamlegast að álíta, að þó misfellurnar og gallarnir á þessu jarðamati sèu miklar og verulegar, þegar það er skoðað *í heild sinni,* og sem tilvonandi grundvöllur undir áreiðanlega og viðunanlega jarðabók yfir *allt land þetta,* þá sèu þær ekki þess eðlis, að jarðamatið geti ekki haldizt að aðalundirstöðu sinni til, nè að þær einmitt þess vegna verði ómögulega bættar og lagaðar. Þingið verður nú allra-þegnsamlegast að leyfa sèr að útlista þetta nokkuð nákvæmar, og færa hinar helztu röksemdir fyrir þessari ófrávíkjanlegu meiníngu sinni.

Eins og jarðamatið var fyrir skipað í löggjöfinni 27. maí 1848, að hinir skynsömustu, reyndustu og kunnugustu menn í hverjum hrepp skyldu virða hverja jörð eptir því, sem hún geingi sanngjarnlega að kaupum og sölum, og einkum eptir þeim almennu, ónákvæmu og miður ljósu reglum, sem rentekammerið setti jarðamatsmönnunum, þá gat naumast nokkru sinni hjá því farið, fyrst, að þessi lögákveðni aðalmælikvarði: „*hið sanngjarna verð jarðanna í kaupum og sölum*“, yrði, þegar farið var að koma honum við og heimfæra hann, bundinn við mjög margbreytta og sèrstaklega skoðun og sundurleitt sjónarmið hinna ýmsu jarðamatsmanna um það, út frá *hvaða* undirstöðu eða reglum ætti að gánga, til þess, að finna og ákveða, og hvað síðan mætti álíta „*sanngjarnt verð jarðanna*“. En þetta sjónarmið hlaut allt af að fara eptir ýmsu sèrstaklegu ástandi jarðanna, sölu þeirra og leigumála *í hverju hèraði sèr í lagi,* sem mjög er og hlýtur að vera misjafnt og breytilegt í svo víðlendu og strjálbyggðu landi, sem þetta land er, og þar næst, að jarðamatsreglurnar, eins og þær voru, hlutu einnig að verða mjög tilbreytilega skildar, og þess vegna líka sèrstaklega heimfærðar, bæði eptir misljósum skilníngi manna

yfir höfuð að tala, og eptir sèrstaklegu og frábrugðnu ásigkomulagi jarðeignanna, gæða þeirra og galla, í hinum ýmsu hèruðum. Varð því fremur að koma fram svona ýmislegur og frábrugðinn skilníngur á þessum reglum, og ólík aðferð við að heimfæra þær, sem þær bárust svo seint til jarðamatsmannanna í mörgum hèruðum, og svo skömmu áður, en jarðamatið hófst, að þeim gafst ekki nauðsynlegt ráðrúm til, að kynna sèr þær til hlítar, eða gjöra bráða-tilraunir til, að heimfæra þær.

Öldúngis samkvæmt þessu hefur þetta nýja jarðamat reynzt þínginu, hvað galla þess og misfellur álirærir. Þegar það er borið saman *sýslna í milli og amta,* þá er virðíng eða mat jarðanna víða hvar mjög misjafnt, og miklu misjafnara, en svarar sönnum gæðum þeirra og hæfilegum leigumála; og þá má einnig gánga úr skugga um, að hinar almennu reglur stjórnarráðsins fyrir jarðamatsmennina, til að hafa við matið tilhlýðilegt tillit til hinna sèrstaklegu atvika, þeirra er gæti valdið hækkun jarðarverðsins, t. d. hlunnindi hennar, eða lækkun þess, t. a. m. veruleg áföll og auðsjáanleg rýrnun jarðarinnar, o. fl., hafa verið mjög misjafnt heimfærðar og á ólíkan hátt, bæði eptir hinum frábrugðna og ýmislega skilníngi manna á sjálfum reglunum, og eptir ólíku og sèrstaklegu ástandi í hinum ýmsu hèruðum, og þeirri ólíku skoðun á hinum meiri eður minni sanna hag eður óhag af slíkum einstaklegum atvikum.

Af þessu verður þíngið allra-þegnsamlegast að álíta sprottna og í þessu fólgna aðalgalla, ójöfnur og misfellur jarðamatsins, og að svo mikið og verulega kveði að þessum göllum, að jarðamatið verði ekki brúkað, eins og það er, í heild sinni, eða sè svo úr garði gjört, að við verði komið þeirri leiðrèttíngu á því, og síðustu meðferð, sem 5. gr. tilskip. 27. maí 1848 ákveður.

En þrátt fyrir þessa verulegu galla, þá má eingau veginn missa sjónar á hinu, sem áunnizt hefur með þessu jarðamati, sem þíngið bæði verður að álíta miklu verulegra en gallana, og svo, að jafnvel ekkert eldra jarðamat hèr á landi er byggt á svo almennt áreiðanlegri undirstöðu. Þessi aðalkostur þess hefur einkanlega og eingaungu náðst fyrir hina sömu lögboðnu aðferð, sem við var höfð, fyrst, að hinir skynsömustu, reyndustu og kunnugustu menn í hverjum hrepp, og sem þess vegna hlutu að þekkja bezt hin mismunandi gæði og galla, kosti og ókosti jarðanna innbyrðis í hverjum hreppi, voru með vegleiðslu og leiðbeiníngu sýslumannsins látnir meta jarðirnar eptir einum

og sama tilteknum mælikvarða; og þar næst, að úrvali þessara sömu manna var falið, eptir hinum sama mælikvarða, og með vegleiðslu eins og sama embættismanns, að rannsaka og jafna jarðamatið í hverri sýslu sèr í lagi. Þó nú bæði þessi að lögum tiltekni mælikvarði væri heimfærður eptir ýmslegri og frábrugðinni skoðun og á ýmsan veg í hinum ýmsu sýslum, þegar yfir *fleiri* þeirra er litið eður allar, og þó hið sama hafi orðið upp á um, að skilja og heimfæra hinar sèrstöku reglur fyrir jarðamatinu, eins og áður er tekið fram að hlaut að eiga sèr stað í hinum ýmsu hèruðum yfir höfuð að tala, þá gat samt varla orðið af því misst, að í *hverjum einstökum hreppi út af fyrir sig,* og þá aptur í *hverri einstakri sýslu sèr í lagi,* yrði hinn lögskipaði aðalmælikvarði og hinar aðrar reglur stjórnarinnar heimfærðar *eptir einni og sömu skoðun og frá einu og sama sjónarmiði* til hverrar *einstakrar jarðar í einum og sama hrepp og í einni og sömu sýslunni,* eptir þeim verulegu og í raun og veru mismunandi gæðum og göllum, kostum og ókostum hverrar jarðar, sem þessir skynsömustu og reyndustu og beztu hreppsmenn hlutu að þekkja betur til, en nokkrum öðrum er unnt.

Hinn sanni og verulegi mismunur jarðanna innbyrðis í hverjum hreppi og *hverri sýslu sèr í lagi,* byggður á grundvallaðri og áreiðanlegri þekkingu og skoðun hinna skynsömustu og beztu manna, *klýtur þannig að vera kominn fram í þessu síðasta jarðamati,* og vera gjörður nokkurn veginn áreiðanlega sýnilegur fyrir hið misjafna matsverð jarðanna í *hverjum hreppi* og *hverri sýslu* sèr í lagi, yfir höfuð að tala.

Með því að rannsaka jarðamatsbækurnar svo nákvæmlega, sem nú voru fáung á, með því að bera saman matsverð jarðanna í ýmsum hreppum í einni og sömu sýslu við jarðarafgjöldin, sem nú eru, eptir hinum löghoðnu skýrslum um þau til endurgjalds alþingiskostnaðarins, og með því að þingmenn, hvar af margir áttu meiri eða minni hlut að hinu síðasta jarðamati, og flestir þekkja til, á hvern veg það fór fram í hinum ýmsu hèruðum um land allt, hafa borið sig saman, bæði um þetta atriði jarðamatsins og önnur, hefur þingið komizt að fullri sannfæringu um, að áunnizt hefur með hinu seinasta jarðamati þessi verulega og mikilvæga undirstaða: *mismunandi virðing jarðanna eptir verulega mismunandi stærð þeirra og jarðarmagni, kostum þeirra og ókostum, í flestöllum hinum*

einstöku hreppum, hverjum út af fyrir sig, og í flestöllum sýslum landsins, þegar hver þeirra er skoðuð sèr í lagi. Og eins og þingið verður að vera öldúngis sannfært um, að þessu er svona varið í raun og veru, eins verður þingið allra-þegnsamlegast að álíta, að þetta sè svo verulegur kostur við hið síðasta jarðamat, að fyrir hann verði mögulegt, að bæta um og lagfæra galla þess, ójöfnur og misfellur, án þess að til þess útheimtist svo margbrotin og umsvifamikil aðferð eða tilkostnaður, sem ella mundi við þurfa, og sem einkum mundi hafa orðið óumflýjanlegt að hafa við, ef jarðamatið hefði ekki þennan verulega kost í sèr, sem á mætti byggja.

Þingið verður því allra-þegnsamlegast að vera á því, að þessu jarðamati eigi ekki að raska frá rótum, heldur sè vel gjörandi tilraunir, til að umbæta og jafna galla þess og ójöfnur.

Þeirrar sömu meiningar hafa og verið amtsyfirvöld landsins í álitsskjölum sínum til stjórnar yðar konúnglegu hátignar, og ráðherra innanríkismálanna virðist einnig að vera á hinu sama máli í allra-þegnsamlegasta álitsskjali sínu til yðar hátignar 21. maí þ. á.

En það er eðlilegt, þar sem um jafnvandasamt mál er að ræða eins og lagfæríngu á ýmsum og margbreyttum göllum þessa jarðamats, í svo víðlendu landi, sem þetta er, og með svo ólíku ásigkomulagi búnaðar, jarðeignanna sjálfra og leigumála á þeim, og eins og gallar þeir og misfellur, sem þarf að lagfæra, eru ekki að eins sprottnar af sèrstaklegu tilliti til þessara ólíku og sèrstaklegu atvika, heldur líka af ólíkum skilníngi á bæði aðalmælikvörðunum og reglunum fyrir jarðamatinu, þó mjög sèu margbreyttar og ólíkar hinar ýmsu aðferðir, sem hefur verið stúngið upp á til þess, að lagfæra og leiðrètta þessa galla og ójöfnur.

En þar sem t. d. hefur verið stúngið upp á, að finna eptir hinni afgeingnu jarðamatsvirðíngu meðalverð á hverju fornu jarðarhundraði í hverri sýslu, og jafna síðan jarðamatið, víst í einu amtinu, með þeim deilirum, sem kæmu nálægt þessu meðalverði á hundruðunum í hverri sýslu, þá er að vísu auðráðið af því, sem áður er tekið fram um hið samhljóða og rètta mat jarðanna í hverjum einstökum hreppi sèr í lagi og í hverri einstakri sýslu út af fyrir sig, í flestöllum sýslum landsins, að þessa aðferð mætti vel hafa til þess, að finna hið rètta og

sanna hlutfall *hundraðatölunnar* eður dýrleikans á hverri jörð *í hverri einstakri sýslu út af fyrir sig.* En þingið fær ekki skilið, hvernig þessi aðferð gæti komið að notum, til þess að bæta um gallana og ójöfnurnar, sem eru á matinu innbyrðis milli hinna ýmsu sýslna og amta, og það því síður, sem aðalundirstaðan fyrir þessari lagfæringu, hið forna hundraðatal eða dýrleiki jarðanna er í hinum ýmsu héruðum mjög mishár og misjafn í samanburði við hin sönnu gæði jarðeignanna. Þingið getur því ekki lagt það til, að þessi aðferð verði við höfð, til að lagfæra og bæta ójöfnur og galla jarðamatsins.

Hin önnur aðferð, sem hefur verið stúngið upp á, til að lagfæra þessar ójöfnur og misfellur, er sú, að hafa til þess afgjöldin, sem nú eru á jörðunum, svo að þau, samanlögð í hverju byggðarlagi, væru höfð til undirstöðu fyrir sanngjörnu verðlagi, og þess vegna sanngjörnu virðingarverði jarðanna í hinu sama byggðarlagi, og að virðingarverðið, sem nú kom fram í jarðamatinu í hinu sama byggðarlagi, yrði að því skapi hækkað eður lækkað, sem þessi undirstöðu-mælikvarði þannig benti til, bæði í hinum einstöku sveitum og sýslum. Þessi aðferð, til að lagfæra hinar helztu ójöfnur jarðamatsins, virðist nú að vísu að vera í allmiklli samhljóðun við hinn lögákveðna aðalmælikvarða fyrir jarðamatinu: *„sanngjarnlegt verð jarðanna í kaupum og sölum“;* því þetta *„sanngjarna sölu- og kaup-verð“* hlaut þó víðast að fara að miklu leyti eptir þeim arði, sem jörðin gæfi af sèr, eður þeim leigumála, sem á hana væri komin.

En þingið verður allra-þegnsamlegast að álíta, eins og það þegar hefur leyft sèr að taka fram, að þessi aðalmælikvarði hafi aldrei verið haganlega valinn, til þess að hafa hann sem almenna undirstöðu fyrir jarðamati hèr á landi, af því bæði leigumáli jarðanna, eins og hann er nú, er mjög misjafn og eingan veginn í rèttum jöfnuði við hin sönnu gæði eður galla þeirra, og af því að það hljóta þar að auki að vera svo mörg önnur sèrstakleg atvik, sem ráða því, að í einu hèraðinu er það almennt álitið *„sanngjarnt jarðarverð“,* sem í öðru er álitið miður sanngjarnt. Og þannig verður einnig þingið að meina, að þessi aðferð, til að laga galla jarðamatsins: að leggja fyrir því til grundvallar leigumálann, *sem nú er á jörðunum,* sè óhafandi; því fyrir hana yrðu menn að álíta gefið það tvennt, sem er fjærri að sè rètt, fyrst, að jafngóðar jarðir væru með nálægt því jafnháum leigumála alstaðar á landinu, og þar næst,

að aðalmælikvarði sá, sem var lögákveðinn fyrir jarðamatinu 1848, hefði orðið heimfærður og verið heimfærður eptir sömu skoðun og frá sama sjónarmiði alstaðar í landinu, af því hið sanngjarna verð jarðanna í kaupum og sölum samsvaraði nokkurn veginn á einn og sama veg alstaðar hinum mismunandi gæðum jarðanna, í hvað fjarlægum héruðum sem væru.

Þingið verður því allra-þegnsamlegast einhuga að fallast á þá meiningu ráðgjafa yðar hátignar fyrir innanríkismálunum, sem hann hefur tekið fram í fyr áminnstu allra-þegnsamlegasta álitsskjali sínu, að sá aðalmælikvarði muni eiga bezt við jarðamat hér á landi, sem hann hefur tekið fram; *„tekjur þær af jörðunum, sem gjöra má ráð fyrir, þannig sem þær, eptir öllum þeim skýrslum, sem fáanlegar eru, geta að réttu lagi reiknazt“*. Þessarar sömu meiningar voru og margir þingmanna þegar 1847, þegar jarðamatslöggjöf þessi var rædd á alþingi, og hún kemur bezt heim við skoðun flestra hinna skynsömustu landsmanna, hvers vegna einnig margir jarðamatsmenn í ýmsum héruðum landsins hafa lagt hana til grundvallar við þetta jarðamat, til að heimfæra hinn lögákveðna aðalmælikvarða 1848; og virðist svo, sem í þeim héruðum hafi og jarðamatið tekizt næst réttum vegi, og orðið með minnstum misfellum.

Þingið verður því allra-þegnsamlegast að leyfa sér að stinga upp á við yðar konúnglegu hátign, að þessi aðalmælikvarði verði í hverju því tilfelli, þar sem honum verður komið við, lagður til grundvallar fyrir þeim umbótum og lagfæringum á jarðamatinu, sem nauðsynlegar eru til þess, að koma því í viðunanlega samhljóðun og jöfnuð yfir allt land.

En til þess, að koma við og hafa þennan síðast nefnda undirstöðumælikvarða, annaðhvort fyrir jarðamatið yfir höfuð, eða til að bæta úr þeim göllum og misfellum, sem eru á þessu síðasta jarðamati, hefur ráðherrann ekki bent á neina aðferð, og verður þingið allra-þegnsamlegast að álíta, að hún megi helzt vera með þrennu móti:

1. að jarðamatsnefnd, sem sé útbúin með glöggu og eindregnu erindisbréfi og öllum þeim skýrslum, sem fáanlegar eru, og geta lotið að ætlunarverki hennar, ferðist þegar um allt land, og meti á hverri jörð þær tekjur, sem gjöra má ráð fyrir að sé rétt og sanngjarnt, án alls tillits til hins síðast afgeingna jarðamats.

2. að eiðsvarnir menn í hverjum hrepp meti upp aptur, og án alls tillits til hins síðasta jarðamats, allar jarðir svo, að þeir leggi til undirstöðu fyrir virðingunni *„það gjald eða tekjur, sem gjöra má ráð fyrir að sanngjarnt sè“*, en eiðsvarnir yfirmatsmenn í hverri sýslu, með forgaungu sýslumanns, rannsaki aptur og jafni þetta hreppamat, og setji það í rètta samhljóðun og hlutfall yfir alla sýsluna; síðan komi amtmenn, með tilstyrk allra sýslumanna í hverju umdæmi, samhljóðun og innbyrðis-jöfnuði á jarðamatið, hver í sínu amti, en amtmenn fyndist því næst allir í Reykjavík nokkrum vikum á undan alþingi, og jöfnuðu þetta mat í ömtunum innbyrðis, áður en það yrði lagt fyrir þingið til þeirrar síðustu meðferðar og úrslita, sem tilskip. 27. maí 1848, 5. gr., ætlar því.

Hin 3. aðferð ætlar þingið mætti vera sú, *en þótt þessum aðalmælikvarða* væri haldið, og hann lagður til grundvallar, sem ráðherrann hefur bent til, *að hafa þetta seinasta jarðamat, sumpart til stuðnings, en sumpart halda því óbreyttu eða lítt breyttu, bæði á hverri þeirri jörð, og einkum í hverju því hèraði eða sýslu,* þar sem gallar jarðamats þessa og ójöfnur eru ekki og reynast ekki svo auðsènar og verulegar, að þessu verði með eingu móti við komið.

Hin fyrsta aðferð, sem hèr er bent til, er, eins og kunnugt er, hin vanalegasta í öllum löndum, og víst í sjálfu sèr hin áreiðanlegasta, þegar hún er að öllu svo undirbúin, sem skyldi, bæði að mannvali því, sem jarðamatið er falið á hendur, að glöggu og vönduðu erindisbrèfi, og að öllum fáanlegum skýrslum um undanfarið fjármagn jarðanna, skuldsetningu þeirra og fl. Þessari aðferð var og þegar haldið fram með miklu afli og allgildum ástæðum af einstöku þingmönnum, þegar hin nýja jarðarmatslöggjöf var rædd 1847. En bæði tillit til hins mikla kostnaðar, sem af slíku jarðarmati mundi leiða, og til þess, hversu þær 2 öldúngis samkynja jarðamats-tilraunir misheppnuðust hèr um 2 seinast liðin aldamót, og svo má ske einkum það verulega aðgeingilega í þeirri aðalástæðu, sem þá var einkanlega tekin fram í frumvarpi yðar hátignar, að hinir skynsömustu og reyndustu og kunnugustu menn í *hverjum hrepp* hlytu að vera færastir til, að meta jarðirnar, og þó með lángtum minni kostnaði fyrir land allt — allt slíkt tillit og skoðun mun einkum hafa knúið þingið til, að fallast á þá aðferð jarðamatsins, sem stúngið var upp á 1847. Þinginu verður og nú allra-þegnsamlegast að

finnast næsta ísjárvert, og margt verulegt því til vandkvæða, að stinga upp á, að umreisandi jarðamatsnefnd ferðist um allt land, til að lagfæra galla þessa jarðamats; því það er ekki að eins hinn afar-mikli kostnaður og hinn mikli tími, sem til þessa mundi útheimtast, ef nokkur von ætti að vera um, að lagfæringar þessar yrðu leystar viðunanlega og áreiðanlega af hendi, sem gjörir slíka uppástúngu viðsjála, heldur og einkum það, að þessi aðferð mundi verða skoðuð, sem hún fremur stefndi að nýju jarðamati frá stofni, en að lagfæringu á þessu, sem af er geingið, og mundi hún því, auk hins mikla kostnaðar, sem af henni hlýtur að leiða, og hvernig sem það tækist, verða fyrir óvinsæld og tortryggni flestra landsmanna, einmitt fyrir það, að öllum hinum betri og skynsamari hluta þeirra var fyrir svo fáum árum falið, eptir sínum sáluhjálpareiði, að meta jarðirnar sanngjarnlega, og ef að nú þetta mat yrði víða, og hvað vel og rètt, sem það kynni að hafa tekizt í sumum hèruðum, umbreytt fyrir svo gott sem nýtt jarðamat 2 eða 3 umreisandi jarðamatsmanna, þá mundi það mjög leingi sakna þess trausts og álits og vinsældar, sem slíkri almennri undirstöðu fyrir hinum ýmsu skyldum manna í innbyrðis-viðskiptum og opinberum gjöldum er svo öldúngis ómissandi.

Með þessum athugasemdum við hina fyrstu jarðamatsaðferð meinar þíngið allra-þegnsamlegast að það hafi að miklu leyti sýnt, hve ískyggileg einnig hin önnur aðferðin hlyti að reynast í öllum afleiðíngum sínum, þar sem hún yrði að lúta að því, eingu síður en hin fyrri aðferðin, að ónýta að miklu leyti hið seinast afgeingna jarðamat, og raska hinni verulegustu undirstöðu þess, en mundi þó reka að brunni hinna sömu gallanna og misfellanna, sem nú gjöra þetta nýja jarðamat óbrúkandi í heilu lagi, þeim nefnilega, að skoðun hinna ýmsu jarðamatsmanna í hreppunum, sem ættu að meta og ákveða þær sanngjörnu tekjur, sem gjöra mætti ráð fyrir, mundi verða, eins og fyrri, helzt til of sèrstaklega bundin við það, sem í *þeim hreppi* væri bæði að áliti manna og í raun og veru algeingast. Mundu því koma fram, einkum í heilu umdæmi, eins sundurleitar skoðanir fyrir matið á „*sanngjörnum leigumála*“, eins og nú hefur orðið upp á um, að meta „*sanngjarnt jarðaverð*“. Þar til ætlar þíngið, að eingan veginn megi eiga víst, nè að fyrir það verði girt með neinum áreiðanlegum reglum, að þessir nýju jarðamatsmenn, sem opt og víða mundu verða flestir hinir sömu, og

þess, að jafna og laga þessar misfellur, og því sè ekki heldur það einasta úrræði, til að jafna þær, það, að nú þegar væru teknir til þess umreisandi menn yfir allt land, sem mundi valda afar-miklum kostnaði fram yfir það, sem þingið ætlar að í raun og veru útheimtist, til að bæta um flesta og mestan hluta þessara galla, og sem þar að auki yrðu því að eins færir um, að laga þessa galla og misfellur til hlítar, og koma nægilegri og fullri samhljóðun á jarðamatið yfir gjörvallt landið, að þeir annaðhvort fyrst verðu miklum tíma og tilkostnaði, til að kynna sèr þetta jarðamat, og allar hinar verulegustu misfellur þess, bæði með því, að rannsaka það nákvæmlega, og kynna sèr hinar ýmsu aðferðir um það og framgángsmáta frá rótum, og með því, að skrifast á um þessi efni við hina áreiðanlegustu og hyggnustu og reyndustu menn í ýmsum fjórðúngum, eða að þeir, ef þeir byrjuðu strax án undirbúnings ferðir sínar, til að lagfæra jarðamatið, væru útbúnir með mjög nákvæmu, einskorðuðu og glöggu erindisbrèfi, sem ekki mætti vænta að yrði þó búið til svo nákvæmt og fullkomið, sem skyldi og þörf væri á, nema einmitt af þeim mönnum, sem væru áður búnir að kynna sèr til hlítar þetta jarðamat og hinar ýmsu misfellur þess, og hvaðan þær væru sprottnar.

Þingið hefur því allra-þegnsamlegast orðið að komast að þeirri niðurstöðu, að biðja yðar konúnglegu hátign, að setja mildilegast þegar í haust nefnd 3 manna hèr í Reykjavík, sem þingið nú ætlar að leyfa sèr að stínga upp á eptir meira en helmíng allra atkvæða, til þess, að þessi 3 manna nefnd sumpart lagi sjálf og umbæti, og sumpart, að svo miklu leyti sem hún treystist ekki sjálf til þess, undirbúi til lögunar og umbóta þá galla og misfellur, sem þeir nefndarmenn finna, bæði fyrir ýtarlegt rannsak sjálfra þeirra á jarðarmatinu, að á því reynast, og með því, að skrifast á um þessi efni, og leita um þau upplýsínga hjá einstökum hinum skynsömustu og reyndustu mönnum í hinum 4 landsfjórðúngum.

Og eptir það þingið að lokinni ályktarumræðu þessa máls, hafði, með 17 atkvæðum gegn 2, fallizt á, að bera upp við yðar konúnglegu hátign þessa uppástúngu, og hafði, með 16 atkvæðum gegn 3, einnig við tekið, að leyfa sèr allra-þegnsamlegast að stínga upp á þeim mönnum, sem þingið áliti hæfasta og færasta í þessa 3 manna nefnd, hefur það á nýjum aðalfundi, eptir meiri hluta allra atkvæða, sem greidd voru og gild,

TÍÐINDI

FRÁ

ALÞÍNGI

ÍSLENDÍNGA.

komið sèr saman um að stínga upp á, og allra-þegnsamlegast biðja yðar konúnglegu hátign, mildilegast að setja þessa menn í nefndina:

Lögfræðíng Jón Guðmundsson, alþíngismann, með 15 atkv.
Prófessor, dr. theol. Pètur Pètursson, með 14 atkv.
Yfirdómara, konferenzr. Þ. Sveinbjörnsson, með 13 atkv.

Þíngið verður nefnilega að leyfa sèr að álíta nokkurn veginn víst, að eins og það treystir því, að þessi 3 manna nefnd verði sett til þess færum mönnum, að lagfæra og bæta um galla þessa jarðamats, eins muni þessari nefnd einnig geta tekizt, að lagfæra og bæta um *meíri eða mestan hluta* þeirra galla og misfellna, sem nú eru á jarðamatinu, og sem teknir eru fram hèr að framan. Þíngið hefur einnig áður leyft sèr að taka fram hèr að framan, að það yrði að álíta hin aðgeingilegustu og vissustu og jafnvel einustu úrræði og veg til að lagfæra aðalgalla og ójöfnur þessa jarðamats, þann, sem ráðherrann hefur bent til, *„tekjur þær af jörðunum, sem gjöra má ráð fyrir“*, eður *„hæfileyt afgjald þeirra, eptir þeim upplýsíngum, sem fáanlegar væru“;* þetta verður og þíngið að leyfa sèr að biðja yðar konúnglegu hátign að uppáleggja þeirri 3 manna nefnd, sem sett yrði, svo að hún væri bundinn við, að leggja þennan mælikvarða til aðalundirstöðu fyrir lagfæríngum sínum.

Að öðru leyti finnur þíngið sèr ekki fært, að taka fram neinar smágjörvar eða sèrstaklegar reglur fyrir því, hvernig þessum mælikvarða eigi sèrstaklega að koma við, bæði í einstökum tilfellum, eða yfir höfuð að tala.

Þíngið treystir því allra-þegnsamlegast, að ekki verði misst sjónar á, að þar sem það hlýtur nú að stínga upp á, að ein 3 manna nefnd verði sett, til að lagfæra jarðamatið *yfir allt land,* þá megi eiga víst, að reglur þær, sem hún setji sèr fyrir lagfæríngunum og leiðrèttíngunum *eptir þessum aðalmælikvarða,* verði bæði *almennar,* og komi *almennt* niður, og á *einn veg alstaðar,* annaðhvort fyrir það, sem hún sèr sèr fært að leysa af hendi í þessu efni, eða fyrir óumflýjanlegar sendiferðir til þeirra staða, sem hún treystist ekki sjálf til að fullgjöra lagfæríngarnar. Og með þessu álítur þíngið ekki að eins fyrirbyggt, heldur og ómögulegt, að nokkurt líkt, sèrstaklegt, við einstöku hreppa eða hèruð bundið tillit geti átt sèr stað í þessum lagfæríngum, eins og nú komu fram í jarðamatinu, og sem einmitt

og einkanlega gjöra þessar lagfæringar nauðsynlegar, þar sem þó þessu sèrstaka tilliti aptur verður haldið óröskuðu í jarðamatinu víðast og yfir höfuð að tala, að svo miklu leyti, sem það er grundvallað á sèrstakri og áreiðanlegri þekkingu jarðamatsmanna á mismunandi gæðum og göllum hinna einstöku jarða í sama hreppi, og hinna einstöku hreppa í sömu sýslunni.

Það gefur og að skilja, að þó aðalmælikvarði sá, sem ráðherrann hefur bent á, og þingið verður að aðhyllast, muni nægja til þess, að hinir sömu 3 menn geti leiðrètt aðalójöfnuð þann, sem er á jarðamatinu, bæði milli sýslumanna innbyrðis yfir allt land, og milli hinna einstöku hreppa í þeim fáu sýslum, þar sem þar á reynast ójöfnur, þá hvorki nægir sá mælikvarði, nè á við, til að lagfæra þá galla og misfellur á jarðamatinu, sem þingið hefur tekið fram í 3. flokkinum hèr að framan, um hið misjafna mat á bændakirkjujörðum, kúgildum, o. s. frv.

Til þess að jafna allar slíkar misfellur verður þingið að telja víst, að 3 manna nefndin, eptir það hún er búin að leita um undirrót þeirra, og þær ýmsu aðferðir, sem hafa verið við hafðar í þeim efnum, allra þeirra upplýsinga og skýrslna, sem auðið verður að fá, einnig geti sett sèr sjálfri þær heutugustu og beztu aðalreglur, til að jafna hverja tegund þessara galla um sig, sem megi koma við alstaðar á einn og sama veg, og þannig einnig geta komið nokkurn veginn samhljóðun í þessar greinir jarðamatsins. En þingið varð að álita bæði óþarft og sèr of vaxið, að þessu sinni að kveða upp um þessar reglur neina uppástúngu. Þingið hefur þegar opt leyft sèr allra-þegnsamlegast að sýna fram á, að, ef þessi 3 manna nefnd yrði sett, þá hlyti hún að leita sèr ýmislegra áreiðanlegra og glöggra upplýsinga, ekki að eins frá sýslumönnum og amtmönnum, prófôstum og biskupi landsins, sem yrði að gjöra að skyldu, að láta henni þær skýrslur og upplýsingar í tè, sem þeim væri auðið og nefndin beiddist eptir, heldur einnig úr ýmsum hèruðum landsins, bæði fjær og nær. Undir þessum upplýsingum, nákvæmni þeirra og áreiðanlegleik, yrði það mjög mikið komið, hvað miklar og góðar lagfæringar nefndin sjálf gæti leyst af hendi; því verður og þingið að leyfa sèr allra-þegnsamlegast, að stínga upp á, að 3 manna nefndinni yrði leyft, að kjósa sèr tiltekna menn, t. d. 3 í hvoru amti, í vestur-amtinu og í norður- og austur-amtinu, og, ef við þætti þurfa, einn í suður-amtinu, til þess

að mega, gegn vissri hæfilegri borgun eða þóknun, eptir samngjörnum reikningi, eiga aðgáng að þeim um þær skýrslur og upplýsingar, sem henni finnst nauðsyn á að afla sèr, bæði um ástand ýmsra hèraða yfir höfuð að tala, þær ýmsu reglur og aðferð, sem jarðamatsmenn hafi brúkað í hinum ýmsu sýslum, og fl.

Þingið hefur þegar leyft sèr að taka fram, að þessi aðferð til að lagfæra jarðamatið, mundi ekki að eins verða hin líklegasta og affarabezta, heldur og einnig hin lángkostnaðarminnsta. Ef þeir 3 menn væru teknir einkum meðal embættismanna í Reykjavík, þá mundi ekki þurfa, að launa þeim þennan starfa stórkostlegum launum, heldur að eins hæfilegri þóknun, eptir því, sem þeim ynnist að leysa miklar og verulegar lagfæringar af hendi á þessu jarðamati, og eptir því, hvað verk þau, sem að því lytu, væru umfángsmikil. Þingið varð að álíta rèttast, að hafa þóknun þessa að upphæðinni til öldúngis óákveðna, en að leggja það á vald yðar konúnglegu hátignar, að ákveða af vísdómi yðrum og rèttlæti upphæð þóknunarinnar, eptir því, sem verk nefndarinnar reyndist verulega og vel af hendi leyst, og varð þinginu að finnast, að í svo felldri ákvörðun lægi bein hvöt fyrir nefndarmenn, að gjöra sitt hið ýtrasta til þess, að hafa fram svo miklar og góðar lagfæringar á þessu jarðamati, sem henni fremst yrði auðið.

Af hinum sömu ástæðum fannst og þinginu ekki ráðlegt, að einbinda það við vissan tiltekinn tíma, hve nær nefndin skuli hafa af lokið störfum sínum, en þótt þingið verði að meina, að hún geti nokkurn veginn lokið því á tveimur árum; því þetta hlýtur að vera komið undir svo mörgum og ýmislegum atvikum, sem ekki er auðið að sjá fyrir, og þar til meira undir því komið, að nefndin leysi þennan starfa sinn svo *vel* af hendi, sem unnt er, heldur en að hann verði fljótt af hendi leystur.

En af því þingið hlýtur að sjá fyrir, að bæði þurfi þessi nefnd, þegar í upphafi starfa sinna, að takast mikil og kostnaðarsöm ritstörf á hendur, sem þinginu verður að þykja ofætlun, svona með óákveðinni þóknun fyrir sjálf hin önnur störf, að nefndarmenn leggi út kostnað til af sínu fè, og af því þinginu finnst geta auðsjáanlega borið að því, að fyrir nefndina geti komið einstök óumflýjanleg ferðalög eða sendiferðir til einstöku hèraða, til þess að leita nauðsynlegra upplýsinga, þá verður þingið að leyfa sèr að biðja yðar konúnglegu hátign,

að samþykkja, að þriggja manna nefndinni, sem sett verður, til að lagfæra jarðamatið, verði greitt fyrir fram, fyrst 100 rbdd. árlega í 2 ár til kostnaðar við ritstörf, og þar að auki 200 rbdd. til óumflýjanlegra sendiferða út um landið.

Þess verður og þingið allra-þegnsamlegast að biðja yðar konúnglegu hátign, að allur þessi og annar kostnaður, sem leiðir af þeirri lagfæringu jarðamatsins, sem nú hefur verið stúngið upp á, verði greiddur fyrir fram úr jarðabókar-sjóðnum.

Af öllum framanskrifuðum ástæðum leyfir nú þingið sèr allra-þegnsamlegast að stínga upp á og biðja:

1. með 17 atkvæðum gegn 2: *að yðar hátign láti, sem fyrst að verða má, lagfæra og bæta um hina verulegustu galla og misfellur jarðamatsins, sem fór fram hèr í landi árin 1849—1850, einkum svo, að þessi almenni mælikvarði, „tekjur þær, sem gjöra má ráð fyrir af jörðunum, eptir þeim skýrslum, sem fáanlegar eru“, verði lagður til grundvallar fyrir layfæringum aðalgallanna hins misjafna jarðamats í hinum ýmsu sýslum.*
2. með 17 atkvæðum gegn 2: *að yðar konúngleg hátign, til þess að laga og bæta um, bæði þessa aðalgalla og aðrar misfellur jarðamatsins, setji þegar í haust nefnd 3 manna, þeirra er þingið nú leyfir sèr að stínga upp á.*
3. með 15 atkvæðum gegn 2: *að það verði á valdi yðar konúnglegu hátignar, eptir því, hvað verk nefndarinnar sè yfirgripsmikið, að ákveða hæfilega og sanngjarna þóknun handa þessum 3 mönnum.*
4. með 16 atkv. gegn 2: *að yðar konúngleg hátign veiti þessari þriggja manna nefnd, til þess að standast kostnað við ritfaung og ritstörf, 100 rbdd. árlega í 2 ár, er verði greiddir þeim fyrir fram hvort árið úr jarðabókarsjóðnum.*
5. með 17 atkv. gegn 2: *að 3 manna nefndinni verði leyft, að kjósa sèr 3 menn í hvoru amti, vestur-amtinu og norður- og austur-amtinu, og, ef við þykir þurfa, einn í suðuramtinu, til þess að skrifast á við og leita hjá allra þeirra upplýsinga og skýrslna viðvíkjandi jarðamatinu, sem þeim þykir þörf á.*
6. með 15 atkv. gegn 2: *að þessum 7 aðstoðarmönnum verði borguð fyrirhöfn þeirra eptir sanngjörnum reikningi.*
7. með 15 atkv. gegn 2: *að allur sá kostnaður, sem getið er*

í 3., 4. og 6. (og 9.) uppástúngu-atriðinu, megi greiðast fyrir fram úr jarðabókarsjóðnum.

8. með 15 atkvæðum gegn 1 og 17 gegn 2: *að biskupi og amtmönnum, próföstum og sýslumönnum landsins verði gjört að skyldu, að láta þessari 3 manna nefnd allar þær skýrslur og upplýsingar í tè, sem unnt er og hún beiðist.*
9. með 12 atkvæðum gegn 4: *að þriggja manna nefndinni, sem sett verður, verði veittir 200 rbdd. til óumflýjanlegra sendiferða út um landið.*

Þar að auki leyfir þingið sèr, með 16 atkvæðum gegn 3, að stínga upp á og biðja allra-þegnsamlegast, að yðar konúngleg hátign mildilegast kveðji þessa 3 menn í hina áminnstu 3 manna nefnd (2. uppást.), sem þingið hefur stúngið upp á fyrir kosníngu á sèrstökum aðalfundi, eptir meiri hluta þeirra atkvæða, sem greidd voru og gild:

Lögfræðing *J. Guðmundsson*, alþingismann, sem fèkk 15 atkv.
Prófessor, dr. theol. *P. Pètursson*, — — 14 ——
Yfirdómara, konferenzráð *þ. Sveinbjörnsson*, — — 13 ——

Reykjavík, 10. ágúst 1853.

Allra-þegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Jón Guðmundsson.

Eptir að þingið hafði samþykkt álitsskjal þetta, hèlt *konúngsfulltrúi* svo hljóðandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn!
ástkæru landar!

Nú, þegar alþingi enn eitt sinn hefur lokið störfum sínum, og sá tími bráðum er fyrir hendi, er vèr eigum að skilja hèr samvinnu vora og samvistir, má það án efa þykja vel við eiga, að vèr rennum augunum til baka aptur yfir það stig af þjóðlífi voru, sem stigið er á þessum tíma. Að sönnu er stig þetta stutt, en það er þó að minni hyggju ekki með öllu ómerkilegt; því í hvert skipti, sem alþingi kemur saman, mun þar lýsa sèr á einn eða annan hátt, og stundum á marga vegu, hvaða skoðanir þá drottna mest í huga þjóðarinnar. Þetta þing virðist mèr hafa lýst því, að straumur tímans og hans biltíngar ekki hafa verið án áhrifa á hugsunarhátt þjóðarinnar, og að ýmsar skoðanir, er fyrir nokkrum tíma ríktu í hugskotum margra manna,

nú eru, ef ei öldúngis breyttar, þá samt ordnar töluvert öðruvísi lagaðar, og stefna nokkuð í aðra átt.

Síðan þing þetta var sett, hefur oss borizt viss fregn um, að ríkisþingið í Danmörku hafi samþykkt boðskap vors allramildilegasta konúngs um konúngserfðirnar í ríkinu, og er það gleðilegt í fleiru tilliti, en sèr í lagi vegna þess, að nú má ætla, að stjórnin óhindruð geti farið að leggja hönd á hið mikilvæga verkefni, að koma á þeirri stjórnarskipun í öllu konúngsveldinu, sem konúngur vor áður hefur boðað. Vèr megum ætla, að þá muni einnig greiðast stjórninni vegur til, að yfirvega, hvernig stöðu vors elskaða föðurlands í ríkinu verði bezt og haganlegast fyrir komið.

Þèr hafið, heiðruðu alþingismenn! lýst því yfir fyrir stjórninni, hver skoðun yðar sè á því, hvernig bezt verði fyrir komið nokkrum af þeim verulegustu atriðum áhrærandi stöðu Íslands í gjörvöllu ríkinu; og þèr hafið gjört þetta með þeirri einingu og stillingu, með þeirri lotningu fyrir auglýstum vilja hans hátignar konúngsins, og með þeirri umönnun og umhyggju fyrir velferð og þörfum föðurlandsins, sem góðum þingmönnum hæfir. Hafi yður nú, heiðruðu alþingismenn! tekizt, að laga svo bendíngar yðar í þessu efni, að þær geti orðið stjórninni leiðarvísir, til að koma vel fyrir, og ráða vel til lykta þessu vandasama og mikilvæga málefni, þá voga eg að segja, að þetta þing hefur leyst af hendi eitthvert hið mikilvægasta starf, er alþingi nokkru sinni hefur rætt og til lykta leitt.

Af hinum öðrum málum, er í þetta sinn hafa afgreidd verið hèðan frá þinginu, hafa fáein feingið aðra endalykt, en eg vildi hafa óskað, en mótmæli mín gegn því, er meiri hluti þingmanna í þessum málum hefur fallizt á, hafa þó ei verið sprottin af öðru, en innilegri sannfæringu um, hvað bezt gegndi, hvað sómi þingsins útheimti, og hvað landinu væri haganlegast; því sèrhver góður maður ætti að láta sèr vera það hugfast, aldrei að leggja alþingi önnur ráð en þau, sem eru svo spakleg, að þau efli fái álit og sóma þingsins bæði í bráð og leingd, en þar á móti sporna af alefli móti því, að nokkuð það fái framgáng á þinginu, þótt það kunni að hafa einhvern tilteygjandi eða fýsilegan blæ í fyrsta áliti, sem þó, þegar betur er að gætt, og nokkuð líður frá, reynist miður hyggindalega hugsað, og þess vegna í eingu getur aukið álit þingsins eður gagn landsins; því þetta er og hlýtur eptir eðli sínu ætið að verða samfara; já! al-

þingi ætti og mætti, ef vel væri á haldið, vera auga landsins, ef eg mætti svo að orði kveða, en þá ætti sérhver að gjalda varhuga við, að fyrir hans tilstilli aldrei drægi neinn mökkva eður myrkva fyrir auga þetta.

Þegar eg kom hingað í þetta sinn, til að takast þau störf á hendur, er konúngsins mildi hafði trúað mèr fyrir, var eg ekki án kvíða og áhyggju. Á einn bóginn þekkti eg veikleika minn og vankunnáttu, og á hinn bóginn voru mèr ei ókunnir ýmsir erviðleikar tímanna. Þessum kvíða er nú ekki af mèr hrundið, að því leyti, sem eg geing að því vísu, að stjórnin, þegar til hennar kemur, muni finna margt af minni hálfu miður af hendi leyst, en vera hefði átt; en að öðru leyti hafið þèr, háttvirtu alþingismenn! lètt mikilli áhyggju af mèr; því þèr hafið allir án undantekníngar sýnt mèr þá alúð, góðvild og einlægni, meðan á samvinnutíma vorum hèr hefur staðið, að þetta hefur ei einúngis lètt störf mín, heldur og einnig gjört stöðu mína hèr við hlið yðar ánægjusama. Fyrir þessa góðvild yðar og alúð votta eg yður öllum, heiðruðu alþingismenn! mitt innilegasta þakklæti.

Þíngið hefur í þetta sinn gjört, sem menn kalla, hreint fyrir sínum dyrum, því það hefur af lokið, og að fullu afgreitt öll þau málefni, sem það hefur tekið til umræðu og meðferðar í þetta sinn. Þetta er nú að miklu leyti að þakka framúrskarandi dugnaði, ástundun og lipurleika þess manns, er í þetta sinn hefur haft forsetastörfin á hendi. Eg leyfi mèr því, bæði í þíngsins og mínu nafni, að votta hinum háttvirta forseta mitt virðíngarfyllsta þakklæti fyrir þá ágætu forstöðu, er hann veitt hefur þíngstörfunum. Sjálfs míns vegna finn eg mèr einnig skylt, að þakka honum innilega alla þá góðvild, mannúðleika og ástúð, er hann nú, eins og leingi og opt að undanförnu, hefur sýnt mèr.

Mínar beztu og innilegustu þakkir kann eg einnig hinum heiðraða varaforseta fyrir þá einlægni, velvild og aðstoð, er hann hefur veitt mèr á þessu þíngi.

Loksins endurtek eg, í því eg nú að öllum líkindum í seinasta sinni ávarpa yður frá þessum stað, mínar innilegustu þakkir til yðar allra, háttvirtu alþingismenn! og þá einkanlega til þeirra af yður, með hverjum eg gegnum lángan samvinnutíma hef unnið að þeim störfum, er vèr einhuga vildum miða skyldu til þess, sem er allra vor ósk og áhugi, að efla heill og heiður vors elskaða föðurlands.

Því næst hèlt *forseti* svo hljóðandi ræðu:

Góðir herrar og alþingismenn!

Þegar nú er að því komið, að vèr skulum skilja, að afloknum störfum þeim, sem hafa verið alþingi fyrirlögð í þetta sinn, þá er það eðlilegt, þó vèr berum saman hugmyndir vorar og vonir og óskir, þegar vèr geingum til þings þessa, við það, sem vèr höfum nú sèð og reynt, og fram komið er á þinginu. Eg ætla eg muni ekki herma mjög rángt, þó eg segi, að mjög fáir, hvorki af þingmönnum nè öðrum út í frá, muni hafa litið sèrlegum vonaraugum til þessa þings í neinu tilliti, heldur muni ekki allfáir hafa hugsað, að það væri fremur fyrir siðasakir haldið, og það bezta, sem það gæti afrekað, væri það, ef það gæti verið saman fjórar vikur, og skilið svo skaplega. En þetta hefur, ef til vill, ekki sakað í neinu tilliti; því af litlum er til lítils að ætla, og takist honum eitthvað betur eða fimlegar, en við var búizt, þá þykir það heldur framar vonum, en hvað ófimlegar kynni að fara, virðist heldur til vorkunnar. Eg veit nú að vísu ekki, hverjir dómar felldir verða um þetta þing, og eg vil heldur ekki segja um það neinar spár; en það veit eg, að í einlægum vilja og viðleitni, til að vinna í sameiningu, með eindrægni, kappi og skynsemd, til þess, sem landi og lýð mætti reynast bezt og hollast, hefur þetta þing ekki staðið á baki hinna fyrirfarandi; og það er sannarlegt gleði-efni, að hinar alþýðlegu raddir, eptir minni eptirtekt, koma sífellt meir og meir fram með vaxandi kjarki og greind, og sannfæra meir og meir alla hina góðu og sanngjörnu menn, bæði æðri og lægri, en hinir fara allt af sífækkandi, sem vilja virða lítils þjóðraddirnar, og eyða þeim og kæfa niður með makt sinni og miklu veldi, ekki gætandi þess, að hið ytra vald er mjór og veigalitill reyrsproti, sem brestur í hendi hinna voldugu og hinna dramblátu, þegar minnst varir. Það er því gleðilegra fyrir oss, þegar allir, æðri og lægri, geta með eindrægni stefnt að sama takmarki, sem þjóð vor er fámennari, kraptarnir veikari, og vaninn ríkari, að eiga allt undir öðrum, en ekkert undir sjálfum sèr.

Mál þau, sem fyrir þetta þing hafa komið, hafa eingan veginn verið lítilvæg, þegar á allt er litið. Af konúngs hendi hafa reyndar ekki verið fleiri mál til meðferðar en 5; 1847 og 1849 voru þau 6 í hvort sinn; en þessi mál hafa öll verið þinginu

fremur örðug viðureignar. Málið um lögleiðslu danskra lagaboða hefur í sèr fleiri en eina harðla merkilega rèttarbót, sem er *prentlögin* og *lögin um eptirlaun;* en málið um *jarðamatið* eru án efa allir samdóma um að sè eitthvert það umfángsmesta vandamál, sem rætt hefur verið hèr á þíngum. Öll þessi konúnglegu mál eru leidd til lykta á þínginu. Frá landsmönnum hafa komið til þíngsins alls 55 þegnlegar uppástúngur og bænarskrár. Um 4 af þeim málum, sem uppástúngurnar fara fram, hefur þíngið ályktað að einga nefnd skyldi kjósa, einni var vísað til stiptamtmanns aðgjörða eptir þíngsins ályktun, og ein var tekin aptur. Um þau mál, sem hinar aðrar þegnlegar uppástúngur og bænarskrár fóru fram, voru settar 12 nefndir, og hafa þær allar lokið ætlunarverki sínu, og þíngið einnig rætt þessi mál til lykta, svo að öll þau 17 mál, sem þíngið hefur tekið til meðferðar, eru útkljáð, og bænarskrár eða álitsskjöl samdar til konúngs í þeim öllum, nema einu, *um erfðafestuna*, sem þíngið ályktaði, eptir loknar umræður, að ekki skyldi senda um neina bænarskrá til konúngs. Þessi 11 mál, sem þíngið hefur sent bænarskrár um eptir þegnlegum uppástúngum, eru flest mjög merkileg og landinu harðla áríðandi, svo sem t. a. m. um *stjórnarfyrirkomulagið hèr á landi og hluttekning Íslands í ríkisheildinni,* um *verzlunarfrelsið,* um *bót á peningaskortinum* eður um *bánkastofnun,* um *bót á kosningarlögunum til alþíngis,* um *trygging laganna með undirskript konúngs,* um *sveitastjórnarlögin,* um *hússtjórnarlögin,* um *búnaðarskóla,* um *lagfæring á stjórn prentsmiðjunnar,* o. s, frv. Eg ætla, að sèrhver sá, sem innilega óskar framför þessa lands, muni óska, að stjórnin gæti komið öllum þessum málum vel á veg til næsta þíngs, og þykja vera vel afrekað, ef svo gæti orðið.

En þó eg ætli, að þíngið hafi leyst ekki alllítið verk af hendi, þá er það ekki svo, að eg geti eignað mèr þátt í því, nema að því leyti, sem eg hef ekki tafið fyrir með því, að leingja umræður um efni málanna, af því eg álít það fremur geta spillt góðri reglu, en bætt, þó alþíngistilskipunin veiti forsetanum rètt til þess. Hafi eg að öðru leyti ekki tafið fyrir þínginu með tilhögunum mínum, þá er það allt og sumt, sem eg get eignað mèr, en þar til hefur mest aðstoðað mig hið eindrægnisfulla kapp þíngmanna, að leysa sem hraðast og laglegast af hendi málin, og sú vinsamlega alúð, sem þeir hafa sýnt mèr í hverju því,

sem þar til hefur getað miðað. Eg vona, að enginn hinna háttvirtu þingmanna misskilji það, þó eg sèr í lagi nefni hinn virðulega þingmann Skaptfellinga, sem hefur haft og með stökum dugnaði leyst af hendi framsöguna í vandasömustu og yfirgripsmestu málunum á þessu þingi. Skrifarar og aukaskrifarar þingsins eiga einnig þakkir skilið fyrir dugnað sinn og starfsemi, og það má með sanni segja, að allir þeir, sem hafa átt störfum að gegna fyrir þingið, hafa unnið að því eptir bezta megni. Hinum háttvirta varaforseta má eg sèr í lagi votta þakklætisfulla viðurkenningu mína fyrir hans staðföstu og sífellt óbreyttu vinsemd og alúðarfulla aðstoð mèr veitta; en þar að auki ætla eg, að honum beri, kann ske einna mest allra þingmanna, þökk fyrir þann þátt, sem hann hefur átt í, að halda við og efla gott samheldi og eindrægni á þinginu.

Hversu mikið þing þetta á hinum hæstvirta konúngstrúlltrúa að þakka, er mèr varla unnt að segja, enda veit eg, að allir þingmenn, hver í sinn stað, kunna að meta það, sem vert er; eg er viss um, að allir viðurkenna samhuga og dást að, hversu prýðilega hann hefur gegnt sinni vandamiklu köllun í alla staði á þessu þingi, hversu ljúfmannlega hann hefur umgengizt þingmenn, hversu viturlega og góðmannlega hann hefur tekið tillögum allra á þinginu, og hversu fúslega hann, jafnvel með ábyrgð sinni, hefur stutt að því, að þingið gæti feingið nægan tíma til, að leysa starf sitt, jafnframt og hann þó hefur, eptir skyldu sinni, gætt þess, að tíminn væri vel notaður, svo sem kostur var á. Hvað mèr viðvíkur sèr í lagi, votta eg honum mínar beztu þakkir fyrir alla þá góðvild og aðstoð, sem hann hefur stöðuglega veitt mèr. Það er fullkomlegt traust vor allra, að tillögur hans við stjórnina um þau mál, sem hèr hafa verið afgreidd, verði eins mikils megnandi, landi og lýð til heilla, eins og eg veit, að þær verða bornar fram í þeim anda og með þeim sannfærandi krapti, sem þingið væntir.

Þegar raddir vorar þagna hèr á alþingi í þetta sinn, er það mín ósk og allra vor, að sá alvoldugi og algóði haldi sinni hendi yfir konúngi vorum, yfir þessu landi og þessari þjóð, og yfir þessu þingi, að það megi æ meir og meir sýna það, að það er öflugasta máttarstoðin undir öllu voru þjóðfrelsi og allri framför þjóðar vorrar.

Að því búnu mælti *konúngsfulltrúi:*

Í nafni konúngs lýsi eg þá yfir, að þessu alþingi er slitið!

Þá kallaði einn þingmanna:

„Leingi lifi konúngur vor, **Friðrik** *hinn* **sjöundi!**"

og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði; síðan var geingið af þingi.